FJÖLSKYLDUBRÉFASAFN MITT
1820 - 1913

EGGERT ÁSGEIRSSON SKRÁÐI OG BJÓ TIL ÚTGÁFU.
PRENTAÐ SEM HANDRIT.

ÚTGEFANDI: SIGRÍÐUR DAGBJARTSDÓTTIR

2017

Efnisyfirlit

Inngangur ... 5
Bréfasafn ... 7
1820 ... 9
1814 ... 11
1833 ... 12
1845 ... 13
1847 ... 14
1849 ... 15
1851 ... 16
1852 ... 17
1859 ... 18
1864 ... 20
1867 ... 21
1869 ... 22
1873 ... 23
1874 ... 26
1875 ... 32
1876 ... 38
1877 ... 42
1877 ... 49
1878 ... 62
1879 ... 77
1880 ... 100
1881 ... 123
1882 ... 141
1883 ... 165
1884 ... 180
1885 ... 188
1886 ... 198
1887 ... 208
1888 ... 221
1889 ... 239
1890 ... 255
1891 ... 269
1892 ... 284
1893 ... 293
1894 ... 302
1895 ... 318

1896 337
1897 348
1898 366
1899 382
1900 398
1901 417
1902 431
1903 459
1904 470
1905 486
1906 492
1907 495
1908 498
1911 500
1912 501
1913 502

Inngangur.

Á fjörur mínar hafa í áranna rás rekið heil ósköp af bréfum. Ég hef gætt þeirra sem sjáaldurs augna minna, haldið til haga og raðað á ýmsa vegu. Og að lokum skráð.

Ég nefni fyrst margvísleg fjölskyldubréf, bæði úr föður- og móðurætt. Einnig hef ég rekist á slík bréf í skjalasöfnum, einkum á Landsbókasafni Íslands og í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn. Þá hef ég komið við í héraðsskjalasöfnum hér á landi. Hef ég haft þá reglu að skrifa forvitnileg gögn strax upp hvar sem ég kom því við. Þannig hefur skráningin staðið marga áratugi. Því er hætt við ósamræmi í skráningu. Ekki hafði ég neitt sérstakt í huga með öll þessi bréf, annað en að geyma þau, fjölskyldunni og mér, til fróðleiks.

Svo fór að mikið bréfasafn safnaðist hjá mér. Gallinn á þessu verklagi er sá að ekki varð komið við samanburði á frumskjölum sem ég hafði ekki lengur undir höndum, og samræmis í afritun væri gætt. Enda liðu, sem fyrr sagði, áratugir frá því að skráning hófst og þar til ég nú er kominn á lokastig útgáfunnar.

Lengi vel reyndi ég að skrá skjölin stafrétt. Svo komst ég að raun um að með þeirri aðferð dró ég bréfritara í dilka, t.d. í hljóð"*villta*", menntaða og ómenntaða, unga og aldna. Að sjálfsögðu var sjaldan tækifæri fyrir bréfritara að koma yfirlestri við, þegar skipin voru tekin að flauta eða landpósturinn að ríða í hlað. Hafði heldur ekki áhuga á að gera upp á milli bréfritara vegna ólíkra hæfileika og menntunar. Er þakklátur þeim fyrir þeirra gjörðir og tel mig heppinn að hafa haft bréf þeirra undir höndum.

Ég skýt því hér inn, fyrir þá sem ekki þekkja til, að ég er alinn upp, að segja má, í fjölritunarstofu, lærði snemma að vélrita og sinna útgáfuvinnu. Þannig var slíkt auðvelt mér og ánægjulegt.

Eftir nokkur ár varð mér ljóst að ég hafði skráð talsvert af merkum gögnum, fyrst og fremst um ættfólk mitt, og sá að gögn þessi mætti nota til fróðleiks og skemmtunar fleirum en mér.

Nokkuð af því sem ég hef látið ganga út á þrykk, hef ég vistað í *Rafhlöðu*, rafrænu varðveislusafni Landsbókasafns (*https://rafhladan.is*).

M.a.:

Nesfólkið við Seltjörn. Kristín Ólafsdóttir og Guðmundur Einarsson; Ásgeir Guðmundsson og Friede Pálsdóttir Briem. 2001.

Bréf Páls Briem til Finns Jónssonar. Ódags.

Fjölskyldubréfasafn Páls Briem og konu hans Álfheiðar Helgadóttur. 2003.

Bréfasafn Halldórs og Susie Briem 2009.

Er ég hafði lokið við að skrá síðast töldu söfnin varð mér ljóst að þær upplýsingar sem þar var að finna, væru fróðlegri sameinaðar. Sló ég þeim því saman í eitt, og bætti stundum einhverju við neðanmáls til fróðleiks og skýringar:

Úr fjölskyldubréfasöfnum. Susie og Halldór Briem - Álfheiður og Páll Briem. 2009.

Helgi P. Briem, móðurbróðir minn, var bréfritari góður og safnari. Er ég fór að athuga bréfasöfn hans, og eftirlátin drög hans að sjálfsæfisögu, sá ég að þar voru merk gögn geymd sem að vel mætti vinna úr efni um ævi hans og fjölskyldunnar. Varð úr að ég raðaði og skráði skjalasafn hans fyrir Handritadeild Landsbókasafns Íslands og gaf hluta þess út í óhefðbundinni ævisögu:

Helgi P. Briem: Minningar mínar. 2011.

Helgi var sagnfræðingur, áhugamaður og safnari, sem fjölskyldan hafði mikla trú á. Hafði honum verið falið að geyma, væntanlega til skráningar og notkunar, ýmis skjalasöfn og bréf, sem ég hef fengið í hendur og vinn að skráningu á. Mikið af bréfasafni hans er því komið til geymslu í Handritadeild Þjóðarbókhlöðu. Fátt þeirra bréfa sem ég notaði í ævisögu hans hef ég tekið hér með.

Það sem bæst hefur við og hér er tekið með, eða verður tekið með í næsta bindi, ef mér endist aldur, voru bréf í minni vörslu. Má nefna að amma mín, Álfheiður Helgadóttir Briem, hafði haldið til haga talsverðu bréfasafni, sem hún virðist hafa látið son sinn Helga fá í hendur. Er dóttir hans Álfheiður Sylvia Briem flutti heimili sitt fyrr á þessu ári, bað hún mig um að athuga bréf og gögn úr búi hennar. Kom þá í ljós að

ýmislegt hafði orðið eftir þegar starfsmenn handritadeildar LBS höfðu valið það sem þeir höfðu áhuga á. Þar var margt að finna. Í skattholi Helga P. Briem fann ég m.a. pakka með bréfasafni frá Þórhildi Tómasdóttur (1835-1923), ömmu hans og langömmu minnar, úr búi hennar og Helga lektors Hálfdanarsonar (1826-1894). Sumt var aðeins brot, sem ég var í vafa um hvort hægt væri að vinna eitthvað úr. Lagði ég þau því til hliðar.

Þá gerist það stuttu síðar, að frænka mín, Marta María Hálfdanardóttir, sagði mér, að hún væri með, og hefði lengi geymt, bréfapakka kominn frá föður hennar, séra Hálfdani Helgasyni (1897-1954) pófasti á Mosfelli, syni Jóns Helgasonar (1866-1942) biskups og bóður Álfheiðar Helgadóttur Briem (1868-1962). Marta María fékk þennan bréfapakka úr dánarbúi föður síns. Bað hún mig um að taka við þeim og athuga hvað mætti gera við þau.

Þegar bréfunum var raðað, kom í ljós að bréfin frá þeim frænkum, Mörtu Maríu og Álfheiði Sylvíu voru reytur úr sama bréfasafni. Langamma mín, Þórhildur Helgadóttir, hefur sennilega haft þau í fórum sínum, farið yfir þau árið 1906 er hún fluttist úr Bankastræti 7 til Álfheiðar dóttur sinnar í Tjarnargötu 24 og skipt þeim milli barna sinna, Álfheiðar og Jóns biskups.

Er ég fór í gegnum þessa tvo bréfabunka og raðaði bréfunum, kom í ljós að þau smullu saman í býsna forvitnilega heild. En komu líka upp um fjölskylduvandamál, sem ég hafði pata af, og menn hafa viljað geyma, en ekki gleyma, en fyrnt hefur yfir.

Settist ég við og skráði meginhluta þessara gagna og sameinaði þau fjölskyldubréfasafni sem ég hafði skráð, en þá var liðið meira en öld frá því að þeim hafði verið pakkað niður.

Ég ákvað snemma að tölvuskrá efni eða texta fjölskyldubréfasafna minna og gera þau þá leitarhæf á tölvu, svo hugsanlegir notendur gætu sparað sér lestur texta er þeir hefðu ekki áhuga á.

Bréfasöfnum mínum verður öllum komið til vörslu handritadeildar Landsbókasafns.

Ósamræmi í skráningu.

Skráning bréfanna hefur tekið marga áratugi. Ég hef, sem fyrr segir, gripið bréfin þar sem ég hef fundið þau, fengið að lesa, og skrifað upp, í skjalasöfnum, Landsbókasafni, Þjóðskjalasafni o.fl. Enn önnur hef ég fengið að skoða hjá frændum, án þess að hirða um að skrá hvaðan þau væru fengin.

Ósamræmi og villur eru því óhjákvæmilegar í flýtisuppskrift á mörgum bréfanna.

Að lokum.

Ég bið þá sem notfæra sér bréfin að vitna sem minnst stafrétt í þau nema eftir að hafa skoðað frumritin. Ef þau finnast ekki má umrita efnið og nota þannig, eða gera það með fyrirvara.

Ég þakka konu minni, Sigríði Dagbjartsdóttur, gagnrýni, aðstoð og langlundargeð í minn garð við þetta útgáfustarf mitt. Ég vona að þetta verk mitt og vinnuaðferð verði fleirum en mér til ánægju.

Reykjavík, 1. október 2017.

Eggert Ásgeirsson

Bréfasafn

Bréfritarar

Anna Thorlacius
Arnesen Kall, Benedicte
Álfheiður Helgadóttir Briem
Baldvin Sigurðsson
Bjarni Jónsson
Crotty, Millin A.
Eggert E. Briem
Eggert G. Briem
Eggert Ó. Brím
Eiríkur E. Briem
Elín E. Briem
Elín Tómasdóttir
Finnur Jónsson
Frederikke Claessen Briem
Guðmundur Þorláksson
Guðrún Jónsdóttir
Guðrún Jónsdóttir Briem
Gunnlaugur Briem
Gunnlaugur E. Briem
Halldór E. Briem
Haraldur Nielsson
Helga Sigurðardóttir
Helgi Hálfdanarson
Henderson, Ebeneezer
Hólmfríður Þorsteinsdóttir
Ísleifur Gíslason
Ingibjörg Sverrisdóttir Briem
Jóhann G. Briem
Jóhanna E. Briem
Jóhannes L.L. Jóhannesson
Jón Bjarnason
Jón Helgason
Jón A. Hjaltalín
Jón Ólafsson
Kristín E. Briem Claessen
Kristín Jónsdóttir
Kristín Jónsdóttir Krabbe
Kristín Ingvarsdóttir
Kristjana Gunnarsdóttir Havstein
Kuhland, J.G.
Köppen, J.L.
Laufey Björnsdóttir
Lára Pétursd. Guðjohnsen Bjarnason
Magnús Andrésson
Matthías Jochumsson
Middleton, Arthur Reeves
Ólafur Helgason
Ólafur Sigurðsson
Páll E. Briem
Páll Melsted
Poestion, J.C.
Ragnheiður Davíðsdóttir
Rannveig Ólafsdóttir Briem
Rannveig Laxdal
Schow, Emil
Schütz, Jóhanna Briem
Shaffner, Ruth
Sighvatur Bjarnason
Sigríður Ólafsdóttir Briem
Sigríður E. Briem
Sigríður Helgadóttir
Sigurlaug Guðlaugsdóttir
Sigurður E. Briem
Sigurður Guðmundsson
Sigurður Eiríksson Sverrissen
Sigurður Sívertsen
Sigurður Stefánsson
Sigurður Thoroddsen
Sigurþór Ólafsson
Skapti Jósepsson
Skúli Skúlason
Skúli Thoroddsen
Steinerson, H.
Stefanía Jónsdóttir
Stefán Stefánsson
Steindór Steindórsson
Steingrímur Thorsteinsson
Steinunn Pétursdóttir Briem
Susie Briem
Torfhildur Hólm
Tómas Helgason
Tryggvi Gunnarsson
Valdimar Ásmundsson
Valdimar Ó. Briem
Valgard Claessen
Valgerður Árnadóttir Briem
Valgerður E. Briem
Vilhjálmur E. Briem
Þorleifur Jónsson
Þórdís Helgadóttir Sívertsen
Þórhildur Tómasdóttir

J.L. Köppen. 1.10.1795.

-- Í sannleikans nafni votta ég að prestsonurinn frá Íslandi, Gunnlaugur Briem, hóf nám hjá mér 1788 og lauk því á 6 árum. Hann hefur eðlislæga löngun og dugnað til að stunda myndhöggvaralist Einnig hefur hann iðni til að bera og frumkvæði umfram marga af starfsbræðrum hans og því öðlast þekkingu og hæfni.

Hvað hann annars varðar hefur hann í námi sínu og upp frá því hagað sér vel og siðsamlega svo sem ærukærum ungum maður ber og því áunnið sér traust yfirmanna sinna, væntumþykju og virðingu.
Þetta votta ég sem kennari --

Lausleg þýðing úr dönsku.

-- I medhold af sandhed tilståes at Gunnlaug Briem en præste sön fra Island, gav sig 1788 hos mig i lære og fuldendte samme i til av 6 år, som han besidder en naturlig lyst og dugelighed til billedhuggerkunsten, så haver han ved flid og vindskibelighed fremfor mange sine kunstforvantere, deri og nået gode indsigter og færdighed.

Hvad hans forhold i övrigt angåer, så haver han både medens han stod i lære og siden opfört sig vel og anstændig, som et ærekiært ungt menneske egner og anståer og derved vundet såvel sine forsattes som andre der kiænte ham en vel fortjent yndes og agtelse. Som læreherre meddeles dettte til -- bevis. --

1820

Gunnlaugur Briem skrifar Bertel Thorvaldsen. Grund í Eyjafirði. 9.2.1820.

Hávelborinn herra prófessor Thorvaldsen, riddari af Dannebrog og fleiri heiðurs–viðurkenninga.

Sérlega heiðraði og æruverði herra, prófessor og riddari.

Vafalaust munuð þér ekki verða lítt hissa á að fá kveðju frá þessum fjarlæga stað, þótt heimkynni séu föðurfólks yðar og ættar; en hér á landi er tæpast neinn annar en ég sem þér þekkið persónulega, eða sem gleðst jafn mikið yfir velferð yðar. Þegar ég nú frétti að þér væruð staddir í höfuðborg feðralands yðar, þá get ég ekki neitað mér um að nota þetta góða tækifæri sem æskukunningi og forni listafélagi, sennilega sá eini sem á lífi er og þér munið.

Vonandi munið þér hann, landa föður yðar, og sem starfaði með yður á verkstæði Köppens myndhöggvara, og sem þér væntuð góðs af sem listamanns, þegar þér fluttust til Ítalíu, og sem þér trúðuð fyrir að ljúka smíði á Neptúnusi, og sem, ef ég man rétt, átti að flytja til Kiel; þegar þér höfðuð aðeins tíma til að gera teikningu af verkinu. Þessi persóna leyfir sér nú að ónáða yður, sem sennilega gerist oft. Ég sem gjarna fagna gleðifréttum af yður og sem oft hef vænst að fá að nálgast yður og kynna mig.

Nú vil ég veita mér þann heiður að óska yður hamingju og heilla sem óviðjafnanleg list yðar hefur aflað yður - sem alkunnugt er - og einnig föðurlandi yðar.

Vil ég í stuttu máli skýra yður frá lífshlaupi mínu frá 20. aldursári, er vegir okkar skildu, þar til nú þegar ég er fullra 47 ára, í því skyni að gera yður skiljanlegt, hvernig lífi mínu hefur verið háttað hér á landi.

Hugsanlega vitið þér að á námsárunum gaf ég mér tækifæri í frístundum að læra latneskt mál, á sama hátt og þér lögðuð stund á tónlist í yðar frítíma. Með því vildi ég ná tökum á latínu og nýrri tungumálum sem þróast hafa af latínu, auk þekkingar í goðafræði og listasögu, því ætlun mín var að komast áfram og leitast við eftir því sem mögulegt væri að verða dugandi og kunnandi listamaður. Loftkastalar vitið þér að tengjast æskufólki. En svo fór, sem kunnugt er, að tekjum myndhöggvara í Danmörku hrakaði svo að ekki var hægt að lifa á því. Þá var og ófriður og ólga þar svo óráðlegt var að ferðast til útlanda með tvær hendur tómar. Annars hefði ég heimsótt yður og beðið yður um að fá að verða yðar þjónn. Ég gerði mér grein fyrir, þó Wiedewelt[1] væri á móti því, sem þó gat ekki hjálpað mér um vinnu, að ég þyrfti að yfirgefa listina og snúa mér að bókinni. Þó hafði ég ekki annað til framfæris en handverk, þegar um slíkt var að ræða, þar eð ég var eignalaus og fékk ekki stuðning neins. Ég lét því ekki, að fenginni hvatningu prófessors Riisbrich, innrita mig sem stúdent, byrjaði í staðinn við áramót 1797 að leggja mig eftir lögfræði, og stundaði það af slíkum áhuga að mér tókst í september það ár að ljúka dönsku lagaprófi. Enn vann ég fyrir mér í tvö ár, þungur í skapi, við listina. Var ég sérstaklega þakklátur fyrir vinnu í Fredensborg hjá prófessor Dajon.[2] Árið 1799 tók ég tilboði, 27 ára gamall, um að gerast aðstoðarsýslumaður og fluttist hingað til lands eftir 11 ára dvöl í Khöfn.

Áður en árið var á enda var mér falið af konungi að taka þátt í ferðalandsnefnd sem skipuð var fyrirmönnum, sem nú er sjaldgæft, öllum nema mér. Við vorum fjórir nefndarmenn og höfðum tvo ritara. Vegna dauðsfalla var einn nefndarmaður og ritari skipaðir. Af þessum hópi er ég nú einn á lífi.

Ég var svo lánsamur að hljóta fyrir kóngsins náð, fyrir starf mitt í nefndinni, kammersekreteranafnbót eins og hinir nefndarmennirnir. Við lok nefndarstarfanna var ég settur til að gegna sýslumannsembætti í Eyjafjarðarsýslu, en þar eru 3300 sálir, sem ég fæ fulla hýru fyrir -- og hamast í mínu smáa stjórnarumdæmi. Um þetta leyti syngur fugl í eyra mér að ég eigi kost á enn hærra embætti , en sem ég girnist eigi því mér þykir vænt um millistéttina, eða segja menn ekki við yður: ***La Strada del mezzo á la migliorie? E la virtú sta nel mezzo.***[3]

Ég hef verið í hjónabandi frá 1800 með einkar andríkri og frómri konu af ærlegu fólki, hún er prófastsdóttir, systir rektors, prófasts og tveggja presta. Á ég með henni sjö velgefin og efnileg börn, 2ja til 18 ára gömul. Synirnir eru fimm og dæturnar tvær. Tveir sonanna eru nú í Danmörku, annar í trésmíðanámi í Ribe og getur hann sér gott orð og er öllum til yndis. Hinn er við Lærða skólann í Slagelse. Hann ætlar sér að taka stúdentspróf næsta haust, ef hann lifir. Um hann skrifar mér rektor hans allt hið gleðilegasta og besta, og nú fyrir skemmstu þar sem hann lofar hann fyrir einstakan dugnað. Hann sé öllum sínum kennurum til ánægju og ber vott um eðlan

[1] *Johannes Wiederwelt (1731-1802) mun vera þekktasti myndhöggvari Dana á eftir Thorvaldsen.*

[2] *Nicolai Dajon (1748-1823) myndhöggvari og líka nemandi Wiedeveldt. Átti erfitt uppdráttar í sinni grein þar til Wiederveldt féll frá þá tók hann við prófessorsembættinu en varð fyrir vanþóknun konungs og kom það líka illa niður á akademíinu.*

[3] *Meðalvegurinn er bestur. Allt er best í hófi. Þakka Bjarna Gunnarssyni menntaskólakennara og þýðanda, sem sagði þetta klassískt máltæki er rekja mætti til Aristotelesar.*

þankagang; af öllum vel metinn fyrir siðsama og glaða framkomu. Í barnanna góðu hæfileikum er hamingja mín fólgin, en ég get ekki marktækt stutt þá.[1]

Hinn elsti af drengjunum sem koma næst á eftir er 12 ára gamall, og held ég að hann hafi listræna hæfileika, en ég voga mér ekki að beina honum þangað, því ég er hræddur um að ekkert sé að fá út úr listinni í Danmörku. Hann mun líkast til verða settur í einfalt handverk.

Nú hef ég gert yður, hr. prófessor, grein fyrir stöðu minni og fjölskyldu. Þá hef ég lagt fyrir elsta son minn, þann sem er í Slagelse, að ef tækifæri gefst þegar þér eigið leið þar um að ganga fyrir yður, eða í minnsta lagi að fá leyfi til að kynna sig fyrir yður, æskuvini mínum.

Ég bið yður forláts fyrir mín ítarlegu skrif og óska yður lukkulegrar ferðar heim í hina fornu höfuðborg heimsins, um alla yðar vegferð og himneskrar verndar.

Vona ég að þér minnist mín. Ekki er ég svo stórlátur að óska eftir bréfi - því eigi vil ég láta yður verja tímanum til þess. En kveðja fyrir meðalgöngu mannsins sem ber yður bréfið, væri kærkomin. - Yðar ávallt með innilegri virðingu, háttvirðandi herra og fornvinur.

Yðar einlægur Gunnlaugur Briem[2]

Lausleg þýðing úr dönsku.

[1] *Á við séra Jóhann Briem (1801-1880) m.a. prest í Árósum forföður hins danska ættleggs Briemsættar.*

[2] *Jóhanna dóttir hans átti eftir að heimsækja Thorvaldsen í Róm og sagt er frá í næstu grein.*

1814

Kafli úr ferðabók Ebenezer Henderson í þýðingu Steindórs Steindórssonar, menntaskólakennara.

Að mestu eins og hún birtist í jólablaði Alþýðumannsins 1948.

5. 8.1814. Þennan dag komst ég í ánægjulegan og mér dýrmætan kunningsskap við Briem sýslumann. Ég fór með honum um kvöldið heim til hans að Kjarna sem liggur um tvær mílur suður frá Akureyri. Bærinn liggur mjög fagurlega. Megindalur Eyjafjarðar blasir þar við, en einnig sér þar til nokkurra smádala, sem ganga út frá honum til vinstri handar. Verið var að gera við húsakynnin. Garður var við bæinn, honum var skipt í tvo hluti og mjög smekklega frá honum gengið. Vatn var leitt í hann til vökvunar frá smálæk þar í grennd, og yfir garðshliðið voru skráðar setningar siðferðilegs efnis. Ég kom fyrst inn í skrifstofu sýslumanns. Þar var dálítið af bókum, en ekki voru þær mikils virði, dagbækur og alls konar samsafn.

Úr skrifstofunni var ég leiddur inn í setustofuna. Þar voru tveir bókaskápar, í öðrum voru rit um lögfræði, stjórnmál, hagvísindi og þess háttar, en í hinum kenndi margra grasa, en allt voru það ágætar bækur og mikilsverðar. Eftir skamma hríð kom frú (Valgerður) Briem ásamt öðrum meðlimum fjölskyldunnar. Var hinn mesti myndarsvipur á allri fjölskyldunni. Þegar ég hafði borðað bláber og rjóns var mér boðið upp á loft til að skoða bókasafn frúarinnar. Það er geymt í litlu, snotru herbergi, því er vel komið fyrir, og er að mestu leyti úrvals bækur um guðrækileg efni. Frú Briem er víða kunn fyrir guðrækni og menntun. Enda þótt hún veiti fjölmennu heimil forsjá, ver hún samt miklum tíma til að uppfræða börn sín og auðga anda sinn. Í bókasafni hennar voru um 100 bindi. Þar voru danskar og íslenskar þýðingar af enskum ritum, svo sem: Hugleiðingar Heweys, rit Newtons um spádómana. Blairs um Fjallræðuna og Sherlocks um Dauðann.

Þýðingar Guldbergs og Bastholms af Nýjatestamenntinu og hinir ágætu Biblíulestrar Balles voru þar einnig. Mér þótti ánægjulegt að sjá þar eintak af Nýjatestamenntinu frá 1807, sem bar þess glöggar minjar að hafa verið lesið mikið og með athygli. -- Sýslumaður á tvær íslenskar biblíur í arkarbroti en engu að síður vildi hann kaupa nokkur eintök af hinni nýju útgáfu, sem hann taldi að væri aðgengilegri fyrir börnin en hin eldri.

Úr þessu litla, skemmtilega herbergi var mér fylgt inn í stórt hús, sem lá fast að því, en það var dvalar og vinnuherbergi vinnufólksins. Rúmin voru hreinleg og snoturlega uppbúin, og loftræsting var þar góð, sem því miður er alltaf sjaldgæft á Íslandi. Það vakti og ánægju mína, er mér var sagt að þetta væri einskonar kapella heimilisins. Á hverju kvöldi safnaðist heimilisfólkið, um 20 manns, þarna saman, þá er sunginn sálmur, síðan er lesinn kafli úr biblíunni og að lokum beðin viðeigandi bæn. Húsbóndinn annaðist þessa guðsþjónutstu, en auk þess les sýslumaður eina til tvær stundir á hverju kveldi á veturna fyrir fólkið, meðan það situr að vinnu sinni í baðstofunni. En það sem mest er um vert, og varla verður nægilega hrósað, er að hann les úr hinum söguglegu ritum Biblíunnar, í stað fornsagnanna, sem áður voru almennt lesnar, og enn eru eftirlætislestur flestra bænda. --

Eyfirðingar og nágrannar þeirra í næstu sveitum eru gáfaðri og betur menntaðir en fólk í öðrum héruðum landsins. Þeir gera sé mikið far um að uppfræða börnin sín, en þar sem náttúra landsins er gjöfulli við þá, en í öðrum héruðum. --

Frá Akureyri fór Henderson til Möðruvalla og þaðan til Bægisár og forviða hitti hann þar séra Jón Þorlaksson þýðanda Miltons.

1833

Gunnlaugur Briem skrifar Jóhönnu og Carl Wilhelm Schütz. Grund, 2.2.1833.[1]

Dýrmætu og elskulegu börn! Guð blessi ykkur!

Að þessu sinni varð ég ekki þeirra gæfu aðnjótandi að fá jólakveðju frá ykkur, sem venjulega gerist. Guð gefi að ekki hafi veikindi eða aðrir óheppilegir viðburðir komið í veg fyrir það. Ég fékk fréttir frá Kaupmannahöfn um að kóleran hefði að vísu ekki náð til ykkar bæja og svæðis í lok september, en sagt var að í borginni hefði einstaka ólán átt sér stað. Voruð þið ef til vill í burtu í jarðarför einhvers í ykkar elskulegu fjölskyldu? Voruð þið ef til vill fjarverandi í brúðkaupsveislu og komust ekki í tæka tíð heim. Ég get ekki getið mér til um hvað þetta eigi að þýða. Sjáið til þess að þetta gerist ekki aftur, því þetta veldur okkur hugarangri.

Við sem erum heima, ung og gömul, erum góð til heilsunnar og höfum það að öllu leyti gott, þökk sé Guði og heiður. Þennan vetur hefur veðrið verið með allra besta móti og man enginn betri tíð. Tún og fjöll eru ekki orðin hvít, þau gránuðu aðeins nokkrum sinnum. Hingað til hafa skipst á frostkaflar og gott veður. Aðeins nokkrum sinnum geysaði hvass sunnanvindur án þess að af því hlytist skaði.

Þetta ár hefur mamma ekki átt við eins mikla tannpínu að stríða og áður, jafnvel gigtin í liðamótunum er ekki sú versta þó hún sé alltaf til staðar. Pabbi veit ekki enn sem komið er af slíkum verkjum, guði sé lof! þó hann sé orðinn 60 ára. Aðeins hrjáir hann þreyta og andleg hrörnun. Systkinin eru öll mjög heilbrigð og sterk. Heimilishaldið eða reksturinn er mun viðráðanlegri en áður, sem þakka má góðum undangengnum árum. Það ber að þakka hinum almáttuga skapara.

Mínum elskulega bróður, tengdaföður þínum í Frille, sem og móður biðjum við kærlega að heilsa. Ég hef haft þá tilfinningu um nokkra hríð að við eigum ekki eftir að sjást í þessu lífi. Helst skiptir máli að Guð gefi okkur þriggja eða fjögurra ára viðbót við líf okkar. Mér virðist sem forsjónin ætli sér það hlutverk að færa mig nær ykkur um hríð. Um það get ég ekki rætt frekar.

Látið aðeins helming aprílmánaðar líða þar til þið skrifið mér, ég á við: Skrifið strax og þið lesið þessar línur, því einhver af þeim skipum sem hingað sigla frá Kaupmannahöfn munu fara þaðan snemma.

Ég bið ykkur um að skrifa ekki smátt, svo ég geti séð og lesið.

Við biðjum öllsömul innilega að heilsa ykkur og óskum þess að Guð blessi ykkur og elskulega barnið ykkar og haldi verndarhendi yfir ykkur, sem og öllum sem eru ykkur kær og dýrmæt. Lifið heil. Ykkar af öllu hjarta föðurlega elskandi vinur Briem.

PS. Hvernig mun hann Kristján[2] okkar hafa það í þessari órólegu og óhollu Parísarborg, ef hann býr þar enn?

Ásgeir Eggertsson þýddi úr þýsku.

[1] *Bréfið var skrifað á þýsku sem Gunnlaugur hafði góð tök á. Uppskrifað af frænda okkar í Bremen.*

[2] *Kristján Gunnlaugur Briem var fæddur 1802 í gamla endurbyggða húsinu, Austurstræti 22 þar sem síðar var stiftamannshús og Prestaskóli. Sigldi til Danmerkur með föður sínum og tveim systkinum sínum 1815. Lærði trésmíði í Rípum/(Ribe. Árið 1824 lagði hann upp í ferð til Heiðabæjar (Hedeby), Hamborgar. Dresden og Parísar þar sem hann starfaði við iðngrein sína. Það er vitað um hann að Auguste Mayer gerði einstaklega fallega koparstungu af honum sem birtist í bókinni um Gaimard-leiðangurinn. Síðast spurðist til hans um 1840 og er ekkert vitað um afdrif hans, þó sögusagnir séu um að hann hafi fallið saklaus í uppreisn eða tilræði við Louis Philippe Frakkakonung.*

1845

Ingibjörg Sverrisdóttir skrifar Eggert G. Briem. Kollabæ, 22.7.1845.

Háeðla herra sýslumanni E. Briem, væntanlega í Reykjavík.

Elskulegi herra sýslumaður Briem![1]

Ég dirfist hér með að þakka yður yðar góða, elskulega bréf af 19da júní seinastliðinn. Að vísu vakna margfaldar góðar þeinktar tilfinningar hjá mér við lestur þess, en þó helst eigin meðvitund um vanmætti mitt og ófullkomleika í sérhverju því er nokkru varðar, en þar þér eruð svo vongóðir um að vinfengi mitt og lengri samvistir með yður yrði yður ekki til óhamingju þá finn ég skyldu mína að gjöra mitt til að þess von ekki bregðist yður undir eins og ég játa með ánægju að mér væri minnkun að ef ég neitaði þvílíku tilboði er ég finn í brjósti yðar og reiði mig því á yðar góðsemi er þér funduð meðan þér dvölduð hér og vona þér virðið til vorkunnar þótt margt komi fyrir í fari unglinganna sem ekki kæmu hér við yðar eftirvænting og ímyndun. Mín ósk er því engin önnur en að vera á yðar kærleika og eins og þér eruð í manninum. Felandi hið annað þeim eina er ávöxtun gefur.

Skrifa ég mig svo með ánægju, yðar elskandi Ingibjörgu Sverr.[2]

Þau giftu sig 18.8.1845.

[1] *Eggert Briem (1811-1894) á mjög eftir að koma við sögu í þessu bréfasafni. Hann kynntist Ingibjörgu þegar hann var sýslumaður í Rangárvallasýslu er hann var settur sýslumaður þar eftir lát Eiríks sýslumanns, föður Ingibjargar Sverrisdóttur.*

[2] *Ingibjörg var dóttir Eiríks Sverrissonar (1790-1843), sem hafði verið sýslumaður Rangárvallasýslu og bjó í Kollabæ í Fljótshlíð, giftur Kristínu Ingvarsdóttur (1790-1876) frá Skarði á Landi, systur fyrri konu hans. Hún skrifar undir bréfið: Ingibjörg Sverr, en það var ættarnafn, sem hún lagði af við giftingu sína. Sigurður Sverrisson (1831-1899), bróðir hennar, sýslumaður í Strandasýslu, var löngum kallaður Sverrisen.*

1847

Kristín Ingvarsdóttir skrifar Ingibjörgu Eiríksdóttur Briem. Kollabæ, 21.9.1847.

Madama I. Briem. Að Melgraseyri.

Elskulega hjartkæra dóttir. Næst því að óska að þessar línur hitti þig glaða og ánægða þakka ég þér innilega fyrir tilskrifið í vetur, en mikið vonaði ég eftir bréfi frá þér seinna í vor.

Héðan verða litlar fréttir sem ég get skrifað þér nema mér og mínum líður bærilega (Lof sé Guði) og tíðin hefur verið hér það æskilegasta síðan ég skrifaði þér seinast og heyskapur hér og annarsstaðar bæði góður og mikill (hér er komið nokkuð á sjöunda hundrað *(hestar)* með sama fólki, svo þú getur nærri hvað það muni vera hjá þeim hinum stóru).

Varla get ég minnst á ástand Kristínar[1] systur þinnar, þú munt vera búin að heyra lát síra Jóhanns sál., en síra Benedikt er aptur búinn að fá brauðið svo að hún veit ekkert hvað hún á af sér að gera, nema láta allt sitt fara út í veður og vind en hætta sjálf að búa, því hún heldur að hún hafi hvergi yndi nema hún færi hingað, en þó ég fegin vildi lofa henni það þá finnst mér ég líka hafa örðugar kringumstæður til að taka hana. Þegar hún hætti að búa ætlaði madama Valgerður að fara vestur, en ég hef nú nýlega heyrt að Sigríður dóttir hennar, sem hún ætlaði til, væri nýlega dáin, en veit ekki með vissu. Hérna nýlega um daginn dó Guðbjörg á Reyðarvatni og liggur nú á börunum svo að ekki eru góðar ástæður fyrir honum Einari núna.

Í vor drukknaði dekkbátur úr Eyjunum og á því tveir vinnumenn frá Hólum, var Bárður annar þeirra en Guðmundur annar og hefur nú séra Magnús í Hæðum fyrir 3 vinnumenn í fyrra, 1 sautján vetra gamlan dreng, hann hélt þrjá kaupamenn í sumar. - Ég held þér fari nú að leiðast þessi mæðulisti.

Fellshjónunum líður mikið vel og Oddný systir kom hér í vor og var við greftrun síra Jóhanns sál. Og daginn þar eftir í veislu séra Guðmundar á Stóruvöllum. Síra G. Torfason er búinn að fá Miðdalinn og er Halla systir þar mikið vel ánægð.

Mikillega óska ég þess nú að maðurinn þinn fengi Mýrasýslu því ég er viss um að hann hefur um hana sótt. Þá færðust þið þó nokkuð nær.

Ég heyri sagt að Sigríður systir þín uni sér ekki fyrir vestan, án þess þó að þið hafið hvorugar minnst á það í bréfunum til mín, en ég segi eins og ég hef sagt fyrr að ef hún festi þar ekki yndi þá vildi ég ekki neyða hana meðan ég er við kofana, en ég verð að biðja ykkur hjónin, ef hún getur ómögulega þar unað sér að koma henni suður með einhverri góðri ferð, því ekki vil ég hún fari með neinum ódóum, og vil líka borga nokkuð fyrir það, en það er mér ekki hægt meðan ég er í þvílíkum fjarska. Ef þið væruð komin í Mýra eða Borgarfjarðarsýslu þá mundi henni ekki leiðast jafnmikið). Þetta fel ég á ykkar hendur til hins besta. --

Nú á nokkra daga fresti fara allir piltar suður og Sigurður, og með honum Magnús á Felli því hann fékk skóla í sumar.

Gaman þætti mér að heyra hverjum fólkið segir hann ungi sonur þinn líkist, ef hann lifir.

Ég ætla að biðja þig að skila hjartkærri kveðju minni til manns þíns og að endingu kveð ég þig með syni þínum hinum kærasta móðurkossi og óska þér og öllum þínum allra heila og hamingju um tíma og eilífð.

Þín hjartkæra móðir --

[1] *Kristín Eiríksdóttir (1813-1881) var gift séra Jóhanni Björnssyni (1810-1847) presti í Keldnaþingum sem hafði verið skrifari hjá Eiríki Sverrissyni sýslumanni sem var vinur séra Tómasar Sæmundssonar, var yfir honum í banlegu hans og jarðaður á Breiðabólsstað við hlið hans. Skrifaði skýrslu í Ný félagsrit um Heklugosið 1845. Þær Ingibjörg voru hálfsystur.*

1849

Eggert G. Briem skrifar Grími Jónssyni amtmanni. Melgraseyri, 1.3.1849.

Útdráttur. Í bréfinu segist hann hafa skilað embættinu af sér um áramót en vegna veðurs ekki komist "norður". Hann biður um leyfi hvort hann megi, eftir að hann er kominn, fara aftur vestur til að sækja konu og börn þ.e. þá Eiríks og Gunnlaug. Hann er í vanda út af þessu flakki. Hann segist eiga kost á húsi Th. Thorarensens í Skjaldarvík en hafi ekki afráðið að taka það því Borgen á Akureyri bauð honum billegra hús.

10. mars skrifar hann amtmanni aftur eftir að hafa fengið bréf frá honum. Segist hann hafa ætlað að selja skepnur og búsgögn því hann hafi ekki hugsað sér að óbreyttu að stunda búskap lengur enda vanti hann fólk til þess. Svo virðist sem amtmaður hafi hvatt hann til þess og boðið honum jörð til ábúðar. Tekur hann vel í það svo framarlega sem Ólafi bróður hans á Grund takist að útvega vinnufólk. Bendir bréfið til þess að amtmaður hafi boðið honum að búa hjá sér á Möðruvöllum þar sem Eggert varar hann við ágangi þar sem hann þurfi vinnustúlkur og sé kominn með þrjú börn. Það eru Eggert, Gunnlaugur og Valgerður sem í Lögfræðingatali og Briemsættartölu er sögð fædd á Espihóli, sem skv. dagsetningum og orðum Eggerts er rangt.

14. apríl skrifar hann amtmanni enn og segist bundinn vestra vegna óveðra og ófærðar og með vanfæra konu og þrjú börn. Ekkert hafi hann frétt hvort Ólafi hafi tekist að útvega hjú. Segist hann senda mann norður eftir hestum og býst við að verða kominn af stað 21. maí.

18. apríl skrifar Ólafur Briem amtmanni um aðgerðir sínar við að útvega Eggert hjú. Þar er einnig staðfest að til mála hefur komið að Eggert settist að í Friðriksgáfu hjá amtmanni.

28. apríl ritar hann amtmanni enn og segir sér ekki hafa tekist að útvega fólk.

1851

Ingibjörg Sverrisdóttir Briem skrifar Eggert G. Briem. Espihóli, mánudaginn (ódags.).

Elskulegasti minn.

Mér og okkur líður vel, allir eru frískir og gott er veðrið enn og ekki er --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Espihóli. 3.4. 1851

-- Það er að segja af okkur að nú líður öllu vel en á dögunum veiktust tvö börnin Páll og Jóhanna í veikinni og var Grímur í Beik. (?) sóttur og var hann hér í viku og kom þeim til en nú leika þau sér í rúmunum hlæjandi, en Palli var mjög hætt kominn einu sinni því kirtlaveikin sló sér saman við. Ég er að gjöra það að gamni mínu að búa til kassa og selja og mér gengur vel út. Ég límdi á og gerði við sex bækur fyrir ömmu og henni þótti það vel gert svo ætla ég að gefa henni kassa.

Forláttu þetta ljóta klór því ég er að flýta mér. Einar er að fara á stað....Börnin biðja að heilsa þér og mamma. Okkur þótti vænt um að þú skrifaðir okkur því við vorum farin að vona eftir þér fyrir páskana. --

1852

Valgerður Árnadóttir Briem skrifar Jóhönnu Schütz og dætrum. Grund. Ágúst 1852.

Mínar elskuverðu hjartkæru bestu dótturdætur, sælar og blessaða af guði og þakka ykkur mikið kærlega og ástsamlega öll góðu bréfin ykkar sem þið eruð að gleðja mig með þó ég geti eigi vel skilið þau og geymi þau öll í skáp hjá rúminu mínu og ætla að eiga þau svo lengi ég lifi. Ég óska ykkur allra heilla og hamingju.

Minn góði faðir á himnum veri ykkar leiðtogi og fylgjari gegnum lífsins margbreyttu vegi, sem oft eru villugjarnir. Er þá orð guðs ljós á veginum sem farinn er. En þá rata menn rétta leið til fullsæla föðurlandsins, þar verður gott að vera. --

Þú sagðir mér að þér hefði þótt vænt um blaðið sem ég páraði til þín mín kæra blessaða Benedicta. Það var þó svo lítilfjörlegt, en lítillátum gefur guðs náð og lætur þeim allt að góðu verða. --

Gaman var mér að teikningunni og að sjá járnbrautina miklu; það þótti mér fallegt og siðsamt að þið fóruð eigi í fjölmenna samkvæmið, hitt var svo miklu fallegara og betra -- að fylgja þeirri á -- . Var fyrir ykkur að þekkja nú engan í híbýlum þeim sem þið áður höfðuð verið -- í hinum góða afa ykkar, en svona er nú margt hreyfanlegt í heiminum. --

Vertu nú með öllum börnum, ástvinum, æfilangt og eilíflega margblessuð fegin móðir þín --

1859

Sigurður Eiríksson Sverrissen[1] skrifar Ingibjörgu Eiríksdóttur Briem. Khöfn, 27.4.1859.

Hjartkæra systir!

-- Nú sendi ég þér loksins flest af því sem þú baðst mig um í fyrra en hræddur er jeg um að það verði ekki allt eins og skyldi, jeg var í svoddan vandræðum með stærðina á því sem þurftir að hafa vist mál, verði það óbrúkandi stærðarinnar vegna get ég fengið því skipt, en það yrði nú reyndar frágangssök vegna fjarlægðarinnar; jeg sendi þér ekki sykurtangirnar af því jeg gat hvergi fengið þær nýjar, menn eru öldungis hættir að brúka þær og því smíða silfursmiðirnir þær ekki, þegar svo ber undir tekur fólk sykurmolana með fingrunum --

Valgerður Árnadóttir Briem skrifar dóttur Jóhönnu Briem Schiütz. Grund. 10.5.1859.

Mín hjartkæra elskanlega dótturdóttir. Himinsins mildiríka forsjón veri þér allt hvað þú með þarft til sannrar farsældar blessi þig og ævina þína um tímann sem þér í heimi er falinn til allrar eilífðar.

Svo vel sem ég best get þakka ég þér allt þitt ágæti sem þú hefur mér auðsýnt frá því fyrsta þú hafðir vit á að þenkja og gleðja mig. Meðal þess marga blíða og góða sem þú hefur auðsýnt mér tel ég nú tvö elskuríku og huggunarríku skynsamlegu tilskrifin þín, það fyrra af 10. nóvember síðastliðnum, en það síðara af 19. febrúar, hvort öðru ástúðlegra að öllum kringumstæðum aðgættum. Einnig ber mér að þakka þá kærlegu, vel meintu sendingu með seinna bréfinu stílaða mér var líka gleði og gaman að vita hver saumað hafði og var það mikið vel gert eftir aldri hennar. Heilsaðu henni ástsamlega frá mér, einnig frændstúlku hennar sem bað að heilsa mér. Ég óska þeim allra heilla og framfara í öllu góðu og ástsamlegu, til þess eru lífstímarnir gefnir hvort sem þeir eru margir eða fáir.

Mikið innilega má ég biðja þig, mín ástkæra, að fyrirgefa mér hvað ógnarlengi hefur dregist fyrir mér að þakka þér á blaði mikið góðu bréfin þín en hugurinn minn hefur oft gert það. Ég veit að þitt blíða nákvæma hugarfar mun vorkenna og fyrirgefa mér þennan langa undandrátt mér, var oftast já satt og hægri hendin mín svo dofin að ég get oft eigi haldið á penna. Samt var ég að bera mig að pára móður þinni, því ég vissi að henni var svo annt um að heyra héðan og líka vissi ég að hún mundi í lengstu lög geta ráðið í párið mitt, þó öðrum væri líttlesandi, en það var nú margt í það varið að ég gat eigi sagt henni það sem hún helst vildi heyra því svo verður að segja hverja sögu sem gengur ef sögð er. En mér fannst ætíð sem draga mundi til þess sem varð og þá -- fannst mér eins og frelsarinn okkar segði við mig: Mín stund er nú eigi komin.

Fullvís er ég um það að allir vegir Drottins eru miskunn og sannleikur, hvort það er blítt eða strítt líf eða dauði, þá á það allt að þéna börnum hans til hins besta. Hann elskar þá hann agar, eigi mun hann úthluta mæðunni til annarra en til að lagfæra og gera okkur hæfilegri til eilífrar og óumbreytilegrar farsældar síðar, sem hann hefur heitið okkur frá sjálfum sér, þá verður nú mikið um dýrðir, við þessa síðstu von er nú að þreyta hugann hvörnin sem að höndum ber; -- bróðir þinn Eggert[2] minn á Hálsi var hér á ferð um síðastliðna helgi, hann var á fimmtudagsnóttina á Sjónhóli en mánudag hérna, svo fór hann þann daginn ofan í kaupstaðinn. Ég verð fegin að frétta hann farsællega heimkominn, hann sagði mér að þú værir búin að fá þér væna stúlku í stofuna og svo líka vinnukonu -- þetta þótti mér vænt um að heyra því þó að líkindum verði eigi eins óhægt að fá fólk núna eins og verið hefur að undanförnu, þá er mikill munur á hvernig það heppnast, en bæði gagn og geðró er mikið komið undir því hvernig það gefst og óska þess ætíð að ná láni því og lagi sem var hjá foreldrum þínum -- Góður guð blessi þig og allt þitt hús; undir hans blessan eru allir hlutir komnir - þitt hlutskipti æfilangt og eilíflega.

Mér er nú hugur á að minnast á eitt við þig, elskan mín, og kem mér þó varla að því; mér þykir vænt um flestar heilræðareglurnar í barnaljóðunum gömlu og hefi haft vilja til að fylgja þeim og lærði þær snemma; -- Þá verður nú mikið um dýrðir við þessa vissu von er nú að þreyta hugann í hverju sem að höndum ber; gjörðu svo vel að lofa mér að vita hvort blaðið kemst til þín og hvort þú getur lesið það -- Drottinn blessi ykkur öll. --

Valgerður Árnadóttir Briem skrifar Jóhönnu Briem Schütz. Grund, 6.10.1851.

Hjartkær elskulega dóttir mín. Guð minn blessi þig og alla þína ævilangt og eilíflega. Ég óska að þetta blað heimsæki þig hressa og farsæla eftir *(því)* sem kringumstæður þínar tilláta og geti að sönnu ætíð glatt mig við það að hvað sem uppá hefur komið fyrir þér, hefur þú ætíð verið svo róleg og gætt ætíð svo vel og vandlega að

[1] *Sigurður Eiríksson Sverrisson (1831-1899), notaði ættarnafnið Sverrisen, bróðir Ingibjargar Eiríksdóttur Briem. Hann var sýslumaður í Strandasýslu og bjó lengst að Bæ í Hrútafirði.*

[2] *Eggert Ólafur Gunnarsson (1840- d. um 1885) bóndi og verslunarmaður. Ath.: Dóttursonur bréfritara, systursonur móttakanda.*

því margfalda góða sem gæska Drottins hefur veitt þér meðfram og því veit að Drottinn muni láta þér allt að góðu verða. Mjög fegin væri ég því ef ég lifi það að fá bréf frá þér og vita hvörnin ykkur líður fjarlægu ástvinum mínum. Guð láti það vera ætíð vel en af því allt er svo fallvalt í heiminum má alltaf búast við breytingunum og minnast þess sem skáldið kvað, guði er best að trúa og treysa og taka því vel (er) að höndum ber. Guð gefi okkur að geta það.

Fátt get ég nú í þetta sinn sagt þér frá skyldfólkinu þínu; ég mun hafa sagt þér í sumar frá því sem ég vissi þá og mun hér lítið hafa breyst síðan Jóhann Ólafsson[1] , sem er á Hálsi hjá föðursystur sinni og átti samt að fara að Hallgilsstöðum til frænda síns Gunnlaugs Tryggva[2] til að læra að smíða. En það verður nú ekki af því, því Tryggvi er svo lasinn að hann getur ekkert gert. Kona hans[3] er líka alltaf heilsulasin; líka er Gunnar[4] mjög heilsulítill og getur eigi sinnt lærdómi sínum sem hann svo innilega girnist. Svona er nú margt mæðublandað, þetta líf er líka reynslutími og náttúrlegt að sé mæðublandað, alltaf er amtmaðurinn líka ofur lasinn síðan hann missti -- Hann er vandaður og vænn maður.

Jóhann hefur í bréfum sínum beðið mig að færa þér mikið innilega ástkæra kveðju.

Hjónin á Hálsi og systurnar biðja einnig mikið vel að heilsa þér og þínum með bestu óskum -- fóstursystir þín Sigríður mín Þorsteinsdóttir (?). Þótti mikið vænt um að þú minntist hennar í bréfi þínu. Rétt minnir þig það að hún missti tvö börnin sín og fékk henni sárt missir þeirra, en hún var samt stillt eins og mönnum blívur að vera í mótlætinu þó finnum til. --

Ég bið þín mín elskulega að heilsa frá mér kærlega, fyrst og fremst þínum ektaherra og já börnunum þínum og þakka þeim mikið vel fyrir. Bréfið góða og orðin frá litlu Helenu.[5] Guð blessi hana og ykkur öll, eldri og yngri. Hann bróðir þinn gerði svo vel að útleggja þýsku bréfin á dönsku og sendi mér þau þá líka. Ég þakka þau öll innilega og bið guð minn blessa ykkur --

Nú stendur svo á mín elskulega að mér er sagt að skipið sé ferðbúið og hér ber að ferðamann sem ætlar -- Bið ég hann að taka -- og alla þín guðs -- og eilífð þín elskandi móðir Valgerður Briem

[1] *Jóhan Briem (1845-1936) frá Grund. Foreldrar hans Ólafur Briem (1808-1859) timburmeistari á Grund í Eyjafirði og Dómhildur Þorsteinsdóttir (1817-1858) dóu með stuttu millibili frá stórum barnahóp, sum á ungum aldrei dreifðust viða í fóstur til frænda og vina foreldra hans. Jóhann fluttist til Ameríku þar sem hann var bóndi á Grund í Riverton á Nýja Íslandi, við hlið jarðarinnar Möðruvalla þar sem systir hans bjó.*

[2] *Tryggvi Gunnarsson (1835-1917) síðast bankastjóri.*

[3] *Kristín Þorsteinsdóttir (1837-1875).*

[4] *Séra Gunnar Gunnarsson (1781-1853) á Hálsi í Fnjóskadal. Kona hans var Jóhanna Kirstjana Briem (1813-1878)*

[5] *Helene Nauman (1860-1928) dótturdóttir Jóhönnu Schütz. Hún var gift: von Seebach.*

1864

Valgerður Árnadóttir Briem skrifar Jóhönnu Briem Schütz. Grund. 6.10. 1864 eða 1867.

Hjartkæra ástkæra dóttir mín.

Guð minn blessi þig og þína alla um tíma og eilífð, ég þakka þér og þínum alla velvild og ágæt bréf mér send úr fjarlægum stað. Þakka ég ykkur ástasamlega og bið Guð minn að blessa ykkur öll, gleðja ykkur ætíð með náð sinni og blessan og bið þig mín ástkæra að segja þeim að ég þakki þeim systkinunum og litlu -- fyrir bréfin og alla velvild þeirra og þau verði að forláta öll saman að ég get ei sent þeim bréf. Má líka vera það sama að þú segir þeim frá mér. Því þú þyrftir þó að útleggja það fyrir þau en ég er nú hrædd um að þú mín ástkæra dóttir munir nú eiga bágt með að lesa lélegu skriftina mín, en þína skrift er svo gott að lesa eins og prent og sendi þér nú í þetta sinn þetta litla blað og bið þig að forláta hvað það er ólíkt góðu vænu bréfunum þínum en ég viti að þið munuð öll vorkenna og forláta mér allan ófullkomleika minn. Valdimar[1] minn skrifaði mér að sér hefði verið það mikil gleði og ánægja að skrifast á við frænda sinn ef hann treysti sér til þess, hann sagðist vera að læra þýsku en sagðist vera hræddur um að hann skrifaði eigi rétt og hvort hann mundi heldur eiga að reyna það á latínu. Hann er sá eini af frændunum sem vildi reyna það ef kringumstæður leyfðu það. Eigi veit ég annað en öll Ólafsbörnin lifi enn. Eggert Ólafsson[2] er nú vígður prestur til aðstoðar prestinum í Álftafirði. Það er tengdafaðir Haralds Ólafssonar. -- Ef ég lifi þig og þína -- þá skal ég minnast meira á ættfólkið þitt. Þetta blað er eigi nema (til) að sýna því að ég lifi enn og mér gefst blessuð sjónin. Vertu ásam egtaherra þínum og þeirri góðu Emmu, ásamt þeim fjarlægari börnum ykkar -- Vertu ævinlega margblessuð.

Þín eftirminnilega gamla móðir Valgerður Briem.

[1] *Valdimar Briem (1848-1930) prófastur og vígslubiskup á Stóra-Núpi. Hann hefur þá verið kominn í Lærðaskólann sem krafðist latínukunnáttu á inntökuprófi.*

[2] *Eggert Ó. Brím prestur á Höskuldsstöðum mun hafa komið áður við sögu.*

1867

Valgerður Árnadóttir Briem skrifar Jóhönnu Briem Schütz. Grund. 6.10.1867.

Hjartans ástkæra dóttir mín. Guð minn blessi þig og þína alla um tíma og eilífð og þakka þér og þínum alla velvild og ágæt bréf mér send úr fjarlægum stað og bið guð minn að blessa ykkur öll, gleðja ykkur öll með náð sinni og blessan og bið þig mín ástkæra að segja þeim að ég þakka þeim og systkinunum og litlusystrunum fyrir bréfin og alla velvild þeirra og þau verði að forláta öll saman að eg get ekki sent þeim bréf. Þeim má líka vera það sama að þú segir þeim frá mér, því þú þarft að útleggja það fyrir þau en ég er nú hrædd um að þú mín ástkæra dóttir munir nú eiga bágt með að lesa lélegu skriftina mína, en þína skrift er svo gott að lesa eins og prent og sendi nú í þetta sinn þetta litla blað og bið þig forláta hvað það er ólíkt góðu vænu bréfunum þínum en ég veit að þið munuð öll vorkenna og forláta mér allan ófullkomleika minn. Valdimar[1] minn skrifaði mér að sér hafði verið það mikil gleði og ánægja að skrifast á við frænda sinn. Ef hann treysti sér til þess. Hann sagðist vera að læra þýsku, en sagðist vera hrædd(ur) um að hann skrifaði eig rétt, hvort hann mundi heldur eiga að reyna það á latínu. Hann er sá eini af frændunum sem að vildi reyna það ef að kringumstæður leyfðu það. Eigi veit ég annað en að öll Ólafsbörnin lifi enn.

[1] *Valdimar Briem (1848-1930) sonur Ólafs Briem á Grund. Hann lærði til prests og sat lengst á Stóra-Núpi í Gnúpverjahreppi. Varð sálmaskáld og síðast vígslubiskup. Hann giftist Ólöfu Jóhannesdóttur, prestsdóttur frá Hruna.*

1869

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Hjaltastöðum. 28.2.1869.

-- Ég held bréfið að tarna verði einstaklega skemtilegt því eg er núna svo glöð í hug gettu af hverju af því eg hugsa til að þú sjert nú fyrir laungu orðinn frískur og svo fæ eg bréf frá þér með póstinum, og kannske eitthvað meira með, Ó það verður gaman jeg vildi bara eg gæti sent þér eitthvað skrítið líka, en það verður ekkert nema bréfmiðinn sá arna svo burðugur sem eg held hann verði, ef eptir vana lætur, ójú það er líka vaninn sem eg get ekki breitt hvað fegin sem vildi, nefnilega að hafa þau bréfin ögn skemtilegri og bið eg þig því að taka viljann fyrir verkið.

Pabbi og Gunnlaugur eru allt af að skrifa, nú ætla þeir að fara að garfa í tveimur þjófnaðarmálum í Vallholti hjá Gunnari, og öðrum bæ Áshildarholti það er nálægt Sauðárkrók, það hefur reindar á fleiri bæjum verið stolið, en ekki komnar líkur um hvað menn hafa stolið, nema á þessum tveimur. Í Vallholti er vinnukonan grunuð og Benedikt sem hjerna var hvað eiga vingott við hana svo það er sagt þau sjeu bæði í þjófnaðinum þar.

Það hefur verið mikill friður hjer í vetur, nema þettað smáhnupl í Ólöfu en maður kemst þó að því og talar um það við hana og þá hefur hún sig ekki eins upp og svo kellingargreiið hún Ingibjörg er að næla sjer í brauðbita

Gunnlaugur E. Briem[1] til Halldórs E. Briem. Hjaltastöðum,. 15.12.1869.

Herra skólalærisveinn Halldór Briem.

Það er það versta sem eg hef komist í lengi að vita ekki neitt af ferð Sæmundar fyrr enn hann er nú hjer kominn albúinn til suðurferðar því mig langaði til að hripa þjer nokkrar línur kæri bróðir að gamni mínu því nú gjörast sólarlitlir dagar en þó get eg ekki sagt sólarlausir þó nú sje komið fyllsta skammdegi. Tíðin er ósköp stirð og nú í nokkra daga hefur mátt heita óratandi veður, eins og þeim varð að *orði* hjer pótentátunum í Akra hrepp sem hafa nú í tvo daga setið á þíngi og fóru í dag út í bilinn; þeir voru að ræða um rjettarbyggíngu fyrir Silfrastaðarafrjett, sem varð þannig afráðið að ef Hvíteyri, sem kölluð er fyrir sunnan Bólu, á þar niðri í horninu utanvið Silfrastaðaengjar, fengist ekki, þá skyldi hressa uppá hina gömlu Valagilsrjett; sömuleiðis töluðu þeir um fjallskil, verzlun, bjargarleysi og heyskort og köstuðu saman gamanyrðum annað slagið.

Hjer áttu að vera skiptafundir á hverjum degi alla þessa viku en það tókst af við þetta illviðri.

Okkur Guðjóni sinnaðist í haust svo það gildti að hann mátti fóðra sig sjálfan í vetur því eg ætlaði ekki nærri því sem maður kallar að færa honum koppinn; þetta skaltu segja Óla því honum var ekkert um veru Guðjóns einsog heldur ekki þurfti.

Altaf eru hjúin í Hvammi söm við sig og einusinni í haust gjörði Björn mjer illt í geði svo eg man honum það til jólanna þegar þau koma í sníkjuferðina eins og vant er.

Jeg kom brjefinu til Jóns Mýrdal með beztu skilum, hann skrifaði mjer að hann myndi koma um jólin svo hann situr víst jólin hjá okkur.

Jeg þakka þjer innilega fyrir brjefið þitt Halldór minn og bið þig að fyrirgefa hversu lítilfjörlegt blað eg sendi þjer á móti, eg get síður verið að margtaka það upp sem eg skrifa ykkur eða skrifa öllum það sama, það er svo leiðinlegt en nú varð mjer það á og gleymdi þjer ekkert í fréttaskyni, skrifaði Óla nokkuð af því dóti.

Jeg man eptir póstinum aptur og vermönnum úr nýárinu sem jeg óskaði að birji þjer til ánægju og heilla eins og eg líka óska þjer mikillar jólagleði og bið að heilsa kunníngjunum, Valda, Sigga, Steina etc.

Lif ætíð heill bróðir. --

[1] *Gunnlaugur var næstelstur systkina sinna, 22ja ára.*

1873

Páll E. Briem til Eggerts G. Briem. Reykjavík. 11.2.1873.

Ég þakka þér fyrir allt gott, bæði fyrr og síðar, ég skrifa þér þennan miða með manni sem sendur var að norðan með bréf og Norðanfara, enda var eigi vanþörf á að fá fréttir að norðan eftir svo langan tíma sem liðinn er síðan þaðan komu fréttir.

Allt er hér tíðindalítið syðra nema harðindin og eru fáeinir menn farnir að skera en nú hefur hláka staðið í tvo daga svo jörð allmikil er komin upp, hvað sem það stendur lengi. Ég fór um jólin út í Viðey og Dóri bróðir með mér, en Eiríkur fór eigi, því hann vildi vera við aftansöng - vorum við Dóri svo úti í Viðey og skemmtum okkur vel, en á annan fór Dóri úr Viðey því hann varð að vera á seinustu æfingu á Hellismönnum[1] daginn eftir, en ég fór svo eigi fyrr en á fjórða og Stína systir með mér og ætlaði hún að horfa á kómedíuna og fara til baka eftir nýárið en þá komu frostin svo hún varð að sitja hér á sjöttu viku --[2]

Sigríður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Reynistað. 20.2.1873.

- Ég þakka þér kærlega fyrir tilskrifið. Í vetur hefur verið vond tíð svo ég valla aldrei hefi getað verið úti, ég vona að tíðin fari að batna og þá get ég leikið mér úti, en bræður mínir, Siggi, Eggert og Villi hafa samt oft verið úti að leika sér og draga hvern annan á sleðanum þó tíðin hafi verið vond.

Um daginn fóru systur mínar, Vala og Ella út í Suðárkrók að heimsækja frú Arngrímsen og var þeim ekið á sleða og gekk hestur fyrir honum og þótti þeim mjög gaman að ferðinni. Ég hef ekkert farið í vetur, en mig langar samt að fara eitthvað.

Þú beiðir mig að segja þér hvenær ég geng á kirkjugólf; ég held það verði á sunnudaginn. Séra Magnús hefur spurt einusinn áður og gat ég ekki farið þá á kirkjugólf af því ég vissi ekki fyrr en presturinn kom; ég var líka ekki búin að undirbúa mig.

Ég sendi þeir einmark en bið þig að lána mér 12 skildinga og skal ég borga þér þá þegar þú kemur að sunnan. Ég bið þig að kaupa annaðhvort barnaglingur og helst Örkina hans Nóa, en ég býst nú við að það sé búið að kaupa hana.

Nú er Vigfús Reykdal í Holtsmúla að þilja baðstofuna í hólf og gólf.

Ég bið kærlega að heilsa Dóra og Eiríki. Ella biður kærlega að heilsa þér. Ég man nú ekki meiri fréttir í þetta sinn og kveð þig síðan með óskum alsgóðs um tíma og eilífð. --

Kristín Briem Claessen skrifar Ingibjörgu Sverrisd. Briem. Viðey. 6.10.1873.3

-- Ekki fengum við gott veður suður, en samt gekk okkur ferðin vel og aldrei varð okkur kalt, á laugardaginn fórum við yfir sand[4], þann dag var nær oftast einhver að berja sér, enda var þá líka stórhríð svo ekkert sást nema rétt í kringum mann, ekki skil ég hvernig við hefðum farið að, ef Eiríkur[5] bróðir hefði ekki verið með, þeir máttu hafa sig alla við að halda réttum vegi.

Við vorum í tjaldi um laugardagsnóttina, ég svaf þá hérumbil ekkert, en drengirnir litlu sváfu nál. til kl. 4, þá lögðum við á stað og náðum í kofann á Arnarvatnsheiðunum.

Um það leyti sem við náðum kofanum hvessti mikið og herti frostið, þá var í byggð 7 gráðu frost. Þá sagði Hannes[6] litli að hefðum við haldið lengra hefði hann drepist Við höfðum þá heldur ekki borðað í nærri sólarhring.

Það var eiginlega reglan að ef þeir litlu drengirnir kvörtuðu um kulda var þeim skipað af baki og svo gengu

---

[1] *Eftir Indriða Einarsson.*

[2] *Segir svo frá prófum og varð næstefstur. Páll var þá sautján ára.*

[3] *Reyndastur ferðalanganna var Eiríkur, sem farið hafði mörgum sinnum suður. Virðist hann hafa stjórnað ferðinni. Ferðalangar: Systkinin: Eiríkur, Halldór og Kristín og Ólafur Briem. Frændur þeirra: Hannes Hafstein, Ólafur Ó. Briem. Viðvíkurbræðurnir Daníel og Sigurður Ólafssynir voru uppeldisbræður Ólafs Ó. Briem.*

[4] *Fjórðungssand.*

[5] *Virðist hafa stjórnað ferðinni. Eiríkur Briem (1846-1929) var elstur þeirra systkina, þá biskupsritari. Hafði fengið veitingu fyrir Þingeyraprestakalli og var vígður næsta vor og bjó í Steinnesi.*

[6] *Hannes Hafstein (1861-1922) skáld og ráðherra. Briemsbörnin og Hannes voru frændsystkin; hann sonur Kristjönu Gunnarsdóttur (1836-1927), systurdóttur Eggerts Briem á Reynistað, og Péturs Havstein (1812-75) áður amtmanns á Möðruvöllum sem þá bjó í Skjaldarvík. Hannes lærði undir skóla heima hjá frændum sínum á Reynistað. Var nú 13 ára á leið í Lærða skólann.*

þeir strax í sig hita. Óli[1] stóð sig mikið vel.

Úr kofanum héldum við á Gilsbakka og fengum þar bestu viðtökur; þaðan að Stafholti og svo á Saurbæ og Miðfell[2].

Þar leið öllum vel. Amma[3] er furðanlega frísk, hún gekk út og inn um bæinn, en blind er hún orðin á öðru auganu.

Við hittum svo á að morguninn eftir áður en við fórum á fætur fór maddama Gunnlaug[4] sjóveg inní Reykjavík.

Frá Miðfelli fórum við að Reynivöllum[5] og svo á fimmtudaginn komumst við loksins í Reykjavík, en ekki komst ég hingað fyrir ósjó og hrakviðri fyr en í gær, þeir fóru með mér hingað Dóri[6], Viðvíkurbræður[7] og Óli Briem[8].

Allir eru hér frískir nema Eiríkur litli[9], hann hefur verið sárveikur í þrjá daga. Mikið segist Áslaug systir[10] hafa vonast eftir þér í vor, hún segist lengi hafa dregið að fara fram í Reykjavík og ætlað að fara með þér þegar þú kæmir. Amma óskaði líka sárt eftir að fá að sjá þig. Í Reykjavík var ég á nóttunni hjá frú Melsteð[11], hún tók mér einstaklega vel.

Svo kom ég til Guðjohnsens[12], Vigdísar[13] og Jóns Guðmundssonar[14] og var mér tekið tveim höndum á þessum stöðum.

Mikil gersemi þykir beltið hér, mamma, ég sýndi málaranum[15] það og fann hann á því ártal, það er greinilegt á einum gyllta hlekkinum 1573, svo nú í ár er það réttra 300 ára.

Frú Melsteð bauð mér að láta það sigla til að láta skíra og láta bæta steinum í þar sem þá vantar.

Áslaug vill endilega að ég fái mér faldbúninginn, hún segir að það mesta sé frá fyrst ég hef beltið.

Gunnlaugur[16] bróðir gaf mér 10 dali, fyrir þá ætla ég að fá mér til borðanna og í slörið, en þá stendur klæðið fyrir, þá er svo skrambini dýrt.

Ekki eru þau Anna og Guðmundur komin enn, ekki þykir giftingin hennar Önnu vera sérleg upphefð fyrir hana, allstaðar sem við komum var sagt, nú eruð þið búin að gifta Snússu[17] Guðmund, húsið er nefnt þetta og er víðast haft í fyrirlitningu, en Guðmundur er sagður vænn maður en lítið hefir kveðið að smíðum hans enn.

Stúlkan hjá Jónassen[18] er ekki búin að eiga barnið, hvernig sem það fer. Hér er sagt að hún hafi aldrei kennt það öðrum en Guðmundi, ég myndi bara óska að hann slyppi í þetta sinn, það væri óskemmtileg heilsan fyrir aumingja Önnu.

Vigdísi[19] líður mikið vel, húsið þeirra er orðið gott og fallegt. Magnús fór 19. maí vestur á Ísafjörð og átti hún

---

[1] *Ólafur Briem (1851-1925) yngri bróðir Kristínar. Hafði útskrifast frá Lærða skólanum. Heimiliskennari á Reynistað og seinna aðstoðarmaður föður síns. Síðar bóndi á Álfgeirsvöllum í Skagaf. og alþm.*

[2] *Sennilega er þetta Meðalfell. Þar bjó Elín dóttir Guðlaugar Eiríksdóttur móðursystur bréfritara og séra Gísla Jóhannessonar á Reynivöllum og Kristín móðir Guðlaugar hjá þeim. Á Meðalfelli búa afkomendur Elínar enn. Þetta voru stuttir áfangar og líkast til einnig heimsókn til vina fjölskyldunnar, frænda og skólabræðra Eggerts föður þeirra Reynistaðarsystkina.*

[3] *Kristín Ingvarsdóttir 83ja ára (1790-1876) síðari kona Eiríks Sverrissonar sýslum.*

[4] *Sennilega var þetta Guðlaug Eiríksdóttir (ekki Gunnlaug).*

[5] *Þar hafði verið prestur séra Gísli Jóhannesson (1817-1861) sem átti Guðlaugu Eiríksdóttur (1824-1899) móðursystur bréfritara, hálfsystur Ingibjargar Eiríksdóttur. Guðlaug hefur búið áfram á Reynivöllum eftir dauða séra Gísla.*

[6] *Halldór E. Briem, 21 árs (1852-1929). Hann var þá í Prestaskólanum, var um skeið í Ameríku, kom heim og gerðist kennari og bókavörður.*

[7] *Þeir voru prestsynir: Sigurður Ólafsson (1848-82) héraðslæknir, þá við nám og Daníel (1837-99) söðlasmiður.*

[8] *Ólafur Briem 1852-1930 sonur Ólafs timburmeistara Eggertssonar Briem á Grund og Dómhildar Þorsteinsdóttur. Hann ólst upp eftir dauða foreldra sinna, er hann var 6/7 ára gamall, í Viðvík hjá séra Ólafi Þorvaldssyni og konu hans Sigríði Magnúsdóttur með þeim Sigurði og Daníel. Hann varð trésmiður á Sauðárkróki.*

[9] *Eiríkur* Stephensen 1873-1878 *dó úr barnaveiki.*

[10] *Systir = móðursystir, lengi talsmáti..*

[11] *Ástríður Helgadóttir Melsted ekkja Sigurðar Melsted latínuskólakennara, kjörforeldra (hún var föðursystir) Ragnheiðar Melsted er giftist Hannesi Hafstein. Hún tengdist bréfritara á ýmsan hátt.*

[12] *Líklega Pétur Guðjohnsen organisti. Kona hans var Guðrún Lárusdóttir.*

[13] *Vigdís Ólafsdóttir frá Viðvík.*

[14] *Jón Guðmundsson ritstjóri, en þeir Eggert G. Briem og hann voru vinir Jóns forseta frá námsárunum í Khöfn.*

[15] *Sigurður Guðmundsson (1833-1874) málari, frá Hellulandi í Skagaf.., vinur fjölskyldunnar. Gengust systkinin fyrir að halda til haga myndum og öðrum eigum hans. Páll Briem skrifaði ævisögu hans í Andvara.*

[16] *Gunnlaugur Eggertsson Briem (1847-1897) bróðir hennar var bústjóri á Reynistað, aðstoðarm. föður síns, síðar alþingism. og verslunarstj. í Hafnarfirði.*

[17] *Snússa stóð þar sem nú er Laugavegur 2 og 4 og var þar oft glatt á hjalla!*

[18] *Síðar landlæknir.*

[19] *Vigdís Ólafsdóttir frá Viðvík uppeldissystir Ólafs Ólafssonar Briem og systir ferðafélaganna Sigurðar og Daníels Ólafssonar. Magnús Árnason maður hennar var trésmiður, uppeldissonur Péturs Pétursson biskups á Staðarstað og fluttist með honum til Rvík,*

nú von á honum á hverjum degi. Óli[1] er heima og hefur alltaf nóga forþénustu, honum hefir mikið farið fram, Vigdís segir að hann sé þó nokkuð framtakssamur þegar Magnús er ekki við.

Ég hef altaf verið vel frísk og kann held ég vel við mig. Systur mínar biðja kærlega að heilsa heim.

Eg bið ógn vel að heilsa Palla[2] og systkinum mínum og svo fólkinu.

Ég skrifa ekki fleirum í þetta sinn. Daníel[3] ætlar á stað á miðvikudaginn og nú verður ferð í land. Ég vildi óska að allir væru frískir, ég er svo hrædd um Jóhönnu[4] litlu, hún var svo lasin.

Kristín E. Briem Claessen skrifar Eggert G. Briem. Viðey 30.11.1873

Séra Helgi[5] kom að óvörum með þá sorgarfregn að Þórður læknir[6] væri dáinn. Hafði lesið það í Norðanfara, en frúnni[7] hafði ekki verið skrifað um það. Það sér ekkert á frúnni,[8] en sjálfsagt saknar hún sonar síns.

Þá er biskupinn búinn að ákveða hvenær þjóðhátiðin verður haldin.

Halldór Briem til Eggerts Briem. Reykjavík 6. des. 1873.

Bókasending og greiðsla fyrir hana. Ræðir skólann og segir Páll Melsted að Páll bróðir H. hafi svo mikla interesse í sögu að það ætluðu út úr honum augun.

Segir frá undirbún. leikrita í jólafríinu þar af er leikritið Nauðugi læknirinn eftir Moliére sem Halldór er að þýða. Segir Jón Ólafsson hafi þýtt eitt leikritanna í fyrra. Hann er nú kominn til Visconsin þar sem hann réði sig til vinnu hjá bónda en var ónýtur til vinnu en svo skemmtilegur að bóndinn vildi ekki missa hann og býr hann þar í góðu yfirlæti. Torfi Bjarnason kominn að vestan og ferðaðist mikið. Leist best á Nebraska.

[1] *Þau Vigdís og Magnús áttu barnaláni að fagna. Óli mun vera Ólafur síðar fríkirkjuprestur.*
[2] *Páll Briem bróðir hennar, þá 17 ára.*
[3] *Daníel Sigurðsson, Norðurlandspóstur.*
[4] *Jóhanna Eggertsdóttir Briem (1872-1962), síðast prestkona í Reykholti.*
[5] *Helgi lektor Hálfdánarson.*
[6] *Þórður Tómasson (1837-1873), læknir á Akureyri var annað tveggja barna séra Tómasar Sæmundssonar er upp komust. Hitt var Þórhildur kona Helga lektors, sem síðar kemur mjög við sögu í þessari samantekt. Í ævisögu Tryggva Gunnarssonar vitnar Þorkell Jóhannesson í dagbók Tryggva þar sem segir að 28.10. 1873 okt.: --"fór ég til baka aftur í stórhhríð og versta færi, sem ég nokkurn tíma hef farið". "En er til Akureyrar kom, var fljótlega til hans sent og hann beðinn að koma til héraðslæknisins, Þórðar Tómassonar, er nú hafði tekið banasótt sína. -- 1. (nóv.) var ég hjá Þórði veikum og nóttina líka eftir ósk hans. 2. sunnud. andaðist hann úr lungnabólgu og áköfum feber eftir 4 daga legu. Var ég þá hjá honum líka. Hann hafði í 10 ár verið einn af mínum bestu vinum." --*
[7] *Móðir hans var Sigríður Þórðard. (1803-1878) ekkja Tómasar séra Sæmundssonar (1807-1841) á Breiðabólsstað. Hún giftist aftur Ólafi Stephensen sekretera í Viðey.*
[8] *Sigríði Þórðardóttur.*

1874

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 4.3.1874.

-- Það er gott að fá altarisklæðin en mjer þykir vanráð að Sigurður[1] skuli ekki vilja sjá töfluna áður. Hjer með fylgir málið. --

Það eru gróf læti í fólki að rífa sig til Ameríku og býst eg við að það sjeu nálægt 100 alls hjer úr sýslu og nokkrir myndarbændur í Húnavatnssýslu; það hefur nú þegar talsverð áhrif á vinnufólkskaupið.

Ræðir sölu m.a. á enskubók. Segir frá vesturferðum og áhrifum þeirra á kaupgjald. Ræðir ætlaða ferð foreldra sinna suður, hestakaup, marka og leigu. Spyr um hrossaverð syðra.

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 6.3.1874.

Þakkar bréf og fyrir Friðþjófssögu, óskar að Halldór. væri kominn til að syngja og kenna sér lag úr henni. Ræðir komedíurullur sem hann hafði með höndum og lék fyrir Reykvíkinga. Margir vilja fara til Ameríku, 60 búnir að skrifa sig hjá Jóhanni á Egg, þó voru Skagabúar ekki búnir að skrá sig; þaðan sagt að fari 20. Margir fátæklingar; hreppar fegnir að fari og kosta. Akrahr. kostar tvær fjölsk. til ferðar. Steinunn á Gröf segir ýmsir megi missa sig, meinið að þeir fást ekki til að fara. Nokkrir komið síðan bók HB var uppgengin. Spyr hvort Hrói höttur fari ekki að koma út. Segir af blaði sem þeir fyrir sunnan ætla að gefa út en seint gengur með tillögur.

Páll Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 24.31874.

-- Nú fáum við annan ritstjóra að Þjóðólfi, því að séra Matthías er búinn að kaupa hann[2] af Jóni[3] fyrir 100 pd. sterlings og á hann að taka við honum 1. maí í vor. Séra Matthíasi höfðu verið gefin 150 pd. sterlings í þessari utanferð sinni og af manni nokkrum í Lundúnum sem séra Matthías tjáði kringumstæður sínar og beiddi ásjár.

Eiríkur fékk bréf frá Jóni Ólafssyni og er hann hjá kaupmanni norskum í nánd við Milvaukee og lifir besta lífi og orðinn reglusamur. Skrifar séra Jón Bjarnason að það muni vera glæsilegasti kafli af ævi Jóns Ólafssonar --

Segir frá nýju stjórnarskránni.

-- og fer nú fyrst að verða áriðamikið að hafa góða og duglega þingmenn og þá fara nú líklega að koma upp mælskumenn --

Páll Briem skrifar Ólafi E. Briem. Rvík. 24.3.1874.

-- Fátt get jeg nú sagt þjer í frjettum, enda verður það ekki efni brjefsins að færa þjer frjettir heldur gjöri jeg þetta að gamni mínu.

Okkur bræðrum líður vel, allir eru yfir höfuð frískir hjer í bænum.

Allt gengur sinn vanalega gang og við miðsvetrapróf tóku 3. bekkingar A *sig saman um að gatificera* í grísku hjá Gísla Magnússyni[4] og var Jón Þorkelsson[5] censor. Nú kemur Þórhallur Bjarnarson[6] upp, og lætst eigi vita orð í sinn háls, og fekk hann 1 1/3, og svona gekk það til, og Gunnlögur Gunnlögsson, sem er neðstur fjekk 1/3. Gísli var ákaflega reiður meðan á stóð og sagðist vera of gamall og gráhærður og góður maður til að láta fara svona með sig, en Jón glotti, stundum var hann að koma með hótanir, en stundum skrollaði hann upp úr. Halldór Guðmundsson[7] hefur tekið upp nýja bók í grasafræði og er hún með stóru letri svo að ósvikið er lesið á hjá honum í tímum.

Steingrímur Th. fjekk veitingu fyrir kennara embætti sínu nú með póstskipinu og kennir hann latínu í 1. og 2. bekk og dönsku í 2. og 3. bekk "A" og gefur hann frítt præ í þessum fögum. Lárus frá Hofteigi og Steingrímur

[1] *Hér mun vera átti við Sigurð Guðmundsson málara, sveitunga þeirra úr Hegranesi, og sem virðist hafa verið eitthvað tengdur Briemsfólkinu*

[2] *M.J. var þá nýkominn með póstskipinu frá Englandi.*

[3] *Jón Guðmundsson ritstjóri.*

[4] *Gísli (1816-1878) var frændi Páls að 2/3, sonur Hólmfríðar ömmusystur Páls. Valgerður Árnadóttir, amma Páls (frúin á Grund), var systir Hólmfríðar móður Gísla og Magnúsar ríka hreppstjóra í Þorlákshöfn.*

[5] *Jón (1822-1904) var í sama mánuði skipaður rektor en hafði verið settur í tvö ár. Barst fréttin til landsins nokkru síðar.*

[6] *Þórhallur Bjarnarson (1855-1916) síðar biskup.*

[7] *Halldór Guðmundsson (1826-1904) stubbur, lengi adjunkt við skólann. Tengdasonur Páls Melsted amtmanns.*

Johnsen skipta með sjer kennslunni í guðfræðinni.

Hjer í bænum er maður er Kaalund[1] nefnist, hann hefur styrk af opinberu fje til að læra íslenzka tungu og hefur hann verið í Hjarðarholti í vetur og kom hingað fyrir nokkru, hann er að snúa "Pilt og stúlku" á dönsku og verður hann víst lengur en í vetur.

Jeg fer nú bráðum að hætta þessu og bið þig að fyrirgefa þetta bull og taka viljan fyrir verkið og kveð eg þig síðan með óskum alls góðs. Þinn elskandi bróðir Páll Briem

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað.18.4.1874.

Sendir mál á altari.[2] Ræðir enn enskubókina, útvegun á kaupafólki, hrossamarka í tengslum við vestufarir, starf sitt og hugsanl. suðurferð.

Sigríður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Reynistað. 20.4.1874.

-- Hjartanlegar þakkir fyrir elskulegt bréf sem ég fékk með góðum skilum og þótti mér mjög vænt um það. Ég ætla líka að segja þér dálítið; það eru búnar að bera fimm ær og eru þær allar í búrinu og þykir mér gaman að sjá þau á degi hverjum. Ég ætla líka að segja þér hvað ég hef ferðast í vetur. Ég hef farið að Stóru-Gröf með bræðrum mínum E(ggert), (Vilhjálmi) og líka Rut og Ellu. Var okkur ekið á sleða og Gunnsi teymdi hann; ég hef líka farið upp að Hafsteinsstöðum og þótti mér gaman að báðum ferðunum. --

Vertu svo alla tíma sæll og blessaður, þín systir S. Briem.

Ég bið þig að brenna þennan lúsarlappa.

Valdimar Ásmundsson skrifar Halldóri E. Briem. Hrepphólum. 5.5.1874.

Getur ekki svarað bréfi HB að sinni þar sem hann er umkringdur spurningabörnum. Sammála því sem HB skrifar í Víkverja um komedíurnar. Hafðu þökk fyrir, en nafni þinn óþökk fyrir frammistöðu sína. Er samt ósammála því sem hann segir að VB sé vel fallinn til að semja slíkt.

Ég held ekki, að minnsta kosti, ekki sem stendur; og engu vil ég lofa í því tilliti. Þó vil ég ekki þar með segja, að ég ekki einhverntíma á æfi minni, ef hún verður löng og liðug, kunni að gamni mínu að fást við eitthvað þessháttar; en hvort ég þá yrði svo djarfur að láta það koma fyrir almenningssjónir er aftur efamál.

Sendir bækur sem Eiríkur Briem þarf á að halda.

-- Heilsaðu málaranum.[3] Segðu (að ég) skuli skrifa honum seinna þegar ég fæ kristileg fríheit, nú stend ég í kristilegu púli. --

Páll E. Briem skrifar Ólafi E. Briem. Rvík. 7.5.1874.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir tilskrifið -- óska þjer gleðilegs sumars og að þessi miði hitti þig heilbrigðan og hressan.

Nú er batinn kominn hjer fyrir alllöngu, hann byrjaði fyrst á föstudaginn fyrsta í sumri, svo nú sjest hjer eigi snjór nokkurstaðar nema í fjöllum uppi og vona jeg að sá bati hafi náð norður svo að eigi þurfi menn að fella skepnur sínar. Nú er fyrst farið að fiskast dálítið; fá menn að öllum jafnaði 20 í hlut nú sem stendur.

Hjer strandaði fyrir nokkru frönsk fiskidugga og keypti Oddur Gíslason[4] hana fyrir hálft þriðja hundrað dala og skömmu síða kom önnur dugga, sem hafði brotið möstrin í sama ofviðrinu og seldi Oddur henni möstrin af sinni duggu fyrir 150 rd. og síðan hefur hann látið rífa hana og hefur hann haldið auction á viðnum úr henni.

Nú kom loks veiting á rektorsembættinu og varð Jón Þorkelsson fyrir náðinni, hann gaf okkur heilan dag frían til að minnast þessa dags er hann hefði fengið embætti sitt, en Halldór Friðriksson[5] var verri í bragði þann daginn og var hann verri en hann hefur nokkru sinni áður verið, gefur hann okkur það í skin að eigi verði hann hjer lengi úr því svona væri komið; í vetur var hann að tala um að sækja um brauð ef Jón Þorkelsson fengi rektorsembættið fyrir sjer.

---

[1] *Kristian Kaalund var málfræðingur sem ferðaðist um landið og hóf 1877 að gefa út undirstöðurit um sögustaði: Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse av Island. (Íslenskir sögustaðir, útg. 1984).*

[2] *Vætannlega ætlað Sigurði Guðmundssyni málrar.*

[3] *Á við Sigurð Guðmundsson málara sem var vinur séra Eiríks E. Briem og fjölskyldunnar.*

[4] *Oddur Gíslason (1836-1911) var brautryðjandi í atvinnumálum og slysavörnum. Hann varð ári síðar prestur, lengst að Stað í Grindavík en flutti 1894 vestur um haf og varð prestur þar og læknir.*

[5] *Halldór (1819-1902) einn Fjölnismanna, var forystumaður í bæjarmálum og lengi alþingismaður. Hann fór lengi fyrir Búnaðarfélagi Íslands. Hann hélt áfram starfi sínu við skólann í rúm 20 ár.*

Hér er farið að dofna yfir bindindinu, sem fyrir norðan, og eru allir prestaskólamenn komnir fyrir löngu úr öllu bindindi og í skólanum er það á förum og hafa fjöldi gengið úr því í vetur svo að það eru eigi nema þeir allra siðsömustu og, sem aldrei drekka hvort sem er, sem eru í bindinu.

Nú hafa piltar ákveðið að þeir skuli halda þjóðhátíð saman og á hún að standa strax á eptir að skóla er sagt upp og hafa 5 piltar verið kosnir til að standa fyrir henni og hafa þeir ákveðið að hafa fyrst máltíð, og svo vín þar fyrir utan sem hver getur keypt eftir sinni geðþekkni; þar að auki ætlum við að bjóða kennurum og Sigurði málara[1] af því að hann decorerar þá fyrir okkur húsið sem við höldum veizluna í; nú eru menn að garva í því fyrir norðan að halda Þingvallafund 2. júlí svo að þetta verður þá um sama leyti.

Í morgun fór póstskipið á stað til Kaupmannahafnar aptur, en á höfninni liggja eptir fjöldi af kaupskipum og svo herskipið Fylla; þar hefur verið hafður söngur með hjerumbil á hverjum degi og einn daginn voru yfirmennirnir af henni í boði hjá landshöfðingja[2] og ljetu þeir blása lúðursöng allan daginn.

Þinn elskandi bróðir Páll Briem[3]

Eiríkur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Steinnesi 15.9.1874.

-- Málarinn er dáinn; hann dó 7. þ.m.-- Að því er jeg frekast veit hefur hann enga ráðstöfun gjört fyrir rusli sínu en mjer þykir mjög áríðandi að það týnist ekki eða lendi í höndum spíssborgara.

Nú hefur mjer komið til hugar þetta ráð. Móðir Sigurðar mun lifa á Hofdölum og þykir mjer þá líklegt að hún vildi gefa þjer fullmakt til að taka á móti rusli hans fyrir sunnan; um eigur var ekki að taka nema kommóðu, skáp, bækur og svo einkum uppdrætti og handrit sem með engu móti má týnast.

Talaðu um þetta við pabba; ef til vill er betra að hafa milligöngu Ólafs í Ási, þannig að Ólafur gefir þjer fullmakt, en móðir Sigurðar Ólafi, en í öllu falli þarf allt að vera lögformlegt. Það sem sér í lagi má ekki fara á glámbekk er *uppkast af Þingvallakortinu*, leikritið "*Smalastúlkan*" með tilheyrandi og undirbúningur undir uppdrættina, sem áttu að prentast. --

Blessaður vertu nú duglegur í þessu og vertu svo sæll. Þinn Eiríkur Briem.

Hér skal skotið inn hugleiðingum út frá þessum orðum Eiríks Briem. Sem og að Páll Briem skrifaði grein um „málarann" í Andvara, 15. ár, 1889.

Mér er minnisstæð tilvitnun Páls í orð Sigurðar í grein hans: ***Um íslenska faldbúninginn****: „fátækt landins sem einkum sprettur af órækktinni og illri meðferð á skepnum, er í raun og veru komið af smekkleysi. -- En sér í lagi er heilsuleysið komið af óþrifnaði, en óþrifnaður er eintómt smekkleysi". Þá segir Páll að „Sigurður hafi vakið nýjan smekk, sem margir skildu eigi og gátu eigi skilið en það sýnir hversu fylginn hann var, til að koma sínu fram --„*

Séra Jón Auðuns skrifaði æfisögu málarans í listaverkabók sem Leiftur h.f. gaf út um Sigurð arið 1972 hjá h.f. Leiftri. í einum kaflanum; (bókin er ekki með blaðsíðutali, kaflar nafnlausir) segir að Sigurður hafi dregið upp ógrynni fyrirmynda fyrir íslenska búninginn: *-- en flestar þeirra fórust í bruna löngu síðar hjá séra Eiríki Briem prófessor, en kona hans (*Guðrún*) hafði haft þær undir höndum.*[4]

Merkilegt má heita hve oft er minnst á Sigurð málara í bréfum sem fóru milli Briemsfólksins. Hafa má í huga að Sigurður var samsveitungur Briemanna úr Skagafirði. Af því, og kannski fleiru, hefur vinátta vaknað.

--

Ég læt fylgja hér með galsafengið, „dónalegt" bréf frá Sigurði Guðmundssyni, 4.9.1870,.er ég stautaði mig fram úr ásamt mynd sem Sigurður málari sendi séra Eggert Ó. Brím (1840-1893) sem þá var aðstoðarprestur á Hofi í Álftafirði, næsta ár á Höskuldsstöðum á Skagaströnd.

[1] *Sigurður Guðmundsson (1833-1874) lést fjórum mánuðum síðar.*

[2] *Hilmar Finsen (1824-86) var landshöfðingi.*

[3] *Páll var ávallt reglusamur. Honum leiddist í Rvík sérstaklega eftir að Halldór bróðir hans var farinn úr bænum og Sigurður yngri bróðir hans ekki kominn í skóla.*

[4] *En Sigurður hafði fásótt námskeið í teikningu á mynstrum, en nemendur hans teiknuðu mörg mynstur og þannig varðveittust nokkur þeirra.*



Bréfið og teikninguna, hér að ofan, rakst ég á í skjalasafni hans í handritadeild Lbs. Báðir voru þeir galgopar. Virðist, ef rétt er skilið, eitthvað vera rætt um væntanlega þjóðhátíð, sem þá var ekki haldin fyrr en 2. ágúst 1874, en Sigurði sýnist ekki hafa litist vel á þær hugmyndir sem þá voru uppi.

> *Heill sé með þínu geislega v(r?)eðvildi. Mér leist vel á forngripasafnið í Norðanfara enn ég held að það hafi gert of litla verkun sem kom af því að þá um leið komu þessar framúrskarandi dónagreinir um þjóðhátíðina sem flesta - allir undraði stórum að nokkur gæti skrifað, það er að míga á moldir feðra sinna og held valla að ég géti stilt mig um að gera karricatur af höfundinum í þá stefnu þess háttar á ekki að svara á annan hátt, hvör veit nema við Baldur gétum farið að gefa út karricatúrer, ef hann lifnar við, og hef ég sent eina til Norvegsum stjórnina, þikir þér ekki mergur í Íslendingabrag það gátu Danir loks skilið, þannig eiga menn að sigla með gapandi höfum og ginandi trjónum og hleipa öllu til skipsbrots þá verða þeir seinas hræddir og þá komast á illindi milli þjóðanna sem er það fyrsta skilyrði að Íslendingar vakni. Skilurðu. --*

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað 4.10.1874.

> *Börnin, Halldór, Páll og Kristín höfðu farið suður í tíma því veður spilltist mjög, hey urðu úti og skipasamgöngur trufluðust. Biður hann um margvíslegan erindrekstur og sendir umboð.*[1]

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Víðimýri 5.10.1874

> *Ræðir Þjóðvinafélagið; safnaði í Skagaf. Einnig hefur hann á kjörfundi safnað kaupendum á Ísafold og vonar að hann geti fengið 100 kaupendur í Skag. Ræðir þjóðblaðsfélagstillag sitt.*[2]

Eiríkur Briem skrifar Halldóri E. Briem. Steinnesi. 6.10. 1874.

> *Mamma bað um saumamaskínu handa frændfólki okkar á Miðfelli.*[3] *Biður HB um, með aðst. Torfa Magnússonar að kaupa hana. Biður um bækur. reikningsbækur, siglingabækur*[4] *o.fl. m.a. frá Khöfn. Sjókort yfir Kattegat.*

Séra Jón Bjarnason til Halldórs Briem. Luther College, Decorah, Iowa, U.S.A. 18.10. 1874.

> *Segist hafa sent HB fyrirlestra. Unir sér vel, bætir við að ekki skuli HB leita hamingju í Vesturheimi og ekki í sýnóðunni - helst hvergi sem prestur. Segir þau hjón* (hann og Laura Pétursd. Guðjohnsen) *hafa búið um tíma hjá prófessor Anderson sem kenni íslensku við hásk. í Madison.*

Ólafur Sigurðsson til Halldórs Briem. Ási í Hegranesi. 7.11.1874.

-- Ég hef fyrir bón síra Eiríks bróður þíns útvegað þér fullmaktarmynd frá Steinunni gömlu á Hofdölum til að

---

[1] *Ég fann lýsingu á ferð frændsystkina suður 1873 og birti í heftinu: Reytur, 2015, bls. 53. Mætti, með góðum vilja, telja að verið hafi sama ferð og hér er vikið að. Ferðir yfir hálendið voru furðu tíðar. Saga segir að Eggert G. Briem hafi farið suður með einhver sinna barna til að vera við þjóðhátíðina sem haldin var 2. ágúst 1874. Ekki er þeirrar ferðar getið í heimildum er ég hef undir höndum. Telja sumir að þjóðhátíðin hafi blásið Skagfirðingum menningaráhuga í brjóst, sem enn mun vera við lýði. En hvernig það átti sér stað, er ekki að vita og ekki önnur skýring mér tiltæk. Ávallt er það svo með bréf, að ekki er nóg að menn sé0075 pennaliprir, það þarf áhugsama móttakendur og sem halda bréfum til haga.*

[2] *Ísafold "á að verða þjóðblað-".*

[3] *Í Kjós.*

[4] *Eiríkur var þekktur reikningshaus, kenndi m.a. siglingafræði stýrimönnum og gaf út kennslubók í þeirri grein.*

sjá um og koma í geymslu handritum eftir sál. Sigurð málara og á síra Eiríkur að fá þar af Smalastúlkuna og uppdrættina fyrst um sinn, því hann vill styðja að því, að þetta gæti orðið að notum og verður að líkindum beðinn að búa það undir prentun, sem hann mun líka vera manna færastur til, sérílagi vegna kunnugleika og samtals við hinn látna. Þú kemur þessu til bróður þíns þegar þú getur, en hina vona eg að þú komir í svo óhulta geymslu, að ekkert glatist. --

Páll Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík, 20.10.1874.

-- Með því (*gufuskipinu*) kom veitingin fyrir kennaraembættinu og fékk Benedikt Gröndal embættið fyrir tveim öðrum er sóttu og voru þeir Páll Melsted og Steingrímur sonur Hannesar Johnsen --

Mörgum þykir það furða að Benedikt skuli nú vera orðinn kennari við þennan skóla af því hann hefur skrifað þær hrokaskammir um hann og kennarana, hina eldri af þeim, -- svo að þeir eru hatursmenn hans miklir síðan, en þetta getur lagast. --

Okkur gekk ferðin vel nema hvað við fengum veður illt síðustu dagana. Það var annars misskipt nokkuð. Fyrir ofan Kalmannstungu, frá því við komum ofan úr Arnarvatnshæðum, var svo mikið ofsaveður að við ætluðum varla að geta setið á hestunum og þeir fuku til undir okkur. En næsta dag var gott veður, nema nokkur súld, en á Mosfellsheiði var með köflum fjarskaleg haglhríð. Við vorum fimm daga á leiðinni og náðum við Sigurði á Heiði í Kalmannstungu, og varð hann okkur samferða þaðan. En Sigga í Viðvík náðum við í Ártúni -- fel þig guðs handleiðslu og forsjón á hendur. -- Páll Melsteð biður kærlega að heilsa. --

Elín E. Briem skrifar Halldóri Briem. Reynistað. 9.11.1874..

Segir frá ótíð, fenntu fé heim í Hjaltadal. *Siggi á að fara að Steinnesi að læra hjá Eiríki. Faðir hennar og Siggi fór yfir í Blönduhlíð og hefur Siggi aldrei verið svo lengi í burtu.*

Hjer á kjörfundinum voru kosnir til alþingis Einar á Hraunum,[1] og varaþingmaður sjera Jón Blöndal[2] og eru allir ánægðir með kosningarnar. Enginn bóndi kom úr Akrahrepp og eru þeir laungum samir við sig. Á sýslufundinum var afgert að *bestilla* efni í brúargjörð á árnar sem umtal var um á þjóðhátíðinni í vor og á að safna til þess að nokkru leiti frjálsum gjöfum sem hreppstjórarnir safna kver í sínum hrepp. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað, 10.11.1874.

Hrossa -og búfjárhald. Fór til Ak. með 100 fjár og komst yfir Héraðsvötn á ís, sem hvarf næsta dag og varð ófært. Ræðir kosningu Einars á Hraunum og séra Jóns Blöndal til Alþ. Einnig dreifingu Ísafoldar. Viðskipti við Björn ritstj. Jónsson og bókasölu. Biður fyrir bréf til Torfa Bjarnasonar sem er á Englandi.

Eggert G. Briem til Halldórs Briem. 10/11 74

HB enn við nám í Prestask. Hann aðstoðar föður sinn í fjárhagsefnum og sendir honum umboð til að skipta við Lambertsen. Biður um aðst. HB við að útvega Páli ölmusu við skólann. Í bréfinu kemur í ljós að Eggert G. Briem er enn í gömlum skuldakröggum frá 1858 (eða 9) er hann átti "*að heita*" *sýslum. Rang. og hafði engar tekjur af sýslunni sem gengu til fulltrúa hans. Segir nánar af því.*

Ræðir dánarbú Sigurðar málara sem sýnilega hafði verið rætt þeirra feðga milli. Flæktist málið v. óveðurs sem hafði áhrif á einhverja fresti í framlagningu krafna. Hann hefur einhverjar áhyggjur af db. og biður Halldór um að tala við Lárus Sveinbjörnsson bæjarfógeta um að vera viðstaddan uppskriftina. ---

Við fréttum, að pósturinn væri ókominn að Víðimýri 3. þ.m. Svo frjettist ekkert fyrr enn að kvöldi 6., að hann væri farinn hjá, sendi jeg svo Gunnar fram að Viðimýri, hann var 3 daga burtu vegna óveðurs, kom 9. nóvbr. heim, sama daginn og póstur átti að koma að norðan eptir reglugjörðinni. Það er reyndar fyrsti dagur, en samt sá eg mér ekki fært að ná fullmakt frá erfingjum Sigurðar málara handan yfir vötn, enda er það líkl. of seint því þeir höfðu skrifað fógetanum (eða einhverjum) með oktoberpóstinum, að taka dánarbúið til skoðunar og geymslu. Það er vonandi að þeir vandaliseri ekki með það, og sé ekki búið að skrifa upp, þá gætir þú líklega smeygt þjer inn hjá *(Lárusi)* Sveinbjörnssyni með kveðju frá mjer, til að fá að vera þar við. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 1.12.1874.

-- Póstskipið fór á stað á mánudaginn og margir farþegar. Maður einn hér í bænum, sem kallaður er Páll snikkari, ætlaði að leynast með því og skilja hér eftir konu og börn, en kona hans fékk einhverja nasasjón af þessu og bað kapteininn -- að leita að honum. Svo var leitað og fannst manngreyið ofan í poka, passalaus og allslaus. Þetta var rétt áður en það lagði á stað, svo ei mátti naumara standa. --

[1] *Einar Baldvin Guðmundsson (1841-1910) frá Hraunum í Fljótum.*

[2] *Jón Blöndal (1825-1878) prestur og verslunarstjóri.*

Eitt langar mig til að biðja þig um og það er að sjá um að bænarskrá komi til þings úr Skagafjafjarðarsýslu um að breyta hér við skólana sumu, það er að segja að aftaka latínskan stíl; latínu og grísku að nokkru leyti og fá í staðinn meiri kennslu í frönsku og ensku, teikningu, söng og íslensku, því það er almenn stemmning svo í skólanum og áhugaleysi á latínu --

Páll E. Briem skrifar Ólafi Briem. Rvík. 1.12.1874.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjefið frá þjer og allt annað elskulegt og gott og bið þig að fyrirgefa þennan leiða og ljóta miða, sem varla verður nema nokkrar línur. Jeg sit nú við rauða borðið sem þú hefur víst einhverntíma einnig setið við áður. Dóri er að kenna 2 piltum og láta þá hneygja[1] úr Borgen gamla og svo er mesta hrúga á borðinu af uppdráttum eptir Sigurð málara[2] heitinn sem Dóri ætlar að senda Eiríki til að búa það undir prentun.

Á sunnudaginn er leið var afmælisdagur Guðjohnsens[3] gamla og tókum við piltar okkur saman og ljetum Gest Pálsson[4] yrkja kvæði til lofs um hann og Magnús snikkara búa til blys; svo um kvöldið kl. 8 fórum við suður að kyrkjugarði í fylking og þar voru blysin tilbúin og kveiktum við svo á þeim og hjeldum til baka, og er kom til móts við hús Guðjohnsens stukkum við inn í garðinn og nokkrir piltar sungu kvæðið fyrir honum en er lokið var þakkaði hann fyrir og sagði að þetta myndi nú kannske sumum þykja of mikið. En áður en þetta var kvisaðist um þetta ofaní bæinn og gengu mestu reyfarasögur um það og sögðu sumir að piltar ætluðu að gjöra landshöfíngja aðsúg og fl. og pólitín voru jafn vel til taks þegar við komum ofan úr skólanum, jeg held til að taka okkur höndum ef í eitthvað skærist.

Benedikt Gröndal[5] er farinn að kenna og hefur mesta kennslu í 1. bekk. Landafræði gegnum allan skólann og ensku í 4. bekk; hann vildi fá að kenna náttúrusögu, en sjera Hannes[6] vildi eigi sleppa, því að hann sjer í peningana (okkur fellur vel við Gröndal hvað kennsluna snertir) rektorstímar eru lagðir niður og íslenska tekin upp þess stað. Í dag var translocerað,[7] rektor talaði um nótur og þess háttar og mikið um skrópa, því hjerna um daginn fór Jónassen[8] til hans og sagði honum að 2, er lágu þá, væru sjúkir í skrópum, svo að þá fór hann og skammaði þá og hótaði þeim ölmusumissi, og nú í dag tók hann til óspiltra málanna og sagði að piltar þeir er lægju í skrópum væri ómóralskir og þeir sem væru ómóralskir væru eigi verðir að vera í skóla og ættu að fara úr honum, en ef þeir væru svo heilsulitlir gætu þeir eigi heldur verið í skóla svo að þeir sem lægju ættu að fara úr skóla.

Jeg og Dóri erum frískir og líður vel. Jeg fer nú að slá botninn í þetta rugl og kveð þig síðan með bestu óskum æfinlega þinn elskandi bróðir Páll Briem

---

1 *"Hneyja" var orð notað sem síðar var kennt að "beygja".*

2 *Ekki er fullljóst hvernig þeir tengdust Páll og SG nema hvað þeir voru sveitungar. Eiríkur bróðir Páls giftist þetta ár Guðrúnu Gísladóttur. S.G. hafði gert mynd af föður hennar Gísla Hjálmarssyni lækni. Þá sótti Guðrún teikninám hjá Sigurði. Páll reit 1889 grein í Andvara um Sigurð. Í bók sinni: Sigurður Guðmundsson málari, skrifar séra Jón Auðuns að Sigurður hafi dregið upp fjölda fyrirmynda fyrir þjóðlegan ísaum til notkunar í dráttlistarskóla sínum. Flestar þeirra hafi löngu síðar farist í bruna hjá séra Eiríki Briem (1846-1929), bróður Páls. Kona hans, Guðrún Gísladóttir (1848-93), er var nemandi Sigurðar hafi haft þær undir höndum. Þannig má líklegt telja að umræddir uppdrættir hafi týnst þar, ef sú hefur verið raunin.*

3 *Pétur Guðjohnsen (1812-77) var lengi söngkennari Lærða skólans.*

4 *Gestur (1852-91) skáld og ritstjóri var vopnabróðir Páls á skólaárunum. Þeir urðu síðar pólitískir andstæðingar m.a. er Gestur var ritstjóri Suðra.*

5 *Benedikt Sveinbjarnars. Gröndal (1826-1907) skáld, og náttúrfræðingur.*

6 *Hannes Árnason (1809-1879) var prestur og heimspekikennari.*

7 *Gefin einkunn og raðað í bekk.*

8 *Jónas Jónassen (1840-1910) var héraðslæknir og síðar landlæknir.*

1875

Valgerður E. Briem til Halldórs Briem. Reynistað 5.1.1875.

Fór m. Elínu og Sigríði systrum sínum á sleða um jólin að Glaumbæ, voru nótt. Gunnl. bróðir reið hestinum sem dró sleðann.

-- Nú er svo komið fyrir Skagfirðingum að þeim þykir engin skömm að ferðast á þennan hátt, því hver sem búinn er fer á sleða á Nýársdag. Fóru 14 á sleða að Rípurkirkju. --

Trúlofunarfréttir. Daufl. yfir hátíðarnar en þó klykkt út með dansi.

Eggert G. Briem skrifar Haldóri Briem. Reynistað. 6.1.1875.

-- Jeg heyri sagt, að Sigurður málari hafi átt hálfgjörða altaristöflu, hvað er á henni og hvað langt var hún komin, hvað mundi kosta að fullgjöra hana, ætli Arngrímur gæti ekki gjört það *cfo*? Norðanfara. Skrifaðu mjer um þetta.

Hvenær verður uppboð eptir Sigurð, þú gætir boðið dálítið í hana, mín vegna, ef þjer sýnist svo. --

Valdimar Ásmundsson til Halldórs Briem. Flögu í Þistilfirði. 10.2.1875.

Herra Halldór Briem!

Þakkar bréf; á von á enskukennslubók HB er verður fullprentuð í vor. Illa gengur með prentun hér á landi; þó gengur enn síður með útsendingu. Myndi batna ef gufuskipaferðum yrði komið á. Segir marga þrá bókina og þarfnast. Hefur pantað 40 eint., leggur ráð á um sendingu þeirra. Jafnvel best að senda þær til Khafnar, þaðan til Vopnafj., Raufarh. eða Þórshafnar.

Guðmundur Þorláksson skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 24.2.1875.

Fram kemur að þeir hafi verið vinir frá barnæsku. Ræðir vináttuna og segist ekki trúa á neitt nema sanna vináttu. Er einmitt að rita á óánægjustund sem kemur stundum yfir hann. Hefur áhuga á sögunum og les handritin á bókas. Ræðir líðan sína og einnig vesturferðir sem hann leggst gegn og rökstyður. Nefnir Jón Ólafss. og landaleit hans og fund á fiski (í Alaska). Þetta gladdi stjórnina því hún hafði heyrt að --

-- Íslendingar væru þorskelskastir menn und sólu og sjógarpar miklir. Pata hafði hún fengið af því að Íslendingar bæru þorsk í merki sínu.

Segir gamansamar heimsfréttir.

Valgerður E. Briem til Halldórs Briem. Reynistað. 3.3.1875.

Segir af Stóruborgarfundi, þar voru um 100 manns, 46 fundarmenn. Fór m. 12 úr Skagaf. Skemmti sér vel, var í Steinnesi, skoðaði dýrgripi Guðrúnar (konu Eiríks bróður HB). Segir af skiptingu verslunarfélags. Gekk ofan yfir okkur hve margir Húnv. voru fúsir að ganga í fél. m. Skagf.; fegnir að komast undan Eggert (Gunnarssyni).

Enda voru reikningarnir ljótir.

Enginn botnaði í þeim nema Eiríkur er var hælt fyrir. Fundur á Víðimýri, í stjórn kosnir Gunnl. (bróðir þeirra), Ólafur í Ási og Hallur Ásgrímss. Pabbi þeirra sem samdi lög fyrir félagið voru samþ. Jón Blöndal kaupstjóri og Claessen á Hofsósi verslunarstj. Ræðir bókina: Presturinn á Vökuvöllum.

Eiríkur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Steinnesi. 8.3.1875.

Þakkar hjálp vegna fyrirgreiðslu. Ræðir hugmyndir hans um kennslustörf en biður hann um að bíða með ákv.

-- Blessaður drífðu upp allt hvað þú getur af dótinu málarans[1] og þú verður endilega að senda mjer heptið, sem jeg skrifaði þjer um um daginn. Reyndu að ná í túskið, sem málarinn átti; það er sjálfsagt einskis metið, en er þó víst hið eina ekta túsk á Íslandi.--

Kominn í verslunarvafstur. Líkar prestskapurinn allvel. Farinn að halda fyrirlestra eftir messu. Siggi, bróðir hans, er hér. Vill láta hann læra, hann dugar til einskis annars en hefur fullgóðar gáfur. Fékk Palli

[1] *Sigurður Guðmundsson málari.*

hálfa ölmusu? Þá skamma ég Jón Þorkelsson.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 26.3.1875

-- Fréttir eru fáar -- en allir eru hér í uppnámi vegna kláðans, flestir eru á því að skera niður nema embættismennirnir --

Í fyrradag var haldinn Bókmenntafélagsfundur. Var hann til að gefa álit sitt um sögu Íslands eftir séra Jón Ingjaldsson á Húsavík. Saga þessi nær aftur að 1264 og er að tilgátu sex arkir prentaðar að stærð og átti hún að vera verðlaunarit (1500 rd.). Voru menn kosnir í nefnd til að rannsaka hvort hún væri þess verð, en flestir sem þekkja séra Jón halda að hún muni eigi tekin, þar að auki hafði hann skrifað Jóni Þorkelssyni forseta félagsins prívat og beðið hann að leiðrétta ártöl og villur fyrir sig ef þyrfti, svo eigi mælir það með að bókin sé góð. --

Nú er miðsvetrarpróf nýafstaðið en eigi fékk ég ölmusu og þykir mér það rangindi þar sem allir hafa ölmusu nema þeir allra neðstu og það þó þeir séu úr Reykjavík og er það þó ólíkt hægra að kosta þá ellegar gjalda með piltum norðan úr landi. Ég fékk styrk dálítinn úr Bræðrasjóði; það voru níu dalir.

Ég ætla að biðja þig að hugsa eftir bænaskránni til alþingis um að endurbæta skólann. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 6.4.1875

-- Hér í skólanum er allt í uppnámi vegna fæðingardags konungs 8. apríl. Það á að vera bæði rall og ball og verð ég með rallinu. Piltar báðu um 100 rd. en var neitað um þá, en boðnir 50, svo að ég var að hugsa um að vera eigi með af því að það er eitthvað leiðinlegt við það að vera með þessum gorgeir fyrst og vera svo á eftir auðmjúkur sem mest má vera. Landshöfðingi verður með okkur og hefði það þótt fyrirsögn í hitteðfyrra þá er glósunum var sent þegar átti að nefna hann á nafn.

Konungur vor heldur mikið upp á Íslendinga. Í haust var haldinn fundur í hinu konungl. norræna fornfræðafélagi og bauð konungur fundarmönnum. Voru þá Íslendingar sérstaklega *præsenteraðir* fyrir drottningu og börnum konungs og mest við þá haft, hestarnir sem konungur fékk þykja ágæta góðir, þessum brúna frá Geir ríður drottning sjálf ávallt og nú hefur Geir verið beðinn um að útvega aðra tvo handa kóngi.

Daginn sem póstskipið fór af stað kom hann út á það og kvað það vera lítið, veikt og valt og það ætti að vera betra og stærra. --

Eiríkur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Steinnes (bréfið skert og dagsetning sést ekki).

--- Blessaður hefurðu ekki heptið, sem Sigurður málari var búinn að búa undir prentun; það voru 13. blöð. Það er öldungis nauðsynlegt, að fá það.

Guðmundur Þorláksson til Halldórs Briem. Khöfn. 25.4.1875.

Hefur ekki tekist að fá prentara fyrir H.B. innan tilskilins tíma. Ræðir það og finnur að því hve handritið er lélegt. Ætlar að skrifa það versta upp. Ræðir misklíð við Pál.

Páll E. Briem skrifar Ólafi E. Briem. Rvík 8/5 75[1]

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjefið þitt með póstinum og alla ást og elsku þína til mín og óska jeg að miði þessi hitti þig glaðan og heilbrigðan. Tíðin er ágætlega góð, ávallt hin mesta blíða, túnin eru eins og komið væri fram í júní. Fiskiveiðar eru einnig ágætar, mikið af því hvað tíðin er góð; svo að þeir sem hafa átt með sig sjálfir eru orðnir velmegandi af afla sínum, aptur á móti hafa útlendingar, er veiða hjer við land, heldur kvartað yfir fiskileysi, eins hafa hákallaveiðar gengið vel, eitt skip er Geir Zoëga[2] á, það kom inn núna og var úti viku og kom með 50 tunnur en annað er hann á var lengur úti og kom með liðugar 60.

Teitur Finnbogason[3] er nú í öða önn að tyrfa Austurvöll og halda menn að hann skemmist gróðursins vegna því allt er visið á honum, þó annað sé glógrænt.

---

[1] *Sumarið 1874 hafði verið mikill viðburður á Reynistað en þá fór Eggert með dætrum sínum suður til þjóðhátíðarinnar. Komu þau heim full menningar- og framfaravilja.*

[2] *Geir Zoëga(1836-1917) var kaupmaður og útgerðarmaður með höfuðstöðvar neðst v. Vesturgötu þar sem Naustið fyllir nú fyrri fiskverkunar- og verslunarhús hans.*

[3] *Teitur Finnbogason (1803-83) var járnsmiður og dýralæknir. Eftir þessa viðgerð var settur upp skíðgarður umhverfis Austurvöll og var þar með loku fyrir það skotið að bændur gætu athafnað sig með hesta sína og tjöld á vellinum Jafnframt var reist þar sjálfsmynd Alberts Thorvaldsens sem nú hefur lengi staðið í Hljómskálagarði.*

Stórkaupmaður Fischer[1] og Knutson[2] ætla að stofna fiskveiðifjelag (hlutafjelag) og er actian 50 krónur; menn hyggja svo til þess að það geti orðið að gagni nokkru.

Á sumardaginn fyrsta hjeldu piltar og studentar samdrykkju. Studentar voru eiginlega frumkvöðlar þess en buðu piltum að vera með, þeir reistu tjaldið sitt á grasbletti dálitlum er í fyrra var gjörður suður á melum suður frá kyrkjugarðinum handa glímufjelaginu en hefur aldrei verið brúkaður og blaktaði á því bláa fálkaflaggið. Minni sumars var drukkið, fyrir því mælti Steingrímur Thorsteinsson[3] vel og fagurt. Hann mælti og fyrir minni veturs og var það snjallt mjög. Síra Matthías[4] var þar og, talaði og hjelt snjallar ræður; í málhvíldum var jafnan verið að syngja. Þetta gildi hefur verið eitt það skemmtilegasta að flestra sögn.

Skólinn er samur og jafn, meinlaust og gagnslaust; Jón Þorkelsson er fremur styrðlyndur og er farinn að verða heldur óvinsæll. Hann er manna strangastur um skrópar og dugir eigi að liggja á mánudaga, því þá skammar hann þann hinn sama á translocation. Hann er einnig strangur með frí; hann hefur látið afnema frí þau er fyrri rektorar hafa gefið, þau sem eigi hafa verið beinlínis skipað fyrir um. Reykingar hafa einnig fengið upp á hjá honum; 4 eða 5 hafa verið nóteraðir af honum, en Jón Árnason[5] skiptir sjer eigi af <u>því</u>. Eins hefur farið fyrir þeim eins og trúnni að þær hafa aukist um allan helming við ofsóknirnar og er nú varla önnur tóbaksnautn en að reykja höfð hjá piltum. Síra Hannes er orðinn því nær elliær, gengur bölvandisk, ragnandisk og skælandisk um á milli bekkjanna. Hjerna um daginn flaugst hann á við einn pilt, Sigfús Bjarnarson[6] sýslumanns að vestan, í viðurvist rektors og varð hann að skilja þá; síra Hannes var þá búinn að klóra Sigfús en Sigfús að rífa kápu Snakkós[7]. Síðan heimtaði hann að Sigfús fengi nótu upp á núll, en rektor sagði að hann hefði átt hendur sínar að verja og <u>skyldi</u> enga nótu fá, af því varð síra Hannes ákaflega reiður og brígslaði rektor um stjórnleysi við skólann. Þetta hafði þau áhrif á Jón, að hann er farinn á kvöldin að koma inní loptið og rannsaka þar í rúmunum.

Á morgun á að vígja 3 prestlinga, Stefán Halldórsson[8], Magnús Skaptason[9] og Jón frá Melum[10]; þeir eiga að stíga í stólinn kl. 9; þeir Stefán og Magnús voru á grimmdartúr fyrripart vikunnar, sífellt á Knæbunum, blindfullir; svo sumir voru að segja að byskup mundi eigi vilja vígja þá; en það var eigi nema slúður, mas og rövl.

Jeg fer nú að gjöra enda á þennan miða og óska þjer alls góðs og gleðilegs á þessu sumri og æfinlega. Vertu svo sem best kvaddur af þínum elskandi bróður Páli Briem

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 10.5.1875

-- Nú í vor höfum við nokkrir piltar ætlað að fá kostinn billegri en annars er hér í Reykjavík. Við ætluðumst upphaflega til að hafa félagsbú með okkur og taka hús á *leigu* og vinnufólk, en svo leist okkur eigi á það stúss sem það er, og ætluðum við þá að fá einhvern til að taka okkur í kost og þjónustu fyrir 100 rd., en við höfum enn eigi getað fengið neinn; sumir hafa látið líklega fyrst, en svo ekkert orðið úr því. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 27.7? 1875.[11]

-- Jeg fjekk nú rjett fyrir skömmu brjefin til þín og mín og reif ég þau upp (þú fyrirgefur) þar af voru í brjefi Gunnl. til þín 60 kr. og tók jeg þar af 20 kr. en hinar færðu með brjefinu, móaling veit jeg ekkert um, hann er enn ekki kominn, Eggert Gunnarsson er kominn og fl. Einar í Nesi kemur í dag og svo hver af öðrum. Hestana ætla þeir þingmenn að hafa uppí Álfsnesi og er þangað æði langt svo að jeg ætla að taka mína frá ef jeg get og senda inn að Kleppi, annaðhvort fara þeir inn að Álfsnesi. Þetta er 2. mínútna verk, þeir Viðeyjarmenn eru að setja fram bátinn. --

---

[1] *Waldimar Fischer var kaupmaður með verslun v. Aðalstræti og er Fischersund við hann kennt. Hann var tengdasonur Geirs Zoëga. Fyrirtækið er þeir stofnuðu hét verslunarhlutafélagið í Reykjavík. "Actiurnar" í félaginu voru kallaðir veltuhlutir og húsið sem þeir störfuðu í Veltan og var nr. 1 við Austurstræti þar sem nú er Ingólfstorg.*

[2] *P.C. Knudtzon mun þetta vera og rak verslun í Hafnarstræti 10 og 12.*

[3] *Steingrímur Thorsteinsson (1831-1913) skáld og síðar rektor Lærða skólans.*

[4] *Matthías Jochumsons (1835-1920) prestur og skáld. Þá var hann ritstjóri Þjóðólfs.*

[5] *Jón Árnason (1819-1888) þjóðsagnasafnarinn þekkti var um þessar mundir umsjónarmaður Lærða skólans.*

[6] *Sigfús Bjarnason (1857-1923) varð verslunar- og útgerðarmaður á Ísafirði*

[7] *Hannes hafði viðurnefni.*

[8] *Stefán (1845-1897) var prestur að Hofteigi en vikið frá og var eftir það bóndi á Hallgeirsstöðum í Jökulsárhlíð.*

[9] *Magnús (1850-1932) var um skeið prestur á Íslandi en gerðist síðan m.a. prestur í Winnipeg.*

[10] *Jón Jónsson (1849-1920) var síðar prófastur í Bjarnarnesi og alþm. A-Skaftefllinga*

[11] *Halldór mun þá staddur í Viðey.*

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 2.6.1875.

Fréttir af framkvæmdum. á Reynist. Búið að bjóða til Grafarveislu. Steinn gamli ól naut til veislunnar. Búið að biðja Steinunni gömlu að steikja. Hlakkar ekki til því þar verða bara hjón, ekki hægt að snúa sér í hring eða syngja, saknar HB til að vera með.

Guðmundur Þorlákssson skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn 6.7.1875.

Er í vandræðum vegna samskiptanna við HB vegna Matthíasar vegna Manfreðs. Prentarar neituðu að taka við handritinu og varð hann að skrifa það upp þótt lítinn tíma hefði nema á nóttunni. En Matthías lítur vel út. Spyr hvort stúdentarnir ætli að halda áfram með hið slæma blað Bergensposten. Þetta er versta bréf sem ég hef skrifað þér, enda er ég reiður. Ræður honum að binda ekki bagga við Matta. Þú gætir gert annað þarfara.

Páll E. Briem skrifar Gunnlaugi E. Briem. Rvík. 17.6.1875.

-- Nú stendur mitt examen yfir svo nú er ég önnum kafinn í því að lesa. --

Flytur aðspurður fréttir frá Oddi Gíslas., um hrossamarkaði, Slimmon hrossakaupm. og verð á hrossum.

Guðmundur Þorlákssson til Halldórs Briem. Höfn, 14. ágúst 1875.

Manfred loksins búinn, lítur allvel út þótt fáir vilji kaupa. Sendi hann í kassa með Bókmfél.bókunum og afsakaði það við Jón Sigurðsson. Þetta eru sýnilega miklar útréttingar sem honum fellur ekki allskostar við. Óskar til hamingju með prófið.

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Madison, Wis. 8.9.1875.

Ræðir fyrirspurn til HB hvort hann vilji gerast prestur vestra. Ræðir um kirkjumál og vill ekki láta njörva sig niður.

Guðmundur Þorlákssson skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 25.9.1875.

Óskar heilla með prófið en finnst vinur sinn ekki ánægður. Fékk bréf frá Matthíasi með skömmum og brigslum vegna prentvillna. Biður HB forláts (ekki Matthías), en segir þær prenturum að kenna. Varð að skrifa handritið upp, sem var nánast ólæsilegt á köflum. Nýstaðinn upp úr veikindum og á leið í próf.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 17.10.1875.

-- Suðurferðin gekk vel fyrir okkur að Kalmannstungu; en á Kaldadal var svo mikið ofsaveður að við gátum varla haldið okkur á hestunum og seinni partinn húðarrigning og eins daginn eftir þegar við fórum ofan í Reykjavík, svo þú mátt geta nærri hvort við vorum eigi slæptir og sömuleiðis hestarnir. Eiríkur og Guðrún[1] lánuðu mér koffortin bláu alla leið vegna þess að ég var nærri hirslulaus þegar ég kæmi suður og svo gátu baggarnir farið svo illa á leiðinni.

Ég verð í kosti hjá maddömu Möller um miðjan daginn, en húsnæði til að borða kvölds og morgna gat hún eigi látið mig fá, svo ég fór þá að reyna fyrir mér. Gekk það fyrst hvergi, svo ég fór til dyravarðarins hér í skólanum og sagðist hann geta það, en svo gekk ég í félag við tvo aðra -- við erum allir hjá Ara dyraverði, hann dekkar borð fyrir okkur, en við kaupum allt sem til þarf; við kaupum mjólk í (te)vatn og sykur og höfum það þrisvar á dag; nýlega keyptum við fjóra sauði á 25 dali alla og erum að forsýna okkur í óða kappi. Ari vill fá níu krónur fyrir hvern mann. Ekki veit ég hve mikið það verður sem við þurfum að leggja til en ég held að það verði hérumbil 25 dalir og allt undir 30 sem ég þarf að leggja til en þeir fá 40-59. Ég kann ágætlega við að hafa það svona og miklu betur en að vera niður í bæ; ég hef það betra heldur en það var hjá Eiríki og Dóra, enda kann þetta að vera dýrara --

Ég fékk heila ölmusu í haust svo ég hef nóg fyrst um sinn; veit ég enn eigi hvað mikið ég þarf fyrir veturinn; ég held ég komist alveg skuldlaust af, ef ég fengi 10-20 rd.; einkum verður það eigi meira ef ég fæ skó úr Viðey, annars má ég til að fá mér skó, og kannski stígvél, en það held ég láti bíða þangað til í vor. Ég veit eigi hvað Dóri er skuldugur þér um mikið hér fyrir sunnan, en nú gengur hvorki mikið út af Manfreð, né af kennslubókinni hans en það er kom inn fyrir það bað hann mig um að borga til Kristjáns á Hliði og mad. Möller, svo ég held hann lendi í vandræðum þangað til eitthvað kemur inn fyrir þessar bækur. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 3.12.1875.

-- Nú fór póstskipið í morgun og með því Stína systir og maður hennar Claessen. Þau báðu mig skila virktarkveðju heim. Þau voru bæði frísk og kát. Ég fór um borð í gærkvöldi kl. níu, veður var fagurt og frítt,

[1] Eiríkur bróðir hans og Guðrún kona hans. Hann var prestur í Steinnesi.

himinn alstirndur og fullt tungl sem dagur væri. Þau fá í dag hið besta veður --

Sigfús Eymundarson hefur verið að skilja sig við konu sína, Önnu, er áður var kona séra Þorvaldar Ásgeirssonar í Hofteigi, þau hafa átt í allra mestu brösum þessi síðustu árin, en nú er það um garð gengið. Sigfús hafði orð um *(að)* ef hann fengi eigi rofið hjónabandið ætlaði hann að halda af landi brott, en nú er það og afráðið; hann ætlar að verða agent fyrir Krieger og selja, ef svo skyldi kalla, til Ameríku.

Hér eru ýmsir að biðja að heilsa þér og óska til hamingju með sýsluna. Þeir spyrja mjög hvar þú setjist að og svo leiðis, en ég hef náttúrlega ekki getað sagt neitt. Mér þætti annars gaman að vita hvað þú hefur í huga með það, ekki til að segja öllum, heldur til þess að eigi sé verið að segja mér ýmsa vitleysu utan og sunnan, sem ég þá kannski trúi. Sumir segja að það sé heimska að búa er Gunnlaugur er farinn --

Stína systir lagði það til að er farið væri frá Reynistað, að fara á Blöndós og vera þar í húsi en enginn búskapur að vori. --

Sendi forskriftabók og reikningsbók Eiríks bróður síns þar sem han þóttist vita að lítið væri þá um kennslu á Reynistað. --

Steingrímur Thorsteinsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 20.10.1875.

Elskulegi Halldór minn!

Sendir í tímaþröng þýðingu á vísum úr Robin Hood. Segir að breyta megi þeim eftir geðþótta, ekki birta í sínu nafni.

Sigríður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Reynistað. 9.11.1875.

-- Ég pára þér þessar fáu línur að gamni mínu þótt lítið verði efnið. Í gær fóru Vala[1] og Stína[2] og Viðeyjarsystkinin og stúlkurnar frá Hafsteinsstöðum. Gekk allur þessi floti til Glaumbæjarkirkju og vorum við vígslu. Það kom við í Gröf og tafði þar dálítið og fór í allrahanda leiki og skemmti sér vel.

Á morgun á Óli[3] litli að fara fram að Goðdölum til að læra undir skóla eins og Siggi (bróðir) sem er að læra á Ríp hjá séra Ólafi.

Ég ætla að segja þér hvað við lærum. Ég læri biblíusögur, kver, dönsku og ensku. Stína lærir það sama, nema kver, hún lærir það nýja. Eggert lærir kver og biblíusögur og dönsku, og Villi[4] (lærir) að lesa.

Hér á að vera tombóla þann þrettánda í jólum og er verið að safna til hennar. Við Stína erum að sauma sinn púðann hvor, en Ella körfu. Hérna um daginn kom Anna Guðmundsdóttir með Jónasi og fóru þau fram að Hóli og með þeim Ella, Stína litla og Óli bróðir hennar[5] og Stína systir. Nú get ég ekkert meira sagt þér í fréttum og kveð þig með óskum alls góðs um tíma og eilífð. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 6.12.1875.

Ræðir ýmsar útréttingar og að Sigurður bróðir hans sé kominn í nám til séra Ólafs á Ríp.[6]

-- er hann eigi farinn að fá löngun til að læra í skóla? Það er ágætt að láta hann vera vel undirbúinn því að það léttir svo mikið fyrir manni, einkum ef maður er iðinn því þá verður manni það svo *(að)* góðu síðar meir, en aftur á móti verður það heldur til þess að leiða mann í slark ef maður hefur bæði tíma til að skemmta sér og líka til að læra skólafögin. --

Segir fréttir utan úr heimi.

Kristín E. Briem Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað 15.12.1875.

Elskulegi góði bróðir!

Segir hafa verið í ráði, er H.E.B. fór suður, að Ólafur bróðir þeirra sigldi. Er til kom vildi hann ekki. Var um tíma að skrifa hjá Eiríki bróður þeirra (presti í Steinnesi). Sigurður er að læra á Ríp. Ólafur Stephensen frá Viðey er enn hjá þeim og á að fara að Goðdölum. Er hún fegin, segir að með þeirri kennslu er hún geti veitt verði lærdómur hans ekki mikill. Vonar að hann stillist. Segir hvað systkinin læra. Virðist kenna þeim fimm allt nema dönsku, m.a. Elínu, ensku. Svo bætast við fleiri. Þreytt á kennslunni. Lýsir húsaskipan og

---

[1] *Valgerður Briem.*

[2] *Kristín Briem.*

[3] *Ólafur Stephensen frá Viðey.*

[4] *Vilhjálmur Briem bróðir þeirra.*

[5] *Þetta munu vera Viðeyjarsystkinin.*

[6] Séra Ólafur Björnsson (1843-1881).

notkun, einnig heimsókn á Flugumýri. Þykir leitt hve H.E.B. er langt burtu. (heimilsikennari á Húsavík). Biður hann koma því til Eggerts frænda (Gunnarssonar.) að senda til hennar stúlku til að læra hjá henni hannyrðir og vefnað; og hvetja hann til að koma (kvenna)skólanum á að ári, bæði framfara vegna og til að sýna Sunnlendingum að kastalarnir standi, sem þeir spáðu falli.

Matthías Jochumsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 7.12.1875.

Elsku Dóri!

Segir hann ekki hafa getið hjálpar sinnar í formála bókarinnar. (Hvaða bók það er kemur ekki fram, eina bókin á safni sem Halldór hefur þá skrifað er kennslubók í ensku sem út kom 1873 og 1875.) Getur á móti að sjálfur hafi hann ekki getið um HB í Manfreð sínum. Þú skrifaðir um bókina í Norðanfara? Hún er góð fyrir peysurnar[1] *en býst ekki við útsölu hjá* þorskhöfðaþjóðinni.

Segir frá Sjómannaklúbbnum. Hefur messað þar. Ætlar að snúa sér að:

- drama national þetta dugar jú ekki. --

Páll E. Briem skrifar Eggerts G. Briem. Rvík, 16.12.1875

-- Það gengur hér talsvert á í skólanum með ýmislegt, t.a.m. að skólapiltar hafa tekið upp húfu og ætla að hafa hana fyrir aðaleinkenni skólapilta; hún er eigi ósvipuð húfunni sem við Siggi bróðir fengum okkur í sumar og svo er hvít snúra um húfuna svo sem hálfan þumlung fyrir ofan húfubryddinguna. Stúdentar hafa líka fengið sér húfur og ganga með þær um allar götur; ekki urðu þeir þó á eitt sáttir um það, svo það er lítið meir en helmingu af þeim sem hafa tekið hana upp. Hvernig skyldi þá fara fyrir félagskap hinna eldri þegar hinir yngri eru aldrei á eitt sáttir sem þó ættu eigi að vera búnir að lifa sig inn í vissar skoðanir.

Kómedíurnar eru nú helsta umtalsefnið hér í skólanum, enda er nú jólafríið farið að nálgast og þá á að leika þær.

Þeir Matthías og Gröndal voru beðnir að búa til prologa, en Gröndal sagði í gær að hann byggi eigi til neinn, en Matthías hefur búið til einn sem heitir: *hinn sanni þjóðvilji*. Þar koma fjóri menn fram, hver frá sinni sveit, og eru þeir gestir hjá ritstjóra einum og vill (hver) láta hann halda blaðsins stefnu eftir sinni skoðun. Fjórði gesturinn er frá Norðurlandi og kemur með svo heimskulegar og gífurlegar skoðanir (en þó í anda Norðlinga) að allir verða að hlægja að því. Svo mér fyrir mitt leyti sýnist að bara sé gert grín að norðlendingum og skoðunum þeirra. Þá tekur út yfir þegar ritstjóranum er farið að þykja nóg um, grípur hann stokkinn og ætlar að fara að berja þennan norðlenska mann. Þá verður hann hræddur og kemst út, alveg eins og í leikriti Sigurðar Péturssonar þar sem hann vill fara illa með einhvern. --

Kristín E. Briem Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað 26.12.1875.

Elskulegi góði bróðir!

Sigtryggur Jónasson[2] er á Reynistað, fræðir um Vesturheim. Eru ýmsir hrifnir, m.a. mamma hennar. Sjálf vill hún ekkert um það heyra. Segir frá undirbún. þrettándahátíðar, þau búin að afla sér yfir 400 tombóluhluta. Með þessu er aflað fjár:

-- í dálítið organ.--

Séra Eiríkur í Steinnesi og Guðrún eru á móti þessu, en ekki má dragast ef orgelið á að koma fyrir vor. Er spurðist hófust samskot fyrir (orgeli) í Hofskirkju (á Höfðaströnd) og gekkst Valgard Claessen (hennar væntanlegi eiginmaður) fyrir því. Ræðir framtíð Óla (Stephensen). Segir borga sig að fá kennara, fremur en hafa drengina á Ríp. Gæti hann þá kennt hinum börnunum. Helst er óskað eftir Halldóri.

[1] *Sveitamennina.*

[2] *Sigtryggur Jónasson (1852-1942) ritstjóri o. fl. í Winnipeg. Var giftur Rannveigu Ólafsdóttur Briem (1853-1916). Þetta voru merkishjón oh koma hann til Íslands sem "ameríkuagent" og er getið víða í bréfum. Þau voru barnlaus en áttu kjörson.*

1876

Matthías Jochumsson til Halldórs Briem. Rvík. 4.1.1876

Ræðir einhv., sennilega útlending, sem ætlar að skrifa um Íslendingasögur og hefur væntanl. leitað til HB.

-- Nú vel, við skulum ljúga einhverju humbugs háls glingri utan á humbugs-sultar hundskinnsbjórinn á hrægreyinu. --

Þakkar grein hans um Manfreð í Norðurlandi. Ræðir glaður um grein Björns M. Ólsens. Gleymdi að gefa HB

-- dúsu fyrir enskubókina.

Predikar í Sjómannaklúbbnum:

"*höllin nærri skelfur*" og allir Reykvíkingar respektera, bara við hefðum hér fríkirkju, óháða þessum andans draugum, sem sál minni velgir við að nefna.“ --

Skrapp í klúbbinn, sagði frá allri Sturlungu á tæpri klukkustund. Ekkert vísindalíf í lækna- og prestaskólunum. Pr.sk. er þó skikkanlegur nú.

-- Þjóðólfur er hálfdaufur, en skal nú fara að skána aftur. Þótti ykkur ekki jeg vera undirdánugur við biskupsskepnuna í 6. blaðinu? Sá lítur nú súrt til ritstjóra Þjóðólfs. Grínið sem var lesið eftir mig um nýárið var ekki svo galið.--[1]

Páll E.Briem til Eggerts E. Briem. Reykjavík, 31.1.1876.

-- Jeg verð alltaf ógn feginn þegar þú skrifar mjer, en hitt er mjer minna um að gjöra hvort það er langt eða eigi.

Mjer þykir hálfleiðinlegt við Eirík að hann skrifar mjer ekki eina línu svo jeg veit eigi hvernig honum líður eða neitt svoleiðis. Það var ágætt að arininn komst upp í haust og að það var maður fyrir norðan sem gat sett hann upp. Tíðin er umhleypingarsöm og óstöðug. Í gær var til dæmis ágætt veður, rjett eins og beztu dagar eru í maí, en í dag er óþokkkastormur og húðarrigning og svona er það vant síðan um jól og þá frostlítið jafnframt; fiskileysi er algjört hjer um sveitir svo Reykvíkingar eru alveg örvinglaðir út af því, þeir hafa verið að fara suður í Garðsjó, en gengið það hálfilla.[2]

Þorlákur Johnsen frá Stað á Reykjanesi er nú nýtrúlofaður Ingibjörgu á Esjubergi dóttur Bjarna kalls, svo nú held jeg að Símon[3] megi setjast við og heita á kvæðadísina. Það hefur gengið allramesta ósköp á með þetta. Þorlákur hefur haldið nokkurskonar veizlur á hverjum degi í nærri viku og Bjarni kall hefur orðið að vera á hlaupum á daginn að kaupa portvíns og champavínsflöskur. Þorlákur hafði um 50 manns í boði hjá sjer hvert kveld.[4]

Kómedíurnar voru haldnar, eins og lög gera ráð fyrir, í jólafríinu. Matthías breytti *Prólog* sínum (Þjóðviljanum) talsvert frá því jeg skrifaði þjer seinast, skólapiltar vildu eigi leika hann eins og hann var þá því þeim þótti helzt til nærri höggvið sjer og jafnframt Norðlingum. Hann var fyrst svoleiðis að það er ritstjóri að tala um hvernig hann skuli hafa blað sitt og vill þá hafa það samkvæmt þjóðviljanum en er þá að vandræðast um hvað þjóðvilji sje, þá kemur inn afleitur dóni og kveðst heita þjóðvilji, hann vill eigi hafa niðurskurð. Svo fer hann, en annar ruddalegur bóndi kemur inn og heitir það sama, hann vill eigi hafa niðurskurð og enga embættismenn og enga tolla og ekkert alþing. Þar næst kemur broddborgari og er hann stæltur eptir Hjaltalín[5] og er mest að fárast yfir socialisme og Ameríkuförum og þess háttar; svo kemur Norðlendingur (það var hann sem mest var hneykslast á) hann segir ákaflega mikið absurditet, vill láta skera niður sjúkt fje, grunað og ekki grunað, og flytja Reykjavík með búðarprjáli og tilheyrandi norður að Hólum og þess þáttar, svo átti ritstjórinn

[1] *Matthías Jochumsson var útgefandi og ábyrðgarmaður.*

[2] *Jón Helgason segir í Árbókum Reykjavíkur að mikil bjargræðisvandræði hafi hlotist af í Reykjavík.*

[3] *Símon Bjarnason Dalaskáld (1844-1916) orti landsþekkta vísu um þau Þorlák og Ingibjörgu nýtrúlofuð.*

[4] *Þorlákur Johnson (1839-1917) stundaði verslun á Englandi en varð síðar brautryðjandi í verslunarháttum landsins, sjá ævisögu hans eftir Lúðvík Kristjánsson. Eftir að hann missti heilsuna var Ingibjörg kona hans með kaffihús og verslun sem við hana var kennd í húsi Bjarna Bjarnasonar föður síns Lækjargötu 4. Þar var Þorklákur og með verslunarskóla. Þetta var sögufrægt hús sem stendur nú í Árbæjarsafni.*

[5] *Jón Hjaltalín (1807-1882). Hér mun vera átt við Jón sem var landlæknir til 1881 og forstöðumaður læknaskólans sem var stofnaður í næsta mánuði.*

að bera hann út og vera þar á eptir kallað fyrir utan, eins og verið væri að rífast um fjárkláðann, Halldór; Jón ritara[1] og þessháttar; en þessu breytti Matthías og ljet Norðlending skilja í bróðerni við ritstjórann; og þar á eptir komu hálfvitlausir strákar, fjórir að tölu, með hrosslýsingar og nefndust eins og hver hinna "þjóðviljinn", úr nærsveitunum, svo fer ritstjórinn að sofa og þá birtist honum Ísafold í svefni og það sem hún segir sjest í Þjóðólfi og það var það langbesta.

Jeg var alltaf lasinn af kvefi frá því fyrir jólafrí og fram yfir þrettánda svo jeg gat eigi nærri eins notið þessara skemmtana. Að öðru leyti hefur mjer liðið mikið vel; jeg kunni samt illa við mig í jólafríinu að því leyti að ég varð að vera hér uppi í skóla alltaf; og er þá ekkert næði til að gjöra neitt til að gjöra nokkuð nema spila, en það er sáraleiðinleg ija þegar til lengdar lætur.

Ég sakna sárlega að Dóri bróðir[2] fór burtu að hafa ekkert hæli á frídögum nema þar sem maður er í kosti en þeim kostgjöfum er ekki mikið um það að maður siti hjá þeim heila og hálfa dagana, svo þar er maður sjaldnast. Eptir því sem ég kemst næst eru margir sem bara fara á fylliríistúra út úr leiðindum og aðrir eru til að tæla þá þegar þeir eru upp í skóla og þar hafa ekkert að gjöra; það liggur líka í landi í skóla að það þykir óhæfa að taka bók í hönd á frídögum enda er líka lítið næði til þess. Jeg hef lengi verið að skoða hug minn um um hvað jeg ætti að gjöra og nú hef jeg hálfvegis ráðið það við Eirík Gíslason[3] frá Miðfelli að lesa niður í bæ að ári með honum og fá leigt eitthvert ódýrt hús og lesa í því í undirbúningstímunum en sofa eptir sem áður uppi í skóla. Jeg vil samt eigi gjöra það ef þjer er það mikið á móti; mig langar mikið til þess því jeg kann hreint ekki vel við að vera uppi í skóla alltaf. Kostnaðurinn held jeg að þurfi eigi að vera mikill, hann kemur til að kosta fyrir hvern frá 15-20 dala en þá getur maður líka kennt öðrum og fengið kannske kostnaðinn upp og kannske meira. Skrifaðu mjer um það með fyrstu ferð og ekki seinna en með næsta pósti; því helst getur maður fengið gott húsnæði með góðu verði ef tekið er að fala þau í tíma.

Í dag var raðað; jeg fór dálítið upp. Rektor gaf translocationsfrí (röðunar) svo nú hef jeg setið um tíma og verið að skrifa, en nú er klukkan bráðum átta og þá er fríið á enda, svo jeg fer nú að hætta þessum skriftum.

Þegar jeg er nú að lesa brjefið yfir ofbýður mjer hvað það er ómerkilegt; en þú fyrirgefur mjer þó jeg rugli þetta. --

P.S. Jeg bið kærlega að heilsa henni mömmu. Einar frá Goðdölum[4] hefur staðið sig vel í vetur; hann er vel látinn hjer í skóla; en þykir þó nokkuð hirðulaus, hann er líka svo ungur; hann hefur haldið sjer frá allri vínnautn í vetur nema á Thorvaldsenshátíðinni, enda las jeg þá yfir honum hvað það gæti verið skaðlegt fyrir hann. Lárus Jóhannesson[5] var svo fullur í gær (enda var þá frí) að hann var langt frá sjálfbjarga; að öðru leyti hefur hann haldið sjer frá því. Blessaður pabbi, láttu þetta eigi fara lengra. --

Steingrímur Thorsteinsson skrifar Halldóri Briem. Rvík. 1.2.1876.

-- Manndáðin hjá okkur er sára lítil, en eilíft þref um fjárkláða og lítil samtök til þarflegra hluta. Sunnlendingurinn nær aldrei í sinn "*vin og velunnara*" þorskinn fyrir stormum og brimhroða. Það eina sem hann hefur hugfróar er að draga ýsur á landi. L-in (o:landshöfðinginn) hefir verið að búa til nefndir, og þykir það hafa farið álíka og þegar einn ónefndur herra ætlaði að skapa mann, einkum þykir skólanefndarskipunin meistaralega klaufaleg. . Ekki líkaði mér ritdómur Björns Olsens um Manfred, það er auðfundið að hann vantar allan næmleik til að dæma um hið fagra, hann sér það allt gegnum einhver skýjuð lærdómsgleraugu. Hefur ekki falleg orð um sálmabókina undir flaggi biskupsins. Það þyrfti að taka ofaní lurginn á þeim herra. *(Pétur Péturss.).*--

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 11.2.1876.

Segir frá sýslufundi. Ræðir fjárkláðann í Borgarfirði. Veltir fyrir sér hvort Þingeyingar væru til í að vera

---

[1] *Jón landshöfðingjaritari Jónsson (1841-1883) var eins og síðar kemur fram í bréfi frá Páli bæklaður, með herðakistil. Hann gekk fast fram í þeim málum sem hann hafði með höndum, strangur bæjarfógeti meðan hann gegndi því starfi. Hans er nú helst minnst vegna rannsóknarstarfa sinna í Elliðaármálunum. Einn andstæðinga hans var Halldór Friðriksson sem óhlýðnaðist fyrirspurnum um sauðfjárböð og var margdæmdur fyrir en dómarnir ónýttir á æðri dómsstigum.*

[2] *Nú mun Halldór hafa verið farinn vestur um haf eða til Húsavíkur þar sem hann var kennari um skeið.*

[3] *Eiríkur Gíslason (1857-1920) var bekkjarbróðir Páls og samstúdent. Hann var síðast prestur að Stað í Hrútafirði og alþm. Þeir Páll voru systrasynir komnir frá Eiríki Sverrissyni sýslum í Kollabæ og seinni konu hans Kristínu Ingvarsdóttur frá Skarði. Eiríkur kvæntist Vilborgu Jónsdóttur prests Þórðarsonar frá Auðkúlu. Eggert hæstaréttardómari bróðir Páls kvæntist Guðrúnu Jónsdóttur systur Vilborgar.*

[4] *Einar H. Kvaran (1859-1938) sonur séra Hjörleifs, síðar að Undirfelli, útskrifaðist 1881. Hann varð ritstjóri, rithöfundur og sálarrannsóknarmaður, lengi vinur Páls og samstarfsmaður.*

[5] *Lárus Jóhannesson (1858-88) varð stúdent 1881 og síðar aðstoðarprestur á Sauðanesi, sonur Jóhannesar Guðmundss. (1824-1869) sýslumanns í Hjarðarholti í Stafholtstungum. Lárus var bróðir Jóhannesar Jóhannessonar bæjarfógeta og Önnu konu Valtýs Guðmundss. prófessors í Höfn.*

með Skagfirðingum í niðurskurði og varðgæslu. Ræðir vesturferðir vegna komu Kriegers og Sigtryggs (Jónassonar). Fáir hafi samt skrifað sig til brottfarar því þeir fái ekkert fyrir eigur sínar. Segir skráða vera m.a.: Jóhann Ólafsson Briem, bróðurson hans frá Grund í Eyjafirði, Sveinbjörn á Veðramóti, Jónas (líkl. á Reynistað) og fólkið frá Daufá, alls 40.

Segir frá sauðaþjófnaði í Hjaltadal. Ræðir jarðelda, m.a. í Gjástykki á Reykjaheiði. Hann hafi læknast af hósta v. meðala frá Boga (Péturssyni), sem sýslunefnd hafi beðið að sækja um embættið. Kannski skrifa systkini þín um tombólur og kómedíur.

Kristín E. Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað 11.2.1876.

Þakka menn bréf og gleðjast; kvittur komið um jarðeld á Reykjaheiði, svo nærri Húsavík að fólk væri að flýja. Mikið um að vera í skemmtanalífi, einkum v. kómedía á Sauðárkróki 5.-10.2. Leikritið furðanl. gott og vera eftir Gunnlaug bróður hennar. Dansað alla daga fram á morgun. Fréttir af þessu og úr sveitinni. Ráðgerð stofnun lestrarfélags. Eru það helst K.B. og Þorvaldur Ari sem standa fyrir því. Engir fóru á Stórubogarfund né tala um pólitík og verslunarmál því það þykir í góðu lagi.

Pabbi þeirra fékk 100 kr. fyrir þjóðhátíðarhaldið. Gunnlaugur og Jóna á Víðimýri fengu 100 kr. hvort fyrir ferð á Þingvöll. Stefán á Páfastöðum fór vestur að Melstað til að læra á orgel.

Steingrímur Thorsteinsson til Halldórs Briem. Reykjavík 26 marti 1876

Ræðir samb. þeirra á milli. Gleðst yfir að HB reif sig út úr sýnóðu sálarkreppunnar. Lítið gerist á Íslandi, deyfð í öllu. Þykir furða hvað Norðlendingar hafa doðnað, kannski oftekið sig á þjóðhátíðarárinu. Stjórnarbótin þykir ágæti --

-- svæfill til að móka á í letidraumum, aðgjörðaleysis og stagnatíónar? Ég veit það ekki en víst er það að nú gengur hér yfir land einhver lognhettusótt eins og faraldur. Þykir slæmt að lítill áhugi er fyrir norðan á stofnun skóla sem mér finnst eitt hið mesta velferðarmál, því raunarligu eru það skólarnir sem skapa þjóðirnar og án þeirra er kraftur þjóðanna lítill sem enginn.--

Þykir álit skólanefndar fyrir neðan krítík. Ræðir vesturfarir. Flytur kveðju frá Matth., Þjóðólfur gangi bæril.

--Nú kemur senn kóngsins fæðingardagur; sæll ert þú að vera í landi þar sem slíkir dagar eru ekki haldnir. --

Sigríður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Reynistað. 20.4.1876.

-- Nú ætla ég að hlýða þínum ráðum og er ég nú sest á *contorinn* til að pára þér þessar fáu línur að gamni mínu og í þeirri von að þær hitti þig glaðan og heilbrigðan.

Þú baðst mig segja þér frá hvernig mér líður í fætinum; ég er alltaf eins en það er verið að bestilla handa mér háhælað stígvél og á að leggja spelkur úr því beggja megin við fótinn; þér hefur líklega verið skrifað um þetta.

Þú baðst mig einnig að segja þér hvað ég væri að læra. Þá er nú fyrst að telja sem mér þykir merkilegst og það er enska. Ég er búin með minni bókina hans Dóra og nokkuð komin út í hina, svo er ég líka að læra biblíusögur og líka utan við um siðabótina, nokkuð í dönsku og skrift og kverið. Hefur séra Magnús spurt mig úr því einu sinni og er langt kominn með það aftur; svo eru úti bókmenntirnar mínar.

Þú baðst mig líka að segja þér hvort ég væri ekki að sauma út; að sönnu er það ekki mikið; það er dálítið af krosssaum og svo að sauma hitt og þetta smávegis.

Ég get boðað þér stór gleðitíðindi, það er að hann Gunnlaugur bróðir er trúlofaður henni fröken Claessen; var það opinbert í fyrradag úti í Grafarósi, því Gunnlaugur fór strax úteftir er hann fékk játningarbréfið frá henni; grunaði það engan og ekki heldur þegar hann fór út eftir, því það rak hval útfrá og lést hann ætla úteftir hans vegna; þykir þér þetta ekki mikil tíðindi Palli minn.

Ég veit nú ekkert hvað ég á að segja þér í fréttum nema að það var haldin tombóla útí Sauðárkróki í þeim tilgangi að (afla) styrkja til kvennaskóla sem verið er að safna til og er mikill hugur í kvenfólki sem von er að það vilji afla sér menntunar svo mikillar sem hægt er að fá. --

Steingrímur Thorsteinsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 9.5.1876

Elskulegi vin!

Ekkert yrki þó langi. Browning skrifaði og bað um kveðju til HB og hefur haldið fyrirlestra og verið ötull í

-- sínu húmbúgi

-- en er tryggur og velviljaður.--

Sigríður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Reynistað. 13.6.1876

-- Ég skrifa þér fáeinar línur með Boga Péturssyni sem fer á morgun og verður (hér) seint í kvöld og er um engan tíma að tefla. Nú skrifa ég þér ósköp stutt og skal skrifa þér lengra með séra Ólafi sem fer bráðum.

-- Nú stendur til túr útí Drangey og ætlar fjöldi út í eyjuna, fleiri en héðan. Það ætlar að ríða út alla Reykjaströnd og út að Reykjum og biðja Þorleif að flytja sig. Held ég það verði kátt á hjalla hjá því uppi á eynni, ef það kemst nokkurn tíma upp.

Ég get sagt þér þá harmafregn að Bjarni[1] sýslumaður er dáinn og bar heldur snögglega að. Hann kom frá kirkju og spretti af hesti sínum og gekk inn í stofuna og hneig niður. Pabbi er að sækja um Húnavatnssýslu; þetta er ennþá leyndarmál.

Björn á Starastöðum fann mikinn sjóð, frá hálfufjórðahundraði til 400 króna. Hann ætlar að setja þetta í blöðin, vita hvort enginn lýsir sig eiganda --

Páll E. Briem til Eggerts G. Briem. Rvík, 27.11.1876.

Segir frá frjárhagslegum útréttingum fyrir föður sinn.

-- Þér hefur verið veitt Húnavatnssýsla og óska ég þér og okkur öllum til hamingju og allt gangi vel og hamingjusamlega. Þegar ég frétti það kom mér það mjög á óvart, því ég hélt að þú hefðir tekið aftur *ansögninguna* og rengdi þann sem fyrst sagði.

Okkur Völu systur minni og Stínu og hennar manni líður vel og hefur gengið allt í ljúfu löði -- Það var leiðinlegt að hann Dóri bróðir kom ekki, drengjanna vegna. Fyrst að koma þeim sín í hvora áttina og svo mega til að taka kennara handa Villa og Egga[2] og yngri börnunum. Það er nú reyndar eigi láandi þó hann vilji vera í vetur í Ameríku, heldur hitt að hann skyldi vera að gera ráð fyrir að koma. Annars hefði verið hægt fyrir þig að útvega kennara til veru í vetur en nú er slíkt of seint. --

[1] *Bjarni Magnússon (1831-1876) sýslumaður á Geitaskarði.*
[2] Vílhjálmi og Eggert, bræðrum hans.

1877

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 3.2.1877.

-- Ég hef heyrt hér fyrir sunnan að þú hafir skrifað ráðgjafanum og sótt um að fá að halda Skagafjarðarsýslu eins og áður, en John Finsen, landshöfðingjason, sagði mér, að ég held eftir föður sínum, að það myndi eigi duga, heldur yrði að skrifa til konungs --

Loksins sendi ég þér útskiftina og bið ég þig fyrirgefa dráttinn með hana. Magnús Stephensen var hinn kurteisasti og þegar ég ætlaði að borga honum fyrir hana sagði hann að þetta myndi vera í embættisins nafni og embættismennirnir væru eigi að kroppa augun hvor úr öðrum. En ætli það sé ávallt svo? Ég veit að minnsta kosti að sú regla gildir eigi hjá eldri skólakennurunum þar sem hver reynir að rýra hinn og gjöra hann lítilsverðan í augum pilta. --

Fiskileysi hið sama og áður og er sunnlendingum farið að lítast illa á sína hagsmuni. Seltirningar hafa átt svo bágt að á þeim sumum var farið að sjá. En svo lánaði séra Þórarinn í Görðum þeim 50 tunnur af korni og fleiri hjálpuðu upp á.

Ekki er Lárus Sveinbjörnsson[1] mikið betur liðinn hér fyrir sunnan en nyrðra. Maður kemur varla í það hús, að eigi sé talað um aðgerðarleysi hans við þjófa og bófa. Hann lét samt setja í tugthús um eina nótt frænda sinn Þórð lækni Guðmundsson sem var fullur inni á veitingahúsi. --

Kristín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 13.2.77.

Þakkar bréf og ræðir hans áform. Segist ekkert hafa gert í Höfn annað en að njóta lífsins. Tengdaforeldrar góðar manneskjur. Tengdafaðir vel menntaður, þekkir allt og hefur víða farið, m.a. til Ameríku. Á í vandr. m. dönsku; mikill munur á henni og þegar hún sat með kennurum og börnum og las hana. Ræðir glauminn og gleðina er þau riðu ásamt Flugumýrarsystkinum í Grafarós. Nú gangi hún í sælu í Khöfn með Claessen sér við hlið. Vonar að HB komi við í Khöfn á heimleið og verði samf. heim. Heimsóttu Jóhann föðurbr. þeirra í Slangerup sem enn talar íslensku.

Heimsóttu þau Benedicte[2] frænku þeirra sem ráðgerir ferð til Ísl. Ætlar að biðja hana að safna fé til kvennaskólans. Biður HB sama í Am.

--Þó það sé óskemmtilegt að biðja um gjafir þá er það hið einasta ráð sem menn geta haft, á annan hátt fæst það ekki og samt játa allir að það sje eitt af því nauðsynlega að mennta kvenfólkið á Íslandi. --

Kristín hefur oft farið í leikhús og skemmt sér vel.

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 3.3.1877.

Elskulegi bróðir minn. -- Pabbi var í Steinnesi í 6 vikur. Okkur brá í sumar þegar við heyrðum að þú væri kominn til Ameríku. Hvenær kemurðu aftur?--

Segir frá námi Sigga bróður þeirra og framkvæmdum við kirkjuna. Haldin verður tombóla á Hofsósi og standa assistentarnir í Grafarósi fyrir henni -- Segir frá námi sínu í orgelleik.

-- tala nú ekki um hvað það er nauðsynlegt, við erum á einstaka lagi farnar að spila með þremur röddum, svo lærum við ensku hjá henni. Stefán organisti hefur mjög lítið æft sig og spilar hann því ekki vel, það er þó furða þegar hann er svo nærri, orgelið stendur inní vesturstofu nema þegar það er borið út á sunnudögum. --

Sigurður E. Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað (1877?)

Fréttir, m.a að Popp sé búinn að kaupa Grafarós en V. Claessen verði þar ekki lengi faktor, hann muni búinn að lofa öðrum stöðunni, ekki þyki Kristínu systur þeirra gott að þurfa að flytja.

Gunnlaugur E. Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað 4.3.1877.

H.E.B. er saknað frá kennslunni. Komst ekki til Hafnar vegna anna föður hans og margt breytt v. trúl. og giftingar Kristínar.

-- Eins ertu víst búinn að fá skrifað, hvernig jeg ljet setja í stand húsið svo það yrði byggilegt handa unnustu minni elskulegri; situr hún daglega inn í vesturstofu hjá mömmu, en sefur hjer á loptinu og þjónustustúlka í

[1] *Lárus Sveinbjörnsson (1834-1881) þá sýslumaður í Þingeyjarsýslu, síðar háyfirdómari og bankastjóri.*

[2] *Benedicte Arnesen Kall frænka þeirra. Hún kom til Íslands 1867, en ekki aftur.*

kamersi við hliðina.--

Hvetur H.E.B. til að koma í heimsókn. Faðir þeirra hefur verið mikið í Húnvas. og Ólafur með. G.E.B. gegnir--

-- sýslustörfum hjer, sem lítil hafa verið því það er allt svo friðsamlegt. Pabbi hefur sent mig í málagang vestur í sýslu en að öðru leyti hefi eg verið heima. Pabbi hefur skrifstofuna í Steinnesi og líður þar öllum vel og þar fer vel um pabba þá hann er fyrir vestan. --

Segir frá skepnuhaldi og búskap. Segir frá óljósum hugmyndum Eggert Gunnarss. um að fara til Ameríku.

Vandræði með Manfreð, enginn kaupir sem sé slæmt vegna útgj. H.E.B. við útgáfuna enda engin alþýðubók. Ætlar til Khafnar með Frederikke. Hún kann vel við sig í sveitinni og hefur kennt Elínu og Kristínu ensku o.fl. Þau ætla að gifta sig í haust og hefr sótt um: Udstyrslegat í Höfn, 1000 kr og hefur von um það. Mamma þeirra biður að heilsa en hún situr með Vilhjálmi að láta hann lesa, en hann er latur og stirður, er þó að lagast. Eggert er að læra biblíusögurnar og er á framfaravegi en

-- æði opt taka þeir saman strákarnir og stríðast á og er þá Jóhanna stundum nærri sem er nú það einstaka skrýpi. Hún er nú fyrst farin að kveða að, en á að setjast betur við. ---

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík., 24.3.1877.

-- Ég þakka þér ástúðlega fyrir öll bréfin frá þér. Ég kom innkölluninni í Þjóðólf og kostaði það eina krónu. Ég kom í vetur bónarbréfi þínu til landshöfðingja og bréfinu til fógetans --

-- Ég held að Viðeyjafólki líki nú vel hvernig Óli hefur það á Undirfelli. Ég sendi Sigga tvær bækur er hann þarf að læra undir (inntöku-)prófið. Er önnur dýrafræði en hin sagan af Agli Skallagrímssyni.

Ég ætla einnig að senda skólaskýrslu svo þú getir séð hvað hann þarf að læra; hann þarf að gefa upp allt það sem lært er í fyrsta bekk eða þess ígildi, t.d. það gerir ekki hvort hann gefur upp fyrstu fjórar bækurnar í Sesar eða þær seinustu. Ég hef heldur hvatt Sigga til að fara í 2. bekk, en það er orðinn talverður vandi, en ef Siggi verður búinn að fara yfir það sem þar er þá álít ég að það geti tekist að hann fari í 2. bekk og ég er viss um að Siggi hefur fullan þroska til þess --

Ræðir einnig nauðsynlega reikningskunnáttu.

-- Ég hef ekkert af mér að segja annað en allt gott. Ég hef verið frískur og kann vel við mig að lesa niri í bæ og að hafa mat hjá sjálfum mér, en þó mest vegna þess að ég þarf ekkert að ómaka mig þaðan sem ég er á kvöldin. Svo lifi ég talsvert betur en ef ég væri hjá öðrum. Svo hef ég verið að hugsa um hvað ég eigi að taka fyrir mig þegar ég er búinn að læra í skólanum. Mér hefur eigi líkað prestskapurinn og eigi heldur læknisfræði; og þá eru lögin eftir. Ég hef sett menn út til að grenslast um hvernig þeim væri varið og hef ég þá komist að þeirri niðurstöðu að maður gæti verið búinn með lög á fjórum árum ef iðni er með og tikostnaður á hverju ári frá 150 dölum til 180.

Hvernig líst þér á að ég taki þetta fyrir og skrifaðum mér til um það, elsku pabbi, því að þú mátt þekkja það svo vel. Það er nú reyndar orðinn mikill munur á hvað stúdentar hafa af fé frá háskólanum eða þegar þú varst þar. Það eru nú 20 rd. á mánuði og fer alltaf vaxandi. Annað er einnig ákveðið að stúdentar skuli koma beinlínis frá skólanum og eigi láta líða ár í milli. Skrifaðu mér, besti pabbbi, til um þetta allt saman, en láttu það fara hljótt.

Mér þætti gott að fá svo sem 20-30 krónur með næsta pósti því að ýmisleg eru útgjöldin, en svo skal ég með póstinum sem þá fer, skrifa nákvæmlega um allan minn status í peningaefnum. --

Segir erlendar fréttir.

Páll E. Briem skrifar Kristínu E. Briem Claessen. Rvík 24. marz 1877.

Elskulega besta systir.

Ástarþakkir fyrir tilskrifið frá Höfn og myndirnar frá ykkur, að öllu öðru ágætu frá þinni hendi ótöldu. Það var leiðinlegt að póstskipið skyldi fá svona slæmt þegar þið voruð á því. Dagana eptir að það fór var hjer hið bezta og blíðasta veður svo að hjer var alltaf verið að prísa hvað þið væruð heppin með veður og það var þá líkt því eða hitt þó heldur.

Að heiman hefur verið að heyra beztu fjettir. Allir frískir enn og tíðin góð, en um það verður þjer líklega skrifað heimanað. Siggi bróðir er í Ási og kennir Ólafur skalli honum; pabbi vill láta hann fara í 2. bekk. Hvað sem úr því verður, því Siggi fær sumar bækurnar eigi fyrr en með þessari póstferð. Óli Stefensen fór rjett eptir nýjárið vestur að Undirfelli og lærir þar, pabbi sagði mjer eptir sjera Hjörleifi að hann mundi verða fær um að fara í skóla í vor, en betra að hann þroskaðist meira. Svo held jeg nú að Viðeyjarfólki fari að líka betur hvernig fer um hann fyrir norðan.

Jeg skrifaði Dóra bróður til Ameríku, og bað jeg hann að segja eitthvað endilegt um hvort hann kemur, því að ef hann eigi kemur, þá er ófært að vera kennaralaus heima. Jeg rjeð honum helzt til að koma á Diönu með þjer og vera heima svo sem 3 vikur, koma suður með Sigga og Óla og láta þá ganga upp. Hvað sem úr þessu verður þá ímynda jeg mjer að Dóri komi í sumar.

Í Viðey líður mikið vel. Marta (?) hefur verið mestan part vetrarins hjer fram í Reykjavík og hef jeg sagt henni til í dönsku, reykning og rjettritun; hún hefur verið 3 tíma í viku, en nú er hún alfarin inneptir aptur, ekki minnist Magnús á þetta hið minnsta eða þakkar; en það gjörir nú ekkert til, en það er þó í einhverju leiðinlegra. Tíðin hefur verið stirð og fiskileysi mikið. Páll[1] skrifari Bjarna Thorsteinson dó þann 20. þ.m. og segja menn að hann muni hafa arfleitt Steingrím Thorsteinsson; hann var orðinn hinn auðugasti maður því að hann hafði bæði sparað og lifað lengi. Brynjólfur í apoteki dó áðan; þykir mannskaði að honum. Eiríkur bróðir stendur einna næst kosningu til alþingis í Norðurmúlaslýslu. Jeg hef heyrt að hann hafi sótt um Melstað; en síra Þorvaldur á Reynivöllum fjekk hann; ekki er hann hættur enn þá að skamma biskupinn. Hann hefur skammað hann fyrir það að hann hafi útlagt bænirnar og gefið svo út undir sínu nafni; það sje engin íslenzka á sögukverinu sem hann útlagði í sumar og fyrir það að hann hefur mælt á móti því að á prestaskólanum verði tími studenta lengdur um 3 ár; og segir hann sem svo að hann eigi bágt með að trúa því að biskupinn hafi þá húsgangs-sál að standa á móti námi presta. Þetta þykir nú reyndar nokkuð frekt.

Lítið var um skemmtanir um jólin hjerna; engin komedía, engin blysför, ekkert ball. Ekki er þetta efnilegt þegar menn líta á að þetta er höfuðborg landsins. Það er nærri því betra upp í sveitunum, t.d. Gunnlaugur fyrir norðan; það er verst þegar það eru svona amlóðar að eiga við þetta og fólkið náttúrlega getur eigi fengið háar hugmyndir um kómedíur, en engu að síðar lýsir það þó að lífsmark er fyrir norðan, þar sem hjer er ekkert. Nú loksins verður í fyrsta sinni síðan jeg kom í skóla og er jeg feginn; bara að það verði eitthvað sögulegt sem kemur fyrir á því, en það verður nú líklega eigi nema það að Reykjavík snapar upp hverjir eru kenndir og sv. frv.

Mjer líður vel og kann vel við mig niður í bænum. En hvað mjer finnst undarlegt að hugsa til þess að þú sjert, elsku systir! komin á annað heimili og fá eigi að sjá þig nema með höppum og glöppum. Jeg má ekki hugsa til þess, það er nærri því eins og við værum aðskilin að fullu og öllu. Og að hugsa svo aftur til hins þegar jeg sat á knje þínu og þú varst að kenna mjer og að þinni kennslu bý ég meðan ég lifi; en tímarnir breytast og allt annað útlit með degi hverjum; ekki hafði jeg hugsað að svona mundi vera komið í fyrra um þetta leyti. En hvað er jeg að fárast um þetta, allt er vel sem orðið er.

Jeg fer þá að binda enda á þetta og kveðja þig með beztu heillaóskum elsku systir og ykkur bæði. Jeg bið kærlega að heilsa manninum þínum. --

Páll Briem til Eggerts G. Briem. Rvík 29.3.1876.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir tilskrifiði með pósti. Jeg kom brjefinu til Sigurðar Ólafssonar[2] á pósthúsið; en Vigdísi[3] systur hans fjekk jeg brjef frá honum með póstskipinu og þar í sagði Sigurður að hann ætlaði af stað frá Höfn í apríl og kemur þá á seglskipi hingað til Reykjavíkur. Svo getur vel átt sjer stað að hann verði farinn frá Höfn þegar póstskipið kemur (það fer af stað í dag) svo jeg hjelt, eins og líka var, að brjef til annara myndi vera innan í og áræddi því að rífa brjefið upp. Þá sá jeg að brjefið mátti til að ná í Sigurð svo að jeg sló utanum það til góðs vinar míns, sem er í Höfn að læra læknisfræði og bað hann að koma brjefinu til Sigurðar, ef hann ekki væri farinn, en ef svo væri skyldi hann rífa upp brjefið og koma brjefunum sem inní væru til sinna staða. Og svo bað jeg hann jafnvel að taka brjef Sigurðar sjálfs, (því jeg sló utan um það) og rífa það upp og sjá um Kommissionirnar. Jeg vildi gjöra allt það besta í þessu sem jeg gat, en ske má að þetta misheppnist upp á einhvern máta, en það vona jeg ekki. Það hefði kannske verið best að halda brjefunum eptir þangað til Sigurður kemur hingað. Þú fyrirgefur mjer ástkæri pabbi hverning þetta er nú allt illa af hendi leyst.

Þú skrifaðir mjer ekki um það sem jeg spurði þig um, en það hefur líklega verið af því að þú hefur ekki verið búinn að fá brjefið. Mjer hefði samt þótt ósköp vænt um að vita hvernig þjer hefði verið um það gefið því að þegar þú skrifar mjer næst verð jeg líklega búinn að festa mjer hús niður í bæ. Mjer þykir svo dauðans leiðinlegt að vera upp í skóla alla jafnan.

Mjer líður vel; miðsvetrarprófið er búið fyrir löngu og allt komið í það sama horf sem áður hefur verið í vetur; miðsvetrarprófið er eins og dálítil breyting á því vanalega og þessvegna þykir mjer meira gaman að því en að sitja alltaf á bekknum og meiga eigi hreifa sig hið minnsta, nema þegar maður gefur sjer óþarfa erindi upp að

[1] *Páll Pálsson (1806-1877) sem kallaður var stúdent "mikilvæg presóna í menningarlífinu" eins og nú væri sagt. Áhrifin ná allt til þessa dags.*

[2] *Sigurður Ólafsson (1848-1881) var við framhaldsnám í Khöfn en síðar á árinu skipaður héraðslæknir í Skaftafellssýslu og sat á Kálfafelli. Hann var frá Viðvík í Akrahreppi og höfðu þeir verið sveitungar ungir Páll og Sigurður.*

[3] *Vigdís Ólafsdóttir átti Magnús Árnason trésmið í Reykjavík. Meðal barna þeirra var séra Ólafur í Arnarbæli.*

vatnsborðinu, eða fær fyrir mestu náð að fara út úr bekknum. Opt hef jeg verið að hugsa um að lesa heima undir dimission en hef þó alltaf sleppt því aptur af því að kennararnir gjöra þeim svo örðugt fyrir við prófið og ekki séð hvert það verður billegra. Jeg veit reyndar að mörgum þykir gaman að vera í skóla og telja það hinn skemmtilegasta hluta æfi sinnar, en þetta eru flestir selskapsmenn sem þykir gaman á böllum og að kókettera við dömur, láta þær vera skotnar í sjer og vera aftur skotinn. Sumir í skóla eiga alltaf í einhverju ástabralli en sjaldan verður þó endirinn góður og að lokum verða þeir fyrirlitnir af hverjum sem þekkja þá. En jeg er hreint enginn selskapsmaður og þess vegna þykir mér ekkert gaman að þessu.

Nú er Gunnlaugsen[1] dáinn; hann andaðist 17. þ.m. og dó hann úr kvefi eða þessháttar, en það þurfti ekki mikið til því hann blakti eins og ljós á skari. Hann var grafinn í dag og kem jeg núna frá jarðarförinni. Síra Hallgrímur[2] hjelt húskveðju og ræðu í kirkjunni og líka séra Helgi Hálfdánarson[3] í kyrkjunni. Menn sögðu í gær að byskup myndi halda ræðu, en han gjörði það ekki. Annars höfðu menn búist við að kennararnir og embættismennirnir myndu sýna Gunnlaugsen sóma í einhverju t.d. tjalda kyrkjuna og prýða hana. Nei, þeir ljetu það vera og eru þó allir embættismenn hjer í bæ lærisveinar hans nema landshöfðingi og gamli Jónassen. Jensbörnin[4] báru sig ekki illa, enda er þeim þetta ekki það mesta sorgarefni; en hvað eyðilegt er þar nú í húsinu en sjálfsagt tvístrast það allt. Þó er náttúrlega ekkert farið að eiga í því enn.

Nú er mikill fögnuður hjá okkur Íslendingum yfir því að gufuskipaferðirnar kringum landið eru komnar á að kalla má. Það er sagt að konungur sjálfur hafi gjörst mikill hvatamaður þess og þess vegna hafi ráðgjafarnir líka orðið á því. Díana, sem áður hefur verið póstskip, á að verða til þessara ferða.

Tíðin er ágæt nú sem stendur, á hverjum degi blíðviðri, sólskin og sumarsæla; en um daginn var nokkurn tíma miklir kuldar (1-15 stig C), þó var ekkert hret með. Fiskafli hjerumbil enginn.

Jeg er eins og lög gera ráð fyrir í sjálfsmennskunni með hinum 4 piltum, en við höfum matinn ekki sjálfir undir höndum, heldur ráðskonan hjá Portnaranum við skólann. Okkur hefur þótt ganga nokkuð mikið upp, en þó ekki fram úr hófi. Helzt held jeg að jeg lendi í klúðri með peninga í vor, en jeg ímynda mjer að það sje nógur tími til þess að skrifa þjer um það seinna.

Jeg fer þá að hætta þessu og bið þig elsku faðir að fyrirgefa mjer það og heilsa mömmu mjög innilega frá mjer; jeg held jeg hafi ekki tíma til að skrifa henni. Vertu svo eylíflega guðs forsjón og handleiðslu falinn um tíma og eilífð. --Þinn elskandi sonur Páll Briem

Valgerður E. Briem skrifar Elínu E. Briem. 6.5.1877.

-- Í Viðey er lífið eins og heima, það gengur þennan jafna gang, en þó finnst mér ég sakna svo ósköp margs sem heima er, og það er nú eitt ég sakna svo ógn að heyra hann pabba tala, maður getur svo margt lært af því sem hann segir, mér verður það ósjálfrátt að líkja saman því sem hann pabbi segir, og drengirnir bræður okkar, við talið hans Magnúsar,[5] og þá er það svo ógn mikill munur, hann er svo skelfing menntunarlaus og les varla aldrei í bók, en fyrir alla muni, þú verður að brenna þetta bréf strax -- hvað menntun snertir þá lærir maður ekki meira hér en það sem hægt er að læra heima og ekki eins --

Páll E. Briem til Eggerts Briem. Reykjavík 7. maí 1876.

Elskulegi faðir. Jeg þakka þjer ástúðlega fyrir þitt ágæta brjef með póstinum og sömuleiðis fyrir þitt leyfi til að flytja ofaní bæinn að ári. Það held jeg að jeg gjöri, því að mjer þykir það miklu betra. Jeg talaði við Halldór litla og sagðist hann skyldu panta gleraugun handa þjer en hafði þau eigi til hjá sjer núna. Jeg sagði að þú mundir vilja fá skýrari augu svo sem N^{o} 11, en hann sagði að þú mundir heldur vilja N ^{o} 7 af því að þau færu stækkandi eptir minkandi tölu. Jeg sendi tvo potta af lauk í cigarakassa; það kostaði 50 a; jeg vildi ekki senda meira því það er svo gríðarlega dýrt að senda með póstinum.

Jeg sendi lóð af *kaalrabifræi*[6] dönsku og 2 lóð af íslenzku. Mjer er sagt að það íslenzka sje margfalt betra; svo að vonandi er að það heppnist með gulrófurnar heima í sumar. Danska fræið var jeg búinn að kaupa því að jeg náði ekki í það íslenska fyr en í dag, og það rjett af heppni, svo jeg sendi það danska til málamyndar. Það er ekkert komið af öðru fræi í búðirnar svo mjer er ómögulegt að senda það; einnig hef jeg hvergi fengið það

[1] *Björn Gunnlaugsson (1788-1876) yfirkennari Lærða skólans, stærð- og stjörnufræðingur, spekingurinn með barnshjartað. Dóttir hans var Ólöf kona Jens Sigurðssonar rektors.*

[2] *Hallgrímur Sveinsson (1841-1909) dómkirkjuprestur, síðar biskup.*

[3] *Helgi Hálfdanarson (1826-94) prestaskólakennari, faðirÁlfheiðar síðari konu Páls.*

[4] *Þekktir synir Jens Sigurðssonar voru Björn kennari v. Lærða skólann faðir Arndísar leikkonu og Jón yfirdómari faðir Ólafar konu Sig. Nordals próf.*

[5] *Magnús Ólafsson Stephensen bóndi í Viðey. Hann átti Áslaugu móðursystur bréfritara.*

[6] *Rófur.*

prívat; en jeg skal reyna að senda það með vermönnum.

Þá er nú að minnast á eyðslu mína í vetur. Jeg á enn óborgað til Maddömu Möller 50kr. og til sjálfsmennsku minnar 20. Hún hefur einhvernveginn orðið svo gríðarlega dýr; við megum hver leggja til eitthvað 100 kr. Svo er jeg í skuld við Dóra bróðir um liðugar 20 krónur. Og þetta eru 90 kr. En nú á jeg 30 kr. hjá fjárhaldsmanninum og þá verður það um 60 kr. Jeg hef borgað flestallt af því smáa, svo að sjálfur þarf jeg ekki að borga neitt að ráði fyr en seinast í vor og á norðurleiðinni og póstbrjefaskollann.

Jeg hef látið taka 3 myndir af mjer og sendi jeg þjer eina. Kl. er orðin 6; en allt á að vera til fyrir kl. 7, svo jeg þori ekki annað en en fara að hætta og búa um bögglana. Jeg bið ógnarvel að heilsa henni mömmu.Fyrirgefðu góði pabbi þetta klór og síðan kveð jeg þig og bið góðan guð að vernda þig og ykkur foreldra mína og varðveita alla æfi. --

Páll E. Briem skrifar Eggerts G. Briem. Rvík. 19.6.1876.

Ástkæri góði pabbi. Jeg þakka þjer fyrir tilskrifið og sendinguna (21 kr. 75 a frá fógetanum), hann gat eða vildi ekki býtta hinum 8rd 4mk, en jeg hef von um að fá fyrir *Spec.holst* 10½ mk hjá Sigurði gullsa.[1] Jeg hef talað um *constitutionina*[2] við Jón Álaborgar[3] en hann hefur sagt mjer að Christiansen[4] hafi sett Benedikt Blöndal fyrstum sinn í Húnavatnssýslu og honum (c:Lansa[5]) finnist ekki ástæða strax til að setja annan. Hann sendi því þessa beiðni þína til amtmanns og lætur hann segja álit sitt um hana. Þjer væri því bezt að skrifa til amtm. og biðja hann meðmælingar, því Lansi fer eptir því. Áli sagði að amtm. myndi annaðhvort senda það aptur með pósti nú til baka, eða láta það bíða þangað til Lansi kemur norður, því hann fer í sumar með skipi til Austurl. og fer um sýslur þar og til Akureyrar. Þá væri ekkert að því að þú færir til fundar við Lansa.

Jeg var rjett áðan uppi í latínu svo jeg er eigi búinn að ná mjer aptur og þessvegna er þetta bæði illa skrifað og engin mynd á því að öðru leyti; jeg fer að ganga upp í sögu bráðum, svo jeg má ekki vera lengi. Peningana hjá póstinum er jeg ekki búinn að fá, en vonast eptir þeim rjett bráðum. Hann er í peninga vandræðum greyið, því hann var svikinn hjer fyrir sunnan. Annars kemur hann út að Stað[6] og segir þjer þá allt hvernig gengið hefur.

Mjer líður vel. Góði pabbi, fyrirgefðu þetta leiða klór. Jeg bið að heilsa öllum undur vel og einkum mömmu. --

P.S. Jeg ríð líklega hestunum úr Viðey norður, eða einhver ráðstöfun kemur heimanað um það. PBr.

Segðu Dóra, með þakklæti fyrir tilskrifið, að jeg geti líklega ekki látið Kr. á ? fá meira enn 20-30 kr. PBr.

Nú tók ég á móti 60 kr. frá Jóhannesi pósti; hann greiddi það allt vel og skilvíslega. --

Valdimar Ásmundsson skrifar Halldóri E. Briem. Flögu í Þistilfirði, 1. júlí 1876.

Heiðraði góði vinur!

> *Þakkar bókina. Litlar fréttir, gott til lands, síðara til sjávar. Verslun lítil, meira fjör í henni á Eskif. og Seyðisf. Ræðir um lítið líf í bókmenntum.*

Páll E, Briem til Eggerts Briem. Reykjavík 30. sept. 1876

-- Ferðin gekk vel suður og komum við suður þann 24. þ.m. en þegar kom að Ártúnum fórum við Vala[7] lykkju á leiðina og stefndum ofan að Kleppi og fórum á bát fram í Viðey. Hestana skildum við eptir á Kleppi, þeir dugðu báðir vel og einkum Geiri, því hann var alla leiðina nær því jafnviljugur.

Við vorum átta saman suður, og þó ekki Jarþrúður Petersen, hún var komin af stað suður þegar við komum vestur og var hún með Lárusi Jóhannessyni og kom suður einum degi á undan okkur. Geiri meiddist seinustu dagleiðina á tveim stöðum á baki, en jeg held að það komi ekki að sök. Oddur kaupi[8] sá vel um Ennisgrána suður, en Björn Hjaltested þegar suður kom. Magnús í Viðey ætlar að taka hestana og lofa þeim að vera fram í

---

[1] *Sigurður Vigfússon (1828-92) var gullsmiður og fornfræðingur, umsjónarmaður forngripasafnsins í Rvík eftir Sigurð málara.*

[2] *Setning í starf. Eggert Briem var á árinu settur sýslumaður í Húnavatnssýslu og skipaður næsta ár en fékk leyfi til að vera kyrr í Skagafirði.*

[3] *Jón Jónsson landritari var gjarna kallaður þessu nafni þar sem Jón Johnsen yfirdómari fluttist til Álaborgar og var skipaður bæjarfógeti þar.*

[4] *I.Christensen ráðgjafi konungs.*

[5] *Hilmari Finsen landshöfðingja.*

[6] *Reynistað.*

[7] *Valgerður Briem ((1848-1884) eldri systir Páls varð kennari í kvennaskólanum að Laugalandi 1880-2 en tók að sér heimili Valgards Claessen þegar kona hans, Kristín systir Valgerðar dó. Sjálf entist hún ekki, veiktist og dó í Reykjavík.*

[8] *Áðurnefndur Oddur Gíslason.*

eyjunni þangað til Dóri fer norður og er það nú gott, því þar eru svo góðir hagar.

Jeg er strax farinn að búa ofaní bænum og Jón frá Steiná með mjer. Það er mikið viðkunnalegt fólkið sem við erum hjerna hjá; við keyptum 2 sauði af þeim úr Svínadalnum fyrir 18 krónur og vorum við ánægðir með þá; annars þykja þeir sauðirnir að norðan mörlitlir en vænir á hold; þetta ætlum við að láta okkur duga til vetursins með því sem við höfðum heimanað og smávegis dóti, sem við kaupum okkur hjer. Jeg hef annars ekki glögga hugmynd um hvað það muni kosta í vetur, en að því er jeg kemst næst verður það ódýrara nú en í fyrra. Vala[1] er út í Viðey og hefur ekki komið hingað inneptir, en ætlar ef gott verður veður að koma hingað á morgun, en hún getur ekki vitað neitt um þessa ferð norður, því jeg skrifa með mönnunum sem komu með reksturinn að norðan, en þeir ætla að fara í kveld af stað.

Okkur systkinum líður vel. Jeg bið kærlega að heilsa mömmu og systkinum mínum og yfirhöfuð öllum heima. Síðan fel jeg þig góðum guði um tíma og eilífð. Þinn elskandi sonur Páll Briem

Páll E. Briem til Eggerts G. Briem. Reykjavík 17.10.1876.

Elskulegi pabbi minn! Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjef þitt frá Steinnesi ásamt öllu öðru föðurlegu og ástríku frá þinni hendi.

Jeg sendi þjer 2 brjef frá Halldóri bróður, þau eru skrifuð í Ameríku, en vont er þó að vera ekki viss um hvort hann kemur eða ekki. Ekki þori jeg að senda hestana norður með póstinum; hann getur farið svo illa með þá, en hitt ótækt að kaupa mann með þá. Geiri er orðinn í meira lagi krangalegur; hann meiddist líka á leiðinni suður og er eigi batnað enn; jeg hef eigi getað skoðað hann síðan jeg kom að norðan, en Magnús í Viðey er, að jeg held, eigi sjerlega nærfærinn við skepnur. Ennisgráni var tapaður úr geymslu, þegar jeg kom suður, en þá hjálpaði brennimar á hófum á honum. Jeg ljet auglýsingar ganga í bréfi upp í Morsfellssveit, en svo leið og beið og jeg var farinn að verða gróflega angurvær út af honum, en þá kom maður með hann ofan úr Morsfellssveit eptir 2 vikur, og þá varð jeg feginn. Nú er hann kominn inn í Viðey eins og hinir og verður þar til næstu póstferðar. En þá ríður á að maður komi með Stínu systir að sækja klárana, því Dóri er eigi öruggur að koma. Nú er farið að saxast á peingana, sem jeg hafði að heiman í haust (96 kr.) Vala systir fjekk hjá mér 60 krónur um daginn og keypti hún fyrir það allt að kalla (til dæmis fyrir Stínu um 50 krónur) og svo hef jeg sjálfur eytt til bóka og bús um 50 krónum eða liðugt það; svo nú er jeg alveg uppiskroppa og hefi tekið af ölmusunni og á bráðum að borga 36 krónur fyrir skó eina handa mjer, eina handa Völu, eina handa Ellu er hún hafði fengið loforð fyrir að mætti kaupa handa henni. Svo jeg held við þyrftum, ef vel ætti að fara, að fá eitthvað með næsta pósti. Jeg held nákvæman reikning bæði við Völu og sjálfan mig þó ekki sje nema 10 aurar. En þá getur maður miklu betur sjeð hvað maður eyðir. Ekki held jeg að jeg sjálfur eyði meiru en 60 dölum í vetur fyrir utan ölmusu.

Síra Matthías bað mig um að skrifa þjer í sínu nafni að hann ætti hjá þjer fyrrir 2½ ár af Þjóðólfi og vildi fara að fá það; jeg bauð honum að borga það þá, en hann vildi það eigi, enda gekk jeg ekki neitt eptir því. Mjer líður vel og kann vel við að lesa niður í bænum; jeg skrifa þjer engar frjettir, enda eru þær litlar; ekki hef jeg fengið útskriptina úr dómnum, en vonast til að geta fengið hana áður næsti póstur fer.

Nú fer jeg að hætta og bið þig að fyrirgefa allt klórið og ruglið. Vertu svo æfinlega sæll og falinn guðs forsjón og handleiðslu. Þess óskar þinn elskandi sonur Páll Briem

Séra Jón Bjarnason til Halldórs Briem. Minneapolis. 19.10.1876.

Elskulegi vin.

> *Þau hjón gleðjast yfir að HB sé kominn vestur. Vonar að hann hafi færi á að vera í Madison og St. Louis þar sem fleiru sé að kynnast. Stoltur yfir HB sem landa og vin og hverjum sem ekki aðhyllist sýnóðuna. Spyr hvaða eldri presta hann talaði við á einhverri hátíð og varar hann við einum, Preus?, sem er refur. Virðist skrifa í blöð. Segir að Laura haldi að HB sé sestur upp á sýnóðuna. Varar HB við trúgirni, segist engum treysta nema eftir ítrekaða reynslu.*

Lára Pétursd. Guðjohnsen Bjarnason til Halldórs Briem. Minneapolis 31.10.1876.

Elskul. Haldór Briem!

> *Samúð vegna stöðu hans, býður honum að koma og búa hjá henni og og Jóni Bjarnas. Reið vegna bréfs frá Anderson, ófyrirleitinn er hann og lyginn (m.a. um HB). Vitnar í bréf A. Fékk bréf að heiman, segir fjölskyldufr. HB hefur sýnilega verið hjá þeim fyrir nokkru.*

[1] *Valgerður systir hans.*

Séra Jón Bjarnason til Halldórs Briem. Minneapolis. 7.11.1876.

Elskulegi vin.

> *Segist vera að skrifa í blaðið (hann var ritstjóri Budstikken) því í dag sé kosningadagur, uppgjörið m. Dem. og Rep. Segir HB hafa gert mistök að bjóðast til að fara til Gjertsen og þar með tengjast sýnóðunni. Verði að gæta frelsis síns gagnv. G. og Schmidt. Býður HB að koma til þeirra, þá muni hann láta hann hjálpa sér við ritstj. Segist þekkja kvalirnar í sýnóðunni. Er ekki ánægður með Anderson, líkl. vegna útg. þýðinganna. Var að fá bréf og er sagt að séra Helgi ætli að sækja um Melstað. Lárus Halldórsson mágur JB hvetur hann til að sækja um prestaskólann.*

Það geri ég aldrei.

Lára Pétursd. Guðjohnsen Bjarnason til Halldórs Briem. Minneapolis. 24.12.1876.

Elskulegi Briem!

> *Skrifar fyrst* -- snúrrugan -- *inngang! Um heimsókn sína til Ágsborgar til að heimsækja konu Sverdrups sem lá á sæng. Notaði færi og rak erindi HB við S. Er kappsmál að HB geti komist þangað og verið í nágrenni við þau hjón. Erindi um að útvega húsnæði og skólavist virtist takast. Þótt hann komist ekki að skólanum skuli HB koma og dvelja hjá þeim. Biðja þau HB að losa sig undan Andra (Anderson) við þýðinguna á Eddu. Ekki sé gott að vera atvinnulaus en samt betra en það sem hann fæst við.*

1877

Eggert E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað 4.3.1877.

-- Eg er þér alveg samdóma eða jeg álít að þú hafir gjört rétt í að þyggja boð norsku synodunnar, en samt söknum við þín mikið, ekki frá embættisstörfum mínum (einsog þú heldur), því hefði Gunnl. farið til Khafnar, hefði eg getað fengið aukaskrifara) heldur frá krökkunum, Eggert og Villa, sem mamma þín má berjast með ein. ---

Hilmar vildi setja mig í Húnav.sýslu sem júrista, svo vildi jeg láta Ólaf vera fullmektug minn þar, en hann skoraðist undan því, svo Gunnl. er fullmektugur í báðum sýslum. Þá eg var settur í Húnav.sýslu hætti Gunnl. við að sigla í haust; það hefir annars lítið komið fyrir í vetur, svo hann hefur getað sinnt búinu, og er að hálfu hér og á Steinnesi og Ólafur alltaf með mér og höfum við reyndar fullt í fangi með að klára sakirnar á báðum stöðunum, svona með smá ferðalögum. Með Gunnl. settist Friðrikka Claessen aptur, var Valgarður Claessen þá einmana eptir, að öðru leyti en því að Stína trúlofaðist honum afmælisdag Gunnlögs 18. ágúst, talaðist þá svo til, að hún sigldi með unnusta sínum, og var þá sjálfsagt að þau yrðu vígð fyrst, það gjörir Eiríkur 7. novbr. Í sumar bjóst eg við að Gunnl. færi fra mjer og vildi þá líka fara frá Reynistað og sótti um og fékk Húnav.sýslu, var þá farinn að kvíða fyrir að flytja og byggja, og svo ætlar Gunnl. að verða hér kyr, og eg sæki eindregið um Skagafjarðarsýslu. Friðrikka Claessen er hér í vetur, það er afþilja herbergi í austurendanum suðri húsinu og þar sefur hún í loptherbergi; en er hér inní vesturstofunni á daginn; hún kennir Siggu, Sigga var komið aptur til séra Ólafs Björnssonar, hann er á Ási í vetr. Þegar við vorum orðin úrkola vonar um þig, þá póstur kom á jólaföstu, var Óla Stephensen komið til sérra Hjörleifs á Undirfelli, Stína Stephensen fór suður í sumar, Valgerður í haust og situr í Viðey. --

Matthías Jochumsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 26.3.1877.

Gamli, góði, elskulegi, ágæti!

Þakkar fyrir ritstjórn með dáð og drengskap á Budstikken. Segir frá dauðsföllum, m.a. Páls stúdents. Býðst senda HB Þjóðólf. Segir Jón Alaska-hringlara (Ólafsson) kominn frá Höfn með prentvél, ætli að gefa út blaðið Skuld. Hringl í stjórnmálum. Varla neinn hér með anda og þeir sem áður kvikuðu orðnir naglar og oddborgarar.

Ræðir Gimli, segir engar áreiðanl. fréttir þaðan, allir hræddir og hugsjúkir og vita ekki hverju á að trúa. Predikaði í Glasgow tvisvar í mán. fyrir fullu húsi og var það töluv. sensasjón.--

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 4.5.1877.

-- Ástarþakkir fyrir elskulegt bréf þitt -- svo má ég eigi gleyma að þakka þér fyrir að þú hefur gefið mér leyfi til að stúdera júra þegar að því kemur. Ég veit eigi hvernig stendur á því, mér finnst ég hefði mest yndi af því.

Ekki keyptum við í kyrtilinn -- Ég held alveg rétt að kaupa lampann því þeir eru svo miklu betri fyrir augun, og svo til að sjá prent og skrift, heldur en kertaljósin. Ég veit um mig; í vetur brotnaði glas af lampanum mínum svo ég varð að kaupa eitt pund af stearin, en þegar ég var búinn að lesa svo sem klukkutíma var ég frá í augunum. Samt fór ég þó að venjast við það ljós en best fann ég munumm þegar ég fékk glas aftur.

En svo held ég væri óskaráð að kaupa hérna steinolíu, því hún er hér á vorin ekki nema 28-30 aura og er það munur eða kaupa hana fyrir norðan á 50-60 aura. Vala ætlar að hafa prestinn í ráðum með hvaða lampar séu bestir fyrir þig.

Stína og Dóri bróðir skrifa allt gott af sér, en ekki held ég sé til neins fyrir mig að skrifa þeim, því þau verða komin af stað áður en póstskip kemur til Hafnar.

Stína sagðist vera boðin 4. maí í gullbrúðkaup til séra Jóhanns bróður þíns og verður það gaman fyrir hana, að það skyldi einmitt vilja til árið að tarna. Ameríkuíslendingar eru að biðja Dóra bróður að vera prest hjá sér. Hvernig lýst þér á? --

Segir af tíðarfari og erlendar fréttir. Hettusótt gengur í skólanum.--

Valgerður E. Briem skrifa Elínu Briem. Viðey. 6.5.1877.

-- Í Viðey er lífið eins og heima, það gengur þennan jafna gang, en þó finnst mér ég sakna svo ósköp margs sem heima er, og það er nú eitt, ég sakna svo ógn oft að heyra hann pabba tala, maður getur svo margt lært af því sem hann segir, mér --verður það ósjálfrátt að líkja saman því sem hann pabbi segir og drengirnir bræður

okkar við talið hans Magnúsar[1] og þá er það svo ógn mikill munur, hann er svo skelfing menntunarlaus og les varla aldrei í bók, en fyrir alla muni, þú verður að brenna þetta bréf strax; hvað menntun snertir þá lærir maður ekki meir hér en það sem hægt er að læra heima --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 7.5.1877.

Ræðir fjármál og framtíðarþörf. Sigurður bróðir hans fer í annan bekk.

-- Ég held það sé alveg rétt að kaupa lampana, því að þeir eru svo miklu betri, bæði fyrir augun og svo til að sjá prent og skrift, heldur en kertaljós. Ég veit um mig. Í vetur brotnaði glas af lampanum mínum svo ég varð að kaupa pund af stearini, en þegar ég var búinn að lesa svo sem klukkutíma var ég fráí augunum. --

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Minneapolis. 27.5.1877.

Missti af HB er hann fór. Segir fréttir og lýst ekki á frettir sem á Íslandi eru sagðar frá Nýja Íslandi. Bréf til HB opnaði JB og nefnir eitt frá séra Páli Þorl. sem var reyndar skemmt en mátti sjá að hann var að andmæla HB vegna þeirra orða að hann myndi vinna gegn sýnóðunni. Bréfið var fullt af sýnóðuorðum um að hún kenndi

- guðs orð hreint og ómengað. -

Íslendingum væri best af öllu að komast inn í hana. Vinsamlegri gagnvart Sigtryggi. Sagði frá heimsókn þeirra hj. á sýnóðuguðsþj.

Páll E. Briem skrifar Eggert Briem. Rvík. 11.6.1877.

-- Nú á Diana að fara í kveld svo jeg má eigi draga að skrifa þjer lengur; jeg hef verið að búast við pósttetrinu, en hann getur eigi komið, svo að jeg get eigi svarað þeim brjefum sem með honum koma. Diana kom 2. júní eins og til er tekið og kom heldur færandi til mín heimanað og jeg þakka mikillega fyrir þær mörgu sendingar. Póstskip kom þann 7. Það sagði lítið í fjettum frá útlöndum. Stríðið milli Rússa og Tyrkja stendur við það sama, hvörugum vinnst neitt á. Dóri bróðir skrifaði mjer með "Póstskipinu" og sendi jeg það norður til þín; hann er að hugsa um að taka Sigga til Ameríku og kenna honum þar. Ef svo verður þá vildi jeg það yrði að góðu. Það er verst að Dóri bróðir kemur eigi fyr en svo seint. Póstskip kemur næst 18. júlí og þá kemur hann valla fyr en í ágúst norður; þar að auki er ekki einu sinni víst að hann komi þá. Siggi bróðir segir mjer að það geti verið að jeg kenni honum í sumar undir 2. bekk. En ef þú hugsar til þess þá þyrfti jeg nauðsynlega að vita það með alþingismönnunum. Ella skrifaði að mamma vilji að jeg hugsi um að fá kennara til að vera heima að vetri og kenna þeim yngri börnunum. Ekki veit jeg hvernig það gengur en jeg ætla að reyna. Það jeg get. Þeir sem mjer líka eru flestir ráðnir og svo verða þeir líka dýrir. Jeg veit eigi hvað það vanalega er, en fer náttúrlega eptir því. Mjer þætti vænt að fá að vita hvað það ætti að vera mest. Af peningum þarf jeg ekki minna en það sem jeg sagði í seinasta brjefi.

Jeg sendi lampa með Díönu; hann kostaði 9 krónur; jeg ljet þó nokkuð marga dæma um hann áður en jeg keypti hann og leist þeim öllum prýðilega á hann og eggjuðu mig á að kaupa hann. Það vantar á hann glös, en jeg ætla að koma með svo sem 4 norður í vor, Þar að auki vantar á hann hlíf úr pappa, sem er höfð til að hlífa augunum sem þola eigi birtuna í gegnum kuppulinn. Ennisgráni er hjer fyrir sunnan, en jeg held að jeg þurfi hann varla á norðurleiðinni; fötin mín sendi jeg með Díönu, en honum er allsendis óreitt; þessvegna þarf jeg endilega að fá hest með þingmönnunum, og vil náttúrlega hafa hann viljugan.

Hvað verður annars með Sigga, á að reyna hann í vor og að hann fari í 2. bekk, eða 1. bekk, eða geyma það til haustsins, eða láta hann fara til Ameríku með Dóra? eins og hann styngur uppá.

Tíðin er góð fyrir stúderandi menn eins og mig, en annað segja menn þegar menn tala um grasvöxtinn, því að nú í afar-langan tím hefur engin rigning komið og verið sífelldir norðanstormar. Afli úr sjó hjer um bil enginn, þó eru ekki lengur vandræði eins og í vetur. --

Lára Pétursd. Guðjohnsen Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Minneapolis. 21.6.1877.

Ræðir óheppni hans á ferðal. Einnig af ferðalögum þeirra séra Jóns manns hennar í tengslum við útg. kristilegra tímarita, Bibelbudet og Lutheraneren. Trúarbragðamál vestra er flókið og verður ekki skýrt. Fréttir fá Khöfn, m.a. fréttir af prófi Indriða Ein. (mági) hennar. Niðurlag og undirskr. vantar.

[1] *Magnús bóndi Stephensen í Viðey átti Áslaugu Eiríksdóttur (1833-1930) móðusystur bréfritar, systur Ingibjargar Briem á Reynistað. Var fjölskyldan í Viðey því nánustu frændur bréfritara og systkinanna á Reynistað og mikið samband þeirra á milli. Áslaug var mikil hannyrðakona og því fóru systurnar til dvalar í Viðey til handavinnunáms.*

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Staddur í Grafarósi. 16.7.1877.

-- Á dagsetningunni[1] sjerðu að jeg er hingað kominn í Grafarós og veit jeg fyrir víst að þú munt furða þig á því, en svo stendur á, að jeg kom heim á föstudagskvöldið, en þá daginn eftir ætlaði pabbi og mamma að fara hingað að heimsækja Kristínu[2] systur mína, svo jeg var þá tekinn með.

Okkur Dóra bróður[3] gekk ferðin vel norður með Júlíusi[4] lækni og frú Vídalín[5].

Fyrsta daginn fórum við að Saurbæ og var okkur tekið þar með virktum, og var þó eigi Árni sonur prests heima[6] sem nú er orðinn skólabróðir okkar; annan dag að Stafholtsey og komum þar snemma, svo að jeg og Dóri og Júlíus riðum niður að Þingnesi og vorum nóttina hjá Janusi presti[7] og sagði hann vittigheder eins og vant var meðan hann var í skóla, en þegar við komum aftur að Stafholtsey, var þar kominn Jón ritari[8], hann hafði komið um kvöldið og með honum Andrjes á Hvítárvöllum[9] og svo var húsbóndinn[10] heimafyrir. Nú var sem þá er járni er brugðið ofan í vatn, þeir fóru að rífa Jón í sig og þarna hnakkrifust þeir heila kvöldið; en þegar Jón fór að þegja um stund, þá tók Páll Blöndal og Andrjes að tala um að þeir yrðu að fyrirgefa Jóni þessar róstur, því það væri svo með alla krypplinga að þeir væru montnir og uppstökkir. Um morguninn kom Jóhannes á Gunnsteinsstöðum og fóru þeir Jón þegar í hár saman, en þá var Páll að gefa orð í, svo Jón vildi hafa næði, og kallaði hann þá á Jóhannes út fyrir vegg og þaðan heyrðist svo glumrugangurinn hálfa bæjarleið.

Þriðja daginn fórum við að Hvammi í Norðurárdal til Þorvaldar prests[11] og var þá mikið talað um hesta, því hann er hestamaður mikill eins og þeir frændur margir. Hann er annars höfðingi heim að sækja og fylgdi hann okkur alllangt fram á Holtavörðuheiði og fórum við þann dag yfir heiðina og fórum að Borðeyri, nema við Halldór; við fórum að Bæ, þar sem Sigurður Sverrisen móðurbróðir okkar er[12]; þar höfðum við skemmtilega nótt.

Fimmta daginn að Steinnesi, þar talaði Guðrún mágkona mín[13] mikið um pólitík, hún er rauðari en nokkur annar er jeg þekki fyrir sunnan.

---

[1] *Þeir Páll og Finnur höfðu nú lokið fimmta bekkjarprófi Lærða skólans.*

[2] *Kristín Briem hafði árið áður gengið að eiga Valgard Claessen verslunarstjóra í Grafarósi, síðar kaupmann og síðast landsféhirði.*

[3] *Halldór Briem (1852-1929) hafði lokið prófi frá Prestaskólanum árið 1875. Hann bjó um skeið vestanhafs, varð kennari við Möðruvallaskóla og síðast bókavörður við Landbókasafn Íslands.*

[4] *Júlíus Halldórsson (1850-1924) var sonur Halldórs Kr. Daníelssonar yfirkennara við Lærða skólann og bæjarfulltrúa og konu hans Charlotte Degen. Hann var læknir í Húnavatnssýslu vestan Blöndu. Hann sat á Klömbrum í Vesturhópi. Hann hafði árið á undan gengið að eiga Ingibjörgu Magnúsdóttur prests á Grenjaðarstað Jónssonar. Börn þeirra er upp komust voru Halldór Júlíusson sýslumaður í Strandasýslu, Þóra er átti Guðmund Björnsson sýslumann í Borgarnesi og Maggi Magnús læknir.*

[5] *Frú Vídalín var Elínborg dóttir sr. Friðriks Eggerz í Akureyjum og konu hans Arndísar Pétursdóttur frá Stafholti. Hún var ekkja Páls Vídalín stúdents, alþm. og bónda í Víðidalstungu. Hún átti síðar séra Benedikt Kristjánsson í Múla.*

[6] *Að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Hafði þegar þetta er skrifað nýlátið af prestskap. Samkvæmt bréfinu hefur hann ekki enn verið fluttur til Akraness sem hann og afkomendur hans áttu eftir að setja mikinn svip á. Árni Þorvaldsson sem hér er getið um varð skammlífur.*

[7] *Séra Janus Jónsson (1851-1922) var prestur Hestþinga en síðast prófastur V-Ísafjarðarsýslu og sat í Holti. Hann kvæntist síðar á árinu Sigríði Halldórsdóttur Kr. Friðrikssonar systur Júlíusar læknis. Þau voru barnlaus. Séra Janus var fræðimaður og málfræðingur og fór af honum gott orð.*

[8] *Jón landshöfðingjaritari Jónsson (1841-1883) var eins og hér kemur fram bæklaður, með herðakistil. Hann gekk fast fram í þeim málum sem hann hafði með höndum, strangur bæjarfógeti meðan hann gegndi því starfi. Hans er nú helst minnst vegna rannsóknarstarfa sinna í Elliðaármálunum. Hér var hann um það bil að ljúka lögreglustjórastörfum í fjárkláðamálinu sem miklar öldur risu út af, eins og bréfið ber vott um.*

[9] *Andrés Fjeldsted (1835-1917) alkunnur skörungur, auðugur bóndi á Hvítárvöllum sem numið hafði blikksmíð, niðursuðu í Skotlandi. Hann var faðir Lárusar hæstaréttarlögmanns og Andrésar Fjeldsted augnlæknis.*

[10] *Páll Blöndal (1840-1903) var læknir í Mýra- og Borgarfjarðarhéraði. Kona hans var Elín Guðrún (1841-1934) dóttir Jóns skálds og sýslumanns Thoroddsen og var sonur þeirra Jón Blöndal sem einnig var læknir í Stafholtsey.*

[11] *Séra Þorvaldur Stefánsson (1836-1884) í Hvammi hafði áður átt Valborgu Sveinbjarnardóttur rektors Egilssonar. Sonur þeirra var Benedikt Gröndal bæjarfógetaskrifari. Nú átti hann Kristínu Jónsdóttur frá Breiðabólsstað í Hópi. Meðal barna þeirra var Árni Þorvaldsson menntaskólakennari á Akureyri og séra Jón Þorvaldsson á Stað í Grindavík. faðir séra Þorvaldar. Stefán Þorvaldsson var frægur hestamaður.*

[12] *Sigurður Sverrisen (1831-1899) sýslumaður í Strandasýslu var sonur Eiríks Sverrissonar sýslumanns síðast í Kollabæ í Fljótshlíð og síðari konu hans Kristínar Ingvarsdóttur ein Skarðssystra. Sigurður var bróðir Ingibjargar Eiríksdóttur móður Páls Briem. Kona Sigurðar var frænka hans og Páls, Ragnhildar dóttur séra Jóns Torfasonar á Felli í Mýrdal og Oddnýjar Ingvarsdóttur frá Skarði.*

[13] *Eiríkur Briem var elstur 18 systkina Páls og sóknarprestur í Steinnesi um þessar mundir. Hann varð síðar prestaskólakennari og alþingismaður. Guðrún kona hans var dóttir Gísla fjórðungslæknis Hjálmarssona og Guðlaugar Guttormsdóttur frá Vallanesi. Guðrún var greind kona og djarfleg í framgöngu, leyndi ekki skoðunum sínum eða fréttum. Þau Eiríkur bjuggu í Steinnesi í sex ár frá 1873.*

Síðan fórum við að Auðkúlu[1] og svo heim og þótti okkur við hafa verið alllengi á leiðinni. Daginn eftir fór jeg samt út í Grafarós, þar sem jeg er nú.

Mjer líður vel og er frískur. Dóri bróðir á að kenna Sigga[2] bróður í 2 mánuði og síðan á að láta hann fara í 2. bekk, hvernig sem það gengur, því hann hefur verið hjá síra Ólafi eins og þú veist en hann hefur haft eina 6 aðra og þar að auki prestverk, svo það hefur verið lítið sem hann hefur lært í vetur. Satis de hoc.[3]

Jeg þakka þjer mjög vel fyrir seinast eins og allt annað gott. Þar á meðal hnakkinn. Gunnlaugur[4] bróðir ætlar að fara suður til siglingar og fer hann með - hann og þetta brjef. Jeg held jeg verði nú að fara að hætta allraseinast því oft er jeg nú búinn að hætta og byrja á þessu brjefi til þín.

Vertu blessaður og sæll elsku besti vinur minn. Heilsaðu pabba, mömmu og systkinum þínum mjög kærlega frá mjer. --

P.s. Finnur minn góður. Það er í ráði hjer heima að jeg skuli lesa niður í bæ og hafa Sigga bróður með mjer, en þá verð jeg að losast við Jón[5]; hvernig sem það gengur. Skrifaðu mjer því um hvar völ verði á húsum og hagræði fyrir því. Komstu eftir því hvort Steingr. Thorsteinsson muni fara frá Hjaltested[6].

Páll Melsted skrifar séra Jóni Bjarnasyni.[7] Rvík. 25.7.1877

Háttvirti vin. Bréf yðar frá 24. maí, og bókina með Halldóri Briem, hefi eg skilvíslega fengið, og, eg segi það einlæglega, að þér hafið gengið þar fram af mér með góðvild Yðar og nærgætni. Eg þakka Yður hjartanlega fyrir þetta altsaman. Það er þúsundsinnum meira en eg verðskulda. Svo hefi eg fengið andlitsmyndir yðar og konu yðar, sem líka gleður mig. Guð launi ykkur alt gott mér til handa og gefi ykkur sem lengst að geta lifað ykkur og Íslandi til sóma. Heilsið konu yðar hjartanlega frá mér. Við faðir hennar, og frændi minn, tveir postular, erum svo jafn gamlir, að hérumbil vika er á milli,[8] það er eg eldri, báðir fæddir í Eyafirði í novembr. 1812, þá dagana sem Napoleon 1. var að hröklast yfir Heljardalsheiði austur á Rússlandi. Við erum því báðir komnir langt með 65 árið. Og þá fer nú að kvelda úr því.[9] Samt segi eg fyrir mig, að ennþá get eg verið upprifinn og notið lífsins eins og um tvítugt, þegar svo ber undir. Þegar góður kunningi kemur inn til mín, annað hvort í eigin persónu eða í konvolúti. Það sem mig hefir þyngt niður stundum, það eru veikindin, sem oftast hafa átt heima hjá mér. Þó fara þau heldur mínkandi; og svo eru við og við kredítorar og þessháttar áhyggjur, sem skyggir á götu mína, en löngum hefi eg hrist þessháttar duft af mér. Eg hefi makalaust gaman af að kenna. Mér er það svo eðlilegt, að þó eg fari lasinn upp í skólann[10] þá batnar mér þegar eg er búinn að standa stundarkorn í orðapontunni. Málaflutningsgutlið á aldrei við mig, það er sú hákarlsstappa, sem mér verður einatt óglatt af. En fleira verður að gjöra en gott þykir.

Mikið þykir mér merkileg bókin sem þér senduð mér. Já, svona geografíu[11] ættum við að hafa, en – fólkið er svo fátt. Það er vort mikla mein. En ekki megið þér taka þetta svo sem mér þyki að því, þó landar okkar flytji sig héðan til Ameríku. Þvert á móti, mér þykir vænt um það. Eg elska alt líf, alla hreyfíngu, alla breytíngu. Kyrðin, og ýldan og dauðinn fá annars öll yfirráð, og ekki fer það betur. Þá er öll saga úti. Íslendíngar hér eru svo afskektir, að þeir meiga til að hreyfa sig bæði anda og líkama, ef þeir eiga ekki að sofna út af. Menn voru orðnir að viðundrum veraldar, sem eg get ekki nógsamlega lýst, áður en þessi hreyfing kom. Samgöngur við

---

[1] *Auðkúlu sat séra Jón Þórðarson (1826-1885) merkisprestur er átti Sigríði Eiríksdóttur (1830-1916) sýslumanns Sverrissonar og Kristínar Ingvarsdóttur.*

[2] *Sigurður Briem (1860-1952) yngri bróðir Páls og síðar hagfræðingur og póstmeistari hafði eftir fermingu stundað nám hjá séra Ólafi Björnssyni á Ríp og einnig að Ási í Hegranesi þar sem séra Ólafur var heimiliskennari hjá Ólafi umboðsmanni Sigurðssyni. Björn sonur hans og síðar augnlæknir tengdist Sigurði vináttuböndum. Þeir urðu svilar og reistu hús hlið við hlið í Tjarnargötu nr. 18 og 20. Kona Sigurðar varð Guðrún og kona Björns Sigrún, dætur séra Ísleifs og Karítasar í Arnarbæli.*

[3] *Nóg um það*

[4] *Gunnlaugur Briem (1847-1897) var bústjóri foreldra sinna á Reynistað og síðar alþingism. og verslunarstj. í Hafnarfirði. Hann gekk þetta sama ár að eiga Frederike Claessen danska konu, systur Valgard Claessens sem átti Kristínu Briem systur hans.*

[5] *Jón Magnússon (1856-1929) varð stúdent frá Lærða skólanum 1879, útskr. frá Prestaskólanum 1881. Hann var síðast prestur á Ríp í Skagafirði. Synir hans voru Þorsteinn rithöfundur (Þorir Bergsson) og Magnús guðfræðiprófessor Jónssynir*

[6] *Sennilega er hér rætt um hús Björns Hjaltested, Suðurgötu 7. Steingrímur Thorsteinsson eignaðist Tjarnargötu 4 árið 1880 og bjó þar um skeið.*

[7] *Bréfið er ritað til séra Jóns Bjarnasonar í Minneapolis. Hann hefur svo væntanlega sent það Halldóri Briem og ætlað hluta þess hæfa til birtingar í Framfara. Svigar og undirritanir með rithönd JB benda til þess.*

[8] *Hér munar ekki miklu, því þrettán dagar voru á milli þeirra, en þó svo mikið að ég fann ekki séra Pétur Bjarnason í kirkjubókum.*

[9] *Rétt hjá Páli að því leyti að Pétur dó mánuði eftir ritun bréfsins. Sjálfur átti Páll rúm 32 ár ólifuð.*

[10] *Páll var stundakennari við Lærða skólann sem hann talar hér um. Þá kenndi hann við Kvennaskólann og vann honum vel og lengi í stormasamri baráttu eins og Guðrún Helgadóttir lýsti í riti sínu um Kvennaskólinn.*

[11] *Ekki er vitað hver þessi landafræðibók var.*

engla og skota hafa mest og bezt lífgað okkur, og af þeim kunníngsskap eru vesturfarirnar sprottnar. En hér ríður lífið á, að góðir menn – eins og eg vona að átt hafi sér stað – fari og það heldur fleiri en færri vestur um haf. Bannsett ruslið sumt sem farið hefir, er eg hræddur um að gjöri ykkur hinum mönnunum, bæði skömm og skaða. Eg hugsa nf. svo. Þegar þið magnist þar vestra, þá hefir það góð áhrif á okkur heima. Sú vexelvirking, þau viðskifti hljóta að verða báðum (ykkur þar og okkur hér) til gagns og góðs.

Það eina, sem eg finn að þessu öllu, er það, að þið eruð svo langt vestur í heimi. Eg vildi að þið hefðuð verið í Kanada austur við sjóinn, eða austantil í Bandafylkjum. En eg veit líka vel, að það er nú ekki mögulegt, af því þar eru öll sæti upptekin. Hefði þetta verið 100 árum fyr, svo hefðu þið líkl. getað fengið bústaði austar, og alstsvo nær okkur, löndum ykkar, sem heima sitjum. Mig hefði langað svo til að ekki væri nema hafið á milli. Þá gátu skipin gengið fram og aftur, varningur og bréf og menn, alt verið svo hægt. En eins og þið eruð þar (eða þeir) á Nýja Íslandi, þá kalla eg ekki nema hálfnaða leiðina, þó komið sé á land í Qvebek. Getið þið fengið héðan blöð og bækur? Er það ekki óguðlega dýrt?

Eg skal hugsa til bóka þeirra, sem þér teljið upp í bréfi yðar, hvort þær eru hér, og þetta smá breytist til hins betra. Allur fjöldi Íslendinga hefur lítið seilst út yfir danskan Literatur. Og hvað dugar það? Það er eins og að lifa alltaf upp í Kjós, og sjá aldrei annað en upp í Esjuna. Á því verða menn skammsýnir og á endanum sérvitrir og fáfróðir. Það er hið sama fyrir sáluna eins og fyrir líkamann, að hafa aldrei aðra fæðu en vatnsgraut og það útálátslaust. Sona er fæðan þeirra hérna á Nesjunum, þessvegna eru þeir litlausir, líflausir og því nær vitlausir.[1]

Mín þekking og mitt vit nær so skamt, en mjög hef eg haft gott af Svíum. Það er líf og andi í þeim og þeirra bókum, og eg hef verið svo heppinn að ná í ýmsar þeirra og kynnast þeim, en svo verð eg altaf öðrum þræði að lesa sögurnar okkar, Njálu, Eglu etc. til þess að viðhalda mínum íslenzka upprunalega anda. Því ekki má hann kafna undir útlendum áhrifum.

Nú er hér alþíngissumar. Grímur Thomsen[2] býr hér hjá mér um þíngtímann.[3] Hann er höfuðpaurinn í fjárlaganefndinni og hingað koma þeir til hans, og hér í kofanum er nú skrafað og skrifað, því getið þér nærri. Híngað kemur Landshöfðínginn[4] á nefndarfundi til þeirra við og við, og ber sig saman við þá. Eins og nærri má geta, blanda ég mér ekkert í þau mál, en eg heyri sona undir væng hvað gjörist. Grímur er sá sem nú ræður hér mestu í fjárhagsmálum og margt er það held eg gott og rétt sem hann vill láta giöra, t.d. að hætta að láta apothekarann[5] hafa húsaleigu af opinberu fé! halda dáltið í féð við embættismenn þá, sem góð laun hafa, en sem eru að biðja um viðbót. Hann vill hjálpa barnaskólum öllum og yfirhöfuð styðja menntunarviðleytni manna. Eg vona þér fáið og sjáið blöðin héðan, þó ófullkomin sé! Verst þykir mér hvað Þjóðólfr[6] er laus á kostunum, og sýnir stundum bæði þekkingarleysi og alt að því kæruleysi, og prostitúerar sig og þjóðina í augum annara manna.

Samkomulag milli manna á þínginu er alt til þessa hið besta. S$^{r.}$ Arnljótur[7] og Grímur koma sér ennþá vel saman, að minsta kosti eru þeir sem einn maður í fjárhagsnefndinni (í henni eru. Grímur, s$^{r.}$ Arnljótur, Tryggvi[8] og Eggert bróðir hans[9], s$^{r.}$ Jón Blöndal[10], s$^{r.}$ Ísleifur Gíslason[11], og Snorri Pálsson[12]. Nú á að koma upp kvennaskóla í Eyjafirði og fá handa honum til ábúðar leigulaust jörðina Múnkaþverá.[13] Eggert Gunnarsson var í

---

[1] *Ekki var langt að bíða framfara svo um munaði með vaxandi útgerð.*

[2] *Grímur Thomsen (1820-96) þingmaður Gullbrignu og Kjósarsýslu. Skáld, bóndi á Bessastöðum og alþingismaður. Hann og Þóra Melsted voru systkinabörn og hálfgerð uppeldisystkin. Hann fær hér mildari dóm en hjá ýmsum samtíðarmönnum. Sagt var að hann hefði fengið samþykkt á alþingi fasta mánaðarlega fjárveitingu til Páls vinar síns.*

[3] *Þá bjuggu Þóra og Páll í gamla húsinu (nú Thorvaldsensstræti 2). Þau létu rífa það næsta ár og byggðu reisulegt hús er enn stendur. NASA er þar til húsa og í viðbyggingu sem reist var 1942. Húsið var reist með þarfir Kvennaskóla í huga. Skólinn var þar uns hann flutti 1909 í nýtt hús, sem enn stendur, við Fríkirkjuveg.*

[4] *Hilmar Finsen (1824-1886) landshöfðingi 1873-1883. Eftir það var hann yfirborgastjóri í Khöfn og innanríkisráðherra.*

[5] *Nýr lyfsali Niels Schmidt Krüger (1850-1916) var að taka við apótekinu. Um þetta voru sett lög þannig að ekki virðast merkileg mál hafa verið til meðferðar. Merkast mála var samþykkt um að kaupa bókasafn Jóns Sigurðssonar; hann var þá enn forseti sameinaðs þings alþingis.*

[6] *Séra Matthías Jochumsson (1835-1920) var ritstjóri blasíns.*

[7] *Séra Arnljótur Ólafsson (1823-1904) prestur á Bægisá á Þelamörk, þingm. Norður-Múlasýslu. Þekktur fyrir Auðfræði sína er kom út 1880. Hann hafði stundað nám í þjóðmegunarfræði eins og hagfræði var þá nefnd.*

[8] *Tryggvi Gunnarsson (1835-1917) þingm. Suður-Múlasýslu. Kaupstjóri Gránufélagsins og síðast bankastjóri, bjó mikið í Khöfn en vann ýmis afrek á Íslandi.*

[9] *Eggert Gunnarsson (1840-um 1885), bróðir Tryggva, þingm. Norður-Múlasýslu, bóndi á Laugalandi í Eyjafirði. Brautryðjandi í menntun kvenna, stóð fyrir stofnun Kvennaskóla á Laugalandi.*

[10] *Séra Jón Blöndal (1825-1878) þingm. Skagafjarðarsýslu, áður prestur á Hofi á Skagaströnd. Kaupvörður Verslunarfélags Skagfirðinga í Grafarósi.*

[11] *Séra Ísleifur Gíslason (1841-1892) þingm. Rangárvallasýslu. Prestur Keldnaþinga, sat í Vestra-Kirkjubæ.*

[12] *Snorri Pálsson (1840-1883) þingm. Eyjafjarðarsýslu. Verslunarstjóri á Siglufirði.*

[13] *Ekki fór það svo. Skólinn var stofnaður á Laugalandi.*

Khöfn í vetur, og kom með eitthvað 4000 krónur handa þessum kvennaskóla. Anna[1] dóttir mín (sem hér er nú stödd og ætlar að skrifa konu yðar) fer norður í sumar til þess að kenna við þennan eyfirska kvennaskóla. Konan mín er þá farin að sjá, að hennar Idee um kvenlega menntun, er farin að breiðast út um landið og festa rætur í hugum manna, þó hlegið væri og hæðst að þessu máli í fyrstu. Kvennaskólinn hér í Rv. er nú búinn að standa 3 ár, og heldur þokar honum fram en aftur, og nú er farið að kenna söng, og gekk yfir mig hvað framförum stúlkurnar gátu tekið. Það voru þó ekki nema 3 tím. á viku. Sveinn búfræðingur[2] ferðast á hverju sumri hér um ýmsar sveitir, og lætur mikið og gott af sér leiða. Bændum þykir og mjög mikið til hans koma, og þessvegna reyna þeir margir að læra af honum. Til tals hefur komið að byggja vitaturn hér á Reykjanesi, og brýr yfir Þjórsá og Ölfusá, og eg má segia að alþingið vill styðja hvorttveggja með fjárframlagi.[3] Prentsmiðjur hafa tvær bættst við í ár, nl. á Eskifirði hjá Jóni Ólafssyni[4] og Rvík hjá Birni Jónssyni[5]. Smiðja Bjarnar Jónssonar er í Doktors húsinu[6] gamla, sem s[r.] Sveinn Nielsson[7] tengdafaðir B.J. er eigandi að. Mjög er eg hræddur um að þessar nýju prentsmiðjur standi sig ekki, af því publicum er svo lítið og borgar oft bæði seint og ílla. Hér er nýkomin út barnalærdómsbók eftir sr. Helga Hálfdanarson[8]. Mér lýzt vel á hana og trúi því vel að hún útrými Balslev og máske gamla Balle.

Nú er eg ekki lengur að þessu. Bið yður fyrirgefa og lesa í málið ef það er unnt. Heilsið kærl. konu yðar frá okkur hér, og lifið þið bæði sem best fær óskað yðar skuldbundinn einlægur góðkunningi Páll Melsted.

Sjá grein: *Páll Melsted og gátan hans*. í riti mínu: Sprek, bls. 99.

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Minneapolis. 31.7.1877.

Minn elskul. bezti vin.

Segir margt þeirra milli, eina manninum á Ísl. sem skilur þá vestra. Hafði farið til N-Ísl. og fólk lét vel af sér. Hélt guðsþjónustur á 4 stöðum, gifti 7 hjón og skírði 6 börn. Notaði tímann til að vekja fólk til framfara. Er bjartsýnn um að þegar Páll Þorláksson kemur verði menn ekki uppnæmir f. honum. Setti skilyrði fyrir prestskap sínum um laun, húsnæði og fríar ferðir um svæðið. Fór frá söfnuðinum með loforði um prestskap. Í sambandi við ferð sína fann hann hjarta sitt slá f. þjóðs sína og sjaldan vera guði nálægari. Vonast eftir HB og að hann taki þátt í stríðinu með sér í nýlendunni. Hann muni ekki una á Íslandi þar sem þar sé allt í hundunum. Biður hann um að vígjast ekki af biskupi, heldur í nýlendunni. Hefur sagt fólkinu að það eigi hann vísan. Útlistar fyrir HB möguleikunum vestra.

Páll E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Grafaráosi. 2.8.1877.

Elsku Ella mín.

Ég þakka þér einstaklega fyrir tilskrifið með félagsskipinu. Það kom í fyrradag og var lengi að krussa á firðinum þangað til það loksins gat komist. Mér líst vel á ferðaplan Dóra bróður og hlakka ég ef það verður. Því það er eigi svo leiðinlegt að koma norður á Akureyri, því að þangað hef ég eigi komið síðan að pabbi og mamma fluttu norður og man ég náttúrlega ekkert eftir því.

En það var leiðinlegt með trippin að þau skyldu tapast svona. Er ekki talað um að ég fari að koma? Claessen vill held ég að ég verði lengur en kauptíð er því að svo stendur á að Páll Sigmundsson á að fara með skipinu til Bergen og þá vill Claessen fá annan á meðan og veit ég að hann ætlar uppá mig með það. Talaðu um þetta heima.

Ef ég verð lengur þá vildi ég láta senda mér nærföt og sokka og skó. En ef það á eigi að vera lengur, þá hest. Er talað um að Dóri og Siggi fari hingað úteftir á sunnudaginn. Páll sagði mér það. Annars hefði ég held ég riðið heim á sunnudaginn. Einar á Sauðá er hér kominn og ætlar í dag aftur. Með honum ætla ég að senda dótið sem pabbi á hér, það er niðurpakkað í kassa: kistil tók ég handa Kristínu, hann kostaði sex krónur. Það var enginn annar til. Ég keypti slörið handa þér, að kostaði O,90. Ég vissi að það var lítið eftir í tinda heima og því keypti ég hér útfrá 14 pund af brúnspæni og smáspítur af birki sem eru niðri í kistlinum. --

---

[1] *Anna Sigríður Melsted (1845-1892) giftist tveim árum síðar Theódór Stephensen umboðsmanni á Akureyri.*

[2] *Sveinn Sveinson (1849-1882) "búfræðingur" leiðbeinandi bænda í Suðuramtinu, síðar skólastjóri á Hvanneyri.*

[3] *Þá var enn sú afstaða að alþingi væri ekki ábyrgt fyrir öllum framkvæmdakostnaði.*

[4] *Jón Ólafson (1850-1916) ritstjóri, síðar þingm.*

[5] *Björn Jónsson (1846-1912) ritstjóri, síðar þingm. og ráðherra. Þetta var Ísafoldarprentsmiðja.*

[6] *Doktorshúsið stóð þar sem er Ránargata 13 og Stýrimannaskólinn hóf starf í.*

[7] *Séra Sveinn Níelsson (1801-1881) var lengst prestur á Staðarstað. Hafði áður átt Guðnýju Jónsdóttur skáldkonu frá Klömbrun og hlotið harða ádrepu Tómasar Sæmundssonar í Fjölni, 1837, fyrir að hafa skilist við hana.*

[8] *Séra Helgi Hálfdánarson (1826-1894) forstöðumaður Prestaskólans. Ritið var Kristilegur barnalærdómureftir lúterskri kenningu kom út 12 sinnum og var þröskuldur margra kynslóða á leið þeirra inn í tölu fullorðinna.*

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Reynistað. 23.8.1877.

-- Jeg þakka þjer mjög vel ágætt brjef með seinasta pósti[1], eins og allt annað ágætt og gott frá þjer. Það var alveg rjett af þjer, finnst mjer, að segja Halldóri[2] frá öllu, en hitt var líka nærri víst að hann mundi verða kaldur. Satt að segja finnst mjer rjettast af þjer að hafa Halldór fyrir brjefbera, hvort sem þú skrifar henni til nú strax eða þá eigi fyrr en í vetur, einkum fyrst þú hefur sagt honum upp alla sögu. En fyrst þarna fylgir með nálega lífslukka - minnsta kosti í bráð - þín, þá máttu fyrir engan mun láta það dragast lengur, en öllu er óhætt. Það er reyndar satt að þið þurfið að vera trúlofuð nokkuð lengi og því máttu til að láta þetta fara sem huldast til þess að eigi fari að kvisast um þetta, en það er svo leiðinlegt fyrir ykkur. Þó vil jeg fyrir hvern mun ráðleggja þjer að láta móður þína vera í vitorði með þjer, því það er eigi svo skemmtilegt að hafa nákomna á móti sjer í því efni. jeg veit þó til að mynda að Guðrún mágkona mín í Steinnesi[3] hefur mjög mikið á móti Stínu systur og Gunnlaugi bróður[4] og þó að þau hafi eigi mikið saman við hana að sælda, þá hefur það þó verið leiðinlegra en ekki. Nóg um þetta.

Nú er jeg orðinn móðurbróðir nýlega. Stína systir átti strák[5] rjett fyrir fimm dögum og líður þar öllu vel.

Illa fór um hnakkinn þinn elsku vinur; fyrirgefðu mjer að svona fór. Gunnl. hafði lofað að fara með hann, en gleymdi því. Jeg var þá úti á engi svo jeg gat eigi minnt hann á það. Nú var jeg að hugsa um að senda hann með pósti, en þá fór jeg að hyggja að því að hann er svo illa úr garði gjörður að á honum er lítt ríðandi, svo jeg ætla að koma sjálfur með hann til Reykjavíkur 23. septemb. - það er hjerumbil alveg áreiðanlegt og þá skal jeg láta gjöra við hann. Það er nær hætt við að láta Sigga bróður fara í 2. bekk og þá verður hann og Mensi[6] bekkjarbræður eins og við. Skulu þeir þá verða eins samrýmdir? Ekki er jeg búinn að losa mig við Jón Magnússon[7] ennþá og því skrifa jeg þjer ekkert um húsnæði, en hafðu þess háttar í huga. Jeg bið þig að skila kærri kveðju til Kristjáns og jeg biðji hann að senda mjer Stuegartneren[8]. Jeg hef eigi meiri tíma. --

Á spássíu: Natri uditum ad arcana - dare nolo, ptiusquam ileius scio.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Geitaskarði. 24.8.1877.

--Þykir þjer jeg ekki vera kominn nokkuð langan veg frá því jeg skrifaði þjer í gærkveldi, en svo stendur á að jeg fór hingað til að elta póstinn í snarhasti. Jón Magnússon kennir hjer Scheving og hef jeg nú talað við hann um húsið og okkur, og held jeg því að jeg megi fara að biðja þig að ná mjer í hús. Helst vildi jeg hafa það stærra en kontorinn, en þó skaltu fá hann ef hvergi er annað sem þjer líkar betur handa mjer. Hvað er um Steinberg?[9] Verður pabbi þinn þar? Get jeg þá fengið hús hjá þjer? --

Guðmundur Þorláksson skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 6.9. 1877.

Boðinn til Noregs í sumar af Gjessing latínuskólakennara. Gunnl. bróðir þinn sagði þig hafa í huga að fara aftur vestur. Það sé bara gott því HB sé góður maður sem komi góðu til leiðar.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 30.9.1877.

Segir frá seinkun strandferðaskipsins Díönu som olli því að komu bræðranna, Sigurðar, Halldórs og annarra skólapilta að norðan og vestan dróst og var hann kominn á undan þeim suður. Hann hafði góða góða ferð suður. Fór frá Steinnesi í einum áfanga um nótt að Hvammi í Norðurárdal og þaðan suður með viðkomu á Reynivöllum og dugði Brúnn hans vel nema hvað erfitt var að ná honum um morguninn.

-- Ég hef tekið herbergi hjá síra Matthíasi og kostar 6 kr. um mánuðinn og fylgir því borð, tveir stólar og rúmstæði, og svo við hliðina á því herbergi undir súð á stærð við sigurbjargarkames og kemur mér það mjög vel til að geyma í því hitt og þetta. Í gær var ég í ýmsum útvegunum til búsins. Ég keypti mjöl á tvær

[1] *Finnur hefur líklega verið í Rvík. Guðrún Borgfjörð systir hans segir í endurminningum sínum að hann hafi alltaf verið í búð Hannesar Johnsen í Hafnarstræti*

[2] *Þetta gæti verið bekkjarbróðir þeirra Páls og Finns, Halldór Ó. Þorsteinsson (1855-1914) síðar prestur til Landeyjaþinga og kennari í Reykjavík.*

[3] *Guðrún Gísladóttir (1848-1893) kona séra Eiríks E. Briem.*

[4] *Guðrún hefur haft mikið á móti því að mágur hennar og mágkona gengju að eiga Dani. Skipti sér reyndar af flestu.*

[5] *Þetta var Eggert Claessen, síðar hæstaréttarlögmaður.*

[6] *Klemens síðar landritari bróðir Finns.*

[7] *Sennilega Jón frá Kolgröf í Lýtingsstaðahreppi, síðar prestur á Ríp og víðar, faðir Magnúsar Jónssonar guðfræðiprófessors og Þorsteins rithöfundar.*

[8] *Þarna hefur áhugi Páls þegar verið kviknaður á garðrækt. Sennilega er átt við Kristján Þorgrímsson bókbindara sem var að undirbúa bóksölu sína.*

[9] *Þetta var Steenberg danskur liðþjálfi sem kenndi hér leikfimi um skeið.*

hálftunnur (12 lísipund) á 20 kr. og kom því til bakarans til bökunar; steinolíu, 20 potta á 7 kr. og svo fleira smávegis. --

Sendir koffur.[1]

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 1.10.1877

-- Þó þú þyrftir að bíða á Akureyri, þá gladdi það mig, að þið Gunnlaugur gátuð hitzt, áður en þú fórst af stað þaðan á hina löngu leið, sem við nú sjáum þér eptir á og söknum þín sáran. Eg kveð þig því í hinnsta sinni hér á landi í þetta sinn, og óska þér allara gæfu af blessuðum drottni. Gerðu nú svo vel og skrifaðu hingað smátt og smátt ferða- og æfisögu þína, við skrifum þjer líkl ekki í vetur nema í gegnum Palla, svo þú lætur hann fá adressu þína, og svo okkur með vorinu. --- Þó ég vissi löngu áður enn þú fórst hvenær þú mundir fara, finnst mjer að eg hafi átt margt eptir að tala við þig.

Tíð sú eitt sinn mjer burt fór frá,
fást síðan ei tilbaka má. --
Fylgi þjer guð og frúrnar tvær,
fyrirsjón og gæfa. --

Þinn elskandi faðir E. Briem

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 18.10.1877.

-- Þakka elskuríkt bréf.-- Okkur Sigga líður mikið vel, við erum eins og ég skrifaði -- til húsa hjá séra Matthíasi, þar kunnum við einstaklega vel við okkur, fólkið er svo alúðlegt og gott. Við Siggi erum hjá mad. Möller í miðdagsmat, hún helfur engan af sínum gömlu piltum nema mig; þar að auki hefur hún Óla Stephensen og Odd er Eiríkur bróðir kostar. Díana kom daginn eftir að Jakob fór. Það var næsta leiðinlegt vegna þess að ef hún hefði komið á réttum tíma, þá hefði Siggi vafalaust komist inn í 2. bekk. -- bað ég Magnús í Viðey að taka Brún, en það var ófáanlegt, hann bar alltaf við heyskorti, en ég sagði honum að ef Brúnn gengi eigi mætti hann láta hann drepast, og hvernig sem færi skyldi hann eigi verða honum til annarra þyngsla en að hann æti grasið á jörðinni; en það kom fyrir ekki. Þá fór ég yfir til Eiríks Gíslasonar og kom hann Brún að Miðfelli; hann sagði að ef Brúnn gengi skyldi eigi vera dýrar en 3-4 krónur fyrir hann. --

Halldór Briem fór áleiðis til Khafnar með Díönu. Allt komið í lag með húshald Páls, en ekki keypti hann kindur þetta árið og er feginn, því auðveldlega geta menn verið sviknir á slíkum viðskiptum. Er í vandræðum með sænguföt og madressu. Fékk búna til heymadressu. Séra Matthías lánaði litla sæng sem er honum þó mikið mein. *Hefur verið án árangurs að fá sæng keypta. Fiskileysi almennt*

-- lítur út fyrir hallæri, tala fáir um að svo muni fara, bæta við að þeir muni tóra af vana hér nesjamennirnir. --

Páll Briem til Kristínar E. Briem Claessen. Rvík. 18.10.1877.

Elskulega góða systir! Jeg vildi óska að þessi miði hitti þig fríska og heilbrigða og að öllu líði vel hjá þjer og þá ekki sízt honum litla frænda mínum. Jeg get eigi nefnt hann annað, því þó búið sje að skíra hann núna, þá veit jeg það þó eigi.

Nú er Dóri bróðir farinn af landi burtu; hann bað kærlega að heilsa þjer; hann fór með Diönu. Jeg og Siggi fylgdum honum á skip og fannst mjer hann þá eitthvað "vemodig stemt", enda er það eigi ólíklegt þar sem hann á eigi víst að sjá þetta land sem hann er borinn á og fæddur nokkuru sinni, eða þó eigi fyr en eptir langan tíma. En allra síst öll sín systkin og vini.

Jeg gat eigi heldur að mjer gjört þegar báturinn fór í lans, en Dóri stóð á skipsdekkinu og horfði eptir okkur en jeg tárfelldi; það var einhver sú angurblíða yfir allri náttúrunni, tunglið var í fyllingu og stafaði í silfurtæran sjóninn. Jeg veit að þetta var barnalegt, en hvað um gildir, jeg veit að þú tekur eigi til þess, elsku systir. Það gengur svona, hópurinn, sem var eitt sinn saman í hreiðrinu, sundrast og sinn fuglinn flýgur í hvora áttina. Þú veizt nátturlega að mjer gekk ferðin vel suður, en Dóri og Siggi komu eigi fyr en 1 oct. hingað suður. Þá mátti Siggi til að fara strax upp í skóla og daginn eptir var hann kominn inn í 1. bekk. Það var annars leiðinlegt hans vegna, að Díana kom svona seint, því að jeg er nærri því viss um að hann hefði komizt inn í 2. bekk, þó hann hefði staðið sig illa, því að það er sá aragrúi í 1. bekk (29) að þar eru alltof margir og var jafnvel verið að tala um að flytja þá upp í 2. bekk sem eptir voru settir í vor.

Póstkipið kom í gær og með því Jón Þorkelsson rektor frá Uppsalahátíðinni; þar höfðu verið menn frá öllum löndum norðurálfunnar og prófessorar, sitt með hvorum búningi.

Rússum hef jeg heyrt að gangi illa. Tíðin er góð hjer sunnanlands nema hvað rigningar voru nokkrar framan af

[1] *Ennishlað.*

mánuðinum og nú seinast norðanstormur. Fiskilaust og í vændum hallæri. --

Halldór E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Khöfn. 7.11.1877.

Halldór á leið til Ameríku. og fór 11.11. til Hamborgar og kom til New York 21.11.

-- Ferðin með Díönu gekk stirt. Ég kom loksins hingað meira en mánuði eftir að ég lagði af stað frá Akureyri. Ég er búinn að vera úti í Slangerup, hitta Jóhann *(föður)*bróður og frændfólkið -- lífið er trist fyrir Jóhann bróður, kona hans er hálf geðveik og síkvíðin og þá hefur hann heldur ekki mikla ánægju af tengdasyninum, en það er dóttir hans og dætradætur, sem eru lífið og sálin í öllu. --

Gunnlaugur E. Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 10.11. 1877.

Elskulegi bezti bróðir!

Ekkert næði til að skrifa,, eilífir gestir og argaþras. Giftist 7.11., 40 gestir. Veislan góð og samkvæmið skemmtileg.

-- Eg saknaði þín þegar þeir fóru að halda ræðurnar, ég sagði sjálfur fyrir borðum, fyrir og eptir, sem brúðgumar eru ekki vanir að gjöra hjer í sveit heldur er verið að dekstra einhverja dólga til þess, en það gat eg nú ekki verið að gera. --

Segir frá veislunni, skálaræðum undir borðum, prófasts, Friðriks Ólafssonar í Ási, Blöndals, Pjeturs á Borg. Undir toddydrykkjunni líka ræða: Bogi læknir Pétursson, ekki snjöll en eins og hann gat. Upp úr tvö fóru gestir að halda heim en nokkrir fengu gistingu. Hrósuðu gestirnir veislunni mjög.

Lýsing í borðstofunni góð og borðbúnaður fallegur. Biður að heilsa vinum í Ameríku.

Sigríður og Eggert E. Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað og Heiði í Gönguskörðum. 12.11.1877

Elskulegi góði bróðir.

Segir frá kennslu litlu barnanna og kennaranum. Elín farin út að Grafarósi og verður hjá Kristínu í vetur. Segir frá brúðkaupi Gunnlaugs og Frederikke. E.G.B. segir ferðasögu og sendir kveðjur.

Eiríkur E. Briem skrifar óþekktum móttakanda.[1] Steinnesi. 13.11.1877.

Elskulegi, bezti vin.

Þakkar velgjörðir og fyrir politiska katekismusinn. Segist hafa meiðst á leið suður og sest að í koti í Kjós og lá þar argur og leiður. Þá rakst þangað Halldór bróðir hans að óvörum frá Ameríku með blöð, bók og bréf, líklega frá Matthúasi Jochumssyni. Naut hann þá lífsins við lestur.

Segist ekki hafa komist á þing. MJ skrifa pólitíska trúarjátningu framan á pólitískt kver sem hann sendir. Bréfritari gerir athugasemdir við ýmisl. í kverinu t.d. um aðskilnað kirkju frá ríkisstjórn með orðunum söfnuðurnir eiga að vera frjálsir. -- Sýnist bréfritari ætlast til þess að athugasemda sinna verði getið sem: Úr bjefi frá presti á Norðurlandi á Íslandi.

Ræðir um hæfileika Ameríkumanna til að mynda félög. Segir Jón Sigurðsson. þrotinn að kröftum. Íslendingar ómyndugir pólitískt, landshöfðingi og danska stjórnin fari með alþingi eins og þau ætla sjer. -- Niðurlag vantar.

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 15. 11.1877.

Elskulegi bróðir minn!

Að fara með skipbrotsmönnunum af fjárskipi er strandaði á Sauðárk. Þurfa að ná í póstskipið suður. Gunnl. bróðir og Eggert faðir hennar hafa verið að vinna í því. Engu bjargað og skipið eldsmatur.

Komin heim til að vera við giftingu Gunnlaugs. Kristín systir hennar var veik, gat ekki komið. Segir af brúðkaupinu, dansi og ræðum. M.a. mælti Claessen fyrir minni Halldórs og Íslendinga í Ameríku. 40-50 aðkomendur voru í veislunni. Jón Norðmann hefur verið á Reynistað við kennslu og er góður.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.12.1877.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir ágætt brjef frá Höfn, en ef jeg hefði verið þar fram á þann tíma, þá hefði jeg sent þjer þangað brjef sem jeg skrifaði þjer með næstseinustu póstskipsferð, en það ráeddi jeg eigi, heldur sendi jeg til Jóns Hjaltalíns, og bað hann fyrir það. Ef þú verður eigi búinn að fá það, þegar þú færð þetta, þá máttu til að

[1] *Móttakandi er sennilega ritstjóri í Ameríku, kannski Halldór bróðir hans.*

gjöra Jóni vísbendingu um að senda þjer brjefið, annars ætla jeg að reyna til að láta hann fá adressuna til þín. Í brjefinu var rósin frá Elínu; hún bað kærlega að heilsa.

Jeg kom núna ofan frá translocation, og gjörðist þar fátt markvert, eins og vant er. 2 fengu brennivínsnótu; annar upp á 2, hinn upp á 1; en báðir fengu þeir heiti um, að verða reknir burtu, ef það kæmi aptur fyrir. En til dæmis uppá hverja útreið latneski stýllinn fær í skólanum, þá voru af 43, sem Gísli kennir, aðeins einn, sem hafði meira en laklega í honum; rektor sagðist skyldi muna þá í vor við uppflutning. Eins og þú vissir í haust, þá ætlaði Halldór Friðriksson litlu að breyta í skólanum, nema aftaka latneskan stíl í 5. bekk og koma svo reglugjörðinni á í 1. og 2. bekk. En þegar Jón kom þá vildi hann láta reglugjörðina fá framgang í einu og öllu, sem unt væri. Hann gjörði ensku og frönsku að skyldufögum í 5. bekk og hefur nú verið gefinn karakter fyrir þau fög síðan um mánaðarmótin. Síðan á að ganga upp í þeim í vor til dimissiónar. Þetta er æði hjegómlegt með okkur í eldri deildinni, sem eigi höfum lesið frönsku áður, því að við munum eigi hafa meira (en) 10-20 blaðsíður til dimissionar. Ensku er nokkur munur, því að Steingrímur hefur meiri yfirferð í henni en Jón. Jón skyldar okkur líka til að hafa 1000 vers í Óvid karsórisk (?), af því að það er nefnt í reglugjörðinni.

Finnur Jónsson, einn af okkur í eldri deildinni las hebresku í fyrra, en þá vildi Jón alls eigi hafa það, af því að í hebresku er ekkert minnst í reglugjörðinni, svo að það varð að fara í stiptsyfirvöldin og þar fjekkst það. Aptur á móti vildi hann ekkert minnka í bífögunum við latínu og grísku, þó þar sje tiltekið að það dót skuli vera stytt mjög. Yfirhöfuð bera allar hans athafnir vott um *servilisme*.[1] Sigurður Jónasson er kennari í frönsku í 1. bekk, og eins og við var að búast af honum, kom hann stundum fullur í tímana, og þá náttúrlega engin mynd á kennslu hjá honum (hún er annars alltaf heldur lág) og því líkaði þeim það mjög illa við hann, að hann stundum vóteraði[2] áður en þeir komi upp hjá honum, og þá gaf (hann) vitleysislega. Svo voru í 1. bekk gjörð samtök á móti honum, en einn af þeim er heitir Valtýr,[3] sonur Guðmundar skrifara Einarssonar, bað Sigurð um orðið, og fór þá að vanda um þetta við hann. Sigurður gat náttúrlega engu svarað, en þegar hann er búinn með tímann, þá lætur hann Jón *nótera*[4] hann, hann fjekk svo í dag bæði skammir og nótur (3), og sagði, að það ætti sjer hvergi stað í heiminum, að piltar væru svona ósvífnir við kennara sína. Svona er nú rjettarfarið í skólanum.

Siggi og jeg höfum það gott hjer í húsinu. Siggi varð 2. í röðinni í 1. bekk. Hann kann held jeg vel við sig í skólanum, en þó hef jeg heyrt hann kvarta undan Gísla Magnússyni.[5] Okkur líður annars vel báðum tveimur. Heimanað allt gott að frjetta, og allir frískir. Og er þjer skrifað það allt heimanað. Ekki gengur vel með kvennaskólann á Ási.

Vala (Valgerður E. Briem) skrifaði mjer 15. nóv. og segir að kvennaskólakennarar sjeu komnir að Ási fyrir nokkrum tíma, en nú standi allt í sama ríg, því engin vill stúlkan ganga í hann. Nokkrar sjeu reyndar búnar að skrifa sig, en vilji eigi fara fyr en seinna í vetur. Svona eru Skagfirðingar og svona gengur það, þegar á að koma einhverju almennu til leiðar.

Hjer í Reykjavík á að leika komedíu. Sumt er leika skal á að vera á dönsku. Þar fær það danska ruslið það. Leikendurnir verða nær eintómir broddar og broddlóur t.a.m. Magnús Stephensen, Steingrímur Johnsen, Sigríður Jónassen og allt eptir þessu. Af þessu geturðu ráðið hvort andinn er farinn að batna hjer í Reykjavík, en á hinu er jeg hissa að í þessum hóp eru líka fáeinir stúdentar. Þjóðlegri voru þeir þó fyrir 2 árum þegar þú varst með þeim. Reykjavík náttúrlega fagnar leikjum þessum með gleði.

Nú komu myndir í dýrafræði Göndals og steinafræði og verður nú farið að drífa í að prenta það. Ef þú vilt skal jeg kaupa handa þjer þær bækur og senda með 1. póstferðaskipsferð. Líka á að fara að prenta stærri Erslev, sem verður brúkaður í 1. bekk. Minni Erslev er prentaður aftur: að Asíu. Jeg ætla að senda þjer Snót hans Gísla Magnússonar, hún kom að norðan með póstinum. Það er allmart í henni af óprentuðum kvæðum. Smekkurinn hjá Gísla samur við sig. T.a.m. um 20 kvæði eptir Pál Ólafsson, en nær engin eptir Gröndal.

Misskriptir bið jeg þig að virða á betri veg. Síðan óska jeg að þjer megi líða allra manna best um tíma og eilífð. Þinn elskandi bróðir Páll Briem.

Sigurður E. Briem skrifar Halldórs E. Briem. Rvík 3.12.1877.

Fréttir, einkum úr skólanum. Kann ekki illa við sig þar. Segir Díönu, skip Popps, hafa strandað og brotnað; töpuðust 600 tunnur kjöts. Segir frá kvennask. í Skag. sem kominn er á laggir með Sigurlaugu og Jónu frá Nesi sem kennara. Nemendur vantar.

---

[1] *Þrælslund.*

[2] *Gaf einkunn.*

[3] *Valtýr Guðmundsson (1860-1928) síðar prófessor og alþingismaður.*

[4] *Skrifa áminningu.*

[5] *Gísli Magnússon (1816-1878) kennari.*

Matthías Jochumsson til Halldórs E. Briem. 4.12.1877.

Hefur verið melankólskur eftir að hafa hvatt H.E.B. á bryggjunni en þá var hann í annarri vesturferð sinni. Ræðir trúmál vestra, Framfara, hlutverk H.E.B. í nýlendunni og kirkjustjórnafrumvarpið.

Segir frétt af bræðrunum Páli og Sigurði Briem í Lærða skólanum. Hafði þá eignast dótturina, Elínu.

Páll E. Briem til Kristínar E. Briem Claessen. Rvík. 5.12.1877.

Elskulega Stína mín góð! Mikið hefur þú verið veik í vetur, og hefur það verið ógn leiðinlegt, en hitt þótti mjer þó miklu skipta að þú varst á batavegi og tala jeg eigi um hvað mjer þótti vænt um það. Jeg vildi aðeins óska að þú værir frísk, bæði þegar jeg skrifa þjer nú og þegar þú færð þennan seðil.

Okkur bræðrum líður vel. Siggi kann vel við sig í skólanum, að jeg held, hann er annars fámálugur um það. Það var röðun í skólanum í fyrramorgun og varð Siggi 2. af 24., því geturðu sjeð hvort honum gengur eigi bærilega. Það eru þó margir sem eru betur undirbúnir en hann, því að þetta hefur engin kennsla verið sem hann fjekk hjá Ólafi presti. Það er annars ágætt upp á ölmusuveitingar að standa sig vel fyrri árin í skólanum.

En þegar hann litli frændi, Jean Eggert,[1] verður kominn í þá stöðu?

Dóri bróðir skrifar mjer þ. 9. nóv. frá Höfn. Hann ætlaði þaðan suður til Hamborgar og þaðan vestur um haf, og nú er hann líklega kominn til Ameríku. Heldur finnst honum mikið koma til hans síra Jóhanns. Sama daginn og Gunnl. giptist var hann hjá tengdaföður þínum og lætur mikið yfir, en þú færð þetta nú annars skrifað þaðan eða Dóri skrifar þjer. Jeg hafði líka sama daginn veizlu eða svo sem svo: Anna Blöndal (við erum í þjónustu hjá henni) bauð okkur heim til sín upp á kaffi og *súkkulade* í minningu þess sem á gekk heima í sama mund. Það var skemmtilegt þó það væri lítið.

Síra Jón Bjarnason var nýkominn norður í nýlendu, þangað hafði Páll Þorláksson verið sendur eins og nokkurs konar *Missionær*,[2] svo Halldór heldur að honum fari eigi að veita af að komast heim í nýlenduna, ef Páll á eigi að færa hjörðina á villustigu.

Póstskipið kom 28. nóv. og með því hinir og þessir; þar á meðal Einar Hjörleifsson frá Undirfelli, hann sigldi í sumar til að fá lækning á auganu og kom hann nokkurn veginn læknaður. Það vakti líka mikinn fögnuð hjer í Reykjavík að með póstskipinu komu menn af einu þilskipinu hjeðan úr Reykjavík sem Fanny heitir. Það lagði af stað frá Seyðisfirði 22. sept. og var hjer talið alveg af. Það hafði hrakið til Færeyja. Mennirnir höfðu verið mjög nauðuglega staddir. Og 11 seinustu dagana höfðu þeir ekkert getað sofið og aðeins haft sjóblautt brauð til matar. Færeyingar höfðu tekið þeim einstaklega vel. Meðan þeir voru þar staddir var þar brúðkaup; var þeim öllum boðið í veizluna og hafðir þar í mestu hávegum.

Það á að leika hjer í Reykjavík komedíur í vetur. Ætla höfðingjarnir að standa fyrir þeim og leika; t.a.m. Magnús Stephensen og Steingrímur Johnsen, Sigríður Jónassen og fl. Það á að leika bæði á íslenzku og á dönsku og byrja í febrúar. Það eru sumir sem hlakka mikið til, en all víða hef jeg heyrt kurrinn móti því að leika á dönsku.

Tíðin er aldrei eins, og heldur stirð. Alltaf þrýstir meir og meir að Sunnlendingagörmunum hjerna við sjóinn. Þeir afla ekkert og fæstir þeirra hafa getað skorið eina kind í haust. --

Jeg bið kærlega að heilsa manninum þínum og litla frænda. Vertu svo sem bezt kvödd og líði þjer jafnan sem bezt. Siggi biður kærlega að heilsa. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 6.12.1877

-- þakka þjer einstaklega vel fyrir brjefið -- Brjefið kom ekki með póstinum heldur 3-4 dögum seinna og í millitíð þótti mjer það svo leiðinlegt að fá eigi línu frá þjer; en þú getur eigi trúað því hvað mjer þótti vænt um það þegar að það kom. Ávísunin (28,80) var borguð út af fógetanum í fyrradag og í gær fór Siggi til Hannesar Johnsens (því hann þarf líka að venjast við) og borgaði honum vextina. Jeg sendi þjer kvittun. Jeg skal líka borga Matthíasi Þjóðólf. Jeg hef nóg peninga til marsferðar og jafnvel lengur, en að því jeg hygg, þá þurfum við báðir 100 krónur enn, en þar má eigi telja með það sem jeg kaupi hjer og jeg held eigi ferðapeninga í vor. Það er annars nokkuð dýrara fyrir Sigga en vant er fyrir nýsveina því nú er í fyrsta sinn kennd enska og franska (þær bækur voru um 20 krónur samt.). -- keypti kjöt í haust fyrir 23 kr. svo jeg er byrgur með mat í vetur.

Kann Jón Norðmann eigi ensku? og kannski frönsku? Ef hann kann ensku þá væri kannski bezt að hafa hann að ári, því að nú er áríðandi fyrir þá pilta að kunna ensku, sem í skóla ætla að fara. Það væri bezt að þessi Jón kenndi þeim Eggert og Villa ef þeir eiga að fara í skóla og hafa hæfileika til þess þangað til einu ári áður en

[1] *Eggert Claessen (1887-1950) hæstaréttarlögmaður sonur Kristínar E. Briem.*

[2] *Trúboði.*

þeir fara í skóla; þá veitir eigi af því að fara að hugsa fyrir latínunni því hana verður að kenna miklu meiri en áður til að komast í skóla. Það er það sama að segja um söguna. Páll Melsted er nú að semja ágrip af sögunni og verður hún jafnstór fornaldarsögunni, þar að auki á að semja ágrip af sögu Íslands, en þangað til verður að læra ágripið eptir síra Þórarinn í Lestrarbókinni. Þetta á allt að upp í sögu.

Nú er verið að prenta landafræði sem nýnemar eiga að læra. En það er eigi vert að þeir læri þá, Villi og Eggert, heldur þá landafræði sem á að læra í skólanum og verður nokkuð stærri. Reikning þurfa þeir að læra nokkuð meira en áður. Jeg held að það verði hjer eptir umsvifaminna að kenna piltum undir 2. bekk, auk þess sem þeir hafa miklu betra af því ef duglegur maður kennir. Þessar bækur, t.a.m. söguna og landafræðina, skal jeg senda norður þegar þær eru útkomnar og ef það er duglegur maður þessi Jón, þá á hann að geta kennt þeim reikning, sögu og landafræði, svo að dugi undir skóla.

Ekki hafði Stína systir lært sögu þegar hún var að kenna mjer, en að því bjó jeg þó mikið þegar Dóri bróðir fór að kenna mjer undir skóla. Um þetta skal jeg annars skrifa þjer nákvæmar með næsta pósti.

Það er nú að koma út dýrafræði og steinafræði með myndum, væri eigi gott að fá hana norður? Nú er skólareglugjörðin komin á í einu og öllu sem unnt er. Latínskur stýll er afnuminn, en í hans stað komin franska og enska sem skyldufög; aukin látína hjá okkur og þar fram eptir. Ef við berum okkur upp um eitthvað við rektor tekur hann fyrir eyrun og hleypur út. Skólapiltar una því illa að þýska er nær alveg numin af, en svo verður nú að standa. Sigurður Jónassen heitir sá er kennir frönsku í 1. og 2. bekk; líkar þeim eigi allskostar við hann þar niður í bekkjunum, því að hann hefur stundum komið hálffullur í tímana og gefið karaktjer með engri sannsýni og stundum áður en menn komu upp. Valtýr Guðmundsson er mjög ófeiminn; og tók hann sig til og vandaði um þetta við Sigurð; hann fjekk að vísu stóreflis nótu fyrir tiltækið, en Sigurður þykir þó betri eptir en áður.

Latneska stílinn hugsa piltar nú fremur lítið um og sem dæmi um það að af 43, er GísliMagnússon kennir, náði aðeins einn í 3 2/3; hinir allir þar fyrir neðan, allt niður að 0,24. Sigga bróður gengur vel, hann var sá 2; ef hann heldur því áfram fær hann sjálfsagt ½ ölmusu að hausti og eru þó margir mjög fátækir.

Tíðin er umhelypingarsöm og stirð; aflaleysið er alltaf það sama og lítur illa út fyrir þeim sem hvorki fá fisk úr sjó, eða hafa haft efni á að kaupa sjer eina kind til skurðar í haust.

Rússinn fer hamförum gegn tyrkjunum, svo hann hrekkur allstaðar fyrir. Rússar unnu stórsigra á Tyrkjum við bæi er heita Felis og Dubnik; þeir eru hjer í álfunni. Í Asíu aptur við fell eitt er heitir Alladjar. Mannfall varð ógnarlegt og handtóku Rússar á hvorum stað um 8000 liðsmanna ásamt mörgum herforingjum. Það er sagt að Rússar muni í vetur vinna fjandmönnum sínum að fullu, enda vilja þeir hafa öll yfirráð yfir Balkan-hálfeyju, en þá er nú talið að vesturríkin muni eitthvað fara að hreyfa sig, ef svo fer.

Skúli Norðdahl hefur fengið Dalasýslu. Jón er orðinn yfirdómari og Magnús 1. dómari. Síra Jón Bjarnason var kominn norður í Nýja-Ísland. Þangað hafði Páll Þorlákssson og verið sendur sem Missionær, svo Halldóri fer eigi að veita af að fara að komast þangað, ef Páll á eigi að færa hjörðina á villustigu. Konungur hefur neitað undirritunar sinnar undir kyrkjutíundarlögin sem alþingi vildi hafa lagt á Reykjavíkurbúa; þeir hrósa hinu mesta happi.

Jeg las líka í Morgunblaðinu grein, hjeðan frá Reykjavík, sem lagði þungan dóm á Hilmar Finsen fyrir það mál, og svo annað það, að hann væri með ýmsum brellum til að reyna að afla sjer lýðhylli fyrir norðan og drægi taum norðlinga; svo margt færi illa úr höndunum á þinginu þessvegna; einnig var honum kennt um hvernig skólamálið hefði farið afleitlega og svo rutt skömmum í þá Jón rektor og Grím Thomsen. Greinin var annars vel skrifuð og sniðuglega. Eitt las jeg sem mjer þótti líka skrýtið. Það stendur í þýskum Kalender fyrir 1878. Þar er ritað að það hafi mikil áhrif á blóðrásina, hvernig maður liggur. Á norðurhálfkúlunni skuli menn ávallt liggja svo að höfuðið viti mót Norðri, en fætur til suðurs, en á suðurhálfkúlunni móti suðri. Sá er hefur fundið þetta tilfærir mörg dæmi til sönnunar, að sumum mönnum batnaði, er tækju upp á þessu, þar á meðal doktor einn er varð 109 ára gamall, og þakkaði því að hann hefði ávallt látið höfuðið snúa til norðurs. Orsakirnar eru segulmagnið í jörðinni.

Jeg fer þá að hætta bezti pabbi og bið þig að fyrirgefa. Skilaðu ógn kærri kveðju til mömmu. Verið þið svo bæði guði falin í bráð og lengd. --

Tryggvi Gunnarsson til Halldórs E. Briem. Khöfn. 14.12.1877.

Kæri frændi minn!

Hafði skrifað H.B. rétt eftir að hann var farinn, útbjó myndir til hans. Búinn að týna heimilisfanginu, ákvað að eyðileggja bréfið því það var mest skammir um Jóhann Briem[1] fyrir orð hans um HB. Hlýtur að vera erfitt að taka við ritstjórn blaðs sem birt hefur slíkt. Í hans sporum væri fráhverfur blaðinu.

[1] *Mun vera Jóhann Ólafss. Briem (1845-1938) frændi hans, frá Grund í Eyjafirði, bóndí á Grund í Fljótsbyggð, sem spjaraði sig vel en sparaði ekki stór orð í skrifum sínum, m.a. um Halldór.*

Valgerður E. Briem skrifar Elínu E. Briem.[1] Reynistað, 27.12.1877.

-- Nú eru jólin liðin og ég vil segja þér hvernig þau liðu. Það var haft púns á aðfangadaginn og skemmtum við okkur með bekkjaleik; það átti að spila til lesturs á orgelið, og var búið að bera það inn, en þegar til kom var nótnabókin frammi í Litlu-Gröf, svo það var ekki hægt að spila á það. Gunnlaugur byrjaði til lesturs um jólin, það hefur verið bágborið með sönginn síðan þú fórst, það hefur alltaf verið lesið sönglaust þó það sé leiðinlegt að hafa ekki söng með lestrinum, en það er þó betra en annar eins söngur og hans Árna. Á jóladaginn bar að messa hérna; komu um 20 manns, en enginn gat haldið uppi söng, svo ekkert varð úr messunni. -- Í gær var Hafsteinsstaðafólkinu boðið hingað ofan eftir og skemmtum við okkur með leikjum, dans er nú ekki að tala um. Það vantar músikina og svo megum við sakna suðurstofunnar. Jóhannes frændi -- var í nótt og lét eins og spilagosi. Það var gaman að honum. --

[7] *Elín var líklega á Grafarósi.*

1878

Matthías Jochumsson skrifar Halldóri. E. Briem. 1.1. 1878.

Segir frá grein sem hann skrifaði um nýlendinga, hrósar ritstjórn HB eins og hann segist meina er hann ber hann saman við publikum hans. Kennir í brjóst um HB því landar læri seint að meta vilja.
Ræðir (trúarstefnuna) *sýnóduna vestra.*

Sigríður E. Briem til Páls E. Briem. Reynistað. 13.1.1878.

-- Ég skrifa þér fáar línur, góði bróðir, þótt fáar séu fréttir að segja nema það hefur verið gott veður, bæði í dag og í gær, en þar á móti fjarska hált, svo ég veit ekki hvort það verður messað í dag, en það ber að messa; ekki verður samt spilað á organið þótt það verði messað því Stefán í Litlu-Gröf og kona hans liggja í taugaveikinni. Það væri óskandi að húsfreyjan kæmi ekki hingað, en er samt hætt við að hún sneiði ekki hjá þar sem hún er svo nálægt.

Ég ætla svolítið að minnast á lærdóm litlu barnanna. Jóhanna litla lærir að lesa, skrifa og reikna. Henni gengur miklu betur að reikna dæmi en læra töfluna. Lítið er hún komin áfram í skrift, en ekki veit ég nema hún geti skrifað ykkur til, ef það væri stílað fyrir hana; en að lesa er hún orðin eins góð og Villi í fyrra. Eggert og Villi læra þetta sama, nema hvað þeir læra biblíusögur. Ekki er Eggert farinn að læra dönsku, enda á hann nú að fara til þess.

Nú er Stína komin á fætur og er hún að gera ráð fyrir að koma hingað núna bráðum. --

Vilhjálmur E. Briem[1] skrifar Elínu Briem. Reynistað. 24.1.1878.

-- Mér þykir verst að Jóhanna og Sigga eru búnar að taka allt efnið frá mér, svo ég hef ekkert eftir, en ég ætti samt ekki að vera að kvarta yfir þessu, svo ég get sagt þér af hrossunum. Þau eru 50 á gjöf. --

Sigríður E. Brem skrifar Elínu E. Briem. Reynistað. 24.1. 1878.

-- af afmælisdeginum hans Óla[2] í gær; fyrst um morguninn var hér inni klukkan liðlega 12 súkkulaði og kaffi á eftir og náttúrlega kökur með. Það var eins og í fyrra eytt síðustu kökunum. Þær voru geymdar að gamni, svo um kvöldið kl. 8 bauð F.[3] í stofunni okkur öllum systkinunum upp á kvöldverð. -- Það var mjög stásslegt boðið. Það sátu níu. Svo þegar var búið að borða þá var farið að spila. --

Páll E. Briem skrifar Kristínu E. Briem Claessen. Rvík. 2.2.1878.

Elskulega Stína mín! Jeg vildi óska að guð gæfi að þú yrðir orðin alfrísk þegar þessi seðill kemur til þín. Skelfing hefur það verið hörmulegt að þú skulir hafa verið svona lengi veik.

-- Nú er verið að leika 9. kvöldið í vetur; það var byrjað 19. jan; fyrir leiknum standa margir heldri menn bæjarins og dömur og leika þeir og þær ásamt stúdentum. Fje sem kemur inn fyrir þá á að setja í sjóð fátækum mönnum til styrktar. Það er annars undarlegt að í öðru eins harðæri og nú er, þá er verið að stofna sjóð fátækum til styrktar, en í góðu árunum er ekkert hugsað um þesshättar. Einnig finnst mjer væri eðlilegra að gengi af svoleiðis sjóðum í hörðu árunum, fremur en þeir væru að aukast og magnast. Fyrirtækið er annars hrósvert. Steingrímur Johnsen og Þóra biskupsdóttir og Þóra Jónsdóttir assesors og ýmsar fleiri leika. Leikirnir ganga vel og mjög sótt um að komast í leikhúsið (sjúkrahúsið). Eitt af 3 leikritum er leikið á dönsku; í því leikur Fanný eina piparkellingu og hefur málað blóðrautt andlitið, eins (og) húsið utan hjá ykkur, enda verður hún svo herfileg að undrum gegnir. Siggi var um jólin út í Viðey og var honum tekið mjög vel og jeg fór svo um nýárið og finnst mjer mikill munur á fólkinu þar hjá því sem í fyrra, nema hvað Magnús er, eins og hann er vanur, þumbaralegur. Óla úr Viðey gengur allvel og hefur hann fulla greind á að komast vel fram í skólanum, ef hann nennir að lesa, en heldur er hann latur. Sigga gengur vel. Hann er enn þá sá 2.

Tíðin er hörð og gæftaleysi. Fiskur fæst dálítill suður í Garðsjó. Fyrirgefðu bezta systir. Skilaðu kærri kveðju til mannsins þíns. Kysstu hann litla Eggert og vertu svo blessuð og sæl. Guð gefi að þú verður nú orðin frísk. --

[1] *Vilhjálmur E. Briem (1869-1959) prestur og síðar bankamaður.*

[2] *Ólafur E. Briem (1851-1925). Bóndi á Álfgeirsvöllum og alþingismaður.*

[3] *Frederikke , 31 árs, ný gift Gunnlaugi E.B., bjuggu í suðurstofunni.*

Sigurður E. Briem skrifar Valgerði E. Briem. Rvík, 3.2.1878.

-- Á jólunum fór ég út í Viðey og var þar þangað til í gær. Páll bróðir kom þangað milli jóla og nýárs og urðum við samferða í land; Magnús (Stephensen) var hinn kátasti og segir Palli að hann hafi aldrei verið eins; en ég skemmti mér þar ákaflega vel. Tíðin hefur verið heldur slæmi og á jólunum var 17º frost, en fyrir nokkrum dögum hefur komið hláka og helst enn --

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Grafarósi. 4.3.1878

--Hjartanlega þakka ég þér fyrir tilskrifið og allt það sem þú varst að útrétta með siglingu mína, þú gast ekki betur gjört, og það verður ekki neitt meir um það talað að sinni, bæði vegna þess að, það þykir óþarfi og svo einkum, að pabbi eigi svo bágt með að kosta mig því þó að frændfólkið vildi gefa mér að borða þá er svo mikill annar kostnaður, bæði að komast þangað og fleira.

Ég ætla samt að hugsa til þess þegar Palli er sigldur að biðja hann um að drífa í málinu því ég veit að hann hefur góðan vilja til þess ef það væri hægt, máske að pabbi ætti þá hægra með peninga. Þó held eg að það verði alltaf þessar miklu útgiftir sitt til hvers. Hafðu bestu þökk fyrir það sem þú talaðir um við dóttur séra Jóhanns. Það er þess léttara fyrir Palla þegar það hefur komið til orða áður. Það er máske líka betra fyrir mig þegar Palli er búinn að vera eitt ár utanlands og þekkir allt þá svo vel. Nú sem stendur get ég ekki gjört mér neina von um það fyrr.

Síðan 9. nóv. hef ég verið hjá Stínu systur og kann vel við mig. Hún var á fótum þegar ég kom og var það þangað til eftir nýár; oft var hún mjög lasin, en svo eptir nýár lagðist hún og hefur alltaf legið þangað til nú fyrir viku að hún fór að klæðast. Hún er mjög máttlaus svo að hún þolir varla að stíga í fæturna, aukheldur að gjöra nokkuð, sem henni leiðist mikið; hún hefur ekki þolað að lesa stundum, en nú gjörir hún það ögn og ögn í einu og er nú yfirhöfuð á góðum batavegi. Guð gefi að henni versnaði ekki aptur. Veikindi hennar hafa verið þau sömu og í haust, en þó ekki eins mikil, oft hefur mér leiðst hvað hún hefur verið lasin.

Ég hef verið með drenginn í vetur á daginn og dekkað og svona ýmislegt af þessum kvenmannssnúningum. Ég hef þó alltaf haft nóg að gjöra og ekki lært neitt og svo sem ekkert lesið, ögn þykir mjer það leiðinlegt. Mér veitti þó ekki af að láta mér fara fram til bókar hvenær sem mér gefst tækifæri til þess, en það er ég viss um að verður aldrei hér eða á Reynistað. Það verður að fá tíma til þess.

Vala hefur (verið) hér um tíma og hefur hún verið með Eggert á nóttunni og á víxl við mig á daginn. Hún fer bráðum heim og þá fer ég að vera með hann á nóttunni. Ég vildi að mér gengi vel að vakna til hans. Hann er mjög þekkur nótt og dag og sefur vel á nóttunni. Hann er alltaf frískur og efnilegur og er farinn að standa niðrá gólfi, þó verður maður náttúrlega að styðja hann.

Vala ætlar að skrifa þér um kvennaskólann, svo ég segi þér lítið um hann, nema hann gengur ágætlega vel og kennslukonan var vel liðin og þykir öllum hún ágæt, en hún verður ekki fáanleg nema í vetur. Hver sem verður þar að vetri, en ekki gjöri ég það, sem ég verð líklega ekki beðin um. Ég verð heldur ekki færari til þess en í haust. Ég prísa hamingjuna fyrir að það varð ekki af því í haust, bara fyrir að ég hefði ekki verið fær um það nema með svoddan basli.

Blöndal er hér nú og hefur verið síðan í miðjum febrúar og ekki að ætla hvenær hann fer. Hann sest hér upp umtalslaust. Í haust var hann í brúðkaupi Gunnlaugs og fór þá vestur til bræðra sinna og dvaldi hjá þeim þangað til þetta. Hjónunum þykir hann leiðinlegur setuprestur.

Nú er séra Ólafur í Viðvík sálaður. Hann dó 14. januar og var jarðaður 19. febrúar. Enginn veit með vissu hvað verður um ekkjuna, en hún segir að hún reyni til að vera í Viðvík ef hún mögulega geti næsta ár. Daníel í Viðvík eignaðist son í haust sem heitir Ólafur Dan. Lárus Blöndal fer að Kornsá í Vatnsdal í vor, hann er nú á Stóru-Borg. Um Viðvík er sagt að sæki séra Þorvaldur á Hofteigi. Séra Ólafur á Ríp er trúlofaður Unu á Dýrfinnarstöðum. Jóh. Karl faðir

hennar er mjög vondur yfir því og vill ekki leyfa það, en samt á það að hafa framgang. S(éra) Ó(lafur) þorir ekki að láta Jóhannes vita af sér þegar hann heimsækir hana.

Læknirinn á Borg fer þaðan í vor og hefur hann helst á orði að hann ætli að flytja stofuna sína út í Sauðárkrók. Það verður ekki stórt hús ef hann ætlar ekki að bæta við hana. Ég er nú búinn að tína upp af fréttum það sem ég man og ætla að segja þér ögn um veðrið. Það er nú sem stendur dágott, en mikill snjór. Það hefur verið mjög slæm tíð yfirhöfuð í vetur eins og þú munt sjá af blöðunum.

Ég ætla nú að taka mér lystitúr á morgun. Ég fer nfl. yfir að Reynistað og verð þar 3 daga um kyrrt og verð samferða Páli Sigmundssyni sem ætlar að fara suður og sigla með póstskipinu, því hann ætlar að sigla fyrir Grafarósfélagið til Bergen og útvega vörur og skip. Hann á að koma með það í sumar, í júní.

Í næstu viku er hér fundur eða réttarhöld í hvalmáli, svo pabbi kemur þá hingað úteftir. Ég kem þá með honum

hingað aftur. G(unnlaugur) og F(rederikke) koma líka. Gróflega hlakka ég nú til á morgun að koma heim þegar ég er búin að vera svona lengi að heiman. Hvenær heldurðu að þú getir gefið mér mynd af þér. Ó að hún yrði eins góð eins og myndin hennar Stínu. Það er eins og maður sjái þig sjálfan þegar maður er búinn að horfa á hana stundarkorn.

Skrifaðu mér greinilega hvernig þú hefur það og hvernig þér fellur við íslendinga. Guð gæfi að þér gangi allt vel og kunnir vel við þig. Það má nú geta nærri að þú hefur í miklu að stríða. Stína biður hjartanlega að heilsa þér með þakklæti fyrir tilskrifið. Hún biður þig að eiga hjá sér bréf þangað til hún þoli að skrifa, sem hún vonar að verði með næsta pósti.

Elsku góði bróðir. Ég bið þig nú að fyrirgefa hvað ég hef þetta stutt. Það hefði nú ekki mátt minna vera en skrifa út bréfið, en ég er bæði löt og syfjuð, svo ég fer að hætta þessu illa skrifaða klóri.

Ég kveð þig síðan með óskum allrar gæfu og blessunar um tíma og eilífð og líði þér ávallt sem best fær óskað þín elskandi systir Elín Rannveig Briem

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E Briem. Reynistað. 4.3.1878.

-- Það gleður okkur ósegjanlega að það er ekki annað að merkja en að þú hafir verið jafn huggóður með ferðalag þitt og aðrar kríngumstæður einsog þegar þú fórst heimanað. Það var gaman að þú gast orðið í gildinu hjá tengdaföður mínum, þykir þjer það ekki reffilegur og skynsamur kall.

Frederikke fékk styrk úr dönskum sjóði. Fengu þau fé frá tengdaforeldrunum þannig að baslið. smáliðkast. Þar kemur að við verðum óháðir(jeg meina) föður okkar og skuldakröggum.

Ekki gat eg þegið þann kost að verða kaupstjóri Grafaróssfjelagsins því bæði er til lítillar frægðar að vinna þar, eptir kríngumstæðunum, og svo held eg að fjelagið sje fallvalt og neyðist annaðhvort til að sameinast Gránufjelagi eða gefast upp og að öðru leyti held jeg að jeg fái ekki betri stöðu en vera hjer heima og gæta bús og aðstoða pabba eins og eg hef gjört --

-- meðan hann ekki segir upp, sem getur dregist er hann hefur G. til erfiðra ferða. Embætti og búsk. verður honum erfiður. Ólafur vill ekki annast embættisstörf út í frá. Slæm orð Jóhanns (Briem) frænda í Framfara og eru allir sárir vegna þeirra

-- mætti hann skammast sín að heilsa þjer á slíkan hátt; við erum mjög sár út af því, og finnst að þú komist þarna í nýlendunni einsog inn á meðal úlfa.

Ræðir sjúkdóm Kristínar. Claessen. Maður hennar merkilegur maður í öllu tilliti. Segir frá kvennaskólanum á Ási. Ólafur, sem virðist reikningshaldarinn, tekur 20 kr. á mán. með öllu í skólagjöld og er ekki þakkað af sumum. Stingur upp á efni í Framfara.

Sigríður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 4.3.1878.

Segir frá veikindum Kristínar systur sinnar og að Valgerður systir hennar sé hjá henni á Grafarósi. Segir frá heimilinu og námi sínu í ensku og landafræði.

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri Briem. Grafarósi. 6.3.1878.

Segir af veikindum Kristínar systur sinnar. Faðir þeirra kom til réttarhalda út af hvalreka. Í annað sinn sem málið er tekið fyrir.

-- Það er eins og það sé ekkert gleðiefni að hvalur komi á land.

Kvennaskólinn starfar með sóma; sjóðir hans hafa eyðst svo ekki er framhaldið ljóst.

Páll E. Briem skrifar Kristínu E. Briem Claessen. Rvík. 22.3.1878.

-- Jeg vildi nú bara óska að þessi seðill hitti þig alfríska og glaða; einstaklega mega þessi veikindi hafa reynt á þig, þar sem þau eru svona langvinn. Það gleður mig þó að heyra að hann litli Eggert er frískur og dafnar vel og er efnilegur, þetta er reyndar líkaminn, en augun, spegill sálarinnar, þau benda jafnan á innra manninn, og ef hann heldur dökku augunum sínum, sem hann hafði þegar jeg sá hann í sumar, þá er vel sjeð fyrir honum að því leyti. Arasen á Flugumýri er orðinn kanseliráð, mjer (er) sem jeg sjái kanseliráðið þegar hann fær þessar fregnir. Heldurðu fólkinu hans þyki eigi svolítið vænt um þetta?

Það eru margir sem sækja um Viðvíkurbrauðið, en það er talið víst að Páll[1] prestur á Tjörn í Svarfaðardal fái það. Stefán á Glaumbæ fór hingað suður, eins og þú veist, og ætlaði að sigla með póstskipinu, en nú fjekk hann brjef frá Sveinbirni Jacobsen um það að hann ætli að senda skip með tilbúið hús á Sauðárkrók, svo að Stefán

[1] *Séra Páll Jónsson (1812-1889) prestur og sálmaskáld síðast í Viðvík í Viðvíkursveit í Skagafirði.*

verður að fara heim aptur að láta byggja kjallara og undirstöðu undir húsið og útvega smiði. Hvernig heldurðu að Popp verði þegar hann sjer í vor rísa upp við hliðina á sjer 30 álna langt hús og 13-15 að breidd? Stefán er hinn vonbezti með þetta.

Nú er bjargarvandræðunum á Suðurlandi lokið, kominn allra bezti afli; og ef fjárkláðanum er linnt á þessum vetri og hann útdauður, þá er þetta sannkallaður heilla vetur fyrir Suðurland, þó að veturinn sje í harðara lagi, að því er veðráttuna snertir.

Jeg fer nú að slá í botninn og bið þig að fyrirgefa. Jeg bið kærlega að heilsa manninum þínum og litla Eggert. Jeg bið líka að heilsa Lárusi. Jeg óska þjer góðs og bráðs bata og allra heilla í bráð og lengd. Vertu sæl. --

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 22.3.1878.

Þeir Páll hafa ekki enn fengið að sjá Framfara hjá séra Matthíasi. Er stöðugt í láni, gengur milli höfðingja. HB sagði að líkega væri ekki mikið kennt í nýju málunum. Er það rétt. Kennari í frönsku, Sigurður Jónasson, fer úr einu í annað. Enska gengur lítt betur. Þeir Páll bróðir hans fóru í Viðey og voru við útför Ingibjargar Magnúsd. Stephensen frænku þeirra (sem dó fjögurra ára úr barnaveiki). Kvennask. gengur vel. Framtíð skólans er óviss.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 22.3.1878.

-- Nú fer að síga að því, að jeg fer að segja skilið við tímakennsluna í skólanum, því að við fáum upplestrarfríið fyrst í apríl. Jeg verð feginn að losast við alla þá kalla þar, Jón Þorkelsson,[1] fyrstan á blaði. En svo er nú prófið, það er nú þyngri þrautin; jeg hef heyrt því fleygt, að við dimittendar ættum eigi að ganga upp fyr en í júlí, og er það leiðinlegt að vera að draugast hjer fram í júlí, en þetta á að vera trygging fyrir uppköstum. Ekki er Jón Þorkelsson vinsæll orðinn; kennarar tala valla við hann nema ónot. Stiftsyfirvöldin fyrirlíta hann og piltum er illa við hann. Í jólafríinu var harðbannað að nokkur fengi lengur leyfi en til kl. 12 á kvöldum (vissum), en annars til kl. 11. Þetta líkaði heimasveinum afar illa, skrifuðu til stiftsyfirvalda og báðu um að lengja leyfið; þau gjörðu það að rektor fornspurðum; varð rektor þá afarillur í skapi og hafði jafnvel við orð að hann gæti haft það fram, að forgöngumanni til þessa yrði vísað brott. Annað var það hjer nýlega. Svo vildi til að 4 castringar fóru herför inn í 1. bekk, gjörðu þeir þar allmikið skurr, og tókst þá svo óheppilega að inspectorinn í 1. bekk varð fyrir allstóru höfuðhöggi og kom á hann kúla; en hann vildi eigi hafa það bótalaust, því hann reiddist ákaflega, ákærði hann fyrir Jóni Árnasyni, en hann vísaði málinu frá sjer og til rektors. Rektor kom þá þegar ofan á gang og var ofsareiður; hitti hann Gísla Guðmundsson inspector 2. bekkjar út á gangi, greip rektor þegar í axlir honum, og bjóst að berja hann, barst leikurinn svo inn í 2. bekk, rektor skipaði Gísla að nótera þessa 4, en Gísli neitaði, fjekk honum kathederlykla og afsalaði sjer inspectorsdæmi; þá fór rektori að renna reiðin, gekk hann þá fyrir hvern mann í bekknum og bað hann að vera inspektor, en enginn vildi; kvaðst rektor þá geta geymt lyklana til morguns, en málið vænkaðist ekkert fyrir það; lauk svo að hann mildaði sig fyrir castringum og sagðist hafa orðið reiður; Gísli tók aftur við inspektorsstörfum móti því að rektor nóteraði engan, síðan kvaddi rektor þá með virktum. En sneypuför þótti þetta orðið hafa í skólanum. Þú ættir bara að heyra hann Steingrím Thorsteinsson tala um rektor núna.

Ekki hugsa piltar um pólitík; ekki er heldur nærri því eins mikil dansáfergja eins og verið hefur áður. Piltar hugsa mest um að rita og semja ritgjörðir sín á milli. Það þótti mjer t.d. góður vottur að það væri nær í einu hljóði ákveðið að hafa rall á fæðingardag konungs, en ella ef rektor og stiftsyfirvöld settu sig á móti því, ekkert. Bókvísi er líka mikið að aukast, að því jeg hygg, það eru margir í skólanum sem lesa talsvert fyrir utan fögin og halda góðverk t.d. Cantu, Lübkes kunsthistorie, Schiller, Göthe, Runeberg.

Nú er Egill Jónsson bókbindari dáinn svo sem þú sjerð af blöðunum, en piltur, sem var hjá honum, að nafni Kristján Þorgrímsson[2] ætlar að halda áfram bókaverslun Egils, gefa út bækur eins og hann osfrv. Hann hefur landfógetann og Jón Pjetursson fyrir ábyrgðarmenn.

Eptir að þú varst farinn, kom jeg til Þrykks (?) og bað hann um kennslubækurnar, sem þú sagðir að jeg skyldi fá frá Agli, en Einar þvertók að láta mig fá nokkra bók, nema jeg hefði fullmakt til þess, en hana hafði jeg enga. Svo þær fjekk jeg eigi.

Með seinasta pósti skrifaði jeg Gunnlaugi bróðir um það, að hann skyldi taka allt upplagið af kennslubókinni af Einari og klára reikning þinn við hann, því að ef hann hefur eitthvað fram yfir skuldina (fyrir það sem hann hefur selt eða mun selja af bókinni) þá er Einar vesti maður á að borga. Gunnl. hefur fallizt á þetta. Jeg hef fengið Kristján Þorgrínsson til þess að klára reikninginn við Einar, svo Gunnl. þurfi eigi að borga honum einn skilding og verði svo Kristján aðalbóksölumaður að kennslubókinni, og borgaði þjer eða Gunnl. árlega andvirði hennar, þegar hún væri búin að borga þetta, sem hann kann að þurfa að borga Einari.

[1] *Jón Þorkelsson (1822-1904) rektor.*

[2] *Kristján Ó. Þorgrímsson (1857-1915), bóksali, leikari o.m.fl.*

Kristján Þorgrímsson er allra vandaðasti maður, en vill fá sjer forþjenustu. Steing. Thorsteinsson heldur mikið uppá hann o.fl. Hann er ekki heldur neitt fátækur (á talsvert til) svo þú mátt eigi ætlað að þetta sje neitt lausungarhjal fyrir mjer. Þess vegna langar mig til að biðja þig að láta mig fá fullmakt frá þjer, sem fljótast. Þú getur helst stílað uppá Kristján Ó. Þorgrímsson bókbindara í Reykjavík og jafnvel líka til mín, svo jeg geti brúkað hverja sem jeg vil eptir því hvernig Einar er, þannig að við tökum bækurnar af Einari en klárum reikningana hans við þig. Það er og áríðandi að fá <u>nákvæmlega tölu bókanna, sem upp voru lagðar</u> til þess að Einar geti eigi dregið neina undan. Kristján vill hafa 25% af kennslubókunum og kannski einhverjar í þokkabót ef nokkur drífur í útsendingu á þeim og sölu. Þá gjörir hann það, svo þær verða eigi mjög lengi á leiðinni. Jeg skrifa Gunnl. og bið hann líka að gefa mjer fullmakt. En ef þetta gengur fyrir sig vel, hvað heldur þú að þú segðir um það, að láta Kristján hafa kennslubækur fyrir Cantu, sem mig langar mjög til að panta hjá honum; þetta er mjög stór bón, bezti bróðir, en með þessu mótinu verður það einhvern veginn ljettbærara að fá sjer dýra bók (um 50 kr.); allt segist Kristján skuli borga í peningum upp í topp, er seljist af kennslubókinni. Í sumar heyrði jeg á þjer að þú myndir eigi hugsa svo mikið um Hróa hött (handritið af útleggingunni) svo jeg fór að færa þetta í tal við Kristján hvort hann myndi eigi vilja gefa hana út; hann var mjög fús á það, og bað mig að gegnumgangast þetta við þig; jeg sagði honum, að þú myndir eigi verða dýr á henni, t.d. ef þú fengir svo sem 40-50 exempl. til Nýja-Íslands, þá mundi það vera nóg borgun.

Segðu mjer álit þitt um þetta og hvort jeg má fá Kristjáni handritið í hendur, hvort það má vera undir þínu nafni sem þýðara osfv. Skrifaðu um þetta svo fljótt sem þú getur. Um kennslubókina áður en Díana fer frá Skotlandi, sem verður um þann 10. maí, eða þá seinna með öðru póstskipi. Því að Kristjáni rýður á því, ef þetta gengur, að senda hana út með Díönu.

Síra Ólafur í Viðvík andaðist 14. jan.; síra Páll á Völlum í Svarfaðardal er talinn sjálfsagður eptir hann til Viðvíkurbrauðs. Sveinbjörn Jakobsson sendir skip snemma í vor með tilhöggvið og smíðað hús til Sauðárkróks. Stefán í Glaumbæ verður factor. Ingibjörg litla yngsta barn Magnúsar í Viðey dó fyrir liðugri viku úr barnaveikinni.

Óla litla gengur eptir vonum í skólanum. Siggi er alltaf annar að ofan í 1. bekk. Eiríkur bróðir eignaðist dóttur í vetur, sem var vatni ausin og nefnd Guðlaug.[1] Mýrdal er að reyna að koma "Skin eptir skúr" á prent, en gengur eigi vel.[2] Í vetur voru leikin 3 leikrit, öll illa valin, eitt af þeim á <u>dönsku!!!</u> Þar ljeku stúdentar með. Stúdentar eru ógurlegar nátthúfur og hvítir sem mjöll.

Svo hefur kunningi minn sagt mjer að þú værir trúlofaðir; kvaðst hann hafa sannfrjett það frá Ameríku. Hann bannaði mjer að nefna nafnið; en hávaxin er hún, unnustan, ef það er satt sem hann sagði mjer. Segðu mér hvort nokkur tilhæfa er í þessu, og farðu eigi með mig eins og Eiríkur bróðir, þegar hann ljet mig frjetta það á skotspónum, manna síðast, að hann væri trúlofaður Guðrúnu. Jeg segi engum frá því ef það á að vera launungarmál. Jeg óska þjer til hamingju ef það er satt, því stúlkan er myndarleg og góð stúlka í alla staði.

Fyrirgefðu nú allt rausið. Vertu alla tíma guði falinn besti bróðir. Þinn elskandi bróðir Páll Briem

Elín á Miðfelli[3] biður að heilsa þjer kærlega og biður þig að virða viljann fyrir verkið með innlögð bönd. Ekki er jeg farinn að sjá Framfara enn, því að síra Matthías hefur hann alltaf í lánum út um allan bæ.--

Valdimar Ásmundsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 23.3.1878.

Þakkar skemmtilega samfylgd að norðan. Slæmt að hitta ekki HB áður en hann fór norður. Er kom til séra Matthíasar var skipið farið. Ætlaði að borga skuld við HB. Segist hafa verið hér í vetur, lært minna en vildi. Sig. Jónasson hefur sagt honum til. Hann skilur orðið léttar franskar bækur, lítil framför í ensku. Veit ekki hvað gerir í framtíðinni, fjárskortur hamlar. Helst að hugsa um að fara til Ameríku, verða samferða séra Jóni Bjarnasyni. Biður HB að kynna fyrirætlun sína fyrir JB. Fer austur í brúðkaup Jóns Ól. sem hefur boðið honum að koma. Kvæði eftir V.Á. kemur í Skuld. Allt í doðadúr á landinu. Bréfið til Íslendinga frá Íslendingi er einstakt. Gæti kannski vakið framfaramenn til umhugsunar um stjórnmál. Líkar illa í Rvík,, ekkert félagslíf, sundurlyndi, viðsjár. Framfaravilja sé svarað með háði og engin hjálparhönd rétt.

Matthías Jochumsson skrifar Halldóri E. Briem. 24.3.1878.

Annir ætla hann að drepa. Lesið Framfara HB, segir hann skrifa skarpt og einarðlega. Spursmál hvort Páll[4] komist ekki fram úr ykkur, þessi synodupostuli. Ræðir grundvallaratriði boðunar trúar og segir HB ekki sálusorgara heldur kennara þ.e. ritstjóra. Treystir HB að fást við Pál. Þorskurinn kominn aftur,

[1] *Guðlaug dó tveggja ára.*

[2] *Jón Mýrdal (1825-1899). Skin eftir skúr kom ekki út fyrr en 1960.*

[3] *Elín Gísladóttir (1856-1940) frænka þeirra frá Reynivöllum Átti Eggert bónda Einarsson frá Miðfelli í Kjós.*

[4] *Hér mun átt við séra Pál Þorláksson sem var prestur vestra.*

kominn að endurfæða þjóðina -

-- og hittir þar vinur vin. Ég gleðst að sjá sultinn horfinn, hryggist af að sjá sálarsultinn eftir sem áður í augum manna. --

Tryggvi Gunnarsson skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 4.4.1878.

Þakkar bréf og óskar heilla með „ritstólinn“*, fjörugur og efnil. ritstjóri. Þykir hann leika (séra) Pál (Þorláksson?) hart. vonar að blaðið verði ekki trúardeilublað. Ekki á skoðun Páls, þekkir hann sem vandaðan pilt. Í blöðum kom frétt um hungur í nýlendunni. Þykir slæmt að byrja að betla þegar stjórnarlánið er búið. Ræðir erfiðleika í verslun. Ekki tókst að sameina Grafarósfél. Jón Sig. alltaf lasinn. Hefur selt blöð af Framf.*

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 15.4.1878.

*Segir frá erfiðri ferð og slæmsku í hné. Sendir grein sína úr Budstikken sem betlimenn hneykslast á. Séra Páll fermdi hér 3 börn. Einu þeirra ”rændi” hann frá J.B. Gefur HB trúarl. leiðsögn í einhverjum erfiðleik*um.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 24.4.1878.

-- Okkur líður vel, nema hvað ég er farinn að gefa mig, þó aldurinn sje ekki meiri en þetta. Jeg er fæddur 15. okt. 1811.

Segist vera að gefa sig. Minnist á grein H.B. í Norðlingi sem vakið hafi andmæli. Biður hann fara varlega þó hann vilji ekki draga kjarkinn úr honum. Leiðbeinir hvernig H.B. geti gert lýsi sér til heilsubótar. ÞakkarFramfara og þykir góðar athugasemdirnar við grein Páls Þorlákssonar en þykir sumt smekklaust. Þá ræðir hann andmælagrein séra Björns í Laufási við grein H.B. Vill ekki draga úr honum kjark en vonar að hann fari varlega í bardaganum -

-- svo þeir fái ekki höggstað á þér.--

Ræðir enn lýsisgerð og gefur ráð sín og Ingibjargar um notkun þess við einhverju sem amar að Halldóri.

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 24.4.1878.

Skrifar um ferð hans og mikil ferðalög vestur um heim. Slæmt að hann skyldi ekki hafa fé til að heimsækja (Jóhönnu föðursystur í) Bielefeldt. Allir gleðjast yfir hve vel tekið á móti honum. Segir af kvennask. og fjáröflun skólans (fjárframl. einstakl. og tombólur). Ræðir loflegt starf Eggerts Gunnarss. þeirra f. skólann. Að reyna að fá Eyfirðinga og Skagf. til að sameinast um skóla.

-- Það er fagurt af honum og hann á miklar þakkir skilið af kvenfólkinu.--

Segir þeim heima þykja leiðinl. að hann sé orðinn ritstj. Framfara, ekki prestur, sem ætlað var. Ritstjórar geta ekki gert svo öllum líki. Síðast fékk HB á sig mikla grein frá séra Birni í Laufási:

--..ritstjórarnir verða að venja sig á *koldblodighed*. --

Segir það vegna svívirðinga um Tryggva og Jóhann Briem. Ræðir sölu á Framfara á Íslandi.

Kristín systir þeirra er á batavegi, kom þangað í heimsókn, einnig að Flugumýri og Glaumbæ. Ís að reka út fjörð, fólk orðið hey- og matarlítið.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 24.4.1878.

-- Mjer þykir Sra Björn í Laufási rjetta að þjer, það er vandi að skrifa svo hógværlega en þó með fullri meiningu að ekki verði hártogað og þessvegna hefir mjer þótt opt betra að þegja; þó skrifaði eg í Norðanfara svar undir nafinu. “Skagfirðingur vestan Hjeraðsvatna” gegn slettunum um söluna á Sauðárkrók í haust. Eg veit að þú forðast að æsa menn uppá móti þjer og kemur sannleikanum svo við að þeir sannfærist, en espist ekki af biti hans. --

-- Ekki eru allir Íslendingar sem fóru til nýja Íslands orðnir að Guðs englum þó þeir hafi sloppið undan kúgun etc. hjeðan, því svívirðilegar skammir hafa þeir einhverjir skrifað um Tryggva og Jóhann Briem. --

Ræðir sölu á Framfara á Ísl. Almennar fréttir af veðri búskap og heilsuf. og að Kristín systir þeirra sem legið hefur sé orðin hress

-- *(Kristín)* hefir riðið hjer fram eptir. --

Eiríkur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Steinnesi 25.4.1878.

Ánægður með Framfara og sögu Jóhanns frænda þeirra Briem sem verður einhvern tímann merkil. Segir frá stjórnmálum en fullmikið sagt í blaðinu af lagadeilum. Biður um kort yfir nýlendurnar. --

Er ekki Gimli rangt sem nefnifall. Er það ekki Gimill.

--Er að vinna í ættfræði og rakningu og er búinn að skrifa hátt í 2 þús forfeður þeirra hjóna og er bara skammt kominn.

-- Hvettu menn í nýlendunum að gleyma eigi ættum sínum. --

Séra Jón Bjarnason til Halldórs E. Briem. Gimli, 27.4.1878.

Segir frá drukknun Jóns Sigurðss. frá Leiti, biður H.B. jarðsyngja hann þar sem hann geti ekki farið frá fermingarbörnunum. Biður hann HB um huggunarorð til ekkjunnar sem fyrr hafði misst tvo menn. Biður HB leysa vandamál í kringum fermingu tveggja barna. Segir veikindafrétt af föður sínum og hugsanl. heimferð til Ísl.

Sigurlaug Guðlaugsdóttir skrifar Susie Briem. Steinnesi. Apríl. Líklega sent 1878.

Bréfritari býr í Steinnesi. Virðist húsmóðirin þar eiga við þunglyndi (sinnuleysi) og höfuðverk að stríða. Búið að senda suður eftir prestinum (séra Eiríki). Von um bata er hann kemur. Ef hann hefði verið heima hefði hún vart veikst. Gamla frúin (móðir Guðrúnar, Guðlaug Guttormsd.) kemst vel af. Maddaman liggur í stofu og tvær yfir henni dag og nótt. Nefndar þær konur sem eru yfir henni. Yfirsetukona komin. Segir ekki sé til neins þó þið komið henni til skemmtunar. Læknir segir henni fari batnandi.

Páll E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 5.5.1878

-- Jeg þakka þjer af alúð brjef með pósti; hann kom snemma í morgun og mátti eigi tæpara standa að því er póstskip snerti því að það lagði af stað fyrir kl. 3. Jeg gat þó komið brjefum til Halldórs í það. Jeg held það hafi orðið að áhrínsorðum það sem þú skrifaðir mjer um ísinn að sunnanstormur kæmi; eptir veðráttunni hjer að dæma; síðan fyrir páska hafa hjer verið þýðir vindar og hitar, hlákur og sólskinsdagar. Jeg vildi bara að það væri eins fyrir norðan, þá er jeg ekkert hræddum um að allt gangi eigi vel fram; fje og hesta og kýr.

Mikið hefur að öllum samtöldu veturinn verið harður fyrir norðan að Holtsmúlafólk skyldi þurfa að fara að láta út kýr sínar; og hætt er við að fleiri sjeu á líkum vegi staddir.

Það er haldið mikið upp á sumardaginn fyrsta af stúdentum og skólapiltum og svo ýmsum fleiri. Tjald stúdenta, með hvítum fálka á feldi blám dregnum á stöng, var reist á glímuvelli suður á melum. Söfnuðust hinir yngri menn óspart að og neyttu þar í fullum mæli þessara þriggja munaðarvara, kaffi, víns og tóbaks. Alt gekk þó vel og siðsamlega fram; voru skálar drukknar óspart og ræður haldnar og sungið þess á millum. Veður var hið bezta og blíðasta sem jeg man, og eptir því sem hefur vorað síðan, þá átti maður sannarlega að fagna sumri. Okkur bræðrum líður bærilega, jeg er nú farinn að lesa undir dimissión. --

Páll E. Briem skrifar Krístínu E. Briem Claessen. Rvík. 5.5.1878.

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir tilskrifið með pósti; hann kom í morgun (kl.6) og mátti eigi seinna vera því að pósthúsi var alveg lokað kl. 11 fyrir brjef með póstskipinu (það fór kl. 3 í dag). Var rjett með herkjum að jeg gat fengið pakka að heiman sem brjef til Dóra var í, því að þeir fengust eigi almennt fyr en klukkan var 4 í dag. Þá gat jeg eigi fengið þitt brjef fyr en svo seint að jeg gat eigi sent Dóra sjerstaklega kveðju frá þjer.

Nú er Halldór farinn að rita Framfara; eru í honum margar góðar greinir að því er mjer þykir. Halldór má standa í mesta stímabraki við Pál prest Þorláksson út af trúarskoðunum og, án þess jeg sje nokkuð partískur, finnst mjer Halldór vinna algjörðan sigur. Hann skrifar mjer að allmargir hatist við sig út af þessu máli þar í nýlendunni, en svo er um alla sem vilja koma einhverju til leiðar, góðu og þarflegu. Mjer dettur í hug Sokrates eða þann sem er öllum æðri. Án þess jeg sje að bera Halldór saman við þá.

Halldór segir mjer að í Nýja Íslandi væri gott að vera ef allir væru góðir menn, en því er nú miður, að hjer er margt ruslið, segir hann. Þetta held jeg sje fullur sannleiki, þetta er rusl sem hjeðan fer og eigi von á að það verði annað þó það fari til Ameríku. Ef Halldór ætlar að gefa sig út fyrir söfnuðinn þá má nátturlega laga og bæta hann, en það verður eigi á skömmum tíma.

Hörmulegt er það hvernig barnaveikin er í Viðey; það er eins og þau sjeu skotspónn hennar börnin þar.

Ingibjörg litla, svo einstaklega efnilegt barn, dó úr henni í vetur, og nú rjett nýlega dó Eiríkur[1] litli úr henni, og hvað sem gáfum hans leið þá var hann efnilegt barn og þeim foreldrum hans þótti mjög vænt um hann. Við Siggi förum þangað á morgun og verðum við jarðarför hans, síra Jóhann heldur ræðuna.

-- Tíðin hefur verið yndislega góð síðan fyrir páska. Konungsrall (ekki ball) var haldið á venjulegum tíma og gekk það allt með friði og spekt og heldur skemmtilega. Minnin sendi jeg. Einar Hjörleifsson og Jónas Jónasson frá Tunguhálsi[2] orktu. Þau eru lagleg en ljeleg.

Sömuleiðis var haldið einskonar rall í "*Tjaldi stúdenta*" suður á Melum, var það skemmtilegt, en drukkið heldur mikið upp á síðkastið. Jeg þekki það reyndar nær ekkert af eigin reynd.

Alveg þykir mjer það rjett að reyna að halda skagfirska kvennaskólanum við ef með nokkru móti er hægt.

Jeg fer nú að hætta. Óska þjer fyrst til hamingju með það að þjer er farið að batna, síðan gleðilegs sumars og alls annars góðs. Jeg bið kærlega að heilsa manninum þínum, litla Eggert með bláu augun dökku og Lárusi Tómassyni.

Vertu svo sem bezt kvödd af þínum elskandi bróður Páli Briem

Fræið hef jeg fengið; kostaði lóðið 25 a. 6 lóð 1,50, íslenzkt gulrófufræ. Vertu sæl.

1. heftið af uppdráttum Sigurðar málara er komið hingað upp til Óla Finsens, en það má enginn vita; ekkert fæst og ekkert verð komið á það; annars skyldi jeg senda þjer eitt.

Valgerður E. Briem. Reynistað. 20.5.1879.

-- Sýningin fór fram í gær og var ágætlega gaman að henni. Það var eitt stórt tjald, sem stóð á slétta fletinum hinumegin við ána út og vestur frá réttinni. Veðrið var yndislega fagurt og fjöldamörg flögg uppi, svo það var mjög fagurt, bæði á staðnum og líka að horfa þangað. Við þóttumst illa leikin að Gunnlaugur skildi fálkann *(eftir)* og þar til (*heyrandi*) og með hann kom Jón ei fyrr en nóttina áður sýningin átti að verða --

Kristín E. Briem Claessen til Halldórs E. Briem. Grafarósi. 30.5.1878.

Mestallan vetur verið í rúminu og ekki getað skrifað. Nú að mestu jafngóð aftur. Eggert (f. 16.8.1877) er heilbrigður og stór.

Hefur séð bréfið til Páls og sýnist af því sem HB felli sig ekki við þá stöðu sem hann sé kominn í. Ímyndar sér lífið fari ekki að ganga honum í hag fyrr en hann fer að halda hús og fái góða og skemmtil. konu. Leggur sig fram um að sannfæra hann. Líkar, eins og öllum sem lesið hafa, vel við Framfara. Fegin að hann láti ekki séra Pál (Þorláksson) eiga neitt inni hjá sér. Samt vildi hún að deilur og flokkadrættir hefðu ekki gerst.

Ekki furða þótt Íslendingar, sem eru daufir í trúarefnum, láti ginnast eftir allt staglið sem þeir hafa heyrt úr predikunarstólum, án lífs og kraftar. Fannst ólíkt að heyra presta í Khöfn þar sem allir fylgdust vakandi með prestum.

Góð grein séra Jóns Bjarnas. í Norðanfara þar sem hann talar um séra Pál og óskar að slíkt hið sama dyndi á hverjum degi yfir alla fyllirafta af prestum í landinu.

Segir frá fundi í Ási um kvennaskólann og niðurstöður um að hafa hann á Hjaltast. Segir skólann hafa gengið vel, kennslukonan reynst vel. Von um að Elín verði ráðin.

Claessen ekki heima hann flaug á stað er sást til Díönu.

Valgerður E. Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 30.5.1878.

Lýsir veðurfari, farið að grænka, en allt blómlegt orðið hjá honum, samt eru menn þar ekki ánægðir.

Erfitt að finna stað á jörðu þar sem ekki má finna að.

Ís legið við land og hamlar skipaferðum. Diana átti að koma 25.5., þá hamlaði ís. Svo kom sunnan stormur og ísinn dreif út, Diana notaði færið, kom, var afgreidd, fór. Mátti ekki á tæpara standa; litlu seinna kom ís aftur. Tryggvi (Gunn.) var með og átti að sameina verslanirnar, þá var ekki mikið að sameina, er reikningar voru skoðaðir átti félagið varla f. skuldum.

---

[1] *Þetta munu hafa verið börnin Eiríkur og Ingibjörg Stephensen börn Magnúsar bónda í Viðey Stephensen og konu hans Áslaugar Eiríksdóttur Stephensn, ná frænku Páls Briem og þeirra systkina og var náið samband við Viðeyjarfólkið, eins og oft kemur fram í bréfasafninu.*

[2] *Einar H. Kvaran (1859-1938) rithöf./skáld og séra Jónas Jónasson (1856-1918), þjóðsagnasafnari, kenndur við Hrafnagil.*

Diana kom með heilmikið af krami til Popps, ekkert matarkyns nema kaffi, ef nefna má það svo. Mamma þeirra

-- biður þig að gá að því að þú látir *(ekki)* hanka þig. --

Vonar honum gangi vel og reyni ekki um of á sig, fái hjálp. Segir frá veikindum séra Magnúsar (Thorlacius á Reynistaðarklaustri). Muni ekki lifa af nema með reglusemi. Segir af kvennaskólanum sem flytji frá Ási að Hjaltastöðum. Komi Elín systir þeirra að honum.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 13.6.1878.

-- Nú fer Siggi að fara bráðum, hann verður nú fullgilt bréf frá mér því hann getur nákvæmlega sagt allt um mína hagi.

Hvernig sem fer fyrir Díönu þá þorði ég eigi fyrir nokkurn mun að láta Sigga fara með henni. Ég pantaði plássið hjá Óla Finsen undireins og hún kom, en hann afréð að öllu leyti að láta Sigga fara með henni, þá pantaði ég það, en hætti svo við þegar póstur kom og sagði jafn mikinn ís og var þegar Díana kom að norðan.

Óli Finsen sagði mér að ef Díana fyndi nokkurn ís fyrir sér við Horn, þá yrði Siggi að sætta sig við að vera settur á land á Ísafirði eða á Seyðisfirði og borga samt jafnt og hann kæmist alla leið. Kapteini dytti eigi í hug að fara inn á þá höfn er hann sæi ís í nánd við. Díana hefði skemmst talsvert í þessari ferð og hann ætlaði eigi að leggja út í aðra eins hættu og í seinustu ferð. Þess vegna vildi ég ekki eiga Sigga, kannski staddan í þeim vandræðum að vera settan á land á Ísafirði eða Seyðisfirði. Heldur baslast einhvern veginn með hest handa honum.

Ég fór að halda spurnum um kostnað stúdenta við háskólann. Var mér skrifað að ég myndi komast af með 15-20 kr., en nokkuð meira meðan ég væri að setja mig í stand, því að *möblur* verða stúdentar sjálfir að sjá sér fyrir og þesshátta dóti einhverju. Ferðina til Hafnar fæ ég endurgolna frá hvaða höfn sem ég fer, hérumbil tveim mánuðum eftir að ég er þangað kominn. Ég verð að vera kominn til Hafnar í lok ágúst, annars fæ ég eigi styrkinn þetta ár (það eru 40 kr. á mánuði). Mér er ráðlagt að hafa eigi mikið af utanhafnarfötum að heiman, því að þau þurfi að vera eftir móðinum. Þar á móti skuli ég vera byrgur af nokkrum nærfötum etc. Slafrokk[1] skuli ég hafa að heiman úr gráu vaðmáli eða svoleiðis, því að þeir spari föt mikið. Ég þarf að hafa manduktör,[2] hann þarf 12 kr. á mánuði (af þessum 15). Mér er og ráðlagt að fá hjá þér, ef þú megir missa (bókina), *Forordningar Skow*, því að þær séu mjög dýrar. Brúkað exempl. 120-130 kr. Þetta eru þær helstu upplýsingar sem ég hef fengið (um) fjárhaginn þar ytra. --

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 17.6.1878.

Ræðir einhvern vanda við blaðið, biður HB halda sínu striki og sjálfstæði. Tveir menn hafi farið til Dakota en komið aftur þar sem þeim líkaði ekki landið. Haldinn var safnaðarfundur. Fékk söfnuðurinn nafnið Steinkirkjusöfnuður. Segir frá safnaðarstjórn.

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 23.6.1878.

Ræðir væntanl. útgáfufund o.fl. viðvíkjandi Framfara. Einnig séra Pál og nýlenduna. Segir mr. Taylor hálfvitlausan og sagði um daginn að stjórnin ætlaði að stinga Þorlákssyni inn fljótl.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Staddur á Miðfelli[3] 3.7.1878.

-- Nú er jeg kominn hingað, jeg kom í nótt kl. að ganga 3, var jeg orðinn harla leiður á sjóferðinni. Jeg stóð mig vel með sjóferðina og sjósóttina fyrstu 2 klukkutímana, en þá var talsverð undiralda, en er svo var komið, þá sprakk blaðran og var jeg að æla í einn hálftíma, en úr því var jeg góður og frískur alla leið. Þó leiddist mjer mjög mikið, af því að logn var nærri alla leið, en blessaðir bændurnir svo hræðilega latir að róa. Við lentum á Kalastöðum næsta bæ hjer fyrir framan, þar fengum við horaðar tindabikkjur. Eiríkur[4] var sívolandi, því að klárinn hans var enn verri en minn.

Efni brjefsins var annars það að biðja þig að borga Ólafi[5] söðlasmið 20 aura og fara til maddömu Blöndal[6],

---

[1] *Sloppur.*

[2] *Leiðbeinandi.*

[3] *Í Hvalfirði á leið norður.*

[4] *Eiríkur Briem bróðir Páls.*

[5] *Ólafur Eiríksson frá Áhrauni, mikils metinn söðlasmiður. Fór til Ameríku.*

[6] *Sennilega Guðrún Sigfúsdóttir Blöndal frá Auðkúlu, kona Björns Blöndal íþróttakennara. Þau voru foreldar dr. Sigfúsar og Sigríðar í Stafholtsey.*

þjónustu minnar, og fá hjá henni beisli og písk; jeg gleymdi því og mundi eigi eftir því fyrr en jeg var kominn út á móts við Effersey. Nú kemur mjer það mjög illa. Reyndu að finna Daníel Ólafsson[1] frá Viðvík, bróður Sigurðar læknis; hann heldur til hjá Magnúsi[2] snikkara. Hann fer nú um helgina og blessaður láttu hann ekki sleppa. --

Lára Pétursd. Guðjohnsen Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 15.7.78.

Ræðir 11. tbl. Framfara, telur upp greinar sem fellur og aðrar sem henni fellur síður við. Segir frá umræðum um Framf. - vonsku út í meinlausa grein. Er hefði farið að ræða málið lækkaði rómur. Aumt ástand, líka á Ísl.

-- Getum við nokkurntíma vonast eftir að lifa það að sjá verulega framför í anda og hugsunarhætti; og þá líka veraldlega framför? --

Biður H.B. um smáfrétt í Framfara, sem geti vakið áhuga á Íslandi. Bendir á ýmislegt efni t.d. um hús og bússtjórn.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Reynistað. 17.7.1878

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir brjefið -- og samgleðst þjer svo hjartanlega með það er þú færð frá biskupi. Þó er jeg alveg á þínu máli með það, að skemmtilegra hefði verið, ef hann hefði viljað lána þjer ótakmarkað til siglingar, viljað hafa endurgjald og veð fyrir skuldinni. Lítið er þetta að fara með, en sparsemin getur margt gjört, sem eyðslusemin getur eigi skilið. Svona fór það, jeg er ánægður með það að nú ferð þú, en hinsvegar er jeg óánægður með hvað þú hefur lúalegan styrk. Skilur þú nokkuð í Johnsens-bræðrum, að láta ekkert úr neinu verða, en vera að gaspra um eitthvað þesháttar í vetur, og vitandi að þú hlytir að frjetta það. *Ora pro nobis*,[3] jeg er eigi alveg kominn inn í málið, en svo mikið er jeg viss um að allt gangi mjög vel. Samfagna jeg og óska að allt gangi svo vel sem jeg get óskað.

Ferðin gekk vel norður, en talsverðar voru tafirnar. Jeg hitti Ásgeir morguninn eftir að jeg var á Miðfelli. Svo var jeg honum samferða þann dag og vorum við um nóttina í Hvammi, síðan fórum við yfir Holtavörðuheiði, en er kom ofan í Hrútafjörðinn þá skildum við. Jeg og Eiríkur fórum út að Bæ og vorum þar þangað til fram á miðjan dag daginn eftir og náðum um kvöldið að Staðarbakka, síðan að Steinnesi, þá að Auðkúlu og loks heim. Hef jeg verið hitt og þetta að gera síðan jeg kom heim og haft nóg að gera, ef jeg hef eigi verið að gera eitthvað til heimilisþarfa, þá að skrifa fyrir pabba. Þennan eftirmiðdag ætlaði jeg að rita þjer rækilegt brjef og bera ritgerðina vel niður í kjölinn, en þá kom Ólafur Simsen, og hefur enginn verið heima annar en jeg, sem hefur getað skemmt honum, jeg hef því engan tíma haft til þess. En nú fór hann að sofa, svo þá greip jeg tækifærið til að hripa þjer fáeinar línur, og er jeg þó orðinn næsta syfjaður. Jeg held að jeg megi til að reyna eitthvað við ritgerðina, þó gat jeg ekkert að henni fundið þegar jeg las hana í dag, þegar brjefið kom. Bæði er orðið skuggsýnt og jeg harla syfjaður, svo því bið jeg þjer að fyrirgefa mjer klórið, en fyrir alla munu lestu í málið. En það þykir mjer verst að þú geymir þetta brjef og setur það síðan kannski á prent eftir mig dauðan; þess vegna þori jeg heldur eigi hvorki að skamma fólk stórkostlega nje tala neina óhæfu að öðru leyti. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Um borð í Diana. Granton. 18.8.1878.

-- Nú er hingað komið á leiðina til Hafnar. Eins og þú vissir að var í ráði, þá hef jeg nú í hyggju að lesa lög, hvernig sem það gengur. Jeg fór að heiman þann 8. þ.m. og leið þá öllu vel; þjer var beðið kærlega að heilsa; einkanlega frá mömmu og pabba, en enginn hafði tíma til að skrifa þjer, enda stóð þá slátturinn sem hæst. Í Skagafirðinum var besta tíð, síðan vetrinum ljetti af, en hann var mjög illur, og um mitt hjeraðið fjell á flestum bæjum 3-5 hrossakyns. Stefán í Krossanesi átti t.d.í vor eptir einn brúkunarhest. Ekkert fjell heima; en hestum og öðru var keypt bæði hey og korn.

Í sumar var grasvöxtur í góðu meðallagi, 10 hestar meir af túni hjá okkur en í fyrra. Sama dag og jeg fór var *(hrossa)* markaður í Miklabæ og seldi Gunnlaugur eitthvað yfir 10, og þar að auki tók Coghill annað eins af tvævetrum trippum, sem hann ætlar að selja prívat fyrir Gunnl. því að hann hafði eigi leyfi til að kaupa yngri en 3ja vetra.

Pabbi hefur verið vel frískur í sumar, en það þótti mjer leiðinlegt, að Gunnlaugur er mjög íhaldinn við pabba með sumt, t.d. föt, þú fannst nú dálítið mark að því þegar þú varst heima, en sjálfur er hann vel haldinn að því leyti.

Ekki lízt mér vel á Frederikku konu Gunnl. sem búkonu, en hún er mikið góð kona. Gunnlaugur og hún hafa

[1] *Daníel var söðlasmiður.*

[2] *Magnús Árnson trésmiður var Skagfirðingur*

[3] *Biddu fyrir oss.*

keypt sjer mikið af allra handa fínum mublum og stássi, sem dugir hvergi nema í kaupstað. Claessen tengdafaðir Stínu og Gunnl. kom með Díönu í þessari ferð og var hjá okkur og í Grafarósi meðan hún fór til Reykjavíkur og er nú hjer með mjer. Stína systir er alveg orðin frísk, og *(Eggert)* sonur hennar mikið efnilegur. Eiríkur bróðir hefur það mikið gott, og eykst að efnum. Það er í ráði að hann verði kosinn til alþingis í Skagafirði. Jón Blöndal dó, og Einar á Hraunum sagði af sjer.

Ella verður kvennaskólakennari í vetur á Hjaltastöðum og fær 70 krónur og allt frítt. -- Landshöfðingi er velviljaður og hefur hann veitt 200 kr. til skólans næsta ár/í vetur . Sýslunefndin veitir líkl. annað eins.

Með mjer eru 3 stúdentar, Finnur (málfræði), Jóhann frá Stað (lög), Geir Zoëga (nýju málin).

Jeg var allvirkur á ferðinni af sjóveiki fyrsta sprettinn. Mjer þóttir mjög gaman í Færeyjum, bæði í Þórshöfn og Þröngvavogir (Trangisvaag). Í dag fórum við stúdentarnir upp í Leith og Edinburgh og komum til Guðrúnar Hjaltalín og Indriða. Jeg er fullur af undrun yfir borgunum. Við komum til Gísla Magnússonar; hann hefur verið ópereraður í steinsótt. Hann var mjög veikur. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Granton. 19.8.1878.

Segir frá ferðinni með viðkomu á Seyðisfirði, í Þórshöfn og Trangisvogi.

-- Framan af var ég heldur sjóveikur og lá með uppsölu í bólinu, en síðan batnaði veðrið og ég var vel frískur. -- Díana kom hingað í gærmorgun kl. sjö. Ég gekk síðan í gær með hinum þrem stúdentunum til Leith og Edinborgar og hef ég engin orð til að lýsa því hvað mér þótti borgin undursamleg.

Ég kom til Guðrúnar Hjaltalín og þar var Indriði Einarsson. Nokkuð held ég að þar sé *fortroligt Forhold* á millum. Jón var suður í París. Síðan kom ég til Gísla Magnússonar, hann liggur á spítala og var búið að skera úr honum þrjá steina. Hann var ógnar ruglaður, hann sagðist eigi hafa smakkað mat í hálfan mánuð, er það undarlegt, en þó satt. Það er hvorutveggja með hann, hvort hann lifir eða ekki. Á sama spítala var Bjarni frá Esjubergi[1] og þjáist hann líka af steinsótt.

Cambrea kom í gærkvöldi; ég fór því á fætur kl. að ganga sex og fór upp á bryggju -- og þar þótti mér vera mót á lífi. Hvert gufuskipið á fætur öðru lá við bryggjuna og var verið að skipa upp út úr þeim með gufuvélum, sums staðar mörgum í sama skipi. Svo kom ég þar er Cambrea lá og var verið að hala hestana upp úr tveimur götum og síðan gengu þeir úr skipinu upp á bryggjuna. Þar þekkti ég Jarp og fleiri heimanað, hestarnir voru vel útlítandi, enda stóðu þeir við heystabba niðri í skipinu og átu sem þá lysti. Síðan voru þeir reknir upp í rétt uppi í bænum og þar skildi ég við þá. -- Í gær sá ég tvo íslenska hesta brúna á túni einu. Þeir voru á leik og mjörg sællegir, enda máttu þeir eta eins og þeir vildu úr túninu og heyjum sem stóðu á því.

Færeyingum þykir óskaráð að (gera) hrífutinda úr spanskreyr og eru þeir að taka það upp. Hafa þeir götin á hausnum jafn víð og spanskreyrinn og hvessa lítið tindana. Þeir brotna aldrei. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 20.8.1878.

-- mjer hálfleiðist að vita þig í þessum "*vargakjöptum*"

- sem sé því verra ef HB ber peningalega ábyrgð á Framfara. Einnig efnahag og vaxandi þarfir.

Það var ráðist í að láta Palla sigla og fer það einhvernveginn að kljúfa þann kostnað.

Rædir hrossamarkað. Heimsókn tengdaföðurins frá Danm. er fékk fría ferð, óskert laun og 200 kr. í ferðapeninga

-- svo kallsauðurinn græddi peningalega á ferðinni auk allrar þeirrar skemmtunar sem hann hlýtur að hafa haft af henni.--

Mamma þeirra biður H.B. að sækja um Reynistað og varast Jón Ólafsson sem sé á leið vestur. Gunnl. skrifar sjálfur Tryggva í haust og sendir það sem hann á eptir af arfi konu sinnar.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 30.8.1878.

-- Nú er ég kominn hingað og fer að lesa eftir helgina, jeg fæ *manduktion* hjá manni sem heitir S. Damkier. Ég verð hjá honum hvern dag og geld sex kr. fyrir á mánuði. Það er duglegur maður og drífur mann áfram; hann er talinn með bestu *manduktörum.*

-- ekkert (bréf) með ávísunum til mín, svo ég fór til Tryggva og bað hann um ávísun og skrifaði hann til Peterson & Holme og bað þá um að greiða mér 150 kr. Svo fór ég undireins af Díönu og upp á Garð og þá segir Þórhallur Bjarnarson að hann hafi ávísun til mín. Grímur Pálsson hafði sent honum hana með Cambrae.

[1] *Tengdafaðir Þorláks Johnson.*

Ávísunina hef ég ekki enn fengið borgaða svo ég hef verið í ólukkans vandræðum með peninga síðan ég kom --

Ég hef verið hjá Vilhjálmi Finsen;[1] hann bauð mér til morgunverðar með sér og var svo einstaklegs alúðlegur og sagði að ef ég þyrfti einhvers þá skyldi ég koma til sín. Hann bað að heilsa þér kærlega. --

Kristín E. Briem Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Grafarós. 8.9.1878.

Fullt hús vegna verslunarfunda og uppboða. Ástand slæmt í félaginu (?) axíur falla, engir borga þannig að Claessen hefur þurft að stefna, í fyrsta sinn. Segir af aðgerðum Tryggva Gunnarssonar. Claessen, maður hennar, verður faktor hjá honum. Segir frá ferð að Reynistað og mamma þeirra vilji að HB komi og setjist þar að. Gott að frétta. Eggert litli hleypur um allt.

Séra Jón Bjarnason til Halldórs E. Briem. Gimli. 23.9.1878.

Er að fara til Minnesota og biður HB að sinna söfnuðinum og predika fyrir sig í norðursókninni, biður hann muna eftir Mikleyingum. Setur ofan í við HB fyrir að hafa ekki heimsótt fólk í suðurhlutanum.

Páll E. Briem til Kristínar E. Briem Claessen. Khöfn. 24.9.1878

-- Nú fer jeg alveg inn á Garð og bý jeg í allgóðu herbergi á 3. gangi No. 10; þetta verður á morgun og hlakka jeg til; jeg hef samt verið hjer á Garði og haft hæli hjá einum eldri, Moritz (Halldórsson) Friðriksson, svo ekki hefur mjer ennþá orðið sjerlega dýrt herbergi í höfuðstaðnum. Jeg er nú byrjaður á að lesa lögin og þykir mjer gaman að því, enn sem komið er, einnig heimspekin, en um hana verð jeg það að segja að hún sje leiðinleg, enda skil jeg næsta lítið í henni, en það kann nú að lagast þegar jeg er farinn að lesa hana.

Jeg hef verið á söfnum hjer og ýmsu þess háttar og er jeg fjarskalega hrifinn yfir Thorvaldsens Museum; jeg var að skoða það fyrra sunnudag, en er jeg hætti þá var jeg orðinn svo fjarskalega aðþreittur, miklu ver en þó jeg hefði verið að vinnu allan daginn, líka þykir mjer fjarska gaman að koma á leikhúsið; en þú veitzt allt þetta eins vel.

Jeg kom eitt kveld til Töntu Lottu með Arndt og er hún eigi síður en Claessen og hans familía góð og viðkunnanleg. Hún bauð mjer með fólki Claessens út á Friðriksberg og þótti mjer það undurgaman. Veðrið var einstaklega gott og svo fallegt þar úti, trjen allaufguð og eru rjett eins og súlnahöll þar sem trjen mynda súlurnar en lauftopparnir þakið.

Flestir hjer eru svo leiðis, að hvorki breytist til hins betra eða verra og ekkert um þá að segja. Stúdentar eru flestallir reglusamir og lesa af kappi, en þó er eigi alveg horfið fylliríið. Einn piltur fór með öðrum fleiri og drakk sig fullan á sunnudagsnóttina og síðan lagðist hann til svefns á fjölfarinni götu með stúdentshúfuna á höfðinu; fólk þyrptist þar að til að skoða stúdentinn þangað til hinir höfðu loks vit á að draga hann einhvernstaðar inn. Þennan þekkir þú.

Indiriði Einarsson kom fyrir skömmu frá Edinborg; hann fer nú með Fönix til Reykjavíkur og fer á kontor hjá Árna Thorsteinson í stað Kristjáns.

Jón Sveinsson[2] er hjer; honum hefur verið veitt kennaraembætti heima en hann hefur ekkert fararsnið sýnt á sjer enn; seinast ætlaði hann að fara með Diönu, en þá fjekk hann einhverjar hnútur í Morgunblaðinu, svo hann heyktist á að fara. Best held jeg að hann kæmi aldrei, því að hann er hirðulaus, letingi, bjórþambari og nihilisti í trúarefnum; svona hefur einn af vinum hans lýst honum fyrir mjer og sýnist mjer það vera hverju orði sannara.

Jeg ætla að biðja þig að fyrirgefa þó jeg leggi myndina inn í til þín, en mjer þótti hún svo lagleg að jeg gat eigi stillt mig um það. Jeg bið að heilsa manni þínum og litla frænda innilega. Vertu nú blessuð og sæl.

P.s. Bezta systir! Skrifaðu mjer hvernig það gengur sem við vorum að tala um í sumar og kvennaskólann.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 24.9.1878.

-- ég flyt inn (á Garð) að tveim dögum liðnum og bý með Moritz Friðriksen.[3] -- Jón Sigurðsson er allfrískur nú sem stendur, en því hef ég heyrt fleygt að hann ekki fari á þing framar. En hann var samt kosinn forseti bókmenntafélagsins fyrir viku. --

[1] *Vilhjálmur Finsen (1823-1892) hæstaréttardómari og lögvísindamaður. Var Páll honum nátengdur upp frá því, sem síðar kemur fram.*

[2] *Gæti verið Jón Sveinsson, bróðir Hallgríms biskups. Settist að í Danmörku og var þar kennari o.fl.*

[3] *Mótitz Halldórsson (1853-1911) læknir sonur Halldórs Friðrikss. yfirkennara og stjórnmálamanns og danskrar konu hans. Hann var einn efnilegasti forystumaður íslenskra stúdenta, varð læknir í Khöfn, gerðist brotlegur í starfi og fór til Ameríku.*

Sigríður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Grafarósi. 30.9.1878.

-- Fátt er hér í fréttum að segja utan vellíðan mína og allra hér. Eggert litli hleypur um gólfið eins og ekki neitt og segir ”*pabbi* og *mamma, já og nei*;” þá er nú úti lærdómurinn hans. Nú er hálf önnur vika síðan ég kom úteftir; ég verð hér í fjártökunni, sem er rétt nýbyrjuð. Skipið er samt ókomið -- Piltarnir og Claessen eru fluttir út í Hofsós --

Góði Palli, ef þú sérð eitthvað fallegt úr *pletti* sem þú heldur að Kristín systir hefði gaman af að eiga þá skrifaðu mér hvaða hlutur það er og líka hvað hann er dýr; einnig ætla ég að biðja þig að segja mérhvað servéttuhringur af miðlungs sort er dýr.

Fyrir nokkrum dögum var ég í veislunni hans Sigurðar sem var hér vinnumaður; það var gróflega skemmtileg veisla. Ég skal skrifa þér betur næst því bæði er ég að flýta mér og penninn feitur. --

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 1.10.1878.

Nýkomin frá Steinnesi þar sem hún var í sumar.

---lærði þar ögn í rjettritun og reikning hjá Eiríki, þar baldýraði jeg borða á skauttreyju og skatteraði sessu og saumaði föt fyrir Guðrúnu og hjálpaði henni með bæjarsnúninga, mjer leið þar vel og jeg kunni að öllu leiti vel við mágkonu okkar, nema hvað hún setur heldur mikið út á aðra og dæmir.

Þjer hefur víst verið skrifað, að jeg ætla að kenna í kvennaskólanum í vetur; (hann er á Hjaltastöðum) bara að mjer gangi það vel; kennslan á að byrja 24. október og enda 30. apríl. Vala og Flugumýrarsystur voru beðnar að kenna, en þær neituðu svo var mjer skrifað vestur. Stína systir var raunar búin að tala um það við mig, áður en jeg fór frá henni í vor, svo mjer kom það ekki óvart; það læra 5 stúlkur í einu einsog í fyrra.

-- Eg kveð þig með óskum als góðs í bráð og lengd, þín elskandi systir.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 1.10.1878.

Kvennaskólinn fékk 200 kr. til vetrar úr sýslusj. Ella á að kenna. Segir frá kosningu Friðriks í Vallholti og Jóns ritara. Friðrik ætlar að giftast laundóttur Björns á Skálá.--

Halldór E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Lundi v. Íslendingafljót, 5.10.1878.

-- Segðu mér; hugsarðu til þess að sigla til Hafnar næsta ár eða seinna, annars mun það nú mikið komið undir hvað Palli getur útverkað í því efni --

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 18.10.1878

Elskulegi bróðir!

Skólafréttir. Er í herbergi með Ólafi Stephensen í Viðey. Sagði frá heimsókn séra Sveins Nielssonar til þeirra. Segist komast upp úr bekk en níu sitja eftir.

Sigríður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Hofsósi. Ódags.

-- Kærlega þakka ég þér fyrir tilskrifið og kaupskapinn sem mér þótti ágætur og er vel til að ég ónáði þig aftur með að kaupa fyrir mig. Skrifaðu mér hvort þú eigir óhægt með það. Nú er ég búin að vera hér fimm vikur og líður vel og öllum hér. Kristín systir hefur alltaf verið frísk, guði sé lof, og Eggert litli er stór og efnilegur, altalandi má heita, Ingibjörg er sömuleiðis stór og feit, en ekkert getur hún gengið og ekki heldur á hún tönn í litla munninn.

Síðan ég kom hingað úteftir kom heill hópur frá Reynistað, mamma, pabbi og yngri systkinin, Jóhanna, Eggert og Villi og svo Siggi; hann passaði hópinn og teymdi undir Jóhönnu. það var skrýtið að sjá Eggert frænda og Jóhönnu þegar þau voru að leika sér saman.

Nú er Ella systir fyrir nokkru komin suður -- Hún hefði mátt vera komin suður fyrir nokkru ef hún hefði eigi dvalið svo lengi hjá Guðrúnu mágkonu,[1] hún vildi ekki vera á sýningunni, sem ég get ekki láð henni. Það var annars gróflega gaman sýningardaginn; þar var eigi sparað að stíga upp í ræðustólinn. Nú er orðið svo ósköp framorðið og ég sit ein ofaní stofu og er að hripa þetta og veit varla hvað ég skrifa, svo ég ætla að hætta í kvöld, en vakna snemma og enda lopann. --

Kristín E. Briem Claessen skrifar Halldóri E. Briem. 3.11.1878.

Ástkæri elskulegi bróðir.

[1] *Í Steinnesi.*

Ekki getað skrifað, margir næturgestir eru í húsinu.

Mér vill ævinlega alltaf eitthvað til þegar ég ætla að skrifa þér síðan ég varð aftur frísk.

Óskar að hún mætti sjá H.B. aftur. Mamma þeirra --

-- segir að sér sýnist að þú getir eins vel menntað og kristnað fólk hér sem engu minni þörf hefur á því og tæki því vonandi ekki verr en landar okkar í Vesturheimi sem hafa skrifað um þig að þú værir "*guðlaus stórbokki*".

Segir af Elínu og kvennaskólanum á Hjaltastöðum; veðri og skiptapa ásamt Lárusi kennara á Reynist. o.fl.

Sigríður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Grafarósi. 3.11.1878.

Óveður, brim, fjögur skipströnd, fé fennti; kvennask.; Elín farin að kenna sem sé vandi, en hún ókvíðin. Getur það sem hún vill. Eggert bróðir þeirra er farinn að lesa undir skóla. Eggert litli Claessen farinn að hlaupa um, kominn langt á annað ár.

Lára Pétursdóttir Guðjohnsen Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 6.11.1878.

Margt sem hún vill segja. Jón Bj. er ekki kominn frá Minneapolis, er á leið þaðan með viðk. í Pembina. Skynjar að honum þyki ekki gott að búa hér og ekki gott ástand; hissa að hann hafi ekki séð það fyrr. Þykir ekki ólíklegt að nýlendan leysist upp þótt einhverjir hangi þar áfram. Lýsir ástandinu. Ræðir ritstjórn Halldórs og segir óþarft fyrir hann að svara öllu. Afleitt að þurfa að búa hér við svo bágt ástand og eins og framhald sofandi lífs á Íslandi. Ræðir um gamla Taylor og baráttu hans. Biður um að láta bréfið ekki liggja á glámbekk, eins og hann hafi gert áður.

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri Briem. Reynistað. 6.11.1878.

Elskulegi bróðir minn!

Segir frá erfiðleikum í flutningum milli landa og innanlands; af skipsskaða á Húsav. og tjóni bænda sem misstu búfé. Sagði af stranduppboði sem Ólafur br. og EÓB faðir þeirra hefðu verið við. Vörur fóru á góðu verði; bændur tóku sig saman um að bjóða ekki hver gegn öðrum. Kristjánsskip fór á 420 kr. og Stefánsskip á 1220 kr. og var þó lítið brotið

Páll E. Briem skrifar Kristínu E. Briem Claessen. Khöfn. 7.11.1878.

Elskulega góða Stína mín!

Jeg þakka þjer einlæglega fyrir tilskrifið með póstskipinu og gladdi það mig mjög að þjer skyldi líða vel, en óskemmtilegt má það vera fyrir þig að vera svona einsömul á Grafarósi, en það verður nú allt liðið þegar þessi miði kemur þangað um jólin. Jeg óska þjer gleðilegs nýjárs og jóla af heilum hug og heillrar heilsu. Að hugsa sjer það að vera svona fjarri þjer, yfir 300 mílur.

Skrifaðu mjer nú aptur um kvennaskólamálið og hvað Skagfirðingar segja um það. Það var leiðinlegt að Eiríkur skyldi eigi vera kosinn í Skagafirðinum, mjer þykir það einkum vegna skólamálsins, því einmitt á næsta alþingi verður það rætt. Ekki eru menn ánægðir með ástandið í skólunum hjer í Danmörku fremur en heima. Einn kennari hjer, málfræðingur, Dr. Pingel að nafni, vandaðasti maður, hefur gefið út ritling eptir sig þar sem hann vill láta aftaka latínuna í skólum og gera hana að háskólafagi; í mesta lagi vill hann láta menn fá ofurlitla leiðbeiningu í henni í sambandi við frönsku og gera sögu (hann segir og færir rök til að hún sje mest menntandi fyrir andann: að hafa dæmi mikilla manna fyrir sjer), norrænu og grísku að höfuðfögum, ekki láta kenna eins margt og gefa manni betri tíma til að hugsa og mennta sjálfan sig og vera góður í því er maður lærir. Hann hefur verið góður lærisveinn Madvigs en segir þó um hann að Madvigismenn sje og hafi verið það niðurdrep fyrir allan anda að þegar menn eru komnir úr skólum þá hafi menn lagt bækurnar upp á hylluna og aldrei litið framar í þær skólabækurnar. Jeg ætla nú annars að hætta, þetta hlýtur að vera svo leiðinlegt fyrir þig.

Jeg vildi að þú hefðir verið fædd á frjálsari tímum Stína mín, þá hefðir þú orðið vísindamaður, en tímarnir hafa nú verið svona og við þá verður að sætta sig.

Ekki get jeg hætt að hugsa um það hvað hann Óli hefði orðið góður lagamaður ef allt hefði leikið í lyndi og hann haft nóg fje strax er hann var búinn. Í lögum er mjög mikið undir því komið að geta skrifað vel fyrir sig og færa góðar ástæður fyrir hverju einu. Einn mjög mikill kappsmaður hjer tók latínska lögfræði með ágætasta vitnisburði á 2½ ári; sama ímyndaði jeg mjer að Óli gæti, einkum þar eð hann hefur verið svo lengi á kontor og gefið sig að lögum. En hann verður nú þar að auki að taka heimspeki, sem hann var búinn að áður. Svo er ekkert ómögulegt að hann fengi Garð og þá væri sennilega eigi mjög mikið fje sem þyrfti; en hann vill nú þetta víst eigi; jeg skrifaði honum um það seinast.

Framan af oktober kom hingað Jóhann föðurbróðir minn frá Slangerup og bauð hann mjer heim til sín; jeg fór

svo laugardaginn eptir þangað út. Hann og kona hans tóku mjer mjög vel; en ógn er kona Jóhanns ömurleg í geðinu en hann svo ógnarlega glaður og kátur; jeg er hreint alveg hissa á hvað hann er ern og fylgist vel með tímanum.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Garði. 7.11.1878.

Segir frá námi sínu og kennurum.

-- Um miðjan októrber fór ég út í Slangerup til séra Jóhanns föðurbróður míns. Hann er nú orðinn 78 ára, en þó einstaklega kátur ennþá. -- Hann gaf mér mynd af sér og afa í ramma. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 10.11.1878.

Segir frá námi sínu í ýmsum greinum og af ástundun.

-- Um miðjan október fór ég út í Slangerup til séra Jóhanns föðurbróður míns. Hann er nú orðinn 78 ára, er þó einstaklega kátur og ern ennþá. Mér var tekið mjög vel af honum og konu hans. -- Á sunnudagskveldið var ég hjá Sofíu dóttur hans og Ebbesen manni hennar, þar var boð inni um kvöldið og allmargt fólk boðið og heilmikil skemmtun. Mest gaman hafði ég af póstmeistaranum þar, hann hafði svo undarlegar hugmyndir um Ísland, landið væri fullt af hvölum, aldrei bjart og við hvað(eina) sem var á borðum spurði hann hvort þetta væri til á Íslandi. Að skilnaði gaf séra Jóhann mér mynd af sér og afa -- og hangir það nú hvort tveggja á veggnum frammi fyrir mér. Ærið þótti honum Halldór vera radikal --

Leitt þótti mér að Eiríkur bróðir varð eigi þingmaður Skagfirðinga, einkum vegna skólamálsins, því einmitt á næsta þingi verður það tekið fyrir. Ekki er minni óánægja hér í Danmörku með skólana. Einn málfræðingur dr. Pengel heitir vandaður maður og hefur skrifað ritling um galla í skólunum og vill taka af alla latneska stíla og alla latínu og gera hana aðeins að háskólafagi. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Borðeyri. 16.11.1878.

Hér staddur til að gera upp viðskipti B. Eggerz við Grafaróssfélagið. Illviðri og fjárskaðar. 21. okt. strönduðu bæði haustskipin á Sauðárkr., vörum bjargað. Misstu þeir fé á Reynistað. Samtök urðu um uppboð á strandgóssi og slógu margir sér upp, einkum faktorar. Bæði skipin á Blönduósi strönduðu í hríðinni. Vandræði að senda peninga til HB í Ameríku og verður að leita til Tryggva Gunnarssonar um ávísun. Framfari selst illa.

-- Ekki fjölgar á mínu heimili og allt situr við það gamla. Konan mín er elskuleg og svo nákvæm í alla staði að eg hef ekki þekkt slíkt. ---

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 29.11.1878

Hrekkjasaga af Valdimar Ásmundssyni, sem hann veit ekki á hverju lifi. Segir fréttir af sjálfum sér, búsetu og af Elínu. Séra Matthías kennir ensku í Kvennaskólanum, ágætis kennari. Þekkir það því hann var afleysingakennari í Lærða sk. í haust.

Tryggvi Gunnarsson skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 30.11.1878.

Kom að Reynistað og leið þar öllum vel. Keypti Grafarósfélagið fyrir 50 þús., var skuldin 72 þús. Sér eftir því. Gránufél. gengur vel. Ræðir viðskipti þeirra milli og annarra.

Valgerður E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Reynistað. 12.12.1878.

-- Við fengum bréf frá Palla og er það gaman að heyra hvað honum líður vel. Bréfið sem hann skrifaði þér sendi hann opið, svo ég tók það traustataki og las --

1879

H. Steinerson skrifar Halldóri E. Briem. Mona, Mitchell bv. Iowa, January 4-1879

Bréfritari af norskum ættum, hefur lært íslensku hjá H.B. Segir sína sök að ekki fór vel milli þeirra, en gleðst eftirá yfir að hafa getað notið návistar hans. Áhugi á tungunni og bókmenntum er samur. Virðist hafa verið samtíða honum í guðfræðiskólanum. Þar hætti hann af ýmsum ástæðum um svipað leyti og HB fór til Ísl. Segir að í ljósi menntunar sinnar hafi guðfræðin þar verið óþolandi. Hafi verið í Minnesota. Geti hann sagt að landar HB hafi fyrir gáfur sínar átt virðingu Norðmanna og Bandaríkjam. Ástæða bréfs: Þakkar fyrir myndir sem HB sendi frá Ísl. Biður afsökunar á öllu er mætti skilja sem skort á þakkl. og virðingu. Vonar að framhald megi verða á viðkynningu þeirra og að hann megi fylgjast með þróun ísl. nýlendunnar í Manitoba, m.a. með því að fá Framfara. Hafi hann orðið hissa er hann las um ræðu er Bayard Taylor hélt á íslensku á hátíðinni 1874. Vakti það furðu Cyrus Field og mr. Halstead, sem og Íslendinga, er hann hélt óundirbúna ræðu á íslensku. Ástand er ekki gott í Iowa og fátækt. Starfar sem kennari, er í vanda vegna landakaupa. Tíma hans helst varið í málanám. Biður um kveðju til Jóns Bjarnasonar og framúrskarandi eiginkonu hans.

Tryggvi Gunnarsson skrifar Halldóri E. Briem. Köfn. 3.1.1879.

Áfram umræða um viðskipti. Ræðir lát móður sinnar, Jóhönnu Gunnlaugsdóttur Briem, 23. okt. 1878, sem jörðuð var á Grund, við hlið móður sinnar Valgerðar Árnadóttur Briem. Saknar hennar mjög, en gleðst yfir að hafa átt svo merka móður.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 9.1.1879.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir tilskrifið dags. 19. okt. Mjer þótti vænt um að þú lifðir bærilegu lífi, en þess vildi jeg óska, að þú segðir mjer dálítið nákvæmar um hvað þú hefur við að stríða, hvort þú ert sjálfur ánægður með ritstjórnina, hvað þú hugsar um framtíð þína, hvort þú verður framvegis á Nýja Íslandi. Hvort þú ert til húsa hjá almennilegu fólki, hvort þú ert farinn að hugsa um að kvænast, hvort þú hefur mjög mikið að starfa osfrv.

Sjálfum mjer líður vel, og kann vel við mig? Lögin þykir mjer gaman að fást við. Jeg bý á 3. gangi 10 með Moritz Halldórssyni. Jeg dreg mig í hlje meðal Íslendinga flestallra og eru það mjög fáir, sem jeg heimsæki; með því móti kemst jeg hjá mjög miklum töfum, er aðrir mega hafa, er heimsækja til að spjalla, og eru sjálfir sóttir heim til að spjalla við þá. Annað er hitt að þá kemst maður undan mörgum ferðum á knæpur er maður annars biðist út; ásamt ljettúðugu skrafi og bjórþambi. Finn og þar næst Moritz álít jeg bestu kunningja mína. Þarnæst les jeg með Jóhannesi Ólafssyni lögin hjá mandúktör.

Þú spyrð mig um, hvað hver student lesi fyrir sig hjer og held jeg því að best sje að runa þá upp.

Sigurður Sigurðss, filologiu ásamt Geiri Zöega og Finni Jónssyni. Guðni Guðmundss., Ríkharður Ólafsson, Moritz Halldórsson læknisfræði. Lög lesa: Einar Thorlacius, Guðlaugur Guðmundss., Jón Jensson, Sigurður Ólafss., Sigurður Þórðarson, Halldór Danielsson, Ólafur Halldórss., John Finsen, Björn Bjarnarson, Jóhannes Ólafsson og jeg. Björn Jónsson Ísafoldar les dönsk lög hjer í vetur og ætlar að taka próf í vor. Guðmundur Þorlákssón les norrænu stud. mag. Þorvaldur Thoroddsen dýrafræði stud. mag. Guðfræði lesa: Gestur Pálsson, Þórhallur og Jón Þórarinsson. Björn Jensson les polyteknik. Þaraðauki er hjer Björn Olsen cand. philol. Árni Jónsson cand. med.

Indriði fór á kontor hjá Árna Thorsteinsson í haust. Svo eru eigi fleiri er jeg get munað. --

Eiríkur bróðir skrifaði mjer að vegna þess, að hann reiddi sig á komu Díönu á Skagaströnd. Hafi hann beðið meir enn 100 krónu tjón; fyrir utan öll óþægindi. Eins var heima.

Þegar Vandel fjekk skammir heiman að í blöðum hjer og frá Íslandi, tóku kaupmenn sig saman um að gefa honum borð og stóla í þakklætisskini (Tillidsvotum[1]) fyrir frammistöðuna í sumar og haust. Heyrt hef jeg að Tryggvi hafi verið þar með og þykir mjer leiðinlegt að svo er.

Eggert[2] frændi hefur afarmikið að stunda heima á Íslandi fyrir kvennaskólamálinu. Jón Sigurðsson er orðinn mjög lasinn og farinn að tapa sjer að hann getur eigi orðið fylgst með þegar verið er að tala við hann.

[1] *Traustsyfirlýsingu.*

[2] *Eggert Gunnarsson (1840-1885). Hann starfaði með frændum sínum að stofnun kvennaskólans að Laugalandi í Eyjafirði.*

Íslendingafjelagið lifir og er til lítils annars, en glæða vínlöngun hjá félagsmönnum. Gísli Brynjólfsson er kappinn í því fjelagi, og þá getur þú sjeð frelsis og framfarahug fjelagsmanna. Jeg hef verið þar stöku sinnum, og verð þar sjaldnast, því mörg kvöld er þar eigi annað að hafa en púnsdrykkju, óþverrasögur um náungan (*Bysnak*) og leiðinlegt *Vittighedsmageri* sem margir stúdentar stunda, en þeir hinir sömu stúdentar kæra sig lítið um frelsi og hafa sömu skoðanir og danskir stúdentar og verri hlutinn af hægri mönnum hjer, að frelsi sje allt of mikið og allt sje gott sem ráðgjafinn og kóngur gjörir (Þórhallur, Björn Olsen og Eiríkur Jónsson vísiprófastur), sumir stúdentar eru þó í leyni og jeg þar á meðal að pólitísera. Lítið gef jeg mig að pólitík hjer í Danmörku, en vinstri maður er jeg að öllu leyti, þ.e. principi vinstri manna fylgi jeg. Hægri menn eru að mínu áliti runnir af ófrelsi og servilismus.

Jeg var útí Slangerup um nýjárið og komst jeg þar á tal við ýmsa embættismenn, og þar gafst mjer færi á að kynnast eigingirni, hroka og servilismus,[1] og er jeg eigi sannfærður um að jeg missi nokkurn tíma fyrirlitningu fyrir dönsku embættisstjettinni, þó gamall verði.

Heimspeki sæki jeg hjá Rasmusi Nielsen, en ekki veit jeg hvernig jeg er þar.

Mjer leiðist það mjög mikið að jeg næ eigi í Framfara nema endrum og sinnum, stundum veit jeg eigi hvenær hann kemur og sje hann svo eigi fyr en löngu seinna. Jeg vildi því gjarnan að þú gerðir mig að áskrifanda hans á einhvern hátt, í von um að borga hann með tímanum.

Jeg var úti í Slangerup í viku og með mjer Valgerður[2] ekkja Gunnars Gunnarssonar prests. Við höfðum þar skemmtilega daga. Jóhann föðurbróðir er svo frískur og kátur ávallt, að hann er eins og ungur væri. Þar leið mjög vel og eins hjá Ebbesen tengdasyni hans. Allt frískt.

Claessen tengdaföður Gunnl. held jeg af, og kem til hans opt. Þar líður vel. Vertu nú sæll Halldór minn og líði þjer jafnan sem bezt. Ritaðu mjer línu hið bráðasta. --

Kristín E. Briem Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Grafarósi. 28.2.1879.

-- Þakkar bréf, segir sér finnist hann einmana. Þykir það einkennilegt hlutskipti að vera svo langt frá ættingjunum. Segir frá fæðingu Ingibjargar dóttur sinnar, síðar Þorláksson 13.12.

Eggert minn er orðinn vænsti piltur og er mjög lukkulegur yfir systur sinni, hann klappar á kollinn á henni og kallar hana *gerið, gerið.*

> *Frísk, líður betur en í fyrravetur. Ræðir verslun á Hofsósi og kvennaskólann. Segir frá trúlofun Elínar*[3] *og ræðir níðskrif séra Björns um HB. Spyr um hví hann tók ljót kvæði um Ísafold til birtingar í Framfara.* --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 1.3.1879.

> *Segir háskólahátiðina verða lokaða útlendingum, sem margir telji slæmt, eigi síst gagnvart þjóðverjum vegna samskipta við Bismarck.*

-- Um nýárið var úti í Slangerup hjá Jóhanni bróður þínum; hann er einstaklega kátur og frískur og er áhugamaður mikill um dagleg mál, svo þú sérð að hann fylgist með tímanum.

Ég var með honum í fólksþingsmannskosningu 3. jan, sem var haldin í næsta bæ við Slangerup. Þótti mér mjög gaman að ákafanum í múgnum og ræðuhöldum kandídatanna. Vinstri maðurinn sigraði, enda mátti heyra bændur syngja um göturnar eftir kosningu: *Bönderne sejrer, bönderne sejrer.* Bróðir þinn er afturhaldsmaður mikill og myndi kalla þig *radikal.* -- Ég hafði mikið gaman af veru minni þar. -- Ég á og að skila kærum kveðjum frá Benediktu A. Kall. Hún er alveg eins og ég man eftir henni, talar stöðugt -- en er þó svo þreytt af að tala og hlaupa um húsið að hún kvartaði undan að þurfa að ganga svo hátt (á) 4. *sal.* Heim kvaðst hún ennþá ætla að fara ennþá á ævinni. Hún kostar pilt í skóla og talaði mikið um hæfileika hans en þótti hann ekki vel iðinn.

Ég kem stundum til Jóns Sigurðssonar. Hann er orðinn lasinn til heilsu og mjög sljór, svo hann getur eigi fylgst með, þegar talað er um eitthvað mál; er af sem áður var. Hann er frískur nú sem stendur.

Mér líður vel og kann bærilega við mig. Ég hef það að mörgu leyti skemmtilegt að geta komið til Calaessen þegar ég vil. Ég hef farið nokkrum sinnum í leikhúsið og þykir mér það unaðssamlegt; það þykir mér undarlegir menn sem verja mörgum tugum króna til að skemmta sér á vondum stöðum en fara aldrei í leikhúsið. --

---

[1] *Þrælslund.*

[2] *Valgerður Þorsteinsdóttir sem átti séra Gunnar Gunnarsson síðast á Lundarbrekku. Þau hjón voru stjúpsystkin frá Hálsi í Fnjóskadal. Hún varð skólastjóri kvennaskólans á Laugalandi.*

[3] *Ekki er ljóst hver pilturinn er.*

Páll E. Briem skrifar Kristínu E. Briem Claessen. Khöfn 1.3.1879.

-- Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir brjef með síðustu póstferð. Það var gleðilegt að þjer leið vel þá; jeg er ávallt svo kvíðafullur þegar jeg opna brjefin heimanað, en svo er það aptur svo gleðilegt þegar allt gengur vel. Jeg vildi aðeins óska að jeg fengi góðar frjettir með öllum brjefum.

Póstskipið átti að fara afstað í morgun, en komst eigi. Þessa síðustu 3 mánuði hefur verið hríðar og frost. Eyrarsund hefur lagt alheldum ís. Í gær átti einn járnbarðinn að mölva ísinn enn kom aptur með brotinn kinnunginn svo nú kemur póstskipuð eigi af stað í dag og líkl. eigi á morgun. Viðgjörðin á járnbarðanum telja menn að kosti 20-30 þús kr. svo eigi er gaman að guðspjöllunum.

Jeg sendi þjer í gærkveldi pakka með því er þú baðst mig um að kaupa. 2 lóð hvítur vír 8,00; kallinn í Gothersgade kvaðzt aldrei selja hann dýrar. Pallietter og kantiller 1,00. 6 lóð Zefyrgarn 3,00. Pergament fæst aðeins á einum stað hjer í Höfn, en eigi nema í heilum skinnum; en svo sá jeg á gólfinu dálítinn lappa, og um hann fór jeg að akkordjera. Loks kom kallinn með þessa nára, jeg tók þau því það var eigi um annað að velja; samt held jeg megi brúka þetta pergament. Það kostaði 1,50. Silkibönd 1,40. Blúndurnar keypti tengdamóðir þin og sendi; þær eru 3,30. Silkifljöjelið 5,50 (verðið var reyndar 6,50 í búðum). Hollenskt ljerept 1,35, bobinel 3,00. Burðareyrir 1,00. Samtals er það 29,05, svo af þeim 34 er þú sendier eru eptir 4,90.

Segðu mjer nú hvernig kvennaskólinn á Hjaltastöðum hefur gengið, því fyrst og fremst er mjer áhugamál kvennaskólinn og eigi sízt nú þegar Ella er þar æðsta ráð og kancelli. Það sje jeg þó á brjefunum frá í haust að hann hefur byrjað í haust, en hvernig hann hefur gengið fæ jeg vonandi að vita nokkuð með næsta skipi. Valgerður Þorsteinsdóttir var óánægð með hvað fáar hefðu verið búnar að skrá sig til kvennaskólans í Eyjafirði. Hún les ensku hjer og eitthvað fleira; hún situr í fröken Zahles-skóla og hlýðið þar á, svo jeg held hún verði orðin lærð, þá er hún fer aptur til Íslands, og fer að kenna við skólann.

Um nýjárið var jeg útí Slagerup, þar leið öllu vel. Valgerður var með mjer. Kona Jóhanns er ömurleg og hún kvartaði um allskonar veikindi, en fór þó ávallt á felm en síra Jóhann er ávallt jafnfríksur og kátur og hann er vanur. Jeg var og hjá Ebbesen stundum; dætur hans eru kátar og skemmtilegar. 3. janúar var kosið til fólkþingsins; jeg fór með föðurbróður mínum til kosninga í Friðrikssund. Þar þótti mjer gaman að vera; áhugi manna var ákaflega mikill, hvor sigraði hægri eða vinstri maðurinn; vinstri maðurinn sigraði; síra Jóhann er ákvarlega mikill hægri maður, jeg læt alls eigi í ljósi með hverjum jeg held, enda finnst mjer það heimskulegt að komast þar í sundurlyndi einkum í því máli sem mig varðar eigi um hið minnsta. Persónurnar í vinstri flokk eru alls eigi betri en hinum, en það --- maður eigi kennt þeim hugmyndum er þeir berjast fyrir. Jeg fyrir mitt leyti álít að mannkynið í heild sinni verði farsælla með því að þjóðirnar læri sjálfar að stjórna sjer heldur enn að halda þeim sem ómyndugum, er allt verður að gjöra fyrir, á sama hátt og varið er með hvern einstakan mann. Hitt er auðvitað, að hverjar hugmyndir sem eru, koma hart niður á sumum, þá er koma skal þeim í verk, en það er eins um þær og barnið sem fæðist, og mun þó enginn taka það og hýða vegna þess að móðirin hefur haft fæðingarhríðir.

Jeg hef verið hjá Benedictu Arnesen Kall; hún hefur það gott, hún biður kærlega að heilsa þjer. Jeg er iðulega hjá Claessen tengdaföður þínum, þar þykir mjer mikið gaman að koma; jeg hefði aldrei trúað því að mjer þætti gaman að koma til ókunnugra; jeg hef aldrei komið til annara jafnoft og jeg kem þangað, en það kemur af því að jeg er að náttúrufari hvorki selskabsmaður nje framfærinn. Jeg var þar á jólakveldið og fjekk þar heilmiklar "*Julepresents*" og síðan jeg var heima man jeg eigi eptir skemmtilegra jólakveldi.

Jeg hef hingað til mestmegnis lesið lögin, en nú fer jeg að taka heimspekina með og svo þegar þessi mánuður er á enda tek jeg hana eingöngu enda fer þá eigi að veita af, því í júní er prófið í henni. Mjer líður bærilega. Herbergi hef jeg gott. Það eina sem mjer þykir á vanta er matháttur hjer, eilífur þur matur, en þetta er þó hið sama og er í Reykj

avík, svo mjer á þar eigi við það að bregða.

Nú fer jeg að hætta, en vil þó áður geta þess að jeg kem stundum til Tante Lotte; hún er einstakt viðfeldin, hún hefur verið æðilengi veik í vetur en er nú að mestu batnað.

Jeg bið þig þess að fyrirgera og óska þjer svo allra heilla og blessunar. Jeg bið að heilsa manni þínum og syni. Vertu sæl.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 1.3.1879.

-- Ég kem stundum til Jóns Sigurðssonar; hann er orðinn lasinn til heilsu og mjög sljór, svo hann getur eigi fylgst með, þegar talað er um eitthvert mál, og er af sem áður var. Hann er frískur nú sem stendur. --

Sigríður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 1.3.1879.

Bréf sem sýnir ást og umhyggju. Óskar að hann væri prestur og ekki langt undan. Reynir að gera sér í

hugarlund hvernig sé að ganga með honum í skógi. Segir frá góðri barnakennslu Lárusar í Grafarósi á Reynistað. Eggert lærir mest, en Villi minna en Jóhanna þótt eldri sé. Grunar að hann verði aldrei studíosus. Svo er þar líka við nám Sigríður dóttir Magnúsar snikkara í Rvík. Langar til Rvíkur. Fréttir af eldri systkinunum, m.a. að Elín kunni við sig sem kennsluk. kvennsk. Vonar að skólinn eigi framtíð.

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Grafarósi. 2.3.1879.

Elskulegi góði bróðir!

Segir frá heilsu Kristínar systur sinnar. V.E.B. var hjá henni frá fæðingu dótturinnar (Ingibjargar). Páll unir sér vel og að útvega Elínu vist í Khöfn. Ógott að leggjast upp á frændfólk. Nú hefur breyst, hún trúlofuð Stepháni (Jónssyni) sem hún hafði ekki viljað í fyrstu. Segir af söknuði eftir HB og umhugsun í hans stríði. Hann spurt um álit hennar á smásögum í Framfara. Segir sér líka en vanti líf og fjör.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn.11.3.1879.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjef þitt frá 22. jan., sem jeg fjekk 4. mars. Síðan jeg kom hingað hef jeg fengið eitt brjef frá þjer frá 19. okt. og svo þetta nú.

Jeg hef skrifað þjer 2 brjef hjeðan. Hið fyrra sjálfsagt farið að forgörðum, fyrst þú varst eigi búinn að fá það. Hið seinna var dags. 8. jan. og hef jeg von um að það hafi komið til skila, með því var ferðaáætlun póstskipa. Jeg hef eigi fengið neitt brjef frá þjer. Þarsem þú biður mig um myndir af mjer, fyr en nú. Póstskipið fór daginn eptir að jeg fjekk frá þjer brjefið, svo jeg sendi þær til Englands á eptir því. Þær sem eptir voru fjekk jeg hjá Neuhaus í dag og sendi þjer. Tryggvi borgaði mjer 6 kr. fyrir þína hönd. Jeg þurfti þess, því um þetta leyti voru gengnir upp allir þeir peningar er jeg hafði að heiman með mjer í sumar er leið (400kr.). Það er dýrt líf að mörgu leyti hjer, einkum þegar maður þarf að borga mandúktion (12 kr. á mánuði) þá eyðist fljótt; hana ætla jeg þó að hafa, meðan jeg endist til, því að hún drífur áfram, og, að mjer finnst, eina skilyrði fyrir því að jeg geti klárað mig á 4 árum hjer frá. Jeg bað þig að láta mig fá Framfara, meðan þú ert þar við ritstjórn, og vona jeg, að jeg geti borgað hann einhvern tíma.

Það finnst mjer að þú ættir, að reyna að fá eitthvað annað starf í Ameríku, en ritstjórn við Framf. Það er óþakklátt verk mjög, ónæðissamt og stopult, og aldrei verður það ábatasamt; en þó að maður skoði launin, sem minnst um vert, þá eru svo margir aðrir ókostir við ritstjórn á Nýja Íslandi, að jeg vildi helst þú værir kominn að einhverju öðru starfi annarstaðar í heiminum.

Jeg hef nýlega fengið brjef frá Reykjavík, og helztu frjettirnar standa í þessum útklippingi úr Morgunblaðinu, er jeg sendi þjer, svo þar er fáu við að bæta. Ekki hafði frjettzt annað heimanað, en að þar liði vel. Síra Magnús Thorlacius var nýsálaður. Einnig Sigurður Gunnarsson á Hallormsstað, Jens Pálsson hefur fengið Þingvelli. Stórmikið hefur gengið á í Reykjavík. Jón auli[1] búinn alveg að steypa undan H.Kr.Fr.[2] svo hann verður fráleitt kosinn til alþingismanns að ári í Rvík. Jón er þar afar óþokkaður af embættisvél, enda svífist hann engis, eins og þú sjerð af miða þessum "asses. osfrv." Það er eins og Jón Ól. væri risinn upp aftur.

Í Slangerup og hjá Claessen líður vel. Mjer sömuleiðis. Nú er jeg farinn að lesa Filosofíu í bráðina við lögin. Fyrirgef masið og lif ávallt heill og sæll, þess óskar þinn einlægur elskandi bróðir --.

Frú Ingibjörg (kona Jóns forseta) biður að heilsa þjer og segi með næsta brjefi hvernig Ingibjörg Guðmundsdóttir og mad. Fischer hafi það.

Tryggvi Gunnarsson skrifar Halldóri Briem. Khöfn. 14.3.1879

Ræðir fátækt og sundurlyndi vestra. Slæmt að menn flytji burt til að svíkjast undan greiðslu stjórnarláns, lífgjöfinni. Setur blett á Ísl. Ræðir viðsk. Seldi Popp Grafarósversl.

Matthías Jochumsson skrifar Halldóri E. Briem. 24.3.1879.

Elsku Nýja Íslands Dóri!

Segir af vandræðum með útgáfu ritverka sinna, með 6-7 ómaga, á að velja milli Þjóðólfs og prestskapar. Lýsir kirkju sem honum, líst ekki á og engir prótestera. Hefði viljað segja þetta í Þjóðólfi, hef smitast af landsins peysuskap. Er 40 ára og fer að repródúsera fortíðina, kopíera kopíur, fauska við fauskverk. Hvað eruð þið að halda í nýlenduskríflið? Komdu úr þessari for og bleytu sem fyrst.

[1] *Jón auli? Þetta gæti verið Jón Johnsen (1841-1883) "ritari", landshöfðingjaritari , lögreglustjóri o.fl. síðar bæjarfógeti.*

[2] *Halldór Kr. Friðriksson (1819-1902), kennari og alþingismaður. Hann mun hafa verið fatlaður eða "skertur" og umdeildur, en valdamikill.*

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 25.3.1879

Frosthörkur í Rvík. Viðeyjarsund ísilagt; og gekk SEB út í eyna. Löng saga af hrekkjum skólapilta er brenndu brennistein og neituðu að fara inn í stofuna v. fýlu. Jón Árnas. sótti Jónas lækni sem sagði loftið ekki banvænt. Spyr hvort hann komi ekki hingað ef hann hætti við Framfara. Hafði heyrt um trúlofun hans; kennslu Elínar og fæðingu Ingibjargar dóttur Kristínar Briem. Indriði Einarss. sem er nýkominn til landsins vildi að nemendur lékju ísl. leikrit; þeir voru á móti og neitaði hann þá að þýða fyrir þá.

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 16.4.1879.

Er að fara til Minnesota og biður HB að sinna söfnuðinum og predika fyrir sig í norðursókninni, biður hann muna eftir Mikleyingum. Setur ofan í við HB fyrir að hafa ekki heimsótt fólk í suðurhlutanum.

Lára Pétursdóttir Guðjohnsen Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 16.4.1879.

Kæri vin Halldór Briem! --

Virðist að flytjast burt. Hætt við skólann, finnur sig frjálsa eftir. Talsverð flóð um þessar mundir og erfitt að komast um og hreyfa sig. Segir frá sundurlyndi fólks. Spyr hvernig honum falli betlibréfið. Þráir að komast frá Nýja Ísl. Kvartar yfir að hann hafi ekki birt grein sína um fisksúpu, bætir við annarri uppskrift af fiskköku (fylgir bréfi). Langar að skrifa grein um meðferð á hænsnum.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 17.4.1879.

-- Vilhjálmur Finsen fékk með þessari ferð bréf frá þér þar sem þú biður hann að hjálpa mér um peninga. Hann hitti mig á götu -- og sagði mér frá og bað mig koma um mánaðamótin til að tala um þetta -- ég sagðist enga peninga eiga hjá honum að taka. Ég hef þess heldur enga þörf. --

Nú er ég um stund hættur við lögin og farinn að lesa eintóma heimspeki. Lögin hætti ég við alveg við byrjun þessa mánaðar. Ég hef gaman af lögunum og verð eigi var við þennan þurrleik sem allir eru að tala um; þá finnst mér málfræðin verri og smásmugulegri.

Konráð Gíslason er t.a.m. búinn að prenta 20 arkir af bók sem sannar að Njáll skuli framberast Níall. Til þess að sanna þetta þarf hann að ganga í gegnum allan fornkveðskapinn og sýna að þar sé aldrei færri en sex samstöfur í nokkru vísuorði dróttkvæðrar vísu. Ég spurði -- manduktör minn hvað hann álíti hæfilegt að lesa lögin lengi -- sagði hann að það væru fjögur ár hér frá, ef maður væri iðinn. Ég heyrði oft á honum að hann væri ánægður með mig svo ég hef góða von um að það takist.

Ég keypti mér 70 króna föt um páskana sem ég fékk með því móti að borga 10 kr. á mánuði uns skuldinni væri lokið. Það er undarlegt að skraddarar selja engu ódýrar þó kaupandi sé lítill vexti!

Ekki fer ég mikið á skemmtistaði en stöku sinnum fer ég í leikkhúsið og er það yndisleg skemmtun, auk þess sem það er fræðandi --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 18.4.1879.

Ræðir um fjármál sín og viðskiptamál, en hann hafði heimt ávísun frá E.B. og þakkar mömmu sinni vettlingana.

-- öðruvísi fór um þá en hún heldur. Svo stóð á að Guðmundur Þorlákssón kom hingað þegar ég var að taka þá upp og varð svo hrifinn af fegurð þeirra; sjálfur hafði hann rifna vettlinga, en mínir voru enn með lónni síðan í haust, því eigi voru skítverkin. Ég gaf honum þá þessa og varð hann glaður við og biður kærlega að heilsa.

Guðmundur fór út af Garði við byrjun þessa mánaðar, svo nú hefur hann aðeins 200 kr. styrk frá Árna Magnússonarfélaginu. Gísli Konráðsson styrkir hann nokkuð auk þess sem hann vinnur sér inn við skriftir á skinnbókum. Hann á að gefa út Ljósvetninga og Víga-Glúmssögu á kostnað bókmenntafélagsins næsta ár og fær hann það víst vel borgað.

Vænt þótti mér að fá eitthvað með sumarskipum, eins og mamma talar um, en ekki mikið, því illt er að halda hér vistum óskemmdum yfir sumartímann.

Vilhjálmur Finsen er orðin *æresdoctor*[1] -- Hann hefur boðið að verða mér að liði ef ég þyrfti á að halda og er hann haukur í horni þar sem hann tekur því. Á sunnudaginn var bauð hann mér í leikhúsið og var þar yndislega gaman að vera og heyra leikrit eftir Shakespeare -- ég get eiginlega ekki komið orðum að því hvað það var ljómandi fallegt. Síðan borðaði ég til kvelds hjá honum. Heilsaðu fröken Finsen og óskaðu henni til hamingju með doktorspróf föður hennar.

[1] *Heiðursdoktor. Á þennan titil var litið með mikilli virðingu. Þetta var sjaldgæfur og mikilvægur heiður fyrir vísindastörf.*

Ég ætla að senda með skipi Tryggva Gunnarssonar hómópatameðulin[1] sem þú biður mig um -- Nú eru farin að lækka seglin hjá honum litla Thåe (?) sem átti Hofsós áður. Um daginn var hann eins og hver annar daglaunamaður að skipa út í kaupfar Popps, er ég sendi þessar línur með. --

Sendi bók sem til fróðleiks en illa bundna.

Gunnlaugur E. Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 20.4.1879.

Er ánægður með Framfara en ekki ánægður með rithátt og þykir hann ókurteis, jafnvel illviljaður. Jóhann Briem er brutal,[2] *hlýtur að vera orðinn* burgeis.[3]

Finnst of langt gengið og framtíð HV óviss en hann vill ekki um það dæma. Virðist P.Þ. viðsjárverður, leggur til að HB reyni að sættast við hann. Ræðir skuldamál Friðriks? og ýmsan málarekstur. Fólkinu líður vel nema móður þeirra sem stakk sig á fiskbeini. Búskapur þreytandi ef hann eigi að ganga. Nefnir vinnusvik og gefur góða lýsingu á vanda í búrekstri..

"Forholdið" milli Glaumbæjar og hjer breyttist líka talsvert við það sem kom fyrir og hefur aukið mjer marga óánægjustund af því eg tek mjer allt ólag svo nærri.[4]

Segir frá kaupum Þorvaldar Arasonar á Flugumýri og framkvæmdum hans..

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað 21.4.1879.

-- Þó við söknum þín mikið og finnist að þú sért úti á horni veraldar (í stað þess að við erum það að sumu leyti öllu heldur sjálf) dettur okkur ekki í hug að krefjast þess, eða vænta þess, að þú komir hingað eða sért hér hjá okkur, og það því síður, sem mér fellur þungt, að ég að nokkru leyti stend í vegi fyrir því að Gunnlaugur og Ólafur komist í sjálfstæða stöðu.

Ólafur er mér nauðsynlegur til að passa embættið og sér í lagi kontorið, hann léttir af mér öllum töflum og þesskonar skýrslum, sömuleiðis reikningaendurskoðun, auk þess að hann hreinskrifar allt. Þá Gunnl. gipti sig, bjóst jeg við hann færi, og þá hvorki gat ég, eða vildi, hafa þenna stóra búskap á Reynistað og með því eg kunni ekki við að flytja mig á aðra jörð í Skagafirði, sókti ég um Húnavatnssýslu, með samþykki mömmu, en seinna kveið hún fyrir að flytja héðan og þau Gunnlaugur erkleruðu, að hann vildi ekki fara frá okkur, svo jeg sótti um að mega halda Skagaf.sýslu og fékk það.

Þar eð 7tugir menn hafa rétt til að segja af sér og fá pensión hefi ég hugsað mjer að gjöra það ekki fyrri en það verður 15. okt. 1881, ef eg lifi svo lengi, og ef kjör mín breytast ekki, kynni eg þá að fara að hanga við 2 eða 3 ár enn, þangaðtil Palli yrði búinn, (því eg held hann drífi sig vel), ef hann gæti máski fengið sýsluna, svo hann þyrfti ekki lengi að bíða eptir embætti.

Mamma heldur að þú getir ekki gjört eins mikið gott einsog þú vildir þarna í Nýja-Íslandi (fyrir hjartnanna harðúðar sakir) og því vill hún, að þú hristir duptið af fótum þjer og farir að minnsta kosti til bandaríkjanna og þó öllu heldur til gamla Englands og verðir þar 3. Íslendingurinn. Þinn elskandi faðir E.Briem

P.s. Ertu annars hreint fráleitur því að verða prestur á voru landi, Íslandi. Við þörfnumst svona góðra og hreinskilinna manna. --

Brauðanefndin í Rvík hefur stungið uppá, að Reynistaður sameinist Glaumbæ og Fagranes Ríp.

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 21.4.1879

Elskulegi bróðir minn!

Ræðir ástandið í nýlendunni, starf hans o.fl. Fór á Sauðárkrók,varð f. vonbriðgðum því enginn dans var þar. Segir trúlofun Elínar farið út um þúfur, allir ánægðir með það (þau giftust reyndar síðar). Popp búinn að selja á Akureyri og kaupa Hofsós. Verður Claessen faktor.

Kristín E. Briem Claessen skrifar Halldóri E.Briem. Grafarósi. 21.4.1879.

Fjallar um Möðruvallaskóla. Segir að mikill óþjóðalýður safnist á Nýja Ísl. Segir hún frá stöðu verslunar á Hofsósi og stöðubreytingu Claessens; málefni og stöðu Elínar; þroska barnanna.

---

[1] *Nú gjarnan nefnd grasalækningalyf, en voru (og eru) það ekki endilega.*

[2] *Illskeyttur.*

[3] *Montinn eða valdamaður.*

[4] *Forholdið var samband sonarins á Flugumýri við Elínu Briem sem slitnaði upp úr, ef það gekk svo langt.*

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 26.4.1879.

Staddur hjá Claessen.

-- Eftir að póstskip fór hitti ég Tryggva til þess að vita hvernig ávísuninni liði. Tryggvi var mjög leiður út af því að Eggert frændi hafði gefið ávísun upp á sig, en allt sem hann hafði gefið honum vonir um að Tryggvi fengi útborgað hér fyrir Eggerts hönd, hafði brugðist. Eggert væri sér nógu skuldugur áður. Ég fékk þó hjá honum 100 kr. --

P.E.B. hefur verið með tannverk en lét draga tönnina úr sér og er nú góður.

Páll E. Briem skrifar Kristínu E. Briem Claessen. Khöfn. 7.5.1879.

--Jeg nota nú færi til þess að senda þjer fáeinar (línur) með skipi er Tryggvi sendir til Hofsóss. Jeg vildi bara óska að jeg gæti þakkað þjer fyrir væntanlegt brjef frá þjer, sem nú er á leiðinni hingað. Að viku liðinni verð jeg að minnsta kosti búinn að fá það og hlakka jeg nú til að fá frjettir fjá þjer og að heiman.

Af mjer er allt gott að segja. Jeg hef verið frískur nema hvað jeg var hálflasinn af tanpínu nokkra daga eptir að póstskipið fór seinast, en svo ljet jeg draga úr mjer tönnina og nú kenni jeg einskis meins.

Heimspekin fer nú að nálgast eða prófið í henni, rjettara sagt. Eptir mánuð byrjar það; að jafnaði stendur það í hálfan mánuð því aldrei eru færri enn 150 stúdentar sem taka próf og eru 10-15 á hverjum degi. Þegar þú færð þetta brjef, þá verð jeg annaðhvort í þann veginn, eða búinn að ná í sess meðal heimspekinga. Ekki lýst mjer samt svo á að jeg verði meiri spekingur eptir enn áður.

Síðan póstskipið fór hefur lítið til tíðinda borið; frá Halldóri hef jeg nýlega fengið seðil og lætur hann lítið yfir Nýja-Íslandsmönnum. Framfari heldur ef til vill eigi lengur áfram en til hausts. Jeg bað Halldór að skilja það fyrsta við það blað, og helzt allt Nýja-Ísland, því valla trúi jeg öðru enn að hann geti átt margs betra úrkostar. Þykir þjer eigi Björn Halldórsson í Laufási vera undarlegur í yrringum[1] við Halldór; meðal margra manna hefur honum verið það til minnkunnar og mönnum runnið í hug smjaður og óhreinlyndi, sem fram hefur komið við ýms tækifæri. (Framhald vantar).

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 15.5.1879.

Ræðir útréttingar og peningamál. Er ásamt fleiri Íslendingum hjá mandúktör í heimspeki. Gengur senn til prófs og snýr sér þá að lögfræðinni með það fyrir augum að taka próf um jól ´82. Segir fréttir af Magnúsi Eiríkssyni[2] sem ákveðið er að fái eftirlaun kr. 400. Hann telur allar stúlkur vera skotnar í sér og að hann syngi manna best. Hann segir E.G.B. vera sinn besta vin.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 17.5.1879.

-- Ég þakka þér svo ástsamlega fyrir tilskrifið með Fönix og sendinguna að ég fæ eigi komið orðum að hversu ég þakka guði fyrir að hann hefur gefið mér svo góðan og ástríkan föður og bið hann að blessa þig og varðveita. Það er svo elskulegt að fá önnur eins bréf frá þér, pabbi minn, en vera þó ekki nema til byrði og útgjalda.

Ég fór niður í Díönu í fyrramorgun þegar hún var að leggja af stað til að sýna mig og sjá aðra og kveðja Tryggva og fleiri sem heim fóru. Ég hafði eigi spurt hann neitt um ávísunina og gat eigi heldur (nú) því þeir voru ótal sem voru að kveðja hann. En er Díana var komin frá landi svo sem tvo faðma og varla heyrðist mannamál fyrir hjólum og skrölti, stóð hann úti við borðstokkinn. Kallaði ég þá til hans og sagðist hann hafa gleymt að tala við Holme um það að borga mér 80 kr. og skyldi ég fara til hans. En rétt í því fer hann að benda og heilsar mér þá maður sem stendur við hliðina á mér; var það fullmegtugur hjá Holme. Síðan sótti ég 80 krónur niður til hans í gær og þar á eftir fékk ég bréfið frá þer, svo nú er ég heldur en ekki byrgur. --

Hér fylgir nákvæm skilgreining á peningastatus Páls. Sagði líka frá viðskiptum sínum. Einnig og samtali við Vilhjálm Finsen.

-- Hann er einstaklega alúðlegur við mig og mér finnst hann alltof góður við mig snáðann, svo mikill og háttstandandi maður. --

Valgerður E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Reynistað. 20.5.1879.

-- Sýningin fór fram í gær og var ágætlega gaman að henni. Það var eitt stórt tjald sem stóð á slétta fletinum hinumegin við ána, út og vestur frá réttinni. Veðrið var yndislega fagurt og fjöldamörg flögg uppi; svo það var

[1] *Rifrildi.*

[2] *Magnús Eiríksson (1806-1881) guðfræðingur frá Skinnalóni í N.Þingeyjarsýslu.*

mjög fagurt bæði á staðnum og líka að horfa þangað. Við þóttumst illa leikin að Gunnlaugur skildi fálkann *(eftir)* og þar til og með kom Jón ei fyrr en nóttina áður sýningin átti að verða, svo nú voru góð ráð dýr því ófært þótti ekki að hafa fálkaflaggið. Við kölluðum landritarann til ráðagerðar. Það dugði. Hann dró upp fálkann og síðan var hann klipptur úr hvítu lérefti og öllum þótti hann sóma sér vel. Þú mátt trúa því, hann tók sig prýðisvel út, blaktandi í loftinu á bláa feldinum. Það var settur upp ræðustóll og margar tölur haldnar, flestar hélt Jón ritari[1] og Gunnlaugur bróðir. Ég er alveg skotin í ritaranum. Hann talar svo fallega. --[2]

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 23.3.1879

-- Jeg þakka þjer ástsamlegast fyrir 2 brjef frá þjer; þegar jeg fjekk fyrra brjefið var mjer illt í tönnum og ljet draga úr mjer tönn skömmu síðar, svo það hefur dregizt æðilengi fyrir mjer að senda þjer línu, svo ég verð nú að biðja þig, að fyrirgefa mjer það. Leiðinlegt er þegar fagrar vonir manna bregðast, þó í smáu sje, hvað þá heldur þegar um jafn mikið er að tefla og um nýlenduna vestra. Það er hörmung, hvað hún gengur báglega, talsvert mönnunum að kenna, og nokkuð landinu. Jeg verð reyndar feginn, ef þú ferð úr nýlendunni, og kemst eitthvað burtu til manna, sem meira er að hafa hjá, en óvild og vanþakklæti. Skrifaðu mjer nú aptur, hvað þú hugsar fyrir þjer. Þú leitar kannske heim eða suður til Bandaríkja. Það væri nú auðvitað gaman að fá þig á Reynistaðarbrauðið með bættum kjörum, og að þú værir svo heima eða á Sauðárkrók, þar þarftu eigi að búa. En að öðru leyti er það mjög ísjárvert, af því jeg held þú fellir þig eigi við lífið heima, smásmygli og rag. Helst vildi jeg að þú yrðir prestur yfir einhverjum góðum norskum safnaði í Ameríku; kæmir svo hingað, og leitaðir ráðahags við frændkonu okkar Jóhönnu Ebbesen í Slangerup (þá eldri). Nú held jeg þú brosir í kamp, þegar jeg fer að tala um þetta, en þú verður nú samt að fara, að hugsa um lífvænlega stöðu og kvenkost. Jóhanna er alllagleg og vel gáfuð, hún hefur eitt ár verið í skóla þeim, sem Anna Thorlacius hefur verið í um 3 ár og tók próf í vor, en Anna eigi enn. Það er nú annars satt, að þjer lízt miklu betur á ameríkönsku meyjarnar, eptir því, sem þú talaðir um vorið þegar þú komst heim, og jeg ljet lítið yfir fríðleika skipsmeyjanna. Jæja hættum þessu.

Í fyrra brjefi þínu baðstu mig um, að segja þjer ef jeg vissi um reikn. þína við Einar prentara. Jeg hafði skrifað áður til Kristjáns Þorgrímssonar og beðið hann um reikning, hann sendi mjer nú skírteini fyrir því með póstskipinu. Í fyrra vor ætlaði Gunnlaugur að senda Einari 100 kr. en jeg talaði við hann þá, svo hann krafðist þeirra eigi framar; og svo fjekk jeg Kristján Þorgrímsson til þess að taka að sjer að fullu bókasöluna. Hann skrifaði mjer nú og segir hann að Einar sje að fá fyrir skuld þinni við hann, og nú fer Kristján að taka reikning af honum, hvernig hann hefur selt og taka við leifum af kennslubókinni. Manst þú eigi hvað mikið var prentað af allri bókinni, þá væri gott að þú skrifaðir mjer það. Það er heilmikið eptir af seinni pörtum bókarinnar, og er eigi gott við það að fást, heldurðu það væri eigi ráð, að setja seinni partinn niður, þá er bókin er gengin út svo menn yrði ljúfari á að kaupa hann. Kristján sjálfur hefur selt fyrir nálægt 40kr. frá sumri og til nýjárs; en það hefur gengið upp í ýmsilegt, sem jeg og Siggi fengu í fyrra vetur hjá honum. Þegar Kristján er búinn að gjöra upp reikning við Einar skal jeg skrifa þjer um það. Að því er snertir Hróa hött, þá hefur Siggi hann, Kristján var farinn að gefa svo margt út, þegar jeg fjekk brjefið frá þjer; og jeg var þá í exameni svo jeg herti lítið á Kristjáni. Síðan hefur það legið í þagnargildi.

Það þykist jeg vita, að þú munir hafa fengið næg brjef heimanað og frá Grafarós og um Ellu og kvennaskólann svo því fer jeg engu þar við að bæta. En það uggir mig, að þú hafir lítið heyrt frá Steinnesi, því Eiríkur er latur að skrifa, jeg set því nokkrar línur úr brjefi frá Óla bróður:

> "Skömmu fyrir páskana skrapp jeg vestur að Steinnesi og var þar á aðra viku. Þar voru allir frískir, gamla frúin í rúminu, en þó hress. Ingibjörg orðin skírmælt og Gísli hátalaður. Mikið hugsar Eiríkur um landsmál og sjást þess merki, hvenær sem hann nær setu á þingi, og er vonandi, að þess verði ekki langt að bíða. Eggert Gunnarsson var að skora á hann að bjóða sig fram í Múlasýslu, því þar á að kjósa þingmann í vor, en ekki var Eiríki um það og veit jeg eigi hvað hann hefur afráðið. Eiríkur er búsýslumaður mikill, heldur einkar nákvæma búreikninga og fer allt þar að lútandi fram með mestu snilld".

Þú veist og að öllum líkindum að hann á eina dóttur Guðlaugu að nafni ársgamla.

Þegar jeg fjekk brjefið frá þjer var Tryggvi farinn með Díönu, en jeg skal senda honum kvittunina. Síðan í vetur hef jeg fengið nokkur númer af Framfara og þakka jeg þjer kærlega fyrir. Jeg hef reyndar eigi fengið það samanhangandi, því Tryggvi hefur haft svo afarmikið að gjöra að hann hefur alls ekkert hugsað um að senda hann út. Og mjer liggur við að halda að hann hafi öll exemplör heima hjá sjer, ekki var betur farið með hann hjá Guðm. Þorlákssyni í sumar, þar lá hann eins og hráviður um allt. Stóra Konungl. Bókasafnið hefur t.a.m. eigi fengið öll blöðin. Jeg hef sjeð hann mestallan og svo keypti jeg nýlega meiri partinn af honum fyrir 50 aura af Þórhalli Bjarnarsyni (frá byrjun). Þess vegna þakka jeg þjer fyrir tilboð þitt, en neiti þess þó eigi.

---

[1] *Gæti verið Jón Jónsson (1841-1883) landshöfðingjaritari og um þær mundir alþingismaður Skagfirðinga. Hann mun hafa verið hálfgerður krypplingur og því ekki sérstaklega líklegur til að hrífa ungar stúlkur.*

[2] *Þetta er góð umfjöllun. Fréttir bárust í blöðunum um þessa menningar- og búnaðarsýningu sem þeir frændur Eggert Gunnarsson stóðu fyrir hvor í sinni sýslu, Eyjafirði og Skagafirði.(Öldin okkar, 1956).*

Jeg á að bera þjer kæra kveðju frá Slangerup, Jóhanni föðurbróður okkar þótti þú vera radikal. Hann er enn samur og jafn, ern og kátur. Kona hans hefur verið nokkuð lasin í vetur, enda er það engin furða, þar sem hún er orðin svo gömul. Einnig á jeg að heilsa þjer frá Claessen; þangað kem jeg mjög opt, og kann mæta vel við fólkið þar. Gamli Claessen er svo blátt áfram og einlægur og allt fólkið þar. Frú Valgerður Þorsteinsdóttir (frá Hálsi) hefur verið hjer í vetur; hún hefur verið að sjá hjer fyrirkomulag á kvennaskóla, og fleira þar að lútandi. Hún fer nú heim með Fönix og tekur að sjer stjórn og umsjón kvennaskóla Eyfirðinga. Hún er gáfukona, og lætur allmikið til sín taka, svo henni ferst þess vegna, held jeg, vel úr hendi stjórn skólans.

Þóra Melsted má spjara sig við sunnlenzka skólann og fara laglegar, en henni hefur farizt í vetur við sína stjórn.

Þú hefur ef til vill, heyrt að Björn Olsen er orðinn kennari fastur við skólann heima; hann fer í sumar heim; menn gjöra sjer góðar vonir um hann sem vísindamaður. Gáfumaður og laus við allt slark og óreglu, en heldur apturhaldsmaður í stjórnmálum. Það er reyndar eigi að marka; hann á mjög mikið saman við Eirík Jónsson, Garðprófast að sælda, nót mikla, svo það kann að draga aptur af honum. Guðm. Þorláksson fór út af Garði í vor. Hann hefur, held jeg, lítið. Reyndar bætir það mikið, að hann hefur fje frá Arna-Magnússonarnefndinni; og svo styrkir Konráð, frændi hans, Gíslason, hann að einhverju leyti. Guðmundur hefur í vetur verið að lesa saman handrit af Ljósvetningasögu og Víga-Glúms; bókmenntafjelagið gefur þær út þetta ár. Ekki lætur Guðm. líklega yfir því að taka examen, og mun og svo fara.

Altaf er eitthvað verið að gefa út af ísl. fræðum hjer, eða rita um það. Í vetur kom alllöng bók um Snorra Sturluson, er Boesen nokkur hefur ritað. Allmargir lesa eins og Guðmundur norrænu, en heyrt hef jeg eptir Konráð Gíslasyni, að eigi sjeu þeir betur að sjer, en alllesinn strákur heima á Íslandi, í íslensku máli; og það jafnvel eigi við prófessorarana hjer við háskólann.

Kaalund, sem heima var hefur nú ritað um Norðlendingafjórðung og "*dispúterað fyrir doktorsgráðunni*" um hann.

Vimmer,[1] er þú hefur heyrt nefndan, er hjer docent við háskólann; hann oppóneraði og sagði þar á meðal að Íslendingar hefðu eigi aðeins gleymt öllum traditiónum um fornöld á 16. öld, heldur og máli sínu. (Þessari flugu hefur hann komið í munn Dana svo þeir halda almennt að íslenzka sje einhver málýzka af dönsku, að sínu leyti eins og jótska). Vimmer varaði og við því að trúa íslenskum stúdentum í þessum efnum, því þeir hefðu lært í skólanum og pössuðu sig með að segja hið órjetta. Háskólakennarar hjer er nefnast Matzen og Goos skoða Ísland eigi meir en "kommune" og kenna það, að ríkisdagurinn geti tekið löggjafarvaldið frá alþingi ef honum þóknast, og að dönsk lög eigi að gilda á Íslandi, þar sem íslensk lög ná eigi til. Meðan Nellemann er ráðgjafi fyrir Ísland, þarf reyndar alls eigi að óttast þessar skoðanir, því hann er á annari skoðun, en þar getur þó komið að illt verði úr.

Með skipinu seinast komu tveir stúdentar heimanað Davíð Scheving[2] og Ólafur Ólafsson (frá Lækjarkoti).[3] Með seinasta skipi báðum við stúdenta að velja síra Matthías til farar hingað, til að representera stúdenta hjer við háskólahátíðina. Ráðgjafi Íslands hafði veitt 800 kr. til þessarar farar. Stúdentar gjörðu svo, en landshöfðingi neitaði að láta nokkurn annan en stúdent fá fjeð, svo þeir vildu engan senda. Jónassen læknir fjekk þó agiterað í sínum lærisveinum og þannig komið þessu fram. Við hjer erum leiðir út af þessu, því Davíð og Ólafur geta eigi komið orði up úr sjer. Munur er á hjá Norðmönnum, þeir senda vel snjalla menn, málaflutningsmenn, sem hjer eru fyrir hönd stúdenta, þaðan. Mjer líður vel og er nú að lesa heimspeki hjá R. Nilsen af kappi. Enn er jeg lítill og mjór sem *títeprjónn*.

-- sendi þjer *dispútat Kaalunds*[4] um Norðlendingafjórðung ef þú hefur gaman af mun mjer vænt um þykja. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 26.5.1879.

Ræðir um heimsendingu hómópatameðala; --

-- ekki *úrtinktúr* heldur í 1. þynningu. Hómópatíska bókin kostaði 5 kr., eigi veit ég hvernig hún er en bóksalinn hældi henni mikið. -- Það var nýlega að Kr. Kålund, er heima ferðaðist, varð doktor fyrir bók sína um Norðlendingafjórðung. Ég sendi þér hana ef þú kynnir að hafa gaman af að líta á Skagafjarðarsýslu. Allir hældu bók þessari svo gríðarmikil þegar hann varð doktor, og var það allt annað en vani er við það tækifæri er mótmælandi og ritverjar ryðja úr sér stórskömmum - en mér sýnist að íslenskum manni hefði veist það létt að rita saman þesskonar bók, þó er vel sagt frá víða, t.a.m. um Drangey. --

---

[1] *Líklega L. Wimmer (1839-1920) sérfræðingur í fornmálinu og átti marga áhangendur í Íslandi, og náðu deilur um kenningar hans allt til þess tíma sem ég var í menntaskóla um 1948.*

[2] *Gæti verið Davíð Scheving Thorsteinsson (1855-1938) er þá var að ljúka læknaprófi í Rvík og fór næsta ár til framhaldsnáms í Khöfn.*

[3] *Gæti líka verið Ólafur Ólafsson (1855-1937), síðar fríkirkjuprestur í Hafnarf. og alþingismaður.*

[4] *Kristian Kålund (1844-1919) skrifað m.a. um íslenskan fornskáldskap og sögustaði Íslands, bók sem Haraldur Matthíasson þýddi löngu síðar.*

Segir frá frænku sinni, rithöfundinum, Benedikte Arnesen Kall, sem hann heimsóttir, ræddi um fyrri ferð hennar til Ísland sem hún taldi sína skemmtilegustu. Ráðgerir ferð og að fara þá með strandsiglingaskipi umhverfis landið.[1] *Segir fréttir af fólki og kóngi og væntanlegu heimspekiprófi.*

-- Ef Halldór kemur eigi heim og sækir um Reynistaðarbrauðið hef ég verið að tala um það við séra Guðmund Helgason[2] og eggja hann á það. Hann hefur eigi verið því svo fjarri. Ég vildi bara óska að það fengi framgang því Guðm. er vel að sér gjör um marga hluti. Hann hefur verið hér og í Edinborg í vetur og verður hér fram yfir hátíð og síðan er hann að hugsa um að ferðast til Þýskalands og Svissaralands. --

Valgerður E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Reynistað 30.5.1879.

-- Sýningin fór fram í gær og var ágætlega gaman að henni. Það var eitt stórt tjald sem stóð á slétta fletinum hinum megin við ána, út og vestur frá réttinni. Veðrið var yndislega fagurt og fjölda mörg flögg uppi -- svo það var mjög fagurt bæði á staðnum og líka að horfa þangað. Við vorum illa leikin að Gunnlaugur skildi fálkann -?- voru góð ráð dýr -- Við kölluðum landritarann til ráðagjörðar. Það dugði. Hann dró upp fálkann og síðan var hann klipptur úr hvítu lérefti og öllum þótti hann sóma sér vel. Þú mátt trúa því, hann tók sig prýðilega vel út, blaktandi í loftinu á bláa feldinum. Það var settur upp ræðustóll og margar tölur haldnar, flestar hélt Jón ritari og Gunnlaugur bróðir. Ég er alveg skotin í ritaranum. Hann talar svo fallega. --

Valgerður E. Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 2.7.1879.

Segir af sýningu á Reynistað. Árni vert á Sauðárkr. sá um veitingar, bannað að veita brennivín fyrr en síðari hl. dags. Lýsir sýningu sem var við réttina, tjald var og ræðustóll og flagg með fálkaflaggi og fleiri flögg. Dáðust menn sérstakl. að fálkanum. Gunnlaugur hélt snjalla ræðu. Svo var Eldg. Ísaf. sungin, fallega, ekki hátt. Árni á Sölvanesi stjórnaði margradda söng. Hann hafði v. í námi f. sunnan; líkaði Jónasi vel við hann. Svo byrjaði sýningin m. ræðuhöldum; voru Jón ritari og Gunnl. skemmtilegastir.

-- 2 norskir kapteinar voru hjer við sýninguna, þeir voru mjög lukkulegir yfir norsku flöggunum og álitu það vera frændrækni við Norveg, en meiningin var að þau voru af skipum sem höfðu strandað fyrir laungu síðan og Claessen geymdi, en kapteinarnir voru náttúrlega látnir halda sinni meiningu. --

Kvennaskólafundur., afráðið að biðja um Hjaltastaði handa skólanum. Árni Jónsson læknir er kominn til sýslunnar. Segir frá þingferðum föður síns.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 3.6.1879.

Lýsir sýningunni sem hann hafði skipulagt á Reynistað, rækilega, afgirt svæði, stórt tjald með veifu.

Sýningin framfór á eggsljettri grund út og upp frá Reynistaðarrjettinni neðan við ána, var þar afgirt svæði 50 álnir í hvert horn, stóð þar tjald í miðju 34 ál. ummáls með stöng uppúr og var þar veifa. Skammt frá var ræðustóll, þar hjá 10 al. stöng með fálkamerki í bláum dúk, þá lítið frá 15 al. stöng með 9 veifum, merki

Dana, Norðm. og Svía, og í öllum 4 hornum svæðisins voru stengur með veifum á. Þar var veitingatjald og borð og bekkir m.m., veður var indælt, sólfar og lítil gola og var það sannarlega ánægjulegt að sjá hin marglitu flögg hvort við hliðina á öðru svona í sveitabæ, veit eg að það er í fyrsta sinn á Íslandi að 9 flögg hafi sjeðst á einum bæ eða stað í sveit, það var ekki einusinni við þjóðhátíðina á Þingvöllum.

Sjálfur setti hann sýninguna, flutti þrjár ræður.

Allir komu ánægðir og allir skildu ánægðir. Eg fjekk verðlaun fyrir 2 stóðhryssur, eina á og eitthvað fleira. Naut sýndi eg mjög fallegt en hafnaði verðlaunum fyrir það.

Segir að þegar kynbætur og sýningar hefjist batni afrakstur og einnig verð fyrir sýningargripi. Spyr um Tryggva og Jóh. Briem og hvað sé gert vestra ef þjófnaður kemur upp og dæma þarf milli manna.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Garði 30.6.1879

-- Nú ert þú líklega að hætta við ritstjórn Framfara og er slíkt vel farið, því margt var þar vandasamt starfa, en lítið úr býtum að bera. Jeg veit nú eigi hvort þú verður í nýlendunni, en brjefið mun þá einhvern tíma finna þig, og óska jeg að þú verðir glaður og ánægður er það verður. Jeg er nýbúinn að taka próf í heimspeki með láði, jeg vildi fá ágætlega, því jeg hef eigi fyr lagt mig meir fram en fyrir þetta próf, en úr því svo var komið var það gott að hafa láð. (Geir Zoëga, Jóhannes Ólafsson og Finnur Jónsson; gekk ágætlega í því prófi.) Að öðru leyti líður mjer bærilega. Alveg nýkomin brjefin að heiman, og þar leið öllu vel. Þú veizt náttúrlega, að Ella er í Reykjavík í sumar og er að læra á orgel.

[1] *Ekki mun hún hafa farið í þá ferð.*

[2] *Guðmundur Helgason (1853-1922) síðar prófastur á Gilsbakka.*

Nýtt blað er komið á stokkana heima, er Valdimar (Ásmundsson?), Egilsson, Þorlákur Johnsen gefa út. Þorlákur Johnsen hefur og ritað skáldsögu; eru kapparnir tveir verzlunarsveinar íslenzkir og illmennin tveir danskir; að öðru leyti er illa farið með kaupmenn í Reykjavík. Bókin er sárlega aum, enginn skáldskapur og stirt mál. Þeir sömu og í fyrra hafa brotið kistur Thomsens í Elliðaánum. Sjerlega góðar frjettir um allt land.

Löndum hjer líður vel. Sigurður Sigurðsson hefur nýtekið próf í málfræði með láði og Einar Thorlacius með lágu háði; hann hefur sótt um Skaptafellssýslu og fær hana sjálfsagt; hann fer heim með Fönix á mánudaginn. Einnig Ólafur og Davíð, sendimenn stúdenta, þeir bera lítinn orðstír; Danir (stúdentar) kölluðu þá debútantana, enda voru þeir mjög viðvaningslegir.

Jón Sigurðsson er ávallt lasinn og öðru hverju í rúminu. Bókmenntafjelagsbækur verða því seint útsendar, því að Jón vill hafa afskipti af því ennþá.

Jeg hef nýlega verið á skógartúr með Garðbúum, vjer fórum norður á Sjáland til Furesö. Danir voru mjög hrifnir yfir vatninu, en mjer fannst fátt um það. Það er lítið stærra en tjörnin við Rvík, og þó máttum vjer í skólanum til að læra nafn og afstöðu; annars kemmti jeg mjer vel.

Jeg legg innan í miða með ferðaáætlun, Camoens, hestaskipi er Slimmon sendir til Íslands í sumar, það stóð í Berlingi í morgun. Jeg fer svo að hætta og bið þig að virða vel. Líði þjer ávallt mjög vel. Ólafur Stephnesen sat eptir í 2. bekk í vor. Siggi er í 3. bekk ofarlega. --

Páll E. Briem skrifar Kristínu E. Briem Claessen. Ódags.

Elskulega bezta systir!

Jeg þakka þjer innilega fyrir ágætt brjef með póstskipinu. Mig gleður hvað þú ert frísk og börnin litlu. Jeg sendi þjer garnið, það kostaði 2.00 og ½ al. af silkiflöjeli, sem jeg borgaði 2,75 (kostuðu 3,00). Þetta sendi jeg þjer í pakka sem fór með Fönix og síðan með Diönu til Sauðárkróks; þar með var og ýmislegt dót til ykkar frá Claessen tengdaföður þínum. Jeg hjelt að um það leyti væru svo margar ferðir frá Sauðárkróki og yfrum að þetta gæti vel gengið. Jeg hef haft svo mikið að gjöra að jeg eigi hef getað sinnt nógu vel að fara til D.B. Adlers sáluga. Jeg fór nokkrum sinnum til Sigríðar Helgadóttur (sen, son) en hún var eigi heima; svo fór jeg í morgun og hitti hana. Síðan fór jeg til kontors D.B. Adlers, en sonur hans, sem stýrir öllu, var eigi heima; en jeg hitti hann eptir 3 daga. Jeg er viss um að hann borgar að minnsta kosti 40,00, en ef hann gjörir það eigi lofaði Sigríður að fara til ekkju Adlers. Hún bað kærlega að heilsa þjer. Ógn var leiðinlegt með hana Ellu; ef þetta sljákkar eigi í fólkinu þá verður það leiðinlegt fyrir hana; hún er mjög ólukkuleg yfir þessu. Jeg var nýlega hjá Benedictu; hún biður kærlega að heilsa þjer. Hún er jafnkát og fjörug sem hún á að sjer. Jóhann föðurbróðir okkar skrifaði mjer nýlega og bað mig að heilsa þjer. Hann er mjög kátur enn. Kona hans hefur þó verið hálflasin í vetur. Ebbesens-fólkið er við hið sama. Jóhanna hefur verið á fröken Zahles-skóla; hún tók glimrandi examen í vor eptir, jeg held, eigi fullt ár, það sem Anna Thorlacius hefur verið að eiga við allan þennan tíma og eigi búin með enn. Hún hefur það jafnt og áður. Jeg hitti hana niður við Diönu um daginn; hún var að kvarta um að jeg kæmi aldrei, en mjer er nú lítið um Gísla fóstra hennar. Þó ætla jeg að fara nú um hátíðina, svo eigi firnist alveg vinskapur okkar Önnu. Ekki fer Jón Sigurðsson heim til alþingis; hann er orðinn ógn af sjer genginn. Jeg kom til hans í vikunni og var eins og hann yrði svo feginn. Hann og kona hans eru orðin nokkuð einstrengingsleg og koma heldur fáir þangað nú orðið.

Jeg kem iðulega til þinna elskulegu tengdaforeldra og kann jeg við mig þar eins og jeg ætti heima þar.

Mjer líður vel. Jeg fer að hætta og bið þig að virða vel þetta flýtishrip.

Heilsaðu kærlega manni þínum og syni og dóttur, Frederikke Charlotte Ingibjörgu. Vertu svo ætíð sem bezt kvödd, elskaða systir. Svo óskar af alhuga þinn elskandi bróðir Páll Briem

Elín E. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 4.7.1879.

Komin til Rvíkur til að læra á orgel og ensku (hjá séra Matthíasi Joch.), söng og spil hjá Jónasi Helgas. Fer um miðjan sept. að kenna á Hjaltast. Vona að það gangi jafn vel og í vetur, þó eitthvað hafi komið fyrir sem spillti. Segir frá alþingi, segir menn búast við að skríði til skara á Möðruv. Hefur verið í Viðey.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 6.7.1879.

Segir frá háskólahátíðinni. Þurfti að fá sér kjól og hvítt, sem var fyrirskipað. Á eftir voru stúdentar með hátíð í Klampenborgarskógi. Hana sóttu 2500 og sigldu þangað á fjórum skipum.

Páll fékk fyrstu einkunn í heimspeki. Bjóst við ágætiseinkunn eins og hinir þrír íslendingarnir. Nú les hann sifjarétt upp á eigin spýtur sem getur þýtt að hann verði ári lengur við nám. Segir frá Vilhjálmi Finsen og af alþjóðamálum. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 14.7.1879.

Segir af búskap, verslun m.a. hrossaversl. Coghills.

-- ég er reyndar lasinn stundum af þreytu og áhyggjum en það líður frá annan sprettinn. --

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 14.7.1879

Ræðir hagi HB. Segir mikinn grasmaðk eyðileggja tún. Heyskapur dregst, kaupafólk kom, en hægt að láta það vinna við byggingu fjóss sem er með því sniði að kýrnar snúa hausum saman,

-- það er selskapslegra fyrir þær. --

Ullarverð lágt enda hefur ullin illt orð á sér þannig að þetta er mönnum sjálfum að kenna. Menn eru að hugsa um að taka sig saman að þvo og verka betur.

Páll Briem skrifar Finni Jónssyni. Slangerup. 22.7.1879

-- Jeg kom hingað í gærkvöldi seint, hafandi farið af stað frá Höfn kl. 6. Hjer var tekið mjög vel á móti mjer, og máttu geta nærri að jeg kann vel við mig, þó er eigi hjer mikið um unga fólkið. Börn Ebbesens eru öll yfir á Jótlandi, og koma eigi fyrr en á sunnudag.

Á morgun er dóttir (föður)bróðir míns að hugsa um að fara til Ulrichs familíu, sem er hjer í nánd, og fer jeg með henni. Heilsaðu mjög vel Jóhannesi og Geir kærlega.

Blessaður skilaðu fyrir mig bókum í háskólabókasafnið. Gerðu mjer þá þægð, að fara með innlagðan rauðan miða til Claessen, þegar eftir að þú færð brjefið (um kl. 11, 2 eða 7) og heilsa frá mjer, og seg honum að Halldór hafi beðið mig um að koma út á Klampenborg um sunnudaginn, og föðurbróðir minn gefið mjer engan tíma á mánudaginn áður en jeg fór. Spurðu hann og að hvort hann viti nokkuð um hvort skip fari til Sauðárkróks og hvort Popp er kominn. Skrifa mjer um það. Einnig um Díönuferðir og hvort til nokkurs er fyrir mig að skrifa með Díönu. --

Gáðu í ritmöppu mína, og vit hvort fullmagt Guðmundar Helgasonar er þar til mín að taka á móti brjefum. Ef svo er þá reyndu að fá þau á því pósthúsinu og geyma þangað til að jeg fæ brjef frá honum með uppskátt gjörðri adressu til G. Helgasonar. Seg mjer frjettir að heiman ef þú fær.

Vertu sæll. Þinn elsk. vinur Páll

> Hermed befuldmægtiges Hr. stud. philol Finnur Jónsson, til for min Haand at modtage alle til mig adresserede Breve, Pengebreve indbefattet, denne indeværende og næste Maaned.
>
> Slangerup 22de Juli 1879. Páll Briem stud. jur. Regensen Kjöbenhavn

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Slangerup 22.7.1879.

-- Jeg skrifa þjer fáeinar línur með brjefi frá Ellu systur minni; það kom á sunnudaginn með Díönu, en þá hugsaði jeg eigi um að senda það þegar og í gær var jeg í Kaupmannahöfn með föðurbróður mínum og hafði eigi tíma til þess; jeg kom hingað í gærkveldi með honum og dóttur hans; jeg er hissa á hvað föðurbróður okkar fer lítið aptur, hann er svo kátur og hugsar um allt, að hann gæti verið 20 árum yngri. Kona hans er þarámóti öðru hverju hugsjúk en fer þó eigi mikið aptur. Allt er við hið sama sem áður, frjettalaust alveg frá Höfn; heiman að frá Íslandi ertu náttúrlega búinn að fá jafn margar frjettir og jeg og því minnist jeg eigi á það. Af mjer er ekkert að segja annað en að mjer líður einkar vel og svo enda jeg miðann með óskum um að þjer megi líða sem bezt og þú komir heim til Íslands ef þú getur fengið þig til þess, þá er náttúrlegt að þú verðir alþingismaður, sýslunefndarmaður, hreppsnefndarmaður, sáttanefndarmaður osv. Hjeðan frá Slangerup er þjer kærlega beðið að heilsa.

Lifðu ætíð blessaður og sæll. Þinn elsk. bróðir

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Slangerup. 24.7.1879

-- Það var leiðinlegt að jeg skyldi vera að ómaka þig með fullmaktina; jeg fann hana hjá mjer og sendi nú og einnig bið jeg þig að láta brjefin fara til Guðm. ef nokkur eru til. Hans adressa 6-7 næstu daga: G.H., Hotel National, Invalidenstrasse 129, Berlin.

Einnig þætti mjer vænt um ef þú hjálpaðir Guðmundi Helgasyni með blöð, "eitthvert hrafl" en annars gerir það ekkert til. Jeg fjekk hjá Þórhalli viðaukablað Ísafoldar, þar sem talað er um Sýningu á Reynistað. Ef þjer líst, þá taktu það á lestrarstofunni, jeg gleymdi því, annars bið jeg þig að reyna að útvega mjer það að heiman. Þú ert svo ráðugur. --

Veðrið er leitt og jeg get eigi í dag verið reykjandi í lystihúsinu svá sem í gær lesandi: Hákon jarl (Adam Öhl.)

--

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík 27.7.1879.

-- Kærlega þakka jeg þjer fyrir tilskrifið, sem jeg átti ekki von á, því jeg vissi ekki hvort þú vissir að jeg væri hjer, en þó þótti mjer þess vænna um það. Jeg skrifaði þjer nokkrar línur með póstskipinu seinast, þá minntist jeg dálítið á þessi vandræði sem fyrir mig komu í vetur, þú skrifar mjer að þú sjert hissa að enginn heima skyldi ráða mjer til að hugsa mig um, nei það var þvert á móti, þeir sem nokkuð rjeðu eða vissu um það fannst jeg ekki þurfa neitt að hugsa mig um það, nema að segja já, í fyrstunni sagði jeg þó nei, opt hef jeg óskað að það hefði verið tekið gilt, því var nú ver, heldur að forblóma það á allar lundir, jeg man eptir að Friðrikka sagði einu sinni: "Það er jeg viss um að engri stúlku í Skagafirði hefði dottið í hug annað en að taka honum", það sem hann hefur drifið sig áfram það átti allt að vera dugnaði hans að þakka, reglusemi o.s.fr. bar jeg (ættina mátti nú ekki nefna það var eins og maður kæmi með einhverja vitleysu) hefði verið ein í ráðum þá hefði allt betur farið, eins og rjett fyrir jólin, þá kom maður og nefndi þetta sama en þá sagði jeg umhugsunarlaust nei og þá var það búið, jeg er nærri viss um ef jeg hefði verið heima þá hefði verið hrært í mjer með það, nú verður þú forvitinn að vita hver þetta var, þú getur giskað á það, á nærri næsta bæ fyrir framan Hjaltast. Þvílíkur leiðinda rekstur hvað eptir annað, það var nú það sem gjörði mjer tíðina í fyrra vetur fjarska leiða, en allt það sem kennslunni og stúlkunum viðkom gekk uppá það bezta, og svo prófið í vor sem sjera Zófonias og frúin á Flugumýri tóku gekk mikið vel. En þegar jeg var orðin laus við þetta aptur, þá var allra augu opnuð og lofuðu þá guð og lukkuna og svona fór, það gjöri jeg líka, en óttalega finnst mjer það skammarlegt og leiðinlegt og sívakandi verður það fyrir mjer meðan jeg verð í Skagafirði, þar sem jeg veit að allir vita það útí æsar því Glau.fólk hafa útbreitt það um allt, dálítið finnst mjer jeg gleyma því hjer og held jeg það sje mest fyrir það, að jeg veit að einginn veit það hjer, og svo máske nokkuð tímalengdin.

Góði hugsaðu nú um að verða einn af kennurunum á Möðruvöllum, það er nú verið að byggja þar, svo ætla jeg að skipta um og verða kennari við Laugalandsskólann, ekki veit jeg það nú en það getur þó verið; það væri mikið betra að því leyti að þá þarf maður ekki að kenna eins margt, raunar væri það bara fyrir mjer til að vera ekki í Skagaf. því þó jeg væri fyrir norðan þá sje jeg ekki mikið sjaldnar fólkið mitt, því allan veturinn kem jeg ekki heim nema á jólum og páskum.

Miklir dómar held jeg hafi gengið um þig að þú skyldir fara til Ameríku, því það hefur verið sagt við mig, hvað þú hefðir tapað áliti þínu við þessar Ameríkuferðir. --

> *Kann vel við sig í R., er að læra ensku hjá sjera Matthíasi, að spila hjá Jónasi en verst að geta ekki haft harmonium hjá sér. Talar um alþingi og óvinsældir Jóns ritara hjá alþm. Var boðið starf í kvennask. í Húnav.s en hún kunni ekki við að stökkva þangað.*

Matthías Jochumsson skrifar Halldóri E. Briem. 31.7.1879.

Elsku bróðir!

> *-- Biður HB hætta við Framfara. Setti nafnlaust í Þjóðólf hans anarkistíksu athugasemdir. Margir þingm. taka illa í mál eins og lausn sóknarbands og önnur kirkjumál. --*

Anna Thorlacius[1] skrifar Elínu E. Briem. 31.7.1879.

-- Ég heyri frá Páli bróður þínum að þú sért eða hafi verið í Reykjavík að læra að spila fortepiano. --

Páll Briem til Finns Jónssonar. Slangerup. 1.8.1879.

-- Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir innkaupin, en í öllum bænum kauptu eigi meira, því sjálfur hef jeg nú alls eigi meira en svo sem þessu svarar. Skrifaðu heldur greinilegan reikning sem þú leggur með. Fyrst þú hefur getað slegið Guðna, þá verð jeg feginn, að þú lánir mjer burðarfje og það sem er framyfir 30 krónur, þangað til jeg kem, sem jeg vænti að verði eftir helgina, þó jeg sje eigi viss um það.

Heilsaðu vel Geir og Jóh. Jeg á mjög óhægt með að skrifa, nema sem minnst og sjaldnast. Kauptu annars ef þú átt hægt með pergamentið svo það sem til baldýringa heyrir sje klárað. Jeg hef hjer unaðarsamt og líður að öllu vel, en aumingja hjartað! --Vertu vel kvaddur af þínum elsk. vin P.Br.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Slangerup. 2.8.1879.

-- Eins og þú sérð er ég hjá bróður þínum Jóhanni og kom hingað fyrir 12 dögum. Svo sem þú getur nærri hefur mér liðið mjög vel -- er það að mörgu leyti ólíkt líf og heima er um þetta leyti og ég hafði í fyrra. Annirnar og vinnan við heyskapinn. En nú hef ég um þetta leyti lagt lögbækurnar á hilluna og geri ei annað en lesa

[1] *Gæti verið Anna Magnúsdóttir Thorlacius (1857-1942) frá Botni í Hrafnagilssókn sem giftist til Noregs.*

skemmtibækur og tefla við bróður þinn eða er í veislum, annaðhvort hjá honum eða tengdasyni hans og Sofíu dóttur hans. Stundum sit ég út í garðinum undir laufsælum trjám með tóbakspípu því með öðru fleira hef ég farið að reykja í Höfn, þó ég geri það eigi mikið. Einnig má ég tína mér ávexti eftir vild í garðinum, svo ég get eiginlega ekki haft betri daga en ég hef. --

Lýsir heimsókn þeirra frænda á sveitabæ og indælu sveita- og samkvæmislífi. Þó segist hann ekki vildi setjast að í Danmörku því föðurlandið dragi. Frændi hans spurði um háskólahátíðina og kostnað við hana. Þegar hann heyrði það gaf hann Páli tíu krónur sem hann var sannarlega þakklátur fyrir. Jóhann er síkátur heldur uppi skemmtun og er dóttir hans Sofie og hennar dætur líkar honum.

Jóhann G. Briem skrifar Eggert G. Briem. Slangerup. 2.8.1879

Bedste broder min!

Skrifar á dönsku til bróður síns og þakkar fyrir allt gamalt og gott og fyrir að fá Pál í heimsókn.--

Páll Briem til Finns Jónssonar. Slangerup, 2.9.1879

-- Þú hefur orðið bitur og reiður að jeg skyldi eigi þakka þjer í gær fyrir allt ómakið, en nú þakka jeg þjer mjög vel og óska þjer einnig að allt gangi svo vel sem þú óskar.

Heilsaðu, lif heill þ. elsk. v. Páll

Þú mátt lesa brjefin heim, ef þú vill, og rífa upp ef aftur eru. Sendu mjer góði Sigurð Breiðfjörð og gef eða seldu mjer. Þú sendir brjefin. --

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Slangerup 7.8.1879

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir tilskrifið og vindlingana. Heilsaðu Jóhannesi með þakklæti og Geir. Efni brjefsins er eiginlega, að biðja þig að rífa upp ef nokkur peningabrjef koma og geyma fyrir mig sömuleiðis böggla. Þú náttúrlega sendir hið ritaða af brjefinu.

Mjer líður vel. Var í gærdag hjá Myhle presti í Flotikki (?) og nú í kvöld í heimboði hjá frændkonu minni, dóttur föðurbróður. Lif vel. Ég kem eigi fyrr en á mánudag.--

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Slangerup. 12.8.1879

-- Jeg þakka þjer margfaldlega fyrir ástúðlegt og kærkomið tilskrif með póstferðinni, og það sem jeg bið þig mest að fyrirgefa, er að jeg endurgeld þjer svo illa brjefaskriftir þínar, og geri þjer svo mikinn ómaka með kaup og annað. Síðast er jeg reit þjer, kvaðst jeg mundi koma heim til þín í gær, en svo dróst það þangað til í dag, að jeg talaði við föðurbróður minn um, að nú færi jeg í dag, en hann vildi þá ekkert um það heyra, og mjer þykir þá eigi svo óskemmtilegt, að lifa hjer að jeg færi að neita mjer um það, svo nú er afráðið að jeg kem eigi fyrr en hinn síðasta miðvikudag í þessum mánuði. Heilsaðu Jóhannesi mjög vel og bið jeg hann fyrirgefa, að jeg eigi skrifa honum. Heilsa og Calessen vel frá mjer. Nú koma bænirnar: Frú Herdís hefur belti frá Magnúsi í Viðey sem hann hefur beðið mig að láta gylla hjá góðum gyllara. Þar til eru 10.00 sem fylgja. Ef þú ert vel fjáður bið jeg þig að sjá um þetta. Annars tekur þú fjeð og brúkar það. Svara mjer um þetta. Svo þarf jeg að biðja þig, að senda mjer föt. Einar nærbuxur og tvennar nærskyrtur. Ef jeg á nokkurn vasaklút þá send þá. Einnig sendi Ella mjer tvo vasaklúta sem eru hjá Mórtiz. Send þá. Lána mjer þann þriðja, ef jeg á eigi aðra. Síðan bið jeg þig að kaupa hjá Salomon (líklega í Silkigötu nr. 14 eða Krónprinsgötu eða Klarebódum, sjá Vegvísarann):

3 par manchetter á kr. 3.00
3 Kraver, 1,25 kr. eða 1,33 kr., 14 þumlunga 4.00
helst eins og bestu manchetturnar sem eru í óhreina tauinu og stærstu hálshnepptu kragana og ... ... flibba. 14 tommur á 2.66.
Send mjer einnig tvenna sokka.

Jeg sendi þjer 10 kr. Jeg held eigi vert að senda mjer neitt af hinu sem jeg á hreint heldur bara þetta. --

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Slangerup. 12. 8.1879

-- Jeg skrifaði þjer í dag, en gleymdi þá að biðja þig um, að vera svo góður, að senda mjer nýjungar eins og þú lofaðir mjer. Jeg vil eigi biðja þig um annað en blöð ef þú átt hægt með. Ef þú eigi ert búinn að senda mjer fötin þá þætti mjer gott, að þú sendir mjer hnífinn, sem liggur í kassanum. Annars gjörir það ekkert til. Fje gleymdi eða rjettara sagt gat jeg eigi sent þjer en það kemur í öllu falli á morgun til þín. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Slangerup. 13.8.1879.

-- Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir brjef frá Gimli dags. 3 júlí. Jeg sendi þjer líka bréf frá Ellu sem hún sendi mjer. Það var aðeins gott hvernig endalok urðu, og það eigum við að þakka Eiríki bróðir; því að hann reið

beinlínis norður, til þess að fá því slitið. Ella sjálf hafði eigi kjark til þess, að þverneita og því síður slíta trúlofuninni.

Það lízt mér vel á, að þú verðir kennari á Möðruvölum, en ert þú eigi allmikill heimspekingur. Snakkarinn fer nú að falla frá og þá þarf Ísland að fá einhvern frjálslyndan og drenglyndan mann í það sæti. Ef einhver vill lifa fyrir vísindin og rita fræðandi ritgjörðir fyrir landið, þá er það einna bezta staðan. Jeg vildi aðeins óska, að þú studjeraðir heimspeki, og yrðir kennari á eptir snakkaranum.

Mjer fyrir mitt leyti þótti mjög gaman, að lesa heimspeki í vor, og var það þó hjá Rasmus Nielsen, sem fylgir nokkuð úreltum skóla, og, að mjer finnst getur eigi fullnægjandi leysing á sínu systemi.

En nú gleymi jeg því, svo sem svo mörgu öðru vegna laganna, því að þau les jeg nú hjer eingöngu.

Þú segir þjer líki eigi þýðingin á Hróa, og þyki viðurstyggð að dónamáli, en skrifaðu mjer nú aptur, hvað langt þú vilt fara. Mjer sýnist að margir langi alltof langt. Er það rjett að útrýma "par" úr málinu? Það er auðvitað að sumir fara oflangt í dónamáli, en hitt er aptur oflangt ef bókmálið og talmálið getur eigi haldist í höndur. Siggi skrifar mjer eigi mikið, en honum gengur dável í skólanum, og er fastur fyrir í fögunum, og fær eigi svo góðan vitnisburð, sem hann gæti fengið, ef hann væri eigi stirður í máli, þegar hann á að segja frá.

Þú hefur getið rjett til um að búnn vantaði í. Síðan hef jeg eigi fengið brjef frá Kristjáni um bókina, en að minni hyggju safnast víst nokkuð fyrir hjá honum. Á jeg að segja honum að senda þjer það, eða á jeg að vera milligöngumaður?

Eiríkur bróðir er mjög latur að skrifa, nú á jeg hjá honum 3 eða 4 brjef.

Mjer líður hjer ágætlega hjá Jóhanni föðurbróður mínum; hann hefur boðið mjer að vera til þ.m. loka. Jeg kveð þig svo með innilegum óskum um allt gott. --

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Slangerup. 15.8.1879

--Fyrst og fremst þakka jeg þjer betur en jeg fæ orðum að komið fyrir þínar útrjettingar, sem mjer líkar mikið vel, en nú þarf jeg að níðast á þjer enn, og nota mjer þitt einstaka langlundargeð. Gjör nú svo vel og far með innlagðan miða á sunnudaginn til Claessen eða mánudaginn; heilsa frá mjer og segðu það hafi komið í brjefi til mín frá Kristínu systur Claessen. Ríf upp böggulinn, og tak vaðmál og far með það í Pustervig nr. 3 (liggur út úr Kolatorgi) og bið þar um að þæfa það og pressa, og bið um að hafa það til áður Lárus fer, tak síðan 4 álnir þar af, geym þær og send hitt með Lárusi, ef það er eigi hægt þar svo fljótt, þá skaltu eigi borga það út en gera annað við fjeð.

Jeg hef fengið hattinn, sem jeg sendi heim, til baka, og þykir mjer vænt um það, nú fæ jeg hann, en þessvegna bið jeg þig og að pantsetja eitthvað af mínu dóti, kápu eða klæðnað svo að þá fáist fyrir 7 krónur, eða meira eftir því sem verkast vill og far síðan með innlagt brjef til Sigríðar Helgesen og seg henni kveðju mína og hún geti fengið hjá þjer allt að 7 krónum fyrir laglegan kvenmannshatt, svartan eða brúnan, barðastóran.

Jeg sendi þjer og brjef Siggu og Stínu, og ef þú átt hægt með, að gera við hólkinn og kaupa ....begyndt morgenskó og hefur fje, þá þætti mjer vænt um það. Að mínu áliti eiga skórnir aðeins að vera striginn og þar á sýnt mönstret og síðan tilheyrandi silfurgarn. Það kostar varla 5 kr. Skal allt sent með Lárusi. Skrifa mjer bráðlega aftur hvað þú segir um það. Jeg sendi þjer líka brjef Völu svo þú eigir hægra með að átta þig. Það fyrsta er merkilegast, jeg sendi þjer 14 kr.

Skrifa mjer hvað er hægast fyrir þig o.s.frv. Stínu brjef vildi jeg gjarna sjá aftur áður jeg skrifa með Lárusi.

Svo vil jeg nú hætta, og biðja þig vel að virða og fyrirgefa okkar ógurlegu stórbænir. Ef jeg eigi ætti þig elskulegi Finnur!

Heilsa Lárusi afar vel, Jóhannesi og Geir. Segðu Jóh. að jeg muni rita honum eftir helgina. --

Páll E. Briem skrifar Kristínu E. Briem Claessen. Slangerup. 15.8.1879.

-- Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir brjefið þitt og gleður það mig að heyra að þjer líður vel og kannt allvel við þig þó eigi sje allt sem ákjósanlegast.

Þú munt furða þig á að jeg skrifa þjer hjeðan; en svo stendur á að Jóhann föðurbróðir okkar kom inn til Hafnar þ. 21. júlí og tók mig með sjer til baka og síðan hef jeg verið hjer og kunnað mjög vel við mig og liðið ágætlega. Hann hefur boðið mjer að vera til þessa mánaðar loka og tók jeg því boði með gleði. Föðurbróðir okkar er óbreittur síðan þú varst hjer og sama gleði og ástúðarandinn og fyr hefur verið. Kona hans er þar á móti optast eitthvað vesöl og jafnan hrædd að þau hafi þá og þegar ekkert til fæðis eða klæðis og verður jafnan leið yfir þegar hann kaupir bækur eða annað til skemmtunar eða skrauts. Dótturdætur hans koma til þeirra hvern dag og spjalla við þau og gjöra þannig marga skemmtilega stund fyrir þau, sem annars kynni að verða daufleg. Jóhanna Ebbesen tók próf í vor hjá frökan Zahle og síðan hefur hún kennt börnum á herragarði einum

hjer á Sjálandi. Á morgun er sumarleyfi hennar úti svo hún kemur hingað fyrst, er foreldrar hennar halda silfurbrúðkaup sitt í september. Jeg hef opt verið með Ebbesensfólki til að heimsækja kunningja þess. Á sunnudaginn fer jeg með tveimur yngstu systkinunum norður að Arresjö til prestsins er hefur boðið þeim til sín. Svona hefur einn dagurinn verið öðrum betri. Hjer getur valla verið ólíkara líf en heima hefur verið fyrir mig þó hvortveggja sje skemmtilegt. Einu sinni hef jeg þó borið ljá í gras. Kallinn sem átti að slá túnblettinn í garðinum kom eigi svo jeg bauðst til þess.

Ella hefur verið að skrifa mjer til um það hvað æskilegt væri að fá harmonium til skólans og held jeg að það væri mjög gagnlegt, því eins og barnið lærir málið af móðurinni, svo munu og ungu mennirnir fyrst fá verulegan smekk fyrir fögrum söng er kvenmennirnir ryðja brautina. Ef það væri keypt næsta ár verður komið 60 kr. frá Adler og svo ætti skólinn að geta misst 100 krónur af landsjóðsfje.

Síðan kveð jeg þig með beztu og ástkærustu óskum í bráð og lengd. Heilsaðu ástsamlega manni og börnum. --

21. ág. Þegar jeg ætlaði að fara að senda þjer þennan miða komu hingað brjefin með Lárusi; jeg hef verið hjer síðan svo jeg get eigi neitt átt við það sem þú baðst mig um. Jeg tók það því til bragðs að biðja sambýlismann minn, Finn Jónsson, að gjöra hvað hann gæti, hann fór með miðann til Claessens tengdaföður þíns, borgaði honum af einhverjum misskilningu þær 5,50 er þú sendir mjer, en það gjörir reyndar ekkert til því jeg hef enn þær 40 kr. frá Adler.

Heilsaðu Siggu systur kærlega og seg henni að jeg muni síðar skrifa henni. Ef þú biður mig að kaupa seinna eitthvað þá bið jeg þig að ákveða hvort það skuli þá strax sent með pósti. -- Mjer líður mjög vel. Leitt þykir mjer að jeg get eigi sjeð Lárus. --

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 16.8.1879.

Biður HB koma með til Winnipeg svo þeir geti ræðst við og til að HB geti fengið læknishjálp. Biður hann um að koma grein eftir sig í Framfara. Segir að séra Páll hamist við að koma óskírðum börnum sem deyja til helvítis, segi líka að mormónar séu þjónar djöfulsins og við barnaskírn sagði hann að JB væri enn hættulegri því ég skæri sneiðar utan af sannleikanum. Biður þá Sigtrygg að lesa greinina saman til þess að hún verði prentvillulaus. Hughreystir HB. Burtför sýnóðumanna væri happ fyrir nýlenduna.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Slangerup. 22.8.1879.

Er enn hjá frænda sínum Jóhanni, en fer eftir nokkra daga og tekur þá aftur til við námið. Segir frá því sem hann gerir til dægrastyttingar og heimsóknum til nágrannapresta og lýsir starfi þeirra sem sé ólíkt hægara en heima á Ísl. en þó eru þeir ekki vel ánægðir allir. Mikill pólitískur æsingur.

-- bændur standa á móti embættismönnum og borgarlýð (hægrimönnum). Ég var á sunnudaginn var norður við Arresö hjá prestinum, er Barfod heitir. Þá var tíðrætt um mann einn er ritar í vinstri blöð. *Skriver han i venstre blade*, sagði klerkur, jeg *troede dog at han var et skikkeligt menneske*.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 22.8.1879

Ekki mannval í Skagaf. og hvergi maður sem kann að flytja mál. Einar í Hraunum einn sem treystir sér til þess enda ólíkur alþýðlegum Skagf. að hugsunarhætti.

-- Núna er það næst að maður verði að láta Grafarósfjel. skuldirnar falla fyrir það að enginn fæst til, eða er fær um að ná þeim meðlögum og flestir eru svo bandvitlausir að þeir álíta að stofn fjelagsins, actiurnar, geti nú mætt skuldunum og borga því ekki. Og af þessu leiðir að þeim mönnum sem hlyntu að fjelagsstofnuninni í fyrstunni, er nú legið á hálsi fyrir allt saman. Eg er til allrar ógæfu í hinni svonefndu fjelagsstjórn og skuldaheimtumenn fjelagsins ganga að okkur, en við höfum ekkert til nema svona lagaðar útistandandi skuldir. Við höfum haldið útlendan mann er hefir verið nokkur ár á Ísl. til þess að ferðast um og kalla skuldirnar og höfum þannig fengið að vita hinar misjöfnu undirtektir manna. Eg er svo tilfinningasamur að eg veit ekki hvað eg á að taka til bragðs, svo að allt samkomulag fari ekki út um þúfur. --

Segir frá búskap og hrossaviðsk. Coghills. Allir hér ánægðir með að HB hættir ritstjórninni og vill komast hjá að selja Framfara.--

Páll Briem skrifar Finni Jónssyni. Slangerup. 22.8.1879

-- Jeg þakka þjer meir en frá megi segja fyrir brjefin, og öll önnur afreksverk þín.

Það er leitt að þú fórst með hinar 5,50 til Klaversens, þær áttu nefnilega að vera fyrir morgunskóna og hólkinn, en það gerir annars ekkert til í rauninni.

Fyrir innlögð brjef bið jeg þig, að færa Lárusi ásamt kærustu kveðjum, það er leitt að jeg eigi sje hann áður en hann fer.

Jeg er hálf hugsjúkur út af því, að hafa eigi skilað á konunglega bókasafnið eða beðið þig fyrir það, því nú óttast jeg að fá engar bækur þaðan framar.

Mjer líður mjög vel. Heilsaðu kunningjunum. Lifðu sem best. Þess óskar þinn elskandi vinur. --

Páll E. Briem skrifar til Finns Jónssonar. Slangerup. 26.8.1879

-- Jeg hripa þjer nú fáar línur, er munu hitta þig í fyrramálið í staðinn fyrir mig. Jeg kem kannske á laugardaginn, en þó líklega heldur á mánudaginn, kl. 9 á járnbrautarstöð í Kaupmannahöfn. Jeg sendi þjer kvittun fyrir Kommunitet[1], ef það skyldi borgast út. Sjálfur er jeg í peningavandræðum og þyrfti 4 kr. Ef það væri borgað út bið jeg þig um, að senda mjer 10 kr. innan í brjefi, því jeg vil síður láta vita af því hjer, en ef það er eigi, þá að hafa einhver ráð og senda mjer 4 kr. sem má eigi fara seinna af stað en fimmtudagskveld og geymdu helst að senda það þangað því það getur verið, að jeg þurfi þeirra eigi, og þá skal jeg skrifa þjer um það á morgun, en annars bið jeg þig að hafa einhver ráð og senda mjer 4 (eða 10) kr. áfimmtudagskvöldið svo jeg fái það um miðjan dag á föstudaginn. Eigi sendi jeg þjer brjefin og er það skömm að láta þig bíða svo lengi eftir þeim.

Er allt komið í gamla horfið í herbergjunum okkar? Hefur Bertel eigi sofið í mínu rúmi? Eru þeir Ólafur í nokkrum fjandskaparhug til okkar? Segja þeir nokkuð tíðinda úr skólanum?

Heilsaðu kunningjunum, sjerstaklega Jóhannesi (hvað segir hann um burtveru mína?) og Geir.

Sjálfum líður mjer mjög vel. Geri ekkert á daginn annað en lesa skemmtibækur og er praktískur fylgdarmaður Epicúrs[2], sef til kl. 9, hátta í sama mund daginn áður. Et 3var á dag reglulegar máltíðir og fjórar óreglulegar, geng jafnan svo mikið að blóðið eigi storknar. Tefli svo mikið og les, að líkaminn þó eigi fær einræði yfir mjer, en þó liggur alloft nærri. Einu sinni hef jeg að kvöldi dags gengið langan túr með einni stúlku, en þá fór að "detta margt í hug, en ekki var það þó meira, en að jeg tók í hönd hennar. (Spássía: Þetta er reyndar ósatt).

Mjer líst allvel á fjárlögin. Gott að ferðafjeð var afnumið, eftir því fyrirkomulagi sem á var. Gott að fjelagið fær peninga og húsið til safna og alþingi verður byggt. -- Jeg þarf eigi þær 4 krónur eða annað fje. --

Páll E. Briem skrifar til Finns Jónssonar. Slangerup. 28.8.1879.

-- Ástar þakkir inni jeg þjer fyrir öll brjefin góðu, og ekkert fremur óska jeg mjer en að þú fáir tróðu. Þakka jeg þjer og, hvað þú innir mjer ljóst og vel um þinn hag, og er jeg nú yfrið glaður yfir því, hvað vel gengur, og þegar þú sjálfur ert svo vongóður, er jeg viss um að allt gengur vel, og máttu nú til að skrifa mjer, hvernig gengur framvegis, því að jeg er ákaflega "spenntur" fyrir því. En fyrir alla muni þá máttu eigi gefa upp vonina þó eigi sje allt í ljúfa löð sem fyrst. Og hafa skaltu það hugfast, sem jeg segi þjer og er sannfærður um að rjett er, að svo sem eldur sem fuðrar upp, deyr brátt út aftur og hefur litlar glæður, svo er og með ástina. En sá sem með umhugsun og reynslu fær ást á öðrum smátt og smátt, sá verður svo einlægur og svo elskandi, að hins líf er þess líf og hins dauði er þess dauði. T.a.m. ung var eg gefin Njáli sagði Bergþóra. Svo álít jeg hina tryggu ást hjá fornmönnum, en eigi sem hina brennandi en ljettvægu ást suðurbúa (George Sand). Jeg las eitt sinn og sýndi þjer að mig minnir, stað hjá Disraeli, er hann segir: Hann sá hana þar, og brann þá þegar í ástareldi og síðan heldur hann hrókaræður um þann vesæla, er fyrst smátt og smátt fær ást, og hin sje aðeins hin sanna ást. Jeg hef oft hugsað um það síðan, en nú er jeg viss um, að það er sjaldnast sú sanna ást. "Forliebelse" þarf náttúrlega að vera, en það er "overgangstilstand" og hið fullkomnara ástand er hjónabandsástin. Jeg held þjer leiðist nú annars þetta rugl. En sæll ert þú Finnur, er fær ást á þeirri stúlku er þú óefað getur æskt þjer.

Heilsaðu Már (Múri?) með heillaóskum og þakklæti frá mjer. Heilsaðu Geir og Jóhannesi, segðu honum, að ef jeg hefði vitað að hann hefði viljað byrja fyrir september hjá Damp, þá hefði jeg óðara komið inn til Hafnar. En jeg hjelt, að það væri eigi tiltök og því hugði jeg eins gott að slæpast hjer sem inni í Höfn. En hamingjan má ráða hvernig jeg verð eftir allt þetta iðjuleysi.

Föðurbróðir minn er oft að tala við mig um Finn Magnússon, hann þekkir hann vel og er sannfærður um að hann hafi rjett . Worså, hann er mjög interesseraður fyrir rúnum. Meira um það síðar, ykkur þætti gaman að tala saman um það. Það er jeg viss um.

Mikið er hvað mennirnir eru vitlausir, jeg var í dag að lesa rit eftir jóskan prest, hann segir, að mállýskurnar sjeu frummálin, en fornískenskan sje kúnstuglega búið til mál og fornmenn hafi eftir latínu --ljósrit óskýrt------ við orðin (t.d. um í mönnum) osfrv. Hann tilfærir sem aðalástæðu að lögsögumaðurinn á Íslandi eftir Grágás átti að skýra lögin. Altsvo hafi íslendingar yfir höfuð eigi skilið málið á Grágás. Svona er allt ritið (20 arkir).

Skilaðu til Jóhannesar að jeg biðji hann að sjá um að við höfum tíma hjá Damp á þriðjudaginn 2. sept. Kauptu

[1] *Styrktarsjóður er Friðrik 2. stofnaði við Hafnarháskóla.*

[2] *Kenning Epicuros hins gríska var um vellíðan æðst gæða, þó ýmsu háð.*

fyrir mig ef þú átt hægt og sendu mjer cigarettemunnstykki, það skal vera úr hvítu trje, ómálað, um 2 1/2 þumlung að lengd; sendu það helst í brjefinu. Það verður að vera komið á laugardagskvöldið.

Allir eru háttaðir. Kl. er 11 1/2; jeg hef verið að reykja vindil. Nú er hann búinn og blaðið. Bind jeg því enda á skjalið. Mjer líður vel. Vertu allra heilastur. --

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. 28.8.1879.

-- Jeg vonast til að þú hafir fengið böggul frá mjer í dag, ásamt óteljandi stórbónum. Vertu nú svo góður og slá utan um þetta til Magnúsar í Viðey. Skrifa honum hvað viðgerðin kostar og eins skaltu skrifa seðil með hinu svo þar sjáist hvað hver er mjer skuldugur. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Reynistað. 3.9.1879.

-- Prjónavélar væntanlegar með Diönu, svo þá má prjóna. Þetta eru talsverðar útgiftir sem berast alltaf að. Einhverntíma hefði mann risið hugur við öðru eins --

Valgerður E. Briem og Eggert E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 12.9. 1879

Ræðir starfslok hans, heimkomu og hugsanleg starf hans við Möðrvallask. Meira gaman að vera í útlöndum en hér allt er við það sama. Miðar í rétta átt. Möðruvallask. kominn á fót og sannarl. þörf á.

-- Karlþjóðin þarf ekki síður að menntast en kvenþjóðin. --

Þó var kvartað á þingi um framlögin til þeirra.

-- en þeir fara að smálagast eftir því sem þeir menntast. Þessir gömlu eintrjáningar komast ei með sínar kreddur fyrir þeim ungu, sem eins og endurfæðast í menntuninni. --

Sagði af gengi Friðriks í Vallholti á þingi. Hafði komið og sagt frá reynslu sinni; var spenntur fyrir höfn á Sauðárkr.

-- Hver veit nema Skagfirðingar séu að vakna eins og sumum sagðist á sýningunni í vor. --

EGB: *Segist í trausti þess að HB vilji koma til landsins sækja um stöðu fyrir hann við Möðruvallaskóla.*--

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 13.9.1879.

Segir frá heimkomu sinni frá Slangerup. Fór til Vilhjálm Finsen sem m.a. gaf honum Grágás sem hann hafði þá búið til prentunar og gefin var út af Árna Magnússonarnefndinni.--

Jón Sigurðsson hefur aldrei verið veikari en nú, hann hefur legið á spítala síðan seint í ágúst og eru læknar vondaufir um að honum muni batna enda bætist steinsótt ofan á höfuðveiki sem hingað til hefur verið verst og gert hann mjög ruglaðan í höfðinu. --

Eiríkur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Steinnesi. 14.9.1879.

Segir blaðstjórnin farast honum vel. Valdimar (Briem) frændi segir blaðið best redigerað á íslensku. Varar við birtingu á köflum úr einkabr. Líkar vel við próf. Fiske sem var hér. Álítur enskubókina góða.

25.10.1879. Er á leið til Hafnar í gamanferð.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 25.9.1879.

-- Ella skrifaði mér að þú bæðir mig að senda feltskó, umfram allt nógu stóra. Ég keypti eina á 6.00 og síðan lét ég sóla þá fyrir 4.45. Kallinn kom með þá í þessu og kveinaði stórum yfir að láta skóna og kvað það hafa kostað miklu meira --. Þeir eru eigi fallegir, en sterkir og hlýir. Ef opið fyrir fótinn er of lítið er eigi annað en skera það stærra, og ef þeir eru of stórir verða einhver ráð með að láta ull í þá. Ég hefði reyndar heldur viljað hafa þá fallegri og líka gömlu feltskónum þínum, en ég fékk hvergi nógu stóra.

-- hef ég verið að lesa lögin og hefur liðið vel. Nú er ég boðinn -- til bróðurdóttur þinnar, Sofíu Ebbesen[1] í silfurbrúðkaup hennar. --

Gísli Brynjúlfsson hefur í fyrsta skipti haldið fyrirlestur á íslensku hér við háskólann í vetur. Gísli ræðir um elstu sögu Íslands; gefst honum þar gott færi á að ryðja úr sér öllum getgátum og hringlanda, en það hefur haft þau áhrif að áheyrendum hans hefur fækkað um 4/5, líklegast er því að fyrirlestrar á íslensku verði eigi framar haldnir --

Jón Sigurðsson er veikur mjög, hann hefur legið á spítala síðan í ágúst; hann hefur um nokkurn tíma verið með

[1] *Sophie Briem (1828-1887) g. Ebbesen. Prestfrú í Slangerup.*

lítilli rænu og læknar telja vonlítið að hann lifi. Síðustu ár hefur hann verið nær því út úr heiminum og hefur það eigi verið alllítið mein fyrir marga, stúdenta sérílagi, sem ávallt hafa verið velkomnir til hans. Í Bókmenntafélaginu hefur gengið í seinna lagi með útgáfur bóka og útsendingu fyrir deildinni hér. --

Páll E. Briem skrifar Kristínu E. Briem Claessen. Khöfn. 25.9.1879

Elskulega góða systir mín! Það gladdi mig að jeg sá af brjefi Gunnlaugs bróðurs að þú ert frísk og yfirhöfuð góð vellíðan þín og þinna. Nú hef jeg heyrt að breyting verði á bústað þínum. Sigríður Helgason sagði mjer að Breddalh ætlaði að fara (að) giptast og yrði hann faktor í Grafarós. En maður þinn færi til Sauðárkróks og yrði faktor þar í Stað Kristjáns Hallgrímssonar. Jeg óska af heilum hug að þetta verði og að það megi verða þjer til hamingju og blessunar. Það er gaman að þú flytzt svona nálægt Reynistað; svo finnst mjer líka að Sauðárkrókssveitin sje skemmtilegri en sú við Grafarós. Læknirinn nær og gufuskipaferðir þaðan.

Af sjálfum mjer er lítð að segja annað en vellíðan. Þú hefur náttúrlega frjett[1] að jeg var í sumar hjá föðurbróður okkar í Slangerup, nær 6 vikur; jeg hafði þar undur skemmtilegt. Nú er jeg boðinn á laugardaginn 27. sept. í silfurbrúðkaupsveizlu frændkonu okkar Sofiu Ebbesen. Jeg hef borið frændfólki okkar kveðjur frá þjer, því jeg veit að þú hefðir viljað það. Sömuleiðis á jeg að bera kveðjur til þín þaðan.

Nú er nýbyrjað að halda fyrirlestra á íslenzku hjer á háskólanum. Gísli Brynjúlfsson gjörir það sem professor. Það er aðeins leiðinlegt að hann er sá mesti ruglari og getgátumaður, enda gefst honum og færi á því, þar eð hann er að ræða um elstu sögu Norðurlandabúa (síðan byrjar hann á sögu Íslands í fornöld). Á fyrstu fyrirlestra hans komu allmargir Íslendingar, en nú eru eigi farnir að koma meir en 3-4.

Jón Sigurðsson hefur nú legið um mánuð á spítala; hann þjáist af höfuðveiki og steinsótt. Læknar hafa engar vonir um að honum geti batnað. Jeg frjetti í gærkveldi að hann væri mjög ruglaður og líklegast að hann ætti eigi langt eptir ólifað. Það er mikill skaði að honum og óvíst að nokkurn tíma komi fram hans jafnoki er vinni Íslandi eins mikið gagn og hann hefur gjört, þó galla megi finna hjá honum sem öðrum. Íslenzkum stúdentum er það sjer í lagi mikill skaði að mörgu leyti, því að þar hafa þeir haft opið hús og fengið bæði andlega og líkamlega hressingu.

Hvað segir þú um kvennaskólann. Gjarnan vildi jeg óska að þingið hefði haft betri skipting á fjenu milli hins skagfirzka og eyfirzka, þó að sá eyfirzki sje auðugri.

Jón Sveinsson sagði af sjer kennaraembættinu við skólann og nú er aptur nýr í hans stað, það er Sigurður Sigurðsson, hann tók próf í vor með 1. einkunn.

Jeg fer nú að hætta og biðja þig að virða vel þessar línur. Heilsa þú kærlega börnum þínum og manni. Síðan kveð jeg þig með einlægum blessunar óskum. -- Af innlögðum miða sjer þú hvernig reikningar standa okkar á milli. --

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 25.9.1879

Er að fara í brúðkaupsveislu Carl Holm og Línu frá Brúarlandi er gifta sig á morgun í Grafarósi. Ætla þau að fara Gunnlaugur og Frederikke, Ólafur, Sigríður og faðir þeirra sem er farinn á undan í embættiserindum út á Höfðaströnd. Þær Sigríður ætla að vera í hvítum kirtlum og sem af því má sjá búast þær við dansi sem þó er ekki víst þar sem Lárus er ekki kominn (á skipinu). --

Frh. Komin heim, var veislan hin skemmtilegasta og dansað alla nóttina. Lárus komst í veislu systur sinnar og hafði frá mörgu að segja úr ferðal. sínu. 80 manns í veislu og varla nokkur drukkinn. Popp hefði sett Claessen faktor á Sauðárkr. Popp ergilegur vegna skulda og lána Kristjáns.

Eggert G. Briem skrifar til Halldórs Briem. Ódags.

-- Jeg hef nú eptir orðum þínum sótt þín vegna um annað kennaraembætti við Möðruvallaskólann

Segir frá kjörum eða afturköllun ef hann kjósi svo.

Það væri ánægjulegt ef þið séra Jón Bjarnason yrðuð samferða að skólanum. Mamma biður líka kærl. að heilsa þér og biður þig fyrir alla muni að ílengjast ekki í nýlendunni og vildi helst óska, ef þú ferð ekki að Möðruvallaskólanum, að þú sæktir um hið sameinaða Reynistaðar og Fagranesprestakall og gætir þú þá fyrst verið til húsa hjá Claessen mági á Sauðárkrók. --

Lára Pétursdóttir Guðjohnsen Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 11.10.1879.

Sendir grein og óskar að komi í Framfara áður en Fr. deyr. Greinin um sunnudagaskólann. Biður um að greinin verði ekki undir nafni og skýrir ástæður þess.

[1] *Hann er búinn að gleyma að hafa sent henni brjef þaðan!*

Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 11.19.1879.

Ræðir blaðið og efni. Bendir á efni frá ísl. m.a. vegna Þjóðólfs og stjórnarskrármálsins. Ræðir skólamál í Gimli.

Matthías Jochumsson skrifar Halldóri E. Briem. 16.10.1879.

Segir frá heimsókn Fiskes og þeim tveim Bandaríkjamönnum sem með honum eru. Þeir eru að fara (annar Arthur Reeves). Carpenter verður í vetur. Próf. Fiske á hugmynd um að stofnun fornleifafél., bað mig að

-- start the affair.

Ætlar að bjóða heim 12-16 manns upp á toddý í þeim tilg. Elín litla þín fallega, blíða og "dóralega" systir *var hér og sagði M. henni til í ensku.* Hún er brilíant höfuð.

Fóru saman austur í Hreppa að Gullfossi og Geysi. Dýrðardagar hjá frændum þínum og öðrum höfðingjum.

Síra Valdimar er genial karl, hefur ort ljómandi episk kvæði út af guðspjöllunum; en sálma yrkir nú enginn að gagni. Komdu í vor og taktu af mér Þjóðólf.

Líkaði vel þingið nema einn þingm. sem hann lýsir stórum orðum. Segir frá samskotum og styrk Tryggva er þingið felldi styrk til hans.

Tryggvi Gunnarsson skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 22.10.1879.

Biðst undan sölu Framfara, biður um eintak. Fréttir frá Ísl.--

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 7.11.1879.

Ræðir viðskipti vegna sín og fjölskyldunnar. Segir frá námi og viðfangsefnum. Ræðir vinsemd Vilhjálms Finsen sem m.a. gaf honum tvo miða í leikhús. --

Hann er allra manna fastastur og tryggastur svo ég tel mig heppinn mjög ef ég næ vinfengi hans. --

Jóni Sigurðssyni er heldur að batna en þó eru lítil líkindi til að hann verði heill heilsu. --

Það er nýlega fundið verkfæri til að taka afskriftir í, sem bæði er ódýrt og hentugt. Það kallast *hektograf* og er það grunnur blikkkassi með einhverju seigu og mjúku efni í botninum. Nú skrifar maður með vissu bleki á pappír og leggur síðan skriftina niður á hið seiga efni í botni blikkkassans. Er maður tekur pappírin af eru stafirnir komnir á og orðnir fasti í þessu efni. Síðan getur maður tekið 60-70 afskriftir með því að leggja ofan á efnið hreinan pappír, hvað eftir annað. Þetta hefur maður gert á svipstundu; en svo hefur maður nokkuð fyrir að þvo stafina sem standa í efninu. Verkfærið kostar 6, 8, 9, 20 kr. eftir stærð. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 8.11.1879.

Virðist létt yfir HB eftir lok styrj. á Nýja Ísl. Ræðir um Sigtrygg (Jónasson) og finnst hann hafa staði sig illa að koma ekki góðu til leiðar. Ræðir samsk. HB við Tr. Gunnarsson og vonar að hann sjálfur blandist ekki í klúðrið. Vonar að HB hafi fé til að komast til Ísl. Ræðir um umsókn HB um kennaraemb. á Möðruv. Varar hann við að taka prestsemb. vestra. Claessen fer frá Hofsósi til Sauðárkr. og stýrir versluninni í stað Kr. Hallgrímssonar sem Popp hefur sagt upp. Valgerður fer að kvennask. á Laugalandi. Eggert er byrjaður að læra hjá sr. Einari á Felli. Kannski kennir þú Vilhjálmi, ef ekki þá kennir Frederikke honum og Jóhönnu. Segir Eggert frænda Gunnarsson ætla að sigla í haust og hafi hann fé fari hann máske til Vesturh.

Tryggvi Gunnarsson skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 21.11.1879

Gleðst yfir að hafa haft Eiríx í Höfn, nánast í næsta húsi. Vantaði HB í hópinn. Ræðir vandræði með Framfara og sundurlyndi Ísl. Segir frá staðf. laga um Möðruvallaskóla og kennara sem þar verða.--

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 30.11.1879.

-- Brjef þitt dags. 30. fm., á miði þessi að færa þjer kærar þakkir. Frederikku brjef þarftu alls eigi að senda mjer. Jeg fjekk 4 Nr. af Framfara (32-36), og ávallt finnst mjer hann mergjaðastur í samanburði við hin blöðin. Nú fer síra Jón Bjarnason alfarinn heim til Íslands í vor, ekki telja menn líklegt, að hann muni fá skólastjóraembættið á Möðruvöllum, því að Jón Hjaltalín ætlar að sækja. Eiríkur bróðir var að hugsa um að sækja um það embætti, en jeg held að hann sje hættur við það, af því að hann álítur, að það sje ófyrirsynja, og þar að auki líkar honum eigi fyrirkomulag skólans. Lögin um skólann voru undirrituð af konungi fyrir nokkrum dögum. Að mörgu leyti þætti mjer vænt um að þú yrðir skólakennari á Möðruvöllum, en annars hef jeg þá trú, að þú munir eigi fella þig við háttu á Íslandi og því best kominn í Ameríku. Ef þú verðir prestur Íslandinga í Nýja Íslandi er reyndar hætt við, að þú munir eiga erfitt fyrst framan af, en ef öllu fer skaplega mun nýlendan

blómgast og mennirnir batna og hagur þeirra. Það er reyndar satt að fólkið, sem farið hefur var mest rusl og andinn getur ekki umskapast í fljótu bragði, en þó mun það breytast til batnaðar; enda mun mótlætið bæta það og skíra, eins og eldurinn gullið. Greinin "eitt af tvennu" líkar mjer mikið vel; eptir því, sem mjer sýnist, eru þeir, sem vilja bíða og sjá hvað setur, einna skaðlegastir, þeir eru nátturlega ágjarnir á að bæta jörðina og húsin, eða leggja til almenningsþarfa, þess vegna hefði jeg viljað að þú hefðir brýnt alvarlega fyrir þeim, að hjer væri eitt af tvennu, annaðhvort að halda við nýlenduna eða vilja fara burtu. Mjer finnst annars vel fallið af þjer, ef þú gjörðir skörueg mótmæli í Kanadablöðunum móti atgjörðum Macdonaldstjórnarinnar.

Jeg fjekk brjef heiman að, en voru frá miðjum október. Öllu leið vel heima. Ef þú hefur eigi frjett það, flytur Claessen og Stína um nýár í vetur yfir að Sauðárkróki. Kristján Hallgrímsson er settur frá. Breðdahl giptist Valgerði Finsen í janúar og verður síðan faktor á Hofsós. Stína systir verður líklega heima á Reynistað frá nýjári til vors og börnin með henni. Vala systir fór um þann 15. okt. norður að Laugalandsskóla og verður þar kennari í vetur. Ella ætlaði að fara að kenna á Hjaltastöðum. Ekki held jeg sje ráð að Ella sje við Laugalandsskólann; hún hefur miklu meira karakter en frú Valgerður, og mun því eigi sætta sig við allan sætleik hennar og fínleik.

Eggert bróðir verður að Felli í vetur hjá síra Einari Jónssyni, til lærdóms.

Þú veist að Eiríkur bróðir er hjer; hann er að skoða heiminn og sjá sig um, hann hefur í huga að fara með vorinu til Berlínar og síðan til Bielefeldt til móður(*á að vera föður*)systur okkar; þá til Lundúna og norður eptir landinu til Edinborgar og síðan heim.

Jeg hef verið veikur af mislingum en er nú hjer um bil albatnað, að öðru leyti líður mjer vel. Íslendingar hjer hafa hrunið niður, því að þessi veiki hefur eigi gengið meðal þeirra í 5 ár. Tryggvi kom í haust og Eggert Gunnarsson kemur líklega með næsta skipi, meðfram til þess að safna fyrir kvennaskólann gjöfum frá danskinum.

Síðan kveð jeg þig með innilegum óskum allrar hamingu og farsældar. --

Steingrímur Thorsteinsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 29.11.1879

Feginn að HB hyggi á heimför. Skýrir hví séra Björn (Halldórsson) í Laufási gangi í lið með sýnóðunni: Fjarri að hann sé frjáls í anda, fremur

-- obskúrantiskur og pedantiskur, og skal ég þó fúslega viðurkenna gáfur hans og vitsmuni í sumum greinum. Að öðru leyti get ég ekki sympatisarað þeim manni. --

Gekk á fund landshöfðingja til að mæla með HB til embættis. Faðir HB hafði verið þar og sótt án fullmaktar *og þarf að bæta úr því.*--

Steingrímur Thorsteinsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 29.11.1879.

Bréfið fór í ógáti í umslag til H.E.B.

-- Spyr frétta um Bókmenntafél. og segir skoðun sína á því sem er að gerast á Ísl. varðandi það og Skírni. Ráðagerðir um Bókmenntafélagið séu frá Grím Thomsen, í eigingjörnum tilgangi.--

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 30.11.1879.

Segir að prestinum[1] *hafi verið sýnt banatilræði með því að fleygja grjóti inn um glugga þar sem hann sat! Heimsókn próf. Fiske og ferð til Húsavíkur; einnig af bókagjöf hans til skólans. Líklega stofnaður lestrarsalur. Reisa á alþingishús með rými fyrir forngripasafn, á að standa ofan við landshöfðingjahúsið. Góð veiði strax utan við Effersey. Bókarsendingar til HB.*

Jón A. Hjaltalín skrifar Halldóri E. Briem. Edinburgh. 3.12.1879.

Góði vin og frændi.

Skrifar um landa í Vesturheimi og telur að fáir landar blómgist þar vestur frá --

-- því að þá vantar vit til að nota og nenningu til að læra að nota landið. --

Sótti um embætti forstöðumanns Möðruvallaskóla og hafi góðar vonir um það. Segir Þorvald Thoroddsen honum hættulegur mótstöðumaður. Segir að varla myndi þýða fyrir útl. mann að sækja um embætti sitt í Edinborg, en HB virðist hafa nefnt það.--

[1] *Hallgrími Sveinssyni?*

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 6.12.1879,

Biður um upplýsingar um börn sem HB jarðsöng í eynni. Ræddi um að Mikleyjarmálinu yrði sleppt í Framfara áður en menn rituðu sig fyrir 3. ári blaðsins. Segir af dauðaslysi Páls Geirssonar sem varð undir tré. Safnaðarfundur fór vel

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 15.12.1879.

-- Rjett í þessum svifunum var jeg að frá brjef heimanað og úr ýmsum áttum, þar sem systkini okkar eru á Íslandi. Það er af sem áður var er við vorum öll í hóp heima og er undarlegt að hugsa til þess hvað við erum orðin tvístruð á jafn stuttum tíma. Svona gengur það annars í lífinu þegar ungarnir fara að fá flugfjaðrirnar, fyrirláta þeir föður og móður, og hver fer í sína áttina. Eitt meðal annara fjekk jeg einnig brjef frá þjer dags. 1. maí 1878. Þar segir þú um Hróa hött og kennslubókina. Brjef til Steingríms fylgdi með, jeg sendi það tilbaka því nú er eigi tilefni að senda honum það. Af því jeg fjekk eigi brjefið talaði jeg ekkert um Hróa hött við Kristján, þar eð jeg eigi fjekk nein skeyti hjá þjer framar um það. Kennslubókina þar á móti fjekk Kristján til sölu af því að jeg skoðaði hann sem áreiðanlegan dreng og duglegan til útsölu. Í fyrra um nýjár var hann búinn að selja 25 expl. síðan um vorið, en það ritaði hann á reikning okkar Sigga. Jeg hafði um veturinn keypt hjá honum bækur og föt handa Sigga og kostuðu þau 38.00 kr. og þar að auki fengið um vorið lán hjá honum 59.00 kr. og þetta hvortveggja bað jeg Gunnlaug og pabba að borga; og síðan í fyrra talaði Kristján ekkert um það, svo að jeg hjelt að búið væri að borga það, en nú skrifar Siggi mjer, að það sje hvorugt búið að borga og þessvegna er eigi furða þó Kristján vilji eigi láta þig fá í reikning þinn. Í vor var fjekk jeg hjá Kristjáni Cantu og fleiri bækur er kostuðu nær 100.00 kr. og það kemur kannski bók þinni eigi neitt við; átti jeg að fá það til láns í langan tíma, en hina skuldina á hann heimting á að fá og þykir mjer leitt, að þjer er blandað þar við. Þú skalt eigi bera kvíðborga fyrir þessu því að þetta jafnar sig. Ef svo vill verkast borga jeg þjer eitthvað af því, er jeg skulda Kristjáni og læt það svo ganga upp í kennslubókina. Jeg skil reyndar eigi að Kristján hafi eigi selt eitthvað að mun af kennslubókinni síðan í fyrra.

Jeg sendi þjer tvö blöð, þau sem þú sjerð um lát og jarðsöng Jóns heitins Sigurðssonar. Eiríkur bróðir er hjer og líður vel. Sama er um mig að segja. Jeg á að bera þjer kveðju Jóhanns föðurbróður okkar; hann og kona hans hafa verið hálflasin í vetur. Ekkja Jóns Sigurðssonar er mjög veik og líklegast að hún deyi innan skamms.

Von var á Eggert Gunnarssyni með póstskipinu, en hann kom eigi. Annað segi jeg þjer eigi í frjettum. --

Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 16.12.1879.

Ræðir m.a. um samband hans við Sigtrygg (Jónasson) og varar hann við að halda til á Möðruvöllum hjá honum. Ræðir Preus-grein SJ og telur rétt að taka hana í blaðið.--

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. 22.12.1879.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjef þitt frá 17. nóv. Ekki veit jeg hvenær kennaraembættið á Möðruvöllum verði veitt, enn er eigi búið að slá því upp og verður líklega eigi fyrr en í vor. Þú telur ólíklegt að þú fáir kennaraembættið, en jeg tel það þar á móti mjög líklegt. Pabbi hefur sótt um það fyrir þig, en fullmaktina vantar. Pabbi hefur skrifað Vilh. Finsen hæstarjettardómara og beðið hann að fara til ráðgjafa og tala við hann um þetta mál. Jeg hitti Vilhjálm og bað hann mig að skrifa þjer, að þú skyldir sjálfur skrifa sóknarskjal, helst á dönsku og telja þar upp öll þín afreksverk og allt sem með þjer mælir; einnig væri gott að hafa svo miklar meðmælingar, sem mögulegt er, einnig frá Nýa-Íslandi. Vilhjálmur sagði, að það væri miklu betra, að mæla fram með manni, sem sjálfur sendi og skrifaði sitt sóknarskjal, því að þá gæti ráðgjafi sjeð, hvernig sá hinn sami ritaði fyrir sig og einnig rithönd hans. Þú ættir einnig að biðja Tryggva að mæla fram með þjer við ráðgjafa, því að hann hefur virðingu mikla hjá honum. Eigi skaltu kveinka þjer við að rita hvað helzt sem er, ef þú á annað borð vilt vera kennari þar; margir óska og vona að þú verðir það; þú hefur sjálfur ástundað að kenna. Láttu samt eigi dragast lengi að rita ráðgjafa sóknarskjal þitt.

Ferðabók Eggerts og Bjarna er hjá Sigga. Hún er defect.

Jeg fór til Tryggva og sagði honum orðsendingu þína.

Jóhann föðurbróðir okkar biður að heilsa þjer. Hann hefur verið lasinn alllengi í vetur. Við Eiríkur höfum verið boðnir til hans um nýárið. Nú er dáin Ingibjörg kona Jóns Sigurðssonar heitins; hún dó 9 dögum eptir hann, og á að kasta á hana rekunum á morgun. En bæði verða þau flutt heim til Reykjavíkur annaðhvort í janúar, ef skip fer heim, eða í marz.

Jeg lifi hjer vel og kann vel við lífið.

Aðrar frjettir eru engar að teljandi sje og því bind jeg í skyndi enda á þetta hjal. --

Tryggvi Gunnarsson skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 24.12.1879.

Saknar bréfa HB. Ræðir viðsk. Segir frá dauða Jóns Sig. og k.h. Útförin prýðil. Eiríkur hafi flutt húskveðju og ræðu á ísl. í Garnisonskirkju. Safnað fyrir silfurkransi til að hafa í kirkjunni. Konungur sendi fulltrúa í kirkjuna, þingið felldi niður fundi þann dag, voru báðir form. deilda í jarðaförinni, margir þingm. Ingibj. ánafnaði Íslandi 2/3 eigna sinna, að nokkru leyti fyrir tilstilli TG. Gott að Eiríkur var hér; flutti góðar ræður og mun skrifa um JS. Ekki taka þetta bréf orðrétt í blaðið en nota má efni þess.

1880

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Laugalandi. 10.1.1880.

Segist hafa verið ráðin kennarakona á Laugalandi er sú ráðna lasnaðist og treysti sér ekki. Sá bréf HB til Elínar og að Framfari er hættur útkomu. Sér samt eftir honum. Segir Skapta (Jósepss.) líða vel, hættur að drekka. Hann kom að Laugal. og hélt fyrirlestra í veraldarsögu. Fellur ekki rétt vel að kenna. Kennum þrjár, Valgerður (Þorsteinsd.) og Soffía (frænka Hannesar Havsteen). Námsmeyjar 20. Segir af bindindisfundi á Espihóli. Ætla konur að halda fund til að minnka kaffibrúkun.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað 13.1.1880.

Nú er HB hættur við Framfara að virðist. Ræðir um frh., trúmálin og synod-kreddurnar ásamt hugsanl. kennaraembætti og meðmæli landsh., EGB og Steingríms. Ræðir um Sigtr. Jónasson og Jóhann Briem ásamt hjúastríð þar heima. Sveitalífið og skepnurnar skemmtilegar. Kristín hefur vetursetu á Rst. með börnum sínum en Claessen búinn að taka við á Sauðárkr. Segir fréttir af fjölsk. og tíðarfari.

Sigríður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað.13.1.1880,

Þakkar bréf, gleðst yfir umsókn HB um Möðruv.sk. eftir langa viðstöðu hinum megin á hnettinum. Segir af högum Kristínar, sem er með börnin á Reynistað og Claessen sem er úti á Króki. Bredahl faktor á Hofsósi giftist Valgerði Finsen, sem hefur verið á Rst. tvö ár. Segir af kvsk. á Hjaltastöðum, óvíst hvar verði áfram. Elínu þykir gaman að kenna. Valgerður kemur heim eftir uppsögn skóla (á Laugalandi). Eggert frændi (Gunnarsson) var heiðraður f. framgöngu í kvennaskólamálinu; gullúr m. gullkeðju. -- Hef ég séð úrið og er það með miklum hagleik gjört.

Páll E. Briem til Eggerts G. Briem. Khöfn. 15.1.1880.

-- Jeg þakka þjer ástsamlegast fyrir elskuleg brjef með pósti og allt annað ástríki þitt og ykkar foreldra minna við mig. Það er víst rjett, sem Siggi hefur sagt þjer, að jeg skuldi Kristjáni eigi svo lítið. Siggi fjekk klæðisföt hjá Kristjáni sem áttu að borgast í fyrra haust eptir loforði mínu, þegar við Siggi fengum fötin hjá honum. Þau kostuðu 38.00 kr. Um vorið þegar jeg tók burtfararpróf varð mjer fjefátt svo jeg tók (1/7) að láni hjá Kristjáni 59.00 kr. til þess að borga með skuldir til annara og kaupa mjer regnkápu til norðurferðar; þetta fje lofaði jeg að skyldi borgast fyrir 1. nóv. 1878. Þegar jeg kom norður sagði jeg þjer frá þessu og Gunnlaugi og bað um, ef þú ættir hægt með, að borga þetta. Í fyrra var Kristján að krefja mig um þetta og þá skrifaði jeg heim, mig minnir til Gunnlaugs; síðan hefur þetta legið í þagnargildi; en eptir öllum líkindum er þetta eigi borgað. Ef Kristján fengi vissu fyrir að þetta yrði borgað í sumar er jeg viss um að hann lætur sjer það lynda; en þá vissu get jeg eigi gefið honum. Þar að auki á Kristján hjá mjer fyrir lagabækur og Cantus sögu, er jeg fjekk hjá honum til láns í fyrra, en það kemur aðeins mjer við og borga jeg honum það smátt og smátt eptir orðum við hann í fyrravor. Það er að segja, jeg legg frá mánaðarlega handa honum. Robin Hood verður eigi gefinn út því að jeg hafði ekkert leyfi til að semja við hann. Jeg hef borgað Majer og Henckel 30.00 kr., kvittun fylgir, og fyrir Gunnl. til Claessens 26.00. Svo fjekk jeg í fyrradag hjá Tryggva 100.00 kr. Til Sigríðar Helgadóttur hef jeg farið en eigi fundið heima, en eptir að póstskipið fer á morgun af stað til Reykjavíkur fer jeg þegar að tala við hana um hattana.

Mjer þykir vænt um að skórnir verma vel, en ákaflega voru þeir dýrir. Skinnið með sólunum, er átti að hlífa flókanum við vætu, var mjer ómögulegt að fá skóarann til að sauma á skóna, enda var um mjög stuttan tíma að tefla, eptir að annar skóari hafði brugðist mjer.

Rjett áður en jeg fjekk brjefið frá þjer var skraddari minn búinn að fá vaðmálið og búinn að sníða úr því jakka. Jeg var opt að furða mig á því hvað vaðmálið var ljótt að sjá, en hitt kom mjer aldrei til hugar að jeg hefði verið svikinn svona herfilega, enda fór jeg eigi sjálfur með það til þófarans. Reyndar hef jeg fulla þörf á jakkanum, því að jeg sit í honum inni við lestur og skrift, en sjaldan geng jeg út í honum. Jeg þarf meira fje en aðrir til fata, því síðan jeg kom að heiman hef jeg stækkað þó nokkuð. Föt, sem jeg fjekk mjer um páska í fyrra, eru jafnvel farin að verða heldur lítil. Þú mátt samt eigi ætla að jeg sje orðinn stór, nei það er langt í frá.

Halldór skrifaði mjer brjef, dags. í nóv. Hann kvaðst hafa beðið Steingr. Thorsteinsson að sækja fyrir sig um kennaraembættið á Möðruvöllum og sendi hann mjer því enga Ratification *(?)*. Vilh. Finsen segir mjer að þú hefðir beðið sig um að mæla fram með Halldóri við ráðgjafa. Eptir ráðleggingu hans skrifaði jeg Halldóri að hann skyldi sjálfur skrifa sóknarskjal og telja þar upp öll sín afreksverk og hvað annað er mælti fram með honum; og þá mætti hann eiga vísa von á embættinu.

Halldór kvað sjer líða eftir því sem við mætti búast; hann hefur verið að semja við þá í nýlendunni að verða

prestur þeirra eptir brottflutning Jóns prests Bjarnasonar. Jón sækir um skólastjóraembættið á Möðruvöllum. Jón Hjaltalín í Edinborg sækir og um það. Vera má að Eiríkur bróðir sæki um það.

Skilaðu bestu kveðju til mömmu. Kjötið, kæfan (og smjörið; á því hef jeg eigi enn byrjað) er alveg óskemmt og er það munur að hafa það til viðurværis heldur en það sem maður fær hjer; meðfram fyrir óvanann; ef nóg fje er má auðvitað lifa hjer vel; slíkt fje vilja flestir komast hjá að ausa út.

Fám dögum eptir að jeg skrifaði síðast fjekk jeg mislingana er gengu hjer um borgina. Jeg lá veikur á spítala, en alllengi eptir að jeg var sloppinn þaðan hafði jeg blettina hvern við annan á höndum og andliti; og allan þann tíma var jeg kvefaður og hin mesta kuldakreista. Nú er það löngu um garð gengið og hef jeg verið frískur síðan.

Um nýja árið vorum við Eiríkur bróðir úti í Slangerup hjá Jóhanni bróður þínum; hann biður kærlega að heilsa þjer, sömuleiðis dóttir hans, frú Ebbesen; hún kvaðst muna allmikið eptir þjer. Jóhann hefur verið lasinn seinni part vetrar og um nýja árið lá hann með köflum í rúminu.

Við skemmtum okkur samt vel meðan við vorum þar. Eiríkur kann vel við sig hjer; hann er að hugsa um að fara suður til Þýskalands og sjá systur þína; síðan ætlar hann norður eptir Englandi og heim með aprílferðinni.

Með lesturinn gengur það jafnt og þjett; mislingarnir tóku dálítið úr; nú erum við byrjaðir á Civilprocessens alm. Del.

Nú um jólin fjekk jeg einn skerf (70 kr) af Hurtigkarlslegati til að kaupa Schous Forordninger. Allar kosta þær um 200 krónur; en jeg kaupi eitthvert sem vantar aptan við, líklega verð jeg þó að bæta við svo sem 30 kr. Vilh. Finsen gaf mjer meðmælingu og þakka jeg honum það því að mestu að jeg fjekk það svo fljótt og svo mikið.

Ávallt verður mjer minna úr fjenu en jeg hygg og þó finnst mjer jeg eigi vera óráðsmaður. Síðan jeg skrifaði þjer seinast hef jeg eytt 64 kr. í þessa tvo mánuði; kemur það nokkuð af samskotum til silfurskjaldar á kistu Jóns Sigurðssonar heitins er allir Íslendingar hjer tóku þátt í og pálmaviðarsveigar er stúdentar gáfu. Einnig gjörðu jólin skarð í. Til Claessens og M&H 26+30 kr. Í nóvember hafði jeg 100 kr.; frá Tryggva 100 kr. = 200 kr. Nú hef jeg því eptir í sparisjóð 80.00 kr. Ef jeg verð að bæta við skerfinn fyrir Schou 30 kr. endist mjer hitt í tvo mánuði. Jeg fer þá til Tryggva aptur og fæ hjá honum fje.

Elsku pabbi minn, fyrirgef þú mjer þetta allt saman, skilaðu ógn kærum kveðjum til mömmu.

Síðan bið jeg góðan guð að varðveita þig og halda sinni náðugu verndarhendi yfir þjer. --

Páll E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Khöfn. 15.1.1880

-- Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir tilskrifið frá Laugalandi. Það hefur borið allsviplega að er þú fórst norður til að kenna við kvennaskólann. Eitt þykir mjer undarlegt, er þjer eigi þykir skemmtilegt að kenna. Jeg held að það sje líkt og annað starf er snertir bóknám og það betra að maður er kennir er að mörgu leyti óháðari við það starf en önnur. Einnig gefist manni þar tími til að hugsa um og starfa að ýmsu andlegu er maður vill fá framgengt. Hvar er t.d. betra að koma inn hjá alþýðustúlkum sjálfsmeðvitund.

Það er jeg viss um að hýrnar yfir þjer er þú færð þennan miða af því að þú átt valla von á að fá brjef hjeðan. Póstskipið á að fara heim á morgun. Danir voru lengi tregir til þess, en svo fór að þeir ætla hjerumbil alveg að halda sjer við ferðaáætlun Nr. 1 er þingið samdi í sumar. Þetta er meðfram að þakka duglegri framgöngu Tryggva Gunnarssonar. Það er gleðiðlegt að þannig skuli fara, bæði eykst við þetta samgöngur manna á meðal og framtakssemi. Strandferðaskipið á að fara 4 sinnum kringum landið í sumar.

Það sem heima mun þykja einna markverðust tíðindi er lát Jóns Sigurðssonar og konu hans. Hann dó hinn 7. dec.; síðan lagðist hún tveim dögum seinna og dó hinn 16. Jón hafði legið meiri hluta síðast liðið ár. Líkin á að flytja heim bæði með næstu póstskipsferð. Prestur einn hjer, er Schepdern heitir, hjelt líkræður yfir þeim báðum en Eiríkur bróðir yfir Jóni; hana hjelt hann á íslenzku og blaðalaust. Íslendingar hjer í Höfn skutu saman til þess að skreyta kisturnar og kirkjuna og varð það svo mikið að hundruðum króna skipti. Við líksöng yfir honum var saman komið mikið stórmenni af Dönum og Íslendingum og fjöldi manns. Fór þar allt fram fagurlega. Annars er galið af mjer að vera að orðlengja þetta meira því jeg þykist vera viss um að þetta komi í blöðunum heima.

Skömmu eptir að skipið fór heim lagðist jeg í mislingum. Jeg varð eigi mikið veikur, en alllengi var jeg lasinn eptir að mjer var batnað, svo að jeg gat komizt út af spítalanum, þar var jeg stutta stund, aðeins vikutíma. Síðan hef jeg verið frískur að öðru leyti. Eiríkur bróðir hefur verið hjer eins og þú veizt og kann hann vel við sig. Um nýja árið fórum við út í Slangerup til Jóhanns föðurbróður okkar og vorum við hjá honum í 4 daga og skemmtum okkur vel. Föðurbróður okkar hefur annars sótt lasleiki síðan í haust, en allt að einu var hann kátur og líkur sjálfum sjer, þegar hann gat fyrir veikindunum. Hann biður kærlega að heilsa frú Valgerði. Sömuleiðis bið jeg kærlega að heilsa henni. Þú mátt og heilsa frá mjer frændkonu okkar Sofíu, þó við eigi þekkjustumst mikið. --

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 14.1.1880.

Ræðir um kvíða HB við að taka til við prestþjónustu. Segir það lofa góðu þegar vígsla stendur til. Þau hjón hafi pantað efni í hempu handa honum í Winnipeg, báðu mrs. Holm að sauma. Ræðir um að kalt sé milli Sigryggs og HB, leggur til að hann finni sér annan samastað. Segir konuna sína hafa hætt við skólann en Susan hefði boðist til að taka við um tíma. (HB var vígður af séra JB 21.3.1880)

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Hjaltastöðum. 1.3.1880.

-- Alúðlega þakka jeg þjer fyrir tilskrifið í vetur sem jeg fjekk norðan frá Lauglandi frá Völu systir, sem er þar í vetur, en þú hefur búist við að jeg væri þar. Ó hvað jeg vildi óska að þú fengir Möðruvallaskólaembættið ekki sízt síðan jeg heyrði heima að þú ætlaðir alls ekki að koma hingað með öðru móti. Þá væri gaman að lesa hjá þjer ensku; jeg lærði í sumar 60 tíma og jafnframt las jeg í Reppslestrarbók nokkrar sögur, í vetur hef jeg að eins lesið þetta upp, jeg fór hjer um daginn að lesa "*The Vicar of Wakefield*" og hafði íslenzku bókina mjer til leiðbeiningar, en þegar jeg var búin með nokkra kapítula var mjer farið að dauðleiðast raunasuðan og hætti jeg við að lesa hana svo fannst mjer það einnig þung enska, en það er nú víst af því að jeg er ekki orðin mikil hetja í henni enn þá, það er svo leiðinlegt og ódrjúgt uppá tímann að þurfa að fletta mjög miklu upp, jeg ætla því að halda áfram að lesa 100 tíma. Það er svo aðgengilegt að lesa og skrifa úr þeim; jeg held þjer sje farið að leiðast þetta enskumas í mjer. --

Segir frá dauða Guðlaugar litlu á Steinnesi. Eggert er í læri hjá séra Einari á Felli, hálflatur í latínumálfræði. Villi og Jóhann læra hjá Siggu systur, en Friðrikka kennir líka.

-- Mikið er nú talað um kvennaskólann hjer; það var haldinn kvennaskólafundur á Reynistað um daginn og var þar ráðgjört að skólann skyldi byggja og er Þorvaldur á Flugumýri búinn að taka að sjer að sjá um bygginguna að öllu leyti; hún á að verða búin á næsta ári en þó er staðurinn ófenginn enn þá, helzt er talað um Syðra Vallholt.

Sýslunefndin hefur veitt 200 krónur, og er hún yfirhöfuð hlynt skólanum; hún hefur sett upp að matreiðsla væri kennd og er því sjálfhætt við að skólinn verði hjer lengur, þó stendur nú í að fá stað fyrir hann næsta ár meðan verið er að byggja, þó er það held jeg hjer um bil víst að hann verður á Flugumýri, og er það sjálfhætt við kennslukonuna, svo jeg verð annað hvort heima eða á Laugalandi, þó líklega hið síðarnefnda, það væri gaman fyrir okkur Völu að vera þar báðar. Það er í ráði að tala um við Húnvetninga að sameina sinn skóla við þann Skagfirzka, það væri gott ef það gangi, því þá stæðu báðir á fastari fótum.

Jeg hlakka til að vera heima í sumar, jeg hef nú í hálft þriðja ár, ekki verið þar nema eins og gestur, jeg er nærri hissa á þessu flakki í mjer, þegar jeg horfi til baka, en það er líka á margan máta gagn og gaman að vera ekki alltaf heima, og jeg segi nú fyrir mig að betur á það við mig að hafa þetta starf sem jeg hef nú, en ýmsir snúningar og störf sem útheimtast þegar maður er heima, það er aptur svo undur skemmtilegt að koma heim á milli; á sunnudaginn kemur ætla jeg heim og hef til reiðskjóta Sleipni hans Claessen sem er hjer í eldi; það væri gaman að þú værir horfinn hingað að fara með mjer. Manstu ekki góði Dóri þegar við gengum saman út á túnið á Flugumýri um haustið þegar þú fórst og svo þegar þú varst að kveðja okkur á stjettinni. Þá sagði pabbi við mig þegar jeg kom inn, láttu ekki liggja illa á þjer, þið sjáist aptur. --

Sigríður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 4.3.1880

Segir af dauða Jón Sigurðssonar og Ingibjargar. Eiríkur bróðir þeirra hafi haldið ræðu og húskveðju í Khöfn.

Kvennaskólinn flytji að Flugumýri næsta vetur, og eftir það í eigin hús. Eggert hefur verið við nám á Felli[1] *og gekk vel nema með latínuna fyrst, seinna betur.*

Kristín E. Briem Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 4.3.1880.

Claessen muni taka við versluninni á Sauðárkróki og hún sjálf verði á Reynistað í vetur. Hús á Grafarósi standi auð. Popp á húsin, ráðgerir að flytja þau á Suðárkr. Vonar að HB flytji til Ísl. Menntafýsn að vakna og kvenna- og barnaskólar séu ekki lengur álitnir fjarstæða og fremur að þeim hlúð. Er kom til álita að setja upp barnaskóla á Sauðárkr. lofuðu sumir bændur að gefa 50-100 kr. Segir frá ráðagerðum um tekjuöflun til skóla. Kvennask.mál í Húnavs. og Skagafj.s. Fyrirhuguð uppbygging á Flugum. og Silfrastöðum. Segir af láti Guðlaugar dóttur séra Eiríks Briem í Steinnesi. Einnig frá þroska barnanna.

Leikur allt í lyndi en þráir að komast út á Krók.

[1] *Sennilega verið við nám hjá séra Einari Jónssyni (1853-1931) sem þá var á Felli í Sléttuhlíð.*

Gunnlaugur E. Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 5.3.1880.

Ræðir tíðar skipaferðir milli Sauðárkr. og Khafnar. Munur frá því sem áður var, nú kemur dampskip 9 sinnum á Krókinn, þar af 5 sinnum frá Khöfn. Mamma hans vill að HB sæki um skólakenn.emb. að öðrum kosti að hann fari suður til Bandaríkjanna, þ.e. ef H.B. felli sig ekki við neitt á Ísl. Ræðir breytingar á kennaraliði Prestask. Ekki segist bréfr. vita hvað hann eigi að taka sér fyrir hendur framvegis, hvort hann eigi að binda sig á klafa búskapar eða fara í pólitík, á þing eða í verslun. Ræðir framfarir og skólamál og kvennaskólann sem verður á Flugumýri. Elín vill ekki kenna þar og eru fleiri orsakir til þess. Gripasýningin verður á Hegranestá, hinum gamla þingstað Hegranesþings.

Eggert Gunnarss. ætlar að sigla og garfa mikið -

-- smala saman fje til þurfalingsins í Eyafirði sem er kvennsakólinn meðan hann er í 6000 kr. skuld. --

Kvennask. er að komast á í Húnavatnssýslu.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Garði. 17.3.1880.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir tvö brjef frá 31/12-79 og 7/2-80. Málmyndunarlýsinguna sendi jeg þjer í morgun í krossbandi.

Jeg fjekk síðasta brjef þitt á spítala hjer í Höfn, er jeg lá veikur á. Jeg fjekk hastarlega veiki 2. mars (brjóstveiki) og var allmikið veikur um vikutíma, en nú er jeg nýkominn út af spítalanum og búinn að ná mjer aptur nokkurn veginn. Mjer kom þessi veiki mjög ónotalega, því að hún kom sama daginn, sem jeg ætlaði að skrifa þjer heim með póstskipinu, er fór, má jeg segja, þann 5. þessa mán. heim. Jeg gat hvorki sjálfur skrifað eða haft rænu á að koma skilaboðum heim, og það þykir mjer mjög illa farið. Eitt meðal annars bað jeg Sigga eigi um, að senda þjer, Eggert og Bjarna. Jeg skildi hana *(bókina)* eptir þegar jeg fór hingað og Siggi hefur sjálfsagt eigi selt hana. Með næsta póstskipi skal jeg skrifa Sigga um það.

Jeg er nú eins og út úr heiminum og get því eigi skrifað þjer almenn tíðindi, ef nokkur eru.

Jóhann (G. Briem) föðurbróðir okkar er nú dáinn (6.þ.m.), hann hafði verið mikið veikur frá miðjum janúarmánuði, jeg var úti hjá honum til þess að kveðja hann í miðjum febrúar, og þá var hann mjög veikur, en þó þekkti hann mig þá og sagði það fyrst að orði, það er kveðja frá Íslandi. Jeg sakna hans mikið, og álít það þó að svo sje bezt sem orðið er. Jarðarförin fór fram hinn 12, jeg gat eigi verið viðstaddur, en Eiríkur bróðir var það, og hann skrifar þjer víst um hvað var söguvert. Jeg vonast eptir að Kristján Þorgrímsson sendi mjer reikning um kennslubókina og þá skal jeg segja þjer um það.

Mjer þykir undarlegar skruplur þínar við að sækja á móti Þorvaldi Thoroddsen. Það er auðvitað að hann er náttúrufræðingur, en hvað mikla þekkingu ætlar þú að þurfi til þess að kenna þessum sveinum á Möðruvöllum, og hvað miklu meiri þekkingu hefur þú eigi heldur enn þarf? Þú mátt eigi ímynda þjer að Möðruvallaskólinn sje neinn háskóli. Það sem jeg óttast meira, er að þeir, sem embættin fá, verði allt of lærðir, svo að líkt verði og hjer um bændaskólana þar sem kennararnir halda mjög fagra og lærða fyrirlestra, en aumingja bændasonatetrin eigi skilja hið minnsta í.

Vilhjálmur hefur gengið fyrir ráðgjafa til þess að tala þínu máli, og hann talaði ekkert um að ratihabition þyrfti á sóknarskjali því, sem komið er til ráðgjafa, svo jeg tala aðeins um við hann, hvort þess þarf að senda þina ratihabition. Þú gjörir annars allmikið rugl í reikningunum með því að takast svona skilyrðislaust prestskap á hendur þar vestra. Hvað Þorvald Thoroddsen snertir, þá er mjög óvíst hvað heppilegt það er fyrir land og lýð að setja hann þar út á horn veraldar langt frá bókasöfnum og náttúrufræðilegum söfnum og mönnum er hann getur haft nokkur áhrif í viðkomandi vísindum, og þeim er áhrif geta haft á hann, það er að segja, ef hann er svo mikið kapital, sem þú hyggur, þá væri miklu betra fyrir hann að vera annaðhvort í Reykjavík eða hjer. Ennþá undarlegra þykir mjer, að þú þykist langt frá hæfur til þess að vera prestur á Nýja-Íslandi. Bentu á einhvern, sem væri hæfari. Það er líkt eins og alþingismenn gæfu upp löggjafarvaldið við konung, af því að þeir þættust eigi færir um að leysa þann starfa af hendi. Það er annars leiða ættarfylgjan okkar, þetta vantraust á sjálfum sjer (Óli, Gunnlaugur).

Setning þín: "Mennirnir þurfa að reformerast fyrst, svo lagast löggjöfin á eptir", sýnist mjer lík þessari: Fyrst þarf jeg að læra bókband, svo fer jeg að binda bækur. Hjer stendur reyndar eigi alveg eins á, en þegar maður lítur yfir söguna kemur það sama fram hjá hvortveggju. Fyrirgef þú nú þetta alltsaman. Jeg óska þjer gangi allt til blessunar og hamingju hvað sem þú gjörir. --

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 22.3.1880.

Segir af bókasendingamálum og lestrarsal skólans. Nem. greiði kr. 1,50, fastir kennarar 6 kr. til salarins er hefur verið í kennarastofu, á að verða í hálfum alþingissal. Segir af kennurunum. Almælt að Þorv. Thorodds. sæki um kennaraemb. á Möðruv. Hvetur HB til að koma til landsins; rökstyður. Segir af kennslu

barna á Reynist. Matthías kennir ensku, hálf skrýtinn. Sagt að hann versli um einkunnir við nemendur. Segir af Jóni ritara og þingm. Skagf., fundahöldum hans í Rvík og mótmælum versl.m. sem reyndi að þagga niður í honum með hljóðpípum.

Torfhildur Hólm skrifar Halldóri E. Briem. Möðruvöllum. 27.31880.

Sendir orðabækur sem hún hefur haft að láni, þótt hún sé ekki búin að lesa þær sem þyrfti. Sendir --

„Gunnlög og Sigríði" *sem HB lofaði að þýða. Biður að láta engan sjá. Frétt að birta eigi „*Bréf Rósínu" *í blaði, þótt þætti of löng. Nefnir þýðingu á* Andvöru *okkar*, uppáhaldssöguna yðar *á ensku. Segir í hálfkæringi hvort þau Susa (Susanne?) geti ekki lagt saman og hjálpað upp á, hún er víst mikið smart í þess konar öllu. Fengið bréf frá Þrúðu (?) á Ísl. sem sagði frá fornfræðifélagastofnun próf. Fiske er henni fellur í geð; í þeim séu konur og karlar, hafi hún og systur hennar, Þóra og Arndís, gengið í það. Fiske fól Carpenter vini sínum ásamt lærisveini sínum Birni* (?) *Olsen að senda kort í hvert hús í Rvík sem hann hefði komið í. C. hefði gert það á jólakvöld. Sagði Skapta Jósepsson*[1] *hættan að drekka, hefði hann haldið fyrirlestur um heimspeki á Laugalandi. --*

Torfhildur Hólm skrifar Halldóri E. Briem. Möðruvöllum - ódagsett.

Þakkar þýðingu á

--Gunnlögi og Sigríði. --.jeg er hreint hlessa hvað þjer eruð þungir í anda, maður á besta aldri, og líklegur til að komast áfram í lífinu, að vísu eruð þjer heilsulitlir en það eru nú svo margir ....jeg þekki þennan aldur, vegamótin milli æskunnar - vonar heims...

Reynir með fögrum orðum og röksemdafærslu að telja í HB kjark. Sýnist nokkuð orðin þreytt á HB.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 31.3.1880.

-- Ég varð veikur um kvöldið 1. mars af taksting og hélt ég hann myndi hverfa skjótlega aftur, en það vildi eigi verða svo. Læknirinn hér á Garði, prófessor Varnake kvað það vera lungnabólgu og lét flytja mig út á Friðriksspítala -- Næstu 2-3 daga var ég allveikur en úr því fór mér batnandi og þann 13. fór ég út af spítalanum og fór svo varlega með mig um viku tíma. Læknunum á spítalanum þótti frábært hvað mér batnaði fljótt.

Meðan ég var á spítalanum bárust mér sorgartíðindi. Séra Jóhann (G. Briem), bróðir þinn, hafði verið lasinn síðan í haust og þyngdi allmikið eftir nýárið. Þann 6. febr. dó hann. Ég sakna hans mikið; hann var svo elskulegur, góður, sífjörugur og glaður þó samvistarmenn hans ættu eigi sem best við skapferli hans. Seinasta daginn sem hann lifði talaði hann aðeins íslensku svo enginn skildi hann er við var staddur. Sannast þar hvað ungur nemur o.s.frv. og er það þó undarlegt því honum lét miklu betur að tala dönsku. Hann átti nokkuð mikið af íslenskum bókum og gaf hann þær til Möðruvallaskóla.

Það var sorglegt fyrir Eirík bróður að missa Guðlaugu litlu dóttur sína, en Guðrún var hughraust, svo hann hefur eigi látið það fá á sig meira en við mátti búast.

Claessen, tengdafaðir Gunnlaugs og Stínu, bauð honum á 2. páskadag út á málleysingjahús og var ég með. Þar sá ég drenginn frá Selá sem fór um sumarið '78 af Sauðárkróki. Hann talaði fullum fetum fingramál, lék við hvern sinn fingur; að minnsta kosti sýndist mér svo.

Þar þótti mér margt undarlegt að sjá; hvernig fyrst er farið að kenna málleysingjunum er aðdáanlegt, Síðan fórum við í blindrahús, er þar er rétt hjá, og þótti mér þar enn undarlegra að sjá hvernig blind börn læra að skrifa og lesa bækur allfljótt, bara með því að þreifa á upphleyptum stöfum. Blindu börnin lærðu og að búa til skóbursta og allt mögulegt. --

Ég las um vefnaðarvél í vetur sem væri fundin (*upp*) hér í Danmörku. Var henni hælt mikið og sagt að í henni gæti maður ofið langtum meira en í almennum verfstól. Ef ég sé lýsingu af henni skal ég senda þér hana --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 17.4.1880.

Ræðir fjármál sín og fleiri fyrirgreiðslumál í Höfn. Segir veikindi sín hafa tekið á sig og hafi hann

--eigi eins getað haldið sig að lestri síðan, en ég vona að úr bætist bráðum. Eftir að póstskipið er farið kemur kyrrð á og næði. Nú er ég að lesa hegningarrétt eftir prófessor Goos --

Eggert Gunnarsson er hér, hann er fjarskalega *stundeslös*[2] ætlar allt að gera en hefur eigi tíma til þess. Ég legg hér innan í miða um *albinusvefinn*.[3] Ég lét Eggert fá einn af sama tagi og er hann strax orðinn hrifinn yfir því

[1] *Skapti Jósepsson (1839-1905), ritstjóri á Akureyri og á Seyðisfirði.*
[2] Æðikollur, fljóthugi.
[3] Sennilega er þetta prjónavél sem hann hefur minnst á áður.

að koma þeim (*vélunum?)* heim. Hann vill ekkert gera annað en ferðast til Kolding, en ég er hræddur um að hann hafi eigi tíma til þess, því nú ætlar hann með skipinu á morgun til Englands, hann kveðst nefnilega þurfa að tala við Coghill, ef hann (C.) fari heim. Mér þykir reyndar vænt um að Eggert vill heyra um þennan vefstól af því að hann er sá mesti postuli í þeim efnum heima. Eggert er að skrifa bónarbréf um fjárstyrk til eyfirska kvennaskólans. Hann hefur von um að hið *Claessensk fideikommision* og fleiri stofnanir muni láta eitthvað af hendi rakna til hans. --

Af því að ég held að Eiríkur muni eigi skrifa heim -- skrifa ég þér nokkrar línur úr bréfi er hann reit mér frá Köln 13. apríl.:

> *-- Mér líður vel, ferðin hefur gengið ágætlega -- Bielefeld og hingað. Í Berlín ætlaði pólitíið að gera rugl í reikningunum og er saga að segja frá því, af því að ég var passalaus, en þeir slepptu okkur. -- Í Bielefeld líkaði mér mjög vel. Emma*[1] *er besta stúlka. Dr. Schütz einstaklega kátur. Systir*[2] *talar íslensku en heyrir mjög illa. -- Úr bréfi frá Eiríki E. Briem.*

Mér þótti einstaklega vænt um þetta bréf. Það andar í því slík ánægja og gleði.

Eiríkur ætlar að sækja um skólastjóraembættið á Möðruvöllum og *alternatívt* um heimspekiembættið. Hann fær, held ég, sjálfsagt hið síðarnefnda, enda væri það synd að láta hann ekki fá það fremur öllum öðrum --[3] Halldór, bróðir minn, fær held ég tæplega kennaraembættið á Möðruvöllum, einkum eftir að hann er búinn að binda sig svo í Ameríku, en það hefði þó líklega verið á einn veg, því kennslugreinarnar voru ákveðnar eftir hæfileikum Þorv. Thoroddsen og svo er hann hér og hefur marga sér hliðholla af stórmennum bæjarins. --

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Minneapolis. 18.4.1880.

> *Segir þau hjón að halda brott og koma við í Chicago. Einnig af prestverkum.*

Rannveig Ólafsd. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Möðruvöllum, Nýja-Íslandi. Páskar, 1880.

> *Ræðir um mr. Reeves og prófessorinn (*Anderson?*). Torfhildur Hólm segir þann síðarnefnda vera að deyja. Segir HB þungt hugsi v. vígslunnar enda viti hún hvern hug hann beri til stöðunnar og segir að betur væri ef allir*

--hefðu eins sundurknosaðan anda eins og þú. --

> *Segir að eins og hans andi menntaðist í veraldlegum efnum í fyrra starfi muni hann einnig gera nú í guðlegum efnum og styrkjast eins og séra Jón Bjarnason. Ekki jafnað sig eftir breytingar, skilur hann, sem þarf að kveðja nánustu vinina og búa einn. Sigtryggur var að koma heim, eins og vant er hafði hann ekkert að segja*

-- á þessum fréttatímum, --

> *svo þú verður að segja mér allt. Hafði fengið bréf frá mömmu (Kristjana Gunnarsdóttir Hafstein, sem hún hafði alist upp hjá) og Sofíu Hvastein, uppeldissystur henna, sem dó fimm árum síðar. Sögðu þær engar fréttir (nema um Skafta Jósepsson), sem þá var ritstjóri á Ak. og tengdur þeim. Einnig af bindindisfundum. Eggert (Gunnarsson, frændi þeirra, bróðir Kristjönu) hefur í hyggju að sigla - segir Kristjana - með marsferð, eitthvað í verslunarmálum, að útvega viðar- og kolaskip. Fréttir af kvennaskólamálinu: 20 stúlkur og er Valgerður (kennari). Biður hann senda sér norrænu blöðin. Sagt að Sigríður í Ási sé trúlofuð Sveini stutta og digra og sé það nokkurskonar forretning milli Jóns og Sveins, en það er náttúrl. haugalygi. Meðan hún skifaði bréfið hafði Sigtryggur kallað hana 6 sinnum frá því --*

-- hann er verri en óþekk börn, á þau má þó hasta. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 7.4.1880?

-- Þegar jeg var nýkominn af spítalanum skrifaði jeg þjer miða sem jeg sendi þjer nú, en þá bað Eiríkur bróðir minn mig að bíða með að senda það, því að hann vildi koma brjefi með; en það drógst úr hömlu fyrir honum að skrifa þjer, svo nú fyrst fer það af stað.

Eiríkur fór hjeðan af stað til Þýskalands 1. apr., hann ætlaði til Hamborgar, Berlín, Leipzig, Dresden og svo vestur eptir til Bielefeldt, þar sem föðursystir okkar er. Hún er nú orðin 75 ára gömul og er ern ennþá, nema

[1] Emma Schüts (1839-1922) var ógift og mikilsmetin kennslukona í tungumálum sem annaðist um foreldra sína meðan þeir lifðu. Hún var eins og fleiri frændur hennar, langlíf og tungumálagarpur. Var sagt að hún kynni tólf tungumál.

[2] Jóhanna Briem Schütz (1805-1886) föðrusystir hans.

[3] *Það var honum oft fjötur um fót að hann hafði ekki aðra menntun en Prestaskólann. En hann stóð sig samt, sérstaklega í landspólitík. Þeir Páll og Eiríkur voru mjög nátengdir á ungum aldri, eins og fram kemur þegar Páll lýsir þingstörfum þegar hann var þingritari, en svo kólnaði, milli þeirra þegar skoðanir þeirra urðu öndverðar.*

hvað hún er orðin nokkuð heyrnardauf. Maður hennar lifir ennþá fjörgamall.

Síðan ætlar Eiríkur nokkuð suður eptir Rín og þá til Ostende og svo sem leiðir liggja til London og Edinborgar, þar tekur hann sjer far með skipinu heim -- Eiríkur ætlar að sækja alternativt um embættið eftir sjera Hannes og skólastjóraembættið á Möðruvöllum. Hann er talinn líklegur til þess að fá heimspekisembættið.

Þegar hann frjetti um lát Hannesar fór hann til Nelleman, og tók hann honum mikið vel, en öðrum, sem til hans hafa leitað, t.d. Eiríki Jónssyni vísiprófasti, hefur hann eigi viljað hjálpa hið minnsta. Heyrt hef jeg eptir Oddgeiri, að eigi sje tiltök með að síra Jón Bjarnason fái skólastjóraembættið. Eiríkur hefur ritað æfiágrip Jóns Sigurðssonar, er kemur út í Andvara (2½ örk). Nú fer lík þeirra hjóna heim með skipinu.

Eiríkur ljet taka mynd af sjer og sendi jeg þjer þá, er hann gaf mjer, af því að jeg get fengið hana hjer aptur. Mun þjer þykja gaman að sjá hann.

Brjefið mitt ásamt Steingríms brjefi lá heima. Ekki get jeg sent þjer reikningsskil um kennslubókina, en þó get jeg sagt þjer að vera munu um 200 expl. óseld af henni enn þá. Þegar næsti póstur kemur, er jeg viss um að þá get jeg gjört það og vona að þú getir fengið eitthvað í peningum fyrir hana.

Frjettir heimanað hefur þú náttúrlega fengið og það leið öllu vel guði sje lof, það var mikið sorglegt fyrir Eirík að missa litlu Guðlaugu, dóttur sína, í janúar.

Eggert Gunnarsson kom með póstskipinu hingað, en hvað hann er að fara veit jeg eigi.

Claessensfólkinu líður vel og er jeg þar mjög opt og kann þar vel við mig. Jeg sendi þjer lýsing Íslands eptir H.Kr.Fr. Jeg var að rusla í gömlum brjefum hjá mjer og fann jeg þar skírnarattesti þitt, og sendi jeg þjer það.

Þú lifir nú, þar er mikið frelsi er og demókratí, og segðu mjer hvernig þjer líkar það. Hvernig skoðar þú fólkið? sem lata, heimska, ístöðulitla og andlega volaða? Verður þú eigi reiður við lýðinn, er hann vill eigi hlýða þínum ráðum? Hyggur þú eigi bezt, að þú eða einhver annar dugandi maður rjeði einn öllu og værir diktator, sem allir yrðu skilyrðislaust að hlýða? Þú mátt eigi reiðast mjer út af þessu, það er eigi ætlan mín að móðga þig, en jeg segi það að eins vegna þess að setning þín: mennirnir þurfa að reformerast fyrst osfr. (er jeg veit að er þín hjartans sannfæring) hafa verið svo háskalega vantúlkuð, af mörgum harðstjórum. Það var setning Kristjáns áttunda, sem þó var liberal í aðra röndina, að fyrst þyrftu Danir að reformerast og svo osfr. Það er auðvitað að sú hin danska þrælakynslóð þurfti að reformerast, en allt hvað skrykkjótt hefur gengið, hefur landinu þó fleygt áfram síðan 1848 bæði að auði og mannfjölda. --

Rannveig Ólafsd. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Möðruvöllum, (Nýja-Íslandi) 11.4.1880.

Fáar ferðir til þeirra norðureftir. Sigtryggur er að fara og sendir hún með honum flest sem HB átti eftir fatakyns. Hefur ekkert frétt af honum nema af bréfum hans, segir

-- og svo það að fólki bregði við framburð þinn og séra Jóns.

Vill fá nánar um það að vita. HB er að læra á orgel, spyr hvort Susan sé flink í því.

Mér þykir það nú sem sjálfsagt að Susan litla vilji nú fá mikil laun, til dæmis hönd og hjarta, en skyldu sálir ykkar nokkurtíma geta sameinast þó hendurnar geti það.

Vill fréttir af henni því hún þekki hana ekki. Ræðir sundrung suðuðurfrá en biður hann að láta ekki hugfallast. Illa gengur með Framfara.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 22.41880.

Leiður yfir að HB ætli að vera lengur vestra en stefna ekki á Möðruvelli, sem margir höfðu unnið að. Slæmt ef fengi starf, en tæki ekki. Pabbi hans og mamma eru leið yfir að HB skuli halda áfram í N-Ísl. og að vinna að málum hans sé unnin fyrir gýg. Á Reynistað mun verða fundur um bindindi, hófsemi og sparsemi til að reyna að takmarka eyðslu.

Sigríður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 23.4.1880

Veturinn góður. Nú eru sóleyjar að þjóta upp. Verður ekki skömm að gamla Íslandi ef svo heldur fram. Sigurður bróðir hennar búinn að fá góðan heimakennara. Eggert bróðir hennar á að vera heima, verða sprenglærður í latínu --

-- en úr Vilhjálmi á að gjöra dugandi og vel menntaðan bónda hann er svo gefinn fyrir búsýslu.

Sjálf er hún í vafa um hvort hún á að læra heima eða fara á Laugalandssk. þar sem bæði er frændfólk og tvær systur hennar kenna,

--kannski þú líka á Möðruvöllum.

Hrædd um að minna verði úr lærdómi heima.

Rannveig Ólafsd. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Möðruvöllum, (Nýja-Ísl.) 26.4. 1880.

Þakkar bréf sem --

-- var eins og þú sjálfur, langt og gott. --

Svaraði ekki því sem hún spurði um Susan og spyr hvort hann haldi hana svo kurteisa að spyrja ekki aftur. Ræðir sundrung og starf HB.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 4.5.1880.

--Jeg ætla nú að nota tækifærið með Arktúrus og skrifa þjer fáeinar línu, til þess að láta þig vita að mjer líður vel og til þess að þakka þjer innilega fyrir allt gott frá þinni hendi. Jeg sendi nú hattana, er Sigríður Helgadóttir (?) hefur keypt, þeim kom jeg í Chiffonniére, er fer með skipinu til Sauðárkróks og Claessen á að fá. Þar er einnig með *Statkalender* (almanak) til þín er kostaði 1 kr. Hann fjekk jeg nú fyrir lítið verð, þar á móti, held jeg, að jeg hafi eigi verið jafnklókur við kaupin á brjóstnálinni, því að fyrir hana gaf jeg 23 kr. Reyndar hugga jeg mig við að kvenfólki því sem jeg hef sýnt hana, hefur þótt hún mikið falleg. Sigríður Helgadóttir bað kærlega að heilsa heim og segist hún vera boðin og búin að kaupa eitt eða annað fyrir mömmu, þó að Valgerður sje farin. En að bjóða henni peninga, dirfist jeg eigi. Sigríður segist ætlast til, að mamma hafi stærri hattinn.

Jeg var úti í Slangerup á kóngsbænadaginn og mátti með sanni segja að þar var skarð fyrir skildi; ekkja Jóhanns var annars ærið lasin og veikburða. Mjer var tekið þar mikið vel og að skilnaði gaf hún mjer gullúr, sem föðurbróðir minn hafði gengið með í meir en 40 ár, og bað hún mig, að hafa það til minningar.

Mjer þykir það mikið fallega gjört af henni og þótti vænt um mjög. Jeg hef nú ekki lengur að gjöra við úrið, sem jeg hef gengið með higað til og sendi það því heim, og þykir mjer rjettast að Eggert litli fái það.

Hjeðan er ekkert að frjetta og frá útlöndum heldur ekki. Gladstone[1] er orðinn æðsti ráðgjafi á Englandi og þegar Bismark nú sjer, að hann getur eigi gjört samband við Englendinga, er hann farinn að kanna fyrir sjer, hvort Rússar eða Frakkar vilji eigi gjörast vinveittir sjer aptur, en hvortveggja hefur þótt eiga honum grárra að gjalda en svo. Á Rússlandi eru nihilistarnir farnir að spekjast og heyrist nú ekkert til þeirra. Hjer hefur verið ágæt tíð og lítur vel út fyrir uppskeru.

Heilsaðu Gunnlaugi ástsamlega og mömmu. Jeg á enn nokkuð eptir af smjöri og kjöti, og heldur það sjer hvortveggja einkar vel. Jeg hef einn tóman smjördunk síðan í vetur og kassa, jeg veit eigi hvernig jeg á að koma þeim heim; jeg held að jeg helzt sendi þá með Goldman í sumar. Jeg fer nú að hætta og bið þjer og mömmu allrar blessunar í bráð og lengd. --

Arthur Middleton Reeves[2] skrifar Halldóri E. Briem. Richmond. Ind. 5.5. 1880.

Segist hafa kynnst HB gegnum aðdáunarverða ensk-ísl. bókina hans sem tengdi þá vegna sameiginl. áhuga á -- eldgamla Ísafold -- *eins og hann orðaði það og vegna Eiríks bróður HB sem hann heimsótti og hitti í Khöfn fyrir mánuði. Segist um sama leyti hafa hitt próf. Fiske í Berlín. Þá var hann við slæma heilsu en segist í bréfi vera á batavegi og stefnir að því ef heilsan leyfir að fara til Bandaríkjanna. Er A.M.R. hitti Eirík gladdist hann yfir að hann var að skrifa ævisögu Jóns Sigurðssonar sem gefin verður út af Þjóðvinafélaginu í vor. Segist hafa hitt marga íslendinga í höfuðborg Danmerkur. Meira um það er við hittumst, en A.M.R. segist hafa hug á að heimsækja Nýja Ísl. og kynnast nánar Íslendingum, þjóð sem hann ber virðingu fyrir. Hugsanlegt er að próf. Fiske verði samferða. Biður um leiðbeiningu hvernig auðveldast sé að ferðast að Gimli.*

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík.7.5.1880

Segir af lífi í Rvík, heilsu sinni og jarðarför Jóns Sigurðssonar. Segir Eirík bróður þeirra kominn úr siglingunni og hafi heimsótt föðrusystur þeirra, Jóhönnu Kristjönu Schütz, í Þýskalandi. Tali hún íslensku óblandaða. Ákveðið að breyta staðsetningu alþingishúss milli kirkju og húss Halldórs Friðrikssonar.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Eyrarbakki í Breiðuvík (Broadbay). 16.5.1880.

Hér er HB á ferð á leið til Íslendingafljóts. Kom hingað fótgangandi árbakkann. Fólk tók vel á móti honum. Hefur mikið að gera í búskap eða við fiskiveiði.

---

[1] *William Gladstone (1809-1898) forsætisráðherra Breta (1880-1885).*

[2] *Arthur Middleton Reeves (1851-1891). Gaf 1890 út bókina The Finding of Wineland the Good en dó ári síðar 34ra ára. Brautryðjandi kvenna í höggmyndlist. Janet Scherrer gerði höggmynd af A.M.R. við inngang Morrison-Reeves bókasafnsins sem er elsta almenningsbókasafnið í Indiana-ríki (http://www.mrlinfo.org/tourmrl/plaque.htm)*

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 27.5.1880.

Rædir um viðskipti og Kristínu systur sína sem heilsast vel eftir fæðingu Maríu dóttur sinnar. Segist hafa verið hjá Vilhjálmi Finsen vegna stöðuumsóknar Halldórs bróður síns. Bæði vegna trúlofunar hans og ráðningar sem ritstjóra Framfara, sem dregur komu hans til Íslands, á V.F. óhægt með að tala máli hans. Fyrsta kennaraembættið (skólastjórn) fékk Jón Hjaltalín.

Eiríkur E. Briem sagði Páli að hann ætlaði að sækja um heimspekiembættið við Prestaskólann. Ekkert umsóknarskjal hefði samt borist. Páll hugsaði sér að sækj þá um það í hans nafni. Svo var afráðið af veitingavaldinu að bíða með veitingu þar til bréf Eiríks bærist.--

Eggert Gunnarsson er á Englandi og er hann að reyna að semja við Englendinga um verslun. Locke, sem heima var við námurnar, hefur ritað um Eggert í Times og sagt Englum að nú beri vel í veiði er þeir með svo léttu móti geti komist í verslunarsamband við Íslendinga. Það er annars von að ferð Eggerts hefði einhvern árangur. Ég held hann ætli sjálfur að fara að versla því á meðan hann var hér var hann að reyna að fá vörulán. --

Tryggvi Gunnarsson til Halldórs E. Briem. P.t Phönix Leith 2 Juni 1880

Elskaði frændi.

Viðskipti þeirra á milli og annarra. Segir af gufuskipaferðum og innkaupum sínum á efni til alþingishúss sem og því að hann lét smíða í Khöfn allt hið vandaðasta í húsinu. Segir að Eiríkur bróðir H.E.B. fái Prestaskólann; Hjaltalín og Þorvaldur. Thoroddsen fái Möðruvelli; en ekki búið að veita.

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Khöfn. 4.6.1880.

-- Jeg fjekk brjef frá þjer í morgun, er jeg þakka þjer kærlega. Jeg óska þjer einlæglega til hamingju með trúlofun þína, berðu og heitmey þinni kveðju mína og heillaóskir. Jeg þekki hana reyndar ekkert, en það sem þú segir mjer af henni, er nóg til þess, að jeg hjartanlega gleðst yfir, að þú hefur fest þjer þessarar konu, og óska að þið megið njótast til ellidaga. Guð ávallt blessi ykkar hag og velfarnað.

Þú verður nú samt að segja mjer nokkur nákvæmar af unnustu þinni er þú skrifar mjer næst. Hvar hefur þú kynnzt henni? Í nýlendunni? Eru foreldrar hennar á lífi? Mig grunar að hún muni vera í ætt við John Taylor, sem stundum hefur verið minnzt í Framfara. Þú verður líka að senda mjer mynd af henni, hvað sem það kostar. Jeg skal í stað þess senda þjer mynd af minni unnustu, þegar jeg trúlofa mig. Að minnsta kosti verður þú að senda í gegnum mig þá mynd, sem heim fer. Mjer þætti vænt um, ef þú skrifaðir mjer um hag þinn, hvað þú messar opt, hvernig sóknarbörnum þínum líður í efnalegu tilliti osfr.

Jeg hef verið úti í Slangerup tvisvar síðan jeg skrifaði þjer seinast. Ekkja föðurbróður okkar býr í sama húsinu og verður þar framvegis; hún er hraust eptir því sem um svo gamla konu er að gjöra, og langar til þess að lifa lengur. Hún gaf mjer gullúr föðurbróður okkar til minningar um hann og var það fallega gjört af henni. Í síðasta skiptið var jeg að taka á móti íslenzkum bókum eptir sjera Jóhann heitinn, er hann gaf Möðruvallaskólanum. Tryggvi Gunnarsson fór með þær heim.

Jeg á að bera þjer kveðjur frá því frændfólki okkar.

Jeg skal senda þjer bækurnar, sem út hafa verið gefnar af Þjóðvinafjelaginu; það eru mínar bækur, en jeg get fengið mjer aptur, þegar er jeg vil. Hagenbachs kyrkjusaga er uppgengin (þ.er: I-II), hún kostaði ný (I-X) 40 krónur óbundin, svo hún hefði orðið nokkuð dýr, einkum þegar litið er á að hún er farin að verða nokkuð gömul og hefur ávallt verið talin nokkuð ókritísk. Jeg fór til nær allra bókagyðinga hjer og spurði þá um Hagenbach, en þeir höfðu hann eigi, og kváðu lítil líkindi til, að hann fengist. J. Hammerich er miklu yngri (prentaður 1873) og meir í brúkun; hann er í III allstórum bindum; hann kostar 14 kr. og fæst allstaðar. *Curtiz kyrkjusaga* er allra yngst og skemmst. Hún hefur reyndar meira efni, en Hammerichs saga, en er ákaflega stuttorð og lítið annað en upptalningar. Mjer þykir reyndar eigi ólíklegt, að jeg kynni að fá Hagenbachssögu í haust á einhverju yfirboðsþingi, því að opt deyja hjer prestar, er bækur eru seldar eptir.

Þú skrifar mjer nú aptur, hvað þú vilt að jeg gjöri í þessu efni. Í haust á að vera yfirboðsþing á bókum eptir Jóhann heitinn, (jeg má fullyrða að hann átti eigi Hagenbach); hann átti mikið af bókum, einkum sögufræðisbókum, og, ef þú vilt skal jeg kaupa eitthvað af bókum hans handa þjer, en þú verður að nefna, hverskyns þær eigi að vera.

Möðruvallaskólinn á að byrja í haust og þá þurfa kennararnir að fara til hans, nú er þeir hjer, er embættin veita, vita fyrir alveg víst, að sá er sækir, getur ómögulega komizt þangað í haust, þá mælir það allmikið a móti honum, einkum þegar völ er á öðrum manni.

Vilhjálmur Finsen ræður hjer mjög miklu, þegar hann vill, og hann hafði lofað pabba, að mæla fram með þjer til ráðgjafa, en þá er hann heyrði, að þú hafðir bundið þig í Nýja-Íslandi og hafðir eigi meira en svo hug á, að koma heim til skólans, vildi hann eigi gjöra sitt ítrasta til að þú fengir embættið; einkanlega af því að það hefði

valdið óánægju heima, ef skólinn hefði eigi getað komizt á í haust. Nú með því að þessu er svona varið, þá telja allir, að Þorvaldur Thoroddsen muni fá embættið. Eiríkur bróðir hætti við að sækja um Möðruvallaskólann, en hann fær þar á móti vafalaust kennaraembættið í heimspeki, svo að Jón Hjaltalín stendur þar næst. Jeg skal skrifa þjer til þegar, er embættin verða veitt.

Satt er það að Eiríkur er latur að skrifa, en ef þú vilt vita hvað hann hefur fyrir stafni, hvernig honum líður og hvað hann hugsar fyrir sjer, þá skaltu skrifa Guðrúnu konu hans, hún mun skrifa þjer, því að hún er dugnaðarkona og menntakona. Ekki hef jeg enn fengið reikning fyrir kennslubók þinni, en í fyrra var selt fyrir eitthvað 50 kr. hjá Kristjáni. Þegar Eiríkur bróðir kemur til Reykjavíkur skal jeg fá hann til að ganga í þessi mál, jeg þekkti Kristján Þorgrímsson vel og treysti honum, en svona gengur það, þeir sem maður treystir vel, þeir oss bregðast líka.

Ekki held jeg þú þurfir að óttast að Tryggvi sje orðinn þér óvingaður, hann er eigi slíkur maður, að mínu áliti, þó að þjer líki eigi skoðanir hans. Mjer finnst nú í sjálfu sjer skoðun hans alveg röng, en hitt er þó á að líta, að það er skaðlegt eins og ástatt er heima, ef jarðargóz safnast mikið í hendur einstakra manna. Jeg vildi helzt að um leið og farið væri að selja þjóðjarðir, væri gefin lög (NB sem eigi væri hægt að fara í kring um), er gerðu landsetanum ívilnun gegn landsdrottni, og svo að landsdrottinn yrði ljúfari á að selja landsetanum jörðina, og hefði eigi hag við, að svæla jarðir undan fátækum mönnum, (eins og biskupinn gjörir) nema því að eins hann færi sjálfur að búa á jörðinni. Mjer er mjög illa við ríka jarðeigendur; jeg skoða, að þeir sje niðurdrep (þeir mega vera ríkir af öðru) vekji óánægju, öfund og munaðarfýsn og spillingu. Eiríkur bróðir vill þar á móti hafa auðnum skipt meðal færri; við deildum um þetta í vetur en gátum eigi orðið sammála.

Ekki fellst jeg enn á setningu þína: mennirnir þurfa að reformerast fyrst osfr. Jeg álít að lagasetningarvaldið og reformatíonin þurfi að haldast í hendur (hjá "barbarískum" þjóðum er reyndar eigi um það að tala, menn þurfa að hafa vit á, hvað fengið er með lagasetningarvaldinu; en jeg hygg að okkur komi saman um að Íslendingar sje komnir fram úr því), menn sem nokkra menntun hafa fá vald til að stjórna sjer; nú fara þeir að reyna að setja lög, lögin verða í fyrstu eigi góð, þá fara menn að hugsa um, að nú þurfi þeir að mennta sig betur, til að gjöra betri lög og þeir bæta úr brestunum og svo gengur það koll af kolli, menn finna að þörfin er og bæta sig bæði með umhugsun á því er betur hefði átt að vera og tali við aðra menn. Hafðu nú setningu þína og segðu: lærið nú og menntið ykkur, en menn sjá enga þörf á því og gjöra það eigi; þá segir þú: þjer skuluð læra og menntast, þú setur menn í skóla en menn sjá eigi hvað þeim er þetta gagnlegt og það fer með menntunina eins og gimsteininn sem kaupmaðurinn gaf vatnskallinum, af því að kallinn hafði eigi nema óþægindi af að bera steininn og vissi eigi að hann gæti haft neitt gagn af honum, þá fleygði hann honum. Menntunin týnist og aldrei kemur sá tími, að þjer þyki þeir vera nógu menntaðir, til þess að taka þátt í löggjör og landstjórn. Þar á móti er þessi setning góð til þess að hvetja þá er fengið hafa þetta vald til þess að mennta sig og sýna þeim, að nú þurfi þeir menntunina um fram allt. Þó setningin í sjálfu sjer sje eigi rjett. Áður, meðan landið var miðri Dana þrælkun í, var ekkert talað um, hvað væri áríðandi að mennta sig, en er menn hafa fengið frelsið, er hver um annan þveran farinn að tala um það. Tala skólasveina í Rvík vex mikið, stofnaðir eru kvennaskólar, gagnfræðisskóli osfr.

Blöðin öll eru ásátt um það mál. Skuld þykir mjer bezt, þegar litið er á í heild sinni. Ísafold þykir mjer, þó margt sje gott í henni hjá Grími, nokkuð lík glerhart soðnu eggi (jeg á mjög illt með að borða það, en sumum þykir það gott, þó strembið sje). Mjer þykir vænt mjög um fylgiblöð við Skuld, þar er Jón vill göra menntun að skilyrði fyrir pólitískum rjettindum. Hvernig lízt þjer á það. Margt má reyndar segja um, hvernig á að fylgja því fram. St. Mill hefur ritað mikið í þá stefnu, en hann þykir mjer einn vænst um af öllum rithöfundum um póltitík, þó að hann væri trúleysingi. Af heimspeki hans hef jeg þar á móti ekkert lesið.

Hvað hefur þú fyrir stafni auk prestverkanna? Hugsar þú eigi um enska orðabók. Þú ert ungur og starfsamur. Ef þú eigi hefur annað fyrir stafni ættir þú að grípa til hennar í hjáverkum.

Af mjer er lítið að segja; jeg er að lesa lögin, þó að hingað fari gáfuðustu piltarnir heimanað, þá eru þeir interessulitlir, tala varla um annað en vín og kvenfólk, eins og þú munt reyndar þekkja.

Eggert Gunnarsson hefur verið mest í Englandi í vetur, hann hefur fengið þar lán á skipi og vörum og ætlar hann líklega að verða kaupmaður heima; einnig fjekk hann timburskip í Norvegi. Þar að auki er hann að reyna að safna handa kvennaskólanum fje. Að öðru leyti er hann alveg eins og áður.

Nú er munur á heimspekisprófi eða í fyrra. Þeir, sem komu að heiman, nenntu ekki einu sinni að hlýða á fyrirlestra, enda fjekk Skúli Thorodssen, Bertel Þorleifsson og Niels Lambertsen laklega og Ólafur Finsen vel. Sigurður Hansen, gamall íslendingur hjer, er nýdáinn; Júlíus Havsteen ætlar að fara að gipta sig danskri stúlku. Guðlaugur Guðmundsson stud. jur. hefur lofast danskri griðkonu. Björn Jónsson ritstjóri Ísafoldar er að nema latínsk lög og gengur líklega upp um jól.

Vertu blessaður og sæll. Mundu eptir að heilsa unnustunni frá litla Palla. --

Valgerður E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Reynistað, 8.6.1880.

-- Mamma biður þig að kaupa hænur fyrir sig á Munkaþverá, helst fjórar ef þær fást svo margar; það hefur heyrst að þær fengjust þar en hún biður þig að koma með þær á skipinu þegar þú kemur. Líka biður mamma þig um að koma með saumamaskínuna, sem er hjá smiðnum á Akureyri og þó að hann sé ekki búinn að gera við hana því það verður líklega aldrei. --

Lára Pétursd. Guðjohnsen Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Valþjófsstað. 8.6.1880.

Elskulegi sjera Briem!

Dvelur á Valþjófsstað í heimsókn hjá systur sinni og séra Lárusi Halldórssyni[1] um tíma; ræðir um landslagið. Bæði hún og séra Jón líta á sig sem gesti á Íslandi. Býsnast yfir að þau hjón sem eiga eitt barn þurfi að hafa hér 13 manns, 6 stúlkur og sjö pilta. Segir Mörtu systur sína trúlofaða Indriða Einarssyni.

Disgusting -- *að heyra um drykkjuskap presta og embættismanna.*

Bréfið skert. Niðurlag og undirskr. vantar.

Torfhildur Hólm skrifar Susie Briem. Gimli, Kanada. 8.6.1880

-- Jeg skrifa yður á íslendsku, því jeg er orðin æði stirð í enska málinu, enda var jeg aldrei góð í því, hjer heyrir maður ekki svo mikið sem eitt orð talað á enska túngu.--

Þakkar erindrekstur óskar til hamingju með trúlofunina. Skilar kveðju frá Mrs. Jónasson, Rannveigu Ólafsdóttur Briem, frænku Halldórs sem T.H. bjó mest hjá.

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Valþjófsstað. 10.6.1880.

Komið til Ísl. - náttúran köld og dauð. Í ráðleggingarskyni:

-- Hugsaðu aldrei til að hverfa heim til Íslands. Þú finnur þig aldrei heima. --

Segir vind í frambjóðendum til alþingis. Aðalatriðið að komast á þing. Kirkjan steindauð, hundrað X dauðari en á Nýja Íslandi. Fór að Stafafelli í Lóni (þar sem faðir hans er prestur (dó níu árum síðar) og lýsir andl. og líkaml. ólæknandi veikindum hans. Vill embætti nærri honum. Veltir fyrir sér tækifærum, virðist tengdur séra Helga (Hálfdánars.) sem fylgist með möguleikum J.B.

Hitti Eggert Gunnarsson í Skotlandi er ætlar sér að stofna eigin verslun, --

-- þvílíkur projektmager --

en er þó alltaf á hausnum. Ræðir átök um ameríkuferðir sem patríótarnir *eru á móti, alþýða óánægð en hefur ekki þekkingu á því er betra býðst.*

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 29.6.1880.

Óskar HB til hamingju með trúlofunina. Kom til Sauðárkr. og hitt fjölsk. HB. Hafði fengið bréf frá Eiríki Briem sem sagðist hafa sótt um embætti við Prestask.; vonandi fær hann það nema hann fái þá Möðruvallaskóla. Guðrún kona Jóns Hjaltalín er komin frá Edinborg yfirkomin af geðveiki. Ræðir steindauða kirkju og Pétur biskup ráðalausan. Séra Matthías ljúfur og góður sem fyrr en alveg fallit trúarlega.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Icelandic River (Möðruvöllum). 1.7.1880.

-- I arrived here about 12 o'clock to-night. and now I take to writing you a few lines, by Victoria, which is to go between 2 an 3 next morning. After I started from Gimli we had fair wind for some time, but then it fell, and the men had to row great part of the way. Then we got here after about 12 hours´ sailing and rowing. Now you are probably asleep, it is as if I saw you, enjoying some happy dreams. Only that they may never turn out to be cruel earnest!, I will not provide any such thing, I hope we will make each other happy. Where love exists it will soften all the difficulties the life is so full of.

Once I thought certain, that I would be appointed at the new high-school at Möðruvellir in Iceland, but now some way or other I don´t think much of that, I almost doubt it, the appointment also having been delayed. Certainly I should be glad to see my parents, my brothers and sisters again, in your company, and stay for some years in my old country. But we will by the help of God find some way to get on in this country, though we

[1] *Séra Lárus Halldórsson (1851-1908) síðast fríkirkjuprestur í Rvík, alþingism. og kennari við Lærða skólann. Hann átti kristínu Katrínu Pétursdóttur Guðjohnsen (1850-1940), systur bréfritara.*

have to go away from this settlement, that I look upon as almost certain. God be always with you. Give my love to your cousins. Your loving --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 2.7.1880.

Búið er að veita kennaraembætti á Möðruvöllum Jóni Hjaltalín og Þorv. Thoroddsen. Halldór er trúlofaður ameríkskri; lukkulegur, þó Páli lítist ekki á. Eggert Gunnarsson er að fara heim og ætlar að kaupa Hafsteinshúsin á Akureyri, sem þó ekki liggja á lausu og Höffner vill ekki fá Eggert þangað. Páll lánaði Eggert 70 kr. en hefur ekki fengið þær borgaðar. Segist mega missa þessa peninga en getur því ekki lánað pabba sínum. Er ráðlagt vegna brjóstsins að stunda sjóböð. Ráðgerir að læra sund.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 3.7.1880.

Fékk bréf frá Torfhildi Hólm á íslensku er hafði verið á flækingi. Hélt hún gæti fengið HB til að þýða. Varð að grípa til eigin ráða. Þykir ekki gott að þau HB séu ekki komin á leið til Winnipeg. Ræðir bókmenntir og að Gimli sé hálfgerður eyðibær. Segir frá jarðarberjatíma, spyr um hvernig þau vaxi þar sem hann er. Bætir við að hún geti varla hugsað sér að Torfhildur tíni þau eins feit og hún er, en gaman væri að sjá það samt. Ræðir forsetakosningarnar og gerir ráð fyrir að Hancock sigri og ljúki spillingunni. Hét að skrifa löng bréf ef hann skifaði líka löng.--

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 4.7.1880.

-- Nú er þá loksins embættið við Möðruvallaskólann veitt. Eins hefur farið og jeg skrifaði þjer seinast. Jón Hjaltalín 1. og Þorvaldur 2. kennaraembættið. Enginn sótti um búfræðingskennaraembættið. Nú er þá sú von á enda fyrir mjer, að þú komir heim til veru og síðar mun þú tæplega fara að sækja heim. Þó, jeg gjarnan vildi að þú kæmir til Íslands, þá æski jeg eigi, að þú komir eins og Jón Bjarnason. Jeg held mikið af ákafa hans og frelsisanda, þó finnst mjer hann eigi hafa sýnt þrek á þessum síðustu tímum. Því kemur hann heim nú, er hann sýnist vera óþarfur og flestir hafa horn í síðu hans? Ef hann vill komast á þing þá býst jeg við að hann fái örfáa kjósendur, og hvernig getur hann orðið að liði heima?

Þú ert nú líka orðinn lofaður í Ameríku, og hvað sem hver segir, er það eigi fyrir alla að koma frá landi eins og Ameríku og til Íslands eða yfirhöfuð fara frá föðurlandi sínu og í annað mjög ólíkt. Hvað hugsar þú annars fyrir framtíðinni. Er Framfari dauður? Ert þú að semja nokkuð?

Nú fer Eggert Gunnarsson á miðvikudaginn frá Englandi með skipi Slimons, hann ætlar að fara að byrja verzlun í sumar á Akureyri með vörum, er enskur auðmaður lánar honum. Mikið braskar Eggert G. Þú skrifar mjer eigi neitt hvernig heilsa þín sje. Batnaði þjer brjóstveikin eða er hún öðru hverju?

Jeg er hraustur. Jeg skil eigi í því að jeg skyldi fá brjóstveiki í vetur. Þó er jeg orðinn nervös. Áður hló jeg að þeim sem hrukku saman við hvað eina og ráku upp hljóð. Nú er jeg farinn að skilja það, þó jeg eigi hljóði, þá hrekk jeg saman út af engu eins og jeg væri stunginn með nál. Jeg fer í sjó á hverjum degi og er að læra að synda. Jeg hef verið 5 sinnum hjá kennaranum og er farinn að kunna sundtökin. Mest er þó gaman að stökkva út í vatnið. Búmm, áður en maður veit af, hvítfyssir allt í kringum mann og svo sem að nú sje komið í annan heim, en svo kemur þá höfuð uppúr og maður fer að skyggnast inn í gamla heiminn aptur.

Jeg hef ekkert að skrifa, ekkert að frjetta. Heilsaðu unnustunni og vertu blessaður og sæll. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum, Nýja Ísl. 5.7.1880.

-- Gerir ráð fyrir að S. sé í Winnipeg og vonast til að hún komi til hans. Segir frá óánægju margra með byggðina og talar um að flytjast. Rætt er um að hann taki við prestþjónustu í Minnesota. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 8.7.1880.

Hefur verið og er rúmfastur. Óskar HB blessunar í tilhugalífinu. Þetta breytir afst. hans og framtíðarsýn.

-- Það lá að, að einhver ósýnilegur andi hafi haldið þjer í Vesturheimi, því ekki höfum við svo lítið reynt til að fá þig heim. --

Segir frá búskap, hrossasölu, miklum gestagangi. Talsverð eyðsla, svo peningarnir ganga jafnóðum í ýmsar þarfir.

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 14.7.1880.

Ber saman líf í Rvík og á Gimli. Framfarir hafa orðið og húsum fjölgað. Finnur enn meir en áður til dauflegs eða dauðs andlegs lífs. Verið hjá helstu mönnum, lítið finnst af uppbyggingu. Nefnir Steingr. Thorsteinsson sem er viðkunnarlegur og hægur eins og alltaf. Af Ben. Gröndal skín illhryssingsskapurinn. Segir af séra Matth. sem bæði er að kanna mögul. á þingmennsku og komast í embætti sem prestur. Segir af

trúlofunum, Pétri biskupi og synódus. JB fékk hrós fyrir ræðu sem hann hélt þar, efast um það hafi verið meint. Gagnrýni kom á JB fyrir að hafa vígt HB til prests, en menn komust að raun um það það hafi verið - allright. --

Segir fréttir af sálmabókinni nýju.--

Steingrímur Thorsteinsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 13.7.1880.

Ræðir trúlofun HB, sra Jón Bjarnason sem er í Rvík. Segir af byggingu alþingishúss og fyrirhuguðum. kosningum og vilji margir losna við Gr. Thomsen, sra Þórarin (Böðvarss.) og Halldór Kr. Fr. og segist í þeim flokki. Segist ekki harma að HB fari ekki að Möðruv. því horfur skólans séu ekki sem bestar. Ræðir ástand í Lærða skólanum, samkomul. kennara gott nema H.K.F. Hlakkar til að fá Eirík Briem til Prestaskólans. Segir þá M. Jochumsson ekki ætla að halda áfram útgáfu Svanhvítar.[1] *Langar til að gefa eigið ljóðasafn út. Segir frá útg. kvæða M. Joch., Gr. Thomsen. Segir frá* sjöskáldanefndinni *um útg sálmabókar.*

Lára Pétursd. Guðjohnsen Bjarnason til Halldórs E. Briem. Rvík. 28.7.1880.[2]

Kæri, góði sjera Briem! Þó ekki sje mikið annað í frjettum en það sem síðast var þegar jeg ritaði yður nokkrar línu, þá þarf jeg nú samt að gjöra það um og þakka yður fyrir bjef yðar af 10. júní.

Þjer spyrjið um "*impressions*" af fólki, landi og lífi hjer. Jeg svara því stytst með þessu: Burt, burt aftur til Ameríku.

Fólkið er bomerað, einstrengingslegt í skoðunum, og kemst ekki út fyrir sinn þrönga hring. Atheisme er á 3. hverju strái, held ég, og Indifferentisme[3] á flestum hinum. Landið er eins fagurt og það getur verið, í hinni óíslensku tíð sem hefir verið í sumar og er enn, en lífið er í sama Slendrian[4] og áður, engar nýjar vekjandi Idéer, og þessvegna sofið eins og áður hver á sinni strjálu þúfu. Mjer finnst ekki vera hægt að sjá hvar fyrst ætti að byrja að hreinsa því allt er jafnmikið í skítnum, eins hjá æðri og lægri. En alltaf eru þó undantekningar og gullkorn inanum.

Hann Jens minn Pálsson[5] er eitt af þessum gullkornum, það er maður með "*Hjertet paa det rette Sted*".

Við fórum 13 í hóp austur að Þingvöllum fyrir viku síðan til að halda brúðkaup Mörtu og Indriða.[6] Þau giptu sig þ. 20. og svo voru þau þar viku, og við Jón líka. Þingvellir er óneitanlega fagur staður og interressant enda skemmtum við okkur vel.

Þjer eruð einn af átján sem ætlast til að aðrir en þjer sjálfur segið frjettir úr yðar byggðarlagi. Jeg vona að þjer sjálfur verið svo góður næst að segja til hvað gjörðist, en reiða yður ekki á aðra. Það liggur við að jeg sje proud af því hvað jeg frá því fyrsta hefi sagt um N. Ísl. að það kæmist aldrei upp, svo mjer þyrfti ekki að koma á óvart að menn nú fara hópum saman. Jeg gratúlera þeim öllum sem burtu komast. Er ekki veslings gamli T. (og Mrs. T.)[7] hnugginn? Haldið þjer hann missi embættið, eða hvað? Jeg vona að guð leggi honum eitthvað til, fyrir hans einlæga vilja.

Af því að góð vísa er ekki of opt kveðin, endurtek jeg einlæga ósk um lukku og blessun fyrir ykkur Susan.

Jeg vil svara yður í einlægni eins og þjer spurðuð, hvernig mjer lízt á trúlofun yðar, og veit það varla hvað jeg á að segja, því jeg vil ekki segja að mér lítist illa á, af því að það er ekki sannleikurinn, og ekki heldur vel, af því að jeg meina það ekki að fullu. Eins og þjer víst munið, gjörði jeg frá því fyrsta ekki mikið af Susan; jeg hjelt hún hefði hart hjarta fyrir annara böli og töluvert dramb, og stífni í lund, en þetta hvarf smátt og smátt, og jeg kunni miklu betur við hana seinast en fyrst. En það sem eftir kann að vera af þessu (losið) þér burt með yðar dramb- og harðhjartaleysi. Í því ökonomiska er jeg hálfhrædd um Susan, jeg veit ekki hvað vel hún kann að bera fátæk kjör og erfiðleika þá sem fylgja "Udsigter" ekki meiri en þær sem þjer hafið, og hún er vön við að minnsta kosti síðustu árin, að hafa allsnægtir og aldrei hefir hún þurft að vinna hart. En ef ástin er nógu sterk,

---

[1] *Svanhvít : Nokkur útlend skáldmæli í íslenzkum þýðingum eptir Matth. Jochumsson og Stgr. Thorsteinsson Rvík : Einar Þórðarson, 1877*

[2] *Þau voru stödd í Reykjavík eftir ferð austur á land. Þá fékk hann setningu til prests á Seyðisfirði.*

[3] *Afstöðuleysi.*

[4] *Kjánaháttur.*

[5] *Átti Guðrúnu Sigríði systur Láru, prestur á Þingvöllum, síðar í Útskálum og Görðum.*

[6] *Fjölskyldan hefur komið hér saman hjá séra Jens og Guðrúnu. Marta (1880-1931) var systir Láru, giftist Indriða Einarssyni (1851-1939) fyrsta ísl. hagfræðingnum, leikskáld og forystumaður í leiklist og áttu mörg börn sem komust til forystustarfa, m.a. í leiklist.*

[7] *Elisabeth og John Taylor (1812-84). Hann átti eftir að vinna mikið fyrir Íslendinga. Starfi hans fyrir stjórnina lauk ekki fyrr en ári áður en hann dó.*

þá yfirvinnur hún alla erfiðleika. Um það er ekki spursmál að hún er innteligent og lesin og hefir prýðilegan smekk, og dómsafl um ýmislegt.

Þjer hefðuð þurft að eiga konu sem gat búið nokkuð ein, þar sem þjer eruð svo ónýtur, en þjer megið til að "rappa" yður og setja yður inn í, og hafa Interesse fyrir, þvert ofaní vilja yðar, því sem heyrir til hinu daglega lífi. Þessi Materialisme er nauðsynleg öllu fátæku fólki, og fyrir það þarf ekki að dofna hugurinn á því sem æðra er.

Gjörið það fyrir mig að láta yður ekki detta í hug að koma til Íslands, hvorki með sjálfan yður eða Susan. Ef yður langaði vestur eptir eins vetrar veru í Ameríku, hvað haldið þjer yrði þá nú þegar hinar ameríkönsku frjálsu Institutionir eru orðnar yður samgrónar? Og hún Súsan, hvað ætti hún að gjöra í moldar- og slagningskofana, ofnleysið, vinnufólkshaldið og baslbúskapinn á Íslandi? "*Lad os blot være Mennesker*"[1] lætur H.C. Andersen páfagaukinn segja, og jeg segi það hátt og snjallt í eyrað á yður. Það er betra að hafa fæði og klæði af skornum skamti í Ameríku, vegna þess að hið daglega líf er þar svo miklu ánægjulegra, en vel nægilegt af þessum gæðum á Íslandi, og þjer munduð þessutan sanna, að það þarf æfingu við íslenska búskapinn, og sífelldan nurlarahátt til þess að komast af, og jafnvel þetta dugar ekki á mörgum jörðum og brauðum, sem talin eru í meðallagi. Jeg hef sjeð nóg af ísl. búskapnum síðan jeg kom aptur, til þess að snúa mjer frá öllu því drasli og þeirri verkleysu með viðbjóð, og þessvegna vil jeg ekki að þeir sem jeg óska góðs steypi sjer í það.[2] En í rauninni held jeg ekki að þjer meinið í alvöru að þjer hugsið heim. Jeg get vorkennt yður það að þjer hafið stríð svo mikið út af sálarástandi yðar, það er af því jeg veit nokkuð sjálf hvað það er, en við verðum samt sem áður að keppast eptir að bera sigurinn úr býtum.

Jeg vona að jeg eigi eptir að lifa það að verða trúarsterk, sterk í voninni og kærleikanum. Guð gefi okkur það fyrir Jesú Krist, frelsara vorn.

Heilsið Susan með sönnum og velmeintum óskum um velferð ykkar og segið jeg hafi ekki gleymt nótunni sem jeg lofaði henni. --

Jeg er yðar vin. Lára

P.s. Jú, jeg sá systkin yðar, Kristínu, Sigríði og Valgerði, samferða frá Akureyri, Gunnlaug bróður yðar, konu hans, föður yðar og Ólaf --

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri Briem. Rvík. 28.7.1880.

Talar um dvöl þeirra hjóna í Rvík, hvað þau fáist við og hleypidóma landsins; frá heimsókn til Þingvalla og v. settur pr. á Seyðisf. Biskup orðinn aumingjalegur. Stefnir á Ameríku aftur og stappar í HB stáli með að verða þar áfram ekki síst þar sem hann hefur fastnað sér konu. Segir að ef hann uni ekki þar ætti hann að leita suður t.d. til Dakota eða - ef þér fellur það ekki þá til Minnesota-íslendinga. Þá væri líka hægt að vera hjá Ísl. í Rauðárdal.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum, Nýja Ísl. 31.7.1880.

Var að koma frá Big Island. Var fólkið ánægt með komu hans og hélt hann tvær messur fyrir það við verksmiðju mr. Wood. Vonar að hitta S. í Gimli.

Steingrímur Thorsteinsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 2.8.1880

-- *Bókmenntafél.* er núna áþekkast heimili Odyssevs meðan hann var fjarverandi, biðlar hafa sest í búið og eta upp eigurnar.

Ræðir kosningar. Einnig hita í Rvík sem veldur því að fríið ónýtist fyrir honum því hiti á illa við hann og gerir ónýtan til lesturs og starfa. --

Valgerður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 2.8.1880.

Þakkar bréf og ræðir hamingju þeirra þar vestra og hvað þ. hafi það gott á heimilinu, lundlík og allt hreinlegt, húsið liggi líkt Reynist. í náttúrunni. Þær Sigríður systir þeirra hafa verið að hjálpa Elínu sem er að búast til siglingar. Segir af hestamarkaði á Miklabæ, hafi Gunnl. selt Coghill 20 góðhesta á 230 kr. Þeir ódýrustu sem seldir voru fóru á 59 kr., marga varð að reka burt óselda. Segir af áætlun um að kenna næsta vetur í kvennask. á Laugal. Gaman að kenna, vilji láta gott af sér leiða. Slæmt að skólinn hafi fengið á sig slæmt orð vegna Guðlaugar á Flugumýri og sjálfselsku hennar, sem svo talar illa um skólann.

---

[1] *Reynum að vera fólk.*

[2] *Þau hjón voru búlaus á Seyðisfirði en lýsa í bréfum sínum búskapnum hjá kollegum hans og þykir ekki mikið til koma, stunda búið af alvöruleysi með allt of mörgu starfsfólki, í stað þess að taka þátt í bústörfunum.*

Valgerður E. Briem skrifar Halldórs E. Briem. Reynistað 4.8.1880.

Óskar bróður sínum til hamingju með prestskap og trúlofun. Verið að ljúka hirðingu; var að ljúka við töðugjaldakaffið. Svo kemur grjónagrautur m. rúsínunum í kvöld. Hætt er við púns, þykir mörgum slæmt. Ræðir ferðalög föður hennar og Elínar, hrósar breytingum er gufuskip hafa í för m. sér. Margir sunnlendingar komið norður. Í ráði að hún kenni á Laugal. ásamt Valgerði Þorsteinsd. og Guðlaugu (Arason) frá Flugumýri. Kristjana (Havsteen) var að koma í heimsókn með Hannesi syni og Jóhönnu dóttur sinni. Var mikil gleði því móðir þeirra H.B. hafði ekki séð Kristjönu í 19 ár. HH var að kveðja;á hann að sigla til náms.

Hann er einstaklega efnilegur piltur til sálar og líkama, og er vonandi að hann verði Íslandi til sóma og nytsemdar.

Jóhönnu var illt í augunum og Kristjana komin til að láta lækninn líta á þau. Kristjana bað fyrir Marinó son sinn að vera á Reynistað í vetur þar sem Jónas stúdent frá Tunguhóli verður v. kennslu.[1]

Kristín E. Briem Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 4.8.1880.

Óskar HB til hamingju með trúlofunina. Hún hefði verið beðin um og hún samþykkt að kenna á Laugalandi. Svo fór Guðlaug á Flugumýri af stað, bað Sigríði Skaftasen um að koma sér að og fékk Valgerði með sér. Sagði Kristín sig frá starfinu. Þá kom beiðni frá Húnavatnssýslu og bað hana hins sama og hún sló til og verður á Lækjamóti í vetur.--

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 4.8.1880.

Óskar til hamingju með trúlofun. Biður að hann lýsi heitkonunni. Segir af ferð nýs landshöfðingja um landið. --

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Khöfn. 10.8.1880

-- Jeg skrapp hjer inn á pósthúsið og datt þá í hug að senda þjer seðil. Nú hefur Eiríkur bróðir okkar fengið embættið í heimspeki og frændsemi Steingríms við landshöfðingja varð eigi til hlítar. Björn Olsen og Sigurður Sigurðsson eru og, sem vænta mátti, orðnir við sama tækifæri fastir kennarar við Skólann. Að heiman er ekkert að frjetta, nema besta tíð og fiski um allt land. Stórir hópar af Englendingum sveima um allt landið sjer til skemmtunar.

Menn eru nú dálitið farnir að hugsa um kosningarnar í haust; þó verður eigi sjeð að menn tali neitt um princip í pólitik, nema hvað Arnljótur er nú talinn sem einhver hálfguð á norðurlandi.

Jeg hef nú haft sumarfrí um hálfan mánuð og líður vel. Jeg var viku út í Slangerup og á að skrifa kveðju þaðan. Ekkja Jóhanns föðurbróður okkar er í sama húsinu, hún er frísk vel. Jeg hef í langan tím eigi fengið brjef frá þjer og er farið að lengja eptir kveðju frá unnustunni og vertu sjálfur blessaður og sæll. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Icelandic River. 20.8.1880.

Kominn úr ferðalagi. Ræðir undirbúning giftingar þeirra í lok næsta mán. Veit ekki hvort er betra að halda það í Winnipeg eða Gimli, en þangað kostar mikið að fá prest.

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 25.8.1880.

Minn kæri vin & br.

(Bréfspjald, skert). Segir frá því að sálmabókarnefndin hafi komið saman, án þess að mál sé útkljáð.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Icelandic River. 27.8.1880.

Saknar bréfa

-- og að heyra skoðanir S. um þú veist! --

Ef þau gifta sig í Gimli vill hann fá safnaðarstjórnina í veisluna. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 28.8.1880.

Segir Eggert Gunnarsson vera þar í hrossasölu og lætur vel af. Páll skilur ekki hvaðan hann hafi fé. Segir Matth. Jochumsson hafa fengið Odda og er ánægður yfir að hann fái lífvænlegt brauð og þurfi ekki að lifa við búksorg.

[1] *Þennan vetur var Bríet Bjarnhéðinsdóttir við nám á Laugalandi.*

Var hjá Soffíu frænku sinni Ebbesen í Slangerup. Einnig var hann í útréttingum með Carl Holm sem var verslunarmaður á Akureyri.

Torfhildur Hólm og Rannveig Ól. Briem skrifa Halldóri E. Briem. Möðruvöllum, Nýja Ísl. - ódags.

TH: Ræðir bók sína og ráðagerðir, líklega um Brynjólf biskup. Reynir, með hjálp Rannveigar að ná tökum á réttritun. Ætlar að fylgja ráðum H.E.B. Guðbrandur (Vigfússon?) skrifaði henni um bókina, sendir hún bréfið áfram til H.E.B. Getur ekki verið við brúðkaup Susie og Halldórs.

R.Ól.Br.: Getur ekki komið í brúðkaup SB og HB áamt fleiri fréttum.

Elín Briem skrifar Halldóri Briem. Reynistað. 3.9.1880.

-- Jeg lofaði þjer um daginn að skrifa þjer greinilegra brjef seinna um kvennaskólann. Hann verður á Flugumýri og Kristín og Anna kenna, því Guðlaug er búin að fá lofun fyrir að kenna á Laugalandi, svo framarlega sem 3. kennarann þurfi á Laugalandi. Í fyrra bað Guðlaug um að kenna á Laugal. en fjekk ekki, en svo var Vala beðin um það og gjörði hún það. Eins og þú getur nærri varð Flugumýrafólk stórlega reitt yfir þessu og kenndi Eggert frænda um þetta mest.

Í vetur kom Eggert fr. hjer þegar hann sigldi og bað hann mig um að kenna fyrir norðan, jeg lofaði því, hann ráðgjörði að skrifa um þetta norður, svo hinir partar nefndarinnar gætu samþykkt það, svo vissum við ekki meir fyr en í vor að Skapti Jósepsson kom að norðan og talaði mikið um að það sje leiðinlegt að G. komist ekki að að kenna á Laugalandi fyrir okkur, en mamma segir að ef ekki standi annað í veginum fyrir G. þá skuli jeg ekki fara norður því það hafi rjett verið gjört fyrir Eggert. Skapti segir líka að Eggert sje ekki búinn að skrifa nefndinni enn þá, svo hann gjöri hvað hann getir til að G. komist að, því hún hafi skrifað konu sinni og beðið hana í herrans nafni að koma sjer að kennslu á L., svo sagði hann að frú Valgerður yrði með systur sinni. Við sögðum að það næði ekki þess konar metingi, jeg hefði bara lofað E. þessu og stæði mjer rjett á sama hvernig það lyktaði.

Úr þessu gjörði jeg ráð uppá að vera heima, en svo fór það nú svona, að jeg fer vestur. Þegar Eiríkur og Guðrún komu í sumar hafði E. ekki gjört nein skil, en þau voru að biðja mig að vera fyrir vestan, svo bæði af því að jeg vildi heldur vera heima og líka að jeg vildi ekki ganga umtalslaust frá loforði mínu við E. (þó hann ætti nú ekki annað skilið fyrir þetta skeytingarleysi að skrifa aldrei, úr því hann var að biðja um mig til kennslu) sagði jeg þeim að jeg fyrir mitt leyti væri búin að fastgjöra norðurferð mína með næsta skipi, en svo kom Eggert sjálfur með skipinu og hitti pabba á Sauðárkrók og var þá ekkert búinn að gjöra, svo pabbi sagði honum að við værum þá laus við hann enda var hann nýkominn frá Englandi í verslunarbraski sínu, sem hann hamast nú í, en öllum stendur stuggur af því, og álíta hann engan kaupmann. Pabbi og Gunnlaugur hafa lánað honum 1000kr. fyrir utan þann sæg af hestum sem Gunnlaugur hefur látið hann fá í sumar þegar hann hefur verið að halda markaði og allt uppá lán.

Kristjana *(Havsteen? móður-?)* systir er líka ógn ergileg yfir þessu ráðlagi hans, hann brúkar allt hennar jöfnum höndum við sitt. Þá trúi jeg Tryggvi hafi drifið í því í sumar að þau skiptu reikningum.

Það er fremur stífni á milli heimilanna hjer og Flugumýri. Það hefur nú fyrri verið nokkuð, svo varð nú heilmikil reiði í kvenfólkinu þar í fyrra að mamma, Stína og Friðrikka fengu verðlaun á sýningunni en þær ekki. Svo það hefur svona smáraunir yfir því að hjerna heimilið er tekið framyfir það, samt hefur það komið hjer við og við, þegar það hefur riðið á Krókinn. Ekkert heyrist um að Þorv.[1] sje búinn að útvega sjer neina konu til að leiða inn í slotið; jeg vildi óska að honum tækist það heppilega, hver sem hún verður, hann er greyið að tarna langbeztur af öllu sínu fólki, því kvennfólkið þar er svoddan stórbokkar.

Jeg skal segja þjer til dæmis uppá Guðlaugu að í vetur segir hún mjer einusinni; að þú hafir þegar við vorum á Hjaltastöðum kvatt sig, eptir að þú hafir verið búinn að binda á þig hattinn, hún sagðist ekki geta gleymt því, svo dónalegt þótti henni þetta, en jeg hló að henni, nóg af þessu. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 3.9.1880.

Búskaparfréttir og af kosningum og keppast Jón ritari og Skapti Jósepsson um sætið. Býst við að Jón vinni. Sjálfur hugsaði hann ekki um framboð en telur sig hefði komist að. Ekki fékk H.E.B. Möðruvelli. Ánægður með að Eiríkur bróðir þeirra hætti við Möðruvelli en fékk Prestaskólann.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Gimli. 5.9.1880.

Ræðir aðskilnaðinn, hvar þau eiga að búa og hvort þau geti ekki búið út af fyrir sig. Einnig hvar þau eigi að gifta sig.

[1] *Þorvaldur Arason á Flugumýri.*

Torfhildur Hólm skrifar Halldóri E. Briem. Möðruvöllum,Nýja Ísl. 8.10.1880.

Segir hann umkomulítinn. Þakkar HB boð hans um að lesa handritið, tími gafst ekki til. Bað séra Jón að lesa yfir eða láta gera. Biður HB um að búa vel um bókina og registrera bréfið til Valdimars Bryde. Biður hann skrifa um bókina undir sínu nafni, senda Jóni Ólafss., gera hann velviljaðan, einlægt gruna jeg hann um græsku.

Ekki byrjuð á (nýju) verki, vantar illa (bókina) Eggert Ólafsson.

Fékk bréf m.a. frá séra Eggert (Ó. Brím) sem ætlar að sækja um Steinnes. Norðlingar vilja Magnús Andrésson[1] *því að hann sé góður hómópati. Sagði eftir (Lárusi) Bjarnason að Steingrímur Jónss.*[2] *sækti um Odda, væri trúartæpur, trúlof. Önnu Biering og drykki hóflaust. Ætlaði Jón Þork. að afsegja hann v. skólann. Magnús og Theódór bæjarfóg. að byggja skrautlegasta prívathús í bænum. Jón Árnason er að byggja steinhús nál. skólabibliotekinu.*

Susie Briem skrifar Halldóri Briem. Gimli. 14.9.1880.

Segist nú fyrst vonsvikin um landið því eftir storminn teldi hún óbyggilegt hér. Hjá Fredrickson steig vatnið svo hátt að garðinn flæddi og inn í hús. Sagði Sigurð og Carrie (Christopherson) hafa fundið land; fleiri að flytja með búsmalann.

Pabbi hennar kom og kvaddi, því nú yrði engin Susie Taylor eftir giftinguna. Gjöf hans til HB voru tveir kossar sem hún ætlar að skila honum með vöxtum.

Susie Briem skrifar Halldórs Briem. Gimli 1880?

Segist búin að skrifa bréf til móður H.E.B,, en þyki það kaldranalegt og biður um betri hugmynd..

Eggert E. Briem til Ingibjargar Eiríksdóttur Briem. Reynistð. 25.9.1880.

Elskulega bezta mamma mín!

-- Vel gekk mér heim í gær með hinn geðveika, hann var þægur og kátur, óeyrinn var hann í nótt, en það sótti að Sveinbjörgu í gærkvöldi, svo hún gat ekki sofnað, og fór í rúm til móður sinnar enda var hún roggin í morgun að hún hafði gert það, þá hún sá Guðmund þarna í rúminu hennar. Þá Una vaknaði í nótt eða rétti hendina fram úr rúminu, rak hún hana í eitthvað loðið, var þar Guðmundur og sat flötum beinum við rúmstokkinn. Nú er hann farinn af stað fram að Víðimýri.

Við sendum hestana snemma í morgun, það er bezt þið séuð til strax eptir árbítinn. Þinn EBriem

Jón Bjarnason til Halldórs Briem. Seyðisfirði. 29.9.1880.

--Segir þau hjón hafa sest að í kaupstaðnum. Messað þar einu sinni. Segir af ferðum sínum. Á leiðinni (austur) hitti hann Eirík E. Briem á Skagaströnd. Líkar vel við hann, án þess þó að ná til hans. Hann er á leið suður í prestaskólann.

...aumingja Matti með hringlandann...

er búinn að fá Odda. Ameríkuhugur lítill. Fengið svo gott sem köllunarbréf frá Minnesota- Íslendingum ef þeir vilja bíða tvö ár. Vill helst komast burtu en er bundinn vegna föður síns.

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 14.10.1880.

Búið að hlaða upp grind að alþingishúsi. Jón Ólafsson kosinn þingm. í S-Múlasýslu, Valdimar Briem í Árness. og Eiríkur Briem í Húnav.s. Ætlaði norður í vor um Kjöl, varð frá að hverfa v. vatnavaxta, sá Geysi og heimsótti frændfólk. Fyrir norðan fór hann svo að Goðafossi. Skoðaði Möðruvallaskóla, þótti hann fallegur.

Ingibjörg Sverrisdóttir Briem skrifar Susie Briem. Reynistað. 22.10.1880.

Háttvirta kæra ýngismey!

Skrifar til að óska henni hamingju og velferðar m. trúlofunina. Þakkar viðfeldið og fallegt bréf Susie. Angurvær yfir því að þau eru svo langt í burtu og að mega búast við að sjá hvorugt þeirra í þessu lífi.

Kristjana Gunnarsd. Havstein til Ingibjargar Briem. Khöfn. 28.10.1880.

-- Bráðum vonast menn nú eptir Phönix að heiman en því miður get jeg ekki vonast eptir neinu brjefi frá þjer, eða þínu heimili með honum, jeg nota mjer því tímann nú áður enn jeg fæ önnur brjef til að svara, og heilsa

[1] *Magnús Andrésson (1845-1922) var biskupsritari, en fékk Gilsbakka.*

[2] *Steingrímur Jónsson (1850-1882) prestur í Garpsdal og prófastur á Barðaströnd.*

þjer fyrst af öllum og þakka þjer alla elskusemi ætíð, jeg vona að þú hafir fengið miða frá mjer í haust hvar jeg sagði þjer frá áformaða ferðalaginu mínu híngað sem jeg framkvæmdi strax þar eptir, og sem gekk farsællega hingað, guði sje lof, við komum eptir 12 daga ferð frá Eyjafirði til Hafnar og urðum ekki mikið sjóveik, en fegin varð jeg samt að stíga á land; í Edinborg komum við á leiðinni og þókti mjer þar mjög fallegt¸ hjer hefi jeg heldur lítið komið út og er ekkert hrifin af fegurðinni hjer, þó er hjer óneitanlega margt fallegt að sjá; trjen og skógarnir standa enn og eru lítið farin að fella lauf; þó hefur hjer alltaf verið kalt síðan jeg kom, svo mjer finnst engu hlýrra en heima; í dag er töluverð snjóburðarhríð, og norðaustan stormur, en jeg er hrædd um Íslendsku skipin sem nú hljóta að vera komin hjer undir land, og ekki get jeg annað en hugsað um hvernig nú muni viðra heima og hvernig ykkur vinum og vandamönnum líði; jeg vil vona alls hins besta um leið og jeg óska þess.

Hvernig skildi nú Marinó minn koma sjer? og hvernig drífa sig áfram við lærdóminn; alltaf er hugur minn heima hjá börnunum mínum og víst hefði mjer leiðst hjer, ef börnin mín hefðu ekki verið hjerna í kringum mig; jeg hef verið svo heppin að þau hafa öll verið frísk, enn sem komið er, að Hannesi mínum meðtöldum, sem kemur hjer daglega svo það er næstum eins og við sjeum heima þegar við öll Íslensku ættmennin sitjum saman og svo koma líka stundum Íslendingar.

Pál son þinn hefi jeg tvisvar sjeð, hann kom þegar jeg var nýkomin og svo á afmælisdag Tryggva br.; mér þókti vænt um að sjá hann glaðan og heilbrigðan og líkan ykkur sem ég ann; jeg bað hann að koma opt.

Við erum hjer öll í fæði hjá Tryggva br. þó jeg leggi dálítið á borð með mjer þá hrekkur það ekkert handa mínum hóp; hann hefur líka gefið okkur sinn utanhafnarklæðnaðinn hvurju; jeg kemst ekki upp með annað enn fara að brúka kjól, sem jeg er búin að vera í í nokkra daga. Jeg hefi farið með börnin til augnalæknis, og hann hefur fyrirskrifað þeim augnasalva og augnavatn, og Jóhönnu gleraugu, því hann sagði að eitthvað væri að sjálfri byggingunni á augunum hennar sem hann gæti ekki öðruvísi aðgjört og svo hefðu augun veikst af því að hún hefði haft "sterk Betendelse" en hann vonaði að það mætti verja þau framvegis. Í þetta sinni hætti jeg og kveð þig núna systir góð!

Nú eru komin ---, okkur líður öllum vel einsog þá jeg byrjaði bréfið. Heilsaðu sem best þú getur manninum þínum góða og öllum börnum ykkar. Drottinn blessi ykkur og farsæli, biður þín elskandi systir Kristjana Havstein

Jeg ætla Jóhönnu þinni kjól í vor, Valgerður systir hennar ætlaði að velja henni töi í kjól á Akureyri, enn okkur geðjaðist ekki að töi þar og þá hélt jeg að henni mundi þykja gaman að fá hann saumaðan hjer.

Mig minnir að jeg bæði þig um í bréfi í haust að þið gjörðuð svo vel að hugsa um Marinó minn að búa hann til suðurferðar ásamt Eggert ykkar - uppá minn reikning - það er að segja ef hann verður fær til þess, um fermingu hans hugsa jeg ekki fyrr en að hausti, ef guð lofar, ásamt Jóhönnu systir hans.

Líklegast þyrfti Marinó stígvjel og má held jeg fá þau á Akureyri eða þá í Rkvík upp á minn reikning. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Fagraskógi, nærri Willow creek. 7.11.1880.

Dear wife.

(Þau giftu sig 30. sept.). Þarf að fara í ferðal. m. Sigurði Christopherson.

Páll E. Briem skrifar Kristínu E. Briem Claessen. Khöfn. 7.11.1880.

-- Goldmann gamli er kominn og færði Arent Claessen mjer elskulegu brjefin heimanað og frá þjer rjett í þessu. Jeg þakka þjer alúðlega fyrir brjefið.

Goldmann hafði haft heldur stranga för og stormasama; hann kom í fyrri dag á ytri höfnina og í gær alveg inní lendingarstað. Það þótti mjer vænt um hvað góðar frjettir jeg fjekk með honum. Jeg get nærri hvað mikið hefur verið að starfa í sláturtíðinni í haust og að það hefur opt eigi verið ljett fyrir þig að standa í þeim gangi, en nú verður það allt um garð gengið. Það held jeg að mjer þætti gaman að vera kominn til þín og heim og sjá yngstu systkini mín og blessuð litlu börnin þín. Jeg man vel eptir Eggert en minna eptir Ingibjörgu, þó man jeg að hún hefur blá augu. Jeg var að reyna að láta Karl Holm í sumar segja mjer frá þeim, en hann er nú eigi margtalaður, svo jeg gat eigi gjört mjer svo ljóst hvernig þú hefur það eins og ef jeg kæmi sjálfur heim, en það verður nú eigi í bráðina, ekki fyrri en jeg hef lokið mjer af hjer. Jeg er eigi viss um hvenær jeg tek próf, en að öllum líkindum verður það um veturinn þegar jeg er kominn út af garði, altsov er nú hálfnaður verutími minn hjer í höfn. Opt óska jeg að jeg væri nú búinn og farinn að standa á eigin fótum því að erfitt má það vera fyrir pabba að kosta mig hjer með öllum öðrum kostnaði, en guði sje lof meðan allt gengur eins (og) gengið hefur þessi seinni árin.

Það hefur verið mikið sorgarár fyrir Slangerúpsfólkinu í ár, fyrst dó faðir Sofíu, Jóhann föðurbróðir okkar í fyrravetur og nú dó í haust maður hennar og svo hálfum mánuði síðar móðir hennar. Jeg var staddur við jarðarför Ebbesens og voru þar margir samankomnir og margar ræður haldnar af nágrannaprestunum. Ekkja

síra Jóhanns varð bráðkvödd þann 13. f.m. og varð það mikil hamingja, þó sviplegt væri, því að hún var ávallt svo ömurleg. Jeg og Tryggvi og Sofia Hafstein ætluðum í jarðarför hennar 19. okt. (fæðingardag minn), en af því að járnbrautarárið gekk fljótar en önnur ár, þá komum við of seint. Sofíu þótti þetta mjög leiðinlegt, hana langaði svo mjög til að fara í járnbraut svo að Tryggvi rjeð af að fara út á Klampenborg og skemmtum við okkur vel í skógnum um daginn. Benedicte er alveg eins og hún var; hún man vel eptir þjer og talar um þig sem "den kneisende Fjeldkonen", hún hjelt hjer um daginn ræðu í lestrarfjelagi kvenna og er hún komin á prent; er hún áköf fyrir "Kvinde-Emancipation" en þó líkar mjer langt frá stefna hennar; henni þykir hlægilegt að kona verði t.d. þingmaður, en þess háttar hlýtur að fylgja með ef konan fær nokkur veruleg rjettindi á móts við karla; hún segir að allt er snerti rjettindi kvenna eigi að eins að koma fram í því innra, en eigi í hinu ytra, en þetta er mikið fallegt að segja, en eins og jeg held með þeirri setningu "trúin er dauð án verkanna" svo verði og kvenrjettindin að koma fram í verkum.

Það hefur verið sagt um konur að þær sjeu skrafsamar, en nú vona jeg og óska að sá tími fari í hönd að segja megi um þær að þær sjeu ræðnar. Eina bók vildi jeg að þú gætir lesið er heitir "*om Opdragelse*" eptir Heegaard prófessor; hún er allstór og kostar 10.00 kr. en þar er svo margt ágætt í að jeg held enginn iðrist eptir að kaupa hana.

Jeg fer nú að hætta og kveð þig með óskum alls góðs. Heilsaðu börnum þínum og manni og C. Holm. Vertu ætíð blessuð og sæl, þinn elskandi bróðir --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 8.11.1880.

Þakkar foreldrum sínum bréf og peninga. Ítrekar spurningar um hvort Eggert bróðir hans eigi að fara í skóla og hvað Vilhjámur eigi að læra. Segir að Soffía Ebbesen frænka hans í Slangerup hafi misst mann sinn 27.9. Var Páll við jarðarförina. Svo dó ekkja Jóhanns föðurbróðir Páls. Þeir Páll og Soffía Hafstein ætluðu að fylgja henni en misstu af lest. Fóru í staðinn út í skóg og skemmtu sér vel.

-- Ég hef allmikið að gera um þessar mundir -- geng ég upp hjá Deuntzer prófessor; ég geri það mest til þess að venja mig við, því mér er ómögulegt að gera mig óskelkaðan og ófeiminn; ég verð ruglaður og get eigi áttað mig strax. Ég vildi óska að ég væri óskammfeilnari; en svona erum við bræðurnir sitt með hverju móti. Eiríkur sem ætti að vera bestur að þessu leyti; hann tekur líka út, mikið vegna óframhleypninnar.

Ég hef verið nokkrum sinnum niðri hjá Tryggva og gaman að koma þangað og tala við Kristjönu Hafstein og börn hennar; henni líður vel.--

Kristín E. Briem Claessen skrifar Halldóri E.Briem. Sauðárkróki. 8.11.1880?

Elskulegi hjartkæri bróðir.

Fór að Reynistað og sá mynd af unnustu Halldórs. Gleðjast allir yfir hvað hún er nett og viðfeldin á svip. Verst að þau séu langt í burtu. Getur samt ekki ímyndað sér að þau fái aldrei að sjást þó ekki sé líkl. að hann fái embætti í bráð úr því hann fékk ekki embættið á Möðruvöllum. Þykir henni kostur að hafa fólkið sitt nærri og kvíðir ef foreldrar hennar flytja þaðan. Óskar hún þess að þau losni við búskap og allt er honum fylgir. Eggert er orðinn svo stór að hann er búinn að fá stafrófskver og Ingibj. tveggja ára. Pabbi hennar segir hana alltaf annaðhvort hlæjandi eða grátandi. María er hálfs árs. Vonar að þeim HB líði betur er þau komast frá Nýja Ísl. HB spurði um kvennaskólann. Segir afráðið að byggja skólahús á Ytra Vallholti, tvær kennslukonur og stúlkur fái inngöngu frá 12 ára aldri. Í vetur verður skólinn á Flugumýri og systurnar þar verða kennarar. Húsum fjölgar á Sauðárkróki og þar að komast bæjarbragur á. Ráðgert að stofna barnaskóla að vetri, sem bændur hafa hug á.

Gunnlaugur E. Briem og Eggert G. Briem skrifa Halldóri E. Briem. Reynistað 8.11. 1880.

Ræðir fréttir úr Vesturh. E.G.B. fékk riddarakross. Páll vill að hann sæki um amtmannsembættið eftir Christiansen. En hann er orðinn þreyttur á ferðalögum og ýmsu stríði. Gunnlaugur E. Briem veit sjálfur ekki hvað framundan er. Ræðir framtíðina. Einnig um menntun barnanna heima. Marínó Hafstein og Eggert lesa latínu. Jónas stúdent Jónasson frá Tunguhálsi er kennari þeirra. Elín kennir í Húnvatnssýslu kvennaskólanum. Eyfirski skólinn er fullur með yfir 20 nem. Skólinn á Flugumýri gengur ekki vel, er illa sóttur og kenna Kristín Arason og Anna Sigríður. Fyrirh. að byggja í Vallholti. Ræðir sauðasölu.

Kveðja fylgir frá föður þeirra. --

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Lækjamóti. 10.11.1880.

Vill fá fréttir af brúðk. H.E.B. Spyr um hvað hann ætli sjer framvegis.

-- Það vildi jeg að þú værir kominn í góða stöðu í Bandaríkjunum í skemmtilegum stað og jeg væri orðin svo rík að jeg gæti siglt til ykkar og verið hjá ykkur 1 ár. Það er alltaf svo mikil löngun fyrir mjer til að sjá ögn

meira af heiminum en þetta kalda föðurland okkar, mjer finnst mann vanta svo mikið þegar maður heyrir og les eitthvað frá útlöndum, að hafa ekkert sjeð af því, það er nú hægra að segja en gjöra en fjarskalega langar mig mikið til þess að sigla og jeg vona að það verði þó einhvertíma.

Mig minnir að jeg segði þjer það í sumar hvernig á því stóð, að jeg ekki fór norður og það að jeg yrði hjer í vetur til að kenna fyrir Húnvetninga, jeg gjörði það bara fyrir Eirík og Guðrúnu af því að þau voru í nefndinni og varð því svo annt um það þetta ár að jeg kenndi, annars vildi jeg heldur vera heima þennan vetur; það er heldur eigi svo gynnandi, þar sem 70 krónur er kaupið (100 fyrir norðan) og simpill kostur; svo er það eitt sem mjer þykir leitt við skagfirska og húnvetnska skólann að það eru höfð níuvikna tímabil á þeim, svo allan veturinn eru stúlkurnar að fara og koma. Núna til jólanna eru vinnukonur hjer af bæjunum í skólanum sem varla hafa dregið til stafs og sumar ekkert; þegar nú vikurnar eru úti er haldið próf, og má geta nærri að þetta verður ekki mikið sem þær læra. En þetta á nú að takast með tímanum.

Halldór E. Briem til Susie Taylor Briem. Winnipeg. 12.12.1880.

Segir frá starfi sínu og vakningarsamkomum Mr. Hammond, sem kemur að austan. Hann hefur fleiri samkomur á dag Sjálfur fór hann á samkomu og hafði ánægju af. Þetta truflar starf hans sjálfs.

Sigurður E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 26.11.1880.

-- Ég hef frétt hérna fyrir sunnan, að Sigurður Stefánsson[1] á Heiði sé trúlofaður Guðlaugu Arasen, og ég er alveg hissa á því að svo hæðinn maður skuli hafa orðið til að fá svo grínaktuga persónu sem hana[2] --

Harðindi hafa verið nokkur um tíma og hefur rjúpan flúið af fjöllunum -- svo hún er fallin úr 40 í 20 aura. Þeir hafa sumir komið með hana á mörgum hestum. --

Halldór ritar mér að hann hafi látið vígjast -- til hjónabands í Winnipeg þann 30. sept.; ekki segir hann hvað hann muni takast fyrir, en Nýlendan segir hann að sé á förum. --

Steingrímur Thorsteinsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 27.11.1880.

Kæri vin.

Óskar til hamingju með giftinguna. Ræðir útgáfumál og góða sölu dönsku lestrarbókarinnar. Hvetur HB til að gefa út enska lestrarbók, bókmenntalegri en fyrri bók H.E.B. Ræðir Bókmenntafél. og býsnast yfir útgáfu Sýslumannaæva. Segir margt annað ætti frekar að gera.

-- Mér þykir vænt um að skáldsaga sem þér líkar er á ferðinni, sú er þú nefnir eftir frú Torfhildi Hólm, og hlakka ég til að sjá hana. --

Matthías Joch. hættur við Þjóðólf, fékk Odda, sem er gott brauð. Vonar að það verði honum til heilla. Segir líka að sér leggist það til þegar M.J. fer að Eiríkur bróðir HB er kominn, svo hann hefur einn í nánd sem hann hefur ánægju af að tala við. Segir frá álitlegu (alþingis)þinghúsi, sem stendur á ljótum stað.

Segir bókasöfn jafn þýðingarmikil og skólar.

-- Latínuskólahúsið er orðið mjög hrörlegt, raunar hjallur og með sínum innri róðarskap og órækt, er það þjóðarskömm. --

Tveir skólapiltar hafi dáið í vetur. Segir að sjúkdómurinn stafi af illum aðbúnaði og kulda í skólanum.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 12.11.1880

Rev. sire Halldór Briem. Elskulegi kæri sonur minn.

Mamma biður hjartanlegust að heilsa þér og unnustu þinni og þökkum ykkur ástúðlega fyrir myndina hennar, og lítst okkur mjög vel á hana og öllum sem hafa sjeð hana, það gleður okkur mjög, að hún er þjer til yndis og ánægju í einstæðingskap þínum þar vestra, og satt mun það vera, að þú mundir ekki una vel sumu hérna eptir dvöl þina þar vestra, og þó mömmu hafi ekki sagt vel hugur um Nýa Ísland, þá megum við þó telja því það til gildis, að þú fannst þar yndið þitt, en vænt þykir mömmu um, að þú farir þaðan, en ekkert hefur hún á móti því að þú sért eða jafnvel ílengjist í Ameríku annarstaðar.

Þegar eg hitti séra Jón Bjarnason í sumar og konu hans, þá var eg í annríki að afgreiða einhver erindi með póstskipinu og þarámeðal að leita að tollskyldum til Sauðárkróks og reikna út toll af þeim etc. svo eg gat svo sem ekkert talað við hann en mér leitst vel á þau bæði, hann er nú settur prestur á Austulandi, að öðru leyti hefur hann ekkert látið til sín heyra, svo jeg hafi heyrt eða séð nema eina blaðagrein um dráttflekaferjur, sem

[1] *Sigurður Stefánsson (1854-1924) lengst prestur í Vigur og alþingismaður. Þau Guðlaug giftust ekki.*

[2] *Guðlaug giftist aldrei.*

hann mælir með á Þjórsá, á Ölfusá útað dýru brúnum. 1876 var hér gerð brú á Gönguskarðsá sem varð hlé á, því menn höfðu þá mikinn varðkostnað og skaðabætur fyrir niðurskurð til að útrýma kláðanum, en nú er búið að gjöra góða brú yfir Kolbeinsdalsá, og á að gjöra aðra brú yfir Hjaltadalsá í vor. Það er rétt fyrir ofan Tungusporðinn milli Miklabæjar og Kross í Óslandshlíð, liggur vegurinn á þeim út og upp frá Brimnesi. Einnig er búið að panta við til brúar yfir Valagilsá til að aka honum þangað að vetri 1881-82. Þetta er kostað að hálfu af vegasjóði sýslunnar og að hálfu af samskotum manna eftir niðurjöfnun milli hreppanna og svo fengum við 1500 kr. lán af landsjóði. Eg ferðaðist norður í Eyjafjörð í sumar, þar voru mikil mannvirki í Staðarbyggðarmýrum með skurðum og görðum og er þar engjabót mikil.

Frederikke skrifaði mér þá norður með ferð sem varð rétt á eptir mér, og skoraði á mig að láta taka af mér mynd og gerði eg það, bakarakona Schjöth tekur myndirnar og sendi eg þér eina. Eg var nýbúinn að láta skera hár og skegg, svo hvorttveggja nokkuð stuttaralegt á myndinni. 30. ágúst útnefndi konungur mig til riddara og sendi mér kross mikinn. Mér þykir dálítið vænt um hann og hefur mér þó ekki áður þótt þessháttar neitt keppikefli.

Það er ekki von að þú værir búinn að heyra neitt um Möðruvallaskólann, embættin voru svo seint veitt, og menn gátu ekki sótt um hann og því síður fengið, en þá drifu menn að, það var ekki búið að reiða rúm nema handa 25 en þá fengu 33 inngöngu.

Eg held þú álítir það samt rétt, að það sé efasamt, hvort þú hefðir kunnað vel við þig þar, en hitt þykir mér ekki óeðlilegt að þú fengir það síður fyrir það, að þú varst í millitíðinni búinn að binda þig árlangt og ekki veit eg hver hefði fengist til að kenna í þinn stað, en hinsvegar bauð annar góður maður sig fram sem ráðgjafinn þekkti betur en þig.

Því er miður að kirkjuástandið hérna mun vera líkt því sem þú lýsir því, en eg vona það batni smámsaman, því meiri hlutinn af hinum ungu prestum held eg sé ágætir menn t.d. séra Einar Jónsson á Felli og séra Zophonías, þó "útslarkaðir svolar" læðist með einsog t.d. að sögn séra Einar Vigfússon, er fékk Hof í haust. Einn er kennari barnanna hérna í vetur Jónas Jónasson frá Tunguhálsi, ágætismaður er ætlar á prestaskólann í sumar.

Guð annist þig í bráð og lengd. Þinn elskandi faðir EBriem

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Seyðisfirði. 16.11.1880.

Elskulegi vin & bróðir.

Lýsir lífinu á gamla Ísl., þar sem allir sitja í sínum holum vitandi af engu nema sjálfum sér. Ekkert gerist hér nema hjá Norðmönnum er stunda síldveiði og gengur vel. Troðfullt af skipum í höfn. Búist við mörgum síldveiðifélögum næsta sumar. Má kaupa á góðu verði ýmisl. er annars fæst ekki. Nú búast þeir til heimfarar.

Farið nokkrum sinnum að Dvergasteini án þess að gæti orðið af messu enda kirkjurækni dauf. Búið að útvega ofn í kirkjuna. Fyrir tilstyrk Norðmanna vonast JB til að komið verði upp húsi á Seyðisfjarðaröldu til skólahalds og til að predika á norsku. Ekki verður kirkjugarðurinn á Dvergast. framar notaður, kirkjan of lítil og hálffallin. Fundinn nýr grafstaður. Þarf að koma upp nýrri kirkju en aðeins eru 800 kr. í sjóði. Hugur þeirra hjóna er vestan hafs og stefna þau að því að fara þangað aftur. Þó okkur þætti stundum dauft andlega lífið á Nýja Ísl. er það almennt betra en hér.

Sigurður E. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 26.11.1880

Elskulegi bróðir!

Breytingar á kennaraliði Lærða skólans, litlar breytingar á skólanum nema helst hjá Birni M. Olsen. Kennsla léleg, eiginlega aðeins yfirheyrslur. Benedikt Gröndal hlýðir yfir í 5-10 mín., steinþegir síðan; piltarnir fljúgast svo á (sérstakl. í 1. bekk) eða þvaðra sín á milli. H.E.B. væri menntamaður og gæti sjálfsagt sagt eitthvað fróðlegt. eða vakið áhuga. Eins með marga aðra kennara. Bækur; slæmar kennslubækur. Eiríkur kominn í Prestaskólann. Bú hans stendur enn fyrir norðan.

Matthías Jochumsson til Halldórs E. Briem. Rvík. 29.1.1880.

Elsku bróðir!

Óskar til hamingju með hjúskap og prestskap.

-- Þar er jeg líka ferðugur með mitt pólitíska steypuverk, eins og þú.

Spyr hann hvort honum falli prestskapurinn, sjálfur glaður yfir Oddanum. Seldi Kristj. Ó. Þorgrímssyni Þjóðólf.

-- bókasölumanni sem Árni fógeti[1] hefur uppskafið og hafið. --

[1] *Árni Thorsteinsson (1828-1907) landfógeti.*

Lét blaðið fyrir 800 kr., húsið fyrir 5.000 og hef 1-2.000 -til að styðja mig til bús.

-- Kiss your sweet darling.--

Rannveig Ólafsd. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Möðruvöllum. Nýja-Ísl. 12.12.1880.

Jeg þakka þjer kæri Halldór.

Ræðir slæma heilsu hans. Segir ekki furða eftir ferðir hans og áreynslu. Ræðir hugsanlega stöðu hans syðra. Segir hann vera eins og kennimenn eiga að vera, fögur fyrirmynd. Biður hann um vera hugrakkan. Segir fréttir af sjúklingum við fljótið. Torfhildur sendir kveðju.

Séra Jón Bjarnason til Halldórs E. Briem. Seyðisfirði. 15.12.1880.

Harðindi haldast. Segir frá messum á aðventu. Kom fyrir að þar voru fáir. Kallar fjörðinn:

-- prjónastokk. --

Þrátt fyrir illviðri koma menn sem óðast til brennivínskaupa fyrir jól. Samgöngur sama og engar, ekki hægt að koma bréfum að Valþjófsstað. Leiðist Sækir ekki héðan, þar sem hér sé ekki verra en annars staðar. --

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem.Khöfn. 28.12.1880.

-- Jeg óska þjer ástsamlega til hamingju með hjónaband þitt og að allt gangi þjer til blessunar á árinu sem nú fer að færast í hönd.

Það er fjarskalega langt síðan að jeg skrifaði þjer til, og jeg dauðskammast mín; það er um mig nú, eins og þegar jeg var lítill og hafði verið of lengi úti, þá var jeg svo smeikur, er jeg loksins kom inn, að jeg þorði varla að líta upp. Jeg held þú sjer nú orðinn reiður við mig, enda er það engin furða, en samt langar mig nú til að biðja þig að halda áfram að skrifa mjer um hagi ykkar í Ameríku, þín og konu þinnar og Íslendinga yfirhöfuð; jeg hef nú lofað mjer sjálfum, að skrifa þjer rækilegar en jeg hef gjört hingað til.

Heilsaðu konu þinni innilega frá mjer að þakkaðu henni fyrir myndina, ekki hef jeg enn látið taka af mjer mynd, en jeg gjöri það í febrúar og þá skal jeg senda mynd af mjer. Jeg fjekk mynd af pabba sem jeg átti að senda þjer, en af því að jeg líka vildi fá mynd af honum, þá ljet jeg taka eptir henni hjer og í dag fjekk jeg myndirnar og nú sendi jeg þjer eina af þeim. Myndirnar eru eigi góðar og er auðsjeð á þeim að pabbi hefur verið þreyttur og eigi vel fyrir kallaður.

Þú veist náttúrlega að pabbi fjekk riddarakross í haust um sama leyti sem Christjánsson amtmaður fjekk lausn frá embætti sínu. Nú er amtmannsembættið laust og er gjört ráð fyrir að taka það af, en þangað til verður að setja einhvern til þess að gegna því og hefur pabbi sótt um að verða settur; og er svo aftur til ætlast að Gunnlaugur verðir settur sýslumaður í Skagafirði þangað til sú sýsla verður veitt. Jeg vildi bara óska, að þetta gæti gengið í gegn, pabbi fengi þá miklu minna að starfa og næðissamara líf, en nú er hann orðinn þreittur og eigi eins til ferðalaga og hann áður hefur verið. Samt sagði einn af stúdentunum, sem kom heimanað í sumar, að pabbi væri eins kátur og ljettur í sjer og þegar hann sá hann fyrir þremur árum.

Jeg vona að þú hafir fengið kirkjusögu Hagenbachs í haust; jeg keypti hana á yfirboðsþingi eptir föðurbróður okkar séra Jóhann, hún kostaði 30.00 kr. Þetta ár hefur verið mikið sorgarár fyrir frændfólk okkar í Slangerup. Því í haust dó maður Sofíu og móðir hennar. Sofía bar sig nokkurn veginn eptir þetta, en hárin sem hafa hvítnað á höfði hennar bera ljóst merki þess, hve mikið það hefur tekið á hana. Hún kemur hingað til bæjarins að hausti og verður svo hjer að minnsta kosti meðan sonur henar er að læra lyfjafræði.

Þú veizt líklega að Kristjana Havstein kom hingað í haust og 3 af börnum hennar fyrir utan Hannes, hann kom í sumar og stúderar lög. Jeg ætla, að senda þjer kvæði, sem hann orti til Þorláksmessugildis er haldið var meðal Íslendinga fyrir skömmu. Þú hefur líklega áður tekið eptir kvæðinu "Ástu", sem stóð neðanmáls í Þjóðólfi í fyrra. Það var eptir Hannes. Sofía, dóttir Kristjönu, er alllagleg og sköruleg stúlka, og öll eru börnin myndarleg. Jeg hef verið nokkrum sinnum niðri hjá Tryggva Gunnarssyni og hef skemmt mjer allvel.

Eiríkur heldu fyrirlestra í heimspekinni, hann hefur helzt í hyggju að sníða sig eptir enskum heimspekingum. Nú í vetur tekur hann sögu heimspekinnar og les um hana. Hann ætlar bráðlega að gefa út sálarfræði til þess að hann þurfi eigi að diktera eins mikið. Hann skrifaði mjer seinast að hann hefði mikið gaman af að gefa sig við pólitík, en væri of mikill friðsemdarmaður til þess að agítera fyrir sínu máli svo að hann vildi eigi hafa pólitíkina nema sem olbogabarn sitt, en að hann vildi gefa sig við sögu og reyna að skrifa Íslandssögu, helzt á frelsisöldinni. Hann hefur í huga að kaupa Landakot, ef Frakkar vilja selja, en enn er það óvíst. Guðrún kona hans situr norður á Steinnesi og er þetta annar veturinn sem hún annast búið einsömul.

Jón Ólafsson kom hingað í haust og ætlar hann að lesa dönsk lög og reyna á sínum tíma að fá eitthvert embætti heima, helzt málafærslumannsembættið í Reykjavík. Alveg er Jón hinn sami og hann áður hefur verið; talar frítt það sem honum býr í brjóst og hirðir eigi um þó hinir skiptlærðu og höfðingjar lýðsins hneikslist á sjer. Fyrir skömmu hjelt hann ræðu í Íslendingafjelagi og talaði um sannleikann; fór hann þar mörgum þungum orðum um presta yfirhöfuð í heiminum bæði kristna og heiðna; risu þá allmargir og mæltu á móti Jóni og fjekk hann engan liðsmann, nema gamla Magnús Eiríksson.

Guðmundur Þorláksson hefur það allgott hjer. Hann er eins og þú veizt stipendiarius-Arnamagneanus. Wimmer háskólakennari kallaði Guðm. fyrir sig í haust og bauð honum að lesa yfir ritgjörðir hjá honum og les Guðm. nú af kappi og tekur hann svo líklega próf í vor ef allt fer með felldu.

Guðmundur Hjaltason kemur eigi mikið í tæri við Íslendinga, en hann fer um öll Norðurlönd og heldur fyrirlestra um Ísland. Í fyrra var hann á Jótlandi og í haust höfðu öll blöðin referat af fyrirlestri, er hann hjelt í Stokkhólmi.[1]

Líf landa hjer í Höfn er mjög atburðasnautt, menn eru heldur reglusamir eptir því sem Íslendingar eru vanir að vera. Þó er allmikið slarkað og mjög ljettúðugt líf hjer en þegar sumra trú er, að lífið sje eigi til annars betra en að skemmta sjer, þá er eigi von að vel fari. Samt sem áður eru menn þó hræsnarar í trúarmálum. þó að svona lítil bönd sjeu á mönnum.

Sá eini maður, sem hjer er og jeg hef talað við og hefur brennandi trú er Magnús Eiríksson, en hann hefur hana eigi rjetta. Segðu mjer hvað þú segir um, hvort trú og heimspeki geti samrýmst; jeg tala um trú á þeim guði, sem biblían talar um. Rasmus Nielsen t.d. er trúmaður, en þó er hann ákaflega harðorður um alla dogmatík og presta.

Það eru farnar að eflast þær skoðanir hjá mönnum, að kirkjan heima eigi að skiljast frá ríkisvaldinu. Í blöðunum hefur verið allmikið rætt um það og í haust hafa menn í Garpsdal vestra neitað að taka á móti prestinum. Ólafur prófastur á Stað á Reykjanesi á eptir nýjum lögum að þjóna þar, en þegar hann kom að messu í fyrsta sinn, komu 5 bændur og fengu honum skjal undirskrifað af flestum bændum í sókninni og var honum bönnuð messa af því að bændur vildu enga valdboðna presta, svo skrifuðu hvorirtvegga suður og lengra var málið eigi komið.

Skip fer heim 15. janúar, svo sem í fyrra. Mjer líður vel. Líði þjer jafnan sem best. Gleðilegt nýjár. --

Tryggvi Gunnarsson til Halldórs E. Briem. Khöfn. 30.12.1880.

Elskaði frændi.

> *Óskar HB til hamingju með giftinguna. Fréttir og viðsk. Hitti Eggert föður H.E.B. á Ak.; var frískur. Ánægður með að Eiríkur og Valdimar (frændurnir) séu komnir á þing. Segir af dvöl Kristjönu systur sinnar hjá sér í Khöfn með þrem börnum. Henni veitti ekki af hvíld, orðin þreytt á Laugal.*

-- E(eggert) bróðir hamast eins og galinn maður í verzlunarsökum og ferðalagi, svo mér blöskrar, sem ekki blöskrar allt.--

Halldór E. Briem til Susie Briem. p.t. Drunken River. 31.12.1880.

> *Segir frá brúðkaupi. Svo fer hann til Breiðavík og síðan til River og Big Island. Kemur heim eftir tvær vikur.*

[1] *Guðmundur Hjaltason (1853-1919) frá Ásbjarnarstöðum í Stafholtstungum. Nám í lýðháskólum í Noregi og Danmörku; kenndi forníslensku og flutti fyrirlestra um Íslandssögu. Fór 1903 aftur til Noregs, Danmerkur, Englands og víðar. Hélt alþýðuskóla í Eyjafirði og var farkennari. Kom aftur 1909, átti heima í Hafnarfirði, ferðaðist um og flutti erindi fyrir ungmennafélög o.fl. Gaf út kvæðabækur og skrifaði fjölda greina í íslensk og erlend tímarit. Þá hefur sjálfsævisaga hans verið gefin út.*
Gott var að rekast á nafn G.H., hafandi heyrt það unglingur; en aldrei aftur, þar til nú, 2017, er ég rakst á það í bréfi afa míns, og sá að hér var sannur merkismaður á ferð. Fór ég upp á Landsbókasafn, leit á sjálfsævisögu hans og fékk staðfestingu á að hér var merkismaður á ferð. Synd að ekki hafi verið fjallað um hann, svo ég viti.

1881

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Gimli. 1.1.1881.

Segir fjölskyldufréttir, hefur fengið harmóníum til að æfa sig á.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 14.1.1881.

Í undanförnum bréfum, sem og þessu og mörgum síðar, ræðir Páll um Jónas nokkurn sem hefur verið á sjúkrahúsum, m.a. geðsjúkrahúsi. Er Páll að gera upp reikninga vegna þessa, væntanlega fyrir hönd sýslumannsins föður síns. Ræðir líka um peningasamskipti föður hans við Popp kaupmann og Tryggva Gunnarsson vegna ávísanaskuldar. Segir frá samskiptum sínum við Vilhjálm Finsen og ráð hans varðandi embætti E.G.B.

Sigríður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Reynistað. 11.1.1881.

Ræðir skókaup sem hann ekki annaðist

-- en það gerði aldeilis ekkert til því ég held að ég hafi lengur beðið en svo skamma stund; ég er alltaf við þetta sama í fætinum, mér versnar ekki og mér batnar ekki heldur.

Nú er Halldór bróðir giftur og er það hart aðgöngu að geta ekki verið í brullaupi systkina sinna; verður þú að varast að fara svona að ráði þínu; ég tek svo til að þú skyldir verða forlyftur, þá verður þú endilega að gera mér aðvart til þess að ég geti búið mig undir að sigla. Ég veit ekki hvernig það er, nýlega er farin að hreyfa sér hjá mér áköf löngun til að sigla, en bæði af því að ég hvorki sé neina ástæðu til þess og svo líka held ég að ég hafi lítið að gera til útlanda núna fyrst um sinn, því reyni ég að kæfa hana niður. Næst þegar þú skrifar mér þá segðu mér hvor búningur þér líkar betur við, kjólarnir með öllu sínu útflúri eða vor einfaldi húfubúningur sem er ávallt eins.

Á annan í jólum fórum við mörg héðan út á Sauðárkrók og var það heilmikið rall og var boðið þar úr húsunum og var dansað í ákefð en ég sat hjá og horði á; ég segi fyrir mig að ég hef 1000 sinnum meira gaman af þegar sungið er heldur en dansað. Það hefur verið leiðaveðrið á degi hverjum hér í vetur, nú fyrst er það heldur að batna; fannkoma hefur verið allur fjarski, þetta 15-16 gráður, frostið til dæmis þegar við fórum úteftir þá var 20 gráðu frost og svo í þrjá daga þar á eftir einlægar hríðar og með öllu ófært veður til heimferðar og loks þegar þau lögðu af stað þurftu þeir sem fremstir voru að ganga meira en helming af leiðinni og hinir líka svolítið. Ég varð eftir útfrá og kom fyrst heim í gær.

Litlu börnin eru eins og vant er kát og skemmtileg og er Stínu systur mikil gleði að þeim. Hún er alltaf við góða heilsu, enda veitir henni nú ekki af, því stúlkur hennar eru ósköp ófullkomnar, en nógu eru þær margar, þrjár í hóp; ekki gengur betur með húshaldið þar en heima stundum. --

Kristjana Havstein skrifar Ingibjörgu E. Briem. Khöfn, 14.1.1881.

Elskulega besta systir! Jeg óska ykkur vina og frændfólki mínu góðs og gleðilegs nýbyrjaða ársins. Kærlega þakka jeg þjer tilskrifið síðast, sem gladdi mig með góðum frjettum af vellíðan ykkar; sama get jeg sagt þjer af okkur hjerna, við erum öll heilbrigð, lof sje Guði. Börnin mín eru nokkurnvegin frísk orðin í augunum, Gunnar er farinn að ganga í drengjaskóla en Jóhanna lærir sitthvað heima hjá okkur og ensku(?) hjá frú Steffensen, hún starfar líka dálítið í húsinu, þær stúlkurnar Valgerður, fósturdóttir Tr. bróðir míns, Sofía og hún hafa sína vikuna hvor við hreingjörning og að láta á borðið, við höfum 5 herbergi fyrir utan búr og eldhús, borðum Íslendskan mat heima kvölds og morgna, en tökum optar miðdegismat úti, sem við fáum heimfluttann; okkur finst það ekki dírara; við tökum 5 skammta, hvern á 50 aura sem er nóg handa 9.

Þorsteinn frá Bægisá er hjer hjá Tr. br. og Hannes minn borðar hjá okkur miðdegismat sem jeg borga sjerstaklega; að öðru leiti höfum við allt frítt hjá honum, fæði og hús, nema hvað jeg bjó mig með dálítinn forða að heiman, kennslutíma Sofíu borgar hann líka alveg ásamt með Valgerðar fósturdóttir sinnar, í ensku, kunst-brodering, teikning, söng og dansi, svo á nú að koma með vorinu strauning, fatasaumur og matreiðsla. Tryggvi br. hefur boðið henni að vera næsta vetur sem hún vill gjarnan, og jeg líka fyrir hennar hönd ef hún gæti lært sjer eitthvað. Að sumrinu til fæ jeg handa henni stað; annað hvort útá landinu hjá góðu fólki eða inní bænum, að vetri verður hún líklega ásamt Valg. hjer hjá bróður mínum; stúlku hefur hann tekið okkur til hjálpar og til að halda hreinu húsinu sem hann borgar eptir 900 kr. líka hefur hann að nokkru leiti gefið okkur fatnað.

Þetta eru miklar gjafir eptir því sem allt er hjer dírt til fata og matar, og hvaðeina smávegis sem kaupa þarf, svo

eptirlaun mín ganga líka til að kosta kennslu barnanna hinna og kaupa fatnað handa okkur, sem jeg gjöri þó sem minnst; samt dreg jeg dálítið til meira sem jeg kaupi mjer húsbúnað fyrir áður jeg fer heim í vor, sem verður annað hvort seint eða snemma í maí. Til norðurlandsins á póstskipið að leggja á stað 4. maí, en til suðurlandsins 28, sm. Mig langar til að koma við í Reykjavík og líka að koma til norðurlandsins sem fyrst, jeg veit ekki hvort jeg gjöri, en mikið finnst mjer jeg hafa fengið ljósari hugmind um hvað dírt er að lifa í Reykjavík eptir að hafa verið hjer, sem hlítur að vera líkt, svo óráð held jeg það væri að hugsa mjer að geta lifað þar með svo marga sem jeg hefi að annast um, þó líka sje dírt að lifa búlaus í sveitinni og kosta pilta í skóla, eins og nú er helst í ráðagjörðinni.

Það gleður mig að ykkur líkar við Marinó minn, og honum gengur bærilega að læra. Jeg bað þig minnir mig um að láta búa Marinó til föt til suðurferðarinnar, ef hann verður til hennar fær, en jeg held betra sje að kaupa hjer handa honum tilbúin föt, og senda þau heim með fyrstu ferð eða koma með þau, og það ætla jeg að gjöra; en ferð hans bið jeg ykkur að hugsa um suður ef jeg verð ekki komin norður.

Mjer hefur þókt vænt um að sjá hjer Pál son þinn glaðann og heilbrigðann; hann kemur hjer stundum þó ekki eins opt og jeg vildi.

Bréfið er búið og fréttalaust; aðrir gjöra betur. Veturinn er hjer góður, frost og snjólaus enn sem komið er; samt finnst mjer ekki skemmtilegra enn heima. Jeg kem heldur lítið út, þó hefi jeg nokkrum sinnum verið í heimboði hjá kunningjum Tryggva bróðir og með honum. Til Claessens langar mig að koma einhverntíma.

Heilsaðu nú sem allra best elskulega systir! manninum þínum góða og börnunum þínum frá mjer og mínum hjerna. Drottinn annist ykkur ætíð. --

Gjörðu svo vel að sjá um að Marinó sendi mjer lígsatttesti sitt með næsta brjefi eður næsta pósti. Guð annist ykkur öll. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 15.1.1881.

Bætir við fyrra bréf m.a. um nám sitt og minningarmark á gröf Jóns Sigurðssonar.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Möðruvöllum. 26.1.1881

Ferð í óveðri til Laufhóls í Árnesbyggð, þaðan til Drunken river. Svo komst hann til Jónassonar í Sandy Bar. Skrifaði bréf, ekki þó til Matthíasar:

...but you could as well write to him and send him yourself that kiss he asked me to send him for "ljúfunni litlu"...

Ætlar að setja skóla. Vonast til að fá vinnu í sögunarverksm. Ró komin yfir fólk, virðist ekki ætla að flytjast brott í vor. Reiknar ekki með að það dveljist hér áfram; nema Sigtryggur og Jóhann Briem.

Susie Briem skrifar Halldóri Briem. Gimli. 29.1.1881.

Er leið eftir að hann fór frá henni. Segir frænda sinn á leið til St. Andrews sem hann býst við að kaupa og að SB komi með þeim. Fleiri eru að flytja og vilja að hún komi með, en það kýs hún ekki. Almennar fréttir, spyr hvort mrs. (Torfhildur) Hólm hafi fallið gjöfin og hvort hún sé að reyna við nýja skálds. Skrifaði móður HB og Matthíasi.

Susie Briem skrifar Halldóri Briem. Bayview. 4.2.1881.

Svarar HB:

If it wasn´t good for a man til live alone, it wan´t be good for women either.

Dreymdi hann; er mjög einmana að vera aðskilin honum. Biður hann að segja ekki Torfhildi frá því.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Engimýri? 5.2.1881.

Nefnir að S. komi til sín þótt húsið sé lítið. Segist hafa svo mikið að gera að ekki sé tími til einmanaleika. Virðist kenna 20 börnum auk annara starfa. Ræðir trúmálarit frá Mr. Hammond. Langar að gefa út ísl. sálmabók því sálmabókin er uppseld og langt í að sálmabókarnefndin komi nýrri út. Hefur heyrt að bókin verði ónothæf vegna leiðinlegs sálmavals og slaks kveðskapar.

Susie Briem skrfar Halldóri E. Briem. Bayview. 8.2.1881.

Segir frá einangrun í vetrarveðrinu, skrifar kafla í bréfinu á góðri ísl. Segir þetta í fyrsta sinn sem hún hafi skrifað á málinu.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Engimýri? 14.2.1881.

Ræðir snjókomu sem menn ráða ekki við. En spyr hvers vegna þær Carrie hafi ekki beðið Jón og Þórð um að moka frá dyrunum, þó ekki væri nema út að þvottasnúrum. Biður hana senda sér stól, en bóndinn á engan. Biður einnig um hengilás. HB ætlar til Big Island til að kveðja fólkið. Svo ætlar hann að ferma börn og svo fara þau saman að Gimli. Segir hana orðna góða í íslensku og geti senn skrifað móður hans.

Séra Jón Bjarnason til Halldórs E. Briem. Seyðisfirði. 14.2.1881.

Segir af líðan og kaupinu 700 kr. sem er vart hægt að lifa á í þurrabúð. Mikil illviðratíð, frosthörkur, allir firðir lokaðir af hafís og lagís, snjór fyrir innan. Stefnt að prestafundi, en hætt við að það lognist út af í þessari tíð. Vonar að HB komist að í Minnesota.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Bayview. 15.2.1881.

Skrifar upphafið á ísl.

Sigurður ókominn, er hann kemur ætlar hún til Jóa frænda í Gimli. Þær systur hafa verið að reyna að lesa ísl. kvæðabækur sem þær skildu allvel. Hlægilegt kvæði eftir Jón Ólafsson (f. 1850) um hann sjálfan --

-- and died when he was done living.

Spyr hvort hann geti útvegað Snót[1] *frá Ísl. því systir hennar vilji gefa Sigurði Christopherson hana.*

Lára Pétursd. Guðjohnsen Bjarnason skrifar Susie Briem. Seyðisfirði. 15.2.1881.

Dear Mrs. Briem!

Bréfið er í léttum tón, skrifað á ensku. Segist gift, með tvær stúlkur í fóstri, kennari, gift kennara, er við kennslu 10 barna og er skólastofan eldhús þeirra hjóna.

Susie Briem skrifar Halldóri Briem. Bayview. 21.2.1881.

Íslendingur, Jónas, er í heimsókn og gistir hjá þeim; þær systur verða af kurteisisástæðum að tala ísl. Segir frá heimsóknum og hugsunum fólksins.

23.7. Sigurður Christopherson kominn, segir leigu háa í Winnipeg og erfitt að fá húsnæði. Barnaskólinn stendur ekki undir sér. Sigurður hélt ræður í W. og sagði sína ræðu hafa verið besta!!

Haldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Sandy Bar. 26.2.1881.

Er að kveðja fólkið, tók suma til altaris. Lýsir samskiptum fólks ásamt ánægju hans að kenna börnum.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Eyrarbakka, Breiðuvík? 26.2.1881

Hafði komið þá um daginn til að kveðja og taka fólk til altaris. Ræðir fólk og fréttir frá Gimli

Sigríður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Reynistað. 29.2.1881.

-- Þessar fáu línur skrifa ég þér með Óla frænda[2] sem nú hefur í hyggju að fá sér skemmtun og leita sér frama í kóngsins Kaupmannahöfn og er það mjög heppilegt af honum að skoða sig um hjá ykkur fyrir peninga þá sem hann hefur sparað sér saman með húsasmíðum sínum.

Nú hafa drengirnir verið úti á skautum og koma nú inn, mjög kaldir. Það hefur verið tækifæri til þess í vetur þar sem alltaf hefur verið gaddur yfir allt og hefur það verið tilfinnanlegt fyrir bændurna í sveitunum sem eru í miklum heyvandræðum fyrir skepnurnar sínar. Því miður hafa þeir ætlað of mjög uppá útibeit sem þeim hefur svo algjörlega brugðist og mundi nú margur hafa óskað sér að hafa selt meira af þessum hrossafjölda sem alls staðar er; - en nú er komin nóg jörð og er betra í efni --

Nú er líka orðið fóðurkornslaust í verslununum. -- Faðir SEB er ekki góður til heilsunnar, á bágt með ferðalög, en Ólafur sonur hans er hans hægri hönd, umfram allt með skriftir.--

Eggert Gunnarsson kom hér um daginn og þótti honum slæmt að mega koma heim við svo búið og hafa ekki svo mikið sem seðil frá ykkur með. Það er þó óttalegt að vita að þetta skyldi koma fyrir með skipið og pósturinn að fara í sjóinn og mennirnir svo aumlega ásigkomnir að helst leit út fyrir að það þyrfti að taka af þeim fæturna. -- Ég hlakka mjög til þegar þú kemur að utan --

[1] *Snót, vinsælt kvæðasafn sem Gísli Magnússon gaf út í nokkrum útgáfum 1850-1877. Sennilega er átt við síðustu útgáfuna á Akureyri 1877.*

[2] *Ólafur Ólafsson Briem (1853-1930) frá Grund, trésmiður, þá væntanl. á Sauðárkróki.*

Hér eru menn farnir að feta sig upp á við í mörgu og hefur margt komist á síðan þú fórst sem til framfara horfir. Er nú fastákveðið að koma skuli upp búnaðarskóla fyrir báðar sýslurnar í sameiningu -- þessa sýslu og Húnavatnssýslu og er talað um að kaupa Hóla til þess að hressa þá dálítið úr rústum sínum --

Nú er Eiríkur bróðir fyrir sunnan að kenna og hefur Guðrún kona hans staðið fyrir búinu; hún hefur nú enn á ný misst eitt af börnunum sínum, Gísla litla. Það er hryggilegt fyrir hana að missa þau svona hvað ofaní samt og held ég hún hafi borist enn verr af nú en í fyrri skipti af því að bæði var hann stálpaðri og svo líka bar hann föðurnafn hennar. --

Nú kom Þorvaldur Arason og er hann að tala um kvennaskólann ásamt öðrum fleiri. Það er fastákveðið að byggja fyrir hann næstkomandi vetur á Vallholti, en næsta vetur verður hann á Flugumýri. Hér er verið að tala um að stofna barnaskóla á Sauðárkróki og er það gott fyrir Claessen og Stínu ef þau ílengjast þar. Hefur verið ríflega gefið til hans af einstökum mönnum þar í kring; sérílagi er það Stefán frá Heiði sem hefur verið ríflegastur. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri Briem. Reynistað. 5.3.1881.

Ekkert bréf kom v. strands, en mannbjörg varð. Vonar að hjúskapur hafi góð áhrif á HB þó hann hafi lítið handa milli. Skuld Tryggva Jónassonar við sig vill hann að gangi til HB. Ræðir bókaútgáfu og prentun. Spyr um Manfreð og hvort HB hafi átt hlut í honum. Erfið tíð og harðindi. Vandræði víða með hey, þó ekki á Reynistað. Erfiðleikar með eldivið og reynt að kynda með dýrum steinkolum. Búið að slátra stóra bola og nú lifa menn á baunum, bolaspaði og steikum. Hugsar sér að draga saman búskap. Erfiðleikar með hjú og vart hægt að fá fólk sem trúandi er til neins.

En mikill áhugi er á menntun. Ræðir skólahald á Möðruvöllum og búnaðarskóla sem áætlaðir eru. Hugsanl. að fá Hóla til skólastaðar.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Engimýri. 5.3.1881.

Dearest wife.

Ætlar að ferma tólf börn, þroskuð og hæf. Ekki er hann þó alveg ánægður, en felur þau í guðs hönd.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 14.3.1881.

Ræðir bréfasendingu, hugsanlegt slys póstskips. Páll hafði send ýmislegt og tryggt, en samt virðist hann hafa orðið fyrir tjóni. Segir fréttir úr bréfi Halldórs um áskorun Íslendinga vestra um að hann gerðist prestur þeirra. --

Frændfólki okkar, Tryggva og þeim Kristjönu, líður bærilega; ég var þar nýlega og hafði þar einkar skemmtilegt kvöld. Ég kem líka oft út til Claessens og sit þar flesta sunnudaga og spila *l'hombre* með bræðrunum. --

Ákaflega harður vetur, Eyrarsund frosið og hafnbann. Hefur í vetur verið heilsubetri en veturinn á undan. Prófessorar hafa orðið fyrir ákúrum fyrir að láta stúdenta skrifa eftir sér og hafa orðið að láta prenta bækur eftir sig, sem eru dýrar.

Vilhjálmur Finsen stakk upp á að Eggert sækti um amtmannsembættið --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn, 23.3.1881.

-- Jeg þakka þjer brjef dags. 5. febr. mjög vel og óska þjer til hamingju með nýja prestembættið og að þú fáir stutt Íslendinga til framfara og manndáðar. Hvað heldur þú um Framfara, hvort hann muni nokkurntíma vakna upp aptur. En væri eigi ráð að reyna að koma einhverju blaði á fót aptur. Blað, sem eigi væri nema 12 númer á ári, væri miklu betra, en ekki. Ef þú gæfir út eigi stærra blað, þyrfti það eigi að taka mikinn tíma upp fyrir þér, og þar sem þú ert nú, ættu enskir prentarar að geta prentað blaðið og fá sjer þá stafi sem nauðynlegir eru til uppfyllingar íslenska stafrófinu. Ef blaðið stenzt eigi kostnaðinn þá verður það aldrei mikill skaði á svo litlu. En eitt þarf að vera, þú verður að vera alveg einráður yfir blaðinu, svo að þú getir haldið því í þínum anda og spornað við þessum leiðu aðsendu skammagreinum; ennfremur er nauðsynlegt að borga blaðið fyrirfram og því þarf að prenta prófnúmer af blaðinu og senda það ókeypis út um heiminn víða og láta menn svo senda andvirðið strax.

Það er auðvitað að þú færð líklega eigi eins marga kaupendur, en hitt er þá og víst, að hverju þú átt að ganga. Jeg held að blað sem eigi væri stærra en *Máni* hlyti að geta staðizt, því að það er einmitt fátækt fólk sem veldur því, að það vill eigi kaupa stærri blöðin.

Jeg hef verið hjá prenturum og þykir mjer bezt að eiga við Müller, og býður hann þessa kosti: að prenta 16 síður af jafn stórri bók og Manfreð kostar 13 kr. Altsvo kostar að prenta 400 síður 325 kr. Ef vel er gjört fyrir pappír fara í bókina 13 rís (16 síður -1/4 ark.) af Manfreds pappír (Nr.2) kostar rísið 21 kr.20a., altsvo

pappírinn allur sem fer til hennar 275.60 af númer 2, sem jeg sendi þjer, kostar rísið 10.60. altsvo allur pappírinn 137 kr. 80 a., af Nr. 3 kostar rísið 9 kr. 60 altsvo allur p. 124 kr 80 a.

Jeg sendi þjer með Skuld nr. 2 og held jeg að þú munir taka þá tegundina. Það eru eigi til fleiri tegundir af þessari stærð, sem Manfreð hefur. Prófarkalestur mun kosta um 50 kr. Müller er góður að lesa handrit.

Jeg held að ekkert sje því til hindrunar, að þú látir prenta þitt sálmasafn og seljir á Ísland, en ef þú aðeins hefur leyfi núlifandi höfunda til þess að prenta sálma þeirra. Bezt væri samt að semja við Einar prentara, ef bráðlega verður farið að prenta nýju sálmabókina, áður hann fer að prenta, að fá hjá honum svo sem 800 ex.pl. fyrir 3 til 400 kr., er þú svo skuldbindur þig til aðeins að selja í Ameríku.

Ef pabbi sækir um amtmannsembættið og það verði eigi lagt niður, þá get jeg eigi öðru trúað, en að hann fái það fremur en nokkur annar. Um sýslumenn á norðurlandi er eigi að tala um annan fremur en hann og að taka Júlíus Hafstein fram yfir hann væri hið mesta ranglæti, þegar Júlíus hefur eigi einu sinni 1. karakter og er óreyndur í embætti.

Tryggvi biður að heilsa þjer og biður þig í öllum bænum að senda sjer lista yfir þá menn, er hann bað þig að borga.

Jeg býst eigi við að þú hafir fengið nein brjef frá Íslandi. Þaðan eru eigi góðar fréttir að heyra; getur þú sjeð atvikin við strand Fönix og tíðarfarið heima af úrklippingum, sem jeg sendi þjer.

Jeg fjekk ekkert brjef að heiman, eða úr Reykjavík, en jeg hef þó heyrt að þar líður bærilega. Síra Sveinn Níelsson er dáinn og Jósef Blöndal. Jón ritari hefur verið mjög duglegur í laxamálinu og sýnt að Thomsen á veiði í Elliðaánum skammt upp fyrir Ártún, en bændur þar fyrir ofan, alt svo má Thomsen eigi þvergirða árnar.

Eiríkur bróðir hefur skrifað kritík á reikningbók Þórðar Thoroddsen og redúserað hana *in absurdum*. Póstskipið fór fyrst í morgun; vegna ísa hefur það eigi komizt fyrri. Jeg er eigi upplagður til þess að skrifa meira og kveð þig því að sinni. Heilsaðu konu þinni kærlega. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Viðey. 8.4.1881.

> *Þakkar bréf og segir frá hörmulegu strandi Phönix þar sem ekkert bjargaðist en nú farið að reka. -- Segir frá heyskorti og fiskileysi. Því er hætt við að bændur standi ekki í skilum við Eggert Gunnarsson.*
>
> *Ball verður í skólanum og því kaus hann heldur að fara út í eyna. -- Segir frá því að Eiríkur bróðir þeirra hafi verið að fara norður þar sem kona hans liggur veik eftir barnsburð. Hann kemur aftur í vor.*

Við sjáum mikið eftir honum við skólann úr guðfræðikennslunni sem hann tók við eftir að Steingrímur var rekinn frá fyrir drykkjuskap; féll piltum miklu betur við hann. --

Í miðsvetrarprófinu var flóð í bænum svo mikið að það var jafnt og þétt í mitt læri og stundum dýpra frá kirkjunni og ofan til maddömu Möller og var það harðsóttur miðdegisverður; henni þótti við ekki vera þrifalegir til fara þegar við komum inn svona rennandi. --

Laufey Bjarnardóttir[1] skrifar Valgerði E. Briem. Laufási. Apríl. 1881.

-- Leitt er að vita ekkert um Akureyri. -- Að líkindum fær einhver landshöfðingjafrændinn það hnoss; landshöfðingi tildraði honum svo til í fyrra, þegar tveir, honum betri, var neitað um kennslu við skólann. Í vetur hefur Steingrímur þessi drukkið svo, að hann hefur ekki getað komist skammarlaust frá tímakennslunni. --

Mikið gengur á með mormónskuna í Vík. Þið hafið líklega séð nýja ágæta bæklinginn hans séra Helga Hálfdánarsonar um mormónavillurnar. --

Matthías Jochumsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 9.4.1881.

Elskulegasti bróðir!

> *Ræðir fjörlega um hjónab. og konu HB. Segir frá starfi sínu og erfiðum vetri í bænum; Þjóðólfi og ritstj. Egilsen´s. Feginn að þau ætli suður til Minnesota.*--

Matthías Jochumsson skrifar Susie Briem. Rvík. 9.4. 1881.'

Mrs. Briem. Dear sister!

My very best thanks for the charming letter you sent to me, as my dear brother's better half; together with the excellent book - a very choice present indeed - and, last not least, the sweet mark that was inclosed, the "*minning*", the pearl of life, the vital germ, and centre of soul and sympathy! The book coming first to hand, I gazed at the adress wondering who she might be that sent me a *minning* from the far west, recognising at once

[1] *Laufey Björnsdóttir (1857-1881). Dó 17. nóv. 1881.*

the femal writing, then I got the clue. How flattered I felt being of course a little vain, as little poets and great women are said to be, but as to the immediate payment I must draw "somebody else" to help me and feel sure he will; do not believe however I am the least inclined to renounce the given privilege of correspondance. No I shall continue it so long you endure accepting and reading what I write. How wonderful are the ways of fate - no: of providence: how could Haldor find you? How interesting this life is, full of wonders as Iceland, full of power and possibilities as America! How natural though every living being tremble with hopes and high aspirations! And the all-gracious all-living Father keeping such watch and counting our hairs from behind the stage.

I doupt not my friend has already taught you Icelandic enough to understand and enjoy our lyrics and I shall be bold enough by and by to send you some poor forgetments from my own little homefield, but as it is the custom with you the lady has the privilege of beginning, I expect you to begin. This dull and dreary winter has been almost as sterile in spiritual sense as in material or physiscs, and too little, too much shut out from the world at large, the literary market and competitive to be any more capable of producing any scientific or literary greatness, the drama f. ex. can never thrive in a little country, neither can art on the whole with exception of some certain branches of peculiarities akin with it. Greece was a little land, but a great people settled in the very central part of the old culture world, the ancient island was very much better situated or conditioned than the modern is, because of its then being the centre of North-European civilisation. Now it is left far behind and the chief couse is its isolation. All this you understand of course, but I want to make a little apology before venturing to speak to you of scandic *(?)* art & poetry. One artistic legacy we have inheritted from our great ancestors, a classical style of which the least saga and song from every one of our better rhymer or writer will convince you. Our lyrics is our best literary branch and perhaps the only one worth to be better known and studied by the world abroad as well, this with - this must do for this time. Ah, what a wretched piece of paper this letter is! Will you pardon me? My own brothers sweet Canadian wife, pardon me!

May God bless and prosper you in your new sphere! But I am at a loss to know how to adress this letter, I think I must adress it Gimli.

We are to remove for Oddi at the end of May; as soon as we have settled there I will write again and, as I hope, a better specimen of letter. My wife's and four children's love for you and Briem.

Most sincerely yours Matth. Jochumsson.

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 10.4.1881

Steingr. Johnsen var rekinn frá skóla v. drykkju. Eiríkur bróðir þeirra fenginn hans í stað, kemur sér vel, en var kallaður norður að Steinnesi v. veikinda konu sinnar eftir barnsburð. Kuldi á landinu, skiptapar og fjárfellir. Vart hægt að koma pósti yfir Holtavörðuh. Segir Ólaf Ólafss. Briem kominn suður, ætli í siglingu til Bielefeldt að hitta frændfólk þar.--

Torfhildur Hólm skrifar Halldóri Briem. Möðruvöllum (N-Ísl.) 10.4.1881

Þakkar bréf og gjöf sem því fylgdi., og hún ætlar að eiga í minningu hans. Segir hann þann fyrsta sem hafi

--viðurkennt mína lítilfjörlegu "*forfatter*" hæfileika, guð gæfi að von yðar rættist, ekki er guði um megn að skerpa og auka mér anda, því á engum gáfusnillingum veraldarinnar er hann búinn að oftaka sig.

Ræðir heilsuleysi Susie. Segir það draga úr bágindum hennar hvað hann sé elskulegur og nákvæmur maki, hún honum góð kona og þar að auki menntuð og skemmtileg. Lýsir lífi í húsinu. Veit ekki hvernig Brynjólfi vegnar,[1] *hefur ekkert heyrt. Með nýtt ólokið verk í gangi um kristniboð Hjalta Skeggjasonar og Gissurar hvíta.*

Peningaskuld, biður HB útvega sér útsölumann í stað Brynjólfs.

Torfhildur Hólm til Susie Briem. Möðruvöllum, N-Ísl. 11.4.1881.

Afsakar að hún skrifi á íslensku. Þakkar fögrum orðum fyrir fugl sem Susie hafði af list stoppað upp. Bætist í náttúrusafn hennar. Öllum líði fremur vel. Virðist vera að flytja burt, óvíst hvert.

Matthías Jochumsson til Halldórs E. Briem. Rvík. 1881?

Segir frá útg. Þjóðólfs eftir að hann hætti með hann og hvernig hann breyttist frá því sem M.J. vildi hafa hann. Segir Nellemann hafa veitt sér Odda. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. hjá Chr. Schram, Lincoln Co. 13.4.1881.

Þú undrast að ég skuli ekki vera kominn heim. Ástæðan er fermingar sem verða í Minneota eða á Stórhóli. Svo á að vígja kirkjugarð.--

[1] *Hér á hún við bókina um Brynjólf biskup.*

Páll Briem skrifar Halldóri Briem. Garði. 20.4.1881.

-- Jeg held þjer hafi brugðið í brún að sjá ekkert af pappírnum, sem jeg sagðist senda þjer, mjer þótti líka leiðinlegt að sjá hann niðri í borðskúffunni minni, jeg þóttist hafa látið hann með "Skuld", en af aðgæzlusleysi hefur hann orðið eptir. Nú vona jeg að hann komizt seint um síðir. Það getur vel verið að jeg sendi þjer ónógar uppplýsingar um prentun á sálmabókinni, en gætir þú þá eigi sent sýnishorn af pappír frá Ameríku eða kveðið á hvernig þú vildir hafa bókina. Hugsar þú nokkuð um að fá hana hjer bundna? og hvernig er bezt að senda hana hjeðan? Reyndu ef þú getur að hafa hana dável útlítandi, því að þær eru svo leiðar þessar óvönduðu bækur bæði fyrir augun að lesa og horfa á, annars verður hún held jeg allgóð með þessum pappír og letrinu sem Manfred er. Smástílinn er hægt að hafa minni en á Manfred.

Það er langur tími síðan brjef komu að heiman, en nú hefur frjetzt að Arcturus væri kominn til Englands. Þú hefur verið heppinn með béfin, sem þú sendir heim með Fönix, sem strandaði í Miklaholtssveitinni. Því að þegar var farið að vitja um skipið, var það mest niðrí vatni og brotið mjög mikið og allar vörur, brjef og pakkar voru eyðilagðar og óbjargandi, en rauði brjefakassinn á þilfarinu með brjefum, er send eru seinasta morguninn hjeðan og líka m. brjefum, er tekin eru í Skotlandi og kastað í, náðist óskemmdur.

Nú ert þú náttúrlega fyrir löngu kominn suður í Lyon Co. Segðu mjer, hvernig þú hefur það þar og hvernig þú kannt við þig. Hvað hefur þú í laun? og hvernig býr þú og hverjir eru beztir nágrannar? Hvernig kann konan þín við sig?

Eru þeir efnaðir nokkrir af sóknarbörnum þínum? Það er undarlegt með marga af löndum heima, hvað þeim er illa við vesturfarir. Jeg hef þannig heyrt einn merkan mann segja, að það væri nú annars gott, hvað Íslendingum hefði liðið illa á Nýja-Íslandi, þá sæktust men minna eptir að fara frá Íslandi. Þú ættir Halldór minn að skrifa grein um það, hvort fósturlandið hefði gagn af því eða eigi, að útflutningar væru þaðan. Mjer fyrir mitt leyti sýnist það vera gagn fyrir hvert það land, þar sem íbúarnir hafa dáð og dug til þess að flytja burt og eru eigi eins og rótfastar plöntur.

Hjer meðal Íslendinga er allt við það gamla. Í vor ætla að taka próf nokkrir af stúdentum, Sigurður Ólafsson, Guðlaugur Guðmundsson. Franz Siemsen og ef til vill Björn Jónsson ætla að taka próf í lögum. Moritz Friðriksson fyrri hlutann í læknisfræði og Gestur Pálsson ætlar að taka guðfræðispróf, hvernig svo sem það fari, en eins og jeg víst skrifaði þjer seinast fótbrotnaði hann í janúarmánuði og hefur legið út á spítala þangað til hann kom út af honum í gærdag. Tryggvi Gunnarsson er forseti í Íslendingafjelagi og blómgast það undir forstjórn hans. Jeg sendi þjer kvæði sem voru sungin í skilnaðargildinu. Kaupmennirnir eru að senda skipin í óða önn; en þó lítur heldur illa út fyrir norðanskipunum, ef ísinn eigi fer frá landinu vonum bráðar.

Jeg hef það við hið saman Jeg les lögin ekki með sömu iðju og þegar jeg var að læra undir skóla, en þó svona jafnt og þjett. Kristjana (*Havsteen*) fer heim 25. maj, hún hefur haft það allgott hjer í vetur, en þó hefur hún verið lasin öðru hverju.

Jón Ólafsson les dönsk lög; hann ætlar sjer, þegar hann er búinn, að reyna að ná í málflutningsmannsembættið og gefa Skuld svo út; nú fyrst um sinn á Skuld að hætta, þegar árið er búið. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 24.4.1881.

Ræðir skuldamál Popps. Vilhjálmur Finsen ráðlagði lögfræðing vanan ísl. málum. Fór Páll til hans.

Leggur til að Elín fái menntun til að fá atvinnu sem kennslukona. Sagði Vilhjálmi Finsen að E.G.B. vilji eigi sækja gegn Júlíusi Havsteen. Ræðir möguleikana. --

Páll Briem til Kristínar Briem Claessen. Khöfn 7.5.1881.

Elskulega systir mín!

Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir tvö brjef frá 15/1 og 6/3. Það gladdi mig mjög mikið að þú hefur það gott og börnin þín hafa komizt undan kíghóstanum og barnaveikinni.

Mikið er það sorglegt að Guðrún og Eiríkur skuli missa svona mörg mannvænleg börn. Jeg er viss um að Eiríkur hefur tekið það mjög nærri sjer því að í fyrra var það hans yndi og ánægja að tala um drengina sína litlu.

Það er alveg satt sem þú segir um Ellu systir, hún hefði mjög gott af því að koma hingað og vera hjer einn vetrartíma; hún hefur fullkomlega kjark til þess að færa sjer í nyt þann tíma og læra mikið; hún skrifaði mjer seinast og sagði að kennslan væri nú orðið lífsstarf hennar og hefði hún því mikinn hug á að mennta sig svo að hún gæti haft ofan af fyrir sjer sjálf og menn gætu borið traust til hennar sem kennslukonu. Hún getur þá líka fengið meira kaup, því að satt að segja er það eigi mikið að fá aðeins 70 krónur, það er eitthvað annað en það sem stúdentar fá við barnakennslu. Eiríkur Gíslason hefur verið barnaskólakennari á Suðurnesjum í vetur og hefur hann 6 mánuði fengið 600 krónur og er það eitthvað annað. Nú þegar barnaskólarnir fara að rísa upp þá

ætti Ella að geta fengið alveg eins mikið og hver kennari, að minnsta kosti ef hún tæki hjer examen sem *Almenneskolelærerinde*. En þetta þarf að vera sem fyrst. Þó að Ella giptist þá getur hún samt haft gagn af því, hvað sem uppá kann að koma, en annars held jeg að hún hugsi eigi til þess. Mjer fyrir mitt leyti þykir næsta líklegt að, áður en langtum líður, þá fari menn að hugsa til skóla þar sem stúlkur geti lært svo mikið að þær verði færar að kenna börnum á heimilum og halda alþýðuskóla og ef Ella kæmist að honum, þá væri því sannarlega eigi fleygt í sjóinn sem hún lærir nú. Þetta kann nú reyndar að vera draumórar, en það spillir sjaldan til þó að maður setji markið nokkuð hátt.

Sofia Ebbesen *(frænka þeirra)* kemur hingað til bæjarins í haust og festir bú úti á Friðriksbergi; hún er nú ekkert efnuð (þó að hún kannski eigi 10.000 kr. á rentu þá er það eigi kallað mikið hjer) og svo er hún nokkuð aðsjál svo að jeg held að hún muni telja öll vandkvæði á þessu, að Ella sje hjá henni, en það má reyna við hana. Einnig má reyna við Benedikte *(Arnesen-Kall)* frændkonu okkar; en svo heldur Tryggi Gunnarsson hús hjer og hjá honum verða Sofia Havstein og Valgerður fósturdóttir hans og hann ætti að taka Ellu ef í raunir ræki.

Það sem væri einfaldast er að Ella tæki kost og lærði til þess að vera Almueskolelærerind á skóla fröken Zahle, en það yrði nú víst allt of dýrt. Elín gæti þá líka orðið kennslukona hjer með 400 kr. launum og öllu fríu og komið svo heim með makt og miklu veldi er hún hefði verið hjer nokkur ár og unnið upp kostnaðinn. -- Þjer er nú annars farið að ofbjóða þetta allt sem jeg segi, en þú vinzar úr, jeg skrifa Ellu ekkert í þessu efni, til að gjöra henni eigi of miklar vonir, en jeg vona að þú gjörir þitt til þess að hún fái þó einhverja af þessum óskum upfylltar.

Ekki lízt mjer eins vel á Möðruvallaskólann og kennsluna þar eins og þjer. Ef þar væru piltar sem væru fljúgandi gáfaðir, iðnir og ástundunarsamir og þar að auki allvel undirbúnir, þá er jeg viss um að skólinn væri ágætur, en svona er nú ástandið engan veginn.; maður verður að búast við að piltar þar kunni næsta lítið og að þeir sjeu misjafnlega gáfaðir og eigi iðnari en ungir drengir vanalega eru. Þessi kennsluaðferð er reyndar mjög þægileg fyrir kennarana, því að þeir sleppa þá við að berja inn í tornæma pilta osfrv. og í svipinn er það líka þægilegt fyrir piltana þar sem þeir fá nasasjón af mörgu og litlu skiptir hvort þeir eru svo fastir í því eða ekki. Það sem er alveg nauðsynlegt er að piltarnir læri praktiskt og skilji vel hvað þeir læra og því þarf að ganga rækilega eptir að þeir læri og viti sumt mjög vel, en svo er mjög gott, að halda fyrir þeim fyrirlestra og vekja hjá þeim námfýsi á öðru sem þeir geta lesið upp á eigin hönd í bókum, nefnilega: auk þess að leggja hjá þeim fastan grundvöll, sem þeir óhætt geta byggt á, þá að kenna þeim að byggja sjálfir ofan á þegar þeir koma út af skólanum og fara að reyna sig í lífinu.

Í latínuskólanum er ekkert gjört nema byggja grundvöllinn upp, og er hann reyndar fastur, en margt á eigi við og er mjög ónauðsynlegt og ópraktiskt, en þar á móti er manni ekkert kennt til þess að byggja sjálfur upp og vera sjálfstæður þegar út í lífið kemur; þess vegna trjenast svo margir upp og gleyma skólalærdómi sínum þegar fá ár eru liðin. Það, sem er mín skoðun að sje rjettast, er að heimta eigi mjög mikið lært að vöxtum til og gefa allgóðan tíma til þess að lesa upp á eigin hönd og glæða menntafýsnina með fyrirlestrum osfrv. en það sem heimtað er skal vera ágætlega lært og skilið. Jeg er mjög hræddur við þessa smábúnaðarskóla af því að svo hætt er við að flest verði þar að eins hálflært. Sveinn búfræðingur skrifar nú um þá ritgjörð, sem kemur í Andvara; hann þekkir þetta mál vel og er hann alveg á minni skoðun um þetta mál; jeg gerði hvað jeg gat til þess að stappa í hann stálinu, en hann er þó hræddur við að ganga of langt í þessu af því að það er svo rótgróin skoðun heima að maður geti lært svo ákaflega mikið á mjög skömmum tíma, samanber allar vísindagreinarnar sem á að kenna við Möðruvallaskólann. --

Góða Kristín mín, skrifaðu mjer nú það sem þú hefur að færa á móti skoðunum mínum; þú getur gjört það einhvern tíma þegar þú hefur tóm.

Jeg skrifa þjer seinna um kvennafrelsið. Tíðin er vond. Almenn vellíðan meðal landa. Mjer líður bærilega. Kem opt til Claessen og skemmti mjer að venju vel. Jeg hef verið þar með Óla frænda, tvisvar sinnum. Hann kann vel við sig.

Berðu nú kærar kveðjur manni þínum og börnum þínum og vertu svo blessuð og sæl. --

Kristjana Havstein skrifar Ingibjörgu Briem. Khöfn. 9.5.1881.

Elskulega systir! Innilega þakka jeg þjer tilskrifið í vetur og öll gæði við mig ætíð.

Jeg skrifaði þjer með Phönix en það hefur eyðilagst ásamt öðru, og langar mig til að ávarpa þig með nokkrum línum svo þú sjáir að jeg minnist þín og ykkar allra frænda minna á Reynistað sem mjer þykir svo innilega vænt um.

Jeg vildi líka afsaka við þig hvað seint litli kjóllinn kemur handa Jóhönnu þinni, sem jeg lofaði Valgerði systir hennar að kaupa. Jeg vissi ekki af þegar fyrstu kaupskipin fóru til Skagafjarðar (áður) en ætlaði, svo að senda hann með gufuskipinu sem fyrst færi til norðurlandsins og hafði pantað hann fyrir löngu síðan hjá "*Dameskrederinde*" til þess að fá hann vandaðri en almennt gjörist í búðum; en þegar jeg ætlaði að taka hann

var hann ekki búinn og svo fjekk jeg hann loksins þegar búið var að loka pakkapóstinum svo jeg gat ekki komið honum með skipinu. Mjer datt líka í hug að fá skipt á honum ef jeg gæti því mjer líkaði hann ekki; hann er líka svo stór að Jóhanna mín getur brúkað hann. Jeg bað um hann handa svo sem 11 ára gamalli stúlku. Jeg læt því kjólinn héðan af bíða þangað til jeg kem sem jeg vona að verði með næsta gufuskipi "Valdemar". Margur óttast um að ís byrgði allar hafnir á norðurlandi og væri því máske ekki eptirsjón því ekki væri sent mikið með þeim skipum sem farin eru. Jeg vildi óska að ótti þessi sannaðist ekki; þið heima eruð svo lengi búin að þola harðviðrin í vetur að nú væri víst þörf á góðu vori.

Hjer var líka kaldur vetur og til skamms tíma hefur verið frost á nóttum. Þessa seinustu daga er dálítið farinn að lifna við skógarviðurinn. Annars segja Danir að allt sem jarðargróða snertir sje fullkomlega mánuði seinna en vanalega, svo kalt hefur verið um allan norðurhluta norðurálfunnar.

Okkur hefur liðið hjer vel í vetur og tilgangi ferðarinnar er að því leiti náð að börnin mín eru nú orðin frísk í augunum, en jeg held að loptið eigi ekki sem best við mig. Jeg hefi sjerílagi í seinni tíð verið svo gigtfull í bakinu og fótunum að jeg hefi lítið farið út, og opt haft slæma verki í fótunum. Nú hefi jeg eptir læknisráði tekið Rómversk böð, og er nú í gær og dag lángtum betri; enda kemur mjer það betur til þess að geta kvatt í húsunum. Jeg hefi lengi ætlað mjer að koma til Claessens föður þeirra systkinanna, tengdabarna ykkar og hefi beðið Pál son þinn, sem jeg líka eigna mjer, að koma með mjer þangað, en vegna þessarar lurðu í mjer hefur það dregist og svo fylgir það mjer altaf að vilja helst vera heima en nú skal þangað ----- fyrsti gangur.

Jeg vona að fara hjeðan þann 25 þ.m. og sest líklega að á Hofi; jeg treystist ekki að fara til Reykjavíkur vegna þess Pension mín mundi ekki hrökkva þar handa svo mörgum.

Vel lætur Marinó minn af sjer hjá ykkur, sem jeg líka vissi að verða myndi. Jeg óska að hann sje ykkur eptirlátur og verðskuldi góðsemi ykkar,

Eptir "Fartplaninu" komum við áður tími er kominn fyrir nýsveina að leggja á stað suður og vona jeg því að sjá Marinó ásamt ykkur þegar skipið kemur á Sauðárkrók.

Heilsaðu ógn vel frá mjer manni þínum góða og börnum ykkar og fyrirgefðu flítishripið þinni þjer alls góð biðjandi tengdasystir Kristjönu Havstein.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 31.5.1881.

Bréf og munir hafa týnst í sjótjóni, aðrir bjargast. Vandræði með týnd málskjöl, sem leiðir til þess að stefnufrestur rennur út. Ræðir hann hugsanlega setningu EGB sem amtmanns. --

Það er sorglegt með barnamissinn í Steinnesi og veikindi Guðrúnar. Bara að henni hafi batnað bráðlega aftur. -- Ég sendi þér kvæði sem Benedikte (Arnesen Kall) frændkona okkar hefur ort til Jóhönnu systur þinnar -- ég sá í þýsku blaði að maður hennar Carl Schütz hefði haldið 50 ára heiðusdoktorsjubileum 24. febr. og var honum mjög mikið hælt, meðal annars voru talin upp þrettán tungumál sem hann kynni.--[1]

Ræðir laxauppeldi séra Þorkels á Reynivöllum og segir að það sama væri reynandi á Reynistað við Staðará. Við það þurfi nákvæma geymslu. Segir frá náminu og telur sig geta lokið prófi eftir tvö ár.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 6.6.1881.

Óskar H.E.B. til hamingju með að vera fluttur úr nýlendunni. Systurnar eru allar að koma hér úr sínum skóla við góðan orðstír. Það var ekki hægt að segja um Guðlaugu Aradóttur á Laugalandi og hefðir þú gaman að segja sögur af því. Veturinn góður og skepnur komu vel undan vetri en hordauði víða. Menn komust illa af þar til skip kom til Popp með 400 tunnur af mat. Þó lifði með mönnum nokkuð fjör er þeir keyptu Hóla fyrir 14 þús. kr. til að stofna þar búnaðarskóla, helst fyrir allt Norðurland.

Hefur bréfritari verið upptekinn við að taka við Hólum af seljanda þó með litlum stuðningi, enda peningar ekki miklir. Gengur þannig fram að fólk heldur G.E.B. ætla sér Hóla sjálfur. Það eru þakkirnar. Segir frá sýningu í Garði. Erfitt að fá menn til að skemmta og halda tölur etc.

--- var eg neyddur til að vera optast uppí stólnum, þó ekki væri mergjað það sem eg hafði að bjóða. Eg setti sýninguna og sleit henni. Ég talaði um Jón ritara sem var hvatamaður sýninganna og svo fleira smávegis. --

Ekki vitað hvort E.G.B. taki við amtmannsemb. eða ekki. Ræðir hag H.B.

Sigríður E. Briem og Eggert G. Briem skrifa Halldóri E. Briem. Reynistað 6.6. 1881.

-- Fyrst af öllu byrja jeg með því að óska þjer góðs og gleðilegs sumars þótt nú sje raunar nokkuð orðið áliðið því nú er annar í hvítasunnu, og er þessi hátíð eigi eins gleðirík eins og jeg þó hafði búist við því að í morgun frjetti jeg lát vinkonu minnar frú Bredalh í Hofsós hún dó af barnsförum í gærdag. Bredalh sendi fram hingað

[1] *Þessi tungumálasækni er einkennileg í hinum þýska ættlegg Briemsættarinnar. Fleiri slíkir "tungumálasafnarar" voru til.*

til þess að segja frá láti hennar því það mátti heita að hún væri alstaðar annarstaðar ókunnug. Hann bað Valgerði systir að koma úteptir og standa fyrir jarðarförinni. Hann bar sig mjög illa eins og menn geta ímyndað sjer. Á laugardaginn kemur er gjört ráð fyrir að jarðsett verði og förum við flest systkinin og mamma og pabbi okkur þótti öllum svo vænt um Valgerði.

Nú í dag er all gott veður úti en ekki samt nógu gott handa mjer. Jeg er nú ef til vill nokkuð kresin og nokkuð kulsæl jeg óskaði opt sinnis í vetur þegar veðrið var svo óskaplega kalt að jeg væri horfin til þín, það er svo gressilegt að geta ekki komið út fyrir dyr svo dögum skipti án þess að ætla hreint að krókna.

Nú er nýafstaðin sýningin hjerna í firðinum og var það fjöldi samankomin bæði af körlum og konum, veðrið var dágott og skemtan allgóð sjerílagi var mikið sungið og skemti jeg mjer fjarska vel við hann. Þú ert víst orðinn útfarinn í að spila á orgelið jeg hlakka svei mjer til að heyra þig spila á það þegar jeg kem til þín. Ella systir er orðin nokkuð góð að spila á það en samt sem áður vantar hana enn mikla æfingu hún ætlar nú að æfa sig duglega í sumar og í vetur því hún gjörir ráð fyrir að dvelja heima en kenna ekki næsta vetur. Ekkert af okkur systkinunum hefur lært á Organ nema jeg svo lítið en jeg hlaut að hætta við það af því að jeg þoldi ekki að stíga það. Jóhanna litla er er líka ofurlítið byrjuð en henni leiddist það svo, að því verður frestað þangað til hún verður dálítið eldri og fer sjálfa að langa til þess.

Æ góði bróðir þú hlítur að forláta því nú slæ jeg botninn í bjefið með ástar kveðu til systur okkar Susie. Þín elskandi systir Sigga.

Elskulegi Halldór minn. Það er aumi faðirinn, sem þú átt, hann er svo "*stundeslös*" og þykist eiga svo annríkt, þegar póstar ganga, t.d. á morgun að bera mann út af jörð í Hegranesi, en svo hyskinn að nota eigi hinn rétta tíma og grípa í ennispoppinn á tækifærinu. Mamma biður kærlega að heilsa þér og við biðjum þig að bera Susie allra kærustu kveðju. Jeg er allhress, síðan vetrarkuldinn dvínaðir með aprílbyrjun og mamma frísk. --

Þinn elskandi faðir E. Briem.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 1.7.1881.

Segist með *fullmagtina vel* geymda (væntanl. umsókn um amtmannsembættið ef grípa þyrfti til). Nú sé enginn Íslendingur í ráðuneytinu. Ræðir *hvalmálið*[1] og sem virðist í áfrýjunarmeðferð, væntanl. af hálfu E.G.B. og ekki ganga vel. Rekur Páll erindi föður sín í þessu sambandi. Virðist þar rekast á réttur til reka og eignarrétur lands. Rætt um dauða frú Bredahl, Valgerðar Finsen, faktorsfrúar á Grafarósi; einnig magisterspróf Guðmundar Þorlákssonar í norrænum fræðum þar sem hann stóð sig vel.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 1.7.1881.

-- Í fyrradag kom Óli bróðir að norðan með Eggert og Marinó. Þeir tóku báðir próf þann 29. og varð Marinó efstur af nýsveinum og Eggert sá sjötti; allir 17 gengu inn. Óli verður kannske eftir, hann sækir um að verða skrifstofustjóri við þingið -- Eiríkur er búinn að taka við húsinu hans Eymundarsonar. Kona hans er mikið til frísk orðin og tengdamóðir[2] betri en hún hefur verið, enda fór ekki illa um hana á leiðinni þar eð hún var flutt í rúmi alla leið. --

Páll E. Briem skrifar Kristínu E. Briem Claessen. Khöfn. 1.7.1881

Elskulega systir. Þakka þjer fyrir tilskrifið. Mikið var það sorglegt með dauða frú Bredahl. Vilh. Finsen skrifaði mjer til; hann hafði aðeins fengið frjettina í brjefi frá bróður sínum, amtmanni á Færeyjum, er hafði það eptir kapteininum á gufuskipinu. Jeg skrifaði honum svo til aptur og sagði honum eins og var. Það má þá vera átakanlegt fyrir hann að missa svona eina barnið sitt á gamals aldri.

Nú er Guðmundur Þorláksson búinn að taka próf og orðinn magister í norrænni málfræði; hann er líka kátur, því að satt að segja held jeg að hann hafi nærri verið búinn að slá því af að taka próf. En í vetur gjörði prófessor Wimmer honum orð og fjekk Guðmund til þess að fara að skrifa ritgjörðir hjá sjer. Guðm. átti að skrifa stóra ritgjörð í sex vikur um fornu skáldin og kemur hún líklega út á prent seinna. Hann var að minnast á við mig, þegar hann kom fyrst að Hjaltastöðum og var að læra hjá þjer, og bað mig svo að bera þjer kveðju.

Það er leiðinlegt að Goldmann kemur ekki; jeg veit eigi hvað fyrir kallinn hefur komið að hann skuli eigi vera kominn enn þá.

Jeg skrifaði utan á pakkann til þín og bið þig að rífa hann upp og sjá einhvern veginn að, það sem í honum er, geti komist til skila. Mjer þætti gaman ef þú gætir lesið bókina sem jeg sendi Ellu. Hún er eptir líklegast frægasta heimspeking sem nú lifir í heiminum; þjer finnst hann kannske vera á móti minni skoðun, sem jeg

[1] Gætu verið eftirmál vegna hvalrekans við Grafarós vorið 1878.

[2] *Guðlaug Guttormsdóttir frá Vallanesi (1811 til 6. sept.1881), móðir Guðrúnar Gísladóttur Briem. Hún var ekkja Gísla Hjálmarssonar læknis (1807-1867) í Austfirðingafjórðungi.*

skrifaði þjer um Möðruvallaskólann, en það held jeg ekki, að minnsta kosti heldur hann af litlu sem kennt er, en sem verður þó að vera svo mikið að nemandinn geti upp á eigin hönd stúderað víðara. Þessi utanað lærdómur, sem ekkert gengur út á annað en læra í belg og biðu, hann er andstyggilegur, en eins er líka hitt þegar menn blása sig upp með alls konar orðagjálfri en þekkja þó ekkert neitt í neinu. Kristín mín góð, þú sem hefur svo ágætan pædagogiskan sans, þú kemst aldrei í vandræði með að ala upp þín börn, en hvað mörgum er það meðfætt?

Nú er gamli Magnús Eiríksson orðinn veikur af apóplexí[1] og halda læknarnir að hann geti eigi komizt á fætur aptur, heldur fari honum smá versnandi; alltaf er hann þó vongóður um að sjer batni.

Mjer líður bærilega. Heilsaðu manni þínum og börnum. Jeg skrifa þjer um það, sem kvennaskólinn á hjá mjer, seinna. Hvenær verður tombólan. Á jeg að senda eitthvað til hennar hjer frá stúdentum. --

P.S. Júlíus Havstein er settur amptmaður og fer núna heim. Það var kannske eins gott.

Páll E. Briem skrifar Steingrími Thorsteinsson. Khöfn. 2.7.1881?

-- Jeg ætla nú eigi að fara að minnast á fornan vinskap eða fara að hafa langan formála, heldur segja þér beinlínis að ég leita til þín fyrir mig og Halldór bróður minn og bið þig um að gefa Halldóri meðmælingu til þess að fá 2. kennaraembætti á Möðruvöllum. Jeg skal segja þér hvernig á stendur. Í móti Halldóri sækir Þórður Thoroddsen læknisfræðingur, hann hefur fengið íbuðarmiklar meðmælingar frá Jóni Þorkelssyni og Halldóri Guðmundssyni og allgóða frá Jóni Hjaltalín. Halldór og Þórður standa því nokkurn veginn jafnir hjer og þó veitir Þórði heldur betur, en nú er undir því komið að Halldór fái góða meðmælingu heimanað, svo að hann verði ofan á; en það er Halldóri fjarska mikið áhugamál og velferðar. Halldór hefur undir niðri langað heim þessi síðustu ár og nú mjög mikið upp á síðkastið, en svo er annað sem knýr hann til þess að fara heim; hann getur eigi þolað loftið og liggur alloft í brjóstveiki, sem leggst þungt á suma vesturfara, jeg held það sje samskonar veiki og sú sem Páll Þorláksson fór úr í vor. Þú veist hvað Halldór er samviskusamur og hann segist gjarnan taka að sér þær kennslugreinir sem þurfi: mathematík, söng, leikfimi. Söng hefur hann stúderað mikið í Ameríku, hann er reyndar nokkuð hræddur við leikfimina, af því að hann nennti eigi að læra hana í skóla, en hann segist þá muni fá sér kennslu í henni og lesa bækur þar að lútandi, svo að hann trúir eigi öðru en að hann geti leyst hana viðunanlega af hendi, þó að hann heldur hefði kosið eitthvað annað.

Halldór er að vísu stundum ærið mæddur yfir tilverunni í Ameríku bæði vegna veikinda og svo hafa margar háar hugmyndir orðið öðru vísi í reyndinni og margar vonir brugðist en kennsla hefur ávallt átt vel við hann (jeg veit hvað vel hann kenndi mér undir skóla) og ég held að þetta kennaraembætti á Möðruvöllum sé einmitt við hans hæfi, og þó að húmbúgið við skólann gangi nokkuð vítt þá er Halldór nú búinn að ná svo mikilli lífsreynslu að hann kippir sér eigi upp við það heldur reynir að vanda sig og bæta úr brestunum þegar færi gefst.

Þó ég talaði eigi sem bróðir Halldórs þá álít jeg að hann fullkomlega verðskuldi að fá þetta embætti og að hann einnig verðskuldi betri æfi en að deyja á ungum aldri í Ameríku. Þessvegna leita ég til þín og bið þig að gefa Halldóri svo góða meðmæling sem þér þykir fært og senda hana svo fljótt sem auðið er því að ef vel væri þyrfti hún að koma í þessum mánuði hingað til Hafnar. Og í því trausti fer ég að slá í botninn. Jeg þakka þér með báðum höndum fyrir kvæðabók þina. Síðan kveð ég þig með einlægri vinsemd og virðingu. --

Torfhildur Hólm skrifar Susie Briem. St. Andrew. 8.7.1881

Kæra frú Briem.

> *Þakkar hannyrðamunstur. Ræðir Taylor, frænda hennar, konu hans og fjölskyldu. Þykir einmanalegt en hefur nóg að gera. Ekkert getað sinnt skrifum, áhyggjufull vegna mikilla verka fyrir höndum. Barátta framundan f. hana sem* söguritara. *Ræðir krítík, öfund og ofsókn. helst frá fósturjörðinni. Augnablikshugleysi segir henni að hætta.* --

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Seyðisfirði. 8.7.1881.

> *Feginn að HB og Susie líkar Minnesota. Skrifaði þangað og sagði að launin væri of lág og að þú ættir að geta lifað þar áhyggjulaust og lengi. Ræðir að aumt sé Nýja Ísland orðið. Ræðir grein séra Páls í Budstikken og féll ekki hans svívirðil. sýnódu-hræsnislega orðalag. Hafa þau hjón fengið betra hús, fyrrum sýslumannshús á Vestdalseyri. Búin að eignast barn, 10 mán dreng sem Sveinn bróðir J.B. og kona hans færðu þeim. Af kirkjumálafundi varð ekkert, því engir komu nema nágrannaprestar.*

-- Svona er klericíið og forholdin á Íslandi. --

> *Ræðir tillögur sem hann reyndi að koma til alþingis um kirkjul. mál. Ræðir aðskilnað ríkis og kirkju.*

[1] *Hjartabilun.*

21. júlí. Bréfið þitt enn ófarið.

Konan hans fór til bróður síns Þórðar sem nýlega missti konu sína. Hún kemur aftur með barn sem þau fá til fósturs.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 9.7.1881.

Hér virðast bræðurnir tala saman um vesturferðir. Páll fullvissar bróður sinn um að blaðagr. hafi engin áhrif því svo mikið komi út að menn taki varla eftir afmörkuðu máli. Til að vekja athygli þarf að stofna félag til eða halda fyrirl. Svo lesa menn heldur ekki nema blöð sem þeir fylgja að málum. Claessen les t.d. ekki annað en Dagblaðið og álítur vinstri menn falsara og óþokka. Leiðinlegt þegar skynsamir og góðir menn eins og Tryggvi (Gunn.) eru mjög á móti Ameríkuferðum, en það gerir ekki mikið til.

Spyr HB hvort hann ætli sér að koma nýju blaði á fót.

-- Halldór minn, þú mátt nú eigi vera allt of strangur við þá sem eigi eru svo alvörugefnir sem þú í trúarefnum, að minna kosti held ég það sé betra fyrir alla að hver komi til dyranna eins og hann er klæddur heldur en að menn komi fram sem guðhræddir menn og trúaðir, þó að þeir séu það að engu leyti og að menn breiði yfir sig hræsnisskýlu af illum hvötum. Ég fyrir mitt leyti virði menn mikils sem hafa einurð til þess að segja, jafnvel þó tímanlegur hagnaður sé í veði: ég hvorki get trúað né gjöri það. Hitt held jeg sé miklu skaðlegra og viðbjóðslegra þegar menn, til þess að ná í prestsembætti, bæla niður vantrúna og koma fram sem helgir menn.--

Segir frá jarðarför Magnúsar Eiríkssonar. Júlíus Havsteen hafi verið skipaðaður amtmaður. Hafi faðir þeirra hætt við að sækja er hann frétti það. Embættið óþarft. Einnig frá skilnaðarhófi haldið fyrir Júlíus H. Ræðir Möðruvallask. og kennsluhætti þar.

Segir Skúla Norðdahl hafa dáið úr drykkjuskap og Franz Siemsen fallið á lagaprófi. Segir frá námi sínu og áhugamálum. Einnig vilja sinn til að halda fram sínum skoðunum og sannfæringu. Þykir miður neikvæð afstaða stúdenta til Ameríkumanna. Ræðir erfiðleika fjölskyldu Guðrúnar og Eiríks bróður þeirra; sjúkleika og barnmissi. Einnig góðu prófi Guðm. Þorlákss. (vinar H.E.B.).

Segir Jóhönnu Schütz, föðursystur þeirra, hafa verið erna og káta er Eiríkur heimsótti hana. Biður um að H.E.B. vísi sér á bækur um skóla í Ameríku og um ævi Abraham Lincolns.

Steingrímur Thorsteinsson skrifar Páli E. Briem. Rvík, 13.7.1881.

Stendur í burtfaraprófi en leggur sig samt fram um meðmæli við umsókn Halldórs um kennarambætti. Þykir ekki gott að skólinn á Möðruvöllum sé í slæmu ástandi. Lætur texta meðmælanna fylgja á dönsku. --

Rannveig Ólafsdóttir Briem skrifar Susie Briem. St. Andrews. 23.7.1881.

Elskulega frændsystir, sæl vertu alla tíma.

Vill taka upp bréfaskipti við hana en það sé til of mikils mælst þar sem bréf hennar sjálfrar séu hvorki uppbyggileg né skemmtileg. Segir öllum í nýlendunni hafi liðið vel . Heilsufar hennar er ekki gott, framtíð óviss og hún -- býst við að verða einhverstaðar á flækingi.--

Ræðir möguleika að þau kunni aldrei að sjást framar.--

Páll E. Briem til Kristínar E. Briem Claessen. Khöfn. 23.7.1881.

-- Jeg varð heldur seinn fyrir í gærkveldi með kassann til þín og svo þegar jeg kom á pósthúsið þá vildu þeir góðu herrar eigi taka kassann og má hamingjan vita hvernig fer. Þó hef jeg von um að Sigurður Ólafssons,[1] sem nýlega hefur tekið próf með góðu láði og nú fer heim með svo gott sem Dalasýslu í vasanum, muni taka af mjer þessi óþægindi og komi kassanum til þín.

Sá, sem átti að gjöra við sykurkerið og rjómakönnuna, brást mjer svo að jeg get eigi sent þjer það nú. Annars skal jeg senda þjer reikning seinna um þetta allt saman, en nokkuð er það víst að kvennaskólinn á hjá mjer. Jeg ljet dót, sem Stefán Jónsson hefur beðið mig um, ofan í kassann til þín og bið jeg þig um að láta hann fá. Tíminn er annars svona naumur fyrir mig af því að vjer Íslendingar hjeldum Sigurði Ólafssyni skilnaðargildi í gærkveldi og stóð það allt of lengi. Jeg hef eigi tíma til að skrifa Stefáni annað en það sem stendur á innlögðu blaði, sem jeg bið þig að fá honum. Jeg skal senda honum seinna þessa *Sölv-Sæbe* sem jeg gleymdi að fá í gær.

Kristín mín góð, jeg bið þig svo mjög að virða þetta betur en það á skilið. Hvað heldur þú um siglingu Ellu systur? Jeg vildi bara að það gæti látið sig gjöra.

Vertu blessuð og sæl. Þinn elskandi bróðir Páll

[1] *Sigurður Ólafsson (1855-1927) síðar sýslumaður í Árnessýslu.*

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 25.7.1881.

-- Það þótti mér vænt um að drengjunum *(bræðrum hans)* gekk vel inntökuprófið. En sá söfnuður sem fer í skólann; það er sagt að þeir muni verða um 40 í fyrsta bekk að vetri. Hvað á að verða af öllum þessum sæg? Þeir verða að breiðast út yfir Skandinavíu og Stóra-Bretland!

Ræðir lát Magnúsar Eiríkssonar sem blöðin minnast vel. Verið er að safna fyrir minnisvarða hans. Heyrt að Elín systir hans muni sigla í haust og segir það koma sér vel. Segir atvinnumöguleika ágæta. Kaup gott fyrir kennara í Danmörku sem sé þó ekki saman að jafna við Ísland.

-- en það getur þó verið að menn fari að meta starf kvenfólksins nokkuð meira eftir verðleikum og einkanlega kann að verða þörf á duglegum menntuðum konum, ef sá andi kemst inn hjá fólki að konur eigi alveg eins rétt á og þörf að fá menntun eins mikla og karlmenn. --

Kristjana Havsteen skrifar Elínu Briem? Rvík. 27.7.1881.

-- Mér finnst Marinó hafa stillst í vetur og komið dálítill fullorðinsbragur á hann, sem líka þurfti með. Ég þykist viss um að hann, eins og Hannes minn, hefur gott af að byrja nám sitt hjá foreldrum þínum. Þau hafa svo gott lán með börn. Ég hafði gott af að vera hjá ykkur tímann sem ég var núna fyrir 25 árum, og minnist þess ætið með ánægju.[1] Ég þakka fyrir skæðaskinnið og dót Marinós. Drengirnir eru svo glaðir að geta sparkað í íslenskum skóm, sem þeir eru vanari. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 1.8.1881.

-- Jeg ætla nú að hripa þjer fáeinar línur að gamni mínu. Það eru alveg nýkomin brjef með frjettir heimanað. En af því að menn eru heldur latir um sumartímann heima að skrifa þá ímynda jeg mjer að þú hafir engar fengið.

Stúdentar voru nýbúnir að taka próf og fengu 11 fyrstu einkunn (3 fengu 97 tröppur) og voru þó alkunnir slóðar. En svo stendur á að Jón Thorsteinsen mágur Magnúsar er á meðal þeirra. Við fyrri hlutann hafði hann einn gott af því og fjekk t.d. þá láð í ólesinni þýzku, þar sem hann fjekk vanalega laklega í lesinni um veturinn áður. Nú í sumar fjekk hann líka uppgáfurnar og spurningarnar, en þá sögðu bekkjarbræður hans að þeir skyldu klaga hann og Magnús, nema þeir fengju að sjá allt hjá honum, og þá varð strákur að láta undan. En hvernig þykir þjer sagan og samvizkusemin hjá Magnúsi Stephensen! Þessi saga er alveg sönn og gekk fjöllunum hærra í Rvík. En líklega þorir enginn að minnast á það öðru vísi en í pukri. Menn taka hvern vesalings ræfil sem stelur til að seðja hungur sitt, en þetta láta menn sleppa og þó er það vitanlegt að bæði Einar Thorlacius og Franz Siemsen á sínum tíma fengu hjá honum uppgáfurnar. Eptir lögunum þá getur legið við fangelsi eða embættismissir. --

Tryggvi hefur hrakið af sér ámælið um Möðruvallabygginguna með vottorðum og sýnt og sannað, að allt hefur verið vel af hendi leyst frá hans hendi. Nú í bænum er hjer Jón litli Þorláksson[2] prestur, hann hefur verið skorinn í augað til þess að bæta honum sjón.

Danielsson frá Lóni er hjer og sjer til skemmtunar. "*Og þó jeg sje nú 85 ára gamall, þá man jeg aldrei eptir slíkum hörkum nokkurn tíma, sem í vetur var*" segir hann.

Grímur (Thomsen?) segir að helzt líti út fyrir að hinn svo nefndi Norðlingaflokkur muni ráða lögum og lofum á þinginu í sumar og kveðst eigi vita hvort að þessi stefna muni vera til heilla vænleg, honum þykir uppástungan um endurskoðun stjórnarskrárinnar ísjáverðust.

Lög um vínsölu felld. Fyrir þinginu er frumvarp til laga um háskóla (guðfræði, lögfræði, læknisfræði) frá Þorv. Kjerulf, um búnaðarháskóla á Vesturlandi, á Hólum í Hjaltadal, um kosningarjett kvenna til hreppsnefndar, sýslunefndar, á safnaðarfundum og fjölda mörg önnur frumvörp eru fyrir þinginu, en það er vest að ráðgjafinn líklega myrðir þau miskunnarlaust. Annars held jeg að heldur sje ástæða til þess að gleðja sig yfir þessu þingi.

Þegar síra Daníel Halldórsson[3] var settur inn á Hólmum, þá komu eigi nema 6 menn í kirkjuna og verður líklega sá endir á, að hann verður að fara og Jónas fær brauðið.

Næst á að gefa út af bókmfjel. Otello og Romeo og Júlíu þýðingu Matta, rithöfundatal eptir Jón Borgfirðing.[4] --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldórs E. Briem. Reynistað. 2.8.1881.

Ræðir búskap, vatnsveitingar og hestamarkað og sölu á góðum hesti.

---

[1] *Kristjana hafði flutt suður þá um vorið og leigt í Thomsenshúsi.*

[2] *Jón St. Þorláksson (1847-1907) prestur á Tjörn á Vatnsnesi.*

[3] *Daníel Halldórsson (1820-1908) sat að Hólmum í Reyðarfirði (1860-1892). Hann sat lengur en Páll hugði.*

[4] *Jón Borgfirðingur (1826-1912) faðir þeirra Klemensar, Finns Jónssonar og Guðrúnar Borgfjörð.*

-- Alls þarf nú með og gott að grípa til skildinganna fyrir þessi grey.

Núna siglir Ella systir og verður í Höfn í vetur; þetta og þvílíkt hefði einhventíma ekki verið hugsað til, en það er gott að yngstu systkinin muna ekki þá tíð, þó getur skjeð að slíkt hafi góðan lærdóm í för með sjer eða að minnsta kosti verður mjer opt hugsað til þeirra erfiðu tíma þegar einhver oflætishugur ætlar að koma að mjer. --

Ingibjörg E. Briem skrifar Susie Briem. Reynistað. 2.8.1881.

Þakkar bréf og býður henni dús. Þakkar myndir með fallegum orðum. Góð líðan hjá öllum í fjölsk. Elín siglir til Hafnar og verður þar í vetur. Kalt í allt sumar og þarf að leggja í ofn af og til. --

Sigríður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Reynistað. 3.8.1881.

Þakkar bréf og bækur sem hann hafði keypt f. hana. Segir frá því að Eggert bróðir þeirra hafi verið fermdur einn áður en fór suður í inntökupróf. Gekk prófið vel, varð sjötti af 17. Marinó litli (Hafstein) varð efstur. Elín er að leggja af stað til Danmerkur.

-- Mikið er nú reyndar ráðist í en ég er viss um að hún færir sér það duglega í nyt. Ellu þykir gaman að kenna og þegar hún nú siglir þá er þó heldur von til að hún geti sætt betra boði en hún hingað til hefur átt kost á; því einar 90 krónur, það er eigi mikið, þegar maður ber það saman við það sem piltar fá, en það klingir nú reyndar löngum að stúlkurnar eigi hafi kostað eins mikið upp á sig og piltar. --

Torfhildur Hólm skrifar Halldóri E. Briem. St. Andrew. 26.8.1881.

Býst við að fara senn til Winnipeg. Segir af húsbygginga- og flutningsvanda Taylors er hann þurfti að flytja hús sitt með sér. Fer m. Rannv. Ól. Briem til W. Ber sig upp vegna engra frétta af bókinni. Séra Eiríkur bróðir HB farinn með allt sitt suður og tengdamóður sína á kviktrjám, konan hans hálf geðveik v. barnamissis.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 27.8.1881.

-- Nú kom Ella með póstskipinu og ætlar að læra í vetur. Hún var fyrst hálfvegis að hugsa um að fara á skólann sem Soffía Havstein er á, en ég hef talið hana af því. Því að það verður líklega billegra og skemmtilegra og meira hægt að læra hér í Höfn, einkum þegar Ella kemst í svo gott hús sem Claessens er. Ég hef hugsað mér að Ella færi svo á fröken Zahlesskóla til þess að læra ensku, sögu, landafræði, náttúrusögu og reikning. Það kostar 20 kr. kennslan á mánuði. En þetta verður nú mikill kostnaður fyrir þig og því væri ágætt að sækja um styrk úr landssjóði. Ég get eigi skilið annað en að hann hlyti Ella að fá. En svo er um að gera, hvað hann fengist mikill, ég held að 200-400 kr. á ári væri það sem sjálfsagt mætti fara fram á.

Nú væri ágætt eð þú skrifaðir mér hvernig ætti að fara að því. Ég ímynda mér að landshöfðinginn sé sá sem mestu ræður í þessu efni. Það væri líklega best að fá einhver vottorð um að Ella verðskuldi þennan styrk, en það verður ef til vill eigi svo hægt að fást við það. Mér var að detta í hug að Ella skyldi taka *Almueskolelærerindeexamen* og það yrði besta meðmæling fyrir hana seinna. En þegar við fórum að gá að var þar svo mikið að læra um Danmörk að sá lærdómur er eigi hentugur á Íslandi. Ef Ella fær 400 kr., væri þá ekki réttast að hún væri hér tvö ár; ég ímynda mér að hún komist af með 900 kr. á ári. Ef hún verður hér svo lengi þá er hún líka viss um að komast í bærilega stöðu.

Góði pabbi, skrifaðu mér um þetta það sem þér sýnist svo það sé hægt sem fyrst og best að sækja um og fá styrkinn. Ég veit eigi hvort hæfilegt er að biðja Vilhj. Finsen um hjálp til þess að fá hann. --

Jón A. Hjaltalín skrifar Halldóri E. Briem. Möðruvöllum. 29.8.1881.

Þakkar skemmtilegt bréf. Segir frá lestrarbók sinni sem komin var í prentun þegar hann fékk lestrarbók HB. Segist kunna vel við sig á Möðruvöllum. Ber saman kuldann á Ísl. og Skotl. Segir frændfólki HB líða vel.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Reynistað. 30.8.1881.

-- Eins og þú gast til þá var ég úti á Sauðárkróki um kauptíðina og var þá á hverjum degi sú fjarska ös að ég var nær uppgefinn á hverju kvöldi; en á morgnana var farið í búð klukkan sex. Ég var heldur ekki búinn að ná mér eftir ferðina að sunnan. -- Á sunnudag var hér messað, þá var Cr., sonur Popps fermdur ,og fóru því ekki króksbúar fyrr en undir kvöld; það var því lítið næði þann dag, en á mánudagsmorguninn fór ég úteftir. --

Að sunnan höfðum við bræðurnir fremur þægilega ferð. Úr Reykjavík fórum við á stað á laugardagskvöld og héldum um nóttina upp að Miðfelli, því að Eiríkur prestur Gíslason hafði sammælst við okkur þar. Hann fór þá norður að Presthólum. Óli Stephensen fylgdi þangað. Hallgrímur Thorli var einnig með í ferð, en eigi fleiri. Óla og Hallgr. kom ekki sem best saman og höfðum við hinir hið mesta gaman af því. Þegar komið var upp að Miðfelli, þá var Eiríkur tilbúinn að öðru leyti en því að hann var ekki nema hálfnaður með vindlakassa er hann ætlaði að klára áður en hann færi á stað og það tókst honum með tilstyrk okkar hinna. Á mánudag fórum við frá Miðfelli og segir ekki af ferðum okkar fyrr en við komum að Bæ á miðvikudagskvöld. Sigurður sýslumaður

var ekki heima, hafði riðið fyrir fáum kl.stundum vestur í Dalasýslu því þar er hann settur sýslumaður -- Þar vorum við fram undir kveld næsta dag. Á Auðkúlu vorum við laugardagsnótt. --

Segir svo frá námi sínu og fyrirætlunum.

-- Hvað ég muni gera þegar ég er búinn veit ég ekki, en helst hef ég í hyggju að halda ekki námi áfram. Ég hef aldrei bókamaður verið og verð aldrei nema skussi í þeirri grein. --

Páll Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 8.9.1881.

--Jeg þakka þjer kærlega fyrir tilskrifið. Með póstskipinu seinast kom Ella systir hingað. Eins og þú veizt hefur hún nú verið 3 vetur kennari við kvennaskóla, og fengið 70 kr. í kaup um veturinn, og nú vill hún fá sjer hjer lærdóm, svo að hún geti bæði staðið vel í stöðu sinni, fengið á sig álit og bætt hag sinn svo, að hún geti haft sómasamlega ofan af fyrir sjer, því að 70 kr. eru ekkert til að lifa af. Hvernig lízt þjer á þetta? Hún tekur sjer kennslu í orgelspili og svo ætlar hún að ganga á fröken Zahles-skóla. Ella er energísk og með góðri greind og því held jeg að hún nái tilgangi sínum. Jeg fyrir mitt leyti óska þess af heilum hug bæði vegna hennar sjálfrar og framtíðarinnar.

Stúdentar með fölsuðu vitnisburðina komu líka með skipinu.

Þorleifur Jónsson og Jón Magnússon nema lög, Steingrímur Stefánsson reikningslist, Einar Hjörleifsson statistik (eins og Indriði), Árni Finsen polyteknik og Páll Bjarnarson læknisfræði. Nú er sagt að 40 piltar muni koma í skólann í ár og verður það mikill sægur; það verða menn þá að játa að fróðleikslöngun er næsta mikil hjá Íslendingum. Heyrðu, mjer finnst þú líta nokkuð svart á ástandið heima; Róm var eigi byggð á einum degi og það er eigi heldur von eptir 600 ára einveldi, að frelsið geti orðið rótfest hjá Íslendingum. Nú í ár hefur t.a.m. Kolbeinsárós náð gildi sem höfn að því er alþing snertir. Eptir því, sem jeg hygg bezt, þá finnst mjer að landar vorir í heild sinni sje fremri mörgum þjóðum að skynsemi og menntun; Danir telja sig með menntuðustu þjóðum og þó eru Íslendingar að vissu leyti miklu menntaðri. Alþingismenn mega líka sannarlega vara sig að hlaupa eigi í gönur. Þeir verða nú sem stendur að gá að því, að þeir eiga við reaktionært Ministerium og það væri að mörgu leyti leiðinlegt að fara núna, meðan svo margt er að gjöra, útí endalausa stjórnarbaráttu, ef maður byrjar, þá má eigi gefast upp, því að annars verður hin síðari villan verri hinni fyrri.

Þú nefnir leysing á sóknarbandi, en segðu mjer hvaða þörf er á þeim lögum sem nú stendur? hefur fólk verið að kvarta um hörð bönd í þeim, í sóknarbands efnum. Yfir höfuð finnst mjer þess konar hálfvelgjulög vera ærið lítils virði. Nei það er annað, sem menn eru farnir að óska eptir og það er að kjósa sína presta sjálfir og að kirkjan verði aðskilin frá ríkinu. Jeg hef eigi lesið mikið um ameríska presta en eptir því sem jeg ímynda mjer, þá held jeg, að þegar öllu er á botninn hvolft sje hvergi trúaðri og samviskusamari prestar í öllum heimi en þar. Allt hvað prestar eru slæmir heima, þá eru þeir þó þúsund sinnum betri en þeir hjer. Jeg segi þjer það satt, að hvenær sem jeg hugsa til þeirra, þá býður mjer við þeim. Þeir Farisear! en hið ytra eru þeir hvítir og hreinir sem kalkaðar grafir. Jeg hef þekkt 10-12 danska presta persónulega. Einn var hjer í Kaupmannahöfn ungur að aldri er heitir Hallas. Jeg hjelt fyrst allmikið af honum sem presti, því að hann talaði hjartnæmt og fallega, en svo fór hann að versna einhvern veginn, ræðurnar fóru aðeins að ganga út á miðaldalegar dogmur. Jeg var í kirkju, þegar hann hjelt skilnaðarræðuna (hann fjekk brauð yfir á Jótlandi í vor), þakkaði hann með miklum orðaflaumi og fögrum orðum prestinum, sem hann var kateket[1] hjá. Svo var jeg saman með honum í vikunni á eptir og þá húðskammaði hann prestinn, sem mesta ójafnaðarmann og leiðindasegg, er enginn gæti átt við. Svona hræsnaði hann í þessum efnum. Jeg hefi auðvitað þekkt marga með barnatrú, en sú trú brestur eins og bóla á vatni, ef á er blásið. Reynda trú þekki jeg ekki hjá öðrum en þjer, Arent Claessen og Magnúsi Eiríkssyni. En Magnús Eiríksson var *rationalisti* og hvað er *konsequensinn*, ef maður fer að rengja eitt í biblíunni? Mjer finnst það vera að rengja allt. Jóhann Þorkelsson sagði einu sinnu, þegar þið bjugguð saman, að hann skoðaði sköpunarsöguna eigi annað en fagra skáldsögu. En hvar getur hann staðnæmst?

Jeg veit, að þú hefur sterka trú og þolir þess vegna þó jeg tali blátt áfram. Ella hefur þar á móti sína barnatrú og við hana forðast jeg því að tala um þess konar efni. Það sem þú segir um játning mína, þá held jeg að það sje misskilningur hjá þjer. Lestu brjefið aptur ef þú hefur það enn þá. En nú skal jeg segja þjer um mína trú.

Þegar jeg kom í skóla var jeg trúaður en svo smittaðist jeg af léttúðaranda, sem þá ríkti í skólanum og var svo þangað til í 3. bekk B, um vorið 8. apríl, þá um nóttina átti jeg langa samræðu við Guðmund Helgason[2] og hann kom mjer til þess að hugsa alvarlega um trú og sáluhjálp. Jeg las svo talsvert í nýja testamentinu meðan jeg var í 4. bekk og sannfærðist ávallt meir og meir. Svo var þangað til annað sumarið sem jeg var hjer. Þá var jeg út í Slangerup og las kver sem heitir Talmud, því var hælt mikið í fornmálunum, sem rjettu og áreiðanlegu og sagt að frumritið hefði fengið mikla útbreiðslu á Englandi. Þar var talað um breytingu sem hefði orðið á trú Gyðinga á öldunum næst á undan Kristi, og sum orð, sem koma fyrir í nýja testamentinu, var þar sagt að væru eldri

[1] *Aðstoðarperstur.*

[2] *Séra Guðmundur Helgason (1853-1922) prestur lengst í Reykholti.*

t.a.m. "*allt hvað þjer viljið að mennirnir gjöri yður osfr"* eru þannig undirkomin. Um hundrað fyrir Krist voru uppi tveir menn í Gyðingalandi (nöfnin man jeg eigi) framúrskarandi að lærdóm, þeir kepptu um orðstír og frægð - og voru því engir vinir. Annar varð æðsti prestur. Svo kemur maður til hans og spyr hann að hvort hann geti kennt sjer lögmálið og spámennina standandi á öðrum fæti. Þessi maður bregst reiður við og kastar honum út; þá fer maðurinn til æðsta prestsins og ber sömu spurningu upp fyrir hann. Og þá svarar hann þessu: ofur hógværlega. Þessi bók fjekk mjög mikið á mig. Jeg var svo að leita í ýmsu öðru og ávallt rak jeg mig á fleira og fleira, sem jeg gat eigi skilið í. Jeg var um þetta leyti mjög órólegur, en nú hef eg fengið ró. Þú skalt samt eigi halda, að jeg sje mótfallinn kristinni trú; hún hefur auðvitað verið vanbrúkuð stundum, en hún hefur leitt svo gott af sjer, og mun leiða, að jeg vil óska að hún blómgist og hrífi hjörtu manna. Það er eigi jeg, eða mínir líkar sem skaða mest trúna, það eru heldur þeir vantrúuðu prestar og farísear í kirkjunni. Jeg get vel lesið sálm og heyrt góða ræðu og orðið hrifinn af því; jeg get eigi sjeð neitt, sem skaðist við það. Jeg segi sem svo: þetta er mögulegt, en það liggur fyrir utan það, sem mín vissa nær; það er mögulegt að jeg seinna trúi því. Að minnsta kosti vil jeg eigi hneyksla þá, sem trúa. En þeir sem trúa, hvað margir eru þeir? Það segir hjer um bil enginn stúdent hjer á Garði: jeg er vantrúaður; en þegar þeir tala léttúðugt um trúarefni og lifa léttúðugt, þá er trúin að minnsta kosti ljettvæg; þú sjer nú eptir þessu að jeg vil eigi ganga á móti trúnni. Ef jeg nú geng fram og segi mína reynslu. Þá er annað hvort að veikja menn í trúnni eða að þeir eru fastir og snúa sjer þá frá mjer með hryllingu.

Enn vil jeg þegja um mitt trúarástand. Hvað seinna verður veit jeg eigi. En jeg segi mjer sjálfum til huggunar: annaðhvort er dauðinn eins og svefn eða það er alvís og algóður og rjettlátur drottinn og hann mun eigi fyrirdæma mig í öðru lífi ef jeg lifi eptir því sem samviska mín segir mjer. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 30.9.1881.

Ræðir enn vandamál geðsjúks manns, Jónasar "vitleysings" úr Staðarhreppi sem Páll virðist hafa séð um lengi. Þá ræðir hann um erfiðar samgöngur þegar byggir á seglskipum þó fyrir komi að þær séu góðar eins og nú er tók fjóra daga frá Austurlandi til Noregs. Elín er búin að innrita sig í skóla frk. Zahles og verður þar ásamt Sigríði frá Djúpadal.[1] *Elín leggur um þessar mundir áherslu á söng og orgelleik í þeim tilgangi að geta kennt það. Segist hafa mikið gaman af að vera með henni. Eiríkur bróðir þeirra er ekki ánægður með Alþingi en gerir sér þó góðar vonir.*

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Reynistað. 9.10.1881.

-- Ég læt það vel líka, að þú settist að í Kaupmannahöfn.

Jósep búfræðingur fer að búa á Hólum í vor -- Það er afráðið að Skagafj.sýsla kosti skólann ein, þó hinar sýslurnar verði eigi með, sem enn er óráðið, eins og líka hitt, hvort kvennaskólinn verði byggður á Hólum. --

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 18.10.1881

Séra. Helgi Hálfdánars. bað mig senda 50 eint. af kverum sínum. Eggert bróðir HB byrjaður að lesa. Jón Ólafsson kennir ensku, strangur og snarar í busana núllum.

Vonar að Hrói höttur verði gefinn út. Heyskortur. Eggert Gunnarss. hefur selt skoskt hey. Segist með mikla verslun, vörur runnið út.

Eiríkur fengið bréf frá Kristjönu frænku þeirra í Þýskal. Sagði hún frá gullbrúðkaupi sínu, sendir myndir af þeim hjónum fyrir frændfólk á Ísl.

Sigríður E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Reynistað. 22.10.1881.

-- Ég sendi þér aleigu mína, nefnilega 2 kr. til þess að biðja þig að gjöra svo vel að kaupa fyrir mig silkiborða eða slifsi sem ég ætla að gefa Elínu á Hafsteinsstöðum. Hún gaf mér fallegt svuntuefni. Mér dettur ekkert annað í hug. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 9.9.1881.

Segir m.a. frá námsdvöl Sigríðar Jónsdóttur frá Djúpadal[2] *og Elínar systur hans á Zahleskóla í Höfn.*

-- Kvennaskólinn á Flugumýri er lítið sóttur þetta fyrsta tímabil. Hús handa honum eða efni í það var pantað og kom í sumar á Sauðárkrók, fyrst var talað um að setja það í Ytra-Vallholt, sem er opinber jörð, en samt réðist það í vor, að setja hann heldur á Ás í Hegranesi, en af því að ekki er víst, að þar verði ætíð jafnmerkur maður og Ólafur, þá er nú farið að tala um að setja hann á Hóla í Hjaltadal, er sýslunefndin keypti í vor fyrir 14000 kr. án þess þó að borga neinn eyrir í bráð, heldur fékk hún 6000 kr. móti því að borga 6% árl. í vexti og afborgun

[1] Sigríður Jónsdóttir (1858-1928). Hún varð líka forystukona í menntun kvenna, kenndi á Ytri-Ey og hélt skóla á Reynistað. Hún átti Sigurð Jónsson (1848-1921) bónda á Reynistað. Þau voru foreldrar Jóns alþingismanns á Reynistað.

[2] *Gæti verið systir Björns Jónssonar ritstjóra og ráðherra frá Djúpadal í Gufudalssveit.*

höfuðstóls, og verður hann þá að fullu borgaður á 28 árum.

Svo kom fyrir í vetur sem leið, að amtsráðið lagði það til, að farið væri að brúka búnaðaskólagjaldið, er var lögleitt 1872, 3 aurar af jarðahundraði og safnað í sjóð, en jafnframt stóð svo á að Benedikt Jónsson, en afi hans séra Benedikt Vigfússon hafði gefið Hóla, varð myndugur í vetur og vildi þá strax selja jörðina og var búinn að lofa henni Þorkeli á Frostastöðum fyrir 12000 kr. Hljóp sýslunefndin þá í kapp við Þorkel með að fá þessa ágætisjörð handa búnaðarskóla, við það hleypti seljandinn henni upp um 1500 kr. og svo varð nefndin að gefa Þorkeli 500 kr. til að koma eigi í baga við sig með kaupin.

Amtsráðið stakk fyrst upp á 3 búnaðarskólum, einum fyrir hverjar 2 sýslur, en fljótt ruddi sú skoðun sér til rúms hér í vestursýslunum, að betra væri að hafa einn skóla fyrir allt Norðurland (4 sýslur) en Eyfirðingar og Þingeyingar urðu á móti því, mest að kenna Benedikt sýslum. Sveinssyni, svo kom málið fyrir alþing, en það vildi ekki valdbjóða, eigi heldur veita neinn beinlínis styrk til jarðakaupa, þó það hafi áður verið á orði, að landsjóður legði jörð til, þarámóti ætlaði það 100.000 til útláns handa búnaðarskólanum, og höfum við því sótt um 8000 kr. með sömu kjörum og þyrftum við árl. að borga 840 kr. í vexti og afborgun. Á fundi í haust var afráðið að byrja skólann næsta ár, þó hún verði ein um það. Í dag var samið við búfræðing Jósef Björnsson að fara að búa á Hólum í vor og taka 8-10 pilta að hausti til kennslu og verklegrar að sumrinu, þeim er ætlað að vera 2 ár. Hann á að fá 800 kr. (í árslaun) af skólafé og 100 kr. með hverjum pilti, þarámóti veitir hann þeim fæði yfir árið, þjónustu, hita og ljós (á vetrum). Auk fríkennslu leggur skólinn þeim til húsnæði og rúmföt, jörðin nýtur jarðabótavinnu þeirra, en skólahaldari heyvinnunnar. Það er vonandi að Húnavatnssýsla taki þátt í skólanum og máske Eyjafj.sýsla, því nú er búfræðin útilokuð frá Möðruvallaskólanum. Þingið veitti hverri þinghá fornri 1000 kr. til alþýðu(unglinga)skólastofnunar og skipti þó Þorskafjaðarþingi í tvennt, svo þær eru 14 alls. Hugsum við því að stofna slíkan skóla sem fyrst og verður hann líkl. settur á Hólum. Um kvennaskólana er óvíst enn þangað til á kvennaskólanefndarfundi, er bráðum verður haldinn, það mælir með því, að sýslan á jörðina, og getur haft þar umráð og áhrif (skólahaldarinn er ráðinn með rétti til uppsagnar frá beggja hálfu), og jafnvel samlíf karla og kvenna, en þá er aðgreining á kynjunum, ef til vill, svo rík í huga sumra, að þeim þyki samblendni þeirra "ubetimelig", en eigi held eg að það þurfi að leiða til neins óskikkis.

Uppfræðsla (þ.e. eyðing vanþekkingar og villu) almennings hefur frá æsku verið mitt "*ceterum censeo*"[1] (eins og eyðilegging Kartagóar, Cato), þó eg hafi eigi haft skörungskap til að slá því út, fyrr en atvikin færðu það með sér. Þegar kvennaskóli, að sumri, verða víst hin óheppilegu tímabilaskipti afnumin.

Á Sauðárkrók er byggt barnaskólahús fyrir Sauðárhrepp, og vilja sumir í Staðarhrepp taka þátt í því, en þó er það eigi orðið enn. Barnaskólahús er og ráðgert í Fljótahreppi.

Við erum öll með góðri heilsu og eins ættleggurinn í Sauðárkrók, jeg er líka með fríska móti, síðan tíðin batnaði um höfuðdaginn og síðan er alltaf öndvegistíð, nema örlítið hret í miðjum október, og 30. septbr varð hann hvass á sunnan og slitnaði þá upp Hofsósskipið og rak upp í sand og var selt sem "Vrag"[2] það liggur þar enn eða réttara stendur á sandinum, af því það vantar tilfærur til að koma því aptur á flot.

Næstliðinn vetur sótti á mig hósti, mæði og máttleysi í kuldanum og þeir héldust að nokkru leyti fram undir höfuðdag. 15 oktober fyllti eg 70. árið, svo nú hefi eg sjötugra manna rétt, en hann er að mega segja af sér (án þess að hafa aðrar ástæður) með fullum eptirlaunum (2/3).

Mamma er 16 árum yngri og alltaf heilsugóð, þó er hún farin að þreytast og láta nokkuð á sjá, en einkum tönnurnar, Gunnlögur er líka heilsubetri enn hann var áður, og fer hann þá stundum ekki nógu varlega, með það að ætla sér eigi af, sem þó er ekkert unnið við. Valgerður er að kenna á Laugalandsskólanum, Ólafur er eins og stál, hann situr daginn út og daginn inn við skriftir, stundum bóklestur nema um sláttinn, þá þýtur hann út og slær eins og vargur.

Segir fréttir af hinum börnunum. Segir Ingibjörgu vilja láta Vilhjálm í latínuskólann, Eggert væri ánægður með að hann yrði búfræðingur.[3]

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri Briem. Reynistað. 9.11.1881.

Segir frá heilsufari foreldra sinna, landbúnaði og sauðasölu; stofnun Hólaskóla. Rætt um að flytja kvennaskólann þangað en aðsókn að honum er lítil. Heldur það vel til fallið. Einnig rætt um að stofna alþýðuskóla

--- og væri kostnaðarminnst að hafa hann þar líka.

Segir frá Möðruvallaskóla og Laugalandsskóla. Nefnir og morðið á Garfield forseta Bandaríkjanna (1831-

[1] *Auk þess legg ég til.*

[2] *Rekald.*

[3] *Vilhjálmur varð prestur og Eggert hæstaréttardómari.*

19.9.1881.)

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 12.11.1881.

Ræðir fjármál Elínar og hans. Ræðir styrkmál Elínar. Ætlar að ræða við Oddgeir. Elín leitar hjálpar Benedikte frænku sinnar. Þau systkin verða í afmælisveislu hennar daginn eftir.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 13.11.1881.

Segir frá því að þau Elín hafi mætt Popp á götu. Sagðist hann hafa boðið Gunnlaugi bróður þeirra faktorsstöðu er Bredahl fer frá. Spyr föður sinn um hvað hann hugsi sér með framtíðina og hvort hann ætli ekki að hætta, einkum ef Gunnlaugur hættir hjá honum.[1] *Eiríkur skrifaði Páli um að Eggert vilji draga það þar til Páll gæti tekið við.*

-- Það gladdi mig í huga mínum sem vott um þitt föðurlega ástríki, en þegar ég nú fer að gá að því þá bið ég þig að fara alveg eftir því sem þér og bræðrum mínum hentar best því að ég muni álvallt komast eitthvað áfram þegar ég hef fengið próf, en óvíst hvort mér getur gagnað að þú bíðir eftir mér, því að þá verða sjálfsagt þrír íslenskir kandídatar með besta vitnisburði (Jón Jensson, Ólafur Halldórsson, Halldór Daníelsson) í fyrirrúm. --

Við Ella vorum úti hjá Benedikte frændkonu okkar til að óska henni til hamingju á fæðingardeginum; þar var allra mesti fjöldi af gömlum konum og frúm. Sofía Ebbesen var þar og biður kærlega að heilsa þér -- Hannes Hafstein og Sofía systir hans var þar og öll fengum við *sjókólát,* kaffi, kökur og vín. --

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Seyðisfirði. 15.11.1881.

Segist hafa versta annexíuveg landsins til Mjóafjarðar og ekki hægt að fara hann nema gangandi og hættul. að auki. Ánægður með síldveiðiskipin vegna þeirra sem kemur honum til tekna og nemur 2.200 kr. Er það fyrsta sinn sem hann hefur fengið greiðslu sem hann hefur ekki unnið fyrir, svo þau hjón komast nú vel af með tvö börn. Kirkjurækni skánað. Sendi Eiríki Briem snemma í sumar handrit Torfh. Hólm, Brynjólf biskup, svo hann kæmi því til útgef. en hefur ekkert heyrt frá honum og er ergilgur út af því.

Rannveig Ólafsdóttir Briem skrifar Susie Briem. Winnipeg. 17.11.1881.

Kæra frændsystir.

Búið á ýmsum stöðum, einkum á hótelum. Vill að þau flytjist nær þeim þar sem loft er hollara. Rætt á fundi að fá HB sem barnakennara og séra Jón Bjarnason fyrir prest.

Þakkar Susie fyrir kvæði, sorglegt, fallegt en satt. Spyr hvort þetta sé skoðun hennar eða skoðun skálds. Segist hafa ýmist dökkar skoðanir á lífinu eða eins og væri sólskin. Stundum finnst henni lífið ómerkilegt, einskis virði.

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri Briem. Rvík. 8.12.1881.

Fyrirgreiðsla vegna sendingar Helgakvers, uppgjör v. prentsm. Gunnl. bróðir þeirra kominn suður, ætli að vera við verslun Eggerts Gunnarssonar. Segir af mikilli verslun hans, óregla er á henni, ódyggir starfsm. Fær Eggert Gunnarss. Gunnl. til að rétta af. Segir af afhjúpun minnisvarða Jóns Sig. í kirkjugarðinum. Rætt um að fá Norðmenn til síldveiða. Þá þurfa Íslendingar að leggja eitthvað til.

Deyfðin er mikil. Segir af morði og slælegri rannsókn. Eiríkur bróðir hans er orðinn ritstj. Ísafoldar. Jón Ól. fékk ekki starfið og byrjar með að gefa Skuld út.

Eggert og Ingibjörg Briem skrifa Eiríki, Gunnlaugi, Sigurði og Eggert Briem. Reynistað. 10.12.1881.

Bræðurnir Briem, Reykjavík. Kæru synir mínir Eiríkur, Gunnlögur, Sigurður og Eggert.

Það er mitt hlutskipti að færa ykkur þá þungu sorgarfregn, að Kristín systir ykkar er kölluð frá þessu lífi í dag eptir viku legu, frá því hún fæddi son, sem lifir. Hún var afbragð kvenna, svo við söknum hennar sáran, sér í lagi kenni eg í brjóst um Valgerði er elskaði hana svo innilega, að missa hana frá hlið sinni og fjórum smábörnum. Verið þið faldir guðs forsjón og varðveizlu í bráð og lengd.

Ykkar elskandi foreldrar Eggert, Ingibjörg.

Jón Ólafsson skrifar Halldóri E. Briem. Winnipeg. 10.12.1881.

Segir H.E.B. frá uppgangi í W. og biður hann um að skrifa í blöð, Budstikken og Norden svo aðrir sjái uppgang hjá Íslendingum. Segir góða stöðu sjóðs sem Halldór virðist kunnugur. Þá segir hann frá lóðaviðskiptum (fjárfestingu) þeirra nokkurra félaga á svæði sem hann nefnir Portis og sem gera má ráð fyrir að byggist upp. Segir frá barnaskólanum og að Jóhann Ólafsson Briem sé í W að gifta sig Guðrúnu Pálsdóttur -- griðku --*Sigtryggs Jónassonar sem býr nú í W. og er forseti framfarafélagsins.*

[1] *Hann var einskonar sýslufulltrúi.*

1882

Páll E. Briem skrifar Halldóri Briem. Khöfn. 12.1.1882.

-- Jeg þakka þjer einlæglega fyrir tvö brjef frá 15/11 og 27/12. Jeg er orðinn svo latur að skrifa að það er alveg furðulegt. Þakkaðu líka konu þinni einkar vel fyrir póstkortið, sem hún sendi mjer. Það var gott að þú ert farinn að verða jafngóður eptir leguna.

Jeg skal fara með brjefið til Tryggva á morgun og tala við hann um að senda þjer upplýsingar um peningana, sem hann hefur sent þjer. Meðal landa gengur allt sinn vanalega gang; menn fara í Íslendingafjelag til þess að láta sjer leiðast, sumir sitja með svefninn í augunum, aðrir fá sjer vindil eða bjór eða hvort tveggja, aðrir spila, aðrir skeggræða osfr. Stundum eru haldnir fyrirlestrar, en þeir geta þó eigi lífgað fjelagið. En þetta er reyndar náttúrlegt, af því að þar er aldrei talað um nein áhugamál, ekkert mál sem menn kæra sig um, því að út af því kynni að rísa rifrildi, en það má eigi rífast í fjelaginu.

Jeg hef víst skrifað þjer, að Guðmndur Þorláksson tók próf í vor, með heiðri og sóma, hann gæti nú komizt langt áfram, ef hann hefði styrk til þess að rífa sig út úr drykkjuskapnum, en kraptinn vantar. Þessa dagana hafa tveir landar tekið próf í lögum, Jón Jensson með láði og Gunnlaugur Guðmundsson með háð. Annar fer í íslenzka kontorinn og hinn tekur Dalasýslu. Það væri gaman að vera búinn núna. Ekki tek jeg próf fyrri en að vori. Það hafa komið frjettir heiman að nýlega. Veðráttan hafði verið mjög mild í december, hvar sem spurðist um landið. Síldarveiðin ákaflega mikil á Eyjafirði (150.000 tunnur) og góð á Austfjörðum.

4 stúdentar hjer í Höfn (Einar Hjörleifsson. Hannes Hafstein, Gestur Pálsson og Bertel Þorleifsson) ætla að gefa út í vor 1. árgang af tímariti, það á að vera eintómt skáldskaparrit, útlögð eða eptir þá frumsamið. Þau verða víst öll realsistisk, það er að segja, lýsandi lífinu, eins og það er og taka með bæði hið fagra og hið ófagra. Jeg veit eigi hvort sú stefna er komin í skáldskapinn í Ameríku, en hjer er nær ekkert nýtilegt skáldskaparrit með öðrum blæ. Þau lýsa opt einhverju hræðilega sorglegu, og þegar lokað er aptur bókinni stynur maður við af harmi og gremju yfir mönnunum eða mannfjelaginu. En hvað er nú betra þetta eða rómantisku ritin, sem gylla tilveruna og fylla mann með alls konar glæsilegum ímyndunum um lífið, sem svo hvergi eiga sjer stað og því vekur hjá manni leiða á því verulega lífi.

Prestar og eldri menn margir hatast við realista, og segja, að þeir prediki ósiðsemi og spillingu, það er auðvitað að þeir lýsa þessu, en mjer finnst að þeir einmitt sjeu þeir einu, sem predika móralinn nú á tímum, prestarnir gjöra það eigi, heldur er það kaldur og dauður bókstafur, sem hvorki hrífur þá eða aðra, en þeir bera fram. Þú getur eigi trúað því, hvað það er tilfinnalegt, að sjá unga presta hjer hamast og berjast um í stólnum, svo að svitinn rennur niður af þeim og þó, þó finna þeir ekkert til sjálfir, heldur eru þessi látalæti alveg lærð áður.

Þú heldur að jeg muni á síðan fá lifandi og styrka trú, en það held jeg eigi. Það er auðvitað, að þessi ritlingur um Talmúd kann að vera rangur eins og margt fleira, en það, sem mest er nú á móti, eru ýmsar hugleiðingar aðrar. Nú er t.a.m. allra skoðun, að hegnt er fyrir afbrot, að þá skuli eigi hegna öðrum til viðvörunar, af því að afbrotamaðurinn á eigi að líða fyrir aðra, heldur eigi refsingin að vera til að betra hann, til þess að ala hann upp til hlýðni við lögin, en hvað er kenningin um refsingu guðs, að hann láti sálina í hendur djöfulsins til þess að hann píni þar um alla eilífð. Það er álitið á Austurlöndum og er enn í dag, að rjettlætinu væru fullnægt með því saklaus maður væri deyddur í stað Gitteaus (?) og svo margt fleira.

En leggðu mjer nú heilræði. Þegar jeg kem heim, þá vil jeg helzt lofa hverjum að trúa og jeg vil hvorki berjast gegn trúnni eða hafa hana að hjegóma, en svo vil jeg vera í friði með mína skoðun, sem jeg er sæll með. Ef jeg er alveg hreinskilinn og segi afdráttalaust frá minni skoðun, þá munu menn hneikslast á mjer og brúka það sem vopn á móti mjer í málum, sem ekki koma því við. (Bæði þeir sem eru trúaðir og vantrúaðir t.a.m. Jón Ólafsson og gegn Friðbirni Steinssyni í Þjóðólfi).

En ef jeg eigi segi rjett frá, þá vefst jeg í ósannindum og óhreinskilni og það er eigi gott.

Góði bróðir minn, segðu mjer nú, hvað jeg á að gjöra í þessu efni. Jeg er alveg ráðalaus og veit eig hvað jeg skal gjöra. Því að mér er mikið um að gjöra að lenda eigi í túarstælu; jeg vil miklu heldur láta trúna batna og blómgast af því að jeg held að hún hafi góð áhrif á fólkið.

Heilsaðu konu þinni kærlega og vertu svo sjálfur sem kærast kvaddur af þínum elskandi bróður.

-- Ella hefur það gott, hún les af kappi á Zahles skóla. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri Briem. Khöfn. 5.2.1882.

-- Lögin um Möðruvallaskóla voru samþykkt af konungi í haust 4. nóv. og nú alveg nýlega var slegið upp

embættinu við hann (3. kennaraembættinu). Það á að veita það fyrst í júlí, svo að jeg vona að þú hafir nægan tíma til þess að sækja um það frá Ameríku. Þórður Thoroddsen, kandidat frá læknaskólanum, var settur í embættið í haust og mun hann verða þjer hættulegur, því að bæði er það reglusamur og duglegur maður og svo hefur honum nú gefizt færi á að sýna sig einmitt við Möðruvallaskólann og jeg er viss um, að hann fær miklar meðmælingar frá Jóni Hjaltalín og ef til vill fleiri mönnum fyrir norðan. Þú þar á móti hefur verið í Ameríku, sem höfðingjunum er eigi svo vel við, og átt í þessu trúarstríði, sem þeim er heldur eigi svo vel við, og þaraðauki skrifað allmargt um ástandið heima sem hefur verið meinlegt fyrir þá.

Þú sjer því að það er við nokkuð ramman reip að draga og að þú fyrir því verður að hafa úti allar árar til þess að ná í þetta litla embætti. Og eptir því sem þú skrifar mjer þá held jeg satt að segja að það sje skylda þín bæði við sjálfan þig og konu þína. Þess vegna skaltu nú skrifa Tryggva og segja honum hvað þjer sje þetta mikið áhugamál og leggja að honum að gjöra hvað hann geti fyrir þig, enn fremur verður þú að skrifa Vilhjálmi Finsen og skrifa honum um að hann hafi verið þjer meðmæltur þegar þú hafir sótt á móti Þorvaldi og biðja hann nú að liðsinna þjer. Enn verður þú að skrifa langt og snjallt sóknarskjal, telja þar upp þína kosti, lífsreynslu, lærdóm osfr. (getur þú eigi sagt að þú sjert inn í skólamálum Ameríkumanna) og segja hvað þú sjer náttúraður fyrir kennslu (því að það ert þú) osfr. Þú mátt alls eigi ætla að þeir hjer, höfðingjarnir, haldi á metaskálum rjettlætisins í höndum sjer og sækja um embættið í því trausti, heldur verður þú að brúka þau ráð, sem við eiga gagnvart þeim. Ef þú gjörir þetta, er eg viss um að þú verður kennari við Möðruvallaskóann, en ef þú fer eigi svona að, fær þú það eigi og þá er betur heima setið. En hvernig sem fer þá verður þú að fara heim. Jeg hefði að vísu gjarna viljað að þú hefðir orðið í Ameríku og verið höfðingi Vesturfara en nú verður það eigi, þessvegna skaltu fara, hvernig sem fer um kennaraembættið, heim í sumar, þú sem er svo reglusamur getur vel lifað þar, annað hvort skaltu fara til Reykjavíkur, lifa þar á kennslu og bókaútgerð (gef út íslenzk-dansk, þýzk og enska orðabók sem vasakver) og blaðaskriptum; jeg get vel ímyndað mjer að Björn Jónsson vilji feginn fá þig til þess að skrifa Ísafold, því að hann vill eigi hafa Grím og er í vandræðum, eða þú getur tekið brauð, orðið kapellán o.s.fr. Og ef þú ætlar þjer heim, þá verður þú einmitt að fara í vor eða sem allra fyrst, því að þegar svo margir fara að koma úr latínuskólanum, fer að verða illt fyrir lærðu mennina að lifa á Íslandi nema þeir sje bæði duglegir og reglusamir.

Halldór minn góður þú verður nú, að gjöra hvað þú getur í þessu efni og líta meir á markið en meðölin. Þú sagðist í fyrra að þú ættir að standa á baki Þorvaldi Thoroddsen, en sanna þú mál mitt, að þó að Þorv. sje góður maður, þá hefðir þú allt fyrir það orðið að meira gagni á Möðruvöllum. Það er auðvitað mjög fagurt að lifa fyrir eitthvert háleitt takmark og leggja allt í sölurnar fyrir það, en það verður maður þó að gjöra. En þegar menn fara að gipta sig þá tekst maður líka helgar skyldur á hendur, þá verður maður að hugsa um að lifa og þá verður maður að fara að vega í hendi sjer, hvort á jeg að gjöra þetta illa eða hitt illa. Þegar hrafnarnir hafa unga á vorin, drepa þeir lömbin til þess að gefa þeim að eta, og held jeg að það sje alveg rjett gjört af þeim. Það var idealið hjer fyrri að eyðileggja sitt jarðneska eðli og lifa svo að segja aðeins fyrir lífið í öðrum heimi, en nú held jeg að það sje farið að breytast nokkuð, nú er, held jeg, skoðað sem idealið, að gjöra gagn í þessum heimi og að menn skuli nota þau meðul sem frá mannlegu sjónarmiði eru bezt til þess að ná því marki. Þessvegna er t.a.m. nú í lögum álitið rjett að taka annara manna eigur, ef maður með því getur hjálpað lífsins heilsu og jafnvel tímanlegum hagnaði (velferð) sjálfs sín eða annara. Þú skilur vel hvað jeg á við svo jeg ætla eigi að fara lengra út í þessa sálma.

Jeg hef eigi mikið að skrifa þjer um lífið hjer. Það gengur alveg eins og vant er meinlítið og tíðindalítið. Jón Jensson fékk láð í lögum og er hann kominn á íslenzka kontorinn. Guðlaugur fjekk háð, hann sækir um Dalasýslu, en fær víst eigi af því að hann er svo mikill óreglumaður. Landar lesa nú vel og munu víst margir af seinni lögfræðingum fá láð. --

Tryggvi segist hafa sent þjer brjef um þær 166.00, en nú ætlar hann víst að skrifa þjer á ný. Mjer líður vel. Ellu sömuleiðis.

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Seyðisfirði. 10.2.1882.

Ræðir kjör HB. Segist ekki koma vestur fyrr en 1884. Líður vel, ekki síst vegna aukatekna og losnar senn við Mjóafjörð. Kirkjulíf dauft, ekki furða þótt prestar dofni. Uppástungur séra J.B. um kirkjumál lagði Eiríkur Briem aldrei fram. Hann sagði að það væri ekki til neins og svaraði eins og þú áttir von á að hann hugsaði.

Mikið slys varð af vatnsflóði 13. jan. á Fjarðaröldu, en JB býr á Vestdalseyri. Færði það fólk á sjó út og drap tvö börn. Skrifaði um þetta í Norðanfara. Helsta andlegt líf er nú bindindisfélagið og telur 70 manns.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 20.2.1882.

-- Þú sjerð af brjefinu, sem jeg legg innan í, hvað sára sorgarfregn þetta brjef hefur að færa þjer. Jeg fjekk þetta brjef í mogun og finnst jeg mjer verða eins og sljór við þessa fregn, jeg las brjefið aptur og aptur, en það var eigi að ganga úr skugga um þetta.

Kristín systir okkar er dáin. Jeg vil óska, að engin fregn veki hjá mjer jafn bitran harm, ekki af því að Kristín væri systir mín, eða við hefðum alizt upp saman, eða hún hefði uppfrætt mig fyrst manna eða hún hefði ávallt haldið mikið af mjer eða tengst mjer fremur en aðrir, eða hughreyst mig opt og einatt eða að við hefðum hafst sama eiginlegar barndóms minningar, heldur af því að hún var sú eina kona, sem hafði anda og hjarta til þess að geta skilið mig og það sem jeg hefði viljað berjast og stríða fyrir í heiminum. Mjer finnst jeg eigi geta haldið framar af Skagafirði, þar sem jeg þó á allar bernskuminningar mínar og mjer finnst jeg eigi geti unnið fyrir margt, sem jeg áður hef verið hrifinn yfir; það hafa nú losnað mörg bönd, og hamingjan má vita hvort jeg get bundið þau systur. Jeg veit vel að Kristín hefur það bezt svona, nú hefur hún á ungum aldri fyrirlátið stríð og andstreymi þessa lífs, án þess að sjá vonir og vini bregðast og vini og vandamenn andast og nú hvílir hún í eilífri ró og friði og við þetta hugga jeg mig. En börnin hennar 4 sem aldrei læra hana að þekkja, þau missa mest og bíða þess aldrei bætur, því að Kristín vildi og gat alið þau vel upp. Yngsti sonurinn sem lifði hana í viku heitir Gunnlaugur. Kristín átti að jarðast 22. desember.

Hvaða breytingu þetta veldur heima veit jeg ekki; en eigi þætti mjer ólíklegt, að pabbi segði af sjer í vor og ef til vill flytti til Reykjavíkur. Það er nú farið að minnka um það sem heldur manni aptur í Skagafirði. Sumir vinir dánir, sumir fluttir burtu, og aðrir brugðizt og orðnir að öfundar og óvildarmönnum. Glaumbæjar og Flugumýrafólkið! --.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 23.2.1882.

-- Þú verður að fyrirgefa mjer, að jeg hef alveg gleymt að skrifa þjer, að *Conversations lexiconið* kostar óbundið 37 kr. Hjer ber fátt til tíðinda og ekkert heyrist að heiman, en það er auðvitað, að þetta á að vera í síðasta skipti, sem engin ferð er til Íslands um miðjan janúar.

Nú á að fara að veita landlæknisembættið og er allmikið rætt um þá veitingu, því að danskur maður sækir á móti Jónassen, er hefur langtum betri einkunn; auk þess hefur hann verið í París og stúderað þar í 3 ár kirurgi, enfremur er hann tannlæknir og augnlæknir og yfir höfðuð margt til lista lagt. Íslendingar hjer vilja gjarnan að hann fái þetta embætti, til þess að hann geti rifið upp læknaskólann, en Oddgeir stendur fast á móti og vill veita Jónassen það. Hvernig fer vita menn eigi.

Skipið á að fara afstað 1. mars; með því fer heim Sveinn Sveinssona búfræðingur; hann er nú orðinn alllærður og ávallt hefur hann verið mikill atorkumaður; hann ætlar að fara að reisa búnaðarskóla heima og hyggur helst að setja hann á Hvanneyri í Borgarfirði. Ekki hef jeg hugsað neitt meira um sókn þína á kennaraembættinu -- Jeg ætla að skrifa pabba um það og svo skrifar hann sínum kunningjum um það, Vilhjálmi Finsen o.fl.

Skrifaðu mjer um hið andlega líf hjá Íslendingum í Ameríku. Geta þeir haldið málinu og eiga þeir að gera það, þó þeir geti? Við hverja lifa þeir mest saman, Norðmenn eða Ameríkumenn?

Hjer í Danmörku er mest rætt um ráðgjafana og hyggja menn að þeir muni bráðlega víkja úr sessi. En hvað það muni gagna, geta menn eigi gjört grein fyrir. Vinstrimenn fá samt fleiri og fleiri af hægrimönnum og bæjarlýð í lið með sjer. Áður hefur enginn þótzt geta verið þekktur fyrir að vera á þeirra máli, ef hann var menntaður. en nú er það farið að breytast. Þannig var nýlega haldin veizla af stúdentum (ca. 400) og vinstri mönnum og gekk þar mjög vinsamlega til meðal þeirra; bændur lofaðir fyrir frelsis- og föðurlandsást osfr.

Ella hefur það bærilega og sömuleiðis jeg. --

Torfhildur Hólm skrifar Susie Briem. Winnipeg. 26.2.1882.

Kæra frú Briem.

Þakkar bréf, getur ekki svarað t.d. um Íslendingafél. sem hún þekkir ekki til nema helst að hún sá leikritin Nýársnótt og Misskilning, sem og að ísl. konur hafi haldið fundi með sér. Ekki frétt af bók sinni en vonar að hún komi út, þá muni hún leita til S.B. um álit. Bókinni í mörgu ábótav:

-- Fáir eru smiðir í fyrsta sinn. --

Taylorfólk kemur til þeirra og dvelur í 2-3 daga.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 1.3.1882.

-- Það voru mikil sorgartíðindi fyrir okkur systkinin að heyra lát Kristínar systur okkar, en við huggum okkur við að hennar hlutskipti er nú betra en áður. Hún hefur gert mikið og margt gott um sitt stutta en dáðríka líf og fær hún og fljótt að fá að bera úr býtum sín laun. Við sjáum eftir henni --en þökkum nú fyrir umliðna tímann og unnum henni nú fengins friðar og gleðjumst yfir hennar sælu. --

Ræðir um Halldór í Ameríku og fyrirætlanir hans um að sækja um kennaraembætti á Möðruvöllum og líkurnar á að hann fái embættið. Ræðir hann mál þeirra Elínar í Höfn, einkum peningamál. --

En nú skal ég segja þér hvernig ástandið er: við Ella komumst af þangað til skipið kemur aftur í apríl, ef þú ekki sendir fé þá fer ég í Tryggva svo því er nú öllu óhætt. --

Sigríður E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Reynistað. 4.3.1882.

-- Ekki get ég sagt þér neitt víst um kvennaskólann. Það er allt eins og á huldu, en það get ég samt sagt með vissu, að ekki verður af byggingunni þetta árið og hamingjan má vita nær það verður.

Á síðasta sýslufundi kom skjal með undirskrift margra hreppanna, en eiginlega var það úr Akrahreppi, um að afbiðja bæði kvenna- og búnaðarskólann og sömuleiðis sýningar. Því var, eftir þessari beiðni, sýningarnar afteknar og kvennaskólinn, á þann hátt, að ef Húnvetningar vildu vera í samlögum um búnaðarskólann þá áttu þeir að hafa skagfirska skólann saman við sinn skóla, svo að skóli væri í hverri sýslu. Kvennaskólinn var þó kominn á þótt að hann væri á veikum fæti þar eð eigi var búið að koma upp húsinu, þá sýndist það vera leitt að hafa hann til þess að ginna Húnvetninga í samtök með Hólaskólann. Ef að Húnvetningar eigi vilja taka þessu boði þá á ávallt að vera sett á Hóla, nefnilega skólarnir báðir. Viðinn, sem var útvegaður til byggingarinnar á að seljast aftur. --

Sigríður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 5.3.1882.

Flytur honum með fögrum orðum fregn um lát Kristínar systur þeirra, 10.12.

-- Ojæja, svona gengur það til í heiminum, það er alltaf eitthvað stríð; ef ekkert er stríðið þá er heldur enginn sigurinn. ... hún var svo unaðsleg og kom allsstaðar fram til góðs og mun það sannast að það áhugamál sem hún barðist mest fyrir hefur misst mikið, það er kvennaskólamálefni vort. --

Segir frá kvenna- og búnaðarskólamáli. Gunnlaugur bróðir þeirra sé að flytja suður til Rvíkur. Óskar að mega fara til HB og vera þar nokkur ár - kannski. sé heimska að hugsa svo.

Ísleifur Gíslason[1] til Páls E. Briem. P.t. Eyrarbakka. 25.3.1882

-- Kærar þakkir fyrir bréfið meðtekið í dag, og svo fyrir sendínguna sem því fylgdi. - Þetta sem þú nefndir við mig um daginn um veðið var allt í svoddan flaustri, að ég hafði ekki umsvif til að umþótta mig, því þegar ég fór að gá betur að, þá eru þær fasteignir sem ég á hjer fyrir sunnan verðsettar áður; jeg nefndi nl. á eptir að jörðin sem jeg hafði í huga handa þjer, nl. Tjörn í Biskupstungum, hafði jeg ljeð Hermanni sýslumanni í Rangárvallasýslu, sem pant fyrir sínum sýslugjöldum; en Engeyjarpartinn hef ég verðsett að nokkru leyti sjálfur. Nú var því úr vöndu að ráða þegar maðurinn kom frá þér í kveld, því ekki vildi jeg nú gjarnan vera svikari við þig, en í *oblígatiónunum* átti eg ekki það sem nægði; eg fór því í Stefán sýslumann og ætlum við nú að hjálpast að að ljá þér oblígatíónir (skuldabréf), en Stefán bindur það þessum skilyrðum sem blaðið sýnir; við þorum nl. hvorugur að senda oblígatiónir með Ísak í þessari tíð, en vonum að þessi yfirlýsing frá okkur hálfu gjöri sama gagn. Nú þyrftirðu því að gjöra einhverja ráðstöfun fyrir að nálgast oblígatínonirnar og láta kvittun fylgja með fyrir móttökunni ef þær þurfa að sendast. -- Ég hafði ekki önnur ráð en þessi, enda eru þau fljótlegust, ef þau duga, því umsvif hefði kostað að fara að virða jarðir en tíminn naumur --

Fyrirgefðu flaustrið og allt þetta, en það er nokkuð þér sjálfum að kenna, að þú nefndir þetta ekki fyr, en eg hafði engan umhugsunartíma; en kannske þetta dugi. --

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 25.3.82.

Sleginn v. dauða Kristínar Claessen systur þeirra.

-- Þegar ég hugleiði hvílíkum kostum hún var búin, en að hún fékk þó eigi meira að gjört, finn ég hvílíkt ranglæti það er að láta kvenfólk ekki hafa meiri réttindi en er. --

Gunnlaugur ráðinn til starfa hjá Eggert Gunnarssyni. Segir af samstarfi þeirra.

Borið hefur á óknyttum í skólanum, m.a. brotist inn, stolið vitnisburðabókum 4. bekkjar, rifnar og dreift við skólann. Ágreiningur meðal kennara um hvað gera skuli. Rektor flutti áminningarræðu. Fleiri brot hafa verið framin, virðist beinast gegn Birni (M. Olsen), klaufalegur, ólempinn, bráður, hefur ráðist á pilta. Óeining meðal pilta og starfandi tvö félög, gamla Bandamannafél. og hið nýja, Ingólfur. Í Bandam.fél. er mikið starf, haldnir fundir, veitt verðlaun. Bestur rithöfundur nú er Ólafur Davíðss.[2] frá Reistará. Bestur mælskumaður er Þorst. Erlingss., einnig hagmæltur. Fleiri yrkja en eru ekki skáldefni.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 14.4.1882.

Ræðir um útvegun á fötum fyrir föður þeirra, skraddarann og sendingu. Fötin kosta 120 kr. --

-- Okkur Ellu líður vel, hún gengur á skólann og halda kennslukonurnar mikið af henni enda held ég að hún

[1] *Séra Ísleifur Gíslason (1841-1892) alþingismaður og prestur í Arnarbæli og víðar.*

[2] *Frændi þeirra.*

standi sig prýðilega. Það var fyrir nokkru að Benedikta[1] frændkona okkar hélt fyrirlestur á skólanum og máttu nokkrar af lærimeyjunum vera viðstaddar.

Förken Zahle gerði svo á eftir ýmsar góðgerðir; fór hún þá að tala við Elínu hvort hún gæti eigi verið framvegis og sagðist gjarnan vilja styrkja hana til þess. Hún fór svo að ráðgast um það við Benediktu að leggja ýmislegt til, t.d. að leita til generalkonsúls Clausens, en Benedikta sagði að maður yrði nú að halda sér við ættina. Ellu langar nú fjarska mikið til að geta verið þar framvegis og ég held að hún hafi nú von um það, án þess að það verði mjög dýrt. Benedikta sagðist gjarnan vilja styrkja Ellu, en hún gæti það eigi í ár, hún hefði svo miklu að kosta til drengjanna sem hún hefur tekið að sér. Hún ráðlagði Ellu að fara til Soffíu Jóhannsdóttur. Svo fór Ella til hennar og nú hefur hún lofað að láta Ellu fá miðdagsmat er hún borgi einhvern tíma eftir hentugleikum, útvegaði henni herbergi í húsinu fyrir lítið verð og lofaði að vera henni notaleg í ýmsu fleira. Svo hefur Ella von um að fá kauplausa kennslu hjá fröken Zahle. Síðan ætlar hún í sumar að sækja um styrk til Nellemans og hlýtur að fá hjá honum 400 kr. eins og *meierskurnar* og ef til vill meira.

Sveinn búfræðingur[2] fékk 1000 kr. til þess að stúdera við *Landbohöjskólann*. Ef svo vantar á fer Ella í Eirík, hann hefur lofað henni að gera eitthvað fyrir hana ef henni liggi mikið á. Ég held að þetta geti gengið, óska líka eftir því, Ellu gengur svo prýðilega á skólanum og langar mikið til þess. Ég held líka að hún geti haft eitthvað upp úr því. Þegar farið verður að stofna unglingaskólana eður einhverja öfluga kvennaskóla hlýtur hún að standa fremst í röð.

Fröken Zahle sagði að það væri munur á Ellu og tveimur íslenskum, sem áður höfðu gengið á skólann[3]. Ég veit eigi hvort þú þekkir fröken Zahle nokkuð af afspurn, en hún hefur hér mikið álit. Hún útvegar öllum duglegum stúlkum, sem hún kennir, góða forþénustu og allir leita hennar því hún mælir eigi með öðrum en góðum og duglegum stúlkum. --

Mikil breyting verður nú á heima. Nú fer Gunnlaugur til Reykjavíkur og sest þar að. Gangi honum allt gæfusamlega. Valgerður fer á Sauðárkrók og er það gleðilegt fyrir alla og sérstaklega er það gott fyrir aumingja litlu börnin. Ég er viss um að þau geta eigi komist í betri hendur. Að vissu leyti kann Valgerður betur við það en kennsluna er hún hefur aldrei fellt sig við. Mikið starfar Eiríkur, og oft held ég að hann sé þreyttur, en þetta (starf) á einmitt við hann. --

Ég hef verið hjá Oddgeiri nýlega að tala við hann um Halldór. Þórður sækir um á móti honum og hefur miklar meðmælingar, svo að nú veitir eigi af að styrkja Halldór að máli, samt hef ég góðar vonir. Leitaðu til Finsens, hann verður drýgstur. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Reynistað, 23.4.1882.

Ræðir við hana um brottförina frá Reynistað.

-- líklega verður minnkað búið í ár og hætt að vori, ef alvara verður úr þessu. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 29.5.1882.

Segir frá mikilli baráttu og áróðri vegna stöðunnar á Möðruvöllum. Ræðir um að Halldór þoli ekki loftið í Ameríku. Ef hann fái ekki embætti þyrfti að styrkja hann til námsferðar til Þýskal. og Parísar vegna kennaraembættis við latínuskólann. Ræðir um peningamál, kostnað pabba síns af sér, væntanlegt próf og horfur, jafnvel að hann fái ekki fyrstu einkun - láð. --

Það er auðvitað, að ég þá tæplega verð einn af *æðstu embættismönnum* landsins, en ég veit nú eigi heldur hvort ég mundi verða það hvort sem er, því að beygingar og hneygingar eru næsta átakanlegar. Ég er að vissu leyti *ærgjerrig,*[4] en ég vildi hvorki verða annar Bergur eða annar Magnús Stephensen.

Nú hefur Tryggvi fengið riddarakross og ætlar nú danskurinn alvega að rífa hann í sig og éta með heillaóskum. Á slíku ber miklu meira hér og tekið miklu betur; hvort það er af ílöngun eða ekki er varla hægt að segja. --

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Reynistað, 9.6.1882.

-- Mér þykir vænt um að þér gengur vel námið, en samt er ég svo vondur og stífur, að ég vil eigi leggja þér meira til en þær 1000 kr. og litla trú hef ég á þessum styrk sem þú ert að tala um. Eiríkur held ég hafi nóg með að sjá um sig, þó hann vinni baki brotnu, því húsaleigan er svo fjarska dýr í Rvík, svo hann langar til að koma upp húsi, en mun skorta efni. En að öðru leyti ertu þér að öllu leyti ráðandi sjálf, með því við búmst eigi heldur

[1] *Benedikte Arnsen-Kall, rithöfundur.*
[2] Sveinn Sveinsson (1849-'92) búfræðingur. Þekktur fyrir uppdrætti t.d. af Reykjavík og Engey.
[3] Önnur var líkl.: Dagmar (1862-1940) kennari og nuddlæknir Rothschildfjölskyldunnar París; ferðaðist með henni víða um lönd og naut eftirlauna hennar. Hlaut fálkaorðuna. Systir Þorbjargar, f.k. Klemensar Jónssonar landritara. Þær voru dætur Stefáns Bjarnasonar sýslumanns í Arnessýslu og danskar konu hans.
[4] Metorðagjarn.

við að þú verðir hjá okkur, enda bregðum við líklega búskap að vori. við álítum að þú sért búin að læra nóg til að vera kennslukona hér, t.d. á Laugalandi, launin svo lítil, að þau þola eigi meiri undirbúningskostnað. --

En ef þú hefir eða færð nokkrar ástæður til að vera kyr í Höfn, þá gætir þú líklega fengið svo gott embætti erlendis, að það yrði eigi tilvinnandi að koma hingað í harðindin og kuldann. Hér er allt fullt af hafís og lítill gróður en kominn í 8. viku sumars. -- Nú eru þau Gunnlaugur og Frederikke að búa sig til ferðar 19. þ.m. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 16.6.1882.

Saknar frétta að heiman. Blöð bera fréttir af slæmu ástandi og fjárfelli á suðausturlandi m.a. af bónda sem hefði misst allt sitt, 900 fjár. Nú sé komið sumar og græn tún. Ræðir og próf í lögum, fjármálaútréttingar og læknisfræði. Jónassen læknir ætlar að taka doktorspróf.

-- Það er undarlegt hvað gáfnatregir broddborgarar geta verið duglegir. --

Ella biður kærl. að heilsa; hún gefur sér eigi tíma til þess að skrifa. Hún les af miklu kappi og stendur sig vel. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 6.9.1882.

-- Ég hef gleymt að senda þér innlagða beiðni sem ég skrifaði landshöfðingja í sumar, ef þú færð nokkuð upp úr því, þá áttu það að þakka áræði mínu að hika ekki við að leita styrks. Það var gott að Dóri nálægðist okkur aftur og ekki vann Palli það fyrir gíg, þó honum þætti fáar *anbefalingarnar*.[1] --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 6.9.1882.

Saknar bréfa að heiman; segir frá Halldóri og að hann sé ákveðinn að sækja um Möðruvelli, þótt hann viti eigi um kennslugreinar --

-- Ellu gengur vel í skólanum og halda kennararnir af henni. Seinast þegar danskur stíll kom inn sagði kennarinn að það væri þó undarlegt að hún, útlendingurinn, skyldi skrifa betur dönsku en þær innfæddu.

Ella fer nú af skólanum um næstu mánaðamót og ég held að nú hafi hún fengið svo góða undirstöðu að hún getir stúderað framvegis upp á eigin spýtur. Það er þó eftir að fá bækurnar því blindur er bóklaus maður. --

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Khöfn. 29.3.1882.

-- Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir brjef þitt frá 3/3; þykir mjer vænt um hvað þú ert á líkum skoðunum og jeg að vissu leyti. Kristófer Bruun[2] er einn af mínum uppáhaldsmönnum. Þar er maður sem eigi er hræsnari og þó kann hann að rata meðalhófið. Það er nú eigi til neins að tala mikið meira fyrir okkur um persónulega trú; jeg finn það með sjálfum mjer að jeg get eigi trúað biblíunni, nje heldur sætt mig við trúarlærdómana. Jeg met hana að öðru leyti ákaflega mikið, sem siðafræði o.s.fr. Aptur á móti hef jeg nú sætt mig við mína skoðun, eins og Spencer segir, að hið æðsta sje absolut *mysterium*.[3] Jeg hef nú fengið frið með þeirri ímyndun og þar um verður svo eigi þráttað. - Jeg er eins og þú pietisti,[4] en maður má þó vara sig á því að ganga of langt. Maður má vara sig á að dæma mennina of hart. Jeg held eigi af Hannesi, karakter hans á eigi við mig, en á hinn bóginn get jeg eigi lagt þungan dóm á hann fyrir kvæði sín. Tennyson hinn enski hefur nýlega ort kvæði þar sem vínið er lofað mjög mikið og hvað mörg skáld hafa eigi gjört það; og hvað margir af ágætismönnum heimsins hafa eigi verið drykkjumenn og kvennamenn. Jafnvel Franklín átti krakka í lausaleik. Guðmundur á nú bágt, hann er mjög leiðinlegur og viljinn er veikur; hann dregst út í slarkið, en hefur eigi krapt til að rífa sig út úr því, það má heldur eigi segja að hann hafi að engu orðið nýtur, hann hefur gefið út fornsögur I. Nú kom fyrir skömmu út Gyðingasaga Brands biskups gefin út af honum og svo gefur hann út annála Jóns Halldórssonar fyrir bókmenntafjelagið í ár. Jeg vil eigi dæma greyið Guðm. mjög strangt, en hann hefur nú líka bætt sig nokkuð eða að minnsta kosti reynt til þess. Mjer þykir það mjög fallegt þegar jeg get fundið eitthvað gott hjá þeim sem líta eigi vel út fyrir almennings augum. Ógn þykir mjer það fallegt hjá Henrik Ibsen, að sem presturinn segir við Falk í "*Kjærlighedens komedi*" eða greftrunarræðan, sem Per Gynt heyrir fyrst eptir, að hann kemur til Noregs í "*Per Gynt*"?

Þakka þjer fyrir þín heilræði, jeg var líka búinn að hugsa mjer einmitt þetta sem þú segir mjer, og þykir mjer vænt um að þú ert á því líka. - Jeg tek ekki próf í vor, heldur hef jeg hugsað mjer það að ári.

Jeg var uppi hjá Oddgeiri Stephensen og mun hann tæplega hafa á móti þjer eptir því sem honum fórust orð. Hann sagðist eigi vita hvað 2. kennari (það er embættið) ætti að kenna; kvaðst hann hafa skrifað landshöfðingja

[1] *Meðmæli.*

[2] *Christopher Bruun (1839-1920) norskur prestur, vinstrisósíalisti og frjálslyndur ungmennahreyfingarmaður sem m.a. skilgreindi hvað það þýddi að vera norskur.*

[3] *Óúskýranleg, trúarleg dularupplifun.*

[4] *Heittrúarmaður.*

það og líklega fá svar nú með póstskipinu og sagði jeg skyldi koma aptur eptir að skipið væri komið; fyrir mitt leyti álít, að þú munir hvort sem er fá embættið, en þetta er þó miklu betra, til þess að vera vissari. Jeg tel það eigi svo dárlegt[1] í peningalegu tilliti, jeg fyrir mitt leyti vildi það heldur en 2000 kr. í Reykjavík.

Eitthvað ætti maður líka að geta unnið sjer inn þar fyrir utan að minnsta kosti í sumarleyfi. Vertu nú búinn að útvega þjer þessi gögn þegar næsta brjef kemur frá mjer. --

Páll E. Briem skrifar Eggert E. Briem. Khöfn. 5.4. 1882.

-- Ekki veit jeg fyrir víst hvað Halldór gjörir, jeg hef nú skrifað honum, að ef hann leggur sig fram þá fær hann kennaraembættið á Möðruvöllum, en annars eigi. Þórður hefur miklar meðmælingar og hefur hann verið 1 ár við skólann, svo nú er um að gjöra að Halldór fái sjer líka meðmælingar; og enn fremur að hann hafi hjer góða fylgismenn og það vona jeg að hann hafi. Hver betri fyrir skólann, Þórður eða Halldór, er eigi gott að segja, en hitt held jeg sje þó víst að Halldór muni líta á starf sitt með meiri alvöru. Jeg veit ei hvernig Halldór á að lifa heima á Íslandi ef hann eigi fær þetta embætti, með ameríska konu.

Ella gengur enn á skólann, hún hefur enn eigi sótt um styrk til ráðgjafans af því að jeg vil eigi á sama tíma vera að fara til Oddgeirs með það og jeg er með sóknarbrjef Halldós. Ella er nú flutt frá Claessens fólkinu, af því að það fjekk sjer húsakynni sem voru talsvert minni en þar sem (þau) voru í vetur og svo heldur Ella að það verði nokkuð ódýrara að hafa kvöld- og morgunmat hjá sjer, en kaupa aðeins miðdegismat. Það gekk úr skaptinu að hún færi til Sofíu Jóhannsdóttur, en nú fær hún 10 kr. til láns hjá henni um mánuðinn. Benedikta ætlar að útveg Ellu gefins 10 kr. á mánuði og fröken Zahle setti kennslukaupið niður um 10 kr. Svo vonar Ella að fá hjá ráðgjafanum 400 kr. eins og *mejerskurnar*.[2] Þú sjer altsvo að Ella er vongóð um að geta verið hjer framvegis, en hún les líka þar eptir eins og hestur.

Það þótti mjer gaman að vita hvað sagt er um fjögraskáldaritið "*Verðandi*". Hjer hefur verið tekið vel á móti því. Það gengur hjer sú saga um íslenska stúlku er Mekkin heitir, að þegar hún var búin að lesa "*Kærleiksheimili*" eptir Gest Pálsson, hafi hún gengið út og kastað sjer út í vatn eitt hjer og viljað drukkna, en henni varð bjargað.

Það hefur komið út brjef um lærðaskólann, er lýsir heldur svart ástandinu þar og gefur mörgum sneiðir, en er þó verst við Björn Ólsen. Enginn veit með vissu hver hefur skrifað það og geta menn upp á ýmsum, Birni Jónssyni o.s.frv. en flestir hyggja að það sje skrifað heima og er það líklegra. Hannes (Hafstein) frændi hefur verið mjer svo velviljaður að eigna mjer það og sagt að jeg, Siggi, Eggert, Finnur Jónsson og Klemens bróðir hans sje í þessu, en það er eigi svara vert. --[3]

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 23.4.1882.

-- Eg hef verið á talsverðurm flækingi í vetur og hefir það lent í ýmsu vafstri og annríki um póstferðirnar.

Eg trúi því varla sjálfur að ég fari að flytja byggð mína í sumar og fara heiman að, ég er búinn að kúra svo lengi í föðurhúsum að ég á full erfitt með að taka mig upp til þessa flugs. - Eg get ekki sagt þjer neitt ákvarðað hvorki um mína væntanlegu hagi nje heldur hvernig við höfum það hjer heima ef þessi breyting verður, sem bíður annari stórbreytingu sjálfsagt heim.--

> *Ræðir um dauða Kristínar frá 4 börnum. Fékk fréttina til Rvíkur og jók það á leiðindin syðra. Vonar að H.E.B. komi heim. Mamma þeirra hrædd um að Susie uni sér ekki á Ísl. Það gerðist ekki er Gunnlaugur trúlofaðist Frederikke.*

-- Það var ég líka hræddur um, þegar ég trúlofaðist Frederikke, en það hefur ekki borið á leiðindum í henni. Nú er hún stoð og stytta bróður síns á Sauðárkróki sem hefur misst svo mikið. ---

Sigríður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 23.4.1882.

> *Ræðir framtíð H.E.B. möguleika hans á starfi á Möðruvöllum eða við Lærða skólann, ef Björn M. Olsen fari frá. Ræðir aðra kennara skólans. Efast um að Susie uni sér á Ísl., þó skár syðra. Segir af flutningi Gunnlaugs bróður þeirra suður og starfi hans; skólagöngu Páls og Sigurðar. Einnig af heilsu föður þeirra; líka frá Hólaskóla og kvennaskólanum, frá börnum Kristínar sem hún hafði heimsótt á Króknum. Sagði m.a. að Gunnlaugur væri ofurefnilegur.*

Eggert G. Briem skrifar Halldóri Briem. Reynistað. 23.4.1882.

-- Mánuði eptir að eg skrifaði þér seinast sendi guð okkur það þunga hlutskipti að þurfa að sjá á bak okkar

---

[1] *Verra.*

[2] *Þá var áhugi fyrir stofnun rjómabúa og stóð lengi. Mejerskurnar voru að læra við rjómabúin í Danmörku, og reyndar víðar og náði fram á 20. öld.*

[3] *Enn kemur hér sönun þess að Páll hafi ekki neitt meðhöfundur. Sigurður bróðir gaf bendingu um að hann ætti þátt í bréfunum.*

elskuðu Kristínu. Ég kenni mest í brjóst um valmennið Claessen að missa hana frá sér og öllum blessuðu börnunum, þau unnust svo mjög. Hún dó skömmu eptir fæðingu fjórða barnsins, er heitir Gunnlögur, þau eru öll mjög efnileg. Burtköllun Kristínar tók líka mikið á mömmu.

Það er leiðinlegt, hvað þú ert alltaf heilsulaus; hinsvegar gleður það okkur frændur þína, ef þú gætir sótt betri heilsu hingað til gamla landsins. Palli minntist líka á beiðni þína um embættið, það fylgir því leikfimiskennsla, en eg vona það verði eigi til fyrirstöðu, en söngfræðikennara fá þeir varla betri. Eg hef nú skrifað Oddgeiri Stephensen og beðið hann að leiðbeina Palla, hvað til þess útheimtist að þú fáir embættið; skrifar svo Palli þér sem fyrst. Bænaskrár eiga að vera innkomnar 24. júlí og kennarinn að vera kominn til skólans fyrir 1. okt. Verður það eigi naumur tími fyrir þig ef þú færð embættið, frá því þú getur fengið að vita það? Ef þú hefðir nóga peninga, þá ættir þú að fara og vera kominn til Hafnar fyrir 24. júlí, svo vertu velkominn hingað og ef þú fær eigi embættið, að búa hér í húsinu hans Gunnlögs þó það verði nú æði kalt og einmannalegt fyrir konuna þína.

Eg ætla nú að biðja um lausn frá embættinu í fardögum 1883 (eða í öllu falli 1884) og erum við að ráðgera að flytja þá til Reykjavíkur, enda er nú Eiríkur kominn þangað og Gunnlögur ætlar að flytja þangað í júnímánuði sem faktor við verzlun Eggerts frænda Gunnarssonar. Vill mamma því, að þú fáir heldur embætti í Reykjavík. Það hefur verið mikið uppþot á piltum á Möðruvöllum í vetur út af matnum við brytann Jón Guðmundsson (Skjöld), er tók jörðina í vor, en þó held eg það saki ekki skólann eftirleiðis.

Eg hef líkl. krítað eitthvað liðugt um skólana hér í vetur. Um ungmennaskólann er ekkert talað enn og margir eru enn á móti því, að kvennaskólinn fari að Hólum en búnaðarskólinn dafnar vona eg, því Húnavatns og Eyjafj.sýslur taka þátt í honum, ef okkur semur, og skil eg ekki, að neitt geti orðið að sundurlyndi þá menn hittast á fundi í júnímánuði.

Mamma heilsar þér sem ástsamlegast og við öll biðjum þig að bera konu þinni elskulegri beztu kveðju vora. Fyrir þitt ágæta bréf frá 27. jan. þakka eg þér ástsamlega og bið þig að misvirða eigi, að eg skrifa eigi meira í þetta sinn. --[1]

Páll E. Briem skrifar Halldóri Briem. Khöfn. 23.4.1882.

-- Jeg hef nú lagt hjer innan í uppkast til sóknarskjals og verður þú að hafa það í þessu formi. Þú mátt ómögulega draga úr því eða stytta nema ef það er beinlínis rangt. Það er bezt ef þú getur gjört nokkuð meira úr og kveðið skarpar á. Atriði sem þeir góðu herrar halda eigi eins mikið af, t.a.m. ritstjórastörf við lítið blað, er bezt að líði hjá, og minnast eigi á. Svo er eitt sem þú umfram allt verður að fá þjer, það er að fá meðmælingar hjá merkum mönnum, prófessorum eða þess háttar. Ef þú eigi gjörir þitt ítrasta til þess þá brýtur þú margar skyldur. Þórður hefur margar meðmælingar og ákaflega lofandi, svo þú verður líka að halda á spöðunum. Jeg er hálft í hverju að hugsa um að skrifa Halldóri Friðrikssyni og biðja hann um meðmælingu handa þjer. Svo stendur á að þeir hjer gjarnan vilja veita þjer embættið, en af því að Þórður var settur í það fyrri, verða þeir að hafa tryggingu fyrir því að þú sjert þá verulega góður. Altsvo ef þú eigi gjörir allt þitt til þá fær þú eigi embættið, en annars fær þú það. Fögin sem þú verður að kenna eru eigi hin beztu; reikningur, söngur og gymnastik auk annars sem fyrir kann að koma. Hvað sem þú segir þá held jeg að þú hafir höfuð fyrir reikning ef þú nú lest reikningsbók Eiríks skal jeg eigi trúa öðru en að þú getir vel kent í honum, söng hefur þú ávallt haldið upp á, en svo verður þú að læra einhver lög á smáharmoníum. Gymnastik þarf eigi mikið til, ef þú tekur hálfsmánaðar kúrsus í henni þá held jeg að þú sjert góður. Hugsaðu þig nú samt vel um og ef þú sækir, þá verður þú að nota þau meðöl, sem hægt er. Þú verður nú að líta á, að hjer þarf eigi mikið til að kenna.

En ef þú hættir við að sækja eða ef þú reynir eigi til að fá meðmælingar eða yfir höfuð kærir þig næsta lítið um þetta, þá bið jeg þig um fram allt að telegrafera mjer það nema því aðeins að jeg geti fengið brjef frá þjer fyrir 20. maj. Af því að, ef ekkert verður úr neinu, þykir mér næsta leiðinlegt, að vera að fara til Oddgeirs og leggja að Vilhjálmi Finsen osfr. Svo getur þú ef þú vilt senda sóknarskjal svona rjett til málamynda. Ef þú þar á móti vilt gera það þú getir, þá skal jeg gera það sem jeg get, segja Vilhjálmi Finsen hvað þjer ríði þetta á miklu og svo fer hann í Oddgeir, Sjálfur skal jeg svo fara í Oddgeir og leggja að honum og ef til vill í Nellemann. Einnig get jeg fengið Schierbeck, sem nú er víst að verða landlæknir, til þess að fara í Nellemann og held jeg að það verki.

Nú er hjer um bil víst að Ella verður hjer eitt ár og klára sig hjá fröken Zahles skóla. Hún ætlar að sækja um styrk til ráðgjafa, en ætlar að draga það þangað til þú ert búinn að fá embættið, eða hættir við að sækja, til þess að tveir Brímar komi eigi í einu. Ellu langar ákaflega til þess og kennararnir hæla henni mikið, og ætlar fröken Zahle að setja niður kennsluborgunina um helming, sem er einsdæmi að hún gjöri. Ef þú fær embættið þá ættir þú að útvega Ellu lán um nokkur ár og ábyrgjast fyrir hana. Ef þú eigi sækir, fæ jeg Schierbeck til þess að mæla með Ellu við ráðgjafa.

[1] *Bréfið virðist sent til Páls i Khöfn og þaðan áfram tl Halldórs, sem hefur meðtekið beiðnina í bréfinu.*

Nýlega hefur komið flugurit um Lærða skólann, er menn halda að sje samið heima.[1] Það hefur gerzt mikið uppþot hjer. Seg mjer þína skoðun um það. Jeg sendi þjer það á morgun. --

Hjálagt: tillaga að umsóknarbréfi.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Elínu E. Briem. 27.4.1882.

Ræðir um að fara frá Reynistað -- líklega verði búið minnkað í ár og hætt búskap ef af verður.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Regensen 3 maí 1882

-- Jeg þakka þjer fyrir bréf frá 9. maj, er eg fjekk í fyrrakvöld. Mikið er leiðinlegt hvað þú ert lasinn, en þú segir mjer ekki hvort það sje af ameríska loptinu eða eigi, jeg vildi nú af öllum hug óska , að þjer væri batnað, þegar þú færð þennan miða. Með embættið á Möðruvöllum kemur þú mjer í ljótu vandræðin, sóknarskjal þitt getur eigi notazt og þú sendir mjer enga fullmakt, þá vantar mig allar upplýsingar frá þjer, hvort þú getur kennt reikning og stærðfræði, söng eða leikfimi og þú skrifar mjer ekkert um það, hvort þú viljir læra það í sumar, og þú sendir bara ónýtt vottorð frá manni, sem enginn þekkir. Jeg hef sagt Oddgeiri, að þú sæktir sjálfur, og nú held jeg að honum þyki ógerðarlegt, ef þú eigi treystir þjer til þess, því að hann skoðar það svo. Jeg hef sagt þjer, að ef maður gerði allt sitt til, þá fengir þú embættið, en annars eigi, heldur yrði það bara til ills eins og þetta stend jeg við; en nú gjörir þú ekki neitt og jeg veit eigi einusinni hvort þú kærir þig mikið um að fá embættið. Jeg segi þjer satt að það er mjög ónærgætnislegt af þjer að láta pabba vera að garfa það, sem hann getur fyrir þig og svo vekja hjá öllum okkur vonir, sem þú veizt að muni bregðast, og að jeg þurfi að vera að ganga um og biðja fyrir þig. Eins og jeg hef skrifað þjer áður, þá þarf maður að vera annaðhvort hrár eða soðinn. Þú sendir mjer eigi einu sinni hreinskrifað uppkastið til sóknarskjalsins, sem jeg sendi þjer. Þú segist skrifa mjer bráðum. Jeg bíð eptir því, og ef jeg sje, að þjer sje þetta nokkuð um að gjöra þá vildi jeg sækja, en nú er jeg þó búinn að missa vonirnar um að þú fáir embættið, og jeg er hættur að fá mann til þess að mæla með þjer, en annars sæki jeg eigi, því að það er aðeins til ills. En til þess að bjarga heiðrinum fer jeg til Oddgeirs, segi honum að þú hafir aldrei lært leikfimi, svo að þú sjer smeykur við að sækja, og mun hann þá fá álit á þjer fyrir samviskusemi. Og sama segi jeg Vilhjálmi Finsen; en ef þeir þá segja að þú skulir eigi hugsa um það, þá sækji jeg og þá verða þeir líka að veita þjer embættið, en þetta gjöra þeir eigi. Þú getur því ráðið af brjefinu sem þú hefur skrifað mjer eptir 9. maj, hvernig jeg snýst í þessu máli. Jæja, svona fer nú þetta. Jeg get eigi gjört að því, hvað illa sem mjer fellur það. Það getur verið að það sje til góðs, því að óvíst er hvað þú hefðir kunnað vel við lífið á Möðruvöllum. Að minnsta kosti hefðir þú orðið að taka á mikilli lipurð til þess að vel hefði farið fyrst eptir að þú varst kominn þangað, og Þórður farinn frá. En nú er að hugsa um framtíð þína.

Þú skrifaðir mjer í haust að þú þyldir eigi loptið í Ameríku, og þess vegna verðir þú að fara þaðan, ef eigi í dag þá á morgun. Þú veizt hvaða áhyggjur og sorgir, þú vekur pabba og mömmu og okkur systkinum þínum, ef þú svona smámsaman lætur loptið þar eyðileggja þig. Frá sjónarmiði sjálfs þíns skoða jeg það eins og þú takir daglega inn eitur. Og jeg er alveg viss um, að Súsanna vill heldur fara heim með þjer á kalda landið heldur enn að sjá þig svona daglega veikan. En hvað er þá til ráða? Jeg sje það nú á öllu, að þú ert *melankólskur*,[2] en það máttu eigi vera, það er vel hægt, ef maður vill, að lækna sig af því og þú verður að gjöra það vegna konu þinnar, að láta einskis ófreistað. Ef þú vilt, þá skulum við skrifast á um það. Ef þú ert frískur og fjörugur eins og í gamla daga þegar þú varst að slá með mjer Danélshólmann á ósunum, þá veit jeg vel hvað þú ættir að gjöra, og fjarskalega þætti okkur öllum vænt um ef þú tækir svo mikla rögg á þig og þú hefðir heilsu til þess. Enn það er þetta. Að ári verður stofnað embætti fyrir kennara í nýju málunum. Altsvo þegar þú færð þetta brjef, ferð þú til góðs kunninga þíns, lánar hjá honum 200-300 dollara og býst til ferðar. Súsönnu sendir þú heim að Reynistað og mun bæði pabbi og mamma verða fegin og fara með hana eins og blóm í eggi næsta vetur, Sigga getur kennt henni íslenzku og lært ensku í staðinn.

En þú ferð sjálfur til Bielefeld og verður þar í nokkra mánuði, að læra þýzku, hjá frændfólki okkar og svo að setja þig inn í frönsku sem Carl Schütz maður Jóhönnu er mjög góður í. Síðan fer þú til París og kemur hingað aptur í majmánuði, fer svo heim til Rvíkur og lætur landshöfðingja setja þig. Auk þess verður þú að skrifa einhverjar interessantar ritgjörðir og senda í tímaritið heima og svo stærri ritgjörð, ef hægt er, í Andvara. Ennfremur verður þú að gefa út fjörutíu æfingar í þýzku (það kostar svo sem 200 kr.) og sækja um styrk til þess, að gefa út enska orðabók, sem þú getur farð að semja þegar þú ert kominn að skólanum fyrst sem settur eitt ár og svo sem fastur kennari. (Þú verður að segja að þú hafir hana til, en vanti fje til að gefa hana út, svo fær þú frið og þá semur þú bókina jafnóðum og hún kemur út.)

Jeg ímynda mjer, að loftið í Þýzkalandi og Paris hafi góð áhrif á heilsu þína. Ef þú ferð að ráðum mínum, þá verður þú nú fyrst og fremst stórmikils metinn á Íslandi og svo ekkert umtalsmál að þú færð embættið, nema þú alveg eyðileggir það, sem jeg gjöri til. Ef þú ert hræddur um peningaleysi, þá skyldi jeg útvega þjer tvö þúsund

[1] *Þett er eiginlega lykilatriðið í málinu. Engin tengsl Páls við þetta dreifibréfamál.*

[2] *Með þunglyndiseinkenni.*

krónur að láni, því að meira þarftu eigi til alls þessa, það væri samt bezt að þú gjörðir það sjálfur, ef þjer væri hægt, og það er þjer, ef þú kærir þig um eins og jeg skal skrifa þjer seinna, ef þú hugsar nokkuð um þetta. Þú getur haft alla með þjer í þessu máli, ef þú vilt, en þú mátt bara eigi skrifa eina einustu grein í blöðin. Hvað segir þú um þetta? Hugsaðu þig vandlega um og láttu konu þína vera í ráðum með þjer. Ef þú gjörir það, þá máttu til að sýna krapt og fjör og fleygja öllu melankolí á hilluna. Vjer öll vildum þetta svo mjög mikið, en það kemur upp á þig, hvort þú treystir þjer til þess. Ef einhver sýnir dónaskap gagnvart þjer í þessu máli, þá getur þú látið mjer eptir að meðhöndla hann, og eigi að spilla þó meðölin verði eigi alveg eptir þínu höfði. Ef þú gjörir þetta kemst þú í þægilega stöðu. Pabbi og mamma verða í Rvík, einnig Eiríkur og Gunnlögur og svo Ella, og hin yngri börnin. En þú verður að sýna dugnað og jafnvel brjóta þann odd af oflæti þínu, að skrifast á við menn og biðja þá að hjálpa þjer.

Jeg veit nú ekkert hvað þú gjörir í þessu, en skrifaðu mjer samt sem fyrst og láttu mig vita sem fyrst hvað þú ert að hugsa um. En jeg segi þjer það einu sinni enn, að hjer dugir engin hálfvelgja, heldur verður þú, að halda beint fram, ef þú á annað borð leggur af stað. Um peningana skaltu eigi hugsa því að það verður næsta auðvelt að fá þá ef þú vilt. Að minni vitund er engin nema Jón Þórarinsson þinn keppinautur, ef hann annars ræðst í það; en hann getur eigi orðið hættulegur annar eins heimskingi og naut. Jeg er svo viss um að þú getur fengið þetta embætti, (og það er alveg víst, að það verður stofnað, þegar alþing kemur saman næst). En jeg þyrði að leggja höfuð mitt í veð, en þó aðeins með því móti að þú farir að eins og jeg segi þjer. Jeg er mjög gramur við þig út af báðum embættunum á Möðruvöllum, og er þú ferð hjer nokkuð að sækja, án þess að hafa búið í haginn fyrir þig eins og (ég) hef skrifað, þá veit jeg eigi, hvað jeg gjöri.

Þetta er nú fyrsta ráðið og bezta, en svo eru hin: að þú farir upp til Rvíkur með Súsönnu, fáist við kennslu, verðir á kontór hjá Gunnlaugi, takir að þjer ritstjórn við Ísafold ef Björn vill, o.s.frv. eða þá farir heim til pabba, hann yrði næsta feginn komu þinni. Svo sækir þú um brauð, ef þjer sýnist eða verðir kennari við þessa unglingaskóla sem á að fara að stofna (laun 1600kr.). Skrifaðu mjer nú hið fyrsta um þetta allt, jeg vil svo fjarska glaður hjálpa þjer það, sem jeg get, mig langar eigi til að fara að missa þig eins og Stínu heitna.

Jeg veit eigi um það, en mjer finnst þú nærri því gjöra þig sekan í sjálfsmorði ef þú heldur áfram að vera í Ameríku. Heilsaðu Súsönnu einkar vel og vertu sjálfur sem bezt kvaddur. --

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 6.5.1882.

Elskulegi bróðir!

Rit Velvakenda í Khöfn, skammarbr. um skólann, beinist að Birni M. Olsen. Skáldsaga Torfhildar Hólm er í prentun.

Páll Briem skrifar Steingrími Thorsteinsson. Khöfn, 2.7.1882. /Lbs. 3915 4to.

Háttvirti kæri kennari! Jeg ætla nú eigi að fara að minnast á fornan vinskap eða fara að hafa langan formála, heldur segja þér beinlínis að ég leita til þín fyrir mig og Halldór bróður minn og bið þig um að gefa Halldóri meðmælingu til þess að fá 2. kennaraembætti á Möðruvöllum. Jeg skal segja þér hvernig á stendur. Í móti Halldóri sækir Þórður Thoroddsen læknisfræðingur, hann hefur fengið íburðarmiklar meðmælingar frá Jóni Þorkelssyni og Halldóri Guðmundssyni og allgóða frá Jóni Hjaltalín. Halldór og Þórður standa því nokkurn veginn jafnir hjer og þó veitir Þórði heldur betur, en nú er undir því komið að Halldór fái góða meðmælingu heimanað, svo að hann verði ofan á; en það er Halldóri fjarska mikið áhugamál og velferðar. Halldór hefur undir niðri langað heim þessi síðustu ár og nú mjög mikið upp á síðkastið, en svo er annað sem knýr hann til þess að fara heim; hann getur eigi þolað loftið og liggur alloft í brjóstveiki, sem leggst þungt á suma vesturfara, jeg held það sje samskonar veiki og sú sem Páll Þorláksson fór úr í vor. Þú veist hvað Halldór er samviskusamur og hann segist gjarnan taka að sér þær kennslugreinir sem þurfi: mathematík, söng, leikfimi. Söng hefur hann stúderað mikið í Ameríku, hann er reyndar nokkuð hræddur við leikfimina, af því að hann nennti eigi að læra hana í skóla, en hann segist þá muni fá sér kennslu í henni og lesa bækur þar að lútandi, svo að hann trúir eigi öðru en að hann geti leyst hana viðunanlega af hendi, þó að hann heldur hefði kosið eitthvað annað.

Halldór er að vísu stundum ærið mæddur yfir tilverunni í Ameríku bæði vegna veikinda og svo hafa margar háar hugmyndir orðið öðru vísi í reyndinni og margar vonir brugðist en kennsla hefur ávallt átt vel við hann (jeg veit hvað vel hann kenndi mér undir skóla) og ég held að þetta kennaraembætti á Möðruvöllum sé einmitt við hans hæfi, og þó að húmbúgið við skólann gangi nokkuð vítt þá er Halldór nú búinn að ná svo mikilli lífsreynslu að hann kippir sér eigi upp við það heldur reynir að vanda sig og bæta úr brestunum þegar færi gefst.

Þó ég talaði eigi sem bróðir Halldórs þá álít jeg að hann fullkomlega verðskuldi að fá þetta embætti og að hann einnig verðskuldi betri æfi en að deyja á ungum aldri í Ameríku. Þessvegna leita ég til þín og bið þig að gefa Halldóri svo góða meðmæling sem þér þykir fært og senda hana svo fljótt sem auðið er því að ef vel væri þyrfti hún að koma í þessum mánuði hingað til Hafnar. Og í því trausti fer ég að slá í botninn. Jeg þakka þér með

báðum höndum fyrir kvæðabók þína. Síðan kveð ég þig með einlægri vinsemd og virðingu. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 3.7.1882.

-- Segir fréttir af þeim Elínu og hvernig mál Halldórs standa, meðmælabréf og aðgerðir sínar.

-- hefur Halldór reynt nóg illt í þessum heimi og hann ætti nú að fá eitthvað dálítið betri ævi. --

Ellu gengur vel í skólanum og stendur sig vel, hana langar mjög til þess að vera hér framvegis, en það verður eigi hugsað um fyrr en Halldórs-mál er um garð gengið. En þá ætlar Ella að sækja um 4-500 kr. styrk til þess að halda náminu áfram og þar er ég hér um bil viss um að hún fær. --

Ræði erfiða fjárhagsstöðu sína.

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Khöfn. 10.7.1882.

-- Jeg þakka þjer nú kærlega fyrir tilskrifið frá 29. maj. Jeg var bálvondur við þig í brjefinu seinast, og ef þetta seinna brjef hefði eigi komið, þó seint væri, hefði jeg eigi borið það við að sækja um embættið fyrir þig. Jeg hefði nú ef til vill, átt að skrifa þjer fyrri til þess að þú eigi misstir alla von, en jeg átti svo óhægt með það, því að jeg hafði lítið að byggja á. Þessi meðmæli Sverdrups gjörir dálítið gagn, en það var ljóta greyið, að þú fjekkst eigi meðmæli hjá Anderson, hann er þekktur hjer sem allmikill höfundur og um rithvinnsku hans vita menn eigi, og einmitt þessvegna hefði hann kunnað að gefa þjer glæsilegustu meðmæli, af því að hann er óhlutvandur.

En ef það nokkurstaðar hefur átt við, sá sem eigi vill meðulin og vill eigi heldur árangurinn, því að góðar og glæsilegar meðmælingar eru beztu meðulin og engin önnur meðul duga í þessu máli. Þetta varð nú samt svo að vera, jeg varð að gjöra hvað jeg gat. Fyrst fór jeg í Gísla Brynjólfsson, af því að jeg vissi, að hann mundi eigi kæra sig, þó að hann þekkti þig eigi mikið. Jeg heilsaði frá Eiríki og lofað honum öllu fögru, þakklæti þínu og okkar fólks, og fjekk jeg hjá honum góða anbefaling; svo fjekk jeg mann til að skrifa til Dr. Rosenbergs og biðja hann um meðmælingu, og hann gaf dálítil meðmæli, (jeg veit eigi hvort þið hafið nokkurn tíma talast við). Svo fór jeg til Vilhjálms Finsens, hann gaf meðmælingu og lofaði mjer að tala við Oddgeir og ráðgjafann. Nú gat jeg eigi gjört meira hjer að sinni; heldur skrifaði jeg heim. Fyrst til Guðmundar Helgasonar og bað hann um að búa til meðmælingu góða og láta Kristján amtmann skrifa undir hana. Síðan hef jeg heyrt að Kristján sé dauður svo eigi gagnar það mikið. Sjálfur skrifaði jeg Steingrími Thorsteinsson og bað hann um að gefa þjer ágæta meðmæling og Ella skrifaði Halldóri Friðrikssyni og lagði að honum að gjöra hvað hann gæti og drífa Eirík af stað, til þess að útvega þjer meðmælingu biskups eða einhvers mikils manns. Eiríkur var nú farinn norður, þegar jeg frjetti seinast, svo eigi er víst hvað afræðst; þú sjer nú hvað mikið jeg hef lagt mig fram, enda veitir eigi af. Svo fór (ég) á miðvikudaginn var upp til Nellemanns ráðgjafa og lagði fyrir hann sóknarskjal þitt og hann sagði nú eins og við var að búast eigi mikið og í dag var jeg hjá Oddgeiri og var nú betra hljóð í strokknum, en seinast þegar jeg talaði við hann; hann sagði að það væri svo sem eigi umtalsmál, að þú værir í alla staði hæfur til þess, að verða kennari ef Þórður væri eigi í móti og við yrðum að reyna að hjálpa okkur með það sem við hefðum hjer, og skjölin yrðu eigi send heim, því að landshöfðingi hefði indstilt þig seinast. Þú sjer því að maður má hafa góðar vonir og jeg hef nú líka örugga von um að þú fáir embættið, en nú er um að gjöra fyrir þig að halda því og reka með sóma. Jeg man eigi, hvort þú hefur fengið frá mjer skýrslu yfir Möðruvallaskólann en til vonar og vara sendi jeg þjer hana. Það sem er nú nauðsynlegt fyrir þig, þegar þú fær þetta brjef, er að stúdera reikning og mathematík af alefli, jeg held að þú sjer eigi illa lagður fyrir hana, ef þú lest hana en eigi er mikils krafizt, þá ættir þú að vera góður í mest allri algebru, sem kennt er í skóla. En svo er gymnastik, þú mátt til að taka þjer dálítið kursus í henni og reyna að fá þjer bækur til þess, að lesa hana, því að lítið gjörir til þó að þú sjálfur verði stirður, ef þú kannt að skipa. Nú er enn eitt, þú verður strax og þú fær skeytið um að þú sjer búinn að fá embættið, að leggja af stað heim. Það er eigi umtalsmál, þú mátt til að vera kominn heim fyrir 1. oktober. Jeg legg ríkt á við þig að haga ferð þinni svo að þú getir byrjað hana 2. oktober; þú mátt eigi, þó mikið liggi við bregða út af því. Jeg skal nú segja þjer hvernig bezt væri að þú hefðir það. Ef þú færð embættið, þá ætla jeg að telegrafera til þín "Embedet" og það telegram ættir þú að geta fengið seinast í júlí eða fyrst í ágúst og svo ættir þú að geta fengið þig strax lausan hjá löndum, jeg skal eigi trúa því að þeir eigi gjöri það fyrir þig að sleppa þjer nokkrum dögum fyrr. Ef það væri hægt ættir þú að leggja af stað hingað og vera kominn hingað seinast í ágúst og eigi seinna en 5. september, svo gengur þú fyrir ráðgjafa og svo framvegis færð ferðastyrk heim og tekur á móti tveggja mánaða launum (250 kr.) verður hjer í nokkurn tíma og ferð aptur til Englands og þangað verður þú að vera kominn fyrir miðjan september og komast með fjárskipum Gramfjelagsins og vera kominn til Akureyrar 18-20 september. Þetta væri nú það bezta, en að minnst kosti verður þú að komast með fjárskipi Gránufjelagsins (gufuskipinu) á þessum tíma, altsvo til þess að vera viss um að koma til Edinborgar um þann 10. september, því að jeg get nú líklega eigi skrifað þjer seinna. Ef þú bara gætir komið hingað fyrir 1.-5. september þá væri allt ágætt, þá gætir þú líka farið með síldargufuskipum frá Stavanger eða Bergen og allt verið í lukkunnar velstandi. Jeg hef sem sagt góðar vonir með að þú fáir embættið og það skal eitthvað ske áður en þeir neita þjer um það. En nú er annað, Þórður er vel liðinn á Möðruvöllum og

þú mátt til þess að koma þjer svo fyrir, að þú verðir álitinn heldur fengur, því að það er leiðinlegt og jeg veit eigi hvort þú þolir það að vera almúganum ingrat persóna. Og þú verðir að vinda þar að bráðan bug. Nú skal jeg kenna þjer mín ráð. Jeg hef lesið heilmikið af Pædagokik, og segi því hvað fjarskalega væri mikið varið í að fá einhverja góða bók í því efni á Íslandi, þar sem nú nálega hver húsfaðir er uppfræðari og uppalari. Þegar jeg las Herbert Spencer: Education (er jeg á bæði á ensku og dönsku) varð jeg hrifinn fyrir þeirri bók; nú er komin ný bók um þetta efni eptir Heegaard, sem er ljett að leggja út og mjög aðgengileg fyrir Íslendinga um 40 arkir, þessa bók skaltu leggja út. Og strax og þú kemur heim áttu að setja auglýsingar í blöðin og láta ganga út boðsbrjef og gjöra mikinn reklame, selja örkina á 8 aura og sækja um styrk til að gefa hana út. Skrifa til Heegaards og biðja hann um leyfi að leggja hana út. Ef þú bara gætir komið hingað þá gætum við talað heilmikið saman um þetta og annað, því að þú átt að verða fyrsti kennari og mest metinn á Íslandi.

Spurðu Súsönnu, hvort það sje eigi bezt, en hinir aðrir eru svo latir, heimskir og óduglegir að þú átt að geta það með dálitlum dugnaði. Þetta er nú positiva hliðin, en svo er hin negativa og hana er jeg hræddur við því að þú þekkir eigi heiminn; jeg þekki þig að vísu eigi vel, en jeg held að þú sjert nokkuð *intolerant* en vantir krapta til þess sjálfur að vera eins og þitt ideal er. Jeg ætla nú eigi að fara út í þetta mál en hitt verð jeg að segja þjer að þú mátt eigi skrifa neinar greinar í blöðin og yfirhöfuð halda þjer alveg fyrir utan blaðakrit eða agítationsmál og umfram allt trúmál. Þú verður að gá að því að þú ert eigi prestur og þú getur eigi gefið þig út fyrir að vera kristniboði og hugsaðu þjer ávallt, þegar þú ert að tala við einhvern trúlausan, að þú sjert að tala við mig og jeg myndi þakka þjer kærlega fyrir ef þú færir að heita mjer eilífri fyrirdæmingu osfr. Þetta máttu til þess að varast og jeg vona að þú hafir svo mikinn takt, að þú sjáir vel hvernig á að fara að, þegar heim er komið. Jeg hefði ekkert á móti því, að þú værir kristniboði á Íslandi, en þá yrðir þú fyrst að skilja þig við Súsönnu og svo yrðir þú að geta lifað að sínu leyti eins og mormónsku trúboðarnir. Jeg þekki þig eigi, en ef þú værir í nokkru líkur Vilh. Beck, klerki mikilsmetnum hjer, sem segir að morðingi og meinsærismaður sje í guðsaugum betri en vantrúaður maður, þá mátt þú aldrei segja það hátt. En það ert þú nú eigi, en samt sem áður máttu gæta þín. Þetta er nú það sem mest ríður á, jeg þyrfti að tala um við þig svo mjög mikið bæði um þig sjálfan og Möðruvallaskólann og svfrv. og ótal margt að jeg vildi bara óska að þú gætir komið hingað. Jeg vildi líka að jeg þekkti konu þína og hún gæti talað annað hvort íslenzku eða dönsku og helst hvortveggja, því að ensku hef jeg eigi haft tíma til hingað til að læra að neinu ráði. Ef þjer væri upp á nokkurn máta mögulegt, þá ættir þú að fá þjer ríflegt lán, þú þyrftir að fá þjer um 3000 kr. lán í haust bæði til að gefa Heegaardsbók út í vetur, koma þjer á laggirnar og lána öðrum t.a.m. Ellu.

Jeg verð nú búinn að ári og þá mun jeg fara að geta unnið fyrir mjer. Bara, bara, bara að jeg væri búinn núna, því að jeg þarf að gjöra svo ógnar margt. Óviss er jeg um hvort Ella getur orðið hjer í vetur, þó það sje leiðinleg ef hún getur það eigi. Ella er dugnaðarkona og mun geta gjört margt gott á Íslandi, þó að hún líka hafi þennan ætternisgalla að treysta sjer eigi. Strax og þú ert búinn að fá embætið, fer hún að sækja og þá sjer maður nú til.

Jeg hef fengið seinustu frjettir frá Rvík 29. júní, þá voru mislingar mannskæðir og eptir seinust frjettum þaðan hafði ísinn legið fyrir öllu Norðurlandi, en um 24. júní hafði komið veðurbreyting til hins betra. Hjer varð mikið sorglegur atburður fyrir fáum dögum. Arne Finsen, yngsti sonur landshöfðingja, 18 ára, drukknaði nær 100 álnum frá landi. Hann var gjörfilegur og foreldrum og vandamönnum verður dauði hans að mikilli sorg.

Jeg þakka þjer fyrir dóminn á Verðandi, þó að mjer þykir þú blanda skáldunum allmikið saman, og jeg sje algjörlega á móti því að hafa ídealskar persónur í sögunum því þá er maður kominn út í að sýna það sem ekki er og út í hina illu og siðspillandi rómantík. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 18.7.1882.

Segir frá sjúkdómum, boði Móritz Halldórssonar um að fara heim v. mislinganna, en Jónassen lagðist gegn því vegna þess að M. hafði stutt Schierbeck gegn sér. Hann sé þó hinn besti læknir og duglegur. Jónassen hafi verið ólatur við að bera út óhróður um S. og lof um sjálfan sig.

-- Þér þykir nú ef til vill nóg af þessu komið, en um þetta er talað mest hér; það er við ramman reip að draga þar sem er höfðingjafamilían í Rvík. Hana hefur Þórður með sér svo að mjög er tvísýnt um hvort Halldór fái embættið. Ég er hér um bil viss um að Jónas *(Jónassen)* læknir hefur verið að hræra í Oddgeiri, því hann hefur versnað þessa síðustu daga. --

Ella er föst fyrir og dugnaðarkona, svo ég er viss um að hún ryður sér braut. Hún hefur eigi viljað sækja meðan *ansögning* Halldórs væri á ferðum, en nú skrifar hún Jóni ritara og biður hann um meðmælingu og svo fær hún góða meðmælingu frá fröken Zahle -- þá ætti hún að geta fengið 4-500 kr. og þá er hún hólpin --

Svo er nú að tala um mig. Ég hef ávallt haft margt annað að hugsa um, síðan ég kom hingað til Hafnar, en lögin, nema fyrsta veturinn. Sumt hefur verið öðrum að kenna, ráðleitanir, kommissjónir og fleira, sumt hefur verið sjálfum mér að kenna t.a.m. lestur á góðum bókum. Nú seinast hefur embættissókn Halldórs mjög tekið upp huga minn. Þetta allt er eigi hollt fyrir examenlestur, en samt iðrast ég þess eigi, og skal aldrei iðrast, því

að ég hef lært mjög mikið á því fyrir lífið. Nú ætla ég samt að lesa af alefli þangað til ég tek próf í vor og gefa mig við engu öðru. Ef ég fæ láð, þá vil ég búa svo í haginn að ég geti náð í Skagafjarðarsýslu þegar þú segir af þér. Og þess vegna væri gott að ósk þín um það biði hér þangað til ég væri búinn að taka próf og sjá hvernig það gengi. Ef ég fæ ekki láð, þá er eigi að hugsa um það og þá ímynda ég mér að ég fyrst um sinn leiti mér atvinnu hér, það getur vel orðið alveg eins gott og hitt. Að minnsta kosti skal ég koma mér áfram --

Ræðir Garðstyrk, fjárhagsmál sín og Elínar. Fer út af Garði í haust. Segir fréttir af Claessenstengdafólkinu og fólki Jóhanns G. Briem, föðurbróður síns.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 31.7.1882.

Segir Halldór bróðir hans hafi verið skipaðan kennara á Möðruvöllum frá 1.10. og setningarbréf hans sé farið til landshöfðingja. Hefði það ekki gerst ef Páll hefði ekki verið í Höfn. --

-- Ég og Ella erum mjög kát út af þessu. Veitingin gerðist 28. júlí og hinn 29. um morguninn sendi ég Halldóri frétt með telegerafinum. Ég var búinn að skrifa honum að ég skyldi telegrafera til hans tvö orð: *Embedet. Rejs*; og svo var adressan: Þetta kostaði 16.98 kr. Dýrt var það en gaman og gagn er að geta gert þetta. --

Ræðir um þá sem helst hafa átt þakkir: Gísla Brynjúlfsson, Steingrím Thorsteinsson og Vilhjálm Finsen. Biður föður sinn skrifa Benedikte þakkarbréf fyrir það sem hún hefur gert fyrir Elínu.

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Júlí. 1882?

(Upphaf vantar. Virðist skrifað á svipuðum tíma og fyrra bréf.)

... fyrir utan að menn auðvitað geti fengið þá menntun sem nú fæst. Jeg ætla nú alls eigi að skrifa þjer ástæður fyrir þessu, enda er það alveg ótímabært nú og maður má passa sig með að fara eigi að agitera í því máli; sjerstaklega skora jeg á þig að halda þig fyrir utan beinar agitationir, þangað til þú ert orðinn fastur í sessi og orðinn aptur kunnugur hvernig til gengur. Það er fjarskalega mikið varið í það að láta menn respektera sig, sjáfur verður maður öruggari og glaðari og getur gjört miklu meira gott af sjer; einkum er nauðsynleg trúin á sjálfum sjer og sínu málefni og mjer finnst þegar maður finnur hjá sjer máttinn og veit að maður hefur hreinni og betri vilja, en margir aðrir (svo lærður er jeg nú í heiminum) þá er það synd af manni að halda sjer tilbaka og hvaða trú sem maður hefur, þá veit jeg það, að bezt er að gjöra sem mest gagn á jörðinni og vera sjálfur glaður og ánægður með sitt ætlunarverk. Halldór minn, jeg veit það að þú munir gjöra gott af þjer, sem kennari, því að það eru svo fáir sem hafa vit og nenning í sjer til þess að starfa og reyna að fá sjer þekking í uppeldisfræði, og þú ert eigi einn af þessum stórbokkum, sem segja bara: þegið og hlýðið, við sína lærisveina. Jeg veit það, hvað þú ert góður kennari, því að alla mína skólatíð bjó jeg að þeim grundvelli, sem þú lagðir hjá mjer, en samt þarftu að lesa uppeldisfræði, því að það þarf sannarlega fróðan mann í þeirri grein, að hugsa sjer t.a.m. að Jón Hjaltalín álítur alveg sama hæfilegt nú og á Bessastöðum, og þessvegna bið jeg þig um að stúdera Herbert Spence og Heegaard og um fram allt að reyna að koma Heegaard bók "*um uppeldi*" á íslenzku.

Jeg vonast nú til hins bezta af þjer, og reyndu að hafa eitt prinsip: haltu fast við þínar skoðanir í því stóra en í því smáa skaltu vera eptirgefanlegur og mildur og reyndu að forðast sem mögulegt er að komast í persónulegt illyndi við þá sem þú átt að umgangast.

Þjer finnst ef til vill að jeg sje nokkuð hrokafullur í brjefum til þín og jeg eigi ekki að vera að gjöra mig að ráðgjafa, en jeg vona að þú takir það bróðurlega hjá mjer. Nú fjekk jeg rjett í þessu brjef frá þjer, frá 26. júní. Þar sem þú svarar mjer uppá brjef mitt.

Jeg iðrast nú eptir hvað jeg hef verið reiður við þig og ásakað þig ranglega og verst ef þú ferð að hætta við að fara heim, þá er þú færð embættið. En settu þig í mín spor, jeg veit eigi hvort þú vilt taka að þjer kennsluna, jeg fæ eigi ansögninguna til baka, jeg fæ eigi meiri meðmæli en Sverdrups og jeg stend uppi ráðalaus; en þegar jeg fjekk ansögninguna þá náttúrlega breytist allt og þá tek jeg til starfa, og það hjelt jeg að þú mundir ímynda þjer og því sendi jeg þjer eigi brjefið aptur fyrri en jeg gat gefið þjer nokkra von, ef þú færð embættið, sem jeg vona fastlega, þá telegrafera jeg til þín, þó dýrt sje og svo vona jeg að þú komir sem allra fyrst, þú hefur skrifað mjer, að þú sjert laus að minnsta kosti frá miðjum ágúst og jeg vona að þú hafir eigi bundið þig, þá leysir þú þig svo að þú getir komið fyrir 1. okt. að Möðruvöllum. Jeg hef haft ærið mikið fyrir umsókn þinni, en jeg vissi að hart þurfti að spenna bogann, og eins og jeg hef sagt þjer frá upphafi er mjög leitt að vera að sækja og fá ekkert og svo var nú það sem mest hvatti mig, það var heilsuleysi þitt, eins og þú hefur sagt mjer áður þá þolir þú eigi loptið og það hef jeg sagt þeim sem jeg hef leitað til þín vegna, og svo hvað þú hefðir mikið að gjöra.

Á þessu varð ráðin bót hvorutveggja, vinnan er eigi ströng á Möðruvöllum og langt sumarfrí og svo breytist loptið við að fara til Möðruvalla.

Enn fremur held jeg að þú munir geta gjört margt gagn á Möðruvöllum og Íslandi yfir höfuð. Launin eru lítil en þú getur komizt hærra. Satt að segja var jeg alveg eyðilagður, þegar jeg skrifaði þjer um þetta, og vissi ekkert hvað jeg átti að gjöra, þú varst veikur og jeg hjelt að nú myndi jeg missa þig eins og Stínu systur og ef það væri

eigi í sumar, þá væri það að vetri og, því kom jeg með hitt planið, um að þú yrðir kennari í nýju málunum og jeg hafði hugsað mjer mann sem jeg gæti lánað hjá þær 2000 kr. nú, því sleppti jeg náttúrlega þegar jeg fjekk ansögninguna frá þjer. Þó að jeg sje engan veginn glaður yfir að Jón frá Görðum verði kennari við skólann, það er einu fíflinu aukið við.

Tryggvi sagði mjer að þú hefðir beðið sig að mæla með sjer, en af því að þú hefur eigi lagt að honum, þá vildi hann ekki við það eiga. Seinast lagði hann svo á móti þjer með að mæla með Þorvaldi, að þú fjekkst eigi embættið, en þá var jeg harður fyrir þig, af því mjer heyrðist að þú kærðir þig eigi mikið um embættið. En sem sagt jeg vona að þú eigi hættir við og jeg hef lofað fyrir þína hönd, að þú verðir kominn heim fyrir 1. okt. Húsakynni eru lítil á Möðruvöllum og eigi nema fyrir einhleypan mann, svo að kona þín verður að vera annað hvort á Akureyri eða þá heima á Reynistað.

Nú er pabbi farinn að verða gamall og er jeg viss um að hann muni gleðjast mjög yfir að þú kemur heim til Íslands og jeg held að þú munir hafa gott af því sjálfur.

Mjer þykir nú mjög leiðinlegt að vinna út í óvissu, jeg veit eigi fyrir víst hvort þú færð embættið og eigi heldur hvort þú vilt taka það, ef þú fær það, en samt gjöri jeg nú hvað jeg get. Ef þú færð embættið telegrafera jeg til þín "*Embedet*" og þá vona jeg að þú farir að búast til ferðar og jeg hef lofað að þú verðir kominn þegar skólinn byrjar 1. okt. og það verður þú að reyna til að gjöra um fram allt, reyndu heldur að fá mann í stað þinn í Ameríku. Svo kveð jeg þig með beztu óskum; jeg er hálf mæddur út af þessu, en vona þó að hvernig sem allt fer verði allt til hamingju fyrir okkur. Ef jeg veit nokkuð nákvæmar skal jeg senda þjer línu. --

Séra Jón Bjarnason til Halldórs E. Briem. Seyðisfirði. 11.7.1882.

(Skert) Lýsir hörmulegu veðurfari og hafi ekki verra verið frá aldamótum.

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Khöfn. 14.7.1882.

-- Jeg ætla bara að skrifa þjer örfáar línur. Jeg hef nýlega fengið brjef að heiman og er eigi viss um að þú hafir fengið nokkuð. Siggi var kominn heim. Hann eða einhverjir aðrir voru komnir með mislingana alveg nýlega. Óli var lagstur heima. Mislingarnir hafa verið skæðir heima á Íslandi, í Rvíkursókn dánir um 80 manns, og menn farnir að deyja á stöku stað út um landið.

Pabbi skrifar mjer 1. júní og þá var allt fullt af ís, öllu leið þó bærilega heima, bæði með búskap og efni og heilsufar að fráskildum mislingum. Einnig hafði ísinn fært 5 hvali og átti að fara að sækja eitthvað af þeim, jeg held út á Skaga. Jeg sendi þjer eitt blað af Skuld og sjerðu þar, hvernig menn tala um Möðurvallaskólann, þá voru um 50 piltar búnir að sækja um skólanna fyrir næsta vetur. Jeg held að jeg geti ef til vill notað þetta ástand þjer í vil. Það er eigi óhugsandi að Jón Hjaltalín verði að fara frá, og þá vildi jeg óska að þú værir svo treystandi á sjálfan þig og svo duglegur að þú gætir tekið forystu skólans. Jeg vildi óska þess bæði þin vegna og skólans vegna, því það væri óskemmtilegt ef að skólinn gæti eigi staðið með heiðri og sóma, en til þess þyrftir þú dugnað og mikið lag.

Jeg skal nú annars segja þjer hvað jeg álít með Möðruvallaskólann. Jeg fór einusinni í haust að skrifa ritgjörð um hann, en jeg sá að hún myndi verða svo löng að jeg hefði eigi tíma til þess að skrifa hana. En það sem jeg vil er að skólinn flytjist ofan á Akureyri og verði sameinaður við Laugalandsskólann, konur og karlar hafi jafnrjetti og skólinn hafi aðalaugnamið að kenna alþýðukennurum.

Ef eitthvað í brjefinu hneykslar þig, þá reyndu að gjöra þjer hugmynd um, hvað lítið jeg veit um hvernig þú hefur það og hvað og hvernig þú starfar. Jeg er að geta mjer í skörðin og þó að margt sje vitlaust hjá mjer þá eru samt aðrir miklu ófróðari. Jeg hef nú álitið að þetta væri seinustu tilraunir að þú komir heim og þess vegna er jeg alveg fjúkandi vondur út af því þegar eitthvað kemur í veginn.

Ef jeg hefði vitað að þú eigi hefðir fengið umsóknina, skjalið frá mjer, þá hefði jeg ekkert ásakað þig, en það þóttist jeg vita fyrir víst. -

Sigurður E. Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 16.7.1882.

Eftir að mislingar komu upp var skóla sagt upp og fengu 5. bekkingar að flytjast próflaust milli ára. Því fór hann heim er hann var orðinn heilbrigður. Segir af bókasendingum og uppgjöri. Mislingadauði í sveitinni. Kennir um dugleysi yfirvalda, sérst. Jónassens. Var það hans síðasta verk áður en hann sigldi (til að sækja um landlæknisemb. (sem hann fékk ekki). Ís landfastur.

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Khöfn. 18.7.1882.

-- Jeg var hjá Vilh. Finsen í gærkveldi og hann hafði verið hjá Oddgeiri. Eins og Vilhjámur er vanur, er hann mjög varkár í þessu efni og sagði mjer að mjög væri tvísýnt um, hvort þú fengir embættið. Hann gaf það helst að sök að þú hefðir eigi meðmælingar nógar frá Ameríku, því að menn vissu svo lítið hvernig þú værir orðinn þar. Ef þú kæmir sjálfur, væri það hið bezta. Hann bað mig að skrifa þjer og biðja þig að útvega meðmælingar

frá mönnum, sem þekktust hjer t.d. væri það ágætt að þú skrifaðir dönskum presti sem Lyngby heitir og fór hjeðan fyrir heldur tveimur en einu ári, (jeg þekkti hann hjer á Garði og talaði stundum um þig við hann) og hann svo sendi vottorð um þig. Jeg lofaði honum því, en sagði að svar gæti eigi orðið komið fyrir lok ágústm. en hitt hafði jeg bakvið eyrað, að þú myndir aldrei gjöra svo mikið fyrir embættið. Vilhjálmur ráðlagði mjer að fara að Konsúl Bille og spyrja hann um þig. Og það ætla jeg að gjöra. En annars held jeg nú að þetta eigi þurfi, því að jeg á von á meðmælingum heimanað og ef þær verða góðar, þá ættu þær að ríða baggamuninn. Það var auðvitað leiðinlegt, að Kristján amtmaður var dáinn, en jeg trúi eigi öðru en að Steingrímur Thorsteinsson gefi þjer glimrandi meðmælingu eptir ykkar vinskap og sömuleiðis er Halldór Friðriksson duglegur vel, og þó að Eiríkur væri farinn norður, þá gjörir það því minna til. Jeg vonast sterklega eptir meðmælingum með skipi sem kemur til Leith í dag og þá skal jeg strax skrifa þjer hvernig skipast. Það er ef til vill miklu meira varið í að þú fáir þetta embætti, en þjer sýnist.

Fyrst er það að ef þú færð eigi þetta embætti, þá tel jeg lítt hugsanlegt að þú fáir embætti, sem þú getir lifað við á Íslandi og þú verður að minni hyggju að leggja þitt lífsplan svoleiðis, að þú ætlir þjer að ala aldur þinn í Ameríku, ef þú eigi heldur að þetta sje rjett, þá skal jeg svara þjer um það. En ef þú færð embættið, þá eru margar vonir fyrir þjer, ef þú reynist duglegur maður. Fyrst er það að Jón Hjaltalín kann að fara frá skólanum og þá ættir þú að koma í hans stað. Það embætti, segi jeg fyrir mig, vildi jeg vinna helzt á Íslandi. Ennfremur er það mjög líklegt að Þorvaldur fari frá á næstu tveimur árum, sigli til Þýzkalands og studeri þar dýrafræði og jeg fyrir mitt leyti gæti vel trúað því, að hann færi Þórðar vegna burtu og Þórður fengi þitt embætti. Mjer sýnist því að maður skuli gjöra, hvað maður geti, en þú segist nú eigi geta útvegað meiri meðmælingar en þessa frá Sverdrup, og þar við verður að sitja. En ef þú skyldir vilja reyna að fá meiri meðmælingar, þá ættir þú að telegrafera til mín "Anbefalinger" og þá mundi jeg reyna að fá því frestað að embættið veittist þangað til brjef kæmi. Ellegar ef þú vildi koma hingað og sýna þig (því að þá fengir þú embættið að telegrafera "kommer". Jeg býst nú reyndar við hvorugu, en skrifa þjer þetta til þess að geta verið viðbúinn hvernig sem fer. Og ef þú gjörir eitthvað í þessu efni, þá ríður á að gjöra það svo fljótt, sem auðið er.

Við höfum það gott, jeg og Ella. Strax og þú ert búinn að fá embættið eða þá afsvar er veitt, ætlar Ella að sækja um styrk til ráðgjafa svo að hún geti verið á Fröken N. Zahles skóla. Ef hún eigi fær hann, ætlar Ella að vinna fyrir sjer hjer upp á einhvern hátt, því að pabbi getur eigi látið hana fá meira fje og þar sem Ella hefur verið að reyna fyrir sjer með lán, hefur eigi gengið vel.

Annars er hjeðan næsta lítið að frjetta. --

Páll E. Briem til Halldórs Briem. Khöfn. 2.8.1882.

-- Það er nú eigi langt síðan jeg skrifaði þjer, en jeg neyðist nú til þess að skrifa þjer aptur, jeg hef enga ró í mínum beinum fyrri en jeg er búinn að skrifa þjer um Heegaars bók. Þjer þykir þetta nú náttúrlega undarlegt og það því fremur, sem þú hefur eigi sjeð bókina. Jeg hefði átt að senda þjer hana, en það eru peningarnir sem eigi eru tilstaðar. Þú verður nú að taka orð mín trúanleg og reyna að verða eins hrifinn eins og jeg er fyrir þessari bók. - Þegar Ella var kennslukona á Lækjarmóti í fyrra, var það vaninn að dró ofan í ljósinu í húsunum og valla var hægt að láta það lifa, þangað til fólkið fór í fjósið, þá fór að loga betur. Enginn skildi í þessu. Enn svo stóð á að allar smugur voru úttroðnar, og loftið varð svo vont, að ljósið gat eigi lifað, þangað til fólkið opnaði hurðina, er það fór í fjósið.

Þetta er vanalegt mjög víða; og eins fákunnandi er fólk í mörgu öðru, og þekkir maður minnst af því. Þá er eitt, það kveðst margur eigi vita, til hvers þessi fjandans lærdómur sje og því geta fáir svarað. Um allt þetta er ritað í bók Heegaards og ótal margt annað. Bók Heegaards er því nauðsynlegri, sem nú á að kenna börnum á bæjum meira en áður, og þá er nauðsynlegt að gefa þeim, sem eiga að segja öðrum til leiðbeiningar í því efni. Bók Heeagaards talar um uppeldi bæði til líkama og sálar. Það er nú varla til neins að vera að tala um hana fyrri en þú sjerð hana. En jeg er viss um að hún myndi gjöra nærri ómetanlegt gagn og jeg hef heitstrengt að hún skuli koma út á íslenzku áður 3 jólanætur sjeu liðnar. - Enn nú ber svo vel í veiðar að þú verður kennari, og þú mátt til, svo framarlega sem heilsa þín leyfir þjer, að vinna þjer eitthvað til frægðar svo fljótt sem auðið er. Jeg skal segja þjer: hjer segja þeir að landshöfðingi hafi í fyrra lofað Þórði embættinu, ef hann tæki við constitution. Ennfremur hafi Þórði verið neitað um styrk til þess að fara hjer á fæðingarstofnunina, og síðan hafi hann fengið styrk til þess að læra gymnastik hjer og komi hann hingað vonandi með næsta skipi. Svo segja þeir að Þórður sje góður leikfimismaður, söngmaður og reikningsmaður; út af öllu þessu eru þeir hálf vondir. Jeg fyrir mitt leyti hef mína sannfæringu um, hver betri sje fyrir skólann í heild sinni og því lofa jeg hverjum að segja, hvað hann vill. En fyrir þig er þetta hin mesta upphvatning, að sýna nú þegar, hver maður þú ert. Hjer er bókin gefin út að tilhlutan kirkju og kennslumálastjórnarinnar. Nellemann hefur mætur á Heegaard og er jeg viss um að þú færð góðan styrk hjá ráðgjafa (t.a.m. 800-1000kr.). Jeg set sem svo, að þú komir hingað. Þú verður að fara fyrir kóng og Nellemann, þú getur að minnsta kosti gjört það til þess að hlæja að þeim, Oddgeir osfr. Svo fær þú styrkinn til þess að vitja embættis þíns - og styrkinn til að gefa Heegaard út. Jeg hef skrifað á blað auglýsingar, sem ætti að koma í blöðin um það leyti sem þú kemur heim í haust. Einnig lætur þú prenta boðsbrjef, er þú lætur senda með tveimur blöðum (Ísafold og Fróða) á sama hátt og tíðkast hjer. Svo tekur þú til starfa og hefur

lokið honum í júní. Jeg hef gjört áætlun og eptir henni áttu með styrk ráðgjafans, að hafa allan prentunarkostnað borgaðan í apríllok og ef maður er duglegur að auglýsa ætti það að vera miklu meira en svo. Á næsta vetri áttu að fá 1000kr. inn að minnsta kosti, og jeg er nú svo viss um þetta sem jeg veit eigi hvað. Enn það er auðvitað, maður verður að fara hyggindalega að og spara eigi lofið og auglýsingarnar um svo góða bók. Og jeg veit eigi hvað verið getur að afla sjer fjár og frægðar, ef þetta er það eigi og þess óska jeg þjer jafnan.

Heilsaðu konu þinni. Ef þú eigi ert farinn af stað máttu fara að hraða þjer. Jeg er óviss um að jeg skrifi þjer meira til Winnipeg, því að nú fer þú að fara þaðan. Ef jeg skrifa nokkuð ætla jeg að skrifa utan á til þín: Herra kennari Halldór Briem Esq., Poste restante, Quebec, Can., America. --

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Khöfn. 9. 8.1882.

-- Jeg þakka þjer nú ástsamlega fyrir brjefið frá Liverpool; óska þig enn einusinni og Súsönnu konu þína velkomin. Aumingja Súsanna, að verða svona veik af sjósóttinni; jeg man hvað jeg varð veikur fyrst þegar jeg var á leiðinni hingað til Hafnar. Jeg óskaði þá að jeg aldrei hefði farið þessa ólukkans ferð. Það er nú gott að Slimons-skip er á ferðinni, það er svo miklu fljótara en dönsku skipin. Það er nú að koma að heiman í dag og þú færð nú með því frjettirnar, bara þær verði góðar. Slimons skip fer á Borðeyri og þá gætir þú farið til Sigurðar móðurbróður okkar í Bæ og fengið hjá honum hesta til láns, er Siggi svo gæti farið með til baka er hann færi í skólann. Ef þú gætir, þá ættir þú bæði sjálfur og Súsanna að taka ykkur ofurlitla útreiðatúra í Edinborg, til þess að taka á móti ferðavolkinu heima eigi alveg óviðbúin. Þakka þjer nú líka kærlega fyrir hvað þú ert vongóður með framtíðina.

Það er auðvitað alveg óvíst að Jón Hjaltalín fari frá, en það getur verið, ef hann heldur áfram eins og í vetur, og þá þarf maður að vera búinn að búa í haginn og bæði sjálfs síns vegna geta tekið á móti því og fengið aðra til þess að halda manni fram. Þetta hefur þú í huganum, en þú þarft samt nokkuð að spjara þig til þess að komast fram úr Þorvaldi. Nú sendi jeg þjer Heegaard Om Opdragelse og segðu mjer nú hvernig þér líst á. Jeg vildi bara að þú yrðir eins hrifinn af henni og jeg varð, því að þá færir þú að leggja hana út. Þú verður líka að kaupa þjer Spencers bók Education og lesa hana. Hjer er gott pædagogiskt tímarit, það ættir þú að kaupa; það heitir "Vaar Ungdom", yfirhöfuð átt þú að verða höfuðmaðurinn í skólamálum á Íslandi. Þú hefur nú við ýmsa erfiðleika að stríða í vetur og getur ef til vill eigi starfað mikið fyrir utan kennsluna, en að rita í tímaritin (ekki blöð) er vissasti vegurinn til þess að fá fólk á sitt mál og fara að orðum manna, og svo skrifa bækur. Þú fengir nátturlega mikið meira álit, ef þú ritaðir bók eftir Heegaards bók, en það er samt hálflúalegt að prýða sig með annara fjöðrum eins og biskup, Arnljótur og Þorvaldur Thoroddsen ekki hvað síst.

Kann Súsanna nokkuð í íslenzku, svo að hún geti bjargað sjer? Hugsar þú nokkuð um enska orðabók? Hvernig ert þú til heilsu núna? Hvernig hyggur Súsanna til verunnar á voru kalda landi? Jeg sendi þjer þessi tvö flugurit, sem komu í sumar. Hvað segir þú um þau? Jeg sendi þjer schemain af brjefinu sem fylgdi með, hefur þú fengið afskript, svo jeg sendi það meður billegra móti seinna. Jeg ljet afskrifa ansögningu þína, því að hún átti að stílast til konungs og stæla hönd þína. Það var mjög líkt þinni hendi, en það var skrifað smærra og eigi með eins miklum óþarfa hringjum og með vondum penna, hafði því hönd þína dálítið í þá áttina.

Nú skal jeg segja þjer af Schierbeck. Hann er verulega góður læknir og einkum kirurg, hann hefði getað fengið 8000 krónur á ári, en hann hefur það mjög ónæðissamt; hann vill fá ró til þess að gjöra eitthvað sem gagn er að og því vill hann fara upp til Íslands. Sem læknir hefur hann svo langt um meiri þekkingu en Jónas. Schierbeck gekk undir próf fyrir eitthvað 6 vikum en, gjörði þá slæman stíl, svo hann var þá strax felldur. Guðmundur Þorlákssson og Gísli Brynjúlfsson voru censorar. Guðmundur var fyrst með Schierbeck, en fór þá að breytast og gekk loks í flokk þeirra Hannesar og Þórhalls. Það er sagt að þeir hafi hjálpað honum úr peningaklípu, og með því fengið hann til að lofa ýmsu. Hann hefur drukkið í sumar mjög mikið og setið með Hannesi og þeim. Svo gekk Schierbeck upp aptur 30.ág. og þá gat Gísli eigi setið á sjer var að sussa, neita osfr. Schierbeck stóð sig langtum betur en þeir er áður hafa gengið upp, Fischer, Fennsmark, honum var haldið uppi í 1 kltíma og ¼ svo hann sagði ýms göt. Schierbeck var felldur ranglega og það sögðu bæði þeir, er vilja hafa hann, og þeir, sem voru á móti honum svo sem Emil Schou, Geir Zoëga og fleiri. Guðmundi sýna menn svo fyrirlitningu, en Gísli var klagaður af 17 fyrir sitt athæfi. Jeg hef ávallt verið með Schierbeck og skrifaði í ministeríið með öðrum til þess að stappa stálinu í Nellemann. Oddgeir heldur með Jónasi. Nú seinast þegar jeg var með til að klaga Gísla, sem jeg hafði þó fengið meðmæli hjá handa þjer, þá fylltust þeir báðir hefndarreiði gagnvart mjer. Þegar jeg kom til þess að tala um ferðastyrkinn handa þjer, þá var Oddgeir næsta fúll og sagði að þú fengir ekkert með fl. Jeg talaði líka um styrk Ellu og var hann þá næsta tuddalegur (jeg er viss um að nú brennur það á honum, að hafa látið þig hafa embættið), svo að jeg sá að við svo búið mátti eigi standa. Ella fór með konu Eiríks vísiprófasts til Nellemanns og hann sagði, að það skyldi vera komið undir landshöfðingja; Ella skrifaði svo strax til Finsens (hann er hjer í Danmörku) og nú held jeg að hún sje nærri viss. Og þá skal jeg gleðja mig að horfa framan í Oddgeir. Jeg veit eigi, hvort jeg á að leggja allt mitt fram til þess að þú fáir ferðastyrkinn. Jeg held valla ef að Oddgeir er mjög móthverfur, en hins veginn má vel sækja til alþingis seinna ef þú færð hann eigi hjer, því að þú átt að fá 200-300kr. Jeg nenni nú eigi að skrifa þjer meira að sinni. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 23.8.1882.

Ræðir fjárhag sinn og Elínar. Þarf á meira fé að halda; segir það eiga að reiknast sem skuld sem greiðist á þrem árum. Elín sækir um styrk. Þau ætla að búa saman í vetur. Ræður um stöður m.a. hugmyndina um embætti föður hans, sem honum líst vel á.--

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 27.8.1882.

Ræðir harðindin á Íslandi sem vekja mikla athygli í Danmörku. Er í vandræðum með Halldór því hann hefur ekkert heyrt frá honum, jafnvel ekki hvort hann þiggi embættið. Kæmi það Páli illa ef hann hafnaði því enda hafi Oddgeir spurt um viðbrögð hans. Ef hann hefði svarað strax hefði jafnvel fengist ferðastyrkur. Þau systkin eru ánægð með viðbrögð pabba síns en ef hún fái styrk er hún birg. Hinsvegar hefur Eiríkur/Guðrún gert eitthvað eða sagt sem þeim finnst ekki þau eiga skilið. Ræðir hugsanlegan styrk amtsráðs til Sigríðar frá Djúpadal sem hann hefur aðstoðað hana með. Spyr hvort vottorð frá frk. Zahle myndi hjálpa og hvort hugsanlegt væri að hún fengi 3-400 kr. er hún fari að kaupa áhöld til að byrja mejeriskólann. Nefnir aðra námsmey, Sigurbjörgu Friðriksdóttur sem ekki ætli að snúa aftur heim.

Vegna Sigríðar segir Páll:

Mér er þetta nokkuð áhugamál, bæði af því að ég veit að það verður til gagns og af hinu að ég er ef til vill mikill hvatamaður að því að Sigríður fór að læra mjólkurmeðferðina -- það sem menn vantar er efni í duglegt fólk og ef maður finnur eitthvað þessháttar þá á maður að hjálpa (því) áfram. Lítið traust hef ég á efninu í búfræðingnum á Hólum. Ég held að það væri munur ef menn hefðu annan eins og Svein Sveinsson.

Það eru mörg góð mannsefni sem hafa komið í vor frá Latínuskólanum hingað. Ólafur Davíðsson[1] er gott mannsefni.

Segir frá deilunum um skipun Schierbecks sem landlæknis og íslenskupróf hans. Hallast að honum fremur en Jónassen, sem vildi líka fá embættið. Ræðir framtíð Sigurðar bróður síns og sína.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 8.9.1882.

-- Ræðir um meiðsl sem móðir hans varð fyrir á fæti og einnig langvarandi fótarmein Sigríðar systur hans. Schierbeck er um það bil að fara til Íslands og gleður það Pál mjög. Segir frá deilunum og ósannindagrein Þórhallar Bjarnarsonar[2] þar sem hann segi Schierbeck í mægðum við Nellemann.

Þórhallur veit hvað mægðirnar gera á Íslandi; hann ætlar sjálfur að fara að mægjast við Jónas (*Jónassen*), að minnsta kosti segja menn að hann vilji ná í frændkonu sína Sofíu Hafstein.[3] --

Ekki vilja þeir góðu herrar afgera hvað Ella á að fá til styrks; ég segi það nú satt að þegar búfræðingarnir fá jafn ríflegan styrk, þá verðskuldar Ella slíkan stuðning meira en það og ef Oddgeir neitar um styrkinn skal hann einhvern tíma fá að heyra það. -- Oddgeir ætlaði að fara að reyna að gera sig merkilegan um daginn og neyða Ellu til þess að lofa því statt og stöðugt að verða forstöðukona fyrir einhverjum kvennaskóla; en hún sagði: *Nei takk*. Ég segi það líka satt að það er betra að vera styrklaus en að fara að lofa einhverju og svíkjast svo um á eftir. Ella fór svo fyrir Nellemann daginn eftir og hann var næsta viðfelldinn og lofaði að hann skyldi fara eftir ráðum landshöfðingja. Ella skrifaði svo samstundis til Finsens og bað hann innilega að gera fyrir sig það sem hann sæi sér fært. --

Ég fer nú út af Garði seinast í þessum mánuði og þá fer ég nú að þyngjast á fóðrunum. -- Mig langar til þess að fara að komast út í lífið og fara að reyna mig. Ég geng stundum um gólf heila tíma til þess að hugsa um allt það sem ég ætla að gera; bara að kraftarnir verði nú eins mikli og viljinn! Ég hlæ nú stundum nærri því að mér sjálfum og hvað munu þá eigi aðrir gera; en góðmennskan gildir eigi og verð ég að hlæja að hinum aftur ef í það fer. --

Páll Briem til Halldórs Briem. Khöfn. 16.8.1882.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjef frá 8. ág. og 9. sept. Mjer þykir mjög vænt um að þú fórst heim svo fljótt og þú gazt. En mjer þykir það vanta, að þú eigi segir mjer, hvort þú hafir gjört ráðstöfun fyrir brjefum, er komu frá mjer með utanáskript: Edingurgh P.O. Jeg skrifaði þjer brjef hinn 11. og Heegaards bók í tveimur krossbandssendingum og þarmeð *Edsformúluna* og *Enkeforsörgelsesschemaið*, því að jeg hjelt að úr því, að þú telegraferaðir mjer, þá mundir þú bæta "fer nú" við ef þú færir heim 9. En jeg ætla að skrifa Sveinbirni Sveinbjarnarsyni og biðja hann að fara upp á pósthúsið og reyna að koma brjefunum rjetta leið. Nú sendi jeg

[1] Ólafur Davíðsson (1862-1903) frá Hofi í Hörgárdal, frændi Páls. Hann lauk ekki prófi en reyndist merkur grasafræðingur, þjóðháttafræðingur o.fl. Þeir voru skyldir að einum og þriðja.
[2] Síðar biskups.
[3] Það gerðist ekki. Sofía systir Hannesar dó ógift rúmum tveim árum síðar. Þórhallur átti Valgerði Jónsdóttur frá Bjarnarstöðum fósturdóttur Tryggva Gunnarssonar. (Ýmsir frændur hennar tóku upp ættarnafnið Bjarnar.)

þjer Spencers bók "*Education*". Það eru allar kennslubækur í gymnastik útgengnar bæði Nachtigallo og la cours. Jeg hef verið að hlaupa um til þess að ná í þær, en hamingja má vita hvernig það tekst. Ekki er búið að afgjöra styrk Ellu og jeg er eigi búinn að sækja fyrir þig.

Öllum líður hjer vel. Heilsaðu konu þinni. Vertu sæll. Þinn elskandi bróðir. Páll Briem.

P.S. Jeg skrifaði danska Consulatinu um brjef þín. Ekki get jeg fengið þar kennslubækur í leikfimi sem jeg vil, en jeg skal þó reyna að senda þjer eitthvað. P.Br.

Torfhildur Hólm til Halldórs Briem. Selkirk, Manitoba. 8.8.1882

Hissa að heyra um skyndilega heimför þeirra H.E.B. og Susie.

--þrátt fyrir alla eymdina heima hálf öfunda jeg ykkur að sjá blessaða Íshólmann okkar..

Verður sjálf að sleppa

heimferðarhuga.

Spyr hvort vilji selja alfræðabók (dönsku), sú enska töpuð. Eigi ekki fé, gæti borgað bókina heima því Brynjólfsbókin er komin út og að seljast. (Kristj.) Havsteen skrifaði Rannv.:

Nú hef jeg lesið og keypt Brynjólf eftir frú Holm, og líkar mjer hann mikið vel, hann mun vera sú besta skáldsaga sem ennþá hefur verið gefin út á Íslandi.

Annað ekki heyrt af bókinni. 60 eint. á leið vestur af þús. eint. upplagi. Biður Susie endurs. hana, eins gott að hún komi í blöðum hér eins og í Harpers.

Torfhildur Hólm til Halldórs E. Briem. 15.8.1882.

-- Ítrekar að fá Konversations orðabækurnar keyptar. Segir af peningakröggum og hann eigi bók Kaalund hjá sér.

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Khöfn. 5.9.1882.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir telegrammið, kl. er nú 4½ og hef jeg fáu orðið fegnari en því; jeg hef eigi vitað hvað eg átti að hugsa, að þú eigi skrifaðir mjer að þú værir veikur, værir reiður við mig osfr., en nú ert þú kominn í norðurálfu og vertu alla tíma velkominn.

Jeg skrifa þjer til Edinborgar, því að svo skil jeg telegrammið. Jeg veit eigi, hvort þú hefur fengið brjef mín, sem jeg hef skrifað þjer 28. og 30. ágúst, en samt ætla jeg eigi að skrifa þjer um hvað jeg rabba við þig í þeim, um ýmislegt, heldur bara segja þjer að jeg hef Enkeforsörgelsesschema og Edsformular, sem þú átt að útfylla og senda ministeríinu aptur tilbaka, en af því að jeg er eigi viss um að adressan sje rjett sendi jeg þau eigi fyrri en eptir nokkra daga. Jeg býst eigi við að þú farir frá Edinborg fyrri en 14. september með Slimsons skipi er fer þá af stað til Borðeyrar og ef til vill fleiri hafna á norðurlandi. Þú hefur því góðan tíma til þess að átta þig og hugsa þjer hvernig þú hefur það framvegis; við ættum að skiptast á brjefum svo opt sem við getum þangað til þú ferð af stað alfarinn til Íslands. Jeg býst við að þú eigi viljir koma hingað, en hitt ættir þú að gjöra að sækja um ferðastyrk til Íslands. Strax og jeg fæ brjef frá þjer og veit hvernig sakir standa skal jeg skrifa þjer uppkast og senda þjer. Þú ert viss um 200kr. og færð líklega 300kr. Jeg sendi þjer uppkastið um leið og schemain. Kannski sendi jeg þjer þau á morgun til þess að þú getir vitað um hvort þú færð styrkinn áður þú ferð til Íslands. Jeg sendi þjer brjef sem jeg skrifaði 2. ágúst, sem jeg hætti við að senda af því að jeg hjelt að það væri of seint. Þú ferð nú víst meið Slimons skipi 14. sept. og verður þá kominn heim að Reynistað 20.-22., hvað þá verður mikil gleði á ferðum, þú aðeins nærð í Sigga og Eggert litla áður þeir fara af stað til Reykjavíkur. Svo skilur þú Súsönnu líklega eptir á Reynistað og lætur hana vera þar fyrst um sinn kannski í vetur og ferð sjálfur einhleypur norður að Möðruvöllum og verður þar í vetur.

Alltaf er sama ótíðin heima, ísinn lá fyrir norðurlandi enn 19. ágúst. Þó eru bágindin eigi eins mikil og vænta mátti, því að það hefur rekið svo mikið af hvölum á norður- og vesturlandi. Þú hefur náttúrlega eigi lesið Skuld um mataræðið á Möðruvöllum og verður það víst eigi betra í vetur. Þú mátt borga 2kr. á dag fyrir illt fæði. Ef þjer væri mögulegt, þá ættir þú að kaupa þjer eitthvað af niðursoðnum mat og hafa með þjer heim, hann verður sjálfsagt betri og billegri en að kaupa hann þar. Skrifaðu mjer nú nákvæmlega hvernig þú ætlar að hafa það, jeg þarf að skrifast á um það við þig. Eiríkur var heldur á móti umsókn þinni og heldur að þú hafir betra af því að fá brauð upp á 1000-1100 kr. en það er mjer óskiljanlegt. Liggur Spónsgerði langt frá bænum Möðruvöllum? Gætir þú eigi búið þar þjer til gamans eins og Sveinbjörn Egilsson bjó á Eyvindarstöðum?

Ella er hjer enn og hefur von um 500kr. styrk af landsjóði; hún má til að vera á fröken Zahles skóla í vetur, það verður þú að sjá um. Eiríkur skoðar það sem vitleysu. Gunnlaugur getur eigi hjálpað. Pabbi heldur eigi. Ef Ella fær styrkinn verður hún reyndar svo að segja sjálfbjarga. Gunnlaugur er í Reykjavík verzlunarstjóri fyrir Eggert Gunnarsson. Hjer hefur gengið margt sögulegt til meðal Ísl., komið út 2. velvakanda brjef og eitt brjef frá

nokkurum Íslend. osfr. Þá er Schirebecksmálið og er það herfilegt, hvernig þar hefur gengið. Hann var felldur ranglega, 30.ág. við prófið í íslenzku. Er nú eigi um annað talað. Skal skrifa þjer um það seinna. Vertu sæll, heilsaðu Súsönnu ástsamlega. --

Á jeg að senda þjer "Om Opdragelse" eptir Heegaard. Á jeg að reyna að útvega þjer bækur um mathematík, gymnastik sem þú getir stúderað þangað til 1. okt. Gott var NB fyrir þig að þeir sögðu sig úr skólanum allir, svo að þá verður ljettara í kennslu fyrir þig. Af miðanum, sem með er, sjer þú, hvað kenna á.

Páll Briem til Halldórs Briem. Khöfn. 11.9.1882.

-- Jeg þaka þjer mjög vel telegrammið, jeg fjekk það í fyrrakvöld, en jeg var reyndar búinn að ímynda mjer, að þú eigi gætir komið og sendi því ýmisleg dókument, er þú gætir sent mjer aptur. Bara að Súsanna kona þín hressist nú vel eptir sjóveikina, og að veðrið verði gott á heimleiðinni. Camoens á að fara á Borðeyri, en kannske þú getir fengið þá til þess að hleypa inn á Sauðárkrók. Svo fer Camoens víst líka á Akureyri. Frá hvaða staðnum fer þú heim að Reynistað?

Nú er Villi litli bróðir 13 ára eða svo til; mamma vill láta hann læra í skóla eins og alveg er rjett. En finnst þjer vera rjett að senda hann í Möðruvallaskólann? Í öllu falli getur þú valla tekið að þjer að kenna honum í vetur undir skóla, þú verður að gjöra svo margt og mikið og einkum ef þú ætlar að leggja út Heegaards bók, þá hefur þú nærri engan tíma afgangs. En það er einmitt að þú þarft að sýna rögg af þjer í vetur. Í mars ættir þú að vera búinn að biðja um styrkinn til þess að gefa bókina út og mælast til 25kr. styrk fyrir örkina (það verður um 900-1000kr.). Ef þjer er neitað, þá áttu að senda bænaskrá til alþingis að ári.

Villa liggur nú eigi svo mjög á bara þetta ár, þangað til jeg er búinn og Ella komin heim.

Nú hef jeg fengið hjer nákvæmlega að vita um skipaferðirnar frá Skotlandi til Íslands. Jeg hef átt tal hjer við Consul Hansen nokkurn og segir hann að Camoens fari heim 9. og 23. sept. en það geti þó breyzt um dag og dag. Þar á móti er hjer sagt fyrir víst og það hef jeg sjeð í blöðum hjer að skip fari með gjafir til Borðeyrar hinn 19. sept. og með því ímynda jeg mjer að þú færir, og þá nær þessi miði þjer rjett um morguninn áður en þú ferð. Annars veit jeg eigi hvernig þú hagar ferðum þínum, en gætir þú eigi skrifað mjer brjefkort, um það að þú ert að stíga á skip og sagt mjer, hvernig þú hagar ferðum þínum, mjer þykir gaman að vita, um hvaða leyti þú ert kominn heim. Enn af því að þetta er svona óáreiðanlegt ætla jeg ekki að skrifa heim, en hitt vil jeg biðja þig um, að skila ógn kærum kveðjum til pabba og mömmu og systkina og kunningja.

Nú ætla jeg að fara að tala um peningasakir við þig. Jeg ímynda mjer, að þú hafir tekið um 1000 kr. lán í Ameríku og er það ærið fje. Svo ímynda jeg mjer að þú látir Súsönnu (ef hún getur unað við það) vera á Reynistað vegna ýmsra óhentugleika, fyrst ekki (eru) húsakynni á Möðruvöllum og svo afar illt að tjónka við Guðrúnu konu Jóns Hjaltalíns. Frá októberbyrjun hefur þú 133 kr. á mánuði. Jeg tel nú til skuldar hjá þjer og legg vel í og meira enn það 50 kr. Svo vil jeg nú fara þess á leit við þig að þú lánir Ellu 200 kr. Jeg skal vera borgunarmaður Ellu og láta þig fá það aptur að vetri, því að þá get jeg fengið lán. Enn nú vil jeg hafa þetta upp á vissan máta.

Svo stendur á, að jeg hef lesið í skóla saman með Finni Jónssyni og búið saman við hann hjer og held fjarska mikið uppá hann; hann fær ekkert heimanað og stendur uppi hjálparlaus hjer. Hann tekur próf í málfræði í janúarmánuði og þangað til þarf hann að fá fje til láns og hann myndi þeim manni mjög þakklátur sem hjálpar honum svo að hann eigi þurfi að knjekrjúpa höfðingjum og nú vil jeg að þú gjörir það, ef þjer er mögulega hægt, að ávísa honum af launum þínum 50kr. í fjóra mánuði, (okt., nóv., desember og janúar) og svo mun hann borga Ellu, þegar hann er búinn að ljúka prófinu. Skrifaðu mjer nú um þetta góði bróðir og gerðu það sem þjer er hægt; jeg veit reyndar að þú munir eiga óhægt með það og það (er) mjög óhægt, en það er líka mikið góðverk, sem þú munir fá borgað með meiru en peningum, því að Finnur er bezti drengur og haukur í horni, þegar hann er búinn; jeg þekki fáa jafna hans að ötulleik og dugnaði. Og síðar meir ef þú þarft að snúa þjer til einhvers hjer, þá mun hann vera viðbúinn. Finnur er lofaður danskri stúlku og mun hann vera hjer í Höfn um langan tíma. Ekki skaltu eiga við Guðmund Þorlákssson og helzt aldrei eiga framar, hann er aumingjatetur, og þið hafið átt nóg mikið saman og hann nóg lengi þókst vera vinur þinn.

Ekki veit jeg enn hvort Ella fær styrkinn (500kr.). Eiríkur heldur eigi lítið móti því, að Ella sje hjer í vetur og læri. Hann heldur að Ella verði svo óheyrilega lærð á tveimur vetrum, en ef hann gáir að hvað piltar sem búnir eru að læra undir skóla og vera einn vetur í fyrsta bekk, vita og kunna, þá má hann þó sjá, að það er eigi neinn fjarskalegur óþarfa lærdómur. Enn það er nú eigi um það að fást. Guðrún kona hans vill láta okkur systkinin dansa eptir sinni pípu, en þó að hún sje góð kona og merkileg í marga staði, þá finnst mjer þó, að hún þurfi eigi að reiðast, þótt Elín í þessu máli geri, hvað hún getur og vill.

Það er leiðinlegt að geta eigi beðið til morguns með að senda brjefið, því að þá á jeg von á brjefi frá þjer. Það er leiðinlegt að geta eigi talað við þig enn, það verður þá að ári. Það er leiðinlegt að, geta eigi talað við þig og sjeð og heyrrt, hvort þú í þessu að sumu leyti leiðu ár, sem þú hefur verið í Ameríku, hefur misst nokkuð af framfaralöngun og framfaravon. Þú hefur átt við slíkan lýð, að það væri nærri von, að þú hefðir misst þessa

öruggu von um framfarir og viðgang hins góða í heiminum. Jeg get eigi sjeð það í brjefum þínum.

Þegar jeg er nú kominn heim, og ef jeg fæ Skagafjarðarsýslu, sem jeg nú helzt hef í huga, að reyna að klófesta, þá get jeg nú gjört ýmislegt og þá ætla jeg líka að gjöra svo óendanlega margt, margt og bara að manni auðnist að gjöra allt það sem maður ætlar að gjöra.

Heyrðu þú verður endilega að segja mjer, hvort þjer eigi leiðist þessar endalausu ráðleggingar hjá mjer. Þú mælir svo sem ekki á móti mjer; jeg er hálfhræddur um að það sje af því, að þjer þyki það barnaskapur hjá mjer. Ekki get jeg sagt þjer neitt frekar um ferðastyrkinn, þú skrifar mjer þó eitthvað um, hvort jeg á að senda þjer hann eða eigi. Jeg veit alls eigi hvort jeg á að skrifa þjer nokkuð um íslendinga hjer; jeg held að þú eigi sjert inní því, og sleppi jeg því að sinni.

Heilsaðu konu þinni. Og verið þið svo sæl og blessuð og gangi ykkur ferðin mjög vel heim. --

Meðmæli Steingríms Thorsteinsson fylgja og línur frá Páli með kveðju til Halldórs frá Steingrími.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 8.10.1882.

Ræðir um afleiðingar hnjáslyss á móður hans. Einnig fótarmein Sigríðar systur hans. Leggur til að þau sendi lýsingu á sjúkleikunum til Schierbecks landlæknis, sem er að fara til Rvíkur. Segir frá fjársöfnun til Íslands bæði í Danmörk og Englandi. Finnur að skoðunum Eiríks bróður síns sem þurfi að gera sér grein fyrir að ef Íslendingar neiti öðrum um stöður geti þeir ekki ætlast til að fá dönsk embætti, fá Garðstyrk o.fl.

Ræðir um styrkmál sín og Elínar sem fékk Petrine, konu Eiríks Jónssonar vísiprófasts á Garði til að fara með Elínu til Nellemans en þau hjón hafa fylgst með fjármálum þeirra systkina. Ræðir fjármál fjölskyldunnar og erindi rekin fyrir föður sinn.

Sigurður E. Briem til Páls E. Briem. Rvík. 15.10.1882?

-- Mömmu þótti Hannesi illa farast að vera að ljúga upp á þig að hafa ritað bréf Velvakanda, en mér finnst það ekki vera til neinnar skammar fyrir höfundinn og ekki skil ég að þú vitir ekki eitthvað til þess fyrst það er ekki af Hannesarflokknum. --

Sigurður E. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 18.10.1882.

Frétti á suðurleið að H.E.B. væri kominn til Ak. Segir alla er hann hafi heyrt minnast á Möðruv.sk. hrósa happi yfir að Halldór sé þar. Ekki sé gott í efni er ráðríkur og einþykkur rektor á í hlut.

Segir Eirík hafa byggt hús, una þau hjón þar vel. Versl. Eggerts Gunn. gengur allvel. Erfitt að koma fé í skip v. óveðurs. Segir Valdimar hafa komið með gjafakorn til norður- og vesturlands og með þeir Schierbeck og Gestur Pálsson. Schierbeck virðist færari í íslensku en sýslumennirnir dönsku, hélt ræðu á íslensku í móttökuveislu.

Sigríður E. Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 25.10.1882.

Minnist á fótarveikindi sín og óskar að hún væri komin til góðs læknis.

Eggert G. Briem til Halldórs Briem. Reynistað. 26.10.1882.

-- Jeg þakka þér fyrir hérkomuna síðast og fyrir tilskrifið. Hér hefir allt verið upptekið við sláttustörf, því jeg get eigi af kindunum sett á nema 200 ær. Við seldum Coghill 50 á markaði, og hinu er slátrað.

Eg sendi nú loksins eptir kassanum sem þú skrifaðir mér að hefði verið fluttur í land hjá Chr. Jonasson. Jón á Holtsmúla fer og hefir meðferðis til þín frá mömmu yfirdýnu í belg, dálítið af smjöri í krukku og bjúga.

Hér komu 2 sendimenn í gærkvöldi að sunnan frá landshöfðingja. Hinn fyrri að boða komu meistara Eiríks Magnússonar, sem er sendur af samskotanefndinni í London, forstjóri Lord Majoran, -- prinsessa Alexandra á gufuskipi til að útbýta fóðurkorni. 100 tonn á Borðeyri, 100 tonn á Sauðárkrók og 100 tonn á Akureyri, hinn seinni að boða komu skipsins Valdemar frá Kmhöfn, Kapt. Kihl með gjafakorn til Vestmannaeya, Reykjavíkur, Stykkishólms, Skagastrandar, Sauðárkróks (614 ton kornvöru og 100 ballar heys), Akureyrar og Húsavíkur og eiga menn hér á Sauðárkrók að vera viðbúnir að taka móti vörunum frá skipunum þessa daga. Enska skipið fer fyrst til Rvíkur og Hafnarfjarðar til að skipa þar upp húsaefni og vinnuvélum til brennisteinsnámanna við Krýsuvík.

Landsfysikatið óveitt, en Schierbeck, sjálfsagt designatur, kominn til Rvíkur með Valdemar, tekur þar líkl. prófið í íslenzku.

Eggert *(Gunnarsson)* frændi kominn með vöruskipi til Rvíkur og búinn að fá sauði í það aptur, hann fór í Borgarfjörð, en Gunnlögur austur í sýslurnar. Eggert litla Snorrason[1] kvað langa til að læra latínu, vertu góður

[1] *Eggert Snorrason (1866-1889). Fór til Khafnar til náms 1884. Varð verslunarmaður á Akureyri.*

við Guðmund Einarsson frá Hraunum.

Mamma biður kærl. eða heilsa þér og við biðjum þig að skila kærstu kveðju vorri til þ. elskuðu konu. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 13.11.1882.

Ræðir fjármál m.a. 300 kr. styrk sem hann sjálfur fékk. Gleðst yfir að Schierbeck hafi staðist íslenskuprófið. Einnig bréf læknis á geðspítalanum um að hann sé ekki viss um hvort Jónas sé vitlaus enn. *Spyr hvað hann eigi að gera.*

-- Mikið hefur Eggert Gunnarsson um sig og má Gunnlaugur vara sig á að binda sitt of mikið við Eggerts hag. Eggert er svo lítill kaupmaður. --

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 1.11.1882

Segir af erfiðu ferðalagi. Er þau komu að Reynistað var Ingibjörg sótt inn en hún gat ekki gabbað hana því er hún kom út þekkti hún hana strax. Eggert og Ólafur eru ekki heima og Sigríður rúmföst vegna fótarins. Fólk segir hana tala betri íslensku en Frederikku svilkonu hennar. Þakkir til Thoroddsen fyrir söðulinn.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 3.11.1882

Segir frá fyrsta fundi við tengdaföður sinn Eggert G. Briem. Lýsir honum og segir hann glæsilegan gamlan mann. Susie bætir við ósk um kennslubók Hjaltalíns, því hún ætli að kenna ensku Jóhönnu mágkonu hennar o.fl. Segir mikla breytingu fyrir sig að vera komin þangað, einu ameríska konuna sem búsett er hér.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruöllum. 8.11.1882.

Saknar bréfs, vonast eftir bréfi með séra Arnljóti. Hefur verið einmana frá því að S. fór. En með vinnu má gleyma því. Frú Hjaltalín var leið þegar Susie fór. Hjaltalínshjónin og Thoroddsen fóru til Akureyrar í giftingu Jóns Stefánssonar og Kristjönu. Minnir hana á að skrifa Kristjönu og Hólmfríði á Bægisá.

-- Þú verður að vingast og sættast við báðar. Væri það ekki sigur? --

Á von á að það hafi verið gleðilegt að hitta foreldra og systur H.E.B. Og hvernig er að búa á Reynistað? Þú hefur möguleika á að læra íslensku. Og hvernig líkar þér hinn alvörugefni Ólafur. (Briem).

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 4.11.1882.

-- Þegar eg kom heim í gærkvöldi, sat hér í vesturstofunni ókunnug dama við tóskap og veitti eg hvorki henni né búningi hennar neina eptirtekt, en ætlaði strax út aptur til að bjóða gestum inn (séra Arnljóti og Skapta Jósepss.) en þá sagði mamma, hvort eg þekkti þessa konu og sagði mér um leið hver hún væri, svo við heilsuðumt þá aptur. Okkur líst náttúrl. ósköp vel á hana og hún er okkur mjög hjartanl. velkomin. Hún er svo einstakl. skemtileg, glaðleg og ánægð þó sumt sýnist andstætt og í mörgu falli "vöntun gæða" eigi sér stað. Það er gott hvað kona þín er einbeitt að fara hér vestur.

Valdemar kom 28. f.m. með 300 ton rúg, 50 ton bygg, 150 hálfsekki hveitiklíð, 100 hálfsekki rúgklíð, 100 balla heys (á 12 fjórð), og svo er því nú skipt milli hreppanna með *ordre* að láta hin bágstæðari njóta þess. Enski *dampurinn* með E. Magnússon er ókominn (enda er nú sem stendur ólendandi á Sauðárkrók), bara að honum hafi eigi hlekkst neitt á.

Þú gætir máske með lagi komist eptir hvort Eggert Snorrason langar í latínuna án þess að setja honum flugu í höfuðið. Mamma sendir þér sokka seinna en hún vill sauma vaðmálið, máske Susie viti í hvað þú hefur ætlað það. --

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 12.11.1882.

Segist skrifandi bréf í tímaþröng, skip að fara frá Sauðárkr. Kveðjur frá öllum á R. en þeir eru margir forvitnir sem komnir eru til að hitta ameríska konu HB, þ.á.m. Claessen. Mamma H.E.B. og Sigga systir hans segja að Valgerður og Claessen séu trúlofuð. Cl. hefur gaman að kappræðum við SB og héldu þau öllum vakandi og hlæjandi í gærkvöld þar sem þau ræddu tísku. Hefur aldrei séð tengdaföður sinn jafn glaðan. Ætlar að reyna að kenna Jóhönnu ensku. Farið eftir ráðum HB um hvernig megi koma í veg fyrir einmanal., hefur eitthvað fyrir stafni frá morgni til kvölds.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 12.11.1882

Segir frá ferðinni og hestinum frá Reynistað til Sauðárkróks. Hingað kom skip með vörur og Eiríkur Magnússon með því. Segist aldrei hafa fallið jafn illa við nokkur mann eins og hann, sem er bæði grófur og hrjúfur. Hann er ekki sannur maður. Hann talaði svo illa og grimmdarlega um Guðbrand Vigfússon að ég tók það svo að þeir væru óvinir. Segir frá börnum Claessen, Eggert greindur. Halda á 16 m. veislu fyrir EM og kostar þáttt. 10 kr. Já, Eiríkur er ógeðfelldur sem heldur sig geta sagt hvað sem er eins og kóngur væri. Hann stríðir SB, spyr hvort HB sé ekki þreytandi, siðprúður, reyki ekki, drekki ekki og ekki neitt. Veislan er

í dag; Eggert glæsilegur í einkennisbúningi. Biður hann að koma ekki á jólum ef vegir verða jafn slæmir og nú.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 16.11.1882.

Veislan fyrir Eirík Magnússon[1] *var ekki tíðindalaus. Skafti Jósepsson*[2] *var fullur eins og vænta mátti og hagaði sér svo illa að beita þurfti valdi til að koma honum út.*

Séra Ólafur stúdent -- *eins og hann er nefndur (sérkennilegur maður sonur Bólu Hjálmars) hefur komið hingað og er svo skotinn í konu þinni að ef þú átt fyrir þér að vera afbrýðissamur þá er að því komið. Er mjög einkennilegur. Ég segi ekkert frekar um hann, því hann er gamall* --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 22.11.1882

Gleðst yfir að vel gangi á heimili foreldra hans; vonar að heilsan batni. Sendir lyf. Vel gengur í skólanum. Nefnir álit hennar á Eiríki Magnússyni. Ræðir gamla séra Ólaf, sem henni líkar við - skrýtinn karl. --

Séra Jón Bjarnason til Halldórs E. Briem. Seyðisfirði. 24.11.1882.

Elskul. vin!

Óskar HB gæfu í embætti (á Möðruv.) Skilur að Hjaltalín sé:

-- stirður og staurlegur, og hefði aldrei svo farið á Mörðuvöllum í fyrra, ef svo hefði ekki verið. Það var annars þjóðarskandali. --

Segir hörmungarár hafa gengið yfir landið í nál. öllu tilliti og margir misst ástvini. Sjálf misstu þau hjón fóstursoninn Guðjón, kominn á 3. ár úr mislingum. Hefur lofað að koma til Winnipeg 1884. Bæði kjósa þau að vera í Ameríku. Lára spyr um Susie og svarar sér sjálf að hún sé sáraóánægð í hinum

-- íslensku forholdum --

Spáir að hún verði aldrei mörg ár á Ísl. og hann ekki heldur. --

-- Þetta er ekki hrakspá, en góð spá. --

Segist ekki fyrirgefa að hann hafi gert það glappaskot að fara með hana til Íslands.

--Þetta er bæði gaman og alvara --

-- bætir Susie við.--

Sigurður E. Briem til Haldórs E. Briem. Rvík. 1.12.1882.

Eiríkur bróðir þeirra ekki sammála HB um endurbætur á reikningsbók. Ef fólk eigi að geta lært hana í sjálfsnámi þurfi hún að vera lengri. Er bókin í endurprent v. mikillar sölu.

Nemendur HB hafa skrifað að þeim þyki reikningskennsla ekki góð en dönskukennsla ágæt. Hissa á hve fljótur hann væri að komast með nem. sína inn í prósentureikning. Segir af íslenskuprófi Schierbeck. Honum gengið vel við að lækna ýmsa sjúkdóma sem aðrir læknar hafa gefist upp við. Jónasssen og fylgismenn hafa haldið áfram andúð á Schierbeck. Hann lætur sig það ekki varða. Stofnað hefur verið embættismannafélag til áts og drykkju. Jónassen reyndi að fá inngöngu Sch. hafnað og tókst með lagabroti. Gafst upp er á átti að herða og meðlimir vildu úr félaginu. Fleira gert til andstöðu við dr. S. Eiríkur á Brúnum hefur höfðað mál gegn Eiríki bróður þeirra þar sem hann neitaði að taka við greinum frá mormónum í Ísafold.

Susie Briem til Halldórs Briem. Reynistað. 4.12.1882

Gleðst (sem oftar) yfir bréfi hans sem þó var ekki nema snepill. Hlakkar til jóla og gerir sér von um að hann komi. Segist hafa skroppið til Sauðárkr. með Ólafi mági sínum og hefði það verið skemmtilegur reiðtúr. Rekur á eftir HB með að skrifa eftir nýjum söðli því þeir ísl. séu ekki góðir. Hafa verið að leggja á ráðin um það systurnar og móðir hans að hann reyndi að verða ritari alþingis næsta sumar. Svarar spurningu um alvarlegan Ólaf bróður sinn. Henni falli mjög vel við hann þótt hún hafi ekki kynnst honum. Hann hafi mikið að gera, þögull, góður og hugsunarsamur. Sigríður er skrýtin en ekki ógreind. Við Ingibjörg móður hans fellur henni einstakl. vel; góð og birtir sérstakl. yfir henni þegar á HB, Sigurð, Ólaf og Vilhjálm er minnst. Þið eruð hennar uppáhald, einkum þú. *Ræðir bréf frá Stefáni (Stefánssyni) og segir gott að hægt sé að selja landskikann.*

[1] *Eiríkur Magnússon (1833-1913) meistari og bókavörður í Cambridge.*

[2] *Skafti Jósefsson (1839-1905) ritstjóri á Akureyri og Seyðisfirði.*

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 7.12.1882.

Ræðir enn söknuð vegna aðskilnaðar. Segir af jólahaldi, m.a. að þau Ólafur mágur hennar hafi tekið þátt í skemmtun vinnufólksins sem kenni henni að hafa meiri stjórn á sjálfri sér og sínu lífi.

Erfitt að láta líta út fyrir að hún sé ánægð. Þráir að geta hitt hann og glatt hann.

Ræðir starf hans á Möðruv. spyr hvort hann hafi ekki hitt amtmanninn sem hafði skrifað tengdaföður hennar og lýst vorkunn sinni vegna aðskilanaðar þeirra HB og SB. Segist hugsa um Sigríði á næturnar en hafi ekki mikla ánægju af henni. Annað mál sé með Eggert litla Claessen.

Gunnlaugur E. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 7.12.1882.

Býður H.E.B. velkominn til landsin og konu hans sem er á Reynistað.

-- Ég sit hjer og svona er það. Verzlun hefi eg altaf haft gaman af, en mjer þykir sumt þurfa að ganga hjer öðruvísi en eg hefði óskað og viljað hafa ef eg hefði getað viðráðið. Eg vona að það lagist framvegis ef þetta á sjer annars nokkurn aldur. --

Eggert frændi er ekki verulegur verzunarmaður allra síst í því að stjórna kostnaðarlítið, en það er hægara um að tala en í að komast svo það er ljótt af mjer að vera að dæma um það. En það er mjer óhætt að segja að hann trúir og treystir almenningi of vel, en flestir gjöra sjer þar á móti að skyldu að naga hann upp og prútta á hann svikum, hestum og þessháttar og gætir hann sín þó furðanlega í því, ef hann fjallar sjálfur um. Núna nýlega hafði hann umboðsmann til að kaupa hross og þar í voru eldgamlar horbikkjur sem ekki gátu farið til útlanda og er eg að segja honum að skila þeim aptur sem eg vona að hann gjöri. --

Segir fleiri dæmi um óskynsaml. fjárkaup sem leiddi til mikils taps. Vonar að þetta vinnist upp aftur.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Ódags.

Dearest wife.

SB virðist hafa kvartað yfir stuttum bréfu og skýrir hann það m.a. með því að hann vilji ekki greina henni frá svartsýnum hugsunum sínum. Betra að eiga viðr. um þær, þeirra einkamál. Er að kenna greinar sem hann þekkir illa og fellur ekki í geð. Nefnir söng en engin hljóðfæri til. Hjaltalín felldi niður þýsku þar sem hún er ekki nefnd í reglum. Drengir í 2. bekk óskuðu eftir kennslu í goðafr. og hefur hann sinnt henni þeim til ánægju. Framtíð óviss, sökkvir sér niður í stærðfræði. Erfitt að vera glaður við þessar aðstæður. Segir frá heimsókn til séra Davíðs á Hofi, messaði þar. Einni dauða (Þorsteins) Daníelssonar, (Skipa)Lóni.

Langar í heimsókn um jólin, svo margt er órætt þeirra milli. Áhyggjur v. búsetu næsta ár. Ræðir ólíkl. flutning til Rvíkur og styrk til Elínar (systur hans).

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 27.12.1882.

My darling loved Halldor!

Saknaðarbréf vegna aðskilnaðar á jólum. Tók þátt, ásamt Ólafi mági sínum í skemmtun starfsfólskins og náði með því tökum á sjálfri sér, þótt erfitt sé að sýnast glaður. Spyr hvort hann hafi komið til amtmanns sem hefur skrifað tengdaföður hennar og vorkennt H.E.B. fyrir að þurfa að búa í húsi Hjaltalíns á Möðruvöllum. Ræðir veikindi H.E.B.

Susie Briem: Bréf. Birtist í Manitoba Daily Free Press 11. nóv. 1882.[1]

IN HIGH LATITUDES.

A Winnipeg Lady's Experience of Iceland.

Some Interesting Notes of that Far-off Land.

The following extract from a letter of a Canadian lady, a niece of Mr. John Taylor of Carberry, who lately left Winnipeg to reside in Iceland, will be of interest to many of our readers. It is dated from the principal seaport of the north of that country, which has been blocked up this year by polar ice until September last.

Akureyri, 22d Sept. 1882

[1] *Eitt af þrem bréfum Susie Briem sem Ryan Eyford fann í Manitoba Daily Free Press og sendi EÁ. Ryan vinnur að rannsóknum á ævi William Taylor. Bréfin birtast með mislestrum setjara MDFP.*

It is just one month to-day since I left Winnipeg, and as you will observe by the address, I am now in Iceland. We had a rough voyage across the Atlantic in the Peruvian, and my last letter was written at Edinburgh. We sailed again on the 9th September, from Granton, and after another very rough voyage arrived at Akureyri on the night of the 16th. My first sight of Iceland was the snow covered mountains telling of the chilly summer which has been experienced here.

The polar ice has been lying round the southern part of this island all the year until a few days before I arrived. We had quite pleasant weather during the past week. I am told it is the best and warmest time that has been known this summer.

I am enjoying myself very much, and my first ride on the Iceland ponies has been safely and satisfactorily accomplished, and I very much enjoyed it. H. was always teasing and prophesying that I should have to be tied on the saddle, but instead of that I got on quite well. It was on Monday afternoon 18th September, that H. and I obtained the ponies and rode out ten miles to Mothruvellar, being rather a long ride for my first attempt and over roads that elsewhere would not be considered passable. We had two rivers to ford, one of them rather a wide one, which we forded after sundown. I felt quite dizzy while crossing them for the first time.

These Icelandic ponies, I believe, could walk up stairs as readily as not, so sure footed little beasts they are. Such shaggy, chunky, ridiculous looking little things! And when they run, they have such a peculiar gait, lifting both feet of the same side (it is called here “ath skootha”) at the same time, stooping a little. It reminds me for all the world, of nothing so much as the way in which mice scuttle along when the cat is after them.

The captain of the steamer in which we came , went out for a ride with some other gentlemen, but had the misfortune to turn-a complete somersault over the head of his charger.

We could only get a little room at Mothruvellar to sleep in, at the house of Mr. Lon Haltalin, the school superintendent. The scenery around was very fine.

We returned to Akureyri the next day, Tuesday. Friends seem desirous of doing all in their power to make us comfortable.

H. is about to ride 50 or 60 miles to visit his father and mother at Reynistath. When he returns we shall move out to Mothruvellar. In the meantime I remain here with the widow of the late Provincial Governor.

H.’s wife, you must know, has created quite a sensation in Akureyri; and her Icelandic is one of the greatest wonders of the century. Yes, the truth is, that people here, meaning the upper classes, seem inclined to receive us with open arms. All the houses where I have been were clean and comfortable, some of them even elegant. But when I get out among the farmers, it will likely be a different thing.

Slaughtering time began yesterday, Thursday, 21st. Down at the beach several hundred animals were killed, and today again they are busy at work. The lady of the house where I stay is having eight sheep killed for the use of her own household, which by the way is a very small one. But Icelandic winters are so long.

I have not felt lonely at all yet in this place. Everyone with whom I have had anything to do, has been so kind. I believe I can have just as good and as true friends here as anywhere else.

I shall forward this letter by the same steamer in which we came. She leaves this evening or tomorrow with a cargo of four thousand sheep. My voyage in her was stormy, so I had my full share of seasickness all the way from Granton here. I feel better now, however, and have splendid appetite, so that I can enjoy myself greatly.

1883

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 2.1.1883.

Komst ekki til hennar v. veðurs þar sem hann er veikburða. Vonar að S.B. nái sem uppbót sambandi við móður hans. Flestir fóru héðan til Akureyrar en hann var í sínu herbergi. Ástæðan er drykkja, hvar sem menn koma saman. Sjálfum sér nægur í störfum. Mun ræða við (Þorv.) Thoroddsen um að hann taki við söngkennslu næsta vetur. Í Rvík reyna Jónassen og fél. að brjóta Schierbeck á bak aftur, sem er þó betri læknir. Veslings Benedikta frænka er pínd af Önnu Th. þótt skýr sé og fremur falleg en ekki þægil. í umgengni. Páll sagði að HB hefði fengið 200 kr. ferðastyrk. Kjaramál og lóðarsala í Vesturheimi. Ræðir um að þau hittist eftir skólalok, hugsanl. að hún komi fyrr til hans.

Hólmfríður Þorsteinsdóttir[1] skrifar Susie Briem. Bægisá 6.1.1883.

Saknar að HB hafi ekki komið á leið sinni vestur um jólin. (Þá mun Susie hafa átt setu á Reynistað). Segir að --einn maður -- *hafi róið undir til að gera skólasveina óánægða með HB, sagðist strax hafa óttast að svo myndi fara en vonaði*

-- að frændi yrði ekki frænda verstur. --

Jón Hjaltalín og HB voru þremenningar.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 10.1.1883.

Ræðir m.a. skárri heilsu sína. Ræðir við hana um kvæðabók Byrons og um Spencer. Reikningskennslan gengur vel, söngkennslan síður. Frú Hjaltalín hefur boðið aðstoð sína.

Matthías Jochumsson skrifar Halldóri E. Briem. Odda, 10.1.1883.

Elskulegi Halldór!

Feginn að HB og SB séu komin heim. Þú varst talinn af og ég að semja erfðadrápu.

Nú er ég orðinn pokaprestur undir fimmtugt og Odd-borgari.

-- stóreflis búskapur, 20-30 manns, í harðæri, fallin kirkja og skuldir, andlegt líf í hundunum, ekkert --

-- menntunarlíf, heldur minimum, eða undir

„*Zero of average Icelandic intelligence*“.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 13.1.1883.

Enn eru fjármál á dagskrá sem hann er bjartsýnn með. Ræðir próf sitt í júní. vonar að það gangi vel og stefnir að heimför. Elín stendur sig vel í skólanum.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 13.1.1883.

-- Rjett fyrir jólin fjekk jeg bréf frá þjer frá 4. og 7. nóv. og eitt frá 6. okt. sem hefur verið að flækjast lengi á Seyðisfirði og í Norvegi. Ekki hef jeg getað fengið þær kennslubækur, sem hjer eru notaðar við leikfimiskennslu, þær voru útseldar og ómögulegt að fá þær. Aptur á móti hef jeg náð í norska bók, sem jeg nýlega hef fengið að vita um og hana sendi jeg þjer. Líka sendi jeg þjer reikningsbók, sem Ella hefur brúkað á fröken Zahles´ skóla. Þar er líka kenndur bókstafareikningur og einkar góð geometri eptir Júlíus Petersen, en það held jeg að þú hafir eigi þörf á.

Jeg þakka þjer ógn vel fyrir ávísun þína; hún kom einmitt í góðar þarfir rjett um jólin. Finnur hefur verið að ganga upp þessa dagana, hann er búinn með það skriflega og fær bóklega *láð* og er það vel gjört eptir 4½ ár. Mjer kemur þessi ávísun reyndar eigi að notum í bráðina, en það gjörir ekkert til, því að jeg hef ráð á fje sem stendur; mjer er nóg að hafa vissuna. Jeg sendi þjer nú þessa ávísun tilbaka. Jeg hef fengið 100 kr., sem jeg tók af ferðastyrknum og því þarf ávísunin eigi að vera hærri en 150 kr. Jeg veit eigi hvernig á að fara með ávísunina, pabbi lætur það einhvern veginn ganga í gegnum ministeríið, þegar hann ávísar mjer, jeg held að það einfaldasta verði annaðhvort að þú sendir mjer þessar 150 kr. beinlínis eða að þú látir Sigga eða Gunnlaug hefja það í Reykjavík, því að laun þín eru líklega borguð þar út (hjá Á. Thorsteinsson), þú hefur nú þetta einhvern veginn á bezta veg, En fjeð þyrfti jeg að fá ekki seinna en í júnímánuði.

[1] *Hólmfríður Þorsteinsdóttir (1839-1904). Kona séra Arnljóts Ólafssonar á Bægisá, dóttir séra Þorsteins Pálssonar á Hálsi er átti sem síðari konu Jóhönnu Kristjönu Briem föðursystur Halldórs Briem. Hún var hálfsystir Tryggva og Eggerts Gunnarssona.*

Heyrðu fjelagi, nú hefur þú mikð að gjöra. Vertu einfaldur eins og dúfa og slægur eins og höggormur.

Þorvaldur Thoroddsen hælir þjer eigi mikið í brjefum sínum, en það gjörir nú eigi mikið til hvað sá *húmbúgisti*[1] segir. Blessaður láttu engan kulda koma fram í dagfari þínu við hann. Ef þjer mislíkar við hann skaltu skamma hann, en vera svo góður vinur hans á milli, því að Þorvaldur er góður að mörgu leyti, enn mest þó í *videri*.[2]

Líði þjer ætíð sem bezt. Halldór Daníelsson hefur fengið láð í lögum. Þórhallur (Bjarnarson). frá Laufási fær líklega háð í guðfræði; hann hefur gjört hið skriflega.

Mjer og Ellu líður vel. Nóg að lesa. --

Með fylgir gr. 2.: Úr reglugjörð fyrir gagnfræðask. á Möðruv. um kennslugreinar skólans.

Susie Briem til Halldórs Briem. Reynistað, 20.1.1883.

My dear Halldor!

Fréttir af fjölskyldunni á Reynistað: Að Eggert og Ingibj. hafi slegið á frest ráðagerð um flutning til Rvíkur. Ræðir dauða Jóns ritara. Einnig handalögmál í Lærða skólanum.

Segir séra Arnljót ætla að beita sér gegn Hjaltalín á þingi.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 22.2.1883.

-- Enn eru fjármál til umræðu. Segir að þau Elín ætli sér að koma heim saman. Ræðir mikinn málarekstur í Skagafirði og hve mjög hann neyðist til að ferðast þess vegna. --

-- Ég vildi bara að ég væri kominn í staðinn fyrir þig því þó maður verði ærið mikill *pappírsbátur* við lesturinn hér í Höfn, þá verður hægt að rétta sig aftur við mysu og mjólk. Ég skrifaði þér í sumar að ég vildi verða hjá þér að vetri sem fullmektugur. -- Mikið hlakka ég til samfunda. En nú þarf ég að fara að stúdera íslensku lögin af krafti -- meira gaman af (þeim)en dönsku lögumum. --

Ræðir mál Jóns á Svaðastöðum[3]*, fjármál, styrkjamál o.fl.*

-- Ég hef nú eigi um tíma getað lesið svo vel sem ég hef þurft og átt, það hefur verið svo margt sem hefur glapið fyrir mér, kunningjar, skraf, ýmis áhyggjumál, kommissjónir dálítið, o.s.frv. Hér hefur verið mjög róstursamt meðal stúdenta og hef ég gefið mig allmikið að óeirðunum. Við gátum steypt Edvald Johnsen[4] lækni úr forsetatign í Bókmenntafélaginu og sett Jón Sveinsson[5] Nielssonar í staðinn. Ennfremur hrundum vér Þórhalli[6] frá Laufási og Guðmundi Þorlákssyni[7] úr ritnefnd Þjóðvinafélagsins og settum Halldór Daníelsson og Finn Jónsson í staðinn. Og nú er okkar flokkur mjög hrokafullur af sigri þessum.

Nú dreg ég mig alveg til baka úr öllu þessu og vil nú ekkert gera annað en lesa, en það er þó eigi spaug að halda öllu fyrir utan sig og hugsa um allt annað en lögin. Eiginlega mætti ég ekkert blað lesa og við engan mann tala nema við *manduktör*, þá skyldi ég geta lesið og hugsað um lögin. Ég get fengið *láð* og um það fullvissar manduktör minn mig; en ég veit það nú best hvað litlu getur munað (bæði Jón Jensson og Ólafur Halldórsson máttu eigi tæpara standa). --

Sigurður E. Briem skrifar Haldóri E. Briem. Rvík. 30.1.1883.

Gleðst yfir góðum fréttum frá Möðruvöllum. Piltar skrifa að þeir séu ánægðir, fellur ágætl. við H.E.B., þykir kennslan afbragð.

Samkomul. tókst við Jón Ólafsson í Lærða skólanum, strikaði hann út öll núll og nótur. Getur verið ljúfur en á oft í brösum, nú við Halldór Jónsson stúdent vegna áfloga. Óvíst hver hefur á réttu að standa, en stúd. reiðir við hann vegna greinar í Skuld. Skólapiltar færðu upp leikrit samið af Valtý Guðmundssyni og Stefáni Stefánssyni frá Heiði. Þótti gott en meiðandi.

---

[1] *Gæti þýtt: Sá sem blekkir / segir eitthvað annað en hann meinar / meinar annað en hann segir.*

[2] *Neikvætt: yfirborðsþekking.*

[3] *Gæti verið sá Jón á Svaðastöðum sem rak um langt skeið einskonar einkabanka á heimili sínu. (Mbl.19.8.1988).*

[4] *Edvald Johnsen (1833-1893) frá Húsavík rak þá nuddlæknastofu í Khöfn.*

[5] *Jón Sveinsson (1830-1894) var kennari í Danmörku og við Lærða skólann en fluttist aftur til Danmerkur. Hann var sonur séra Sveins Nielssonar og konu hans þeirrar merku Guðnýjar Jónsdóttur (1804-1836) skáldkonu frá Klömbrum sem Tómas Sæmundsson gerði kunna með sannri/meinlegri umfjöllun sinni í Fjölni um svik hans við móður hans. Sonur séra Sveins, með síðari konu hans, hálfbróðir Jóns, var Hallgrímur Sveinsson biskup.*

[6] *Þórhallur Bjarnarson (1855-1916), síðar biskup.*

[7] *Guðmundur Þorláksson áður nefndur (Glosi).*

Jón ritari bráðkvaddur. Við jarðarförina hélt séra Hallgrímur Sveinsson ræðu sem var einkennileg því hann taldi helst fram galla hans. Tólf menn undir forystu Eggerts Gunnarssonar gáfu íslenska fánann skipstjóra á Láru. Lofaði hann að nota hann á siglingu kringum landið.

Torfhildur Hólm skrifar Halldóri E. Briem. Selkirk, Man. 31.1.1883.

Þakkar bréf er gladdi hana, því hún hafði fengið fréttir um drukknun hans. Þeim líður vel, komin í nýtt hús. Rannveig alltaf lasin. Fréttir af fæðingum. Jóhann Briem frændi HB og kona hans hafa eignast dóttur, Veighildi, er mun heitin í höfuð Rannveigu og Torfhildi.

Ástand hjá þeim bágt. Framfara ætlað að koma aftur út. Prestlaust. Fengið marga dóma um Brynjólf, flesta góða, betri en átti von á. Handritið hefði betur verið hjá henni þessi tvö ár er það flæktist á Íslandi. Jónas -

-- greyið er hreint hálf hataður fyrir ritdóm sinn --. *(Jónas frá Hrafnagili sem þá var í Lærða sk.)*

Gengur illa með kristnisögu sína

-- einhver dauðans deyfa yfir anda mínum. --

Ætlar að byrja -- forfra. --

Ræðir smásöguhandrit og greiðslu skuldar við HB. Segir að í Freepress hafi komið bréf Susie til Taylors sem gerði lukku. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri Briem. Rvík. 4.2.1883.

Ræðir um Susie og dvöl hennar á Reynistað. Veltir fyrir sér þingskrifarastarfinu sem H.E.B. virðist sækjast eftir næsta sumar. Ætlar sjálfur norður í tvo mán. Saknar æskuheimilis síns.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 17.2.1883.

Er aldrei hraustur og hugsar stöðugt um heldur dökka framtíð. Hefur rætt framtíðina við Hjaltalín en ekki nefnt enn við (Þorv.) Thoroddsen að hann taki sögukennsluna.

-- er góður söngvari, en kann ekki að spila.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 20.2.1883.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjefið seinast, með mörgu öðru.

Jeg hef heyrt, að gamli sjera Björn í Laufási hafi ætlað að hefja herför á hendur þjer, en svo kom dauðinn og kippti honum frá. Jeg vona að þínir öfundarmenn verði aldrei svo ósvífnir að ráðast á þig, fyrir illa kennslu í blöðunum. En ef þeir gjöra það, þá verður þú að svara þeim með hógværð enn með krapti.

Þorvaldur er heldur gjarn á rógburð, þó að hann hafi marga góða kosti. En úr því að þú hefur tekið þessi fög að þjer og vissir það frá fyrsta, þá vænti jeg þess, að þú gjörir það sem í þínu valdi stendur til þess, að intressera þig sem mest fyrir þeim. Getur þú eigi sjeð neitt interessant við það að mæla kollu með þumlungamáli og reikna af því, hversu mikið hún taki. En í öllum hamingju bænum, þú mátt eigi upp á nokkurn máta sækja um styrk til þess að læra fögin, það er til þess að gefa þjer sjálfum vottorð um kunnáttuleysi. En getur þú það eigi þrátt fyrir það? Getur þú eigi farið til Norvegs upp á eigin spítur og verið í Bergen eða svo og lært bæði söng og gymnastik? Það sje jeg út um svarta leppinn, að þú munt mega til að læra á orgel til þess að kenna eptir því. Hugsaðu nú um þetta, góði Halldór minn!

Jeg má nú ekki vera að skrifa þjer. Jeg kem nú í sumar heim og verð fyrst um sinn hjá pabba. Og svo er alltaf tími til stefnu að tala um hvað maður á að gjöra. Jeg er nú að reyna að lesa lögin af krapti, en það sem mest ergir mig er svo margt annað, sem gagntekur huga minn.

Það kemur alltaf eitthvað nýtt. Kommissionir ef ekki er annað. - En nú þarf jeg þó að lesa. Jeg er alveg eyðilagður yfir mínum frátöfum, það var svei mjer munur og þegar jeg var að lesa undir dimission. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 4.3.1883.

Skrifaði dr. Schierbeck um heilsuna. Ræðir kvæði sem S.B. hafði skrifað. Útgáfumál Gests Pálss., skrif Jón Ólafssonar.

Benedikt Gröndal að hætta við Lærða sk., muni Thoroddsen sækja. Þá breytist allt við Möðruv.sk. og H.E.B. hugsanl. fá kennslu í landafr. og sögu í stað leikfimi og söngs.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað 7th of March 1883

Ræðir bréf er þau fengu frá Ameríku. Fór til Sauðárkróks með tengdamóður sinni í nokkra daga, hefði Valgerður verið þar slæm í fæti.

Ræðir það sem H.E.B. sagði um orð Jóns Ólafssonar. Hún er ósammála honum þó hún telji framsetninguna óþolandi. Ítrekaði að ef Hjaltalín myndi ekki svara greininni væri hann skynsamur. Ræðir brottför Ben. Gröndal frá Lærða sk. og mögul. að Thoroddsen tæki við. Margir telja líkl. að Gunnlaugur E. Briem verði kosinn á þing. Líkl. að Indriði Einarsson og Skafti verði líka í framboði.

Segir honum að Ólafur bróðir hans yrði kosinn einum rómi ef hann gæfi kost á sér.

Susie Briem: LETTERS FROM ICELAND by a Winnipeg Lady.

Birtist í Manitoba Daily Free Press

19. mars 1883.[1]

Akureyri, Sept. 26, 1882 - From the letters I have written your will have seen how the long journey from Winnipeg went with us.

On Friday last, 22nd inst. Holldor [sic] left me to visit his parents at Reynistath. It was considered that the ride there and back again, with so little time for rest, would be too much for me, so I consented to remain here and wait for his return.

The weather has been better since our arrival here than it has been all summer. Quite pleasant autumn weather, fine mild days, with slight frost almost every night.

I am afraid that it will be worse for the poor people another year than it is now because they will have to kill off their sheep. I have not bought that animal yeat, and do not think of doing so this year, because it is impossible to get hay. The sheep in Iceland are really a great deal prettier than any I ever saw in America. I saw a flock yesterday just come down from the mountains. They had such nice long white wool, it was really quite a pleasure to look at them. Thousands are being shipped off to Scotland.

Yesterday a little party of us rode out 8 or 9 miles to Mankathura [sic] and back again. The road or path is good so that we could ride fast, and it is such fun to ride just as fast as the little horses can go!

We had one river to cross in the morning, or rather near noon, where the water at the place we forded it, was not up to the bodies of the ponies. It was then divided into four or five small streams, with sand banks between. But in the evening it was high tide, so the river was much deeper and wider, and in only two channels. The water in the first reached the ponies half way up their bodies, and we could manage to keep dry, but the other was much larger, and the ponies had some swimming to do. Of course we got wet, but not half so much as I imagined we should when the horses swam. These daring little animals make no fuss whatever about going into the water, but walk on just the same as if it were a good road. I felt none of that dizziness yesterday which so nearly caused me to fall off the saddle on a former ride. I have been fortunate enough to obtain an English saddle, as I greatly prefer the appearance of them to the Icelandic side- saddle.

As I wrote in my last we expect to live at Mudruvellir [sic] to board with Jon Hjaltekin [sic] and his wife. Thorvaldur, the other teacher, seems to be quite a pleasant young man, although we have seen very little of him yet. The session commences next Monday, Obctober 2nd, and we are to be there before that time.

The mail steamer is expected here to-day, and I am obliged to close, so that my letter may be in time to go by her. I shall be much disappointed if the mail brings no letters for me.

Sigurður E. Briem til Haldóri E. Briem. Rvík. 23.3.1883.

Ræðir reikningsdæmi í bókum bræðra sinna. Segir af ólagi á skólanum og ráðum til úrbóta. Jón Þorkelsson stúdent samdi bækling um ástandið í skólanum, segir hann að Birni (M. Ólsen) og Sigurði sé um að kenna. Enginn skólahátíð verður. Kennarar vildu ekki að neinn nemandi drykki fyrir meira en 50 aura en þeir sættu sig ekki við það. Telur gott að engin hátíð verði því hatur milli aðila hefði valdið vandræðum. Eiríkur bróðir þeirra kosinn í bæjarstj. eftir Jón ritara. Jón Ól. vildi komast að en ekki kjörgengur því hann skuldaði bæjargjald. Heyrt að H.E.B. ætli að koma suður og sækja um þingskiftir. Eiríkur segir hann ekki færan um það og vill ekki mæla með honum.

P.S. Skólaballið verður haldið. Gekkst biskup *(Pétur)* fyrir því að hvatningu Þóru dóttur sinnar.

---

[1] *Eitt af þrem bréfum Susie Briem sem Ryan Eyford fann í Manitoba Daily Free Press og sendi EÁ 2008. Bréfin birtast með mislestrum setjara MDFP.*

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Sauðárkróki. 4.4.1883.

Saknar að fá ekki bréf. Páskar liðnir og hún einmana því hún hafi þá ekkert sérstakt fyrir stafni. Er farin að hlakka til komu hans. Ræðir ferð þeirra til Rvíkur, segir að ef hann fari muni hún verða með. Fjallar um fyrirkomulag ferðarinnar, að hún þurfi á ýmsu dóti að halda frá Möðruv. Segir Halldór Kr. Friðriks. sé að hætta við Lærða sk. --

Þar eygir hún mögul. þó hún segi það líka loftkastala. Hefur frétt að piltarnir í skólanum hrósi honum fyrir að bera velferð þeirra fyrir brjósti. Á afmælinu komu þau í heimsókn Claessen og Valgerður. Hún ætlar að vera á Reynistað um tíma en verst hvað hún er lasin alltaf, einkum með bólgna fætur. Eggert litli er hér líka. Segist hafa saumað sér kyrtil

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 6.4.1883.

Fjármál og fyrirgreiðsla. --

-- Nú er farið að styttast til *examens*, 1. maí á ég að byrja á hinu skriflega. -- Ég hef skrifað þér áður um að mig langar til þess að verða hjá þér og verða svo settur þegar þú segir af því. Hvað sem svo verður. Um þetta verður nógur tími að ræða í sumar. Að ég fengi ritaraembættið var eigi hægt. En hér í stjórnarstofunni íslensku kemst maður heldur eigi að. Ólafur Halldórsson frá Hofi kom í stað Jóns Jenssonar og svo eru þar að auki fyrir þrír Danir: Hilmar Stephensen, maður sem heitir Dybdal í stað Júlíusar Havsteens og svo Borgen skrifari. Svo þar er full ásett. En að vera privat skrifari höfðingjanna í Rvík vil ég ekki --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 6.4.1883.

-- En nú ætla ég að biðja þig mikillar bónar. Ég hef heyrt að Ólafur stúdent sé dauður. Hann átti heilmikið af skræðum, sum handrit, t.a.m. eina huldufólksssögu næsta merkilega. Ef bækur hans eigi verða seldar þá ætla ég að biðja þig að hafa auga með hvert þær fara og sérstaklega handritin. Ef þær verða seldar, þá bið ég þig að kaupa fyrir mig handritin, hvað sem þau kosta og svo mikið af íslenskum bókum (sögunum, Espólíns orðabókum, kirkjusögur Finns) sem þú á nokkurn hátt heldur að ég geti borgað. Ég hef mikinn hug á því að halda áfram að fræðast og reyna að skrifa eitthvað um réttarsögu Íslands og þá eru þessar bækur nauðsynlegar í fremsta máta. Hér getur maður fengið 50-60 kr. fyrir lexikon poeticumm 40 kr. fyrir kirkjusögu Finns og 30 kr. fyrir Espólíns árbækur svo maður getur ef í nauðir rekur selt þetta aftur. En það ímynda ég mér að eigi þurfi að koma til. -- Hér eru allar fornar íslenskar bækur mjög dýrar og nærri því ófáanlegar. Mér þótti næsta gaman að ráðbruggi þínu, en kóngur vill sigla, en byr hlýtur að ráða. Ég veit eigi um mína framtíð annað en (að) ég verð að mér heilum og lifandi á stað í Reynisnesi og hlakka eigi lítið til þess eftir jafn langa og harða útivist. Ég hef margt í höfðinu og mundi vilja gera hitt og þetta, en þá er eftir að vita hvort alþýða manna þýðist það. Það eitt veit ég að ég verð eigi eins vinsæll og þú, en minna getur nú orðið gagn að. Fyrirgefðu allt þetta mál og bæn. Heilsaðu Súsönnu. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 6.4.1883.

-- Mjög þótti mjer vænt um að fá þetta brjef frá þjer og einkum og sérílagi að þessi opposition, sem jeg vissi að var á móti þjer, þó þú talaðir eigi um, er nú horfin. Satt að segja hef jeg haft áhyggjur af því stundum. Jeg var búinn að sjá áður af blöðum, sem komu yfir England, að skólapiltar á Möðruvöllum hældu öllum kennurum.

Halldór minn! Það er eigi til nokkurs hlutar fyrir þig að sækja um skólakennaraembætti í Rvík. Reactiónin, sem kom á móti þjer, þegar þú fjekkst embættið í sumar, varir við, og þú getur alls eigi brotið hana fyrst um sinn, nema með því að skrifa mikilsmetin rit. Ekki skaltu heldur sækja um að kenna fög Þorvaldar, nema því aðeins að enginn bjóðist betri, þá mætti vera hjer á varðbergi og senda ráðgjafa sóknarskjal þitt. En eitt held jeg að væri mögulegt, nefnilega að skoðast sem fyrsti kennarim og þó kenna hin sömu fög. Annar kennari yrði þá ávallt hinn yngsti, án tillits til faganna og það álít jeg rjett. Jeg skal nú í vor þegar jeg er búinn reyna að gjöra eitthvað í þessu. Annars er Oddgeir slíkt þorskhöfuð að valla er hægt að eiga við hann nema fyrir vini hans. Það gæti vel verið að hann gjörði þetta fyrir þig ef þú kæmir hingað og gjörðir þig mjög sælan. Eiríkur er nú víst líka í áliti hjá honum. Hvað fögunum viðvíkur, þá máttu ekkert kvarta fyrst um sinn, en ef Þórður t.a.m. kæmi í stað bróður síns þá þætti mjer eigi ólíklegt, að þú gætis samið við hann, og það væri hið bezta. Svona gengur þetta líka við aðra skóla, þar er skipt niður á milli kennara eptir hentugleikum. Aldrei hef jeg lokið greininni um Möðruvallaskólann, en svo segir mjer hugur um að skólinn áður langt um líður verði fluttur ofaná Akureyri. Þá verður Björn Kristjánsson söngkennari og leikfimikennari einhver annar skollinn. Þá ertu nú nærri eins vel settir og í Rvík. Björn Jensson verður nú annars heldur hlutskarpari en Þorvaldur, ef hann sækir um embættið á móti Þorvaldi. Ef hann eigi sækir þar tel jeg ólíklegt að hann sæki um Möðruvallaskólann. En ef hann gjörir það og fái embættið þá tekur hann að sjer náttúrusöguna og mathematíkina. Bezt verður líklega fyrir þig, ef Þorvaldur fer frá, að sækja um og verða 1. kennari og fá til þess meðmæli Jóns Hjaltalíns. Síðan verður 2. kennaraembættið veitt og sá sem um það sækir verður að kenna náttúrufræði; þetta getur gengið ef til vill. En það sem þú einkum og sjer í lagi átt að hugsa um, það er að verða skólastjóri eptir Jón Hjaltalín. Og það ættir þú að geta orðið eptir 10-20 ár. En til þess verður þú, að leggja gott plan og búa í haginn fyrir þig með

öllu móti. Þú verður að reyna til þess að skrifa einhverjar vísindabækur. Bók Heegaards umrituð af þjer væri ágæt til þess að byrja með. Ýmislegt fleira ættir þú að geta skrifað. Gætir þú eigi orðið doctor hjer við háskólann? Nei það er nú valla að hugsa til þess. Ef þú hugsar til þess að verða eptirmaður Jóns, þá máttu til þess að reyna að verða vinsæll hjá stjórninni, og þessvegna máttu þessi 10-20 (jeg veit eigi hvað Jón Hjaltalín er gamall) eigi rísa upp sem byltingarmaður nema það sje stjórninni í geð. Hvað latínuskólaritgjörð þína snertir þá hafa komið hjer allmikil mótmæli gegn deildarskiptingu Halls ráðgjafa, og þau þyrftir þú að þekkja. Þú ert valla inn í framfaraskoðunum vorra hjer í Höfn, og ættir nú að bíða þangað til betri tími býðst. Finnur hefur skrifað ritgjörð um latínuskólann, sem á að koma í Andvara, þar sjerð þú ýmsar af skoðunum mínum. Jeg vil nú reyndar ganga nokkuð lengra enn Finnur, en það verulega er þó fengið t.d. um gríska kuna. Jeg hef svo lítinn tíma. Jeg má eigi vera að skrifa þjer meira. Heyrðu mjer, gætir þú eigi skrifað um skóla í Ameríku. Jeg hef lesið um þá í blöðum á sænsku eftir Hjálmar Edgren prófessor við Yale háskólann og var hún mjög interessant. Svoleiðis ættir þú að skrifa, sem enginn getur mælt á móti og hatazt við þig fyrir, en sem þó er fræðandi og skemmtilegt.

Jeg fjekk núna frá Gunnlaugi 150 krónur, sem jeg þakka þjer innilega. Badeapparatet skal jeg hugsa um áður enn jeg fer hjeðan. En nú hef jeg eigi tíma til þess.

Ella biður að heilsa. Vertu sæll. Þinn elskandi bróðir Páll Briem.

Jeg hef nú verið að hugsa um plan þetta með skólann, og lízt mjer mjög vel á það. Það er allt öðruvísi en deildaskipting Halls. Er líkt fyrirkomulag nokkursstaðar annarstaðar? Það er víst nokkuð líkt með skólana í Ameríku. Þetta getur orðið góð ritgjörð og skaltu gjöra hana ef þjer er hægt. Þú þarft víst ekkert að skamma stjórnina í þessari ritgjörð. Ef þú þar á móti vilt koma þessu í gegn, þá er nauðsynlegt að ríf a niður osfr., en maður getur beðið!

Halldór minn góður fyrirgefðu mjer þetta hræðilega flýtisriss og óvandaða miða. --.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 11.4.1883.

Ræðir ferð þeirra HB suður, segir fjölsk. vonsvikna ef hann komi ekki við. Stingur upp á að þau fari landveg. SB annast Valgerði sem er veik. Ólafur bróðir hans í stöðugum uppboðsferðum vegna eigna fólks sem sé að fara vestur um haf. Honum sé það starf álíka gleðiefni og söngkennslan HB. (Ferðina suður virðist HB hafa farið í lækningaskyni.)

Susie Briem skrifar Halldórs E. Briem. Reynistað. 15.4.1883.

Gunnl. bróðir HB er kominn, fellur SB hann vel í geð, mikið líf fylgir honum í húsinu. Verður til mánaðamóta. Vonar að þau geti öll orðið samferða suður. Sigurður bróðir hans telur hann viss um að fá ritarastarfið við alþingi ef HB leggi sig eftir því.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 20.4.1883.

Þakkar gjöf hennar (keðju). Segir frá páskaferð til Ak. og hann verið beðinn um að þjóna um sumarið f. Akureyrarprest sem hann er ekki viss um að hann geti v. ferða um sumarið. Segir frá skólastarfi. Er að undirbúa ferð sína til Reynist. Ræðir vandræði m. einn starfsm. skólans og skoðanamun skólastj.hjóna. Ræðir ferð þeirra SB til Rvíkur, fjárskort, spyr hvort hún treysti sér þangað. Ræðir kvenfatnað þ.m.t. ísl. búninginn, sjúkdóm Valgerðar systur sinnar. Ræðir hugsanl. uppsögn Halldórs Friðrikssonar frá Lærða sk. og mögul. á að fá hans starf.

Eggert G. Briem skrifar Ingibjörgu Eiríksdóttur Briem. P.t. Ási. 25.4.1883.

Kæra bezta mamma mín! Eg var svo dárlegur[1] og ergilegur á ferðinni í gjær, að eg gleymdi að biðja Jónas í Hróarsdal að sækja vaðmálið, svo eg sendi það nú að Kárastöðum, eins og eg ráðgerði í gærkvöldi.

Augun dugðu. Jeg kvessti þau, þegar eg kom að Holti, og skammaði bæði Stefán og Skapta, hvorn í sínu lagi, svo þeir urðu mjúkir eins og lunga, og Stefán lofaði að flytja í krapti, þessa viku og fara alfarinn úr helginni, Jóhann á Bakka lofaði honum viðtöku, Stefán og Sigfús komu sér saman um afhendingu jarðarinnar og álag. Svo Jónarnir þurftu eigi að gjöra annað en virða hús Stefáns, og voru báðir, Stefán og Sigfús ánægðir með virðinguna, en Sigfús fékk frest hjá Stefáni til 1. maí til að segja til, hvort hann vildi kaupa öll húsin eða þá hver þeirra. --

Þinn ástf. elskandi E. Briem.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 27.4.1883.

Gunnlaugur á leið suður, þaðan til útlanda. Ræðir suðurferð þeirra.

[1] *Leið illa.*

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Sennil. ritað í Khöfn vor 1883.

-- Heilsaðu systur þinni (Guðrúnu Borgfjörð) kærlega. Stúlka, sem átti að koma hingað, kom eigi, og hjer er laust herbergi. Ef þú vilt geturðu komið Guðrúnu[1] *(systur hans)* hjer í hús. Það þykir mjer vænt um. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað, Ekki dagsetning. 1883.

Alm. fréttir; ræðir byggingu HB.Segir fréttir af Elínu sem fór vestur með nokkrum stúlkum og voru viku við slátur, rúmfatasaum, Skólinn settur 8. okt. og námsmeyjar 16, Ella glöð og ánægð. Jóhanna fór ekki vestur með Elínu. Vilhjálmur fór að Ríp.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 2.5.1883.

-- Nú er það skriflega próf búið; ég hafði seinasta spursmálið í gær frá 12-3. Þessi spursmál sem við fengum voru óvanalega vond, tíu hættu við, sumir strax og sumir eftir að þeir voru búnir að skrifa um sum spursmálin; við göngum upp 26. Ekki veit ég hvaða vitnisburð ég fæ. Sérstaklega var ég óheppinn í einu fagi (process), en þó hef ég hálft í hverju von um að standa á takmörkum láðs og háðs. Ef það er nú, þá er ég nú fyrst og fremst viss með háðið og svo er mögulegleiki að ég nái á láðið; það þætti mér gaman, en það er eigi að reiða sig á heppnina. Björn Jónsson ritstjóri Ísafoldar hætti við að ganga upp. En af íslendingunum eru þó fjórir nú við próf. Jóhannes Ólafsson frá Stað á Reykjanesi, Björn Bjarnarson, sonur Stefáns sýslumanns í Árnessýslu og Jón Finsen, sonur landshöfðingja. Ég tek munnleg próf þann 1.-3. júní; svo vil ég fara heim og Ella með skipinu, en fer héðan 10. júní. --

Ég er hálft í hvoru að sækja um að verða alþingisskrifari. NB, ef þú ert á því. Það væri að vissu leyti gaman að skoða sig um í Reykjavík og skoða þá sitthvað í bókasöfnunum um leið. --

Steingrímur Thorsteinsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 7.5.1883.

Gleðst vegna þess að skólinn á Möðruv. gangi vel. Ræðir hugmynd um að skipta Rvíkursk. í realdeild og latínudeild. Vonar hann að það komist fyrir þingið í sumar. Vill að gerðar verði breytingar á skólanum, sérstaklega starfi umsjónarmanns og bygging nýs skólahúss. Las Brynjólf biskup (eftir Torfh. Hólm) og líkar að mörgu leyti vel, samdóma H.E.B. að hann er virðingarverð byrjun í sinni grein. Poëstion *rithöf. í Vín ritaði um bókmenntir á Ísl. í* Magazin für die Literatur des Ausländes *og er dómur hans um Brynjólf biskup heldur vilyrður og heiðrandi.*

Ræðir blöð er út koma, vonir bundnar við Jón Ólafsson. Segir Othello í þýð. Matthíasar komna út. Því miður hafa slíkar bækur fáa lesendur og Shakespeare okkar publico ofvaxinn. Segir Rvík stækka en

-- því miður prýðkar hún lítið. --

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Seyðisfirði, 12.5.1883.

Ræðir m.a. auknar Ameríkuferðir og málefni þar og sérstakl. um Taylor, fóstra Susie. Einnig fjallar hann um bindindismál á Seyðisf. og hvetur HB til að taka þau tökum á Möðruvöllum.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Um borð á Rommy að koma til Skotl. 19.6.1883.

--Jeg er nú eigi tilkippilegur að skrifa þjer. Skipið hristist svo mikið og jeg hef verið sjóveikur.

Það gekk vel fyrir mjer 1sta daginn. En á sunnudaginn lágu allir og jeg með. Í gær komst jeg á flakk og hef verið á því síðan. Jóhannes hefur verið frískur en Björn borðaði eigi í 67 tíma.

Nú skal jeg segja þjer hvernig þú átt að fara með myndirnar. Eina á að senda til Frú Ebbesen (þú getur sjeð adressuna í vegvísaranum); Eina til Benediktu Arnesen-Kall; Eina til Eiríks á Garði; Eina til Krabbe og ef jeg hef gleymt einhverjum þá það. Hitt sendir þú mjer. Nú fer jeg bráðum í land. Jeg nenni ekki að skrifa meira. Jeg skal skrifa þjer seinna ef jeg fæ tíma til.

Vertu sæll, þinn elskandi vinur Páll Briem

Sigríður E. Briem skrifar Ingibjörgu Briem. Rvík. 26.6.1883.

Elskulega mamma mín!

Schierbeck hafi ekki gert enn neitt við fót hennar. Kvíðir fyrir að þurfa að ganga niður á spítala en það er ódýrara en að fá landlækni til að ganga til hennar. Þakkar móður sinni fyrir hve þeim er annt um að hún verði betri í fætinum --

-- gleðst af því eiga svo ástfólgna foreldra en angrast yfir því að baka ykkur þann kostnað sem óumflýanlega af því leiðir. --

[1] *Guðrún Jónsdóttir Borgfjörð.*

Segir af ferðinni og sig hafi vantað í skipinu kodda til að hafa undir hnénu. Fór á forngripasafnið en hafði ekki nægilegt gagn af því, ætlar að fara síðar. Það er aðeins opið á miðvikud. og laugard. Langaði til að

-- sjá alþingissalinn en það fjekkst ekki. Magnús Stephensen assessor hefur umsjón á hendi, hann var búinn að prýða þinghúsið, leggja það með teppum og annað því um líkt.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Leith. 9.7.1883

Dearest wife

Ferðasaga. Hitti Eggert Gunnarsson sem dvelst í Glasgow og töluðu þeir mikið saman. Einhver óvissa hjá honum þar sem hann hefur ekki fengið skip fyrir vörurnar til Ísl. þannig að hann er seinna á ferð en Gunnlaugur átti von á. EG segir að með því móti fitni hrossin á Ísl. Lýsir komunni til Edinborgar. EG fór aftur til Glasgow og virðist hafa útv. skip. Í Khöfn mun HB hitta Vilhjálm Finsen en tilgangurinn virðist að hitta hann.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Khöfn. 9.7.1883.

Dearest wife

Segir af ferð og þeim sem er hann hefur átt tal við, Oddgeir Stephensen, Hilmar Finsen. Vilhjálmur Finsen er utanbæjar, sem gerir tilg. ferðarinnar óákveðinn. Skrifaði honum og fékk svar að hann gæti ekkert gert því Lárus Halldórsson, honum nátengdur, hefði sótt um sömu stöðu. Svaraði og spurði hvort hann myndi styðja sig ef Lárus kæmi ekki til gr. HF sagðist myndi kynna sér málið. OS sagðist halda að landshöfðingi styddi Tómas Hallgrímss. HF sagði svo að hann myndi ekki skipta sér af málinu. Gísli Brynjólfsson lofaði að vinna að málinu. Frétta að vænta um 31.7.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 20.6.1883

Elskulegi vinur minn!

Jeg þykist nú eigi þurfa að skrifa þjer langt brjef, því að jeg hef eigi fengið neitt brjef frá þjer síðan jeg skrifaði þjer það aumasta brjef sem jeg hef skrifað, frá Leith. Að vísu hefur þú þjer til málsbóta, að engin ferð hefur fallið og þess vegna hefur það verið ómögulegt að senda mjer nokkra línu og því tek jeg eigi heldur hart á þjer fyrir þetta.

Nú er fyrst að tala um mig. Jeg var eigi mjög sjóveikur, en eins og þú getur skilið var jeg hálfvitlaus og sinnulaus og hugsunarlaus á sjónum og gat jeg með engu strammað mig upp nema brennivíni. Þegar jeg svo kom á Rvíkurhöfn er þar Klemens og Eggert á einum bát og síðan kemur Siggi á öðrum bát. Loks fórum við í land. Um kvöldið vorum við 9 systkinin (Eiríkur, Gunnlaugur, Valgerður, Páll, Elín, Sigurður, Sigríður, Halldór og Eggert) og 3 mágkonur í Glasgow og máttu trúa að það hefur verið fagnaðarfundur.

Eins og þú mátt geta nærri þá hefur vitleysan eigi farið af mjer hjer í Rvík í súkkulade, kaffi og víni og broddmennsku. Jeg hef verið að reyna til þess að læra að þekkja lífið hjerna í Rvík, en það er eigi gott að koma í skjótu bragði; maður getur eigi lært að þekkja falskan mann fyrr en eftir langan tíuma og hvernig heldur þú að þá sje hægt að þekkja falskan höfðuðstað til heils lands.

Þingmenn eru að drífa að í ákafa og verða víst allir komnir í kvöld. Ekki veit jeg hverju fram mun vinda, jeg er hræddur um að þingmenn sjeu höfuðlaus her og að enginn geti sagt í hvaða átt þeir muni fara. Jón Ólafsson hefur misst eigi lítið, þar sem var Jón ritari; en hann hefur Þjóðviljann við hliðina á sjer, það er Friðrik Stefánsson. Eitt er það sem maður tekur aldrei nógu mikið tillit til. Það eru bágindin. Allt er svo vesalt og fátækt og allir barma sjer svo mikið. Þetta er náttúrlega mikið náttúrunni að kenna, en á hinn bóginn er mannfólkið nokkuð ódýrt, ókjarkmikið ofl.

Jeg ímynda mjer, að jeg muni kunna betur við Hafnarlífið heldur en sveitalífið með búskap og vinnufólkshaldi, málaþrefi og þjarki. Þetta er sú mesta ástæða fyrir því að jeg les um og fer jeg með skipi frá Akureyri 27. sept.

Bæði er það að Gosi bauð mjer góða kosti, enda hefur Eiríkur nú lofað mjer og hvatt mig mjög til þess að lesa um og láta mig fá það sem jeg þarfnast.

Jeg ætla þar að auki að leita mjer atvinnu við þingskriftir, svo að jeg vona að jeg geti haft það bærilegt næsta ár í Höfn. Svo vonast jeg til að verða þar fyrst um sinn á eftir. Eiríkur segir mjer, að pabbi þurfi mig eigi nauðsynlega, og þessvegna eru þar eigi bönd nein.

Eitt þarf jeg að biðja þig fyrir og það er að fara heim til Eiríks vísiprófasts og spyrja hann og konu hans um, hvort þar sje eigi stefna í máli Jóns á Svaðastöðum. Mig minnir svo fastlega að jeg ljeti hana eftir á borðinu hjá þeim daginn áður en jeg fór. Ef þau hafa hana þá skaltu senda mjer hana með fyrstu ferð. Ef þú færð áreiðanlega ferð að Sauðárkróki þá skaltu samt heldur senda pabba hana. Ef stefnan nú eigi er hjá Eiríki, þá verð jeg að biðja þig að fara til Levinsens hæstarjettaradvokats -- segja honum frá málavöxtum og reyna að fá

afskrift af stefnunni, því að stefnan verður að koma. Heilsaðu Eiríki kærlega frá mjer og konu hans. Heilsaðu líka Velvakanda frá mjer. Einkum Emil, Skúla og Þorleifi. Jóhannes var hjer nú. Hann sækir um málfærslumannsembættið og fær það líklega. Hann fer vestur íkvöld.

Nú eru alþingismenn að drífa að. Allmikill gauragangur er í þeim. Kunnugir menn hafa sagt mjer, að Jón Sigurðsson frá Gautlöndum muni tæplega verða kosinn forseti nema hann gangi í bindindi. Sumir vilja kjósa Halldór Friðriksson, aðrir Lárus Blöndal og verður það líklega ofan á, þó aumt sje, af því vorir góðu bændur hafa eigi dugnað til þess að stýra fundum.

Nú er líka verið að agitera út af fjárlaganefndinni, og er þar t.a.m. meining Eiríks bróður míns, að í hana verði kosnir menn, sem gangi beint að stjórninni og hafi enga bakþanka (hvað Jón Ólafsson og Arnljótur hafa ill orð á sjer fyrir) og nú vilja þeir negla alveg niður hvernig fara eigi með fjeð til vísindalegra fyrirtækja, svo að eigi fari eins og fyrir 600 kr. til Jóns Þórarinssonar og biskups o.fl. Þetta má nú eigi fara hátt.

Halldór bróðir minn siglir til þess að skemmta sjer og sjá gymnastik og slíkt og - til að sækja um skólakennaraembættið. Terki kom fyrst upp með þetta við hann og var hann mjög interesseraður fyrir slíku, Halldór Friðriksson og Halldór langar líka mjög til þess. Ekki beinlínis vegna kennslunnar heldur vegna fjandskapar Jóns Hjaltalíns og Þorvaldar Thoroddsens. Veistu hvað, greinin í Suðra, sem er ósönn eins og þú getur nærri, er eftir Þorvald. Þú getur annars talað um þetta við Halldór bróður minn nákvæmlega.

Jeg man eigi meira. Ef jeg kemst að þinginu, þá skal jeg skrifa þjer nákvæmlega um það. Heldurðu að Geir taki nokkuð nærri sjer það að hann komist eigi að nú? Vertu sæll. Mundu eftir stefnunni. --

Jeg hef komið til föður þíns; honum líður vel. Heilsaðu systur, kærustu o.s.frv.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Rvík. 26.7.1883.

-- Ég kom í gærkveldi með Rommy og varð hér mikill fagnaður með okkur níu systkinunum. Við vorum fram undir 12 hjá Gunnlaugi - þar er ég enn, töluðum og hlógum hvert í kapp við annað, nema Vala,[1] hún lá í rúmi og bara smábrosti. Já, nú er ég kominn til landsins gamla og er feginn. --

Ég tók prófið dálitlu áður en ég fór frá Khöfn. Ég náði í fjögur láð af fyrstu fögunum sem eftir voru. Ég stóð svo nærri, að þegar ég kom út var mér óskað til lukku með láðið. En þetta var þó til ónýtis, því að ég fékk tvö háð og hef því 2. einkunn.

Prófessor Goos examíneraði í þessum tveim fögum; hefur líklega eigi verið á þessu, því að daginn eftir gjörir hann mér tilboð um styrk (á 6. hundrað kr.) og síðar talaði hann við mig og sagðist mundi vilja hjálpa mér svo að ég gæti peninga vegna lesið eitt ár til. Vilhjálmur Finsen hvatti mig líka mikið til þess að taka þessu boði, svo nú fóru að renna á mig tvær grímur; en ég sagði að ég gæti ekkert ráðið af fyrr en ég kæmi til Íslands og hefði talað við þig og systkini mín. Nú ætla ég að tala við Eirík og Gunnlaug í dag og ráðgast um þesyta mál með þeim.

En mín skoðun er þessi: Ég get með þeim vitnisburði sem ég hef fengið sýslu, og svo verð ég sýslumaður alla ævi. Þessi leið er góð til fjár og ég get gert ýmislegt sem mig langar til að gera.

Ef ég þar á móti læsi um og fengi *láð*, vil ég eigi verða sýslumaður, heldur rita um íslensk lög og lifa við sult og seyru þangað til ég gæti fengið þá stöðu þar sem ég gæti haldið þessu áfram. Ég veit eigi hvað ég ræð af; ég vonast til að Eiríkur verði ráðabestur. Ég verð að skrifa prófessor Goos aftur með Rommy. En þó að ég nú skrifi honum að ég munu nota tilboð hans þá mun ég þó rifta þeim málum við hann ef þér sýnist. Mér þykir það breiður og sléttur vegur að vera hjá þér og verða síðan sýslumaður, en hinn þröngur og brattur að lesa um. Hins vegar verð ég að geta þess að ég hef ekkert á móti því að ganga í brekkum.

Ekki veit ég hvenær ég kem norður til þín. Ég sæki um að verða skrifstofustjóri við alþingi, en verði ég það eigi, býst ég við að koma norður með Sigga. --

Páll Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 28.7.1883.

-- Nú er jeg þreyttur, þreyttur á að skrifa, jeg er alþingisskrifari og má skrifa mig vitlausan og vanvitran. Sleppum þessu, ekkert hjegómatal. Jeg þakka þjer mjög vel fyrir brjefið.

Þú hefðir getað sent mjer Verdens Gang. En þú vissir eigi hvar jeg var. Jeg hafði nú heldur eigi tíma til að lesa það. Jeg hef svo mikið að gera, mikið, mikið. Nú er jeg farinn, að fá hjerna fótfestu, og læra að þekkja ástandið - og rótarskapinn.

Jeg gæti sagt þjer margt. Bókmenntafjelagsfundurinn var góður. Jeg var nokkuð hvass. Annars mun víst

[1] *Valgerður E. Briem (1848-1884) var kennari við kvennaskólann á Laugalandi. Tók við heimili Kristínar Claessen, systur sinnar og fjórum börnum hennar er hún veiktist og dó í árslok 1882. Sjálf veiktist Valgerður nokkru síðar, fór til lækninga til Rvíkur og dó 20.5.1884.*

Klemens eða einhver, sem ekkert hefur að gera, skrifa þjer um það. Á þingi þekki jeg hina fínustu þræði í þinginu. Jeg vonast til að þú lesir þingtíðindin, og hafir skjalapartinn. Þú sjerð það að Benedikt ræður engu. Arnljótur ræður engu. Jón Ólafsson ræður engu. Þórarinn ræður engu. Grímur ræður engu. Halldór Friðriksson ræður engu öðru en sínu atkvæði og Tryggvi ræður litlu. Hver ræður þá? Hver dró aflið frá hinum görpunum? Þetta er þyngri spurning en jeg geti sagt þjer nú, en ef jeg fæ tíma þá skal jeg skrifa þjer næst nákvæmlega. Eins það, sem jeg þá skrifa þjer mátt þú eigi *(láta)* Velfa vita um, því að hann hefur eigi vit á því. Stjórnarskrármálið fellur. Svona veit jeg margt fyrirfram. Háskólamálið fellur. Umsjónarmannsmálið fellur. Og svona er margt fleira. En amtm.emb. falla og margt fleira verður gert nytsamlegt og syndsamlegt. Jeg vil nú og get eigi (jeg hef svo margt að gera) segja þjer um þetta allt; jeg kem nú í haust. Jeg geymi minn dóm um alþingi þangað til að er búið. Vertu sæll, sæll, sæll. Halldóri ef hann er í Kh. Múri? kærustu, og óska góðs bata; líka systur þinni. -- Þar um er nú ein saga sem jeg skal segja þjer næst.-- Vertu sæll.--

Frederikke Claessen Briem skrifar Ingibjörgu E. Briem.[1] Reykjavík 29. júlí 1883.

Þakkar smjör og ost; vöruskortur og þá er Gunnlaugur í peningavandræðum. Ræðir saumaskap Elínar sem fór á sýningu. Heilsa Völlu (Valgerðar), lýsir veikindum hennar, aðstöðu og meðferð. Susie situr hjá henni veikri og les. Fredrikke. reynir að koma í veg fyrir lestur, hún geti eyðil. augun með lestri enskra bóka með smáu letri. Segir ár síðan þau komu hingað. Gunnl. reynir að halda Eggert Gunnarssyni á floti. Það virðist ekki koma að gagni.

-- han handler saa hensynlöst og tankelöst, ofte uden eller imod Gs vidende eller Villie, at han har mistet alles tiltro og den Eggert Gunnarsson du kjendt vil du ikke finde meget tilbage af i den Eggert vi nu have omgaaedes et Aar og lært at kjende tilbunds.

Tryggvi har for længesiden seet og sagt hvordan det ville gaa og Kristiane tager sig Eggerts Handlemaade meget nær.

Hrædd um að Gunnl. verði blandað í málið og á hann skellt ábyrgð. Gunnlaugur er ekki ánægður með alþingi þar sem mikið sé talað og farið illa með dýrmætan tíma.

Páll Briem skrifar Finni Jónssonar. Rvík. 6.8.1883

-- Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir síðast. Jeg er alþingisskrifari og því búinn að venja mig á að skrifa svo stórkallalega, að jeg get varla skrifað prívatbrjef. Eins og þú mannst að jeg skrifaði þjer fyrst hjeðan úr Rvík, þá kvartaði jeg undan, að jeg ekki þekkti lífið og fólkið hjerna. En nú er jeg farinn að þekkja það. Jeg fór fyrst að þekkja það, eftir bókmenntafjelagsfundinn. 2. júlí kom jeg á skrifstofu alþingis og var þar bundinn dag hvern frá kl. 8 til 8. Það var því eigi gott til agítationa. Jeg talaði við föður þinn, við Klemens, Sigga, Björn Jónsson og 1 eða 2 aðra. En svo er mikið kjaftæði í bænum, að jeg heyrði það hjá ýmsum, að jeg væri í mestu agítationum. Ekkert var agíterað og ekkert gert. Svo kom nú á fundinn. Þar voru nú eigi sæti fyrir helminginn. Svona er nú nálarskapurinn. Klemens getur sagt þjer hvernig þar gekk til. Jeg hjelt nokkuð hvassa ræðu. Og jeg held að jeg hafi borið hana fram með nokkrum ákafa, því að Grímur Thomsen var að smástríða mjer, en þó komplimentera mig um leið. Þetta dugði samt lítið, þú veist atkvæðagreiðsluna. Menn eru ákaflega niðurbældir hjer og interessulausir. Það er að mínu áliti hjer sami andinn og í borgaralýðnum í Danmörku. Þó verð jeg að geta þess að hjer er á stöku stað eldur í öskunni og væri hægt að blása að kolunum, og ef til vill að kveikja upp. Fólkið er svo interessulítið að jeg veit eigi hvort greinir Björns Jónssonar í Ísafold vekja nokkra sympathi, hann er skammaður fyrir að hafa eigi tekið próf, og koma svo nú til þess að "*spýta galli á embættismennina*".

Þú getur nú pumpað Klemens fyrir öllum frjettum um hin ytri atriði. Jeg ætla því eigi að segja þjer neitt um þau. Svo hefur þú líka skjalapartinn og nokkuð af þingræðum. Það verður því óþarfi. En jeg ætla að segja þjer af hinu innra ástandi í alþingi.

En það verð jeg að eiga við þig, að þú eigi segir það nokkrum manni, bæði af því, að jeg hef engan rjett til þess og svo hefur það heldur enga þýðingu. Þess vegna bið jeg þig að segja það engum, alls engum, og láta engan heldur komast í brjefið. No! si so! Þegar Eiríkur var á síðasta þingi, var honum boðið í fjárlaganefndina, en hann neitaði því, og bað heldur um að mega komast í landbúnaðarnefndina. Jú það var ekkert í veginum. Menn völdu svo Lárus Blöndal,[2] Guðmund Einarsson,[3] Þorvald Kjerúlf[4] og 3 bændur í nefndina með honum. Þetta voru menn fyrir Eirík. Allir samviskusamir, rjettsýnir og lausir við allan lærdómshroka (Lárus var ómerkilegastur). Ef þú berð frumvarpið frá nefndinni saman við frumvarpið frá stjórninni, sem var byggt á skoðunum (frá) landbúnaðarmilliþinganefndinni, þá muntu sjá mörg ný princip, socíalistísk eins og á að vera,

[1] *Skrifar á dönsku.*

[2] Lárus Blöndal, *alþingismaður Húnvetninga 1880–1885. Var þá forseti sameinaðs þings. Sýslumaður Húnvetninga.*

[3] *Séra Guðmundur Einarsson var alþingismaður Dalamanna en dó 31.10.´82. Hann var faðir Theodóru, síðar Thoroddsen.*

[4] *Þorvarður Kjerúlf héraðslæmnir og alþingismaður N-Múlas.*

og þær ideur á Eiríkur[1] einn (það er nú eigi undarlegt þó Eiríkur sje skynsamur í þessu, því að hann græddi fyrir utan laun sín í Steinnesi um 1500 kr. bara á búskapnum á hverju ári. Af launanum tók hann allt, sem hann kostaði sjerstaklega til embættisins).

Þegar í þingið kom byrjuðu skammirnar frá Benedikt Sveinssyni,[2] Jóni Ólafssyni,[3] Jóni ritara.[4]

Grímur Thomsen[5] sagði við Eirík utan funda, að frumvarpið frá nefndinni væri óhafandi með öllu. Arnljótur[6] bar kápuna á báðum öxlum, eins og honum er títt, þar sem hann mætir stærstum vilja. Þegar til atkvæða kom, greiddi hver einasti bóndi atkvæði fyrir frumvarpinu, og gekk það í gegnum neðri deild með 14 og 15 atkvæðum, allra þingmanna, sem af landbúnaði lifa og 15. atkv. var Grímur Thomsen, sem kærir sig eigi um skoðun sína og greiddi atkvæði með meirihlutanum, þegar hann sá hvað verða vildi. Ekki ein einasta grein var felld og það þarf sterkt majórítet til þess, að breytingartillögur og slíkt komist eigi fram. Nú dó Guðmundur Einarsson og Þorvarði Kjerúlf var bannað að koma suður. Eiríkur hafði því af sínum mönnum eigi nema Lárus, sem hann satt að segja er í vandræðum með og svo 3 bændur. Það leit eigi vel út og líklegast til að fyrir honum myndi fara eins og á síðasta þingi að hann fengi engin ráð. Hann skrifaði þó Tryggva,[7] en Tryggvi er veill. Hann þorði hvorki að stökkva nje hrökkva.

Svo leið nú til þings. Allir hjeldu að Arnljótur væri almáttugur. Eiríkur var við sjötta mann, sem svona óafvitandi voru með honum, en sem hann mátti treysta. Svo gengur hann nú um. Tryggvi var að ganga á eftir Arnljóti með grasið í skónum, en Arnlj. vildi engin góð boð bjóða. Kl. 9 um kvöldið 30. júní kemur Eiríkur til Halldórs Friðrikssonar[8] og mætir þar Arnljóti. Hann hafði þá verið þar og viljað fá Halldór með sínum mönnum, látið líklega, að hann myndi verða forseti, komast í fjárlaganefnd osfrv. Halldór gengst aðeins fyrir þessu. Eiríkur fór svo að leggja niður fyrir honum, hvert óráð væri að binda sig við Arnljót, sagði honum, að ef hann vildi fylgja sjer, þá skildi hann verða skrifari og framsögumaður í fjárlaganefnd, en það er mest virðing næst forseta og þýðingarmest. En segir honum jafnframt að hann verði að skilja sig við Grím Thomsen. Eftir langt þjark gengur Halldór svo inn á þetta. Eiríki var ljett að verða endurskoðari, en af því hann vildi heldur hafa Grím góðan, þá sagði hann, að það væri best að láta Grím halda því, enda er hann nú líka brúkandi og segir margt skarpt við stjórnina. Nú var eftir að vinna Tryggva. Fer Eiríkur svo frá Halldóri um kl. 11 og til Tryggva, en hann er ekki heima. Jeg þurfti að fara út í skip að kveðja Jóhannes, hann ætlaði vestur með skipinu, er átti að fara kl. 3 um nóttina. Jeg hitti þá Eirík á götunni þar sem hann var að ráfa. Við gengum svo saman nokkra stund. Jeg fer svo út í skip, en Eiríkur til Tryggva. Hann var þá nýkominn frá Arnljóti; en hann þóttist eigi viðlátinn og fjekk Tryggvi ekkert tal af honum.

Nú fór Eiríkur að tala við Tryggva. Gunnlaugur[9] kom þá skömmu síðar. Tryggvi var tregur að skiljast við Arnljót. Um kl. 1 stendur Eiríkur upp og segir: Jæja þú mátt þá hafa það eins og þú villt. Í flokki með Arnlj. verð jeg ekki. Vertu með honum. Jeg verð með minn minni hluta, en sjáðu til hvert frægðarorð þú berð af þessu þingi. Þá gekkst Tryggva hugur við. Og sló til.

Kl. 9-10, 1. júlí, komu svo 10 manns saman í Glasgow og bundust fastmælum. Þá var flokkurinn myndaður. Þá voru þeir vissir 12. En Grímur Thomsen, Arnljótur, Jón Ólafsson, Benedikt Sveinsson og síra Þórarinn[10] algjörlega einangraðir. Ef Eiríkur hefði aðeins viljað sína eigin upphefð og slegið til við hina, þá hefði hann getað orðið forseti sameinaðs þings og revisor, en hann tók nú þennan kost, sleppti skrifaratign og ljet Halldóri Friðrikssyni eftir framsögumannssessinn.

Þjer er alveg ómögulegt að ímynda þjer, hvað þessir einangruðu urðu hræddir og forviða. Jeg kenndi nú mest í brjóst um Jón Ólafsson, en Eiríkur sagði að við hann væri ómögulegt að tjónka. Meðan Jón hefði verið hjer á fyrri árum, hefði hann komið daglega til sín, og þá hefði hann gefið honum allmargar *ídeur* og mörg góð ráð, en nú í hittið fyrra, hefði hann þóst góður fyrir sinn hatt, og engum ráðum viljað taka. Það væri því best að láta hann sjálfan fyrir sjá. Þú getur sjeð, hvað flatt þetta kom uppá Jón Ólafsson; hann skrifaði 1. júlí til Hafnar og segir að flokkaskipun verði hin sama og á seinasta þingi. Jón var líka fyrst eftir fjárlaganefndarkosninguna alveg fortvivlaður. Þeir komust á nokkrar snoðir um að einhver brögð væru í tafli um eftirmiðdaginn, og síra

---

[1] *Eiríkur Briem var alþingismaður Húnvetninga.*

[2] *Benedikt Sveinsson sýslumaður var þingmaður N-Múlas.*

[3] *Jón Ólafsson var þingmaður S-Múlas.*

[4] *Jón Jónsson landshöfðingjaritari var þingm. Skagfirðinga.*

[5] *Grímur Thomesen var þá þingm. Borgfirðinga.*

[6] *Séra Arnljótur Ólafsson þingmaður Eyfirðinga.*

[7] *Tryggvi Gunnarsson, þingm. S-Múlasýslu.*

[8] *Halldór Kr. Friðriksson var þingmaður Reykvíkinga.*

[9] *Gunnlaugur E. Briem, þingmaður Skagfirðinga.*

[10] *Séra Þórarinn Böðvarsson, þingm. Gullbringu- og Kjósarsýslu*

Þórarinn varð duglegastur, hann fjekk líka 11 atkvæði, því að Þórður í Hattardal[1] sveik, Halldór fjekk jafnmörg, en hans hlutur kom upp. Síra Þórarni varpað úr varaforsetatign, og var það að maklegleikum og Tryggvi settur í staðinn. Skólamálið verður tekið fyrir í dag og nefnd kosin. Sjáðu nú hvort jeg veit ekki hvað gerist. Í hana verða kosnir Magnús Andrjesson,[2] Arnljótur, Benedikt Sveinsson og ef svo ólíklega skyldi fara að fimm menn yrðu kosnir bætast við Grímur Thomsen og Lárus Blöndal.

Jeg hef nú eigi meiri tíma að sinni, því að fundur fer að byrja, en svo skal jeg nú í kvöld skrifa þjer um málin og stefnuna. Nú er fundurinn búinn og voru 3 menn kosnir, sem jeg nefndi fyrsta. Hamingjan má vita hvað þeir gera; þar fylgir meiri vandi en virðing. Menn eru alveg í vandræðum. Jeg hef oft átt tal við Eirík bróður minn. Hann segir að meðan Jón Þorkelsson sje við, sje engin bót væntanleg, og segir, að menn geti eigi haft hann burtu, af því að einginn hæfilegur sje....

Nú skal jeg segja þjer um stefnuna. Aðalundirrótin var sú að hafa landbúnaðarlögin í gegn. Það vildi Eiríkur umfram allt, og svo vildi hann gjöra ýmislegt annað. Eiríkur vill framfarir og miklar framfarir, en hann kærir sig eigi um neinar frelsiskreddur. Hann vill prestakosningar, en vill þær eigi fyrr en brauðaskipunin breytist um leið, og einkum þykir honum það varúðarvert, af því málið er svo lítið undirbúið og hugsað, en hins vegar kærir hann sig eigi svo mjög um það, agiterar ekkert á móti, en segir það best að aðrir hafi ábyrgðina, það getur komið einhverju illu ...en þó eigi svo illu að neinn verulegur skaði sje skeður. Hann hafði þó sagt við Jón Ólafsson í fyrra, að einkum væri illt að biskup neyddist til að samþykkja aðra en þjónandi presta. Þetta tók Jón Ólafsson sem sína uppástungu núna og komst það inn í lögin.

Sama segir Eiríkur um kvenfrelsi og þess konar frelsishugmyndir. Í skólamálinu er hann alveg á sömu skoðun og jeg. Hann gengur fullkomlega eins langt og jeg í prinsípinu: *Non multa ad multum*.[3] En svo er nú hann svo langtum skynsamari og praktískari en nokkur annar maður, sem við höfum uppi, að minnsta kosti, sem jeg hef spurn af. Sjáðu fjárlögin og skoðaðu hvort þau eru eigi skynsöm. Eríkur kom því í gegn að laxfróðan mann á að fá og skoða ár og kenna mönnum og vegfróðan mann á að fá til að kenna mönnum að leggja vegi.

Ef þú sæir húsin hjerna í Rvík, sem byggð hafa verið síðan Alþingishúsið var reist, þá myndirðu sjá hvaða gagn útlendingar gera. Eiríkur vill eigi hafa nein eftirlaun, en þó sjá fyrir að embættismenn lifi sómasamlega eftir að þeir eru komnir úr embættum. Þessi hugmynd er að grafa mjög mikið um sig, en enginn veit frá hverjum hugmyndin kemur en eftir nokkurn tíma er hún -- búin að fá fótfestu.

Meðan Grímur rjeði á þingi, komu vegabótalög, sem Eiríki var fjarskalega illa við; hann vill hafa einn einasta landveg sem landið kostar um kring allt Ísland. Þetta hefur hann verið að tala við menn um, og nú er þessi stefna að ryðja sjer til rúms, svo hún er orðin á hvers manns vörum.

Þá koma núna fátækralög og ef nokkur lög eru gullvæg, þá eru það þau. Eiríkur á nú eigi þá hugmynd, því að margir hafa farið í þá átt, en hann á hugmyndirnar í þeim lögum eins og þær eru. Hann var kosinn í nefnd með 2 bændum, L. Blöndal og Benedikt Sveinssyni. Fyrstu tveir fundirnir gengu í tómt rifrildi við Lárus og einkum Benedikt, sem andskotaðist eins og vitlaust dýr, en svo fór að hann gat sannfært þá, og nú endar svo að Benedikt hafði framsögu í málinu í dag. Allir sem lögin eiga að gagna voru mjög ánægðir en gamlir principfrelsismenn eins og Halldór, voru mjög illir, þó hann talaði eigi.

Þá var afnám amtmannaembættanna. Arnljótur hafði lofað Júlíusi að halda við amtmannaembættunum. Eiríkur sannfærði Tryggva, svo hann var nú með, þó hann væri áður móti. Þú getur spurt Klemens um hvert "*fiasco*" Arnljótur hefur gjört í því máli. Eiríkur vill undirbúa lagaskólann, en eigi stofna hann strax.

Stjórnarskrá vill hann frjálslynda og miklu frjálslyndari, en þá sem nú er verið að búa undir. Eiríkur gæti skrifað um allt þetta bækur, en að unna honum heiðursins og beygja sig fyrir honum og hlýða honum, það eru menn allt of drambsamir til. Þess vegna vill hann heldur hafa það svona. Ekki hefur Eiríkur meira álit á höfðingjunum en Velv. En hann segir sem svo, ef maður fjandskapast við þá, getur maður engu komið í verk. Tryggvi vill endilega hafa Magnús Stephensen yfirdómara fyrir forseta sameinaðs þings; það lenti í miklu þjarki milli þeirra. Og loksins segir Eiríkur: Mjer þykir það annars gott því að þú lærir þá að þekkja, hvern mann hann hefur að geyma. Svo kom spursmálið um Lárus[4] yfirdómara sem skrifstofustjóra. Klemens getur sagt þjer frá því. Svo lagði nú Eiríkur ráðin á til þess, að steypa Lárusi og varaði þá við einu bragði af Magnúsi, en þeir fjellu í einmitt þessa gildru og svo var spursmálið búið. Um það getur Klemens eigi sagt þjer neitt. En það er of langt að segja þjer frá því hjer. Þú sjerð nú að jeg get sagt þjer ýmislegt, en má til að fara að hætta. --

Jeg skal bara segja þjer plan Eiríks fyrir framtíðina. Hann segir eins og satt er að þingmenn sjeu fjarskalega

[1] *Þórður Magnússon, þingm. Ísfirðinga.*

[2] *Magnús Andrésson þingmaður Árnesinga.*

[3] *Nóg af svo góðu?*

[4] *Lárus Sveinbjörnsson (1834-1910) síðast háyfirdómari.*

bágir að eiga við, þeir heykslist allir ef í nokkuð hart færi. Verst er honum þó við misyndismenn og menn sem ómögulegt er að tjónka við. Hann ætlar því, að mynda fastan flokk á næsta þingi. Arnljótur, Benedikt eiga að fjúka fyrstir, Eiríkur Kúld, Lárus, Jón Ólafsson, Þórarinn í Görðum, og sv. frv. eftir því, sem hægt er. Velf. á að fylgja þessu. Jeg geri mitt í þá átt en með hægð og slægð.

Heyrðu mjer. Þetta allt, sem jeg skrifa þjer, máttu engum lifandi manni segja, því að þeir sem þú segir það hafa eigi vit á því og þó að þú sjert viss um að þeir skilji það, þá máttu engum segja það. -- Jeg púla og púla og púla fyrir mammons sakir.

Jeg ætla að biðja þig að panta fyrir mig þýska bók í bandi. Það er reyndar synd af mjer að borga þjer ekki, en jeg vona að þú fáir krít. Bókin er: John Stewart Mill, System der Logik ... Leipz. 1872-73, 10 mark 8 pf. og senda hana sem fyrst til Eiríks bróður míns með reikningi. Hún þarf að komast hingað að minnsta kosti fyrir 1. okt. --

> Af þessu bréfi má lesa hrifningu Páls á Eiríki bróður sínum. Ekki entist sú hrifning lengi. Pál dreymdi um að þeir, og fleiri, gætu unnið saman að framfaramálum og sýnt hæfileika Briemssystkinanna. Fóru þeir hvor í sína áttina í stjórnmálum. En svo fór að þeir skiptust í mismunandi "flokka" eða aðhylltust mismunandi stefnur. Þannig runnu þær "hugmyndir" eða "hugdettur" út í sandinn. E.Á.

Rannveig Ólafsdóttir Briem skrifar Halldóri E. Briem. Selkirk. 7.8.1883.

Kæri góði frændi minn.

Eftir glaðlegan inngang segir Ranveig að þeim liði vel, hafi aldrei kunnað vel við sig í Selkirk, fengið ógeð af því henni leið svo illa eftir að hún kom þangað. Fólk sem þau kynntust væri viðkunnanlegt, ógnar kyrrt og rólegt, enda er þetta ekki bær, en verður það er járnbrautin kemur. Hún er nú

-- algjörð --

og allir lukkulegir. Sigtryggur kann betur við sig, en hún verr

-- svo það jafnast. --

Veit ekki hvort þau skipta frekar um bústað,

-- jeg á líklega að bera mín löngu og lúnu bein hérna. --[1]

Segir frá viðskiptum, innflytjendum og fjölsk. þeirra. Spyr hvort þau hjón komi aftur og um líðan þeirra og frændfólks. Segir fréttir af Torfhildi Hólm. Einnig um það að þau hafi tekið að sér enskan dreng þegar foreldrar hans fóru, en komu ekki aftur.

Valgerður E. Briem skrifar Ingibjörgu Briem. Rvík. 28.8.1883.

Er syðra til lækninga hjá Schierbeck; segist á batavegi; lýsir lífinu. Hefur áhyggjur yfir að kannski vanti prjónaföt. Sérstakl.hún til Gunnlaugs litla Claessen og hvort hann vanti ekki bol í vetrarkuldanum. Biður mömmu sína um að leysa úr því. Ræðir handavinnusýningu. Frederikke, sendi inn sessu (og fékk heiðurspening fyrir). Frétti um að Laura Hafstein sé trúlofuð Jóni Þórarinssyni frá Görðum á Álftanesi. Biður mömmu sína fara oft til Sauðárkr. v. barna Kristínar (er dó í des. 1881). Viss um að Lárus kenni börnunum; biður hún Eleonóru að segja þeim til handanna.

Rannveig Ólafsd. Briem til Halldórs E. Briem. Winnipeg. 11.9.1883.

Svarar bréfi og lætur í ljós hluttekningu vegna sonarmissis. Segist líka hafa misst barn sem hún var búin að eiga og annast í 9 mán.

Samband þeirra virðist hafa rofnað frá því að þau skildu, en hún segist hafa fylgst með honum. Segist flækjast um vestra á meðan Sigtryggur er að flækjast heima. Var í Dakota er hún fékk bréfið. Farið að leiðast lausamennska og langar til að fá heimili á ný.

Torfhildur Hólm skrifar Halldóri E. Briem. Selkirk. 12.9.1883.

Ræðir ástand á Ísl. í tilefni orða hans í bréfi, sem og ástand í skólum. Spyr hvort Björn M. Ólsen sé únítari.

Steingr. sagður vera það, jafnvel Gröndal. Spyr hvað Steingr. Th. segi um Brynjólfsbókina. Fréttir af þeim þar í húsinu og öðrum Ísl. og innflytjendum.

Smásöguhandrit frá sér liggi hjá Einari (líklega bókbindara).

[1] *Rannveig er þá þrítug.*

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Oddeyri. 4.10.1883.

Ferðin til Danmerkur hefur væntanl. verið með viðkomu á Akureyri. Hefur búið hjá Carl Holm og liðið vel.

-- Ég fór með Halldóri um öll hús á Akureyri. Súsí var hjá Júl. Havsteen meðan Halldór var hér. Hann var hinn besti viðtals. Ekki skil ég Júlíus, hann lét sem sér væru mjög mótfallin málaferlin í Skagafirði, ennfremur að honum félli illa að samþykki landshöfðingja viðvíkjandi Hólaskóla eigi kæmi. --

Ræddi m.a. húsnæðismál Halldórs og Hríseyjarmál?

Páll E. Briem skrifar Halldóri Briem. Oddeyri. 4.10.1883.[1]

-- Nú kom skipið í gær. Það ætlar á stað aptur í dag. Svo að eigi getum við sjezt aptur að sinni. Það var ágætt að þið skylduð geta fengið stofuna á Þrastarhóli, þá verður þú og kona þín laus við margt á Möðruvöllum, er þið annars hefðuð orðið að vera. Jeg óska ykkur til heilla með það, og vona að allt annað fari eptir þessari byrjun. Ekki hef jeg sjeð Þorvald, en jeg er viss um að hann verður eigi lengi að mýkja hina reiðu guði og hinar reiðu gyðjur hjer norðanlands, þó þetta hafi komið fyrir hann. Það var sagt um þá, sem ekki geta elskað, að þeir geti eigi heldur hatað, og held jeg að slíkt komi heim á Þorvaldi vorum. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 8.10.1883.[2]

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir síðast. Ferðin gekk heldur seint og eigi kom jeg til Hafnar fyrri en 20. okt.

Nú bý jeg langt út í bæ (hálftíma gang frá háskólanum, ef hart er gengið) og er það víst lengri leið en þú hefur ofan að Möðruvöllum, en aptur er vegurinn hjer betri og veðrið eigi eins vont. Jeg er nú farinn að lesa, og þá getur þú ímyndað þjer að einn dagurinn muni öðrum líkur. Jeg hitti Sahlertz, hann var að spyrja um þig og bað að heilsa þjer vel. Móritz biður líka að heilsa þjer. --

Torfhildur Hólm skrifar Halldóri E. Briem. Selkirk. Man. Can. 20.19.1883.

Stödd í Winnipeg. Ræðir peningauppgjör þeirra milli. Býr hjá Helga Jónssyni og Ingibjörgu, hann er ritstjóri Leifs og með bókabúð. Segir Mr. Taylor dáinn, frú Taylor vera sorgmædda í Carberry. Fátæk, býr sennil. hjá Arthur bróður sínum.

Umboð til sr. Eiríks Briem til að greiða HB 50 kr. fylgir.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 2.11.1883.

My dear husband!

Er búin að fá orgel í húsið en ekki mikill mögul. á að æfa sig v. kulda. Allt er rólegt ef það væri ekki stöðugur málarekstur. Skafti Jósefsson hefur nóg að gera (virðist hafa verið sýsluritari, var áður við laganám en lauk ekki). Mun ætla að bjóða sig fram til þings fyrir Skagafj. Ekki fellur fólki það vel því þá leggst vinna á aðra.

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 8.11.1883.

Munaði 1-2 dögum að þeir bræður hittust á Englandi. Býr hjá Páli í Blegdamsfælled og ekki fluttur enn inn á Garð. Tryggvi ætlar að reyna að koma á sameiningu Íslendinga í eitt félag sem sundraðist vegna Schierbeckmálsins.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 10.11.1883.

-- Vonar að Skapti verði ekki kosinn. -- Verið getur að Gunnlaugur bróðir HB bjóði sig fram. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reynistað. 11.11.1883.

My dear husband!

Segir frá heimilinu, tengdafaðir hennar hefur mörg mál. Ólafur bróðir HEB fer til uppboðs á Hofsósi ásamt Claessen. Þær Susie og Sigríður Briem, mágkona hennar, sem var skárri í fætinum, vildu fara áleiðis með þeim á hestbaki. Illa stóð á með hesta en Ólafur, án þess að segja neitt, fór af bæ og fékk hesta lánaða.

Margir hugsa um Ameríkuferðir og leita ráða hjá S.E.B. sem tekur ekki afstöðu en segir frá kostum og göllum. Hefur lært að spinna.

[1] *Dagsetning þessara októberbréfa fer milli mála.*

[2] *Ósamræmi í dagsetningu og efni bréfs.*

Tryggvi Gunnarsson skifar Hans Naumann.[1] 29.10.1883.

-- Jeg er glaður af, að sjá frændfólk mitt í Þýskalandi, og óska því góðs. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 1.12.1883

Ræðir húsnæðismálin á Möðruvöllum og öll óþægindi H.E.B. þar, og segir óhentugt að byggja. Talaði við landshöfðingja vegna málsins.

Ekki lýst mjer á háttalag stjettarbróður þíns og bendir það á minni mannkosti en honum eru almennt eignaðir hjer.

Mjer líður við þetta sama. Eg er ánægður með heimilsilífið, því þú veist hvað eg á ástúðlega konu og fólkið sem við höfum er velviljað og gott, en á stöðu mína að öðru leyti hefi eg sem fæzt orð um, hún er í mörgu tilliti erfið og eg vil ekki vera að ergja þig með neinum baslsögum, því eg veit að þú vilt mjer sem sjálfum þjer. Það bráir af á milli og einhverntíma birtir upp. Eg tek mjer allt nærri eins og barn.

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Ytriey 9.12.1883.

Ræðir bækur HEB. Segir frá skólanum.

-- Við erum 19 hjerna í húsinu, þar af 16 skólastúlkur, 12 úr Skagafirði og 4 hjer úr sýslu. Þar að auk koma 2 ófermdar stúlkur þrisvar sinnum í viku og fá tilsögn í skrift, reikningi og biblíusögum. ---

Eggert G. og Ingibjörg Briem skrifa Halldóri og Susie Briem. Reynistað. 10.12.1883.

Segir frá illviðrum, málarekstri, strand í síldveiðiskipi. versnandi heilsu. Búinn að segja af sér og segja sig frá jörðinni. Jóhanna fer ekki til Elínar, hún er að læra m.a. landafræði Erslevs og reikning.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri og Susie Breim.

Segist hafa fengið blóðspýting en kominn til heilsu. Valgerði og Sigríði gengur illa að batna.

[1] *Dóttir Jóhönnu Briem Schütz giftist Ludvig Naumann en í niðjatali Briemsættar er engan Hans Naumann að finna. Gæti verið skyldmenni sem Tryggvi hefur kynnst í ferð til frænda sinna í Bremen eða annars staðar.*

1884

Valgard Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Sauðárkróki. 12.2.1884.

Kære Svoger!

Þakkar bréf mágs síns. Ræðir Gunnlaug bróður HEB, sem einnig er mágur Valgards. Vonar að geta opnað augu Gunnlaugs gagnvart (frænda hans) Eggert Ól. Gunnarss. (og hann starfaði hjá). Segir báða, Coghill og Tryggva Gunnarss. (bróður E.Ó.G.) hafa gert Gunnlaugi tilboð. Hugmynd um að stofna fyrirtæki með honum hafi áður komið upp. Kjarkur sinn sé minni vegna astmasjúkdóms og ábyrgðar gagnvart börnunum (Kristín Briem kona hans dó f. 3 árum).

Slæmt var að missa foreldra HB frá Reynist.; enn frekar ef Ólafur fer suður líka. Hvað hann ætli sér er ekki hægt að fá upp úr honum. Segist hafa séð í Stjórnartíðindum að biskup viðurkenni H.E.B. sem prest.

Spyr hví þetta hafi komið til mála.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 2.3.1884.

-- Ræðir ýmsa fyrirgreiðslu og málaferli. Hefur frétt af lausn E.G.B. úr embætti frá 1. ágúst.

Valgerður E. Briem skrifar Susie Briem. Rvík 3.2.1884.

Slæmar fréttir af heilsu sinni og lækningatilraunum Schierbeck.

-- Guð einn veit hver endirinn verður. --

Leiðist og er sorgbitin þó hún viti að hún þurfi á öllum kröftum sínum að halda. Sigríður systir hennar er líka fyrir sunnan. Hefur Schierbeck lánast að ná verkinum úr fæti hennar. Schierbeck. heldur að fóturinn grói á tveim árum en hún fái þá stífan fót. Sigríður er glöð, mikið útivið. Lærir hannyrðir og á gítar hjá Guðrúnu Borgfjörð.

Valgerður hafði verið kennari á Laugalandi. Tók að sér heimili Kristínar systur sinnar á Sauðárkróki þegar hún veiktist og eftir að hún féll frá. Veiktist , fór til lækninga í Reykjavík og lést þar 20. maí.

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 28.2.1884.

Býr enn hjá Páli langt fyrir utan aðalborgina og það einmanalegt og kyrrlegt og er munur á innbænum er minnir á gargið í ritunni í Drangey forðum, sem ætlaði að æra. Flytur á Garð 1.4. Hlakkar ekki til; þeir nýju fá verstu herbergin, lítil og gegnsósa af tóbakssvælu. Segir Skúla Thoroddsen búinn að ljúka prófi og á leið heim, hann sé dugnaðarmaður,

-- hreinn og beinn og yfirhöfuð besti drengur. --

Segir frá Bókm.fél. fundi. Þar kosin nefnd til að kanna heimflutning. Óeirðir milli Íslendinga í Höfn. Hættur í verkfræði, kominn í statsvidenskab.[1]

Frederikke Briem skrifar Susie Briem. Rvík. 29.2.1884.

Kjære Susie!

Gleðst yfir að Hjaltalín hafi gefið sig þannig að þau HB geti verið saman. Vonandi verði friður við nemendur. Gunnlaugur hefur verið á ferð, m.a. í Borgarfirði. Vonaði hann gæti verið heima um jól. Á Akranesi kom hríð og varð hann að vera þar um jólin. Einmana.

Valgerður veik og þjáðist. Eftir jól fór Gunnlaugur austur á land. Ætlaði þaðan norður en þá fór Eggert E. Gunnarsson og gat Gunnl. ekki farið frá verslun og vörum.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 29.2.1884.

Býst við að yfirgefa Eggert Gunnarsson tetrið. *Hann er í vesturferðinni sem Þjóðólfur skrifar um í illgjarnri getsagnagrein. Ísafold bætir úr.*

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Seyðisf. 1.3.1884.

Segir fréttir af föður sínum og að Sveinn bróðir hans hafi látið þau fá 4ra ára dreng í stað hins sem þau misstu en hann hafði svo mikið óyndi að þau hjón fóru með hann aftur heim. En þau eiga von á að fá annað

[1] *Hagfræði.*

barn frá S., dóttur að nafni Nanna. Svo eiga þau tvö önnur börn frá Húsavík, Theodóru og Friðrik. Halda þau öll til Ameríku í júlí. Ræðir bindindismál o.fl.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri og Susie Briem. Reynistað. 15.3.1884

Þakkar fyrir fingravettlinga sem S. hafði prjónað. Gunnlaugur er ákveðinn að fara úr þjónustu Eggerts Gunnarssonar. Virðist neikvæð grein hafa birst í Þjóðólfi.

-- Ég hef þá trú að Eggert sé sér eigi þess meðvitandi að hann vilji svíkja eða slá plötur,[1] en hann álítur sig hafa köllun til að koma miklu til leiðar til almennra heilla, og til þess eigi hinir að leggja til peningana, hann byggir allt á óskynsamlegri von og ofurtrausti á guði og hamingjunni. Hann getur að nokkru leyti álitist eigi að vera með öllum mjalla, en að hann sé að brjótast í þessu af gróða hug fyrir sjálfan sig, það tel ég fráleitt. Gunnlaugur er enn að tala um að koma, hann telur sig atvinnulausan eptirleiðis. --

Ræðir um Gunnlaug og barn sem þau hjón eiga í vændum.(Það var sonurinn Ólafur Briem (f. 14.7.1884, d. 1944. Dóttir þeirra, Valgerður, er fyrir sunnan, - dauðans matur.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 18.3.1884.

My dearest Halldor!

Fór á ball með Rannveigu frænku hans. Þar var hún að reyna að skýra út fyrir fólki hvers vegna hann kæmi ekki, væri upptekinn við skiftir o.s.frv. Komu heim kl. 3.30. Sendir HB kíníndropa. Biður hann að koma ef hann telji það ekki skaða heilsuna.

Sigurður E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Khöfn. 9.4.1884.

-- Nú er ég búinn að fá Garð, en bý samt hér útfrá hjá Palla mestmegnis; hann er farinn að kenna svefnóreglu, það er að segja, hann getur stundum eigi sofnað fyrr en langt er liðið fram á nótt, en það hefur reyndar eigi verið mikil brögð að því og vona ég hann hafi eigi baga af því þegar til examens kemur. Sigurður Þórðarson[2] tekur próf með honum, en eigi fleiri Íslendingar. --

Ég vildi gjarnan halda eitthvað blað í sameiningu við þig, og tek þá náttúrlega helst blað sem þeir Hömp og Brandes ætla að gefa út. Við Palli héldum Morgunblaðið (danskt) til nýárs, en þá breyttist *redaktionin* svo við sögðum því af okkur, síðan höfum við haldið *Dagsavisen* og er ég að hugsa um að senda þér hann, en það er reyndar svo lélegt blað, að það er varla kostandi upp á að senda hann langa leið. --

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 16.4.1884.

Elskulegi bróðir!

Brynjólfur Kúld rekinn af Garði fyrir slark eftir 1/2 mánuð og tveir aðrir fengið ávítur fyrir drykkjuskap, óþrifnað og sóðaskap.

Fór út í Klampenborgskóg með gufusporvagni sem fyrir mánuði byrjaði að ganga frá Austurbrú eftir Strandvegi. Var þar manngrúi sem vildi komast með.

Elín E. Briem skrifar Halldóri E, Briem. Sauðárkróki. 19.5.1884.

Ræðir slæma heilsu systur sinnar (Valgerður var í Rvík til lækninga; dó, 20.5.1884).

Ræðir peningamál m.a. skuld við frú Ebbesen frænku sína í Danm. Segir þær Sigríði systur sína muni kenna á Ytri-Ey.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 14.6.1884.

Ræðir löng veikindi föður síns sem hann virðist kominn yfir. Einnig nám Sigurðar bróðir hans í heimspeki.

-- Ég er nú búinn með mitt próf og fékk láð. -- Nú er prófið loksins á enda og er ég glaður yfir að vera búinn með það og þurfa aldrei framar að taka neitt próf. -- Nú þarf ég að fá hér einhverja heppilega vinnu og kann það að verða örðugt fyrst í stað. Ég fór til prófessor Goos fyrir nokkrum dögum; ég sagði honum allt hið ljósasta af fyrirætlan minni, að reyna til að stúdera íslensku lögin bæði að fornu og nýju og var hann einkar alúðlegur; hann sagði að ég skyldi fá að halda legatinu sem ég hef, 62 kr. - tvisvar á ári - og þótti mér eigi lítið varið í það; ennfremur sagði hann mér að ég skyldi fara til Oddgeirs og segja honum að nú væri ég búinn og sárlangaði til þess að komast í ísl. ministeríið ef Ólafur Halldórsson færi heim og bætti svona við, að sér þætti leiðinlegt að ministeríið þættist eigi hafa heimild til að veita flínkum kandídötum styrk til þess að stúdera íslensk lög af því fé sem veitt væri til vísindalegra og verklegra framfara og væri því nauðsynleg bein heimild

[1] *Plattenslager: Sá sem vekur athygli á sér án tilefnis.*

[2] *Sigurður Þórðarson (1856-1932) síðast málflutningsmaður í Rvík og lögfræðilegur ráðunautur Landsbanka Íslands.*

til slíks frá alþingi. (Hann vildi fá slíkan styrk í vetur handa skóla Thoroddsen, en því var neitað). -- Ég var uppi hjá Vilhjálmi Finsen og var hann einnig mjög alúðlegur og töluðum við um þetta sama. --

Ég skal nú segja þér af mínu plani. Ég vil eigi fara strax á málafærslumannskontór, því að bæði fæ ég lítið fyrir það og líka tekur það mikinn tíma. Ég er því helst að hugsa um að fá mér kennslu, allra helst lagakennslu. Ég er búinn að fá Emil Scou og vonast til að fá Íslendinga eftir sumarfríið (1. sept.) til þess að hafa mig fyrir mandúktör. En þangað til ætla ég að lifa á öðru. Ég var í vetur að semja ritgjörð um Grágás, en það þarf að setja á hana smiðshöggið. Held ég að ég geti komið því á hana seinast í þessum mánuði eða fyrst í næsta. Hún verður 3-4 arkir og vil ég koma henni í tímarit Bókmenntafélagsins. Fyrir hana fæ ég um 100 kr. Svo hefur prófessor Erlsev beðið mig að skrifa um Jón Ólafsson Indíafara og fæ ég fyrir það um 100 kr. Af þessu öllu ætla ég að lifa til haust og þó ég fái ekki þetta fé strax ímynda ég mér að einhver góður náungi láni mér fé þangað til upp á þetta. Ég hef komist að því, en það má eigi fara hátt að Ólafur Halldórsson er ætlaður í amtmannsembættið og þá bíður það aldrei lengi að ég, ef allt gengur að vonum, komist í íslenska ministeríið og þá er mér borgið. Lengra hugsa ég nú eigi út í framtíðina. --

Biður föður sinn ásamt Ólafi bróður sínum að útvega sér lögfræðibækur. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn 14.6. 1884.

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir brjefin frá þjer í vetur en nú er orðið langt síðan jeg skrifaði þjer og verð jeg að biðja þig að fyrirgefa mjer, hvað jeg hef látið það dragast lengi, en jeg tók það í mig, að skrifa engum nema pabba og Eiríki um fjárhaginn, meðan jeg væri að lesa undir próf, en nú er það búið, og fjekk jeg láð, og er það eigi til fyrirstöðu lengur. Jeg hef heldur eigi hugsað um það sem þú baðst mig um að kaupa, en nú er jeg búinn að panta þær bækur og ef jeg eigi get sent þær nú með skipinu ætla jeg að senda þær yfir England með Camoens svo að þær geti farið norður með skólapiltum NB ef þær eigi eru allt of þungar. Þú biður mig um titla á ýmsum merkum bókum dönskum, en heldur þú að titlarnir í skýrslum og reikningum Bókmenntafjelagsins sje eigi beztir. Jeg skal nú reyna að fá mjer þær og senda og svo getur þú sagt mjer, hvað þú vilt frekara.

Mikið segir þú mjer af Þorvaldi, en það er þó nokkuð náttúrlegt. Hann hefur nú fengið svo mikið lof bæði innanlands og utan að honum finnst, að hann eigi mikið undir sjer og hann hefur því tekið það ráðið að ganga í berhögg og "*trodse*",[1] og þú getur eigi neitað því að hann hefur sýnt töluverða rögg á sjer að því leyti, en frú Hjaltalín hefur orðið honum yfirsterkari, og staðizt betur en hann hefur búizt við, þegar hrokinn og skammirnar ganga eigi, þá hefur hann reynt lygina og lævísina en það hefur líka misheppnast, nú er um að gjöra, hvort hann sjái sjer meiri hag í því að öllu samanlögðu, að hafa beran fjandskap við Hjaltalín, koma sjer innundir hjá Arnljóti, bera Hjaltalín (og þig) út og skamma ykkur á bak og reyna að koma sjer í mjúkinn aptur og smáljúga og bakbíta. Jeg get eigi ímyndað mjer, hvað Þorvaldur gjörir, en jeg veit að hann er hættulegur hvort sem hann gjörir. Þjer er ómögulegt að ímynda þjer, hversu slíkir menn eiga hægt með að koma sjer í mjúkinn aptur, en jeg hef sjeð svo mörg dæmi til slíks, að ekkert þess háttar kemur flatt upp á mig. Jeg skal segja þjer t.a.m. að Hannes og Eiríkur Jónsson vísiprófastur óvinguðust mjög í hitt eð fyrra og óvináttan stóð lengi. Það var hætt að taka ofan, Soffía systir Hannesar og þær Tryggva stúlkur hættu að heilsa Petrúnu konu Eiríks o.s.frv. En allt í einu um jólin í vetur er allt komið í gott lag. Einar Hjörleifssson hafði beðið Petrúnu fyrirgefninga o.s.frv. og allt er í lukkunnar velstandi. Svo kemur svonefnt lúsamál fyrir sem þú líklega hefur heyrt getið um og Brynjólfur Kúld er rekinn af Garði. Þá byrjar óvináttan á ný, og það seinast sem jeg hef heyrt eptir Hannesi um þau Eirík og Petrún er grafskript.

Hjer liggja hjónin,
hæteran og dóninn.

Hvernig lízt þjer á? Jón Þorkelsson versti mannkynsfjandi, sem jeg hef þekkt, hann hefur opt það bragð að hann þykist hafa verið fullur. Það eru ótal brögð, sem slíkir menn hafa.

Mjer þykir vænt um að þú stendur eigi í neinum beinum fjandskap við Þorvald, því að þú ert eigi svo lævís að þú getir átt við hann. *Agesilás*, Spartverjakonungur sigraðir *Tissafernes* og "felldi hann jafnan á sjálfs hans bragði" segir Páll Melsted. En hvernig fór Tissafernes með hershöfðingjana grísku, er fóru austur með Cyrusi?

Nú er jeg þá búinn hjer, og er nú undir því komið að fá mjer einhverja atvinnu svo að jeg geti lesið og stúderað áfram. Jeg er helzt að hugsa um íslenzka ministeríið ef Ólafur skyldi fara heim, en þangað til vildi jeg óska að jeg hefði svo sem 200 kr. - þú mátt eigi skoða þetta sem bón til þín - svo að jeg geti eingöngu skrifað og stúderað, því að það langar mig mest til.

Heyrðu mjer. Mikið hefur þú verið duglegur í vetur að skrifa *geometríu.* Með því aflarðu þjer frægðar þó fjeð sje lítið í aðra hönd. Jeg þarf að tala við þig margt um það efni. Eitt af þeim mórölsku skylduverkum sem á þjer hvíla, er að skrifa um amerikanska skóla, jeg hef lesið margt um þá, svo margt, að jeg er viss um að þar er

[1] *Eins og nú er sagt: Harður nagli.*

nokkuð eptirbreytnisvert. Jeg hef sjeð bók um þá eptir Hjalmar Edgren sænskan mann prófessor við Yale háskólann í Ameríku og nú í seinasta heptinu af "*Vor Ungdom*" kom ágæt grein um einn skóla í Ameríku, jeg verð að segja það sjálfum mjer til hróss, að svo leiðis kennsluaðferð hef jeg opt fundið til að væri hin eina rjetta. Enn það liggur nú eigi í þessu, samt finnst mjer að þú ættir að hafa hugfast, að verða *pædagóg*, það er fjarskaleg vanþörf á slíkum manni, en jeg skal nú eigi segja um það; það getur verið betra að þú gefir þig meira að öðru. Þegar jeg sje *geomtríu* þína skal jeg skrifa þjer álit mitt á henni, jeg hef liðið svo mikið við vondar kennslubækur, vonda kennsluaðferð og vondar skólareglugjörðir, að jeg skal einhvern tíma segja álit mitt í þeim efnum, og jeg skal taka þá duglega fyrir, valdbjóðendur vora í þeim efnum. Jeg hjelt að Finnur mundi geta orðið góður pedagóg, en hann getur þó varla orðið meiri enn duglegur meðalmaður í þeim efnum. Fyrir honum liggur málfræðin og þar er hann karl í krapinu. Jeg fer þá að hætta, og skrifa þjer eitthvað meira seinna.

Heilsaðu blessuninni henni Susan konu þinni mjög, mjög, vel frá mjer. Það þótti mjer merkileg og góð tíðindi að Óli skyldi vera trúlofaður.[1]

Vertu blessaður og sæll. Hvernig er heilsan? --

P.S. Mig minnti endilega að jeg hefði sent þjer reikningsbók Madsens og litteratursögu Ströms, en svo fór jeg að tala við Sigga, og hjelt hann eigi, ennfremur fór jeg í bókaverzlunarmann minn og hafði jeg eigi fengið hjá honum bækurnar, svo að þú hefur sjálfsagt eigi fengið þær og er það næsta leiðinlegt ef þjer hefur komið það illa. Jeg sendi þær því nú með bókaskránni. --

Sigríður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. (Ódags.)

-- Ég gratulera þér af heilum hug að þú ert *láðisti*. Þá var til einhvers barist fyrir þig.

Hvað því viðvíkur sem þú varst að tala um að ég sé harla lærð og sé víst alltaf að læra; það er eins og þú vitir eigi að ég er hér hjá *(Eiríki)* bróður mínum meðgjafarlaust og er því skyldug að gera það sem með þarf; hér er ein stúlka og tvö börn og G(*uðrún*) mágkona heilsuveik; þegar ég fer í haust til pabba og mömmu, þá kemur hún ýmsum saumum fyrir.

Ég hef eigi loforð fyrir neinum embættum þó að ég væri sprenglærð. Ég ætla heldur eigi að stunda upp á það, kvenfólkinu er annað hentara en slíkt. Ég ætla að reyna að hjálpa mömmu hvort hún vill eða ekki í húsinu, fyrst ég verð heima hvort sem er; það væri munur ef að ég væri hjá vandalausum upp á meðgjöf, því að þótt ég mætti gefa mig að lærdómi heima, þá er ég að hugsa um að nær væri mér að hjálpa mömmu eitthvað með það sem gera þarf og þá læri ég eigi það hálfa. Þú skilur kannski þetta og kannski ekki.

Eggert bróður gengur mæta vel, hann var einn af þeim er fékk ágætt út.

Þú spyrð mig eftir fætinum. Ég er ágæt í honum og felli mig vel við þessar vefjar sem Schierbeck hefur útbúið hann með; samt verð ég að beygja mig meira af því að fóturinn er svo; og er reiðigjarnari yfir hlutskipti kvenfólksins, að þurfa alltaf að vera þræll en aldrei frjáls eins og þið eruð.

Þessa spurningu heyrir maður ótal sinnum, að minnsta kosti hér í Rvík: hvað ætlar hann að taka fyrir, í hvaða stöðu er hann þessi og þessi; en svo aftur um kvenfólkið, er hún trúlofuð. Það hefur jú sáralítið að taka fyrir í samanburði við ykkur, ef stúlkan er eigi rík þá gengur hún út annaðhvort sem þjónustumær eða þegar best lætur að kenna og fær svo 200 kr., en hvað er það *(á)* við það sem það gæti og ætti að vera. Margar reyna til þess að ná í einhvern líklegan embættismann, bara til að fá stöðu; mér finnst það líkt og þegar þið eruð að sækja um embættin, nema hvað hitt er svo lágt að ég skammast mín fyrir að ástandið skuli vera svo auðvirðilega napurt; vinnukonur eiga mikið betra, þær hafa þó jafnrétti við vinnumenn - og þó ekki samt.

Ég hef oft stælt við Eiríkbróður um jafnrétti kvenna, því hann er þó eigi svo gorgeirsfullur af yfirburðum karlmannanna og lærdómi að hann virði mann eigi svars í slíkum efnum, þótt eigi láti hann sannfærast og finnst staða kvenþjóðarinnar vera gullvægileg og þurfa engra umbreytinga með. Hann segir að ég *öfugskilji* Stuart Mill, mér finnst hann vera kvenfrelsismaður.

Að endingu spyr ég þig um Bredahl, mér er annt um að vita hvernig honum gengur lífið; hann er svo einstaklega skemmtilega flott í tali og látbragði, svo hélt Valgerður Finsen svo ákaflega af honum;[2] hún var sjálf ágæt og hélt eigi upp á aðra en þá sem voru það líka. Þú verður að gefa þér tíma fyrst þú ert orðin láðisti; ég hef eigi oft skrifað þér svo langt. Ég vil eigi tefja Sigga með neinu rugli, ég bið því að heilsa honum. --

Sigurður E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Khöfn. 29.6.1884.

-- Að fyrirlíta annað eins mál og það sem hér hefur komið fyrir í vetur væri heimskulegt. Það hefur djúpar

[1] *Ólafur E. Briem giftist Halldóru Pétursdóttur frá Álfgeirsvöllum í Valadal þar sem þau bjuggu til 1920. Var alþingismaður Skagfirðinga 1886-1920, en þá gaf hann ekki kost á sér lengur, fór til starfa sem skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og varð formaður Sambands ísl. samvinnufélaga til dauðadags, 1925.*

[2] *Bredahl faktor á Hofsósi giftist Valgerði Finsen eins og annars staðar kemur fram.*

rætur og ég er sannfærður um að það mun útgera mikinn bálk í sögu Íslands, bæði sjálft og afleiðingar þess. Nú þegar snúast öll blöðin heima um það bæði beinlínis og óbeinlínis. --

Eiríkur bróðir er svoleiðis á þingi, að hann segir, að þegar hann sé að tala, þá hafi hann ekkert vald á sér. Óbætanlegt tjón fyrir hann og aðra (landið). --

Jón Þorkelsson[1], sem aðeins hugsaði um prófið, er sjálfum sér og landinu til skaða og skammar, er svo hjárænulegur og einfeldningslegur, að þeir allra einföldustu skólapiltar geta eigi að sér gert, en veltast af hlátri að honum. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 30.6.1884.

-- Það er nú orðið nokkuð langt síðan þú hefur heyrt lát Valgerðar. Við fengum fréttina um það með seinasta póstskipi. Ég vildi óska að þú tækir þér þetta eigi nærri. --

Siggi fékk ágætlega í heimspekinni og verðskuldaði það fullkomlega því að hann var fróður í henni. Ég man eigi betur en ég hafi sagt þér allt um mína hagi með seinasta skipi. Ég var uppi hjá Oddgeiri og Hilmari Stephensenum og voru þeir þægilegir og gáfu mér von um ministeríið ef pláss losnaði. Goos bauð mér að koma út til sín ef mig langaði til þess og gerði ég það. --

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn 30.7.1884

Segir af hemsókn Guðbr. Vigfúss.[2] á Garð. Sagðist enga þekkja lengur. SEB nefndi mörg nöfn en hann fussaði við öllum. Aðeins átti hann að kunningja Sigurð Jónasson,[3] hina hataði hann.

Guðrún Jónsdóttir[4] skrifar Elínu E. Briem. Rvík, 30.7.1884.

-- Guðrún[5] mágkona þín er ógn ergileg yfir að þú skulir vera hjá honum[6] og segist ekki skilja í því. Þú mátt nú ekki verða vond þó ég segi þetta góða mín. Ég geri það bara af því mér leiðist ætíð að heyra, því styttra er ég held upp á. Þú getur trúað mér, það er ekki af öðru, náunginn segir það taktleysi af þér að vera hjá honum ógiftum, ung stúlka, en það hafa sjálfsagt verið einhverjar ástæður til þess að þú hefur orðið að gera það. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 31.7.1884.

-- Nú fer bráðum að styttast þangað til þú ferð suður til Reykjavíkur. Á morgun er það að þú átt að losast við embættið að fullu og öllu og óska jeg þjer og mömmu til allrar hamingju með það. Jeg hef í gegnum aðra fengið ný tíðindi úr Reykjavík. Frederikke kona Gunnlaugs hefur fættt son hinn 14. júlí er var alfríska og hún á góðum batavegi hinn 17. júlí.[7] Þetta er mjög gleðilegt að heyra. Ennfremur hef jeg heyrt að þú værir í þann veginn að kaupa hús sjera Helga[8] og er það á mjög þægilegum stað í bænum og verður þú mitt á milli Gunnlaugs og Eiríks, eða því nær.

Jeg fyrir mitt leyti hef það gott og Siggi sömuleiðis. Hann er farinn að lesa hjá mjer og nokkrir aðrir og býst jeg við að hafa nokkuð upp úr því. Annars hef jeg eigi fengið fasta atvinnu, en í næsta mánuði fer jeg að hugsa til þess af alvöru. Jeg hef verið að hugsa um að sækja um styrk til þess að studera íslensk lög og hef jeg skrifað Eiríki um það fyrir alllöngu og þó að jeg hafi skrifað síðan, þá er jeg eigi búinn að fá svar frá honum.

Jeg hef verið hjá Levison til þess að tala við hann um mál Jóns á Svaðastöðum og held jeg að hann muni taka það að sjer. Annars verður hann nú að fá málsaktana bráðum. Jeg hef ekkert annað en málsaktana í hjeraði á íslensku og verð jeg því nauðsynlega að fá þá á dönsku.

Hjeðan er að öðru leyti lítið að frjetta. Víðast hvar er friður; menn tala mest um kóleruna sem geisar á Suður-Frakklandi en er nú heldur minnkandi.

Heilsaðu mömmu ástsamlega, ennfremur Ólafi og öðrum systkinum mínum. Ólafur hefur eigi boðið okkur Sigga í veizluna sína, hann hefur líklega haldið að það væri eigi til mikils. Óskaðu honum frá mjer til hamingju (1859-1924)fyrir minni okkar í veizlunni. Líði þjer jafnan sem best fær óskað --

---

[1] *Jón Þorkelsson (1859-1924), síðast þjóðskjalavörður, eins og síðar kemur fram.*

[2] *Guðbrandur Vigfússon (1827-1889) málfræðingur og styrkþegi Árnasafns lengi.*

[3] *Gæti verið Sigurður Jónasson (1863-1887) frá Eyjólfsstöðum í Vatnsdal, sá er þýddi Kúgun kvenna eftir Mill.*

[4] *Ekki gott að ráða í hver þessi Guðrún Jónsdóttir er.*

[5] *Gæti verið Guðrún Gísladóttir kona séra Eiríks E. Briem. Hún átti það til að koma illu af stað, eins og víðar kemur fram. Gæti líka verið Guðrún Jónsdóttir síðar kona Eggerts Eggertssonar Briem sem var um skeið kvennaskólastjóri.*

[6] *Valgard Claessen, mági Elínar.*

[7] *Ólafur Jóhann Gunnlaugsson Briem (1884-1944) frkvstj. í Rvík er átti frænku sína Anna Valgerda Claessen (1889-1966).*

[8] *Helgi Hálfdanarson (1826-1894) prestaskólakennari og sálmaskáld, faðir Álfheiðar seinni konu Páls. Húsið stendur enn við Skólabrú gegnt Menntaskólanum.*

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 31.7.1884.

Elskulegi bróðir minn!

Jeg þakka þjer kærlega fyrir tilskrifið seinast. Jeg keypti bankaávísun í Privatbanken og kostaði 40 doll. ávísunin 152 kr. uppá banka í Chicago. -- Jeg heyri ekkert um kennslubók þína í mælingarlistinni. Eiríkur skrifar ekkert um hana, enda eru fáir menn jafn miklir slóðar með að skrifa sem hann.

Það seinasta sem jeg hef heyrt um Þorvald er, að hann ætli að láta sjer farast mikið vel við barnsmóður sína; hann ætlar eitthvað að koma henni til Skotlands og hjálpa henni þar, en ætlar ekki að eiga hana! Anna Stephensen ætlar að taka barnið hans að sjer - ef þú heyrir það eigi frá öðrum þá farðu hljótt með það - og hef jeg í gegnum Boga Thorarensen heyrt söguna allt öðru vísi, en þú segir, en jeg sagði Boga svona hjerumbil hvernig hún væri í raun og veru og hvern mann Þorvaldur hefði að geyma, og fjellst hann fullkomlega á það.

Jeg hef aldrei viljað skrifa þjer um Ólaf Davíðsson frá Reistará, en get sagt þjer það nú að hann er hjer talinn með hinum fölskustu Íslendingum. Það sem hann sagði þjer um lesturinn sinn var hið mesta yfirdrep, því að hann lítur valla í þær bækur sem hann á að stúdera. Hann drekkur töluvert og gefur sig minna við Hannesarflokknum, en lesturinn gengur mest út á að vera svona að snuðra í einu og öðru. Eptir að þú varst farinn heim orti hann með Jóni Þorkelssyni háðs- og níðrímur um þig og Boga, og gjörði sjerlega mikið háð að bótanserkassanum[1] sem þú gafst honum. Þú skalt samt eigi segja þetta um hann að Reystará, því að það hefur enga þýðingu. Ólafur hefur í seinni tíð verið næsta ljúfur gagnvart mjer, og hef jeg verið að studera hann, og þetta er svo rjettur dómur að orðið getur.

Þú og ýmsir fleiri að heiman hafa verið að kvarta um óeirðirnar hjer í vetur. Jeg hef nú eigi átt mikið við þær; jeg hef helzt reynt til að sætta - þó að Tryggvi skrifaði Gunnlaugi í vetur að jeg gengi frekar fram í að óvirða sig - ekki af því að sættir sjeu mögulegar, heldur af því að mjer líkaði mjög illa formið á óeirðunum. Jeg er nú á óðakappi, að reyna að búa undir sættir næsta haust þegar Tryggvi kemur að heiman, og er jeg farinn að fá von um að það takist. Samt sem áður verða sættir aldrei nema ofan á, því að jeg og hinir betri menn ganga aldrei með manni eins og Hannes Hafstein. Jeg skal nú að eins segja þjer eitt dæmi um Hannes. Þegar pabbi var gjörður riddari orti hann níðkvæði um hann og sendi það til fjelags í latínuskólanum og þar er það geymt með öðrum próduktum. Í kvæðinu stendur eptir að búið er það mesta, að það eina sem hann geti átt lof skilið fyrir er hann hafi búið til mörg börn, ef það annars sjer hrósvert.

Þetta var áður en jeg hafði sýnt honum nokkurn kala. Og hugsa sjer svo hvernig var dekrað við Hannes þegar hann var að læra undir skóla, móðir hans og svo margt og margt. Á maður nú ávallt að beygja sig fyrir slíkum piltum. Þegar jeg kom hingað í haust var mjer fært af þeim eitt kvæðið og hjelt þessu áfram, þangað til vorir menn fóru að yrkja á móti, þá var hægt að fá þá til að þagna. Þetta var nú einungis hið persónulega; jeg ætla eigi að minnast neitt á hið almenna. Finnst þjer þá að maður eigi að leggja sig niður eins og seppi og láta þessa pilta sparka í sig. Að taka þá með góðu er engum mennskum manni fært og þá verður að taka þá í hnakkadrambið.

Jeg hef fengið mjög margar upplýsingar um Tryggva, en jeg skal einhvern tíma segja þjer seinna dóminn um hann. Mennirnir eru eigi eins góðir eins og þeir ættu að vera. Eyðilegging yfir þá illu, en heiður þeim góðu. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 29.8.1884.

-- Þakkar bréf og peninga. --

Ég býst nú við að geta farið að vinna fyrir mér bráðum; að ég er eigi farinn til þess áður kemur af ýmsum orsökum. Mig langar til þess að stúdera íslensk lög. Ef ég fer á málflutningsmannskontór þá hef ég engan tíma til þess og get sérstaklega eigi farið á biblíótekin. Þess vegna vil ég komast á íslenska kontórinn. Eldri assistentinn þar, danskur maður, sem heitir Dybdal, er ávallt að sækja um eitt og annað og hlýtur að fá eitthvað í vetur; en þangað til vildi ég fá styrk af landsjóði, nokkur hundruð krónur eftir atvikum. Ég skrifaði Eiríki um þetta, löngu fyrir examen, að ég bæði hann að segja álit sitt og hvort ég mundi eigi geta fengið styrkinn ef ég fengi láð. En hann skrifaði mér aftur að það væri nógur tím til að hugsa um þetta þegar ég væri búinn. Ég skrifaði honum þá aftur. En svo hafa farið sex skip frá Reykjavík að ég hef eigi fengið nokkurt svar. Eftir því hef ég verið að bíða í allt sumar þangað til nú. Þá fæ ég loksins svarið að það muni varla til neins að sækja því féð sé svo lítið fyrir hendi, en mér sé best að sækja um styrk til að gefa út *formularbók*. Til þess þarf maður að þekkja lögin vel og vera inni í því praktíska réttarlífi á Íslandi. Það á langt í land fyrir mér ennþá; nú er *periculum in mora*.[2] Ég held varla að ég fari nú að nýju að bíða eftir svari í hálft eða heilt misseri. Nú er þetta plan eyðilagt fyrir mér. Ef ég hefði fengið svarið fyrr frá Eiríki hefði ég getað skrifað öðrum; nú er það ómögulegt. Ég er því farinn að hugsa til að fara á málflutningsmannskontór. Ég hafði von um einn þessa

[1] *Grasatína.*

[2] *Varasamt að bíða.*

dagana, en nú hefur það mislukkast. *En ef ekki er undir einum skjól, annan stein má finna.* Ég hef nokkra mandúktion og held að ég geti haft upp úr því um 50 kr. á mánuði.

Ég á Eiríki marg gott upp að unna, en ég er þó mjög leiður við hann út af þessu; en til þess að segja skoðun mína í hógværum orðum þá ætla ég eigi fyrst um sinn að verða honum reiður út af líkum ástæðum.

-- Ræðir mál Ólafs bróður síns er var aðstoðarmaður föður síns en sem um þessar mundir er á leið suður. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 18.9.1884.

-- Þú mátt eigi misvirða við mig þó að jeg skrifi þjer eigi langt. Jeg hef verið hjá Oddgeiri og tók hann mjög dauflega í umsókn þína, enda herti jeg eigi mjög á honum, því að jeg vissi að það er eigi til neins. - Jón Sveinsson sækir, og halda margir að hann muni fá embættið. Ef hann fær það eigi eru að eins þeir Geir Zoëga og Helgesen um bitann, og Helgesen einungis af því hversu hann hefur fengið svívirðilega góða meðmælingu hjá Bergi landshöfðingja.

Hefur þú hugsað nokkuð fyrir framtíðinni með kennaraembætti syðra?

Nú kemur Þorvaldur Thoroddsen bráðum hingað. Mikið er um hann lofið bæði heima og í blöðum hjer; hvar sem maður kemur, þá er talað um þennan unga vísindamann. Grein hans um Ódáðahraun stóð fremst á blaði í Dagblaðinu. Þorvaldi er ávallt hælt mikið í brjefum heiman að, sem standa hjer í blöðunum. Það er líka ómögulegt að neita því, að hann er mjög duglegur, og ef það er ljett að gjöra eins og hann, því hefur þá enginn annar gjört hið sama? Það er auðvitað að Þorvaldur er vondur maður, en eptir því sem jeg þekki til er hann eigi mikið verri en í meðallagi, og eptir því sem mjer finnst, eru margir miklu verri en hann, á meðal lærðra manna. Það getur reyndar verið, að hann sje duglegri en flest önnur illmenni. --

Heldur þú að *peysan*[1] hann Bergur Thorberg veiti þjer fjeð til að koma geómetriunni þinni út? --

Susie Briem til Halldóri E. Briem. Akureyri. 10.10.1884.

Borgaði séra Matthíasi skuld. Börnin eru öll heima. Eru búin að fá telpuna sem er 4ra ára frá bróður M. á Ísaf. Er uppáhald þeirra. Erfitt að fá kjöt og slátur. Spyr frétta.

Susie Briem til Halldóri E. Briem. Akureyri. 19.10.1884.

Segist í versta skapi vegna vandræða með að koma sér fyrir í íbúðinni. Bætir ekki úr að Halldór tók húslykilinn með sér. Segir frá sambandi sínu við frú Havsteen og frú Stephensen. Búin að sjóða niður nóg kjöt eftir að hafa gert góð kaup á lambsskrokki.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri Briem. Rvík. 20.10. 1884.

Segir frá ferðinni suður. Talaði ekki við Þorvald Thoroddsen á skipinu.

-- en það sem eg heyrði á tal hans, þótti mér það fróðlegt, svo mér þykir gott, að þú létzt eigi prenta greinina, en eigi er hann fallegur á svipinn.

Þegar hingað kom sóttu þeir Eiríkur og Gunnlaugur okkur -- í skipið, og svo borðuðum við dagmálaverð hjá G. Fórum svo til E. og vorum þar 2 nætur, fluttum síðan hingað í húsið, og fellur hér vel. Okkur vantar ekkert nema peninga (því búið var allt í skuld frá því fyrsta, og eg hafði aldrei lag á að komast úr þeim). Gunnlaugur eftirlét okkur allt heyið, og keypti fyrir okkur kú, sem á að bera 6 vikur af vetri, svo það er lítið í henni. Við erum 6 í húsinu, við sofum niðri og Sigga og Guðrún, en drengirnir sofa uppá lopti. ---

Vilhjálmur stóðst inntökupróf.

Valgard Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Sauðárkróki. 7.11.1884.

Kære Svoger!

Ræðir að einhverjir Englendingar hafi blekkt Gunnlaug E.Briem, slæmt að hann hafi ekki samb. v. traustara fólk. Segir frá menntun barnanna og heimilinu.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 8.11.1884.

Eggert faðir Páls er kominn suður og óskar honum til hamingju með bústaðinn. Kristjana Gunnarsdóttir (Havsteen?) frænka hans sagði Páli frá því hvernig þau hjón byggju; vonar að þau komist efnahagslega af.

-- Biður hann um hjálp við að styrkja stöðu og styrkumsókn Hermanns Jónssonar á Hólum. Sendir föður sínum ýmsar ævisögur Páls Arnesen móðurbróður Eggerts, og biður um athugasemdir við þær. Gaman væri, ef ævisaga hans kæmi út, að hafa athugasemdir föður síns við þær.[2] --

[1] *Rola, skræfa durgur.*

[2] Páll Arnesen orðabókarhöfundur, eins og hann var nefndur, ömmubróðir Páls, faðir Benedikte Arnesen-Kall, sem fyrr var nefnd.

-- Okkur Sigga líður mikið vel; við erum nú komnir báðir í stjórn Íslendingafélagsins þar sem Tryggvi er eigi; ég er formaður og sérð þú af því að við erum eigi taldir með þeim lökustu hér í Höfn. Tryggvi hefur stefnt okkar félagi og getum við því sannarlega eigi gert við því, þó að málið sé komið upp. Annars fór ég í Tryggva og bauð honum bestu kosti til samkomulags; og ef hann hefði neitað þeim, þá hefði hann eigi kunnað að sjá sóma sinn, og það gerði hann eigi heldur. Ég var hjá honum í 4-5 klukkutíma og þegar við skildum lofaði hann að gera allt sitt til að samkomulag kæmist á; en hann vill eigi hlýða mínum ráðum, hvernig ætti að því að fara; og svo fór hann í Hannes og hvernig fór; sá sem snerist var Tryggvi. Hannes hótaði að skilja sig alveg frá ef samkomulag kæmist á, og þá guggnaði Tryggvi. Mér finnst því að eftir þennan tíma hvíli ábyrgðin á hinum fyrir það sem skeður.

Mig hefur langað mjög mikið til þess að skýra frá sögu þessa máls frá rótum, en ég hef enn eigi fundið neinn heima sem kærir sig um að rita um hana. Ef þú villt skal ég einhvern tíma í vetur rita þér hana.

Finnur Jónsson dispúteraði[1] í fyrradag og fékk mikið lof. --

Páll E. Briem skrifar Halldói E. Briem. Khöfn. 8.11.1884.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir tilskrifin. Nú verður Þorvaldur eigi á Möðruvöllum og verða piltar víst betri við þig en áður, því að jeg er viss um að þú munir komast vel út af því við Gröndal. Mjer þykir Jón Hjaltalín svara grein Benedikts Þórarinssonar vel. En getur þú eigi fengið neina af piltum til þess að skrifa um kennslu þína og hæla þjer, það gjörir töluvert góð áhrif, og væri sannarlega gott.

Þorvaldur er hjer eins og lamb og mikill vísindamaður; hann er ósærandi, nema að því leyti að sem Hjaltalín nefnir hann. Þorvaldur er einn af þeim mönnum, sem menn, er lítið þekkja til hans, hafa í hávegum, en því betur sem menn þekkja hann, þess minna halda menn af honum. En eitt þarf jeg að segja þjer; jeg hef heyrt sumt úr brjefum mínum til þín, jeg held að þú passir brjef eigi vel, og vil jeg biðja þig að gjöra það rækilega.

Jeg hef boðið Tryggva góða kosti og viljað leita samkomulags, Tryggvi gekk að þeim, en Hannes setti sig á móti og þá gugnaði Tryggvi. Jeg vonast því eptir að eigi verði *(mér, bréfritara)* framar kennt um að deilurnar halda áfram. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 20.11.1884.

-- Margir fóru í afmæli frú Havsteen, en hún ekki vegna lasleika. Fékk slæma ull frá Bægisá. Segir frá málarekstri Svörtu-Möllu við séra Matthías.

Susie Briem til Halldóri E. Briem. Akureyri. 24.12.1884.

My dearest Halldor!

Ráðagerðir vegna komu Halldórs um jólin. Segir af rimmu Havsteen og Laxdals, með Oddi og Stephenson blönduðum í málið. Ræðir grein eftir Pál Jónsson í Norðurljósinu.--

Halldór E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Möðruvöllum. 2.12.1884.

-- Ég held pabbi og mamma kunni fremur vel við sig fyrir sunnan, leiðinlegt er hvernig alltaf gengur með þá blessuðu ensku verslun; ég skil varla að Gunnlaugur geti haldið áfram við hana, nema þeir Veidner & Co. taki sér talsvert fram í áreiðanleika í viðskiptum og loforðum. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 11.12.1884.

> *Séra Matthías hélt fyrirlestur í gær sem olli vonbrigðum því hann las bara upp fyrirlestur eftir Channing sem hún þekkti fyrir. Biður Halldór um að kaupa rjúpur, og koma með til jólanna.*

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Akureyri. 18.12.1884.

> *Bakaði sex* christmas cakes *og ætlar að gefa fátækum. Eina fyrir Guðmund, sem býr uppi á lofti. Börnin hans verða glöð. Segir frá heimsóknum vinkvenna. Veit ekki hvernig hún gæti látið tímann líða með konu Matthíasar. Fékk 8 rjúpur sem kostuðu 12 1/2 eyri.*

[1] *Varði doktorsritgerð sína.*

1885

Eggert G. Briem skrifar Haldóri Briem. Rvík. 6.1.1885

Sendir laun og segist ekki hafa tekist að fá styrk landfógeta, ráð væri að senda handrit til skoðunar. Segir frá kosningu þar sem Jón Ólafsson var óvænt kjörinn í bæjarstj. Hér sækjast menn eptir slíku. Segir af meiðyrðamálum og kviðlingi í Ísaf.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri Briem. Rvík. 7.1.1885.

-- Spyr um Pál Eyjólfsson Geysistjóra í Ameríku sem slúðrar um HB og Jón Ólafsson. Veit ekki hver verða úrslit fjárkaupamálsins milli hans og Englendinga en býst ekki að verða lengur fyrir þeirra hönd. Á erfitt með að vera í annara þjónustu v. þingsetunnar. Veit ekki hvað tekur við og þingseta hans hefur sín áhrif. Pabbi hans og mamma kunna allvel við sig í Rvík Fram kemur að þau Frederikke hafa eignast barn (Ólafur Briem er þá um sjö mán.).

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 14.1. 1885.

--Það er leiðinlegt að jeg get eigi sent þjer nema aðra bókina, sem þú baðst um; bóksalinn sem jeg bað um að panta hana brást, enda gáði jeg eigi að panta hana fyrr en kannske nokkuð um of seinan. Jeg hef engan tíma. -- Okkur Sigga líður vel. --

Páll E. Briem til Eggerts G. Briem. Khöfn. 15.1.1885.

-- Jeg þakka þjer ógn vel fyrir brjef sem þú skrifaðir mjer með síðustu ferð. Jeg fór til Popps og þegar hann fjekk hótunina um lögtakið setti hann dreyrrauðan og sagði að ef hann hefði vitað að ávísunin hefði verið upp í toll - svona sneri hann sjer - þá hefði verið sjálfsagt að borga, og svo borgaði hann orðalaust; og borgaði jeg þessar 460 kr. (371,40 + 88,60) 31. desember f.á. í ministeríinu og fjekk kvittun. Ávísanir framvegis í vetur, sagði Popp, væri til einskis að senda sjer, og kvað hann þess enga þörf að skrifa slíkt því að hann hefði bannað faktorum sínum að gefa út ávísanir á sig. Og er nú enginn kostur annar en heimta borgun hjá Claessen og Halldóri Gunnlaugssyni.

Jeg hef spurt um Thor. Tulinius, en það hafði eigi mikið að þýða því að hann er á Íslandi í vetur, en ef hann skyldi koma hingað skal jeg fara til hans.

Elsku faðir minn! Þakka þjer mjög vel fyrir hvernig þú hefur tekið í mál Hermanns Jónssonar og meðmælinguna sem þú hefur gefið honum. Jeg veit um Hermann að hann er vel gáfaður, og svo er hann betri drengur og praktiskari en flestir sem jeg hef þekkt. Jeg er viss um að úr honum verður maður, en það er leiðinlegt að hann getur eigi komizt svo áfram sem æskilegt er. Hann langar mjög til þess að geta orðið Landbrugskandidat hjer frá Landbúnaðarháskólanum og treystir sjer til þess að taka próf eptir liðugt ár frá því hann byrjar, helst í ágúst í sumar, en til þess þarf hann 1000 kr. og þær þyrfti að fá af landsjóði. Sveinn var að studera í 6 ár og fjekk um 800 kr. á ári allt í allt og tók þó eigi próf. Mjer þykir leiðinlegt að Eiríkur er sá þverhöfði að það er eigi til neins að skrifa honum um þetta, en gætir þú eigi talað við hann, hvort það væri óhugsandi að sækja til þingsins um styrk. Búfræðingar aðrir hafa fengið um 600 kr. fyrir lítil afreksverk.

Nú er jeg og Siggi komnir úr stjórn Íslendingafjelagsins, svo eigi var það svo háskalegur tími sem við vorum þar. Það er mikið satt að jeg tafði mig þegar jeg var að lesa hjer, en góði pabbi minn, mjer er ómögulegt að yðrast eftir það, því að jeg veit að jeg muni búa að því allt mitt líf, hvað jeg þó hef stúderað margt hjer og fengið margar "*aandelige interesseser*",[1] sem jeg annars eigi hefði fengið, ef jeg hefði grafið mig eins og moldvarpa ofan í lögin. Jóhannes Ólafsson og Skúli Thoroddsen lásu ekkert annað en lögin, og þeir eru nú nokkru framar mjer, en hver af oss heldurðu þó nú hafi betri grundvöll til að byggja á í lífinu, jeg eða þeir. - En hitt er satt að það er eigi lengi verjandi kröptum sínum til þess að vinna fyrir fjelag, sem er eingöngu skemmtifjelag, og þó - hefur Siggi orðið eigi lítið ófeimnari - einn mikill ókostur við okkur öll yngri systkinin - og mannblendnari eptir en áður, og orðið vinsæll og vel metinn fyrir sína frammistöðu. En nú er hann hættur og því er eigi meira um það að tala.

Ógn þætti mjer vænt, ef þú gerðir nokkrar athugasemdir við æfi Páls Arnesens, bæði þar sem er eigi rjett hjá Benediktu eða í vantar hjá henni. - Heilsaðu Guðrúnu með þakklæti fyrir sendinguna. Þakkaðu mömmu líka mjög vel fyrir sendinguna og verð jeg að segja að gott þykir mjer íslenzka kjötið. Heilsaðu mömmu ógn vel og systkinum mínum. --

[1] *Andleg áhugamál.*

Páll E. Briem skrifar Gunnlaugi E. Briem. Khöfn. 15.1.1885.

-- Nú hef jeg mikið leyndarmál að segja þjer; og svo ætla jeg að biðja þig að gjöra það fyrir mig sem jeg treysti þjer bezt til allra manna. Jeg hef fengið ást á stúlku sem jeg hef lært að þekkja hjer í vetur; hún heitir Kristín og er dóttir Guðmundar Guðmundssonar bónda á Auðnum á Vatnsleysuströnd; jeg hef beðið hennar alveg nýlega og hefur hún skotið til föður síns, því að svo hafði hún lofað honum, áður en hún fór að heiman í sumar.

Jeg ímynda mjer að faðir hennar muni gefa samþykki sitt, en það er þó minnsta kosti vel hugsanlegt að svo verði eigi, en slík hugsun er mjer óbærileg; hann þekkir mig heldur eigi og því getur verið að hann dragi að samþykkja að jeg megi eiga dóttur hans.

Góði Gunnlaugur minn! Far því suður að Auðnum til þess að tala við Guðmund, föður Kristínar, (hún hefur sent honum brjef mitt) og fá samþykki hans. Í gamla daga riðu bræður ávallt með bræðrum til kvonbæna, ger nú líkt í þessu tilfelli, þar sem um framtíð mína og farsæld er að ræða. Þú hefur sjálfur verið ástfanginn og veizt því hversu þjer hefur þótt miklu skipta að fá gott svar, og því máttu trúa, að mjer er þetta eigi minna umhugað. Kristín er sú besta stúlka sem jeg hef þekkt - jeg segi þetta eigi af því að jeg elski hana, heldur af því að jeg veit það - og svo ann jeg henni mjög mikið.

Jeg veit eigi hvað jeg tek fyrir, en vel þykir mjer líklegt að jeg sæki um Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem vafalaust verður laus í sumar, því að Magnús Stephensen verður amtmaður, en Kristján Jónsson yfirdómari, eftir því sem jeg hef heyrt í mínisteríinu íslenska. Annars hefur Professor Goos eggjað mig að reyna að dispútera í lögum og verða hjer svo Docent við háskólann í íslenskum lögum og hafa þar að auki stöðu í íslenska mínisteríinu; en jeg veit eigi hvort jeg get látið verða af því að dispútera, því að jeg hef margar frátafir og marga örðugleika við að stríða. En það væri nú líka gaman að vera sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu og búa í Hafnarfirði, rjett hjá pabba og mömmu og mörgum systkinum, og vera giptur elskulegu Kristínu, sem líka hefur foreldra sína nálægt sjer.

Góði Gunnlaugur minn! Jeg hef leitað til þín fyrri og þú hefur reynst mjer vel; og reynstu mjer nú líka vel að sinni og fá nú gott svar; þegar þú svo kemur að sunnan, þá skaltu segja pabba og mömmu frá, og jeg er viss um að þau munu gleðjast mikið fyrir mína hönd og fyrir sitt leyti; en svo máttu eigi segja fleirum (að undanskildri konu þinni) og Eiríki fyrir engan mun. Jeg vonast svo eptir brjefi frá þjer yfir England með góðu svari og einlægum heillaóskum.

Góði bróðir! jeg vona að þetta gangi allt að óskum, jeg hrindi frá mjer öllum hugsunum um hið mótsetta, og vonast til að þú eigir nokkra hlutdeild í því að eigi fari svo, að þær hugsanir þurfi að ríkja hjá mjer.

-- Jeg bið þig enn einu sinni að láta eigi för þína farast fyrir og að gera allt þitt til að fá samþykki Guðmundar á Auðnum; hjer er um framtíð mína, hamingju og farsæld að ræða og hvort jeg á að eignast stúlku sem jeg elska og sem jeg elska mjög mikið. --

Valgard Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Sauðárkróki. 12.2.1885.

Kære Svoger!

Ólafur bróður HB hefur tekið Frostastaði á leigu; vildi kaupa; fékk ekki. Anna Blöndal tekið tilboði um að stjórna heimilinu. Flytur hingað með son og dóttur.--

Páll E. Briem skrifar Gunnlaugi E. Briem. Khöfn. 28.2.1885.

-- Þú getur eigi trúað því hvað jeg er þjer þakklátur núna, elsku Gunnlaugur minn! Jeg fjekk brjefið frá þjer yfir England, og því máttu trúa að mjer þótti vænt um það, því að þá vissi jeg að ekkert var það sem meinaði okkur Kristínu að unnast. Kristín er svo elskuleg og inndæl stúlka og jeg er svo hugglaður yfir því að við höfum kynnst og erum nú trúlofuð. Þegar þú lærir hana að þekkja, þá munt þú einhvern tíma segja að jeg hafi fulla ástæðu til að vera lukkulegur. Og það er jeg líka. Jeg furða mig svo á því að vera nú að byrja nýja tilveru, nýja sælutilveru. Eiríkur myndi nú ef til vill segja að þetta væri rómantískt ástalíf, en það er það alls eigi. Jeg ímynda mjer unnustuna mína alls eigi sem engil eða yfirnáttúrlega veru, en segi það einungis án þess að jeg vilji fornerma þig, að hún er sú bezta stúlka sem jeg sjeð.

Góði bróðir! Jeg þakka þjer og konu þinni innilega fyrir heillaóskir ykkar. Jeg er svo glaður yfir því, að aðrir samfagni mjer. Og jeg þakka þjer innilega fyrir að þú fórst suður að Auðnum, því að þó að tengdaforeldrar mínir tilvonandi, sem jeg nú má kalla, væru búnir að veita samþykki sitt áður en þú komst, þá hafa þau orðið rólegri við það, að þú sagðir þeim eitthvað um mig og eins og við var að búast af bróður dróst eigi fram það vesta við mig. Jeg þakka þjer fyrir þetta, góði Gunnlaugur minn, og fyrir svo margt og margt sem jeg get aldrei endurgoldið þjer og við systkinin fáum aldrei fulllaunað þjer, en jeg vil þá óska að þú eigir enn langa og gæfuríka framtíð fyrir höndum. Það var alveg rjett af þjer að segja pabba og mömmu frá, áður en þú fórst suður að Auðnum; jeg veit að það hefur glatt þau, sem taka svo innilega hluttekningu í framtíð okkar allra barnanna. Jeg veit að þau taka með trúarinnar augum þegar jeg segi þeim hversu þau eigi nú elskulega tilvonandi

tengdadóttur og þau verða glöð yfir mínu hlutskipti, en til þess hlakka jeg, þegar þeim verður sjónin sögu ríkari; mjer þætti gaman að vera viðstaddur þegar unnusta mín fer að sýna mömmu sínar hannyrðir. Kona vors frumgetna bróður var hrokafull við Súsönnu mágkonu okkar, en þá held jeg að unnusta mín mætti vera hrokafull við Guðrúnu og spyrja hana: "*En hvað kannt þú nú*?" En sleppum þessu, jeg vil eigi vera að fara í neinn mannjöfnuð. Guðrún er góð kona upp á sinn máta; en hún verður einungis að passa uppá munninn.

Unnusta mín sendir þjer mynd af sjer og biður mig að heilsa þjer kærlega, Við ætlum að opinbera trúlofun okkar hinn 14. marz, þá er afmælisdagur unnustu minnar. Jeg vona að brjefin verði þá komin heim og að þið heima minnist okkar. Svo verður þetta bert fyrir alþýðu þegar skipið kemur aptur til Reykjavíkur í lok aprílmánaðar.

Björn Jónsson hefur líklega sagt þjer að þegar skipið fór seinast var jeg búinn að fá atvinnu hjá málafærslumanni hjer. Jeg kann þar vel við mig og læri þar margt. Borgunin er reyndar lítil fyrst í stað, en jeg vona að jeg muni fá meira með tímanum. Annars verður þetta líklega eigi svo lengi ef jeg skyldi geta komið í sumar með embætti upp til Íslands. Unnusta mín hefur hingað til menntað sig til munns og handa, en nú ætlar hún undir eins og skipið er farið að ganga á matreiðsluskóla. Við spjöllum margt um framtíð okkar, og vonumst eptir að geta einhvern staðar í víðri veröld haft eitt þak yfir okkur næsta haust. Heldur þú ekki að við verðum "lukkuleg"? Jú það verð jeg og jeg vona að hún verði það líka.

Jeg legg brjef til Halldórs innan í til þín og sjer þú af því hvað Halldór þarf að gjöra. Góði Gunnlaugur minn, reyndu nú til að hjálpa Halldóri. Skrifaðu mjer hvað reikningsbókum Halldórs líður. Heldur þú að þú munir eigi geta samið við Kristján Þorgrímsson. En talaðu um þetta við pabba og reyndu að koma Eiríki í málið, hann getur þó alltafa eitthvað ráðlagt.

Það væri nógu gaman ef að við bræðurnir getum safnast í Reykjavík, jeg held þá mætti fara að tala um Briemaklikku, en jeg vil þá óska að hún komi betur fram en hinar núverandi familíuklikkur í Reykjavík. Svo ætti Ella að verða forstöðukona kvennaskólans og Siggi að verða bankastjóri, jeg yfirdómari og Eiríkur forstöðumaður prestaskólans. En ef þetta allt verður, þá ættum við að heitstrengja að gjöra eitthvað meira til gagns en að halda átveizlur.

Sýndu pabba brjefið til Halldórs, því jeg veit eigi hvort jeg hef mikinn tíma til að skrifa honum. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 28.2.1885.

-- Nú hef jeg að segja þjer tíðindi. Jeg er heimulega trúlofaður. Jeg sendi þjer mynd af unnustu minni. Hún heitir Kristín og er dóttir Guðmundar Guðmundssonar bónda á Auðnum á Vatnsleysuströnd. Hún hefur verið í kvennaskólanum í Reykjavík í 2 ár, í Englandi í sumar og hjer í vetur að mennta sig og er 20 ára. Meiri upplýsingar færðu eigi, nema að jeg er sá lukkulegasti maður í heiminum, og gæti jeg verið að skrifa þjer um það í allan dag, en þú hefur sjálfur verið trúlofaður og getur því ímyndað þjer, hversu jeg er lukkulegur.

Mjög finnst mjer þú vera harðdóma um Þorvald Thoroddsen. Jeg held að enginn maður þekki hann betur en jeg, því jeg hef verið með honum í skóla og hjer í Höfn og hef ávallt reynt, að þekkja hann eins vel sem hægt er, og verð jeg auðvitað að játa að hann er með verri mönnum, en það eru sumir sem eru meiri ódrengir en hann, og svo er hitt, að Þorvaldur hefur marga og mikla kosti, hann hefur marga hæfileika til sálar og líkama, ritar lipurt mál, semur margar ritgjörðir almenningi til uppfræðingar og er mjög duglegur í ferðum. Það eru margir sem líta á þetta eingöngu og hefja Þorvald til skýjanna, þú lítur mest á ókosti hans, en það dugir eigi heldur. Þorvaldur hefur í vetur verið að gjöra tilraunir til þess að rægja þig við Oddgeir Stephensen. Þegar jeg heyrði það, og eins þá er jeg sá, hversu kaupamenn hans fóru svívirðilega með þig í blöðunum, var jeg að hugsa um að fara til Þorvalds, og segja honum að í annað eða þriðja skipti sem hann gjörði tilraunir til þess að rógbera þig, þá skyldi hann eiga mjer að mæta; jeg þekki of vel hundnáttúruna í Þorvaldi til þess að hann myndi eigi hægja á sjer við þetta, en hins vegar þótti mjer þetta nokkuð ísjárvert fyrir mig sjálfan og svo hjelt jeg að önnur ráð gætu dugað. Ólafur Halldórsson, assistent í íslenzka ministeríinu, er góður vinur minn, og vega orð hans hjá Oddgeir svo mikið, að þig hefur enn eigi sakað rógburður Þorvalds hjá Oddgeiri.

Halldór minn! mjer þykir það leiðinlegt að jeg hef eigi haft tíma til að halda spurnum fyrir um aðgjörðir og ráðabrugg Þorvalds og kaupamanna hans, og jeg hef þess vegna eigi getað gefið þjer nein ráð í seinni tíð. Þorvaldur vildi eigi brenna sig á sama soðinu, eins og þegar Suðragreinin kom, og skrifa greinina fyrir Benedikt Þórarinsson. Benedikt átti alveg að sjá um greinina og svo átti Þorvaldur að koma honum til manns á eptir - því er Benedikt nú orðinn fiskifræðingur - en Benedikt er stirður til ritstarfa og var grein hans hin mesta forsmán og óboðleg nokkru blaði þegar “Austra” menn fengu hana. En Sigurður Jónsson verzlunarstjóri vildi hafa greinina, því að hann þóttist eiga Jóni Hjaltalín grátt að gjalda fyrir það, að bróðir hans varð að fara af Möðruvallaskólanum eptir matarveturinn vonda, og því settist sjera Björn Þorláksson á Hjaltastað við og ritaði greinina alveg um. Mjer þótti grein Benedikts lítilfjörleg og gjöra lítið til. Aptur á móti hefur mjer fallið grein Sveins Ólafssonar þungt. Hún er langt um þrælslegri fyrir þig; svo er Sveinn Ólafsson gáfaður maður og skæður í viðskiptum, og veit jeg ekkert um það, hvort hann er beinlínis keyptur af Þorvaldi, og tel jeg líklegt að

hann sjálfur beri óvild til þín og hati þig, en óvildina ætla jeg að Þorvaldur hafi kveykt.

Annars verð jeg að segja þjer það, að mjer finnst þú eigi hafa farið skynsamlega, að í viðureign ykkar Þorvalds. Það er auðvitað eigi til neins að vera að deila við kaupamenn Þorvalds, þeim má hvorki sýna hatur eða fyrirlitningu, heldur mildi og meðaumkvun, að þeir skuli geta látið blinda sig jafn mikið og glapist af rógi Þorvalds. En það er á móti Þorvaldi, sem átti að snúa málinu. Þetta hefur þú auðvitað gjört; þú hefur skammað hann í brjefum til mín og við menn prívat, en þetta er sama aðferð og Þorvaldur brúkar að tala á bak, og sú aðferð er ófær. Það sem þú áttir að gjöra, er að draga Þorvald fram í ljósið, halda skólafundi, þar sem þú tókst Þorvald fyrir og sýndir hversu illar afleiðingar það hefði fyrir þig, skólalífið og piltana, þegar öðru eins væri beitt við þig, eins og því er Þorvaldur hefði í frammi, og þegar kennari vildi rægja hinn kennarann og bera allt út á hræsibrekkur, er honum væri áfátt, og rita auk þess á móti honum í blöðunum og gjöra almenning að dómara milli ykkar, og það er jeg sannfærður um, að þú hefur svo góðan málstað að dómurinn yrði þjer í vil. En látum nú þetta vera.

Af því að piltar hafa verið þjer svo fjandskapaðir, þá hefur þú eigi gefið þig að þeim og getað sýnt þeim nógu hlýjan hug - eða af einhverjum ástæðum hefur þú eigi skipt þjer nóg mikið af þeim. Jeg hef t.a.m. heyrt, að piltum í vetur líki langbest við Hjaltalín, af því að hann sýni áhuga fyrir sjálfsmenntun pilta, og sje t.a.m. viðstaddur þegar ritgjörðir pilta eru lesnar upp. En látum nú þetta einnig vera.

Það er aptur á móti annað, sem eigi er fyrirgefanlegt hjá þjer. Þú hefur eigi gjört þjer nokkurn hlut til frægðar í augum almennings síðan þú komst að Möðruvallaskólanum. Þú hefur eigi látið prenta eina einustu ritgjörð eptir þig og ekki haldið svo mikið sem einn einasta fyrirlestur. Jeg hef engan hlut beðið þig meira um en þetta. Jeg veit vel að þú hefur átt erfitt, og Eiríkur hefur í þessu eigi reynst þjer sem bezt, en eitthvað hefðir þú þó getað gjört.

Nú hefur Halldór Guðmundsson sótt um lausn, og er nú annað hvort að hrökkva eða stökkva fyrir þig. Ef þú kemst nú eigi að latínuskólanum, þá kemstu aldrei að honum og þú verður að gjöra allt þitt til svo að það verði. Þú heldur auðvitað eigi af reikningi, en hann getur Björn Jensson tekið og Eiríkur, og þá getur þú kennt guðfræði, ensku og íslenzku og þetta eru þín beztu fög, og er jeg alveg sannfærður um, að þú munir geta staðið mjög vel í stöðu þinni, og gjört sjálfum þjer eitthvað til frægðar, en fósturjörðinni til gagns.

Það sem því er nauðsynlegt fyrir því er fremst af öllu, að þú þegar í stað látir fara að prenta reikningsbækur þínar, og mega þær eigi vera komnar seinna út en í lok júnímánaðar; bezt væri að semja við Kristján Þorgrímsson og bjóða honum góða kosti. Kristján þarf í maj eða júní að gefa út boðsbrjef og gjöra reklame fyrir bók þinni. Jeg sendi Gunnlaugi þetta brjef og mun hann einhver ráð leggja á, en heldur að ekkert verði gjört í þessu skaltu senda mjer handrit þín, og skulum við sjá hvort jeg get þá eigi látið prenta þau hjer. Undir þessu er svo mikið komið, að það má segja eins og Njáll sagði við Gunnar að líf manns liggur við, að eigi sje út af brugðið. Þegar skóla á Möðruvöllum er sagt upp verður þú að reyna að fá meðmæli hjá Jóni Hjaltalín og Júlíus Havsteen, og halda þegar í stað suður til Reykjavíkur tala við Halldór Friðriksson, rektor og stiftsyfirvöld og fá meðmæli, og svo verður þú að sigla hingað með reikningsbók þína og meðmælin. Og þá ert þú öldungis viss með að fá embættið. - Þetta er kostnaðarsamt, en siglingin hefur góð áhrif á heilsu þína, og svo getur þú komizt í þá stöðu, sem er við þitt hæfi og verður þú að leggja allt þitt fram til þess að eigi fari hjer illa. Það er enginn duglegur maður á móti þjer nú, og er þjer ljett að komast nú að Reykjavíkurskólanum ef þú vilt.

Jeg vonast til að þú eigi reiðist mjer þó að jeg telji á þig og vil óska, að þú sýnir nú dugnað af þjer og fáir svo embættið.

Jeg bið að heilsa konu þinni ástsamlega og vonast eptir einlægum heillóskum frá þjer og henni.

Manstu eptir, að jeg sagði þjer á Akureyri í hitt eð fyrra, að Þorvaldur myndi eigi fara að Möðruvallaskóla aptur, er hann væri farinn til útlanda - nú skal jeg sjá meira. Þorvaldur mun verða hjer á vetrum og heima á sumrum, hann verður forseti Bókmenntafjelags hjer, ef það verður eigi flutt heim, og ráða ákaflega miklu um landsmál. Jeg fer heim og þá stendur enginn Þorvaldi á sporði. Þorvaldur fer bráðum að gipta sig o.s.frv.

Þú skalt nú eigi leggja fullan trúnað á þetta og þú skalt eigi láta það hindra þig frá að sækja um kennaraembættið í Reykjavík og leggja allt þitt fram til þess að fá það - en vittu nú samt til hvort eigi muni neitt af þessu koma fram, þó að leiðinlegt sje, að allir þeir er miklu ráða um landsmál sje eigi góðir menn. --

Vertu sæll og heill. Þinn elskandi bróðir. Páll Briem.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 28.2.1885

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir brjef þitt og heillaóskir þínar og mömmu.

Nú get jeg skrifað þjer að jeg sje trúlofaður og lukkulegri en jeg nokkurn tíma hef getað ímyndað mjer. Jeg sendi þjer mynd af unnustu minni með kveðju hennar. Hún hefur opt heyrt þín getið og hlakkar til að sjá þig

þegar hún fer heim til Íslands í sumar, - og ætlar hún að láta það verða fyrsta húsið sem hún kemur í þar sem þú ert. Jeg vildi nú einungis óska að jeg gæti komið líka, en þó eigi verði þá, vona jeg að jeg muni geta komið heim í haust. Það segi jeg satt að mig langar til að mörgu leyti að það geti orðið. Heilsaðu henni mömmu og segðu henni að ávallt muni jeg eftir draumnum hennar um vorið þegar jeg fór heim (í hitt eð fyrra). Og hver veit nema að jeg geti nú komið heim í úniformi. Ekki veit jeg hvernig það er, en margt hefur mjer snúist til gæfu síðan og það tel jeg gæfuna mesta að jeg hef öðlast jafn elskulega unnustu, en jeg skal nú eigi tala um það í mörgum orðum. Jeg vona að þú getir dálítið lært að þekkja unnustu mína og að þú munir einhverns staðar hafa rúm handa henni, ef til þess kemur að hún vill vera um tíma í Reykjavík í sumar.

Jeg hef nú ákaflega mikið að gjöra, það er farið að prenta bók, sem jeg hef útlagt fyrir dýraverndunafjelagið; jeg er að leggja út bók sem heitir "sparsemi", fyrir Þjóðvinafjelagið og verð jeg að senda handritið heim. Svo er jeg á kontor hjá málfærslumanni; jeg hef verið hjá honum á formiðdögunum en fæ nú í næsta mánuði vinnu hjá honum á eptimiðdögunum; svo er jeg að kenna lög og stúdera, ef tíminn leyfir.

Um Hermann er víst eigi til neins að hugsa. Annar búfræðingur hefur fengið um 400 kr. styrk hjer og 300 króna styrk (hjá lh. eptir nýjár); hann hefur 2. einkunn og hamingjan má vita hvort nokkuð lið verður að honum í lífinu. Það er satt að nú er hættuleg tíð og því finnst mjer eigi vert að leggja hendurnar í skautið.

Nú er málið fallið niður á milli Tryggva og fjelagsins; um Tryggva vil jeg annars eigi tala neitt; hann sagði mjer í haust að hann og Arnljótur myndu ef til vill skríða saman aptur á næsta þingi. Ekki myndi jeg vilja vera þar með. Vertu sæll og óskaðu mjer og unnustunni til lukku fyrir fullt og fast í næsta brjefi. Segðu Eiríki frá trúlofun okkar. Annars verður hún heimugleg þangað til skip fer heim næst. Jeg bið að heilsa mömmu. --.

Ingibjörg Sverrisdóttir Briem til Susie Briem. Rvík 2 marz 1885.

Segir veikindafréttir af Eggert. Vilhjálmur veill fyrir brjósti. Þá er um veikindi Soffíu Havsteen um þessar mundir mikið fjallað og eru horfur dökkar. Segir HB hafa skrifað að hann vildi koma suður til að láta Schierbek líta á sig. Minnir á að Andrés faðir Hjaltalíns og pabbi HB eru systkinasynir og að fósturdóttir hans sé líka skyld honum.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 2.3.1885.

Ræðir uppgjör þeirra feðga milli HB/GB. og segir þar aðeins vera smá miskilning. Einnig samband þeirra bræðra innbyrðis og sambandið við föðurhúsin.

Segir frá syninum Ólafi. Býst við að fá eitthvert starf innan skamms.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. 14.3.1885.

-- Jeg sendi þjer langt brjef með pósti, en af því að ferð fellur heim á morgun, rita jeg þjer þessar línur til þess að segja þjer, að jeg er trúlofaður stúlku sem heitir Kristín Guðmundsdóttor frá Auðnum á Vatnsleysuströnd. Þú færð mynd af henni með pósti. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri Briem. Rvík. 23.3.1885.

Spyr hvort H.E.B. treysti sér í ritarastörf fyrir alþingi.

Ræðir um laust kennaraembætti við latínusk eftir að Halldór Guðm. sagði því lausu. Embættið fékk líklega Þorv. Thoroddsen á Möðruv. Segir frá trúlofun Páls í Höfn og Kristínar á Auðnum. Ræðir handrit reikningsbókar, villur í því, leiðréttir. Landshöfð. sendi það til umsagnar Halld. Guðm. og Björns Jenssonar. Bað lh. um fyrigr. vegna embættisins v. latínusk. Segir: Verið velkomin suður, ótækt sé að vera húsviltur á Möðruv. og líka að byggja yfir sig þar ef breyting yrði. Fékk bréf frá Benediktu Arnesen-Kall þar sem hún biður um uppl. um æfi Páls föður síns og rektors í Danm.[1]

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 24.3.1885.

-- Páll bróðir er heldur en ekki farinn að manna sig upp með því hann hefir sjer konu festa og mun hann senda þjer mynd hennar. Það er mikið gerðarleg og vel látin stúlka, en þó hef eg heyrt Guðrúnu mágkonu finna eitthvað af þessari trúlofun enda sótti Páll ekki fyrrfram ráð til hennar. Ég ímynda mjer samt að Guðrún þurfi ekkert að skammast sín við hliðina á þessari stúlku, þó hún sé bóndadóttir. --

Þeir bræður Páll og Gunnlaugur ráða H.E.B. til að sækja um kennaraembætti við Latínusk. EGB hefur rætt við landshöfðingja um hugsanlega umsókn.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 24.3.1885.

-- og kveldi þig þá með því að Páll væri í aðsigi að trúlofa sig án þess að segja þér hver persónan er hlut átti að máli væri.

[1] Var væntanl. að skrifa ævisögu sína.

Nú skrifar Páll þér og segir þér tíðindin -- Eitthvað hefur Guðrún mágkona út á þetta að setja og álítur að hann hafi valið þessa vegna væntanlegs auðs og fram eftir því.[1] Þú þekkir nú þessa dóma hennar og bið ég þig að taka þér það ekki nærri og láta Pál ekkert um það vita auk heldur aðra. --

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík, 25.3.1885.

-- Palli er trúlofaður Kristínu Guðmundsdóttur, bónda á Auðnum á Vatnsleysuströnd; hún er í Khöfn í vetur og er hann mjög lukkulegur yfir og Sigurður *(bróðir hans)* lætur líka vel af henni. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 18.4.1885.

Segir frá tveim þýðingaverkefnum. öðru f. Þjóðvinafél., og prófarkalestur. Hitti landshöfðingja[2] sem fór undan í flæmingi með eitt og annað. Býst við að fara heim 28.5. Ber kveðju frá unnustu sinni.

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 6.5.1885.

Umsögn um bókina ekki komin. Páll Br. er að koma til landsins. Gunnl. Briem ætlar í Skagafj. til að hitta kjósendur en kemur svo aftur til að tala við nýjan vinnuveitanda sinn Knutzon í Hafn.[3] Kennaraembættið fái Þ.Thor. Ræðir veikindi Susie.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Khöfn. 1.7.1885. ***(Dagsetning ekki örugg).***

Dear wife.

Í erindrekstri v. stöðu, hittir ýmsa en sýnilegt að Þorv. (Thoroddsen) er líklegastur. Má búast við að Jón Jakobson komi til Möðruv. Erfitt með styrk fyrir flatarmálskennslubókina. Hitti vin sinn próf. Anderson, sem bauð honum að búa hjá sér í glæsil. húsakynnum sem vænta má af sendiherra Bandaríkjanna. Mikil ánægja af samveru með honum. Líður vel. Aldrei laus við höfuðverk.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Þórsh., Fær. 2.7.*1885.* ***Dagsetning óljós.***

Dear wife.

Segir af ferðinni til Khafnar, hrossafarmi og dvölinni í Færeyjum. Hann fékk ekki nema dýrt far og er því peningalítill og verður (á bakaleið) að fara beint til Ak. og SB norður samferða alþingismönnum frá Rvík og kæmi þá til móts við hana.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Leith 6.7.1885.

Segir frá erindrekstri og innkaupum fyrir þau SB. Hitti frú Hjaltalín í Granton. Vinsamleg og virðist ánægð með lífið.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Khöfn. 24.7.1885.

Þorv. Thoroddsen fær stöðuna ef hann verður ekki jarðfræðingur landsins. Anderson fór til Gautaborgar til að vera við athöfn til heiðurs skáldinu Snoilsky. Meðan hann var burtu bjó ég hjá Sigurði bróður. Anderson fór og talaði við Íslandsráðherrann sem sagði honum að Þorv. væri metinn hærri.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Khöfn. 31.7.1885.

Þorv. hefur fengið stöðuna, ástæða til að gleðjast yfir að hann fari frá Möðruv. ("Grey bull"). Svo getum við komið okkur fyrir í þægil., fallegu húsi.-

Ingibjörg Sverrisdóttir Briem skrifar Susie Briem. Reynistað 2.8.1881.

Kæra tengdadóttir!

Þakkar bréf og býður henni dús. Þakkar myndir með fallegum orðum. Góð líðan hjá öllum í fjölsk. Elín siglir til Hafnar og verður þar í vetur. Kalt í allt sumar og þarf að leggja í ofn af og til.

Susie Briem skrifar Halldóri Briem. Rvík. 4.8.1885.

Bréfið sendir SB til HB sem staddur er í Khöfn, býr hjá bandaríska sendiheranum R.B. Anderson.

Segir að Þorv. Thoroddsen hefði fengið stóran rannsóknarstyrk, vonar að stöðu hans fái Jón Jakobsson.

---

[1] *Guðmundur Guðmundsson á Auðnum á Vatnsleysuströnd var kallaður "ríki" sem kannski var rétt er aflabrögð voru góð og á mælikvarða þeirra sem stunduðu þorskveiðar og óstöðuga útgerð á fiskibátum við Faxaflóa, þar sem ekkert er sjálfgefið værukærum. Ég hef safnað ýmsum upplýsingum um veiðar á miðum við Faxaflóa, sem "trollararnir" bresku voru farnir að skrapa upp í landsteina. Þar með hvarf sú auðlind og kom ekki aftur. Annað sem skapaði nafnbótina "ríki" var, að hann var ósínkur á fé og fljótur að ákveða að kosta brúðkaupsveisluna í Hafnarfirði.*

[2] Bergur Thorberg.

[3] Þurfti vinnuveitanda síns vegna að segja af sér þingmennsku.

Hinir umsækjendurnir eru Árni Jónsson, Ásgeir Blöndal, Patterson ofl. Gleðst yfir að hann búi hjá Anderson. Sjálf verið að skrifa grein til birtingar í Ameríku. Segir frú Hjaltalín hafi komið til landsins og muni heimsækja sig. Minnismerki um Hallgrím Pétusson var afhjúpað á sunnudag. Biskup hélt ræðu sem fáir heyrðu. Hitti Þórð Thoroddsen. Ef Þorvaldur er ófríður er Þórður sýnu verri. Segir hann hafa sent Páli grein um Anderson sem hún ætlar sjálf að fara með til Björns Jónssonar til birtingar og til vara til Jóns Ól. Björn lofaði birtingu.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 6.8.1885

--Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir tilskrifið og þótti mjer sannarlega vænt um, að þú sendir mjer það. Jeg hef ætlað að skrifa þjer í sumar, en mjer hefur verið það alveg ómögulegt fyrir tímaleysi, og nú færðu eigi nema nokkrar línur. Mjer hefur eigi liðið vel hjer í sumar, og hef jeg verið svo *knekkaður*, að jeg hef eigi getað neitt gjört annað en melankólíserað, en á milli hef jeg unnið eins og vargur.

Ræðir óþarfa sundurþykkju þeirra.

--Mjer þykir nokkuð leiðinlegt, ef eigi getur komist leiðrjetting á þetta, og örvænti eigi neitt um það, en þá verður hver að leysa frá skjóðunni. Jeg bið þig að heilsa Eiríki, og segja honum að jeg riti honum eftir þing, en nú eigi því að jeg get eigi. Þjer er ómögulegt að trúa því, hversu mikið jeg hef að gera. --

--Siggi hefur þingtíðindin, (það) sem út er komið. Þeir eru nú að rífast um stjórnarskrána og er Benedikt heitur. Jeg hef nærri aldrei tíma til að hlusta á ræður. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Khöfn. 11.8.1885.

Í stað skipunar í stöðu Þorvaldar er send fyrirsp. um hvort breyta eigi til með Möðruvallaskólann. Nú er möguleiki fyrir hann að skipta um kennslugreinar. Ræðir óvissu framundan. Á meðan er óvitað hvort við fáum húsnæði Þorv. Hvernig sem fer ætti SB að fá húsnæði hjá Jensen á Ak. Ekki hægt að kaupa húsgögn í Höfn og senda til Ak.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 25.8.1885.

Ræðir spítalalegu HB, stöðuveitingu Þorv. Thor. á Möðruv. og vandræðagang í því samb. Minnist á peningavanda. Stefnir að því að fara norður eftir nokkra daga. Segir af góðu sambandi sínu við frú Hjaltalín og flutningi Gunnlaugs og Frederikke suður. Segir að Páll bróðir hans hafi talað við landshöfðingja um stöðuna.

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Rvík. 25.8.1885.

-- Jeg vonast til að þú fáir þingskjölin; jeg var að tína þau saman sem jeg get og Villi[1] bróðir þinn bjó um. Jeg vona að þú miðlir Sigga af þínum vísdómi. Villi er makalaust góður piltur og það skal jeg segja þjer, að eigi verður hann slakari í prófarkalestri en þú, þegar honum vex fiskur um hrygg. Þú sjerð, að vel getur verið, að jeg komi til Hafnar í vetur, einhvern tíma í vetur. Þingfrjettir færðu í blöðunum. Bogi biður að heilsa. --

Sigurður E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Khöfn, 28.8.1885.

-- Halldór fer heim allánægður, bæði yfir því að losna við Þorvald og svo fær hann að velja um fögin sem hann helst vill kenna. Líka má telja að hann fái 1. kennaraembættið. --

Palli skrifar mér lítið eða ekkert, en segir aðeins að sér líði í alla staði bölvanlega. Ég get mér nærri hvað lygin og kjaftagangurinn í Guðrúnu[2] tekur á hann. Hann ætti að koma hingað aftur, því hér halda allir af honum, það er að segja, allir betri menn.

Ég heyri einnig á honum að honum er þungt í skapi til Eiríks. Það er leiðinlegt að Eiríkur skuli hafa kosið þá aðferð til að sýna óhlutdrægni sína að beita ójöfnuði við okkur systkinin. Ég sé hvers ég má vænta þegar ég fer að sækja um bankann, því að þar verður Eiríkur eflaust (einn?) af fyrstu sprautunum. --

Valgard Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Sauðárkrók. 23.9.1885.

Segir af trúlofun sinni og Önnu Möller[3] og giftingu í fyrradag. Systkini H.E.B. sem voru viðstödd: Ólafur E. Briem svaramaður, Eggert, Elín og Jóhanna.

---

[1] *Vilhjálmur Bjarnarson Bjarnar, sonur séra Björns Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur. í Laugarnesi. Hann lærði málaraiðn í Danmörku, keypti Rauðára af Schierbeck landlækni og setti þar upp bú.*

[2] *Hér mun enn átt við Guðrúnu Gísladóttur, konu Eiríks E. Briem.*

[3] *Anna Möller(1848-1918). Hún var áður gift Blöndal og átti börn af því hjónabandi. Svo áttu þau Valgard son, Arent Claessen, en sem ekki er í Briemsætt. Þessi samheldni, þrískipti systkinahópur gerði það að verkum að utanaðkomendur áttu erfitt með að skilja skyldleikann og hagsmunatengsl.*

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 26.9.1885.

-- Kona þín hefur sagt þjer, hvernig sakir stóðu, þegar hún fór hjeðan. Landshöfðingi setti konsúl Paterson rjett á eptir. Paterson er einna skástur af þeim þremur, Ólafi Davíðssyni og Árna Jónssyni. Þetta fór illa samt, og veit jeg nú sannarlega eigi, hvernig þú ferð að. Mjer þykir það leiðinlegt vegna skólans, að Jón Jakobson komst eigi að, því að það hefði verið skólanum mikill vinningur. Annars veit jeg ekkert um það, hvað þjer hefur orðið ágengt í Kaupmannahöfn. Jeg frjetti það úr brjefi til Þorvaldar Thoroddsen, að hann væri búinn að fá embættið hjer við skólann, hvernig væri um embættið við Möðruvallaskólann vissi jeg ekkert um, fyrri en jeg fór til landshöfðingja, sem svo blekkti mig með ósannindum. Þú skrifaðir ekkert til landshöfðingja; vitnisburðarbrjef og meðmæli Jóns Jakobssonar fjekk jeg nú fyrst með Thyru, eptir að landshöfðingi var búinn að setja Paterson sem kennara.

Mjer líður bærilega hjer syðra. Jeg bið kærlega að heilsa Susie konu þinni. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 26.9.1885.

Hefur heyrt að landshöfðingi muni setja Petterson í stað Þ.Thor á Möðruv. þrátt fyrir ádrátt Hilmars Steph. um annað. Hvetur til lempni í viðsk. við Hjaltalín og ÞTh. Ræðir veikindi HB og sagðist hafa frétt af Susie að "pjaskast" á ferðal. með blindan prest og útlending. Gunnl. fluttur í Hafnarfjörð. Páll verður heima fyrri hl. vetrar en fer svo til frhnáms í Höfn. Vilhjálmur B. á leið frá Höfn og Valg. Claessen að giftast aftur, Önnu Möller sem var gift Blöndal.

Sigurður E. Briem og Eggert G. Briem skrifa Halldóri E. Briem. Khöfn 26.9.1885 og Rvík 20.10.1885.

Fréttir úr stjórnmálum eftir Valtý Guðm. og fleiri stjórnmál. Claessen skrifaði og sagðist trúlofaður Önnu Blöndal.

Segir af verslun Eggert Gunnarssonar í Khöfn.

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 7.10.1885.

Farinn að lesa af krafti. Svo sé um fleiri v. samviskubits vegna lítils lestrar undanfarin 2 ár. Segir fréttir af Eggert Gunnarssyni og athöfnum hans í Höfn. Hitti hann; sagðist hann vera að útvega þrjú gufuskip til að flytja kol milli Englands og ýmissa staða í Danm. Ætlar í framhaldi af því að stofna kolaverslun.

Ræðir stjórnarskrármál og illskeytt viðbrögð Dana sem líklega munu slá lagaskólamálið af.

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Ytri-Ey 10.10.1885.

12 stúlkur verða í skólanum.--

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 15.10.1885.

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir tilskrifið og jeg þakka þjer sjerstaklega fyrir það af því hversu brjef mitt til þín var ljelegt. En mín afsökun er sú. Fyrst og fremst líttill tími til að rita, en eiginlega helst það, að það er eins og hjer komi sá andlegur höfgi yfir mann, að allt vit og allur andlegur liðugleikur hverfi úr manni. Það er eins og sálin verði að andlegum steingerfingi; það er eins og sálin fái apoplexie, hún veit af því hvernig hún er orðin, en hún getur eigi látið neitt í ljósi. Björn ritstjóra á jeg ekkert við, hann þykist nú vera og er orðinn nærri einvaldur í öllum andlegum efnum, ritsmíðum og bókaútgerð. Jeg fæ ekkert út úr honum um ritgjörð mína. Björn græðir á tá og fingri. En verið getur að jeg geti einhvern tíma launað honum fyrir mig.

Jeg vildi óska af heilum hug að þú fengir styrk af Karlbergsjóðinum. Þú hefur og mikið að gera eins og þú gerir. Jeg vildi guð gæfi að hann Konráð færi að segja af sjer eða ef hann vill það eigi þá hrökkva upp af. Því eru þessir gömlu menn að sitja svona lengi í vegi fyrir ungum mönnum, en guði sje lof þeirra gömlu máttur þverrar, og guði sje lof þeir ungu eru tímans herrar. Allir okkar sambekkingar orðnir embættismenn og sumir gamlir þegar. - Jeg þakka þjer fyrir heillaóskirnar með styrkinn, er jeg fjekk af alþingi. Valtýr getur sagt þjer hvernig gekk að fá hann. Jeg agiteraði ekki og jeg veit eigi til að neinn hafi agiterað. En samt heyri jeg skammirnar utan og sunnan um mig fyrir það að jeg hafi fengið þennan styrk. Hamingjan má vita hvernig verður. Jeg segi það satt, jeg er hálfkvíðinn fyrir því, hvernig jeg get notað hann og hvað verður. Jeg veit hverju jeg sleppi, en jeg veit eigi hvað jeg hreppi. Með lagaskólann kvað alveg vera útsjeð. Skrifaðu mjer eitthvað um hvort þeir muni hugsa sjer að stofna docentspláss í íslenskum lögum við háskólann. Jeg ætla að koma með fyrstu ferð. Skipið fer hjeðan 3. febrúar. Jeg ætla að gifta mig 30. janúar. Þetta skaltu samt eigi hafa í hámæli, því að jeg kæri mig ekki um að láta Reykvíkinga vera að dæma um það áður en líður. Þeir bakbíta, en ef maður talar við þá eru þeir sætir eins og sykur. Jeg kem hvergi, nema einstöku sinnum til föður þíns.

Jeg óska þjer innilega til heilla og hamingju með giftinguna þína. Heilsaðu unnustunni kærlega og tengdafólkinu. Vertu blessaður og sæll. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 21.10.1885.

-- Paterson hafði orðið eptir á Ísafirði. Skrifaðu mjer um það hvort hann hugsar til að verða á Möðruvöllum. Sigurður bróðir okkar skrifaði mjer, að þú hefðir verið að hugsa um að leggja Paul Arnesen út og koma honum í Norðanfara. Nú er Norðanfari hættur, en þá finnst mjer að þú ættir að reyna að koma honum í Iðunni. Mjer fyrir mitt leyti þykir æfisagan góð og annars verðskuldar Benedicta að eitthvað komi eptir hana á íslenzku. --

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 6.11.1885.

Í kvöld ætlar Finnur Jónsson að gifta sig. Er S. boðinn. Leist ekki á að hann ætti að vera í kjólfötum, með hvíta hanska og pípuhatt í vagni með tveim hestum fyrir. Betra að sitja heima en eyða fé í annað. Segir af tilræði við Estrup.

Eggert Gunnarss. heimsækir Sigurð öðru hverju; vongóður um að allt gangi vel. Er vel búinn og hefur nóg fyrir sig að leggja,

-- þó ég viti eigi hvaðan hann getur haft það. --

Páll E. Briem skrifar. Halldóri E. Briem. Rvík. 9.11.1885.

Ræðir útgáfumál H.E.B., samskipti Þorv. Thoroddsen og Steingríms Thorsteinssonar.--

Ingibjörg og Eggert G. Briem skrifa Susie Briem. Rvík. 9.11.1885.

Elskulega tengdadóttir!

Ástar þakkir fyrir bréf þitt frá 21. f.m. Það gladdi okkur að þér gekk ferðin vel norður og varst samferðamönnum þínum heldur til styrktar en trafala. Eggert litli sagði okkur það, að hann hefði heyrt, að þú hefðir jafnan verið á undan. Það þykir okkur líka gott, að þið eruð farin að búa sjálf og matreiða slátur og kæfu og niðursoðið kjöt, blikksmiðurinn segir það þurfi að vera vel soðið, svo það skemmist ekki. Það var slysalegt fyrir Patterson, að hafa þessa drukknu flutningsmenn á Ísafirði, svo hann mætti snúa til sama lands og verða eptir af skipinu.

Gerið þitt reynist yfrið gott. Við kaupum nú orðið lítið rúgbrauð hjá bakaranum því það er borðað meira af heimabökuðu *overheadibrauði*. Gerið þitt hefir líka verið haft bæði í jólaköku og tvíbökur, svo við kaupum nú ekkert ger. --

Eggert E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 9.11.1885.

Líkt á komið með þeim bræðrum honum og Eiríki að menn eru settir við hlið þeirra m. 400 kr. hærri launum. Fyrirgr. og fréttir af sjúkdómum og fæðingum. Segir af ágreiningi í Latínusk.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Hafnarf. 9.11.1885.

Gleðst yfir að HB sé kominn í kennaraemb. Er það landshöfðingja að þakka.

Okkur líður vel hjer í Hafnarfirði, að vísu get eg ekkert dæmt um það hvernig mjer kann að falla staða mín svona í einu og öðru tilliti, því til þess útheimtist fast að eins árs reynslu bæði í viðskiptum við bændur og skil til húsbændanna, en það get eg sagt að í mörgu tilliti kann eg hjer betur við mig enn í Reykjavík. Er það eitt með öðru meira eptir mínu geði að vera hjer afskekktur og dálítið út af fyrir mig og í öllu falli einn um smá hitu, einn húsráðandi o.s.frv. Við höfum hjer bezta nágrenni því C. Zimsen er fór hjeðan fluttist í næsta hús og er öll hans familia ágætisfólk, svo ekki vantar það til hins daglega brauðs.

Mikið að gera og sjálfur er hann þreyttur, var að taka á móti 3 kaupförum og er þannig gerður að hann vill taka þátt í afgr. veldur það áreynslu að vera uppi um miðjar nætur. Ánægður í starfi og eigink. söm og jöfn yndi augna minna og ánægja hjarta míns. Drengurinn dýrgripur. Býður HB og Susie til Hafn. og að vera þar um tíma þegar þau koma í sumar til að njóta grasbrekkunnar og garðsins. Sýnist húsbændum líka við sig. Mikil mæða fyrir Pál að missa konu sína, en drengurinn er efnilegur.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 26.11.1885

-- Jeg þakka þjer fyrir brjefið og Pólitíkina. Óska til hamingju. Jeg var hjá föður þínum í gærkveldi, las kvæðin, heyrði um brullaupið, sem var splendid. Wimmer svaramaður. Hvað skyldi Björn Olsen segja? Ekkert veit jeg um það. Jeg veit yfirhöfuð ekkert um hvað menn segja. Jeg kem til einskis manns, nema einstöku sinnum til föður þíns.

Jeg er þó nú búinn að sjá partiforholden hjer í Rvík. Jeg hef skrifað Valtý um það.

Gratúlera með styrkinn til bókmenntasögunnar. Hvað heldur þú um lagaskólann? Vertu sæll. --

P.S. Það vildi jeg að hamingjan góða gæfi að við gætum komið okkur saman þegar jeg kem til Hafnar. Það er áríðandi að vera nú samtaka, og ef við höldum eigi saman, þá verður ekkert úr verkunum Velf. Jeg vil sleppa öllu gömlu, þó að það sje mikið varið í að við gætum talað út um það og gert út um það, þá væri gott líka að hugsa eingöngu um framtíðina. Jeg veit mikið vel að jeg var eigi rjettlátur við þig í öllu, en mjer finnst að þú

líka hafa rangt fyrir þjer í sumu. En við getum eins vel sleppt þessu alveg ef þú vilt.

Ekki veit jeg þó upp á víst, hvort jeg kem til Hafnar með næstu ferð. Það getur verið að jeg kannske eigi verði búinn að rannsaka söfnin hjer nóg.

Loksins hafa þeir tekið ritgjörð mína með illu. Jeg skrifa nú hjereftir á dönsku eins og þú, þangað til jeg get brotið Björn Jónssonar klikku á bak aftur. --

P.S. Það ætla að fara að verða póstskriptirnar hjá mjer. Mig minnir endilega, að jeg hafi átt eftir í klæðaskápnum þínum kjól og vesti. Ef þú finnur það, þá er mjer mikið undir að þú sendir mjer það í góðum umbúðum með næsta skipi. Mundu eftir því góði minn.

Nú er bankastjórnin búin að semja um það, hvern hún innstillir til bankastarfanna. Hún tekur Sighvat Bjarnason fram yfir Sigurð, bróður minn og cand. theol. Halldór Jónsson fram yfir Þorleif Jónsson. Það er lítið farið að gera úr fróðleik eða menntun hjer á voru landi Ísl. Lárus hefur eigi þorað að taka sjer fróðari menn inn í bankann! --

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 2.12.1885

-- Rædir útgáfumál. --

Mjer þótti vænt um, að sjá að þú ætlar að fara að skrifa bók handa Ameríkumönnum til að læra íslenzku af. Mjer þykir vænt um allt, sem gott er gjört og sjerstaklega af þeim, sem mjer þykir vænt um. Þó að þú sjert eigi lofaður nú, þá mun þó hið sanna koma upp um síðir. Og það er satt sem stendur í Hávamálum: deyr fé, deyja frændr, deyr sjálfr hit sama, en orðstírr deyr aldregi, eptir dauðan hvern, hveim sér góðan getr. Þorvaldur deyr, Eiríkur deyr, kona hans deyr og krónur. Jeg er búinn að sjá það, að Eiríkur er orðinn alveg tilfinningalaus fyrir öllu nema sínum krónum. Það er undarlegt, hversu peningarnir hafa spillandi áhrif á marga menn. -- Jeg held að við Eiríkur munum eigi hafa gæfu til samþykkis í lífinu, en jeg geng mína götu og hann gengur sína götu, vona jeg.

Ef hann kemur í veg fyrir mig einhvern tíma síðar, þá er jeg hræddur um að jeg minnist tímans, sem liðið hefur síðan í hitt eð fyrra. Eiríkur hefur gjört mjer mikið illt, og meira illt, en jeg held að nokkur maður muni geta gjört mjer. - Nú hefur hann farið vel í bankanum! Sighvatur Bjarnason, ómenntaður piltur, sem aldrei hefur skrifað sjálfstætt brjef, er tekinn fram yfir Sigurð bróður okkar, sem hefur 1. einkunn frá latínuskólanum, ágætlega í heimspeki frá háskólanum og sem þar að auki hefur stúderað lög og hagfræði. Halldór Jónsson, sem er guðfræðingur og átt hefur krakka í lausaleik, er fremur drykkfelldur og var svo ónýtur þingskrifari í sumar að Eiríkur sýndi bróðurhuginn með því að prakka honum upp á mig á skrifstofuna, er tekinn fram yfir Þorleif Jónsson, sem var allt af efstur í sínum bekk í skóla, tók heimspekispróf með 1. einkunn í háskólanum, las eignarrjett þar og margt fleira í lögum, barðist til að sigla og vera bæði í Höfn og á Englandi að kynna sjer bankastörf í vetur, og er þar að auki vandaðasti maður og reglusamasti. Það er undarlegt að samvizkusamur maður skuli geta rjett hjálparhönd til þessa.

Þú skrifar mjer lítið um, hvernig þú ætlir að hafa það með sókn þína um að losast við söng og leikfimi. - Jeg er nú hálfknekkaður út af því að öll mín ráð og allar óskir stranda nokkuð á óheppni en mest á varmennsku höfðingjanna og samviskuleysi. Mjer lízt bezt á, að þú skrifaðir sókn til ráðgjafans og biðist til að taka að þjer landafræði og ef þörf gerist á nokkuð í náttúrufræði, en losaðist við söng og gymnastik og bærir það fyrir, sem þjer sýnist eiga bezt við, og skrifaðir svo Hilmari Stephensen mjög vinsamleg brjef, þar sem þú segðir honum að Hjaltalín væri allt af á móti þjer, af því að meðmæli hans með Þórði Thoroddsen lækni hefðu eigi haft tilætlaða verkun hjá veitingavaldinu, en landshöfðingi færi auðvitað eptir ráðum Hjaltalíns. Þú mátt eigi hafa neitt móðgandi um landshöfðingjann. Jeg veit eigi hvort þetta verður að gagni. En ekki finnst mjer að þú ættir nokkra ögn að skrifa í gegnum landshöfðingjann, því að það verður bara til þess að lagt verður á móti þjer. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 2.12.1885

-- Fyrirgr. Sigurður Briem sótti um bókhaldarastarf í Landsb. upp á væntanl. próf. Þótti of skyldur Eiríki gæslustjóra. Fékk Sighvatur (Bjarnason) starfið.--

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 2.12.1885.

-- Mikið þykir okkur leiðinlegt að Sigurður fékk ekki bókhaldarastörfin við bankann, það hefur verið á orði síðan í sumar. Við vorum að hlakka til að fá hann hér til skemmtunar, en justitiarius sem gæslustjóri þótti hann of skyldur hinum gæslustjóranum, Eiríki, en landhöfðingi veitir eftir tillögu bankastjóra. --

Nú er búið að veita öll störf við bankann. Sigurður bróðir var einn af sækjendum en fékk þó ekki heldur tóku höfðingjarnir fram yfir hann Sighvat Bjarnason landshöfðingjaskrifara, alveg ómenntaða persónu, nema hvað hann hefur lært svolítið í dönsku af því að skrifa upp dönsk bréf, en sagt að hann geti ekki stílað eitt einasta bréf. --

-- Jón Ólafsson er búinn að selja Þjóðólf og tekur Þorleifur Jónsson frá Stóradal við blaðinu um nýár næstkomandi.

1886

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 2.2.1886

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjefið - en þú mátt eigi sleppa að datera brjefin, þó aldrei nema Jörgensen kóngur gerði það. Mjer þykir vænt um sameiningu fjelaganna og óska og vona að þú getir haldið svo í, að aldrei verði ber fjandskapur. Það eru sumir, sem eru hræddir um, að nú verði fjelögin daufari, af því að okkar menn fari að draga sig í hlje. En það er einmitt eins og það á að vera. Íslendingafjelag er eigi það fólk sem við eigum að berjast á.

Mikið skeður í pólitíkinni sem persónum viðvíkur - Bergur dáinn. Jeg kem með næsta skipi, giftur vona jeg. Þá þurfum við um margt að ræða.

Mjer þykja þeir hafa ætlað að fara að verða þjer skeinuhættir: Jón Þorkelsson, Björn Olsen og Gísli Brynjólfsson. Og satt að segja þykir mjer leitt að mjer finnst jeg eigi geta sagt það sama um þig og sagt var um Gunnar á Hlíðarenda eftir flestar deilur hans, að hann hefði haft virðing af málinu, og ertu þó vaskur maður og vel að þjer gjör og fimur að beita andans vopnum. Jeg kem með fyrirspurn til Björns Olsens í næsta Þjóðólfi um hvort, að hann sje frjettaritari Dagblaðsins, og segi stuttlega frá ástæðum. Jeg vonast til að Birni þyki þetta ekki gott. Annars sýnir þetta að maður verður að fara varlega fyrst um sinn. Það er eigi til neins að segja við eitraðan höggorm: "Líttu upp höggormur minn, það er jeg, sem hef hjerna naglbít til þess að draga úr þjer eiturtönnurnar", nei maður verður að vera í leyni þangað til búið er að grafa gryfjuna og þangað til höggormurinn er dottinn ofan í, þá getur maður komið fram, tekið naglbítinn og tekið úr honum eiturtennurnar og látið höggorminn svo fara sína leið. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 4.2.1886.

Ræðir útgáfumál HB og viðskipti í því samb.

Mikil vandræði voru það, hvernig farið var að við sóknina í vor.

Það er eigi til neins að fara að tala um þingið, eða jeg get yfirhöfuð eigi gefið þjer nein ráð, sem duga. Mitt prinsip er það, að styrktarfjeð eigi að veita, þar sem hjálp er nauðsynleg, en hvorki eigi að veita auðugum mönnum styrk og eigi heldur eigi að veita styrk til gróðafyrirtækja. Kristján Þorgr. hafði nærri 3000 kr. hag af lestrarbók Steingríms í dönsku, þar til fjekk hann 300 kr. styrk. Jónassen er bæði auðugur sjálfur og fær þar að auki styrk til gróðafyirtækja (læknisbókarútgáfu o.s.frv.) En það er eigi til neins að tala um þetta. Jeg megna ekkert.

Ekki hef jeg hugmynd um hvernig fara muni með embætti þitt. Jeg get jafn lítið sagt þar. Jeg hef treyst mikið ráðum mínum bæði í einu og öðru, en jeg er farinn að sjá það, að ráð sem jeg hef verið að gefa þjer, hafa eigi verið þjer til annars en kostnaðar og einskis góðs.

Nú fær maður Magnús fyrir landshöfðingja, og það er víst gott að fá hann; það er þó gott við hann, að maður veit að maður veit við hvern maður á þá og Magnús segir meiningu sína hreint og beint.

Það þykir mjer leiðinlegt, að þú vilt hvorki hafa stjórnina útlenda eða innlenda, þ.e. hvorki gildandi stjórnarskrána eða Jóns Sigurðssonar skrána, sem þingmenn tóku upp.

Eptir Eiríks frumvarpi frá 1883 var stjórnin að nafninu til innlend, en í rauninni útlend. Jeg agíteraði, sem mest jeg mátti gegn því frumvarpi í sumar. Það eru ótal gallar á frumvarpinu frá í sumar, en þar er þó skýlaust skipað að stjórnin verði að vera innlend. --.

“Innlend stjórn.” “Innlend stjórn!” Þegar við erum búnir, að fá stjórnina innlenda, þá fer jeg að óska eptir þingræði parlimentarismus. Þess vil jeg óska að það verði fengið, áður en jeg dey. Þetta skoða jeg sem mark mitt og mið í lífinu.

Jeg fjekk að tala í 5 mínútur á Þingvallafundinum í vor; þú vissir að við vorum svo sem engir mátar jeg eða Eiríkur. En þegar jeg var búinn að tala kom Eiríkur hlaupandi og sagði að það hefði verið sú bezta af ræðunum, sem jeg hjelt, en jeg hefði gefið súspension veto rothöggið. Það hefur líka eigi orðið vart við það síðan. Þjer þykir jeg nú vera farinn að hæla sjálfum mjer. En jeg segi það eigi í þeim tilgangi, heldur af því jeg álít eigi rjett að rífast um suspensívt veto eða þess konar, það sem fyrst er: við verðum að fá innlenda stjórn og svo þingræði þar á eptir, og þá erum við orðnir okkar eigin herrar og húsbændur heima fyrir og getum lagað stjórnarskrána eptir því sem þarfir okkar krefja.

Jeg sendi þjer ritgjörð mína “Grágás”. Jeg hjelt 3 fyrirlestra um daginn. Jeg fer með næsta skipi og gipti mig vonandi áður. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 5.2.1886.

Rædir launamál H. Vonar að hann sætti sig við þau eins og Eiríkur. Sigurði hafnað í bankanum, í öðru starfi en sem bókari. Eins hafi verið með sig. Hann sé eins slyppur og þegar hann kom í Skag.

Það er svona í lífinu, að einum og öðrum gengur eigi allt að óskum og maður verður þó að sætta sig við það. Eg komst einsvel af með 1600 kr. í Ísafjarðar sýslu einsog 400 í Skagafjarðarsýslu, eg brúkaði það sem eg fékk og gætti þess eigi að safna, og fór líka slippur þaðan, skuldaði nefnil. eins mikið og eg fór með, og svo er enn.

Spyr hvort HB geti tekið í sumarleyfi að sér að kenna Vilhjálmi latínu og ensku. Segir frá dauða og útför landshöfðingja (Bergs Thorberg). Segir Pál telja aðferð við umsókn um styrk til geometríunnar ranga. E. skilur ekki útlistun hans. Biður hann um útlistun á afstöðu til stjórnarskr.

Frederikke og Gunnlaugur E. Briem skrifa Susie Briem. Hafnarf. 9.2.1886.

Kjære Susie!

Gleðst að þau H.B. hafi komið sér upp húshaldi.

Hér er einmanalegt á vetrum. Ólafur litli er farinn að ganga. Umgangast Zimsensfólkið og Láru Hafstein. Rætt um dauða landshöfðingja og embættisskipun. Illa gengur í verslun og Valgard (Claessen) búinn að fá uppsögn fra Popp.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri Briem. Rvík. 2.3.1886.

Frétir.Varar HB við að fara í búskap.

-- Ekki græddi eg á búskapnum og slyppur fór eg frá Reynistað (þ.e.: ég skuldaði eins mikið og eg átti eða hafði undir hendi og svo er enn). Þetta er nú sjálfsagt klaufaskap mínum að kenna, en eg hefði víst komizt eins vel af með launin mín í húsmennsku, en þá hefði eg reyndar þurft að hafa minni gestaveitingar og haga öðruvísi til með ferðahesta. --

Páll hafði reynt að fá rúmmálsfræði Halldórs útgefna en tókst ekki. Ef vel gengur með goðafræðina væri leikurinn auðveldari.

Ingibjörg og Eggert G. Briem skrifa Susie Briem. Rvík 2.3.1886.

-- Ingibjörg litla Eiríksdóttir[1] er opt lasin ýmist í tönnunum, fyrir brjóstinu eða í hálsinum. Kristín á Auðnum[2] varð innkulsa um jólin og hefir legið veik síðan nokkru eptir nýár en er nú farin að frískast --

Skapti Jósepsson[3] skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 9.3.1886

Kæri skólabróðir.

Skert bréf. Talar um að fá gramatíkina.

-- Eg held að hepta megi kosningu, en í öllu falli för Benedikts Sv. til þings í sumar og væri það æði mikið snuð, ef svo Gauti yrði eigi kosinn heldur. En þetta er allt leyndarmál, sem við getum talað um síðar ....Brenndu! --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 23.3.1886.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir tilskrifið. Á laugardaginn giptum við Kristín okkur. Gunnlaugur hjelt veizluna í Hafnarfirði og fór hún í bezta lagi. Við siglum nú með skipinu.

Brjefið þitt til Hilmars Stephensens þykir mjer ágætt. Jeg skal reyna að tala við hann og svo skrifa jeg þjer við fyrsta tækifæri. Halldór minn! Jeg þakka þjer ógn vel fyrir brjefin þín. Jeg er allt af svo vondur í brjefunum, en þú tekur eigi tillit til þess, og það þykir mjer vænt um.

Jeg hef ýmislegt að athuga við skoðun þína um stjórnarskrána. Ráðgjafarnir mega eigi vera fleiri en 3, en þeir geta líka verið 2 eða jafnvel 1. Annars fer þú í sumu lengra en jeg, en í sumu skemur.

Jeg færi pabba geómetríu þína.

Konan mín biður kærlega að heilsa þjer og Susie og jeg bið kærlega að heilsa henni og seg þú henni, að jeg sje alveg hissa á, hvernig hún geti haft það svo gott að hún geti boðið heim. --

---

[1] *Briem (1875-1900) varð bústýra föður síns.*

[2] *Kristín kona Páls E. Briem.*

[3] *Skapti Jósepsson (1839-1905) m.a. ritstjóri á Akureyri og Syðisfirði.*

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 25.3.1886.

Þakkar undirtektir með að kenna Vilhj. Feginn að hann tók ekki við búskap á 1/3 Möðruvalla. Nóg fyrir þau að hafa eina kú og 10-20 kindur.

--Við fórum þangað *(í Hafnarfjörð)* öll á laugardaginn 20 þ.m. og var brullaupið hið praktugasta.--

Páll og Kristín fóru í dag til Khafnar.--

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 25.3.1886.

-- Páll bróðir þinn og Kristín festu ráð sitt 20. þ.m. Brullaupið stóð í Hafnarfirði hjá Gunnlaugi og var mjög veglegt. Guðmundur[1] kostaði það. Við fórum öll suðureftir. Þau Páll fóru um borð í gærkvöldi og skipið fór í morgun. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 17.4.1886.

Nýkominn, þakkar bréf EGB sem hann fékk með nýjum landshöfðingja í höfninni í Rvík.[2] Ferðin gekk vel þótt Kristín, kona Páls, hafi verið sjóveik. Hafa fengið þriggja herb. íbúð í Vesselsgade 19, keyptu húsgögn af konu sem Kristín hafði lært ensku hjá, ásamt ýmsu fleiru. Vonar að foreldrar hans heimsæktu þau. Undirbýr vinnu sína á bókasöfnum. Fréttir af heimilislífi, gardínusaum o.fl. --

-- Annars er ég eigi farinn að heilsa neinum af hinum háu höfðingjum, svo ég er alveg óráðinn enn í því hvernig þeir muni ætla sér að setja mig. Það eitt veit ég að Magnús Stephensen er enginn vinur minn og að hann muni eigi ætla mér neinn háan sess, en ég er satt að segja ekkert hræddur við Magnús, hann skal eiga það víst að ég verð eigi alveg eins *godmodig*[3] og Eiríkur bróðir. Hér þykir það *mildest talt*[4] undarlegt að Þórhallur[5] skyldi verða tekinn fram yfir Eirík.[6] Mér þótti ekkert að því þó mamma segði einhverjum að sér þætti undarlegt að Magnús *(landshöfðingi)* væri jafnan á móti sonum hennar. Magnús lagði á móti mér á þinginu. Hann lagði á móti Sigurði. Hann tekur Þórhall fram yfir Eirík og Halldóri neitar hann um styrk og vill eigi að hann losist við leikfimi og söng. --

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Khöfn. 19.4.1886.

-- Það er langt síðan jeg hef skrifað þjer línu. Jeg get ekki sagt neitt um álit Hilmars enn um embættið á Möðruvöllum; jeg hef eigi talað um það við hann enn. Með næsta skipi vona jeg að þú getir fengið eitthvað að heyra um það frá mjer.

Skrítið er brugg þeirra Arnljóts og Skapta og Hjaltalíns. Segðu mjer, hvernig þykja mönnum greinarnar í Þjóðólfi um Arnljót? Hann fær nú vonandi dálitla grein um skoðun hans á lagaskólamálinu. Það stendur svo óheppilega fyrir Arnljóti, að skoðun hans er í öllum atriðum orði til orðs hjer um bil alveg gagnstæð skoðun hans fyrri.

Jeg á að skila kærum kveðjum frá konu minni, heilsaðu konu þinni frá mjer.

Jeg bý rjett við Dosseringen nr. 30 og því mjög nálægt Moritz. Það er fallegt heimili hjá mjer. Sófi með rauðu ásamt 4 tilsvarandi stólum, ruggustól, blóm í gluggum, myndir á veggjum ásamt sófaspegli; kommóða og strástóll ennfremur í daglegu stofunni. Þar sem jeg er, þar er Chaiselongue, strástóll, 4 stólar, borð á miðju gólfi, en skrifborð út við glugga, 2 bókaskápar og myndir á veggjum. Svefnherbergið er fátæklegast. En hin herbergin eru svo fín, að jeg er alveg hissa.

Konan mín hefur verið hálflasin síðan jeg kom að heiman. Moritz rjeð til að hún lægi og hefði diæt, það hefur hún gjört í hálfan mánuð, en nú er hún komin á fætur fyrir viku og er held jeg albatnað.

Mikið skelfing eru þeir vitlausir læknarnir heima. Þórður ljet hana brúka spanskflugu fyrir neðan brjóstin hvað eptir annað, náttúrlega bara til ills. --

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Ytri-Ey 1.5.1886.

Hélt hlutaveltu í skólanum sem gaf 150 kr. og ætlar að halda aðra á Blönduósi. Á eftir fluttu nemendurnir kómedíu eftir Holberg sem Elín hafði þýtt.

---

[1] *Guðmundur Guðmundsson (1839-1913) bóndi á Auðnum á Vatnsleysuströnd, faðir brúðarinnar. Móðirin Anna Pálsdóttir (1843-1917) frá Hvassahrauni er yfileitt ekki nefnd á nafn nema í niðjatali Briemsættar.*

[2] Magnús Stephensen.

[3] *Vingjarnlegur.*

[4] *Svo ekki sé meira sagt.*

[5] *Þórhalur Bjarnarson, síðar biskup.*

[6] Hér var um stöðu fyrsta kennara við Prestaskólann að ræða. Mun Þórhallur Bjarnarson hafa verið tekinn fram yfir Eirík þar sem hann var kandídat frá Khöfn.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri Briem. Rvík. 5.5.1886.

Spyr hvort hann komi og kenni Vilhj. Ræðir stjórnarskrár-(tillögurnar) sem honum líkar ekki þar sem honum þyki maskíneríið of umfangsmikið.

Er ekki sammála HB um skilgreiningu á forseta í Bandar. og guvernör í Kanada og ber reynsluna saman við England og Belgíu.

Ingibjörg og Eggert G. Briem skrifa Susie Briem. Rvík. 5.5.1886.

Elskulega tengdadóttir!

Segja frá ferð Páls og Kristínar Br. til Hafnar, húsnæði þeirra og heimilishaldi. Segir frá breytingum á ýmsum æðstu embættum. Magnús Steph. landshöfðingi, Theodór Jonassen, amtmaður, Árni Thorst., fyrsti assessor, Jón Jónsson landritari settur bæjarfóg.

Líðan fjölsk. Segir nokkra Húnv. hafa beðið Eiríks um að bjóða sig fram til þings. Líka vildu Reykvíkingar fá hann en hann vildi ekki fara gegn Halldóri frænda Friðrikssyni. Óvissa er með starf Claessens við Knudtzonsverslun. Segir af Jóhönnu, dóttur þeirra, sem á að fermast á Höskuldsstöðum og kemur svo suður með Lauru. Sigríður kemur frá Djúpadal en Elín kemur landveg. Elín og Sigríður fengu gjafir frá nemendum sínum sem eru 20. Segir frá endurbótum á húsi og garði.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 31.5. 86.

Systir E.G.B., Jóhanna Kristjana Schütz dó 15.4. af apoplektisku[1] *slagi. Benedikta Arnesen Kall skrifaði minningargrein. Eiríkur E. Briem er fyrir norðan að bjóða sig fram.*

Tryggvi Gunnarsson skrifar Halldóri E. Briem. Oddeyri. 5.6.1886.

Kæri frændi!

Ræðir viðsk. þeirra milli, einkum skuldir Halldórs. Hann hafði sýnilega beðið TG um að mæla með sér við Nellemann Íslandsráðherra. Segir stytting þeirra milli, hann hafi ekki séð hann í vetur og því hafi það því enga þýðingu. Þarf líka meiri upplýsingar um kennslu til að geta það. Biður að heilsa Susie

-- og skila miklu hrósi fyrir hve fjarskalega og ótrúlega vel hún skrifar íslensku, hún má vera snillingur í tungumálum. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 12.6.1886.

Ýmsar fréttir, einkum erlendar. Biður um mynd af foreldrunum.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 30.6.1886.

Þykir lélegur kýrvöllur H.B. Vilhjálmur (bróðir H.B.) *sem er á leið norður til H.B. segir E.G.B að vonandi takist að stjórna honum því hann sé stíflyndur. Þau Ingibjörg vona að töluð verði enska við hann til að æfa hann, einnig að honum verði kennd latína. H.B. virðist veikur í hendinni eftir aðgerð. Ræðir umsókn um kennaraembættið.*

-- Palli réð þér frá að tala illa um Thoroddsen og eg ræð þér frá að gjöra það skriflega. Það vinnst ekkert með því nema auglýsa hatrið ykkar á milli, sumir trúa þér og sumir honum og sumir segja, að sjaldan valdi einn þegar tveir deila, Réttapróf mundu varla vinnast til að sanna hið gagnstæða og í öllu falli eigi tilvinnandi að standa í því.

Eptir langvinnar þrautir dó frændkona okkar Soffía Havstein[2] að kvöldi hins 14. þ.m. af brjóstveiki og tæringu. Móðir hennar sótti hana í haust til Hanfar, eins og þú veitzt, og hefur mjög mæðzt yfir henni í allan vetur, og er nú sjálf orðin úttauguð. --

[1] *Heilablóðfall eða eitthvað sem líkist því.*

[2] *Soffía Ágústa Hafstein (1863- Um regni grátnar grundir 1885). Glæsileg kona sem Hannes bróðir hennar saknaði mjög og orti um hana saknaðarljóð:...*

Benedicte Arnesen Kall[1] skrifar í tímaritið Fróða, 8. tbl. 6.7.1886.

Jóhanna Kristjana Schütz

fædd Briem á Íslandi 20.1. 1806, dáin í Bielefeldt á Þýskalandi 15.4. 1886.

Það er til minningar um einhverja hina fegurstu og bestu íslensku konu, að þessar línur eru ritaðar. Til minningar um hana sem í 62 ára fjarveru bar órjúfandi ást til feðraeyjar sinnar, hins fagra sögulands, sem engar ferðir, engin Suðurlandadýrð nokkurntíma gat burt numið úr hjarta hennar. Þess lands hvers mál hún skrifaði og talaði til dauðadags; og hvers syni og dætur hún lét sér svo ósegjanlega annt um til sinnar síðustu stundar.

* * *

Jóhanna Kristjana Briem var dóttir kammerráðs Briems, sýslumanns í Eyjafirði, er í byrjun þessarar aldar hafði gengið að eiga Valgerðir Árnadóttur og síðar byrjaði búskap með hinni ungu ágætu konu sinni á Grund í Eyjafirði. Þar fæddist Jóhanna Kristjana hinn 20. janúarmán. 1806 og eyddi þar hinum fyrstu glöðu og mjög svo skáldlegu æskudögum sínum.

> Minning þessara daga er geymd í kvæðaflokki með nafninu "*Jóhanna*", er bæði sérprentaður og í kvæðasafninu: *Fra mit stille liv* getur um hina fögru dóttur sögulandsins.

Þegar hún var á 12. árinu tók faðir hennar hana með sér á embættisferð er hann fór til Kaupmannahafnar. Samvistarmenn hennar dáðust mjög að hinu frábærlega fagra barni í hinum íslenska búningi.

Sýslumaður Briem, sem bæði var gefinn fyrir skáldskap og fagrar listir, hafði á stúdentaárum sínum lært uppdráttarlist á íþróttaskólanum í Kaupmannahöfn. Þar kynntust þeir og urðu hinir einlægustu vinir, hann og jafnaldri hans Albert Thorvaldsen, sem seinna varð svo víðfrægur. Þá dreymdi þá ekki um hina komandi framtíð eður forlög þau er síðar skipuðu öðru þessara ungmenna í fyrsta flokk frægustu manna Norðurálfunnar, og hinu í embætti í Eyjafirði, sem reyndar var heiðarlegt og farsælt, en sem enga eftirtekt vakti í hinni víðu veröld. En þó lífsstaða þeirra yrði mjög ólík, gleymdu þeir samt aldrei endurminningunni um þeirra ungdómsvináttu.

Meðal hinna mörgu skemmtana, já, af öllu því dálæti sem Jóhanna Briem hafði að segja frá og henni auðnaðist að njóta, var ekkert, eftir hennar eigin sögusögn er meira gladdi hjarta hennar, en þegar Thorvaldsen, hinn heimsfrægi snillingur, heilsaði henni sem Íslending og dóttur æskuvinar síns haustið 1826, þegar hún, með fósturforeldrum sínum, í fyrsta sinn kom inn í listaherbergi hans í Rómarborg. Hann þóttist þekkja á hinu fagra andliti svipmynd af föður hennar, sem hann sjálfur hafði gert á ungdómsárum þeirra.[2]

En hvernig var Jóhanna komin þangað frá hinu fjarlæga heimkynni sínu Eyjafirði?

* * *

Eftir að hún, eins og áður er sagt, ferðaðist til Kaupmannahafnar er hún var á 12. árinu, lét hún oft í ljósi mikla löngun eftir að sjá meira af heiminum. Þar eð faðir hennar átti góða vini í Danmörku gaf hann það eftir, að láta hana fara þangað til eins árs dvalar í Kaupmannahöfn. Og móðir hennar, er bar mikla ást og virðingu fyrir hinum lærða bróður sínum Páli Arnesen, er var búsettur þar, gaf samþykki sitt til þessa skilnaðar, en engan af viðkomendum grunaði þá að skilnaðurinn yrði ævilangur.

Jóhanna var þá 18 ára. Blíður byr bar hana til Danmerkur. Eftir að hún hafði dvalið hjá móðurbróður sínum P. Arnesen um nokkurn tíma, varð hún fyrir því láni að vera tekin sem fóstudóttir í hús vinar föður hennar, etatsráðs Börge Thorlacius. Þessi ágæti maður var giftur dóttur hins fræga sagnfræðings Abrahams Kall, - hún bar móðurlega umhyggju fyrir hinni íslensku ungu mey. Það var með þessum hjónum að hún fékk að fara hina skemmtilegu för yfir Þýskaland, Frakkland, Sviss og Ítalíu og vera lengi í Flórens, Róm, Napólí og París.

Alls staðar vakti hún eftirtekt, ekki einungis með sinni óviðjafnanlegu fegurð, sem þá stóð með mestum æskublóma, en jafnframt með sínu náttúrlega og tilgerðarlausa viðmóti. Hún talaði af fjöri og krafti, sem minnti á fossana þegar þeir frá jökulheimkynni sínu steyptust niður dalina. En þrátt fyrir alla þá upphefð og eftirlæti er henni var sýnd, þótti henni samt sú sæmd mest, að vera fædd á Íslandi og vera komin af hinum voldugu

[1] *Benedikte Arnesen Kall (1813-1895) var dóttir Páls Árnasonar sem nefndur var orðabókarhöfundur, höfundur gríska og latneskra orðabóka, skólamaður en mun hafa átt við þunglyndi að stríða. Þau Jóhanna og Benedikte voru því systkinadætur. Benedikte var þekktur rithöfundur, sem var ekki metin, eða fékk stuðning, vegna kyns síns. Hún skrifaði m.a. Småskizzer fra en Islandsrejse (1869 og 1871), um ferð sína til Íslands, bók sem ekki hefur komið út á íslensku undir dulnefninu Benedicte. Svona var það þá. Benjamín Kristjánsson hefur gengið í sjóð hennar í þeirri merku Eyfirðingabók. Ég held að bókin sé lokuð sagnfræðingum vegna þess að ferðabækurnar tvær voru skrifaðar með gotnesku letri. Fólk nennir ekki orðið að pæla sig í gegnum slíkt efni. Gagnmerk er bók hennar: Livserindringer, 1889, sem mjög fjallar um Jóhönnu.*

[2] *Hér er rætt um tvær ágætar myndir. Sigurður Líndal segir í inngangskafla sínum í Briemsætt (1990) að árið 1848 hafi prófessor L.L. Ussing málað eftirmynd málverksins af Gunnlaugi Briem sem málað var 1796-1797 og eftir henni hafi steinþrykksmynd verið gerð. Það tel ég vafasamt, en kem að því síðar.*

höfðingjaættum, sem til þess að varðveita frelsi sitt og sjálfstæði, fluttu sig frá Noregi, þegar Haraldur hárfagri gerðist þar einvaldur. Þetta nafn *Íslendingur*, sem henni þótti svo vænt um og ætíð lét nefna sig fyrir ókunnugum mönnum, hlýtur að hafa hljómað vel í Suðurlöndum, því eftir bæði munnlegum og skriflegum upplýsingum að dæma, hefur hún í þessari löngu ferð sinni, einkum í Róm, aflað sér mikils álits, meðal annars fyrir fegurð og gáfur.

Það væri of langt að tala hér um öll hin skemmtilegu, sumpart mjög skáldlegu ævintýri, er mættu henni á þessari tveggja ára ferð. En hún mátti og reyna að máltækið er satt: "*Engar rósir án þyrna*".

Hér skal þess aðeins getið að hún gekk að eiga hinn andríka og skarpvitra dr. Carl Schütz, er um tíma var skólakennari í Bielefeldt í Þýskalandi. Þau lifðu í farsælu hjónabandi næstum 55 ár og varð sjö barna auðið. Auk myrtuviðarkransins, er prýddi hana á brúðarbekknum átti hún einnig þá gleði að bera bæði silfur- og gullbrúðkaupskransinn.

Hin ágæta heilsa hennar og vel varðveitta fegurð gaf vinum hennar og frændum, börnum og barnabörnum, von um að henni með sínum elskulega gamla eiginmanni, einnig mundi auðnast að halda demantbrúðkaup sitt. En hinn 15. apríl þ.á. gerði dauðinn snögglega og þjáningarlaust enda á hennar breytilega og fagra lífi, langt frá hennar ættlandi, sem hún alla tíð þótti mesta hrós að kenna sig við og kalla sig:

Jóhönnu hina íslensku.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn, 31.7.1886.

-- Ég vonast eftir að sjá í blöðunum í kvöld eða á morgun officielt að Kristján Jónsson sé orðinn assessor[1] og Halldór Daníelsson[2] bæjarfógeti. Eins og ég skrifaði þér seinast var Nellemann mjög hugsandi út af veitingunni á bæjarfógetaembættinu, en Hilmar Stephensen lagði á móti mér svo sem hann gat og að lokum sigraði hann. Nú langar mig til að biðja þig að finna Magnús Stephensen og segja honum að mér hafi þótt heldur illt að fá eigi Reykjavík vegna bókasafnanna og ef hann fer a tala um dósentspláss þá skaltu segja honum að prófessor Goos hafi sterklega ráðið mér til að sækja því að dósentspláss sé alveg óvíst meðan pólitíska ástandið sé eins og það er -- Annars ræður þú hvort þú segir þetta, en hitt bið ég þig að spyrja hann að hvenær Gullbringusýslu verði slegið upp og ef lengi verði að bíða eftir því hvort enginn vegur sé til að ég geti fengið konstition.[3] Ég veit að Mangi hugsar mest um að koma Frans[4] að. -- Ég kemst af til nýárs, en þá koma dagar og þá koma ráð. Ef ég hefði gert mig að ílepp í skó M.St. þá hefði ég líklega fengið bæjarfógetaembættið, en nú ætla ég mér hvorki að vera íleppur í skó hans né annarra; og því er von að ekki gangi allt að óskum. -- *Segir frá veislum M.St. fyrir Valdemar prins. Spyr hvernig Ólafur bróðir hans kunni við sig í þinginu.* --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 31.7.1886.

Segir leiðinlegt -

--þetta ólag milli þín og rektors, mér þykir eigi von, að hann gæti gengið í lið með þér (officielt) móti frúnni.

Þau rektorshjón heimsóttu E+I og töluðu

-- þér ekkert illa til og eigi höfum við heldur heyrt neitt eftir þeim hér í bænum. --

Sagt að Paterson verði settur kennari. Rætt um bókasölu. Ráð um meðferð á bólgu.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 31.7.1886.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir mörg brjef og jafnframt verð jeg að biðja þig að misvirða eigi mjög við mig, þótt jeg hafi eigi skrifað þjer mikið um skólakennaraembætti á Möðruvöllum; jeg hefði auðvitað getað skrifað þjer, að jeg gæti ekkert skrifað þjer, en það lenti einhvern veginn í útideyfu fyrir mjer, og svo er nú líka svo langt á milli okkar að jeg get lítil ráð gefið þjer, þótt jeg hefði einhver, sem ekki er. Við erum nú líka svo ólíkir, að jeg held að það sje til ills eins, að jeg skipti mjer nokkuð af því, sem þú ert að reyna við. Mjer finnst þú t.a.m. eigi hafa haft nema illt af því, að jeg hef verið að ráðleggja þjer að sigla, og finnst mjer að þeim peningum, sem þú hefur varið til siglingarinnar hefði verið mun betur varið til einhvers annars.

Það gengur sú saga á Garði, að þú hafir skrifað Anderson sendiherra, að Paterson sje hættur við að sækja og þú hafir beðið hann um að hjálpa til að þú næðir í 1.kennaraembættið, en Anderson kvað segja, að hann blandaði sjer ekkert í þetta mál.

---

[1] Kristján Jónsson (1852-1926) frá Gautlöndum. Skipaður 2 yfirdómari í landsyfirréttinum og dómsmálaritrari. Varð síðar dómstjóri, amtmaður og ráðherra.

[2] Halldór Daníelsson (1885-1923) frá Glæsibæ í Eyjaf., síðar yfirdómari.

[3] *Ráðning.*

[4] Siemsen (1855-1925), sýslumaður í Gullbringusýslu 1886-'99, eftir það skrifstofumaður.

Ólafur Halldórsson sagði mjer fyrir skömmu, að Paterson fengi eigi "Indfödsret"; innanríkisráðgjafinn kvað segja að slíkt hafi aldrei verið veitt neinum, sem eigi hafi verið 15 ár í ríkinu, en þetta hefur Paterson eigi verið.

Það getur því eigi komið til mála að Paterson fái embættið. Þetta verður skrifað heim til Magnúsar Stephensens, en hvað hann gjörir veit enginn. Líklega setur hann mág sinn Jón Thorsteinsson til kennara. Jeg skrifa samt Jóni Jakobssyni um, hvort hann ætli eigi að sækja, og ennfremur ætla jeg að biðja pabba, að fara til Magnúsar Stephensen og tala um Jón Jakobsson við hann.

Jeg hef ekkert talað við Hilmar Stephensen um þig, enda var engin ástæða til þess eins og nú á stendur. Þar að auki er víst enginn vinarhugur hjá Hilmari Stephensen til mín. Þegar Magnús Stephensen kom rægði hann mig eptir mætti í mínisteríinu, - hann óttast að jeg muni kasta skugga á hans eigið lagaljós - svo að Hilmar er orðinn mjer ærið andstæður. Jeg sótti nú um bæjarfógetaembættið, við Halldór Daníelsson erum hjer um bil jafnir, en það hefur verið vani að láta þá, sem liðugir eru, ganga fyrir þeim, sem nýbúnir eru að fá embætti, og svo var mjer mjög áríðandi að komast til Reykjavíkur vegna bókasafnanna. Goos og Vilhjálmur Finsen gáfu mjer sín beztu meðmæli, enn Hilmar Stephensen lagði það sem hann gat á móti mjer, og eptir nokkra baráttu hafði hann sitt fram hjá Nellemann.

Það er við ramman reip að draga, þar sem þessir Stephensenar eru; jeg hugga mig að eins við það að jeg get ef til vill gert þeim eitthvað til ills á móti. Gaman þætti mjer, ef þú skrifaðir mjer hvernig Nilla gengur, og hvort þú ert búinn að semja ísl-ensku bókina sem Anderson ætlaði að láta prenta og hvort þú hefur haft tíma til að útleggja Paul Arnesen.

Heilsaðu Villa og konu þinni einlæglega. Kona mín biður að heilsa. Okkur líður báðum vel. Jeg er alltaf á söfnunum að grúska í gömlum dómum.

Vertu sæll. Þinn elskandi bróðir Páll Briem

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 17.7.1886.

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir tilskrifið.

Okkur hjer líður einkar vel og konan kennir sjer einskis meins; við höfum farið í sjó og það bætir heilsuna. Jeg er nú annars aldrei veikur nú orðið, nema ef jeg jet eða drekk of mikið. Jeg sendi þjer Chaiselongue sem mjer væri mikil gleði að ef þú legðir þig í hann einstöku sinnum Jeg var sjálfur með hann niður við skip og borgaði undir hann. Jalúsíurnar hafði jeg svona háar af því að húsin fyrir ofan þig liggja svo hátt, en annars má vel klippa eða skera ofan af þeim.

Jeg er að sækja um bæjarfógetaembættið, en mjög er tvísýnt að jeg fái það. Halldór Daníelsson sækir á móti. Hann skrifaði með fyrri ferðinni að tengdafaðir hans vildi að hann sækti, en hann kvaðst eigi vita "hvort hann vildi gína yfir því stykki." Halldór Friðriksson og Magnús Stephensen hafa þó fengið hann til að sækja. Magnús St. vill fyrir hvern mun útiloka mig frá Reykjavík, og það hefur hann sagt Hilmari frænda sínum að jeg væri hættuleg persona. Frans á að fá Gullbringusýslu og þar var því um að gjöra að narra mig frá, en það var með því að telja mjer trú um að dósentpláss við háskólann lægi opið fyrir mjer, ef jeg disputeraði. Hilmar gerði sitt bezta, en hann sagði sínu sinninu hvað og svo fór jeg til Goos og hann sagði að þetta plan væri allt "ins blaue hinein" út í veður og vind og rjeð mjer eindregið til að sækja heim. Svo gaf hann mjer ágæta meðmælingu og Vilhjálmur Finsen einnig. Hilmar varð fjarska fúll þegar hann sá hvað verða vildi og lagði á móti mjer það sem hann gat við Nellemann, en - Nellemann fjellst eigi á þetta strax; jeg var hjá Nellemann í gær; hann tók mjer ekkert vel, enn kvaðst þurfa að yfirvega þetta nákvæmlega. Svona standa sakirnar og er því vafinn mikill. Kristján Jónsson er talinn viss um assessorsembættið og ef það verður og jeg kemst eigi í Reykjavík þá sæki jeg um Hafnarfjörð.

Það sje jeg að ekki hefur Eiríkur, fremur en vant er, interesserað sig fyrir hvað verður um systkini sín. En hann má nú líklega elska Magnús í friði fyrir mjer úr þessu. --

Konan biður kærlega að heilsa. Jeg bið ástsamlega að heilsa mömmu og systkinunum. --

Sigríður Ólafsdóttir Briem skrifar Susie Briem. Hofi. (1886?)

-- Ég þarf bara að segja þér því Valgerður[1] giptist ekki, hún segir (biður að segja þér) að það sé allt þér að kenna!! þú hefir verið svo ónýt að útvega sér Sigurð Briem, hún sagðist bara vera bráðskotin í honum og engum öðrum!! Þú getur nærri hvað þetta er alvara, en okkur leist fjarska vel á Sigurð þegar hann kom.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 28.8.1886.

Ræðir starf HB á M. og misklíð við Hjaltalín, sem honum þykir miður, sem og undirróður Hjaltal. gegn HB v. skólapilta. Hafi runnið út í sandinn er HB fékk organista á Ak. til að kenna söng. Síðan séu nemendur hlynntir HB.

[1] *Valgerður Davíðsdóttir (1874-19569, giftist aldrei, bústýra Hannesar bróður síns á Hofi í Hörgárdal.*

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.9.1886.

Ræðir lél. heyskap og slæmsku í hönd HB. Rætt um Paterson og stöðuna.

-- Eg veit eigi, hvaðan þið Páll hafið fengið þá skoðun, að Eiríkur sé nú svo mikils megandi hjá landstjórninni, og geti komið því og því til leiðar, mér finnst hann bera til ykkar -- velvilja, þó hann vilji eigi eða ráði ykkur þá að fara fram á það, er hann sér eða álítur, að eigi geti haft framgang. --

Segir frá alþingi, Sigríður fór norður að skólanum að Ytri-Ey. Elín fór með Ólafi bróður sínum landveg:

-- hann talaði þó nokkuð og það skörulega. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 4.9.1886.

Segist hafa keypti lítið fortepíanó fyrir Elínu systur sína og sendir það brátt heim. Kostaði með umbúðum 200 kr. Segist enn ekki hafa talað við menn v. Gullbringusýslu en telur sig þó vissan. Nefnir ákveðinn tíma til að flytjast heim. Langar til að búa í Rvík vegna bókasafnanna og ræðir fleiri áætlanir - starfsmenn o.fl. því þar sé hann miðsvæðis við Seltirninga, Mosfellinga og Kjósverja. Ræðir um nauðsynl. matarforða, saltkjöt, niðursoðið kjöt, slátur, smjör o.fl. Ræðir um húsnæði í Glasgow sem Gunlaugur bróðir hans hafði. Segir sig þurfa afskrifara í Höfn til að hjálpa sér v. heimildavinnu.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 24.9.1886

Heyskapur og handarmein. Páll kemur ef fær sýslu. Vandr. með embættið.

-- Það eru sumir að tala um, að Möðruvallaskólinn muni eigi verða langgæður. ---

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Khöfn. 25.9.1886.

-- Segist lítinn tíma hafa vegna uppskrifta skjala og dóma. Ræðir enn heimför.--

Ég held mér hafi orðið það óvart að ég hef farið nokkrum hörðum orðum um hinn hæstvirta landshöfðingja í bréfinu til þín. Bón mín til þín um að fara til Magnúsar var eiginlega ekki komin af því að ég héldi að það hefði neinn árangur, heldur sú, að mig hálflangaði til að fá að heyra hljóðið í þessum mikla manni.

Þú minnist á að ég fái uniform hjá þér og þykir mér vænt um það. En heldurður að það passi á hann *litla Pál*. Ég kom í fyrra í frakkann og hann fór vel og líklega má taka af buxunum ef þær eru of síðar; en er þetta úníform eigi of gott til að slarka í því. Húfu þarf ég víst að fá mér? --

Eggert G. Briem til Halldórs Briem. Rvík 20/10 86

Elskulegi sonur minn!

Veður. Trúlofun Valgerðar fósturd. Tryggva G. og Þórhallar Bjarnarsonar skrifstofustj. biskups. Ræðir búsetuáform HB í Dunhaga, Spónsgerði eða Hallgilsstöðum og fjarl. frá Möðruv.

-- Þú getur til, að mér kunni að þykja þú hafa getsakir gegn frænda,[1] en það kemst maður eigi hjá, en hinsvegar svekkjast maður ekki einungis af heiminum, heldur og af sjálfum sér, og það er mitt álit, að sjaldan valdi einn, þá tveir deila, og þó jeg sé annar þeirra. Blindur er hver í sjálfs sín sök, segir máltækið, en jeg þykist hafa það fram yfir suma og jafnvel marga, að sjá feil sjálfs mín, og því þykist eg líka vera hógvær og eigi *jalou*, en dáðlaus er eg ei? --

Skúli Thoroddsen skrifar Páli E. Briem. Ísaf. 8.11.1886.

-- *Þakkar bókakaup.* -- Ég veiti nú eigi hvort ég á að rita þig í Höfn. *Galdralivíus* - skrifaði mér að þú myndir viss með Gullbr. & Kjósarsýslu og ertu þá ef til vill farinn að garfa í einhverjum fiskiveiðamálum.

Nú er þá *Þjóðviljinn* kominn á skoðunarvöllinn, ekki veit ég hvernig ykkur líkar hann Hafnarbúum; ég á að heita einn í ritnefndinni, þótt eigi sé hafandi í hávegum; það mun ekki meira en svo vel séð á sumum stöðum. Geistlegheit hef ég til beggja handa. Síra Sigurður er góður, en síra Þorvaldur allt varkárari.

Annars gengur lífið bærilega eftir hætti, eins og sagt er. Lítt þykir mér Velv. láta til sín heyra. Eitt lítið flugrit, væri það eigi samboðið tímanum?

Stemmningin utan þings verður að vera áköf bæði til að reka þingmenn vora áfram, sem sumir munu dottandi, sem og til að sýna stjórninni að ekki sé við lamb að leika.

Árferðið er víða slæmt; reyndar eigi til muna hér, en getur andinn eigi hafist hátt fyrir því? Parlamentarisk stjórn er það eina hér hjá oss sem eitthvað *fut* gæti sett í hlutina; þá kæmi keppnin og hver flokkurinn reyndi að koma þjóðinni upp *ækonomiskt* með gagnlegum reformum.

[1] *Frændi, Stefán Stefánsson og Halldór voru fjórm.*

Heilsaðu kærlega Finni *(?)*, daufur finnst mér hann í dálkinn, sá heiðursfursti, í seinni tíð, en hann gengur kannski með dósentinn í maganum?

Berðu kveðju *foglinum*, hvort er hann nú mýldur? Kjaftinn hafði hann uppi áður. Fyrirgefðu hripið og láttu mig sjá línu um lífið í höfn. --

NB Ég styrki flugrit, ef fjör og kraftur er í því. --

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík 9.11.1886.

Elín keypti píanó í Höfn fyrir 200 kr. og fær Jóhanna að æfa sig á það. Sigríður stendur sig vel á Ytri-Ey. Ben. Sveinsson vill að Þingeyingar kaupi Héðinshöfða f. búnaðarskóla. --

Páll E. Briem skrifar til Finns Jónssonar. Á Lauru, Þórshöfn. 15.11.1886

-- Jeg býst við að mjer veiti eigi af tímanum, þegar jeg kem til Reykjavíkur; og hripa þjer því nokkrar línur hjeðan, til að byrja með. Ferðin hingað hefur gengið mikið vel, en nú erum við búin að vera hjer í 2 daga, og ekki er enn búið að skipa upp vörunum sem eiga að fara hingað.

Á morgun förum við til Klakksvíkur, en þar verðum við varla laus fyrr en á miðvikudag. Þú mátt trúa, að þetta er eigi skemmtilegt, að bíða hjer í nærri því 4 daga og eiga svo stutt eftir til Íslands. Við komum til Reykjavíkur á laugardaginn, vonar kapteinninn, og þá byrjar landferðin fyrir mjer, og hálfkvíði jeg fyrir. Það verður varla skemmtileg ferð á einhverri dárlegri bykkju að fara vestur í sýsluna, en það er nú eigi vert að tala um það.

Þú manst nú víst eigi mikið eftir Þórshöfn, síðan þú varst hjer sumarið 1878, einkanlega af því að þú komst eigi í land. Þórshöfn er eins og hún var þá og eins og hún mun verða, ef þú einhvern tíma á æfinni heimsækir hana. Húsin standa langsetis og þversum og sum hálf út á götuna.

Lützen kaupmaður, bróðir Lützens sem var á Garði með okkur sagði mjer: Amtmaðurinn hafði leyfi til að gjöra undantekningar frá byggingarlögunum og þessvegna standa sum húsin þversum og hálf út í götunni. Jeg var inni hjá þessum Lützen í dag. Hann sagði mjer að bróðir hans væri á Grænlandi, liði vel, prestakallið hans væri 150 danskar mílur í norður frá prestagarðinum og 100 mílur í suður og þegar bróðir hans væri að húsvitja væri hann rjetta 2 mánuði á ferðinni.

Hjer í Þórshöfn er verið að byggja guanofabrik og eru Færeyingar stoltir af.

Hingað er líka kominn íslenskur hestur, jarpur að lit, en (af) honum eru Færeyingar alls ekki stoltir, enda er hesturinn svo letilegur að hann er verri en sú versta mótrunta í Reykjavík.

Jeg hef talað hjer við ritstjórann að Dimmalætting, er Effersö heitir, hann heyrir víst til "Skaanselmændene". Hann kvaðst lesa íslensku blöðin og skilja hið mesta. Jeg sá einnig færeyskan bónda, svila Jóns Ólafssonar ritstjóra. Kona hans heitir Kristín og er systir konu Jóns Ólafssonar; hún var um tíma í Reykjavík og var þá kölluð Reykjavíkursólin, sagði frú Thorsteinsson mjer. Þessi maður hennar var klæddur allt öðru vísi en aðrir færeyskir bændur, sem allir hafa stromphúfur og prjónaðar peysur og stuttbuxur og færeyska skó. Þessi var öðruvísi. Konan hafði fært hann í stígvjel, langbuxur, svartan jakka, hvítt brjóst og hatt. Jeg hætti nú að sinni, en bæti einhverju við síðar.

27. nóv. Rvík. Jeg bæti engu við öðru en að jeg ætla vestur með jakt, sem Jón Guðmundsson kaupmaður á. Jeg verð víst kominn vestur 1. desember, ef skipið leggur fljótlega af stað og vel gengur. --

Eggert E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 30.11.1886.

-- Palli kom með skipinu frá Höfn; hann hefur fengið Dalasýslu og var honum veitt hún frá 1. des.; hann var svo heppinn að hér á höfninni liggur þilskip frá Flatey sem fer óðara og byrjar vestur þangað og fær hann þar far með allt sitt fyrir góð kjör og er það hinn mesti munur en að fara landveg og ég tala nú ekki um að koma flutningnum. Hann var fyrst að hugsa um að vera hér í vetur en að fá Hannes til að þjóna sýslunni á meðan, en frá því hefur hann alveg fallið. Kristín ætlar með honum, en þar eð þau koma svo seint verða þau í kosti hjá öðrum og vita náttúrlega ekkert hvar þau verða.

Ekki get ég láð Kristínu það þó henni sé illa við M. Steph. því af hans nótum er það runnið að Páll fékk ekki Gullbringusýslu, því ekki verður því neitað að leiðinlegra er að geta ekki verið nálægt vinum sínum og ættingjum, en allt um það er þó ekki glæsilegt að koma að Gu.*(llbringusýslu)* að því er sagt er. Glæsilegt er það nú óvíða á þessum árum. --

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 2.12.1886.

-- Þú sérð sýsluveitingarnar í blöðunum. Franz Siemsen fékk Gullbringusýslu - 3200 kr., Jóhannes Ólafsson, Mýrasýslu - 3500 kr. og Páll Briem, Dalasýslu - 2500 kr. Hann og kona hans eru nú að búa sig af stað vestur með jagt frá Flatey, sem hér er stödd, heitir Andrea, Skipstjóri Bjarni Vigfússon, sýslumanns í Strandasýslu

Thorarensen. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík 2.12.1886.

Páll er búinn að fá minnstu sýsluna, Dalasýslu og bíður fars. Furðar sig á að HB hafi tekið við Möðruvallajörð vegna dýrleika. Hann sé ekki til búskapar fallinn. Páll hugsar ekki til búskapar. Ætlar ekki einu sinni að eiga kú.

Páll Briem skrifar Eggert G. Briem. Staddur í Flatey 12.12.1886

-- Við komum hingað fyrir 2 kltímum og nú er kl. 10½. Jeg sendi þjer það sem jeg skrifaði um borð í Andreu í fyrradag um morguninn. Þú sjerð af því að þá hefur ekki verið álitlegt; síðan hefur allt gengið betur. Skipinu hefur gengið ákaflega seint því að oft hefur verið nærri logn og allt af á móti, en fyrir þetta hefur konunni batnað svo og hresst að hún er nú töluvert brött og hefur held jeg ekkert illt af ferðinni. Vatnið hefur verið bærilegt á skipinu tvo seinustu dagana, þá var tekið á nýrri tunnu, hitt vatnið var líka voðalegt. Jeg fæ flutning hjeðan fyrir 45 kr. að Staðarfelli og þykir mjer það gott. Stýrimaðurinn sem var með Andreu hefur tekið þetta að sjer.

Það er komið kveld. Jeg bið ógn vel að heilsa. Konan biður líka innilega að heilsa. Síra Sigurður Jensson tók hjer á móti okkur og bauð okkur heim og hefur verið mjög góður. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Staðarfelli. 16.12.1886.

-- Þá er jeg hingað kominn og erum við fegin mjög. Konan hefur haft stranga ferð, en hún kennir sjer einskis meins. Við fórum frá Flatey 14. þ.m. og ætluðum hingað, en svo frettu þeir sem fluttu okkur að hingað væri eigi hægt að komast fyrir ís með landi fram; þeir settu því allt dótið í land á Arnarbæli, langt frá bænum og þar bíður það. Við vorum svo í Arnarbæli í fyrri nótt og komum hingað í gær og frjettum við þá að hjer er ekki ís og nú er bóndinn að búa sig af stað til að sækja það.

Þú getur eigi trúað hvað við urðum fegin að þessi ísfregn var ósönn. Fólk hjer hefur verið oss meir en gott. Þegar við komum í Flatey kom prófasturinn sjera Sigurður Jensson og bauð okkur heim og þar áttum við ágætt. Síðan komum við fyrst í Dagverðarnes og fengum þar kaffi og sukkulade. Í Arnarbæli býr Arndís, er gipt var Jóni Blöndal og maður hennar Brynjólfur nokkur Bjarnason. Þar áttum við góða nótt. Frændkona mín Oddný Þorsteinsdóttir, ekkja Boga Smiths var veik um kveldið en bauð okkur svo niður til sín um morguninn.

Bróðir Brynjólfs, sem Hákon heitir og býr á Kjallaksstöðum, útvegaði okkur hesta og fór með okkur hingað og var hann að skýra mjer frá ýmsum mönnum í sveitinni á leiðinni.

Fólk hjer er mikið gott. Hannes Hafstein borgar 50 kr. á mánuði, en hvað segir þú um það að við bæði borgum 60 kr. á mánuði. Þetta á jeg konunni að þakka því að hún fór til konunnar hjer og lagði niður fyrir henni smátt og stórt, hvernig við vildum hafa það, og svo borgum við eigi meira en þetta. Hannes hefur verið að skila af sjer í gærkveldi og skilar nú af sjer bráðum ýmsum bókum upp á lopti. Hann fer hjeðan í dag og ætlar að reyna að ná Rvík fyrir jól. Hann var fastur í því, sem jeg vissi ekki, að hann ætti að fá öll hálf launin fyrir desember, en mjer þykir það ekkert óeðlilegt og borgaði honum 104 kr. 17 aura. Skrifaðu mjer hvað þú álítur rjett í þessu efni. Hannes skilar af sjer 15. des.

Ekki leið á löngu að jeg þyrfti að gjöra sýslumannsverk. Hjer liggur fyrir mjer brjef frá hreppstjóra fram í Dölum um þjófnað. Jeg fer í það mál líklega á morgun eða hinn daginn. En vil vera kominn aptur fyrir jól.

Jeg bið ógn vel að heilsa mömmu og systkinum mínum. Jeg bið þig að slá utan um brjefin að Auðnum. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 20.12.1886.

Segir frá húshaldi, konu sem mjólkar kú þeirra og eldar máltíðir. Hefur skrifað ósk um að að búa á Björgum. Styður Hjaltalín það.

1887

Ingibjörg Sverrisdóttir Briem skrifar Susie Briem. Rvík. 6.1. 1887.

Segir frá veikindum Sigríðar dóttur sinnar og lækningu Schierbeck. Kristjana (Havsteen) hafi sótt Soffíu dóttur sína til Hafnar í haust og ekki mikil von um að henni batni. Lítið um að vera en þau voru hjá Eiríki á jóladag og hjá Gunnlaugi á nýársd. Segir af heimsóknum til biskups, rektors, landshöfð. og séra Helga (Hálfd.). Þá segir hún af kú sem þau keyptu í haust og hafa selt mjólk úr fyrir 40 kr. Eggert gengur heldur vel í 4. bekk, vonar að Vilhjálmur í 1. bekk komi til. Skrifari (EGB) biður að heilsa.

Jóhanna E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 7.1.1887.

-- Hannes Hafstein kom fyrir jólin hingað. Þá fengum við fréttir af Páli og Kristínu; þau eru sest að á Staðarfelli, þar sem Hannes var, og hafa þau það gott þar. Þau eru þar í kosti og borga 60 kr. um mánuðinn fyrir húsnæði og mat, kol og steinolíu fóru þau með héðan. Þau voru sex daga héðan og til Flateyjar og hafði verið illt að vera á skipinu sem þau fóru með. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 14.1.1887.

-- Það hefur verið haldinn einn fundur í Velvakanda. Að eigi hafa verið haldnir fleiri er náttúrlega að kenna fjandskap þeirra máganna Mortitzar og Finns. Fundurinn var einkum um kosning eða framboðning Mórs í Vestmannaeyjum. Hann gekk vel og voru allir ánægðir. Bogi var svo glaður að hann þakkaði hverjum með handabandi og blessaði sinn komudag í félagið; alltaf er áhuginn hjá honum og hann einlægur. Ég tek það fram af því mér finnst einhver tortryggni og eigingirni standa á bak við hjá mörgum. Eigi þyrði ég að eiga mikið undir þeir eða byggja mikið á þá fyrir framtíðina, þeir geta ætíð hengt hatt sinn á eitthvað. Ég skal ekki vera að skrifa þér hvað gerðist á fundinum. Bogi mun hafa í hyggju að gera það.

Moritz er mjög begeitsaður yfir því að hafa komist á þing. Ég gekk með honum á sunnudaginn út að vötnunum; einhvernveginn barst það í tala að ég sagði honum að það eina sem sagt væri um föður hans í litla conversationslexiconinu væri að hann hefði verið stoð Jóns Sigurðssonar í frelsisbaráttunni; hann greip það strax og sagði að alveg sama sambandið væri milli sín og þín og var lengi í hreinustu einlægni að breiða sig út yfir það að svo mundi verða. Hann skrifar þér náttúrl. um hvað hann hafi afrekað og sagðist mundi senda þér morgunblaðið, þau númer sem eitthvað væri í um Ísland. --

Segir nákvæmlega frá fundi í Bókmenntafélaginu 12.1. og samþykktum gegn rvíkurdeildinni um að leggja hafnardeildina niður ásamt ýmsum fleiri fréttum ásamt viðræðum þeirra Tr. Gunn. um grein sem hann er að skrifa um bankamál. SEB er ekki sammála henni og sagðist mótmæla ef hún britist. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Staðarfelli. 15.1.1887.

-- Okkur líður bærilega, en ég kann hreinl. ekki vel við mig hér nema því aðeins að ég mætti til. Ég sæki ekki um sýslumannsembætti héðan, held ég, en aftur á móti vil ég fyrir hvern mun komast til Reykjavíkur og legg ég því fullmagt til þín um að sækja um yfirréttarmálfærslu, ef ske kynni að það yrði veitt, og bið ég þig að fara með bréfið undireins og þú heyrir um að það sé laust. Annars best að þetta fari lágt þangað til að því kemur.--

Biður um ýmsa fyrirgreiðslu. Segir af dómsmáli og spyr ráða.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 4.2.1887.

Ræðir að slöifa *eigi Möðruvallask. Ingibj. hefur áhyggjur yfir vegalengd sem HB þarf að fara frá Björgum. Ræðir búskaparhugmyndir. HB.*

Eggert G. og Ingibjörg Briem skrifa Susie Briem. Rvík. 4.2.1887.

Ræðir fjölskyldufréttir S.B. frá Ameríku o.fl.

Jóhanna E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 4.2.1887.

-- Það er alltaf verið að hæla þér fyrir hvað þú stýrir vel kvennaskólanum og svo náttúrlega um leið hvað sé gott að vera á Ey; ég heyri alla taka hann langt fram yfir bæði Laugalands- og Reykjavíkurskóla.

Veistu hvað, það ekki nema gengur stanslaust hér um bæinn að þú sért harðtrúlofuð, það var skrifað norðan úr Eyjafirði. Sá lukkulegi, segir fregnin, að sé Andrés Árnason, kaupmaður á Skagaströnd. --

Frederikke Briem skrifar Susie Briem. Hafnarfirði. 6.2. 1887.

Gott að vera í Hafnarfirði á sumrin, geta ræktað rófur, grænm., rabarbara og blóm. Ræðir sjúkleika SB.

Spyr um hvernig umgengni við Hjaltalín gangi. Heyrir að aðeins fjórar stúlkur séu á Laugal. Einar á Hraunum bað Gunnlaug um að taka við Jórunni dóttur sinn og verður hún hjá þeim sem stofustúlka. Önnur er í eldhúsinu frá Hafn. í grófum verkum og í sumar verða tvær stúlkur sem passa Ólaf. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 28.2.1887.

Nefnir fund í Bókmenntafélaginu en býst við að Ólafur Halldórsson hafi sagt frá honum. Á eftir var fundur hjá Moritz með Korsgård í Velvakanda og einkum rætt um stjórnarskrána. K. sagði að þegar vinstri menn kæmust að í Danmörku myndum við frá selvstyre. Þjóðin (einkum landsbyggðin) væri hlynnt Íslandi. Voru allir, einkum Moritz, glaðir með fundinn og sagðist hann geta sæst við Finn. Segir rækilega frá mönnum og málefnum. Eru æsingar í mönnum þar og út af Bókm.fél. svo að Klemens Jónsson er á tveim dögum tvisvar búinn að segja sig úr Velvakanda.

Rætt um Möðruvallaskólann og að Stefán (Stef?) muni sækja á móti Valtý Guðm. um embættið og eigi stuðning Moritz. Segist ætla að reyna að fá hann af þeirri skoðun.

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Staðarfelli. 1.3. 1887.

-- Mikið þótti mjer vænt um bækurnar frá þjer og brjefið, því að dauflegt er hjer vestra. Það er auma lífið, sem jeg hef. Jeg hef það versta úr sveitalífinu og kaupstaðarlífinu til samans og máttu þá geta nærri, hvernig það er. Það er gott við sveitalífið, að vera höfðingi á sínu heimili, vera eins og patríark; eiga góða hesta og eiga skepnur sem maður hefur gagn og gaman af, en þetta vantar mig alveg. Húsakynnin og mataræðið eru eins og í kaupstað, en ekki vil jeg bera það saman, svo vantar mig bækur og blöð; þú getur ekki trúað, hvað jeg tek út af slíku. Jeg er óviss um, hvort jeg mundi geta vanið mig við það. En þú veist nú líklega; þegar þú færð þetta, hvort jeg þarf að venja mig við það eða ekki. Áður en skipið fór seinast, vissi jeg ekkert um málfærslumannsembættið, að það væri laust, en til vonar og vara bað jeg föður minn að sækja um það, og vona jeg, að jeg fái þetta. Þjer þykir líklega undarlegt, að jeg skuli sækja um þetta, en hvað skal segja, jeg vona að jeg geti lifað í Reykjavík og þá er betra þar að vera en hjer.

Mikið kvelst jeg af bókaleysi og blaða. Mikil hörmung er að vita ekkert um það, sem skeður í heiminum. Jeg hef fengið Illustr. Familie Journal frá Ólafsdal og hef jeg lesið í honum hvert einasta orð frá upphafi til enda og auglýsingarnar með og er nú farinn að lesa hann upp aftur. Jeg er enn þá svo eins og þú manst ef til vill eftir að mjer þykja dagleg störf leiðinleg nokkra daga og þarf þá að fá eitthvað til að hressa mig á af öðru tagi.

Konan mín hefur verið lasin nokkurn tíma og hefur það eigi verið skemmtilegt. Hjer er enginn læknir nema hómópatar. Það kom maður af Skarðströndinni og var farið að tala um lækna. Sagði hann að einn væri þar á Ströndinni, sem fyrst hefði byrjað í vetur, einstakur gæðamaður, gáfumaður og menntaður. Nefndi hann ýms meistarastykki og bætti svo við: "*Jeg veit það, að hann á þrjár bækur, ein er víst lækningabók og hinar eru held jeg útlendar. Þetta hefur hann komist af sjálfum sjer*". --

Konan mín biður kærlega að heilsa þjer og konu þinni ásamt Jóni og bið jeg þig sömuleiðis að bera bestu kveðjur.

Segðu mjer hvernig þjer líkar *Goðafræði* eftir Halldór bróður minn. Ef þjer þykir svo, væri rjett af þjer að anmelda hana með fáum orðum. Vertu sæll. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 2.3.1887.

Rætt um búskap, byggingar og framtíð skólans. Einnig að hugsanl. sé að Susie verði fyrir sunnan næsta vetur. Rætt um óreglu Kristjáns Þorgrímssonar sem gjaldkera og hugsanl. málshöfðun amtmanns gegn honum.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Staðarfelli. 6.3.1887.

-- Ég þakka þér innilega fyrir tilskrifið og umsóknina, allt og allt. Ég hef hugsað svo vandlega um hvort ég ætti að sækja um málfærslumannsstöðuna að ég er þar eigi í neinum vafa; fái ég hana eigi reyni ég að fá skipti við þann sem fær hana. Ég er hér eigi á minni hillu og þú þekkir hvernig lífið er fyrir þeim sem svo er ástatt fyrir. Það er líkast til að dragi til þess sem verða vill fyrir mér. Ég kasta mér í faðminn á pólitíkinni. Ég veit það verður eigi náðugt líf sem ég fæ; ég er viss um að ég get þá gert meira gagn en hér. Reyni að komast á þing svo fljótt sem hægt er. Þú hristir ef til vill höfuðið yfir þessu. Það segi ég þér satt að ég skal láta til mín taka og verða eigi lakastur bræðra minna. M.St. og H.St. hafa sett mig út í horn þar sem ég á að verða óskaðlegur eins og rússneska skáldið sem rússakeisari setti í herinn í Kákasus. Eftir sjö ár sendi hershöfðingi hann heim, sagðist halda að nú væri hann óskaðlegur, enda var það orð að sönnu, hann var orðinn hálfgerður vitfirringur. --

Páll E. Briem skrifar Eggerts G. Briem. Staðarfelli. 12.3.1887.

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir tilskrifið frá 1. mars og allt annað gott. Mig langar gjarnan til að fá allt Dagblaðið, sem er í þínum höndum, með næsta pósti. Nú vona jeg að veitingin á málfærslustöðunni komi með

skipinu og þá fær þú að sjá hvað verður.

Ef jeg fæ málfærslustöðuna þá vil jeg helst þinga hjer í Dalasýslu og fara eigi hjeðan fyrri en í júnímánaðarlok. Jeg vil geta komið suður svo fljótt að jeg nái í alþingi og verði skrifstofustjóri í sumar. - Jeg vil með engu móti fara hjeðan fyrr en með maíferðinni, eins og eðlilegt er.

Jeg held þetta sje nóg til þess að sýna minn vilja, en annars ræður Magnús þessu víst án þess að taka tillit til mín.

Annars hef jeg nú litla von um að fá þessa málfærslumannsstöðu. Þorleifur skrifaði mjer að hann hefði komið að máli við Jón Jensson[1] um sókn mína og hvort jeg mundi ekki fá plássið. En Jón sagði: "*Nei, hann fengi hana ekki þó enginn sækti, því að það gengur ekki að skipta emb. mönnum í sýslum svona oft*". Þetta eru auðsjáanlega orð Magnúsar Steph.

Ef jeg nú ekki fæ plássið þá vil jeg samt ekki hætta; þegar Skagafjarðarsýsla verður veitt, þá losnar hitt plássið sem Sigurður Þórðarson hefur og þá sæki jeg um það og hóta því í fullri alvöru að segja af mjer, ef jeg ekki fæ það. Ef nú Sigurður ekki fær sýsluna heldur Hannes, þá fer jeg að reyna við hann að fá skipti á málfærslunni og Dalasýslu. Samt vil jeg helzt fá að vita sem allra fyrst hvað Magnús ætlar fyrir sjer, og ef jeg því eigi fæ málfærsluna núna, þá bið jeg þig að fara til Magnúsar og spyrja hann að hvað valdi þessu og hvort hann muni eigi mæla með því að jeg fengi hina málfærslustöðuna. Þú mátt vel segja að jeg hafi verið að hafa við orð að segja af mjer ef mjer væri sýndur slíkur ójöfnuður. Þó að Magnús sje ekkert góðmenni þá flýgur hann þó valla í þig þótt þú segir honum þennan sannleika. Skrifaðu mjer svo nákvæmlega sem þú getur orð Magnúsar, þvíað undir þeim er komið hvort jeg hugsa til að sækja um plássið eða jeg læt líða um dal og hól og fer að útbúa mig í herför gegn Magnúsi.

Jeg minntist áðan á að ég mundi ef til vill segja af mjer og er mjer þar full alvara. Svo er mál með vexti. - Þetta er mesta leyndarmál. - Þorleifur Jónsson hefur boðið mjer Þjóðólf til kaups fyrir viðunanlega kosti. Eins og nú er þá á Þorleifur útistandandi hátt á annað þúsund króna, en hefur fengið inn 1600 kr. framyfir allan kostnað. Þjóðólfur gefur því af sjer fram yfir kostnað allan ca. 3400 kr. Þorleifi er Þjóðólfur alls eigi útfalur heldur gjörir hann þetta mest af því að hann vill að blaðið komist í mínar höndur og jeg fari að gefa mig allan að póltitík og þurfi eigi að kuldast hjer í Dalasýslu.

Ef jeg nú gjöri ráð fyrir að 900 kr. lendi í óskilum, þá eru eptir 2500 kr. sem eru vissar tekjur. Dalasýsla er 2500 kr., en þar af ganga 500 kr. í kostnað og því verður spurning um þetta. Á jeg að segja af mjer og taka Þjóðólf eða halda Dalasýslu. Þetta bið jeg þig nú um að athuga og segja mjer svo frá áliti þínu.

Ef jeg sleppi Dalasýslur skulum við gera ráð fyrir að jeg missi alla von um æðri embætti. En þessa von gjöri jeg eigi á marga fiska, því að jeg veit það frá kunnugum mönnum að það er alveg víst að Magnús hatar mig og óttast mig mest allra manna. Meðan að hann fær nokkru ráðið fæ jeg því eigi betra embætti og ef jeg nú eigi fæ málfærslustöðuna núna þá sjerðu hvort von þessi er mikilsverð. Enda er jeg búinn að þola slíkt ranglæti við embættaveitingar að mjer finnst ekki vert að gjöra sjer neinar glæsivonir í þessu efni. Ennfremur fæ jeg enga pension, en jeg vonast til að slíkt geti eigi ginnt fullfrískan mann eins og mig og hver veit líka hvað er orðið um peníonslögin þegar jeg er orðinn ófær af elli. Hvað konuna snertir þá hef jeg assurerað mig fyrir 10000 kr. og hugsa jeg svo ekki frekar um þessa pensíon.

Ef jeg verð hjer í Dalasýslu eða ef jeg segi ekki af mjer þá verð jeg að fara að búa. Það er ómögulegt að lifa hjer af 2000 kr. í húsmennsku. Það gjöra sjer allir að skyldu að skrifa upp og snuða okkur sem mest má verða. Jeg kann eigi heldur við að lifa eins og húski. Jeg vil, ef jeg er í sveit, eiga góða hesta og hafa skrifara. En hvað heldurðu verði um vísindin ef jeg bæði á að stunda bú og rækja embætti, sem alltaf er að verða erfiðara og erfiðara. Konunni er mjög á móti að búa, en hún verður nú samt að hafa það, ef jeg verð hjer því jeg get ekki verið skrifaralaus.

Svo er eitt og það er mest um vert; jeg uni mjer hjer með engu móti; jeg segi um menn hjer eins og Sverrir sagði um dalaþjóð í Svíaríki: það er nauð að búa meðal svo heimskra þjóða". Mjer finnst það nærri því hið sama um mig að vera hjer og vera kviksettur. Jeg legg hjer alla bókfræði á hylluna og get ekki stundað neitt hjer vegna bókaleysis og af því að jeg get aldrei talað við neinn fræðimann og svo vegna tímaleysis. Það mesta verður ef jeg skrifa í blöðin einstöku sinnum Jeg verð heldur eigi þingmaður; Magnús hafði við orð í sumar að kyrrsetja sýslumenn svo að þeir væru eigi að flakka á þing, með því að setja þeim þá kosti sem þeir gætu eigi gengið að. Líkt sagði Hilmar Stephensen við mig í haust, og að þessu rekur einhverntíma. Ef jeg er orðinn þingmaður get jeg valla lotið Mangúsi úr því og því vil jeg ekki leggja neitt á hættu.

Ef jeg nú á móti verð blaðstjóri í Reykjavík, þá get jeg gjört margt sem jeg hef ríkt í huga og mig lengi hefur langað til. Það fyrsta er að stunda lögin og efla lagaþekkingu á Íslandi, skrifa um ýms menntamál og gefa mig að pólitík og berjast þar fyrir minni sannfæringu.

[1] *Jón Jensson (1855-1915) sonur Jens Sigurðssonar rektors. Hann varð háyfirdómari. Átti Sigríði Hjaltadóttur (1860-1950).*

Jeg verð mjög bráðlega þingmaður og foringi þingmanna, því að af þeim mönnum sem nú eru á þingi hefur enginn þá hæfileika til að bera sem jeg til slíks. Jeg segi þetta ekki út í bláinn, heldur af því að jeg veit það. Jeg get varið góðan málstað bæði í ræðu og riti og að hyggindum hef jeg reynt mig svo að þegar jeg hef ráðið hefur minn málstaður jafnan haft sigur, og hefur þetta opt komið fyrir, því að bæði í skóla og í Höfn hafa miklar deilur verið meðal manna. Ef jeg dreg mig í hlje, þá ráða vitleysingar eins og Skúli Thoroddsen á þingi og er það synd.

Ef jeg fer til Reykjavíkur, þá get jeg skrifað lögfræðisbækur, en til þess að koma þeim út þarf að hafa lögfræðisfjelag og hef jeg hugsað mjer allt fyrirkomulag á því og þegar jeg er kominn á laggirnar í Reykjavík, þá skal það stofnast. Jeg hef líka efni í marga fyrirlestra eins góða að minnsta kosti og kvenfrelsisfyrirlesturinn, en sem jeg vil eigi vera að orðlengja um. Ef jeg get lifað í Reykjavík í óháðri stöðu, þá þykir mjer gaman af lífinu. Þar sem við ekkert er að stríða er ekki sigur neinn að fá. Jeg hef yndi af því að berjast fyrir góðum málstað og það fær ekkert á mig þó að jeg sje skammaður, ef jeg má tala fullum hálsi aptur.

Ef jeg nú tek Þjóðólf að mjer berst jeg fyrir sannfæring minni og held jeg að jeg geti unnið mikið gagn, auk þess sem slíkt er ólíkt hjá því að þora aldrei að segja neitt, hversu mikið ranglæti sem yfirmennirnir sýna. Þetta tækifæri til að fá aðra atvinnu býðst mjer aldrei framar. Á jeg nú að sleppa því og reyna að sætta mig við að vera hjer í Dalasýslu?

Konan kvíðir því náttúrlega að jeg taki Þjóðólf að mjer, en hún lætur mig ráða. Segðu mjer nú þitt álit og mömmu. Ef þú eggjar mig á að taka Þjóðólf þá hika jeg ekki; ef þú snýr vandanum af þjer og segir ekkert, þá verð jeg enn að nýju að ráða huga minn um málið, en ef bæði þú og mamma eruð algjörlega á móti, þá læt jeg líklega hugfallast og fer að búa hjer í Dalasýslu.

Ef jeg tek Þjóðólf þá gefur hann af sjer 2500 kr.; fyrir atvinnu við alþing hef jeg 350- annaðhvort ár; fyrir málaflutning 400- á ári; fyrir ritstörf 200 kr. og ef jeg fæ endurskoðun landsreikninga 400 eða gæzlustörf við bankann 500 kr. Jeg gjöri því ráð fyrir að jeg hafi, ef allt gengur þolanlega 3500 kr. að jafnaði á ári, en það þarf jeg líka að hafa eða að minnsta kosti 3000 kr. til þess að verða ánægður. Jeg þarf að borga blaðið með 500 kr. á ári. Eggert þarf að fá 300 kr. og lífrentan 200 kr. Mjer veitir því eigi af, en þessi áætlan sem jeg hef gjört yfir tekjurnar er alls ekki of há. Jeg er hjerum bil sannfærður um að Þjóðólfskaupendumr fjölgar mikið fyrst um sinn og gæti jeg vel trúað því að tekjur af honum yrðu nokkru meiri en jeg hef áætlað. - Ef jeg færi að sökkva mjer ofan í búskap hjer, þá ímynda jeg mjer að jeg myndi hafa hag á honum, en hafi jeg eigi hag á honum, hvernig stend jeg þá? Jeg má til að láta af þessum 2000 kr., 200 kr. í lífsábyrgð og 300 kr. til Eggerts.

Jeg vil nú eigi vera að skrifa þjer meira um þetta að sinni. En bæti við og ef til vill síðar. Jeg ætlaði að taka 1000 kr. fyrir Stóra-Háls, 600 kr. eiga að fara upp í sjálfskuldarábyrgðina og 350 kr. til Eggerts. En af þeim ætla jeg svo að Eggert fái ekki nema 300 kr. fyrst um sinn, en senda hitt (50 kr.) út til að borga skuldir.

13. marz. Elskulegi faðir minn! Nú er jeg búinn alveg að ráða hug minn um hvort jeg tek Þjóðólf eða ekki og hvernig jeg og konan ætlum að hafa það. Ef jeg fæ málfærslumannsstöðuna þá fer jeg til Reykjavíkur svo fljótt sem hægt er, eða rjettara sagt ef jeg fæ hana veitta nú með skipinu, þá vil jeg koma fyrir 11. júlí til Reykjavíkur og ef jeg fæ hana veitta seinna, þá vil jeg koma þar á eptir svo fljótt sem hægt er. - Ef jeg nú alls ekki fæ hana veitta, þá kaupi jeg Þjóðólf frá næsta nýjári, en fæ Þorleif til að stýra blaðinu til vors fyrir mig, segi af mjer sýslunni að vori og flyt til Reykjavíkur. Þetta er að ýmsu leyti hið bezta, þá fer jeg að taka borgunina fyrir Þjóðólf undir eins og jeg er kominn til Reykjavíkur, svo að jeg þarf eigi að taka eins mikið lán til þess að geta lifað næsta árið í Reykjavík. Enn fremur vonast jeg til að geta lifað svo spart hjer að jeg hafi dálítið afgangs næsta vor. Ef jeg verð hjer næsta ár ætla jeg að fá nokkuð af húsgögnunum, sem jeg á ytra, hingað að Staðarfelli en biðja Sigurð bróður minn að geyma hitt.

Konan er mjer alveg samdóma um þetta og kvíðir ekkert að hafa þetta þannig, heldur hlakkar þvert á móti til.

31. marz. Góði faðir minn! Láttu þetta um Þjóðólf vera fullkomlega heimulegt. Það hefur hina mestu þýðingu að það komist ekki upp og því er vissast að brenna brjefið eða læsa það afarvel niður.

Nú er farið að líða á og er jeg feginn; þessi vetur hefur verið strangur með ýmislegt. Miklar vandræðasögur heyrast úr öllum áttum, matarleysi og heyleysi heyrist alls staðar að. Þetta er auma gamanið. Menn eru farnir að reka fjeð frá sjer í aðrar sveitir upp á von og óvon að það lifi. Jeg hef lært ýmislegt á því að sjá sveitalífið fyrir augunum, eins og í vetur og er jeg óviss um nema hægt sje að fá ráð við því, eins og mörgu, með pólitískum meðulum. --

Gunnlaugur E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Hafnarf. 8.5.1987.

-- Ég held nú hvað sem mér líður, að Halldór og Páll séu ekki aflagsfærir í bráð og einkum nú ef Páll ætlar að sækja til Reykjavíkur um málafærslumannsstarfa sem ekki er með meir en 800 kr. föstum launum. Eiríkur hefur alveg nýlega lánað pabba 400 kr. til þess að losa veð -- Vantar niðurlagið.

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. 8.5.1987.

-- Ég vona að Siggi taki próf í sumar, en ég veit ekkert hvað verður um hann. Eggert skrifaði mér að Siggi væri lasinn af lystarleysi og höfuðverk, og er það ekki hentugt við eða fyrir prófið. --

Hannes Hafstein og fröken Riis hafa sagt sundur með sér. --

Skúli Thoroddsen skrifar Páli E. Briem. Ísaf.. 22.5.1887.

-- Bréfsefnið er ekki stórt; ekkert annað en að halda við *correspondansen*, það gerir manni svo gott að fá bréf við og við innan um allan þann róðarskap sem í kringum mann er.

Við erum báðir orðnir kónglegir valdsmenn hér í vesturfjórðunginum. Velvakendur eru nú víða komnir út um landið og ættu að geta áunnið talsvert, ef samheldni væri; en því er miður, að ég er hræddur um, að sumir Velv. séu nú orðnir *sjösofendur* t.a.m. frater Jóhannes, og ef til vill collega Halldór.

Hver er þín skoðun um vora politísku *situation*? Heldurðu ekki að M. Stephensen innleiði hjá oss sama ástandið sem nú er í Danmörku, *despotisme*[1] í allar áttir? Kúaklessi oss embættismenn ef hægt er, en afsetji ella etc? Eitthvað þess háttar finnst mér liggi í loftinu. Hvaða skoðun hefur þú með stjórnarskipunarmálið? Heldurðu eigi að þingmenn muni falla frá á þessum freistinganna tímum? Það er þessu líkt sem áríðandi er að gamlir Velvakendur ritist á um til þess að halda *humörnum* uppi og strikinu áfram.

Héðan er -- tíðindalítið. Ég hnippi í menn það sem ég get. Dálítið eru menn -- að lifna við. Verslunarskuldirnar og menntunarskorturinn er það versta. Hvort tveggja gerir menn að hálfgerðum þrælum.

Okkur hjónum líður hér vel; ég geri ráð fyrir að hanga hér fyrst um sinn vestra, þótt ég að vísu kysi heldur að geta búið í sveit. Þú sækir líklega um Skagafjarðarsýslu?

Hvernig leist þér á *constellationirnar* í Vík síðast? Hvað heldurðu um B. Jónsson og hans liða? Leifi telur hann orðinn lítinn framfaramann. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 23.2.3.1887.

Heilsa Susie, handleggur H.E.B. og auglýsing kennaraembættis. Ræðir dóm um goðafræðina og að Páll sé viss um að fá málflutningsembættið. Segir M. og Borgarfj.sýslu að losna en Páll vilji vera í Rvík.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Staðarfelli. 30.3.1887.

Ræðir sýslusjóðsreikninginn, ásetningsmál og varaforða sem hann vill koma upp í sýslunni. Þá spyr hann hvort Torfi hafi einhvern í hópi lærisveina sem gæti tekið forstöðu búnaðarskóla – einhvern Torfa, eins og hann nefnir. Fagnar að hafa hitt hann og furðar sig á hvað þeim er vel til vina, eins og þeir hefðu þekktst frá barnæsku, þótt hann segist almennt vera tortrygginn í byrjun á þá sem hann ekki þekkir. -- Kvartar yfir fásinni og bókaleysi og segist ekki geta haldist við í sýslunni. Magnús hafi komið í veg fyrir að hann gæti sinnt lögfræðinni og myndi hann því væntanlega kasta sér út í pólitíkina.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Staðarfelli. 31.3.1887.

Þakkar goðafræðirit HB. Lítt gott af honum sjálfum að segja og hefur honum ekki liðið verr síðan veturinn er hann var í læri hjá Ólafi bróður sínum og hann látinn sitja yfir ánum. Kom á versta tíma er semja þurfti ársreikning, einnig eru þjófa-, lausmennsku- og tíundarsvikamál sem lítið gaman er að fást við.

Konan hefur verið lasin í vetur, húsnæðið slæmt -- dragsúgur. En landið fallegt.

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Ytriey 2.4.1887.

Þakkar bók. 25 stúlkur eru í skólanum. Mikið að gera, kennslan margbrotin, gott að skólinn skuli vinsæll. Erfiður matreiðslubekkur. Kennir ensku tveim stúlkum sem eru á leið til Ameríku.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn, 18.4.1887.

-- Valtýr er búinn með prófið og er nú heldur en ekki upp með sér. Wimmer hefur hælt ritgerðinni og sagt að hann mundi geta notað hana sem *doktorsdisputatium*;[2] hann er því eigi á því að byrja verslun, en heldur að hann sé efni í fínasta *kulturhistoriker*;[3] þar er önnur *skuffelse*[4] fyrir mig.

Ég veit ekki hvað ég vil; embætti er víst eigi að hugsa um og ég of óframfræinn og ekki nógu energískur til að

[1] *Harðstjórn, kúgun, valdfíkn.*
[2] *Doktorsritgerðarefni.*
[3] *Listsögufræðing.*
[4] *Vonbrigði.*

byrja verslun strax. Kontórlífið er mér hálfilla við og allra helst í Rvík, en ég er jafnvel að hugsa um að setja mig í sjómennsku til þess að harðna, kynna mér framandi staði og læra að tala ensku. Sjómannslífið held ég að ég ætti hægt með og gæti tekið upp á egin kostnað. Ég gæti þá haft sjómannaskólann bak við eyrað, hann verður víst eigi settur á stofn í sumar; gæslustjórn við bankann, að auki, síðar. Annars held ég að ég verði ólíkt færari til verslunar eftir að hafa gengið í gegnum svoleiðis kúr, en þó ég færi að einhverjum kontór. Ég gæti líka haldið áfram sjómennskunni ef mér sýndist --

Meðan Magnús (*Stephensen*) lifir fæ ég ekkert embætti þar sem ég hef að keppa við júrista. Þeir koma svo margir af hans vinum skömmu á eftir mér og allir vilja þeir heldur embætti í Rvík.

Ég hafði ávæning af að þú værir að hugsa um Þjóðólf. Þykir mér sorglegt að þú skulir þurfa að gefa upp *dispútatíuna* og ná eigi í næðissamara embætti en að komast í það bölvað arg, ég vil næstum segja, skítkast, við þrælmennin í Rvík. --

Ræðir kosningar Moritz í Eyjum, starf Páls í Dalas. og ritgerð Valtýs, sem hann telur mjög góða, verður kandídat í vor en hefur litla von um embætti. --

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Staðarfelli. 20.4.1887.

Þakkar Torfa sýslufundinn og ræðir um búnaðarfélög í sýslunni.Þá ræðir hann andbyr gegn félögunum. Einnig um laxafélög, ferðakennara., barnafræðslu og hugmynd að sameina búnaðarráðgjöf í sveitum og farkennarastarf.Ræðir um hve gott honum þyki að hafa kynnst Torfa og fá að starfa með honum. Segir erfitt að búa í Dölum; vill komast á þing, en segir Magnús Steph. geta sett sér stól fyrir dyrnar eins og gert var við föður hans.

Páll E.Briem skrifar Finni Jónssyni. Staddur á Kjallaksstöðum. 22.4.1887.

-- Jeg þakka þjer ógn mikið fyrir tilskrifið og myndina af þjer og familíunni. Konan varð himinlifandi og ætlaði ekki að þreytast á að skoða þinn frumgetna son. Það er þó satt, að ekkert er eins lifandi eftirmynd og myndin sjálf. Maður getur sagt að þú ert sá eini af öllum, sem jeg hef sjeð síðan jeg fór frá Höfn. Mikið þótti mjer vænt um að heyra að þú og Már (Moritz) eruð líkir, og þó að það sje ekki til fullnustu þá vona jeg þó að það sje góð byrjun.

Í gær var sumardagurinn fyrsti og óska jeg þjer í huganum allrar gæfu og blessunar á þessu sumri. Fyrst óska jeg að Skafi (?) fari frá og þú verðir dósent, svo óska jeg mjer að Gísli gamli Brynjólfsson fari nú loksins á þann stað, sem honum er fyrirbúinn hinumegin grafarinnar og jeg komi í stað Gísla.

Jeg fór í morgun heimanað og ætlaði að vera við jarðarför eins gamals hreppstjóra, sem Guðmundur hjet. Hann var á Hnúki og hreppstjóri á Skarðströndinni um 50 ár. Hann var uppá sitt besta þegar þeir deildu síra Friðrik Eggerz í Akureyjum og Kristján kammerráð í Skarði. Guðmundur var beggja vinur með því alltaf að skamma annan þegar hann talaði við hinn. Það var hann sem átti að bera í svonefndu kirkjulykilsmáli um hvort Eggert prestur, faðir sír Friðriks, hafi haldið kirkjulyklinum fyrir sjera Þorleifi og svaraði hann því sem vitni: "*Já, að vísu - en þó sögðu þeir heldur að hann skyldi fá hann*", og var ekki hægt annað hjá honum að hafa. Guðmundur varð dannebrogsmaður og því verð jeg sem yfirvald að vera viðstaddur til að taka dannebrogskrossinn af kistunni, áður hún fer ofan í gröfina.

Jeg komst ekki lengra en hingað. Hjer er jeg hríðtepptur. Jarðarförin getur eigi orðið vegna ofsanorðanhríðar. Nú er sumarið komið og sjerðu því, að landið vort ber nafn með rentu. Nú sit jeg í ofnlausu framhýsi í reiðfötunum og er krókloppinn. Svo þú sjerð, að jeg fæ þó að vita af veðráttunni.

Vertu margblessaður. Heilsaðu til konu og sonar frá mjer og konu minni. Þinn einl. vinur --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Staðarfelli, 24.4.1887.

Segist hafa verið verðurtepptur tvo daga á Kjallaksstöðum sem er 1½ mílu frá Staðarfelli. Ræðir ýmsa þætti brottflutnings. Einnig fjársýslu og umboð til EGB.

-- Þú hefur séð af seinasta bréfi hversu einbeittur ég er í að fara til Reykjavíur og verð ég það ekki síður nú þegar Ólafur Halldórsson skrifar mér að ég sé viss um málfærsluna ef formið sé rétt. Ég sendi honum bænaskrá um prókúratorplássið[1] og um lausn í náð frá Dalasýslu. -- Ég kem svo með skipinu sem fer frá Stykkishólmi 21. júní. -- Ég kallaði Gest[2] skammahund, en ekki reglulegan hund. Ég skrifaði annars greinina um Gest með þessum skömmum til þess að menn almennt tækju eftir henni. --

[1] *Málflutningsmannsembætti.*

[2] *Gestur Pálsson (1852-1891) skáld og síðan ritstjóri í Winnipeg.*

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 7.1.1887.

Vonar að H.E.B. fái stöðuna (stöðuhækkun?). Telur víst að Páll fái málfærsluembættið. Elín vill láta Sigríði systur sína sigla til að fara í skóla og Páll vill styrkja Eggert bróður sinn til náms.

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Khöfn. 28.5.1887.

Þakkar goðafræði, er ánægður með hana. Lánaði hana Finni Jónssyni, fékk útkrassaða til baka; sagðist ekki taka við henni svona. Bað hann senda H.E.B. leiðréttingar. Fjallar um veitingu kennaraembættisins.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 8.6.1887.

Kennaraembættið verður veitt eftir alþingi í sumar. Páll hefur fengið lausn frá Dalasýslu og skipaður málfærslumaður við yfirréttinn frá 1. júlí.

-- Ekkert frétt af Ellu og Siggu síðan í apríl, nema hvað Ella sagðist ætla að koma hingað og senda Siggu út yfir pollinn, og þótti okkur hún ráðast þar í mikið. --

Mikill ís f. norðan en góður afli f. sunnan. Páll verður e.t.v. þingm. Snæfellinga.--

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Hvammi. 11.6.1887.

Þakkar peningaumsýslu. Mikið að gera við réttarhöld, búskipti, sýslu-, þingmálafundi o.fl.

-- Ég var úti í Stykkishólmi -- ég var að vita hvernig hljóðið væri í mönnum að kjósa mig til þingmanns og fannst mér það vera gott. Ég fer á kjörfund 17. júní og verð því að fara alfarinn frá Staðarfelli 15. þ.m.[1] Fyrir því er ég farinn að pakka niður og tel nú dagana þangað til sendimaður kemur úr Reykjavík með boð um að ég sé orðinn málfærslumaður. --

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Khöfn, 11.6.1987.

Óskar P.E.B. til hamingju með að vera leystur frá Dalasýslu, orðinn procurator. Biður um álit hans í dómsmáli. Líður bærilega.

-- það get ég sagt þér í fréttum að ég sæki um Möðruvallaskólann -- Halldór bróðir þinn er víst konkurrent að því leyti að við sækjum báðir um fyrsta kennaraembættið og á hann að fá það eftir þeim reglum sem áður hafa gilt á voru landi. En ég hef komið því svo fyrir að eftir allri sanngirni stend ég næstur honum og ætti þá að minnsta kosti að fá annað kennaraembættið ef hann fær hitt. Ég fór nefnilega til prófessoranna í vor og lét þá halda *tentamen* yfir mér, hvern í sínu fagi, bæði munnlegt og skriflegt. Gekk það eftir öllum vonum -- þeir gáfu mér svo vitnisburð og meðmæli -- Mér fannst nú að slík meðmæli hafi mikla þýðingu og veitingavaldið hljóti að taka tillit til þeirra þar sem sérstaklega vantar kennara í náttúrufræði og enginn prófaður náttúrufræðingu sækir eða neinn er hafi aðrar eins sannanir fram að vísa eins og ég fyrir því að hann viti nokkuð í nefndu fagi.

Hvað finnst þér? Veitingavaldið á að sjá um að þeir menn séu við skólann sem geti kennt öll þau fög sem á að kenna. Ég hef mjög fáum sagt frá þessu og vil helst ekki láta það fréttast; að ég sæki vita margir.

Ólafur Davíðsson sagði mér í fyrradag að nú ætlaði hann að fara að sækja. Hann treysti því að Jón Hjaltalín muni styðja sig bæði í því að *ansögningen* verði tekin til greina og svo til þess að fá emb. Þú þekkir Ólaf og þarf því ekki að lýsa honum fyrir þér. Hann treystir því líka að þeir muni eingöngu líta á það að hann er eldri og hefur verið hér lengur. Hann veit ekkert um *anbefalingar*[2] mínar.

Hvað Magnús ætlar sér með skólann er ekki gott að vita. Hann kve segjast ætla að vita álit þingsins um það hvað gera skuli við hann.

Ég vona nú, góði vin, að þú styðjir mitt mál ef svo ber undir að þú átt hægt með það. Náttúrlega ætlast ég ekki til að þú takir mig fram yfir bróður þinn, en mér er bara um að gera að komast að skólanum. Þó mér að vísu í hinu veifinu þyki sárt að hætta hér í miðju kafi, þá eru aðrar ástæður, einkum fjárhags- sem knýr mig til þess þar sem þetta er sú eina staða á Íslandi sem ég get búist við að fá. Ég óttast mest Jón Hjaltalín.

Mér hefur komið til hugar að ef talað yrði um skólann á þingi og kvartað um að mann vantaði, þá mætti benda á mig sem mann með ágætum anbefalingum, þetta segi ég þér nú bara, en þú sérð miklu betur hvað á við í þessu efni og treysti ég þér til alls hins besta. Þú skilar kærri kveðju til Þorleifs og segir honum málavexti og að ég vænti þess að hann verði mér veitandi. Þið verðið náttúrlega að fara með allri varygð því vera má að ef Magnús kemst að því að þið eruð mér hliðhollir, þá spilli það en bæti ekki, því eftir því sem fram er komið lítur hann ekki hýru auga í þá átt. Ég hef skrifað vísindamanninum og H.Kr.Fr. Svo skal úttalað um það að sinni. Valtýr er hættur, sækir annað.

[1] Hann hlaut kosningu.

[2] *Meðmæli.*

Nú sendum við skeyti til Fróns og mun það innan skamms standa í hjörtum hinna "grátbænandi" "brodda"; mun þér þykja það góður gripur enda hefur eins og þú veist boginn okkar þá náttúru að ekki má af honum skjóta nema góðum skeytum Hann bilaði við skotið og er nú til viðgerðar hjá dvergum suður í Risafjöllum, því hann er dvergasmíð og mjög haglega gjörr. Jæja nóg um það.

Við stofnuðum náttúrufræðifélag og nú fer Björn heim þungur af ideum. Það er margt gott við Björn, viljinn og áhuginn dæmalaus. Hann ætlar að verða skrifstofustjóri, en verður það líklega ekki. --

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Rvík. 9.7.1887.

Ræðir um starfið á þinginu og hvernig bænarskrá Dalamanna og fjárveitingar til Ólafsdalsskólans standi og æðarræktarmálið. Andstaða sé við það síðasta, ekki síst séu séra Þórarinn og Grímur Thomsen Torfa andstæðir. Þá segir hann frá stjórnarskrárfrumvarpinu. Séra Þórarinn og Eiríkur bróðir hans fylgi ávarpi til konungs, en Benedikt Sveinsson og hann sjálfur fylgi fram stjórnarskrárfrumvarpi.

Óánægður með mistök í húsgagnasendingu til Páls. Ræðir um greinarskrif vegna. stjórnarskrármálsins og sendir blaðaúrklippur því að lútandi. Fjallar um Bókmenntafélagið og átök í stjórnarkjöri sem hann blandaðist í.

Ræðir um útvegun á húsnæði f. Sigríði systur sína, gerir sér vonir um að Moritz lofi henni að vera. Þykir Þjóðviljinn góður. Óskar P. til hamingju með þingmennskuna. Fleira smálegt .--

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 24.7.1887.

Ræðir ýmislegt um stjórnmál, íslensk og dönsk.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn, 1.8.1887.

-- Í fyrrakvöld héldum við Korsgård[1] gildi og tókum Jóhannes inn. Korsgård var himinlifandi og sagði okkur út í ystu æsar allt um sundrunguna í vinstri og frá ýmsu stímabraki, sem hann hefði átt í - margt sem enginn vissi annar en konan hans - og lagði náttúrl. ríkt á við okkur eigi að segja nokkrum lifandi manni. --

Segir í löngu máli ýmsu sem á milli þeirra fer. Á eftir fóru hópurinn í gildi hjá Moritz Halldórssyni og stóð lengi. Á eftir var farið í heimsókn á skrifstofu blaðs Korsgaards sem öllum þótti merkilegt.

Eitthvað gæti þetta tengst "nýlendusýningunni" en hann ræðir einnig undirbúning hennar. -- Illa við frumvarp Jónassens um rjúpur, segist illa við tolla sem síst eigi við á Ísl. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.8.1887.

Fyrirgreiðslumál. Susie virðist ekki hafa treyst sér suður. Sagt að Stefán Stefánsson verði 1. kennari. Segir frá þinginu og að goðafræðin fái góðar viðtökur.

Páll kom hér áðan og bað að heilsa ykkur, hann hafði svo mikla tannpínu að hann getur eigi skrifað þér.

Eggert og Sigríður eru að búa sig undir siglingu. Elín kostar Sigríði. Páll kostar Eggert. Sjálfur reynir hann að hjálpa Sigurði.

Tryggvi Gunnarsson til Halldórs E. Briem. Oddeyri. 5.8.1887

Kolaviðskipti og kolaskortur.

Sigurður E. Briem til Halldórs E. Briem. Khöfn. 1.9.1887.

Ræddi áfram um goðafræði, sagði að Finnur ætli að senda leiðréttingar. Óskar H.E.B. til hamingju með 1. kennaraembættið. Stefán Stefánsson fékk 2. kennaraemb. Biður bróður sinn að taka honum vel og ekki stökkva upp á nef sitt þótt S.S. þyki ekki allar kirkjukenningar heilagar. Eftirsjá að honum í Khöfn, hann sé líf og sál Íslendinga þar.

Sigríður systir þeirra fór út á land en Eggert bróðir þeirra er í Khöfn.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.9.1887.

Bræðurnir Eiríkur og Páll höfðu mikið að gera á þinginu. Sagði að Páli og landshöfðingja hefði lent saman út af skilningi á prestakallalögunum.

[1] *Korsgård virðist blaðamaður/ritstjóri við Morgunblaðið, blað vinstri manna. Vegna sundrungar í flokknum stofnaði hann Kvöldblaðið.*

Helga Sigurðardóttir[1] skrifar Jóni Helgasyni. Árbæ í Holtum. 13.9.1887.

Þakkar bréf og skrifar langt bréf um búskapinn og hvað gangi vel með byggingar. Einnig segir hún frá gangi búskapar í sveitinni og segir fréttir bæði af búskap í sveitinni og af embættismönnum.

-- Nú ætla ég að leggja fyrir þig spurningu að gamni mínu, sem menntaðan mann, þó ég nú viti að þú stundar annað en grasafræði. Er ekki til fræ sem sprettur upp af illgresi sem stingur og særir skepnur? Um þetta er ég búin að hugsa. Það er nefnilega meining mín að sá því í kálgarða til að varna skepnum í þá. Ég er hreint í vandræðum að verja garðana fyrir ánum, allt sumarið úr öllum áttum sækja þær að. Þetta kann nú að vera bara vitleysis hugsun,; en blessaður, ef það er mögulegt, útvegaðu mér það og sendu mér það á næsta vori nógu snemma, en ef ekki er til láttu mig vita það svo ég hætti við þá hugsun aftur, en ef svo væri þá að það væri mikið, því mínir garðar eru nú orðnir stórir. --

Nú er komið í orð að rífa Haga og Marteinstungukirkju í vor og byggja nýja í Guttormshaga. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 30.9.1887

Ræðir um Þjóðólf sem Páll mun hafa ákveðið að kaupa og stingur upp á grein um lagaskóla og að vakin sé athygli á hve mjög dönsk og ísl. lög séu ólík. Segir frá hugm. Hilmars (Finsen) um fjölgun þjóðkjörinna þingm. í efri deild en Nelleman muni fara að hugmyndum Magnúsar (Stephensens) landshöðfðingja.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 2.10.1887.

Heilsan við það sama, gengur við staf án þess að þreytast í stiga. Sjö verða í skólanum, allir í efri bekk. Nýi kennarinn, Stefán Stefánsson er ókominn. Vandræði í peningamálum.

Páll E. Briem til Eggerts G. Briem. Rvík. 9.10.1887.

-- Þú hefur nýlega eignast sonarson. Konan mín átti dreng[2] í gærkveldi og gekk það mikið fljótt og vel. Henni heilsast eptir vonum og barnið er fríska. --Jeg bið að heilsa. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 11.10.1887.

Hef ekki kynnst Stefáni en hann virðist þægilegur, líflegur og greindur maður. Frú Hjaltalín er ekkert nema kurteisin en ég held mér frá henni. Hef ekki fengið bréf um stöðuhækkunina.

Séra Jón Bjarnason til Halldórs E. Briem. Winnipeg. 14.10.1887.

Þakkar goðafræðina, er ánægður með hana og kemur í sölu. Biður HB að gerast umboðsmann

Sameiningarinnar. --

Verið er að koma upp kirkju í Winnipeg. Fjölsk. hefur það gott. Gengur vel á Nýja Ísl.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Rvík. 19.10.1887.

Ræðir gleðilegan dóm í meiðyrðamáli Kristjáns Ó. Þorgrímssonar móti Valdemar og Þorleifi ritstjórum. Segir frá nýju máli Kristján Ó. Þorgrímssonar gegn Þorleifi. Þá ræðir hann lífið í Reykjavík og réttarfarið. Andúð var á þingi við mál sem Torfi bar fyrir brjósti, sérstaklega nefnir hann andúð Eiríks bróður síns á ýmsum málum. Í því sambandi ræðir hann hvernig starf sitt á þinginu hafi gengið. Var hann um skeið svartsýnn en batnaði smám saman. Grímur, Þórarinn og Benedikt séu dragbítar. Eiríkur sé góður drengur en gjörólíkur í framfaraanda Jóni Sigurðssyni. Hugsi ekkert nema um að safna fé og spara og "vantreystir að nokkur fjárframlög verði til að bæta" hvort sem eru póstsamgöngur, vegabætur, hafnir, laxarækt, vísindi, en á stuðning vegna persónuleika síns. Segir frá fæðingu sonarins. Hrósar dóttur Torfa Áslaugu.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 19.10.1887.

Ræðir sjúkleika HB. Segir hann þyrfti að fara til útl til að fá bót. Þótt Tómas Hallgrímsson fáist við

-- núning er hann varla dugl. í því.

Segir Pál son sinn hafa eignast son en Kristín sé mjög lasin, nú á batavegi. Búi í Þinghotsstr. þar sem Jón Ól. og amtm. búi milli Skólastrætis og Ingólfsstr. Jóhanna var hjá Kristínu í sumar því Páll var á þingfundum og nefnda-.

---

[1] *Nú kemur að öðru bréfasafni frá fjölskyldu og afkomendum Helga lektors Hálfdanarsonar og Þórhildar Tómasdóttur Sæmundssonar. Hér skrifar Helga Sigurðardóttir Jóni Helgasyni, síðar biskupi. Helga Sigurðardóttir var systurdóttir séra Tómasar Sæmundssonar og systkinabarn við Þórhildi Tómasdóttur. Kemur hún oftar við sögu í þessu bréfasafni enda var náið samband við fólkið á Barkarstöðum í Fljótshlíð og þeirra börn, ekki síst Helgu, ef mið er tekið af bréfaskiptum og heimsóknum til Helgu í Árbæ.*

[2] *Kristinn P. Briem (1887-1970) kaupmaður á Sauðárkróki.*

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 4.11.1887.

Margir á leið til Akureyrar til að vera viðstaddir giftingu á morgun. Peningamálin öðruvísi en ætlað var. Hjaltalín vildi fá mánaðargj. fyrr en áður. Þurfti að kaupa ull á Bægisá. Líður illa í maganum.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 7.11.1887.

Segir frá fæðingu sonar Páls bróður hans 8.10. og veikindum Kristínar. Jóhanna er hjá henni.

Áin frosin. Býst við að fara til Ak. Ræðir útsvar og kæru sína.

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum. 8.11.1887

Leiður yfir að hafa ekki fengið svar við bréfi sínu.

-- En af því ég get ekki ímyndað mér annað en að þetta bréfleysi stafi eingöngu af annríki eða gleymsku og engar aðrar mér óþekktar orsakir liggi til grundvallar fyrir því þá vil ég reyna að senda þér línu á ný --

Margt hefur breyst síðan að ég skrifaði þér og margt merkilegt og óvænt skeð. Alþingi hefur verið háð, teningum kastað, þjóðviljinn orðið stjórnarvilji, Lárus[1] hneykslað neðri deild, Þórarinn[2] orðinn sjálfum sér líkur, Páll[3] og Sigurður[4] rifist um heyforðabúr, stjórnarskráin verið látin upp á hillu og Bensi[5] þrykktur. Þetta og margt fleira hefur til tíðinda borið, en ég ætla samt að sleppa að tala um það. - Eitt er ótalið: -- ég hef verið constant kennari við Möðruv.skólann.

Þegar ég skrifaði þér var fj. mikið að hugsa um skólann og ég skrifaði þér víst eitthvað um hann, þá snerist hugurinn eingöngu um það að verða hér kennari. Nú hugsa ég um hann líka og miklu meira en áður og náttúrlega á allt annan hátt. Mikið skelfing var ég gramur þegar ég las skólafumvarp Garðafeðga[6], að h. mennirnir skyldu ekki geta komið með eina einustu góða praktiska bendingu í alþýðumenntunarmálinu. Ég álít frumvarp þeirra botnlausa vitleysu frá upphafi til enda. Ertu ekki á sama máli? --

Mér þykir annars furða hvað þingið sinnir lítið skólamálum. Þingmenn sem segja allir í kór, *það er áhugamál; það er velferðarmál*, en svo er það ekki meir. Jón Þór. er sá lini, en hann er svo grunnhygginn og svo snýst þetta allt um hann sjálfan. Ég segi líka það er *velferðarmál* en það verður að gera meira en að tala.

Ég er sannfærður um að við fáum aldrei hagkvæma stjórnarbót nema við <u>jafnframt</u> leggjum allt kapp á að mennta alþýðuna."*Mennta fyrst alþýðuna*." Þetta er viðkvæðið hjá afturhaldsmönnunum; þessi alkunna margtuggða setning, segjum við framfaramennirnir. En þessi setning er svo sönn og rétt sem nokkuð getur verið og henni ættum við að fylgja. En við hötum hana af því að afturh.m. hafa oft beitt henni -- Þeir hafa oft beitt henni einungis til þess að draga á langinn.

En þegar við gætum að þá er setningin engu að síður í sjálfri sér rétt þar sem hún á við. En á hún þá við hjá okkur? Það er sannfæring mín. Þessa sannfæringu byggi ég á þinginu í sumar, auk þess á þeirri þekkingu sem ég hef á alþýðu hér norðanlands. Menntuð þjóð með lifandi sjálfstæðistilfinningu hefði ekki breytt vilja sínum í stjórnarbótarmáli fyrir eitt harðindakast og ekki heldur sent þá menn á þing sem hafa dagmeiningar í því máli, því svoleiðis skoða ég *frestunarmennina*. Meinið var að *Þjóðviljinn* 1885-86 var kúnstugur en ekki sannur, hann kom ekki frá hjarta þjóðarinnar, var ekki sprottinn af tilfinningu og sannfæringu hennar; því fór sem fór; hann hvarf eins og reykur.

Það sem því einkum og sérílagi stendur fyrir stjórnarbót vorri er: <u>þekkingarleysi og áhugaleysi alþýðu</u> og <u>menntunarleysi; og áhugaleysi þingmanna</u> og þessum hindrunum verðum við að leggja allt kapp á að ryðja í burt.

Eigum við að bíða þar til okkur hefur tekist það? Nei, við verðum að halda áfram úr því við erum komnir af stað en <u>jafnframt</u> og engu minna kosta kapps um að vekja sjálfstæðistilfinningu hjá alþýðunni, gera hana lifandi og einlæga, því af henni sprettur svo <u>vilji</u>, <u>áhugi</u> á að afla sér sjálfstæðis og frelsis, en öflugasta meðalið til þess að fá þessu til leiðar komið er <u>menntunin</u>. Þegar fyrri hindruninni er veitt burt hverfur hin af sjálfu sér og því er sigurinn vís. En það er óvíst hvort stjórnarskrárfrumv. 1886 eða 1887 verður þá talið einasta trygging fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.

Hve þetta á langt í land er mikið undir því komið, já mest undir því komið; hverri aðferð verður beitt til þess að

---

[1] *Séra Lárus Halldórsson (1851-1908) þingm. N-Múlasýslu. Prestur á Valþjófsstað en leystur frá embætti vegna þess að hann breyti kirkjusiðum. Síðar fríkirkjupr. á Reyðarf. og í Rvík.*

[2] *Séra Þórarinn Böðvarsson (1825-1895) prestur í Göðrum á Álftanesi. Alþm. f. Gullbrignu- og Kjósarsýslu;*

[3] *Séra Páll Ólafsson (1850-1928). Prestur á Stað í Hrútafirði. Þingm.. Strandasýslu.*

[4] *Séra Sigurður Stefánsson (1854--1924) prestur í Ögurþingum . Sat í Vigur. Alþingism. Ísfirðinga.*

[5] *Benedikt Sveinsson (1826-1899) forsteti Alþingis, þá þingm. f. Norður-Múlasýslu.*

[6] *Jón Þórarinsson skólastj. Flensborgarskóla í Hafnarf., alþingism. Gullbringu- og Kjósarsýslu.*

mennta alþýðuna. En það er mikið verk og vandasamt að finna þá haganlegustu aðferð. Ég álít því að allir þeir menn sem unna framförum þjóðarinnar og hafa bæði vit og þekkingu eigi að leggjast á eitt, hjálpa hver öðrum og leiðbeina hver öðrum til þess að finna aðerð til þess að koma á góðri og haganlegri skipun á menntamál landsins.

Síðan ég kom hingað hef ég ekki um annað hugsað en skóla. Ég er búinn að lesa allt sem ég hef í þá átt, en á því er ekki mikið að græða því hér eru svo ólík forhold því sem víðast er annar staðar og sem Jón Þ. tekur ekki til greina og leggur svo út einhver skólaskipunarlög.

Það sem maður rekur sig fyrst á er peningaleysið, fátæktin í landinu. Bæði einstakl. og landið í heild sinni er svo fátækt. Þó að landið gefi alþýðukennslu og jafnvel hús, þá hefur hún ekki efni á að nota það þó hún fegin vilju. Það verður því að styrkja hana meira, láta hana beinlínis hafa peninga sér til viðurværirs eins og nú er gert í latínuskólanum. En það er ekki aðeins fátæktin, heldur líka áhugaleysið sem bagar alþýðu. Hún metur ekki menntunina svo mikils að hún vilji nokkuð til hennar kosta, ef hún sér ekki beinan hag í aðra hönd; "bókvitið verður ekki látið í askana". En þessi skoðun hörfi eftir því sem menntuðum alþýðumönnum fjölgaði.

Í fyrstu verður því að bera fé í alþýðu til þess að menntast, skapa agitatora fyrir menntuninni; annars fær maður aldrei menntaða alþýðu. Nú er of miklu varið til embættismannamenntunar. Helming ætti að taka af ölmusum Latínusk. og verja honum handa alþýðu, eða að minnst kosti þriðjung.

"*Inter nos*"[1] hef ég hugsað mér skólaskipunina þannig: Latínuskólinn eða lærði skólinn sé sjö bekkir, í þeim neðri séu kennd valfög og sé haldið aðalpróf eða burtfararpróf upp úr þeim; þeir sem hafa tekið þetta próf geti svo haldið áfram og tekið artium. Skólatíminn á Möðruvöllum sé þrjú ár og hið sama kennt sem í Reykjavík þrjú fyrstu árin og þeir sem útskrifast þaðan geta gengið inn í fjórða bekk lærða skólans og og tekið artium eins og hinir. Ekkert inntökupróf en 7. bekkur *(?)* eða 1. bekkur svari til undirbúningsins undir skóla. Kennslunni í hinum lægri alþýðuskólum eða betri barnaskólum skal haga svo að þeir sem útskrifast þaðan getir gengið inn í annan bekk Reykjavíkur- eða Möðruvallaskóla. Einn búnaðarskóli sé fyrir landið og á honum aðeins kennd búfræði; inngöngu í hann fá þeir einir sem útskrifast hafa á Möðruv. eða realdeild Reykjavíkursk. Annars hef ég ekki hugsað neitt ítarlegta um búnaðarskólaskipunina og um kvennaskólana hef ég ekki og get ekkert skapað mér neina skoðun að svo stöddu. Það væri máske best að gefa konum jafnan rétt sem körlum að ganga í þessa skóla eða að öðrum kosti að sjá þeim fyrir sömu menntun. Pedagogik ætti að kenna við hinn tilvonandi lærða skóla.

Þetta er grindin úr hugsun minni, en það vantar að færa rök að hverju einu og hér er ekki tími til þess. Prinsippið í planinu, þetta sameiningar eða einingarprinsip er frá próf. Kronim-(?) eins og þú máske þekkir og finnst mér það ágætt hvernig mér hefur nú tekist að útfæra það; praktiskt er eftir að vita. En eins og ég sagði í byrjun er þetta fyrst um sinn aðeins "inter nos". -- Nú verður ekki sagt að ósamlyndi milli kennaranna spilli fyrir skólanum. --

Spyr hvernig PEB finnist þetta og ber undir hann hvernig honum litist á grein um þetta í Þjóðólfi. Segist falla vel í skólanum, leiðist hve fáir eru. Líkar Hjaltalín skólastj. hið besta.-- Spyr hvort Andvari tæki við grein hans um líf fiska. --

Eggert G. og Ingibjörg Briem skrifa Susie Briem. Rvík. 9.11.1887.

Fréttir um Susie verði á Ak. og HB hafi fengið herbergi í skólahúsinu og kost hjá Hjaltalín. Segir frá aðdraganda, dauða og jarðarför Kristínar konu Páls. Foreldrar Kristínar tóku Kristin í fóstur og flutti Páll til foreldra sinna með skólapilt út Dalasýslu sem var í kosti hjá honum. Fyrir voru hjá bréfritara Eiríkur Sverrisson frá Bæ, Theodór Jónsson prestaskólanemi frá Auðkúlu. Með Vilhjálmi býr Einar Pálsson[2] í 3. bekk frá Múla, en er ekki í kosti. Á móti er Hallgrímur Thorlacius í kosti. Ólafur sonur þeirra var á þingi en er farinn norður með Elínu. Þá voru þau ein í húsinu, fóru í viku til Gunnlaugs Briem í Hafnarf.

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 9.11.1887.

HB virðist hafa verið á móti því að EGB þakkaði landshöfðingja skipunina, sem hann reyndar gerði ekki. En M.St. landsh. sýndi Páli þó þá virðingu að fylgja Kristínu til grafar.

Ánægður með bætt samb. við Hjaltalín.

Ræðir stjórnmál. Segir Pál hafa fylgt barni sínu suður að Auðnum.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Eggert E. Briem. Hafnarf. 9.11.1887.

Gleðst yfir að HB sé kominn í kennaramb. Er það landshöfðingja að þakka. Mikið að gera og sjálfur er

[1] *Okkar á milli.*

[2] *Sennilega væntanl. tengdasonur, maður Jóhönnu, yngstua barnsins,séra Einar Pálsson, lengst í Reykholti.*

hann þreyttur, var að taka á móti 3 kaupförum og er þannig gerður að hann vill taka þátt í afgr. veldur það áreynslu að vera uppi um miðjar nætur. Ánægður í starfi. Einnig með eiginkonuna.

-- söm og jöfn yndi augna minna og ánægja hjarta míns. Litli drengurinn okkar[1] er ógn efnilegur og skýr, fáum við aldrei fullþakkað góðum guði þann dýrgrip.--

Býður HB og Susie til Hafn. og að vera þar um tíma þegar þau koma í sumar til að njóta grasbrekkunnar og garðsins. Sýnist húsbændum líka við sig. Mikil mæða fyrir Pál að missa konu sína,[2] en drengurinn Kristinn er efnilegur.

--Aumingja Páll tók sér þetta tilfelli mjög nærri, enda mátti segja að það væri tilhugalíf þeirra hjóna til síðustu stundar.--

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 10.11.1887.

Þakkar bréf sem hann las upp í Velvakanda á fundi sem gerður var góður rómur að. Segir af fundinum. Flestir þreyttir á hugmyndum Moritz. Skýrir það og blaðaskrif í Khöfn. Segir illa ganga f. vinstri og ræðir þeirra mál og blöðin í Danm. og stuðning Korsgård. Samþykkt í einu hljóði tillaga SEB um áminningu til Skúla (Thor.) um mikilv. þess að Velvakendur vinni saman. Óskar PEB til hamingju með fæðingu sonar. -- Segir fréttir af Íslendingafél. þar sem Finnur J. er höfðupaur en mikil ræðuhöld valda því að fáir mæta og stjórnin hafi jafnvel sagt af sér.

-- Satt að segja held ég hann eigi ekki mikið erindi þangað. Fyrirlestur sem hann hélt í Velv. um stjórnarskrármálið gekk fram af öllum. --

Halldór Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 28.11.1887.

Segir frá dauða Kristínar Briem. Páll tók dauða hennar þungt enda hjónabandið gott, þó aðeins stæði eitt og hálft ár. Foreldrar hennar tóku drenginn að sér og fór P. með hann suður til þeirra.

Ræðir ósætti Laxdals og Jakobs Havsteen. Á í vændum fund með hreppsnefnd um skattamál.--

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 2.11.1887

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir tilskrifið ásamt öllu öðru góðu og elskulegu. Jeg veit að þú hefur frjett um sorg mína, mína miklu sorg, þegar konan mín elskulega dó. Jeg hef misst svo mikið að mjer er ómögulegt að segja það, jeg get aðeins fundið það. Mjer hefur fundist lífið alltaf verða betra og betra eftir því sem árin liðu frá því að jeg var barn, og aldrei gat jeg fullþakkað það að jeg eignaðist mína indælu góðu konu. En nú er eins og mjer sje kastað ofan af fjallstindi hugargleðinnar ofan í kulda og myrkur. Það er öfund guðanna, sem nú hefur bitnað á mjer. Það eru heimsk og blind forlög, sem nú hafa hrifið hana frá mjer. En það er ekki til neins að barma sjer. Hún getur ekki framar veitt mjer unað með sínum yndisleik og blíðu. Hún hvílir í sinni köldu, dimmu gröf.

Jeg er nú annars farinn að geta hindrað mig frá að hugsa um missi minn um stund, en stundum kemur að mjer svo nístandi sorg, að mjer finnst jeg ekki geta borið þetta. Og þá óska jeg mjer að jeg væri kominn undir græna torfu, þó að jeg hins vegar finni að slíkt er vottur um þrekleysi.

Drengurinn minn litli, sem heitir Kristinn, er hjá móðurömmu sinni, en sjálfur er jeg hjá Þorleifi; hann er mjer bezti vinur og gerir allt fyrir mig sem hann getur.

Jeg setti í Þjóðólf nótizu um útgáfu þína, sem svo kom Birni af stað. Jeg skal eitthvað reyna að fá anmeldt af þínum bókum í Þjóðólfi. Það er skömm af mjer að hafa ekkert hugsað um það. En þú mátt ekki búast við nákvæmum dómi eða fróðlegri kritik, heldur aðeins fá orð. Jeg get ekki skrifað Ólafi Halldórssyni núna, en ef þú hittir hann þá heilsaðu honum innilega frá mjer og segðu að Björn Jónsson og Reykjavíkurdeildin sje alveg búin að missa fylgi margra manna bæði hjer í Rvík og einkum út um land. Annars ætla jeg að skrifa honum nákvæmlega um það næst.

Mikið þótti mjer vænt um að heyra orð Falke ? Hansens um Sigga. Jeg bið innilega að heilsa konu, syni, systur og bróður. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 2.12.1887

Elskulegi sonur minn!

Endurtekning. frá fyrri bréfum um hina miklu sorg vegna fráfalls Kristínar. Páll býr hjá Þorleifi ritstj. Ræðir heilsu HB og vandræði með hest til ferða til eiginkonunnar á Ak. Ræðir húsnæðismál. Útg. flatarmálsfræðibókarinnar. Ingibjörg hvetur til útgáfu þýðingarinnar á Robin Hood.--

[1] *Ólafur Jóhann Gunnlaugsson Briem (1884-1944) framkvæmdastjóri í Reykjavík.*

[2] *Kristín Guðmundsdóttir Briem lést 24.10.1887.*

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Rvík. 3.12.1887.

Segir frá láti konu sinnar og hversu mjög þetta hafi áhrif á framtíð sína. Segist fluttur úr húsi sínu til Þorleifs Jónssonar.Erfiðleikar að fá útborgaða fjárveitingu til Torfa eða mála sem hann ber fyrir brjósti. --

Halldór Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 19.12.1887.

Ræðir beiðni Matthíasar um að predíka fyrr hann á áramótum. Vill vera laus en verður að gera það fyrir --

-- Matta. --

Ræðir um hræðilega leiðinlega konu hans, spilamennsku hennar, skárri en ekkert.

1888

Eggert og Ingibjörg Briem skrifa Susie Briem. Rvík. 1888 í árbyrjun?

Ræða heilsufar og búsetu vegna þess að S.B. býr nú á Ak. Hún virðist hafa eignast vinkonu þar, Margréti Haldórsdóttur.

Eggert sonur þeirra er farinn að lesa lög. Sigríður, dóttir þeirra fór út á Sjáland til vinnu og síðan á námskeið í Zahleskólann í Höfn. Hana skortir fé. Jóhanna dóttir þeirra er í pianótímum, en hefur ekki áhuga. Segir fréttir af barnabörnum.

Páll er með syni sínum á Auðnum um jólin. Er að hressast eftir áfallið.

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum. 5.1.1888.

-- Ég þakka þér innilega fyrir þitt góða bréf -- Ég gat varla búist við að þú myndir svara bréfi mínu svo fljótt er mér barst sorgarfregnin frá þér. Mér var mörgum betur kunnugt um ást þína og var það því fullljóst hve harmur þinn hlyti að vera sár. Ég gleðst yfir því að þú hafðir þrek til að bera hann --

Mér þótti vænt um að heyra skoðun þína á skólamálinu. Ég vildi óska að þú hefðir rétt fyrir þér, því að við erum sammála "ef málið væri brotið til mergjar" eða að minnsta kosti yrðum við ekki svo "sjálfstæðir", ég vil nú heldur segja eintrjáningslegir, að geta ekki orðið ásáttir um eitthvað víst. Ég er samdóma um að þið Sig. frater hafið góða portion af þessari sjálfstæðis (= eintrjáningsskap) en ég held að mig vanti hana að mestu leyti og þess vegna hef ég góða von um að við getum unnið saman í hverju sem væri. Það sem mér finnst örðugast við skipun menntamálsins er eftirlitið, umsjón með kennslunni. Þú heldur fram sýslunefndum; en hvaða sönnun hefur þú fyrir því að betra verði að fela þeim unglingakennsluna en sókna- og héraðanefndum? Ég fyrir mitt leyti get enga meiningu haft í þessu efni. Eftirlitið verður hið örðugasta og vandasamasta, en þó hið mest áríðandi. Því ekki dugar að kasta mörgum tugum þúsunda út í bláinn án þess að hafa nokkra garanti fyrir að þær komi að tilætluðum notum. Ég vil eins og þú láta ákveða einhverja vissa menntun sem hver unglingur á að fá og gera þessa menntun að skyldu og skilyrði fyrir fermingu eins og meirihluta frumvarpið fer fram á. Fermingarskilyrðið hefur mikla praktiska þýðingu. --

Ræðir málið nákvæmlega ásamt realskóla og hvort eigi að tengjast lærðum skóla. Hefur samið tímatöflu fyrir sjö vetra skóla. Fækkun grísku og latínutíma en fjölgun tíma í náttúruvísindum og matematik.

-- En maður verður að fara með mestu lipurð að gömlu málunum -- Ef realdeildin verður öflug, með duglegum kennurum þá er þeim hætta búin. --

Vill efla Möðruvallask. svo hann komi að notum enda hefur hann hús. Kvennaskólarnir hafa hús.

-- eða viltu koma upp nýjum kvennaskóla?

Segir einfalda skýringu á aðsóknarleysi Möðruvsk. Telur nauðsynl. að styrkja nemendur. Tillögur Stefáns eru nákvæmar, bornar fram af mælsku; honum greinilega mikið niðri fyrir. Heitir að senda nánari tillögur síðar fram.

-- Mér líður annars við þetta sama. Við Hjaltalín tölum um pólitík. Ég held að það mætti hafa hann góðan, að minnsta kosti treysti ég til þess. Hann er óhræddur að gagnrýna stjórnina og svarinn andstæðingur launabitlinga. Þykir leiðinlegt að þeim P.E.B. og Sigurði "frater" komi ekki saman. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 9.1.1888.

Kominn aftur til Möðruvalla eftir 3 1/2 tíma ferð á hesti í snjó en á sæmil. vegi. Tekið vel af Hjaltalín en svolítið var hann vandræðal., kannski v. herbergisins, sem var opið, en ekki í óstandi.

Á umslagi: Vinsamlega sendu stækkunargler, nál og þráð.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reynistað. 12.1.1888

Ræður leiða sinn vegna þess að hann kom ekki um jólin, hlakkar til vorsins. Þráir að hitta hann til að geta rætt framtíðarhorfur. Allt hefur kennt henni að hafa meiri stjórn á sér og vera nægjusöm. Las þunglyndislegt bréf Gunnlaugs til föður þeirra þar sem hann lýsir hve illa honum falli við Rvík eða öllu heldur að vera fjarri föður sínum og móður. Óviss hvort fyrirtækið geti haldið út mikið lengur. Ræðir orð Láru (Pétursdóttur Bjarnason) um að HB hafi gert rangt í að taka SB með sér til Ísl. Segðu henni að aldrei hafi mér verið jafn þungt í sinni og er ég var í hennar

-- promished land Minnesota.--

Frú Bjarnason er ávallt sama góða vinkonan en því minna sem við höfum með Láru að gera þeim mun betra, tilfinningar hennar eru af einhverjum ástæðum ekki góðar. Er að gera skyrtu og nærför f. HB. Að ljúka við inniskó fyrir Ólaf bróður hans í sumargjöf. Fellur vel við Vilhjálm sem er líkur Ólafi og HB, rólegur, skapgóður, ólíkur Jóhönnu. Hann var að koma frá Ríp og lífgar upp heimilið, sem er ekki leiðinl.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 14.1.1888.

Samúðaróskir v. dauða konu PEB.

-- Þessi missir hefur hlotið að taka á þig, bréfin þín lýsa því. -- hrutu mér tár af augum hvert skipti sem ég las þau --

Kveðjur frá próf. Goos sem hafði lesið dánartilkynninguna sem S. kom í Berling. --

-- byrjaði hann að tala um að þú værir orðinn mikill frelsisunnandi. Ég vissi eigi hvað mikið hann vissi og svaraði, já þú hefðir gefið revisioninni atkvæði þitt. Já og málin móti ráðgjafanum, sagði hann, ég get eigi skilið að hann sem júristi skuli hafa stemt fyrir því. Hann sagði að það hlyti að hafa áhrif á manns carriere, síðar einkum hér niðri, þess konar fortíð (eitthvað líkt), svo minntumst við dálítið á Þorsteinsmálið. Ég vissi eigi hvernig ég ætti að taka á með þig, en sló út í aðra sálma. Ef ég hitti Gosa aftur þá líkl. gef ég honum í skyn að þú hafir verið æstur og ofsóktur frá stjórnarinnar hálfu og að þinn radikalisme sé nokkuð sprottinn þar af. --

Ræðir hugmynd PEB um að SEB verði pöntunarstjóri á Englandi.

-- Það líst mér vel á. --

Sigríður Helgadóttir[1] skrifar Jóni Helgasyni.[2] Odda. 16.1.1888.

-- Tómas[3] bróðir kom labbandi til okkar og þótti okkur mjög mikil skemmtun að komu hans, hann er alltaf svo dæmalaust almennilegur og skemmtilegur hérna fyrir austan af því að hér er mikið minni sollur en í Reykjavík. Vildi ég óska að hann kæmi hingað sem oftast. Hvenær skyldir þú nú (koma) að heimsækja mig, það verður líklega ekki í bráð. Við höfðum kvöldsöng jólanóttina. Hann var á Hvoli og tónaði Tómas fyrir Skúla, og gekk það mikið vel -- Svo var messað hér heima og sungum við tóma nýja jólasálma þar á meðal: *Í dag er glatt í döprum hjörtum,*[4] svo Skúli tók forsöngvarana hingað heim til að kenna þeim lögin. Á annan riðum við Tómas upp að Velli og svo að Breiðabólstað um kveldið --vorum þrjár nætur í burtu. -- Hissa var Skúli þegar þú varst farinn að búa með Geir,[5] því ekki fékk hann besta orð í Reykjavík fyrir reglusemi eða yfirhöfuð orð fyrir að vera neitt vænn piltur og vildi ég óska að hann færi ekki eins með þig og hann fór með sumt fólk; þó var honum vægt, eftir því sem sagt var, en máske hefur það ekki verið satt og máske hann breytist líka til batnaðar og það vildi ég óska að hann gerði. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 16.1.1888.

SB vantar haframjöl og fór HB til séra Davíðs á Hofi og fékk það litla sem þau máttu missa og sendi til Ak. Þau á Hofi hafa lítið, enda gestakoma mikil. Nefnir dauða Aðalsteins og ömurlega sambúð við konu hans. Fékk stækkunarglerið en hann hefur ekki fundið sitt eftir að hann kom eftir jólin. Segist lítið hafa unnið eftir heimkomuna, aðeins lítillega sinnt flatarmálsfræðinni. Friðrik hefur áhuga á útgáfunni og segist búast v. 100 áskr. í Þingeyjarsýslu og ef 200 fengjust mætti gefa hana út.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 25.1.1888.

Sendir tvö kvæði eftir SB með séra Matthíasi, sem virðist hafa verið í heimsókn. Segir þau bara góð. Leiðrétti smávegis með undirstrikunum.

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Rvík. 2.2.1888.

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir þín hjartnæmu hluttekningarorð. Jeg finn að þú hefur fundið til hins sama sem jeg. Ó hvað jeg hef átt bágt. Þegar jeg sá dauðann koma. Og sú nístandi sorg, þegar jeg var búinn að missa minn dýrgrip, mitt yndi og unað. En jeg má ekki fara að hugsa um það, því að þá missi jeg kjarkinn til að lifa. Jeg hef nú í seinni tíð getað dálítið unnið og þá líður sú stundin og stöku sinnum fæ jeg gamla kjarkinn í mig og gremjuna yfir því, sem rangt er gert. T.a.m. um daginn þegar jeg las fyrirlestur Hannesar í Fjallkonunni, þá

[1] *Sigríður Helgadóttir (1862-1947) prestfrú lengi að Odda á Rangárvöllum sem var gift séra Skúla Skúlasyni og bjuggu þau í Odda á Rangárvöllum. Séra Skúli var sonur séra Skúla Gíslasonar að Breiðabólsstað í Fljótshlíð.*

[2] *Jón Helgason (1866-1942) bróðir Sigríðar, þá guðfræðinemi í Khöfn, síðast biskup og rithöfundur.*

[3] *Hér fara að birtast bréf úr bréfasöfnum Helga lektors Hálfdanarsonar (1826-1894), konu hans Þórhildar Tómasdóttur (1835-1923) Sæmundssonar og barna þeirra, einkum Álfheiðar Helgadóttur (1868-1962), síðari konu Páls Briem. Mörg fjalla um Tómas (1863-1904) bróður þeirra, síðast lækni í Mýrdalshéraði, litríkan persónuleika, en drykkfelldan.*

[4] *Eftir séra Valdimar Briem á Stóra-Núpi.*

[5] *Geir Sæmundsson (1867-1927) sem síðar varð prestur og vígslubiskup á Akureyri.*

fjekk jeg þrek til að andmæla honum. Og nú þegar jeg las hvernig Íslendingar höfðu gerst meiri illræðismenn, en Efíaltes sjálfur, því að hann átti þó harma að reka, en t.a.m. Bertel á þjer og þínu fólki gott upp að inna. En Jón Þorkelsson, hann er meira illmenni en jafnvel jeg hafði getað ímyndað mjer. Jeg skrifaði þrjár greinar, sem áttu að koma í Þjóðólfi, en það má varla koma, það er svo svæsið gegn Dönum og jeg get ekki, held jeg, fengið stemmninguna nægilega með kvæðinu. Það er álit margra, að þótt það sje satt þá hafi það ekki átt við. Jeg skrifaði sögu málsins og kemur hún út í Þjóðólfi á morgun. Jeg sendi þjer handritið. --

Álfheiður Helgadóttis skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 2.2.1888.

-- verð víst að segja þér að Valdimar Ásmundsson[1] sé trúlofaður, og þar af leiðandi fæ ég hann ekki, og þú ekki heldur Bríeti, hver að er sú lukkulega. Við nefnilega Thorvaldsensfélagið hm - hm, héldum tombólu -- þar var náttúrlega fjarska fallegt margt, sem okkar nettu fingur höfðu bróderað, balderað, skatterað og þar var líka nóg og fram yfir það, af núllum eins og vant er við svoleiðis tækfæri -- Ég, Guðrún Borgfjörð[2] og fleiri af þeim sem voru einna álitlegastar, hvað útlit snertir, vorum hafðar fyrir assistenta, nefnilega til að handsala þeim það,sem drógu annaðhvort pennaskaft eða lampaskerma. En Ranka Melsted[3] og Jóhanna Havstein,[4] og þessar sem skólapiltunum þykja fallegastar, voru við kassann, og áttu svo sem að <u>trækkja</u> og þú mátt hreint ekki hugsa að ég hafi öfundað þær, því það er langt frá mér að unna þeim ekki þeirrar ánægju, svo mikil sem hún var, að standa þarna bísperrt á miðju gólfi og taka á móti hrindingum og ónotum "*skrílsins*" hvað mörg núll voru hjá okkur.--

Sendir honum útsaumaðan púða handa honum og þeim, væntanlega brúðargjöf.

-- þú býður mér einhvern sóma fyrir hann. líka getur hjónavígsluræðan, sem ég á í vændum, komið upp í hann, því -- ég læt bíða að gifta mig þangað til þú ert viðlátinn til að <u>pússa</u> okkur saman (nefnilega mig og eitthvert dyggðamunstur af manni) --

Þórdís Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 2.2.1888.

-- Ég þakka þér kærlega tilskrifið seinast, sem ég varð mjög glöð yfir að fá, þegar það loksins kom, en póstmeistaranum þóknaðist ekki að opna pakkapóstinn fyrr en kl. 6 um kvöldið -- Ég get varla skrifað því ég er svo skjálfhent, ég hef nefnilega verið að keyra á kana[5] og ólátast og er dauðuppgefin.

Gaman þótti mér að heyra að Ketill[6] í Kotvogi skuli vera orðinn dannebrogsmaður.

Álfheiður er að leggja út af því þegar bæði þú og Geir séu báðir búnir að hlassa ykkur niður á sessuna, sem hún er að sauma, þá verði hún ekki lengi að verða óhrein. Nú er Einhildur dáin og Jóhannes alltaf fullur. -- Nú eigum við að fara að ganga til prestsins -- og hlakka ég til þess, því það á að ferma svo margar telpur sem ég þekki.

Nú ætla ég að skrifa fröken Hansen[7] með þessu skipi. Ekki hefur hún haft það mjög leiðinlegt í jólafríinu, samt held ég það hafi verið langtum leiðinlegra á þessum prestagarði, heldur en hjá Hansen. Það er þessi eilífi upplestur sem það alltaf hefur verið með þar, sem ég held hafi verið svo leiðinlegur. --

Segir frá tombólu sem haldinn var í Thorvaldsensfélaginu og hún fékk ýmsa vinninga.

Seinni daginn gat ég ekki fengið að fara því séra Ísleifur í Arnarbæli átti að vera til kvölds og Álfheiður átti að vera niðurfrá, en ég mátti til með að skemmta gestunum, ekki séra Ísleifi eða Gísla, heldur Jórunni dóttur hans sem á að vera þangað til í vor. -- Nú hætti ég þessu rugli. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík 5.2.1888.

Ræðir að Susie geti ekki komið suður í sumar með H.E.B. af heilsufarsástæðum. Ræðir hnignun Möðruvallask. og grein Stefáns Stefánssonar í Þjóðólfi sem þó hafi ekki verið úttalandi um efnið; þín skoðun eigi heldur, því fleiri ástæður ráði hnignun skólans.--

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn, 29.2.1888.

Ræðir framtíðina. Jón Jakobson skoraði á hann að gefa sig að verslun fyrir Skagfirðinga. -- Veltir fyrir sér hvað hann eigi að taka sér fyrir hendur eftir prófið.

---

[1] *Valdimar Ásmundsson (1852-1902) ritstjóri. Hann átti Bríeti Bjarnhéðinsdóttur.*

[2] *Guðrún Borgfjörð (1856-1930).*

[3] *Ragnheiður Melsted (1871-1913) giftist Hannesi Hafstein.*

[4] *Sennilega Jóhana Havstein (1867-1894) sem var kennari við Barnaskóla Reykjavíkur.*

[5] *Sleði.*

[6] *Ketill Ketilsson (1823-1906) frá Kotvogi í Höfnum, f. á Svalbarða á Álftanesi.*

[7] *Lili Hansen mun vera sú sem Tumi bróðir hennar var um það leyti trúlofaður í Danmörku.*

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 19.3.1888

Segir m.a. frá hrossaskiptum. Veðrið og flóð í ánni hindrar að hann komist til SB.

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 21.3.1888.

Kvartar yfir slæmri heilsu, tannpínu og "blegssot"[1] *Henni var skipað af dr. Schierbek að liggja í rúminu en þegar það gekk ekki að fara út, ganga og hreyfa sig. Það skilaði svo bættri líðan.*

-- það sem fólk talar um er að Hannes Hafstein skyldi segja henni Önnu að eiga sig, því ekki gekk svo lítið á með hana í fyrra um þetta leyti, mér fannst hitt verra af hvaða orsök hann gerði það, það er af því að hann vill heldur hana vinstúlku mína, Rönku Melsted, en hvort hann fær hana er eftir að vita, því þó hún eins og annar krakki eða réttara sagt, trippi, vildi kannski slaka til, þá er kona sem heitir Ástríður Melsted, sem er húsmóðir í sínum enda, kannski líka að henni þyki fara vel á þessu öllu saman, og þá er ekkert í veginum, sumum finnst það eiga heldur illa við, að þau séu saman, eins og ástatt er, að foreldrar þeirra hafa skilið, en ef þeim sjálfum finnst það tilhlýðilegt, þá verði þeim gott af, það verða líklega ekki margir sen öfunda hana, nema ef vera skyldi M. Finsen, sem sér hálf svart fyrir með að fá nokkurn til að verða sér samferða á lífsleiðinni!! --

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 20.3.1888.

-- tannpínan ásækir Álfheiði ákaflega. Það er í fyrsta sinn á ævi minni að tannpína hefur ásótt mig -- En auk þess fékk ég -- þrota og verk í tannholdið fyrir utan tanngarðinn og því fylgjandi hlustarverk sem leiddi til þess að ég gat ekki sofið og varð að halda mig inni í 8 daga vegna verkja og vanrækja kennslutíma mína. Nú hef ég aftur farið út í 1½ viku en lengst af með kjálkaskjól og ennþá finn ég dálítið til í hlustinni og höfðinu þeim megin. Schierbek heldur að þetta sé ekki annað en gigt eða *reumatisme* í höfðinu á mér og er það líklega svo.

Ég vona nú að þetta sé núna um garð gengið og í þeirri von fór ég nýlega að manna mig upp og láta prenta ofurlítið af framhaldi af kirkjusögunni, þótt ég viti ekki hvort ég fæ nokkurntíma styrk til þess. Mig langar svo mikið til að geta lokið við fornaldarsögu kirkjunnar og hætti ég þá ánægður ef það tekst. Þú eða einhver annar getur síðar haldið áfram með hina partana. --

Ræðir rækilega um nám Jóns og viðfangsefni hans og hvernig hann vilji skipa námi sínu og notfæra sér manduktöra t.d. við að fara í gegnum Opinberunarbókina og vill að hann geri það fremur á eigin spýtur. Í umfjöllun sinni kemur greinilega fram hve vel hann þekkir til námsins og kennaranna í Khöfn.

Þórdís Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 21.3.1888.

-- þakka kærlega nóturnar -- er búin strax að lærar tvö stykki og þú getur nærri að það er ekkert sérlega ljótt þegar ég er búin að útfæra þau!!

Það helsta sem ég get sagt þér að ég hef verið á tveimur böllum, einu hjá prestinum og öðru hjá Hallberg. Hjá prestinum var ég á fastalánsmánudaginn,[2] því þá var fæðingardagur Gauu[3] og vorum við þar 20, mestallt telpur. Þar dansaði ég við Harald[4] vin þinn. Mér sýnist þú ættir líka að fara að læra að dansa, eins og Haraldur hefur lært í vetur. Hitt ballið var í febrúar -- Þú ert víst orðinn leiður á þessu ballstagli og ætla því að hætta. Ég fékk bréf frá Lili eins og þú vissir og á bréfinu var mynd af prestagarðinum; ekki þykir mér húsið fallegt, það er svo ósköp lágt, svo sagði hún mér hvar þú hefðir búið og hvar herbergið þitt var. Svo sendi hún mér líka eitt blað af trénu sem er fyrir utan húsið. -- skilaðu kveðju -- það á að ferma mig í vor 20. eða 27. maí og svo á ég að fara í peysuföt í haust og ætla ég að biðja þig að kaupa einhvern tíma í svuntu handa mér.

Ég er svo fjarska kvefuð og rám eins og rjúpukarri og get ekkert sungið og það þykir mér verst af öllu. --

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 22.3.1888.

-- Ég vona nú að Siggi taki próf í sumar en veit ekkert hvað verður um hann. Eggert skrifaði mér að Siggi væri lasinn af lystarleysi og höfuðverk og er það ekki hentugt við eða fyrir prófið. -- Hannes Hafstein og fröken Riis hafa sagt sundur með sér. --

Ingibjörg Sverrisdóttir Briem skrifar Susie Briem. Rvík. 23.3.1888.

Heyrt að Susie Briem og séra Matthías kveðist á og þykir gott. Segir 10 séu við borð hjá henni, þar af borga sex fyrir sig: Páll, Rögnvaldur Rögnvaldsson úr Dalas., skólapiltur. Þá er þar Theodór (Jónsson) stud. theol. frá Auðkúlu, Eiríkur frá Bæ sem er útskrifaður. Hjá honum sefur annar piltur en fær ekki annað

---

[1] *Blegsot. Gamalt orð yfir þreytu, hjartslátt, höfuðverk og svima. Talið afleiðing blóðleysis.*

[2] *Bolludagur.*

[3] *Guðrún (1875-1954) dóttir Hallgríms Sveinss. biskups og átti síðar Axel Tulinius sýslumanm. Aldavinkona Álfheiðar.*

[4] *Harald Nielsson (1866-1928) síðast prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands.*

en morgunkaffi. Þá er Hallgrímur Thorlacius[1], stud. theol. og systir hans Elín frá Stafholtsey[2]. Dóttirin Jóhanna var í orlofi hjá Gunnlaugi og Frederikke í Hafnarfirði.

Sigurður búinn með sinn styrk eftir 4 ár og þarf því hjálp, enda veitum við Eggert og Sigríði engan styrk. Það gera tvíburarnir Elín og Páll Briem. Sigríður er á fröken Zahles-skóla eins og Elín var áður.

Thomsenslínan ætlar að flytja vesturfara til Kanada fyrir lágt verð.

Ingibjörg Sverrisdóttir Briem skrifar Susie Briem. Ódags.

Elskulega tengdadóttir! --

Merkilegt að þegar brann í Nesi í Laufássókn var svo mikið bál að það sást frá Möðruvöllum. Einar[3] var ótryggður. Segir af síðustu prestvígslu Péturs Pétursonar biskups. Séra Hallgrímur Sveinsson kemur frá biskupsvígslu í júní. Eggert litli Claessen skrifaði og sagðist verða samferða SB og HB suður.

Jóhanna E. Briem skrifar Elínu E. Briem. 23.3.1888.

-- Mikið er talað um Ragnheiði Melsteð[4] og Hannes hér og áreiðanlegt er, að hann er búinn að svíkja Önnu, eða hún hann, og hann sækir ósköpin öll til Rönku, það er talað að á afmælisdag Rönku, sem er á þriðja í páskum, ætli hann að opinbera, en það er líklega *snakk*, enda væri það vel mikið, þegar jafn stutt er síðan hann sagði í sundur með kærustunni sálugu. Frú Melsted er harðánægð með það fyrir Rönku hönd. --

Sigurður E. Briem til Halldórs Briem. Khöfn. 4.5. 1888.

Segir kulda og ís í Khöfn, óstand í pólitík í samræmi við það. Sigríður hefur verið óvenju slæm í fætinum.--

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Rvík. 5.5. og 8.6.1888.

Ræðir um þingmál ýmis og framfaramál, ásetning, fræðslumál. Þá ræðir hann um samtök og frumkvæði. Um kennslumál ræðir hann og er illa við að kennslan heyri undir geistlegt vald, presta, safnaðarfundi, prófasta og stiftsyfirvöld. Betra væri að það heyrði undir verslega valdið, sýslunefnd og amtsráð. Þá ræðir hann um hlutverk stjórnvalda, andstætt skoðunum Arnljóts sem segir að þau hafi ekkert hlutverk annað en að koma í veg fyrir að menn skaði ekki hvor annan. Ræðir Þingvallafund.

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 13.5.1888.

-- snjór tekinn upp úr byggð -- hafís kominn milli Vestmannaeyja og lands. Gróður eigi kominn -- flestir byrgir af heyi. -- afli prýðilegur í flestum veiðistöðvum sunnanl. -- Gröndal skrifað bréf móti Ameríkuflutningunum -- mun betra en hið fyrra. --

Ég öfunda þig mikið af því að hafa heyrt hinn norska prest Henck tala móti andatrúnni og vildi ég óska að hann drægi það ekki að láta prenta þessa fyrirlestra sína.

Ræðir málið rækilega. Sendir grein sem hann skrifaði um bók en fékk ekki birta í blöðum, þurfti að láta sérprenta.

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 13.5.1888.

-- Fyrst gibsmyndin af afa þínum[5] kom ekki seinast þá langar mig til að biðja þig að glassera[6] hana, eins og Sigríðar í fyrrra (það er líklega ekki rétt *udtryk*) en meiningin er að gera hana svo, að maður geti þvegið hana þegar á hana fellur. Ramminn má vera óbreyttur.

Til þess að bera þér dálítið slúður ætla ég að segja þér, að Marino hefur skrifað einhverjum hér að Geir[7] væri orðinn alveg óbrúkandi maður, af því Jón Helgason hefði hönd yfir honum, en hann vonaði að þeir skildu einhverntíma, og þá ætlaði hann að reyna að ná í Geir aftur. Ég skrifa þér þetta bara til þess að þú varir Geir við þessum óláns gogg. --

[1] *Hallgrímur Thorlacius (1864-1944) Síðast prestur að Glaumbæ í Skagafirði.*

[2] *Elín Thorlacius flutti til Vesturheims.*

[3] *Einar Ásmundsson (1828-1893) merkur bóndi, gullsmiður, alþingismaður og umboðsmaður í Nesi í Höfðahverfi.*

[4] *Ragnheiður Stefánsdóttir Hafstein (1871-1913).*

[5] *Séra Tómas Sæmundsson(1807-1841) prófastur á Breiðabólstað í Fljótshlíð.*

[6] *Glasere. Þýðir að þekja myndina með gljáa.*

[7] *Geir Sæmundsson (1867-1927), síðar vígslubiskup á Akureyri.*

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 13.5.1888.

-- Þakka þér kærlega fyrir seinasta bréfið -- sem hitti mig þó ekki væri ég *karmosin* rauð í kinnum, þó fríska og ánægða með lífið og ég get sagt þér það, að það er alveg komið úr móð að vera með *karmosin* yfirlit og þó mér þyki sá litur fallegur í svuntu og þess háttar, þá hefur mér aldrei þótt hann fallegur hörundslitur, svo ég sakna hans ekkert, ef ég er frísk fyrir utan hann, og fæ ekki annan í staðinn sem heitir *stuekouleur*, en nóg um það, ég er orðin heldur braggleg aftur, svo ég get sagt þér eitt, sem ég er ekki lítið ánægð yfir, ég er orðin alveg laus við tannpínuskömmina sem ætlaði að klára mig, þá á ég Nickolin[1] að þakka, hann fyllti nefnilega upp 5 tennur á mér og drap *nerven* í tveimur, og síðan hef ég ekki fundið til tannpínu heldur en ég hefði enga tönn í mínum túla! Ég gekk til hans í mánuð á hverjum degi og var satt að segja farin að hugsa að þetta ætlaði engan enda að taka, en loksins var það samt búið, og þá mæltist hann til að fá 14 krónur fyrir ómakið! Ekki er nú bitinn gefinn. --

Ranka Melsted opinberaði túlofun sína -- Það var eins og nærri má geta ósköp að gera hjá Melsted daginn þann, allt frá Hafstein til Jónassen og landshöfðingjanum boðið upp á súkkulaði og kampavín, og vindla eins og rusl. Ég held að allt sé í sjöunda, ef ekki áttunda himni yfir þessu, og byrlar Rönku allan skramban inn um Önnu, að hún hafi sagt honum upp og hún sé dum, hún sé pappírsbúkur og fleira þessu líkt, en mér finnst nú, það geti látið vera að nefna hana nokkuð úr því það ekki talar henni betur til. Þau komu hingað á sunnudaginn var, og eru alltaf að gera visitter,[2] á milli þess sem þau eru í miðdögum hjá landshöfðingjanum, ekki fá þau að giftast fyrr en eftir 3 ár, svo leggur gamla Ástríður fyrir, hún er að kenna honum frönsku og svo fer hann í kirkju bara þegar hver vill hafa. Það breytist margt svona í heiminum. --

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 1.6.1988.

Ætlar að reyna að senda þetta bréf með Thyru-ferð sem fer norður og austur en reiknar ekki með að hún komist því hafís er eystra og suður að Ingólfshöfða. Bót í máli að flestir eru vel byrgir af heyi.

-- Á sunnudaginn var voru börn (46 að tölu) fermd hér í Reykjavík. Þar á meðal var Þórdís systir þín og síðan hefur verið gestkvæmt hjá okkur. Séra Skúli og Sigríður komu hingað og voru við ferminguna okkur til mikillar gleði --

Ragnheiður Davíðsdóttir[3] til Susie Briem. Hofi, Hörgárdal, 4.6.1888

Segir að hún geti ekki farið inneftir til að hjálpa Sigurði. Fjallar um vorverk og veikindi móður sinnar sem má ekki missa hana frá verkum. HB sagði að hún þyrfti að fara út að ríða með SB. Það segir hún af og frá að hún vilji gera. Mamma hennar vill gjarnan gera þetta fyrir SB, en RD tekur af skarið að það komi ekki til mála að vera við þetta nokkra daga ef ekki er brýnni þörf.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 6.6.1888.

Þakkar huggunarorð H.E.B: eftir að konan hans dó (24.10.1887). Kom syninum fyrir hjá afa hans og ömmu á Vatnsleysuströnd. Reynir að dreifa huganum.

Ræðir mál Möðruvallaskóla, m.a. hvernig þeim Stefáni lítist á flutning til Ak.

Séra Skúli Skúlason skrifar Jóni Helgasyni. Odda. 18.6.1888.

-- Það örðugasta við prestsembættið held ég sé barnauppfræðingin, ekki af því að það sé ekki mögulegt að hræra börnin þegar maður talar við þau (í spurningunum etc.), heldur ekki af því að þau geti ekki lært og skilið nokkurnveginn kristindóminn, heldur af því að þau sjá hversdaglega svo framúrskarandi interessuleysi hjá foreldrum og vandamönnum, sem þau umgangast daglega, að áminning prestsins sem tiltölulega sjaldan getur talað við þau, hefur lítinn árangur. Því hjá flestum sem að börnunum standa er ég mjög hræddur um að það sé fremur gamall vani, sem ræður því að þau gangi til prestsins, heldur en sannfæring um þýðingu og gagnsemi þess. En skeytingaleysið heldur oft í hendur við fáfræði foreldranna sjálfra eða þeirra sem að börnunum standa, því fæstir sem kenna börnum kristindóminn eru svo að sér að þeir geti útlistað fyrir börnunum það sem þau læra. Þetta er einmitt uppsprettan að þululærdóminum sem að maklegleikum er hataður og fordæmdur af öllum góðum og skynberandi mönnum. -- sálmasöngurinn -- tel ég einmitt eina af cardinaldyggðum hverrar messu -- í engum af mínum kirkjum fyrirfinnst -- harmonium. -- eru nokkrar guðfræðibækur hér í Odda, flestar gamlar, leifar af lestrarfélagi því er afi þinn séra Tómas Sæmundsson stofnaði fyrir prestana hér í sýslunni en sem nú er að deyja út, mest fyrir áhugaleysi prestanna - að undanteknum pabba mínum[4] --

---

[1] *Oscar Nickolin var dansku lyfsali í Stykkishólmi og sem flutti til Reykjavíkur og auglýsti sig sem prófaðan tannlækni í des. 1886, fyllingar, hreinsun og að hann setti ameríkanskar glerungstennur af bestu tegund. Stundaði starfið í nokkur ár.*

[2] *Heimsóknir.*

[3] *Ragnheiður Davíðsdóttir (1864-1937), frænka hennar og húsfreyja í Fagraskógi í Arnarneshreppi í Eyjafirði. Átti Stefán Stefánsson bónda og alþingismann.*

[4] *Séra Skúli Gíslason á Breiðabólstað.*

Þórdís Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 24.6.1888.

-- þakka fyrir bókina og kortið sem ég fékk þegar ég kom heim úr kirkjunni á fermingardaginn minn. -- ég ætlað að fara að ferðast austur og vera þar einn mánuð að frílista mig. -- Mikið hefði mig langað að þú værir kominn hingað daginn sem ég var fermd, en það gat ekki látið sig gera. Það var haldið miðdagsgildi þann dag; ekki voru margir samt boðnir nema presthjónin[1] og gamla frúin, prestaskólakennararnir og Tanta sendi mér *kapsel*,[2] María[3] brjóstnál og Þórður[4] bók, En frá Duus fékk ég gullarmaband, og svo á ég að fá saumaborð hjá Siggu og Skúla, sem þú átt að velja og vonast ég til að það verði fallegt.

Soffía Jónassen[5] fékk svo margt í fermingargjöf að ómögulegt er að telja það upp, en stærstu stykkin eru: Skrifborð, saumaborð, gullúr og gullarmband og svoddan ósköp margt fleira.

Ég bið að heilsa fröken Hansen. Sömuleiðis bið ég að heilsa Þórði frænda og þakka honum fyrir bókina en honum getur þú sagt að ég hafi orðið mjög vond þegar ég sá að hann skrifar mig Þórðísi.

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 25.6.1888.

-- Þakka þér fyrir myndina af ykkur frænda og læt ég ykkur báða vita að mér líst naumast eins vel á ykkur á þessari mynd eins og áður, mér þykir Þórður svo óþarflega langur og þú óþarflega kringluleitur og feitur. Ætli það sé ekki betra að fella úr annan hvern dag með að drekka ölið? Ég er svo hrædd um að þú verðir kannski eins og Hansenarnir hérna hjá okkur, sem alltaf er vitnaði í hér, þegar einhver þykir of feitur!! Jæja, ég segi nú þetta meira í gamni en alvöru og vona að öldrykkjan verði ekki til þess að gera að drykkjumanni, þó margur hafi lært að drekka á ölinu. --

---

Hér skýtur E.Á. skrásetjari inn minningu.

Er ég var að undirbúa mig fyrir siglingu eftir stúdentspróf, 1949, á togara með frænda mínum til Grimsby. Hafði ég áhyggjur af að verða mér til skammar, að geta ekki komið niður bjór. Mér þótti pilsner versti drykkur, en ákvað að troða einni flösku í mig, opnaði hana við eldhúsborðið í Tjarnargötu 24. Í því kom Álfheiður amma mín fram í eldhús, sá hvað ég aðhafðist, varð illa við, og sagði alvarleg: "*Svona byrjaði Tómas bróðir að drekka!*" Þetta var eina skiptið sem amma nefndi þetta fjölskyluleyndarmál og vanda. En smám saman varð mér ljóst vegna ýmsissa vísbendinga, að þetta hefði verið vandamál í fjölskyldunni.

-- Tómas greyið situr nú við að lesa með miklu kappi -- Við erum nú hálfhrædd um hann, því þó hann hafi þennan síðasta mánuð verið bæði iðinn og reglusamur, þá vitum við, að *"ónotuð stund, leið allmörg hjá"* en það verður að fara sem auðið er, og svo kemur nú siglingin, og hana er ég líka hrædd við og verra að þú verður ekki við þegar hann kemur til Hafnar. --

Ræðir um prestdæturnar og skemmtun þeirra og hans og hvernig fjölskyldan bar hann á höndum sér.

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 25.6.1888.

Segir frá gestakomu og prófum sonanna eins og Þórhildur hafði einnig gert.

-- Tómas hefur nú um tíma lesið mjög kappsamlega -- svo ég er að vona að hann sleppi gegnum prófið, þótt áhugi hans á lestri hafi annars alls eigi verið svo stöðugur -- Þó hefur Tómas fremur gaman af lækningunum sjálfum og margir halda að hann sé jafnvel efni í góðan lækni. Ef hann sleppur gegnum prófið þarf hann að sigla á fæðingarstofnunina til að geta fengið hér einhvern tíma embætti. Ég kvíði fyrir þeirri siglingu hans bæði vegna kostnaðarins, en einkum vegna háskans sem honum er búinn í Kaupm.h. vegna veikleika síns, sem við þekkjum.

-- *(hann)* á þá að koma til Hafnar um 7. ágúst. Mér þykir lakast að þú verður þá ekki kominn heim frá Fjóni --

Ræðir í löngu bréfi bæði um guðfræðina, nám Jóns í Höfn - einnig um fjármál og peningavandræði sín.

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 4.7.1888.

-- Ég gríp blaðið til að hripa fáeinar línur til þín og láta þig vita að okkur hér líður ágætlega. Bræður þínir hafa báðir nýtekið próf og gekk vel. Ólafur fékk *dável* í heimspekinni, en Tómas 1. einkunn (laud) í læknisfræðinni. Þú getur nærri, hvort okkur hefur ekki þótt rætast vel úr fyrir Tómasi. Ég bjóst allseigi við að hann mundi fá svo góða einkunn -- Tómas hafði yfirhöfuð lesið rétt vel -- og mikið kappsamlega í vor. Í gær fór hann og Þórdís

---

[1] *Gæti verið Hallgrímur Sveinsson (1841-19099*

[2] *Dós - hulstur.*

[3] *Sennilega frænka hennar Maria Tomasson, dóttir Þórðar heitins Tómassonar. Hún bjó í Khöfn.*

[4] *Sennilega Þórður Tómasson frændi hennar og náinn vinur Jóns bróður hennar í Khöfn.*

[5] *Sophia (1873-1943) dóttir Jónasar Jónassens landlæknis og Þórunnar Pétusdóttur Havsteen.*

systir þín austur í Odda og urðu samferða Tómasi frænda sínum á Barkarstöðum. -- Þegar Þórdís kemur aftur er ráðgert að Álfheiður fái að fara austur. --

-- því þeir sem læra hér læknisfræði geta ekkert embætti fengið nema þeir hafi áður farið til Hafnar, og gengið þar á fæðingarstofnanir, verð ég að láta Tómas sigla þótt ég sé hrædd við það vegna hinnar slæmu tilhhneigingar hans til ölfanga, og þótt efnahugur minn sé svo illur vegna hinna gömlu skulda, að ég eigi mjög erfitt með að styrkja hann til þess. En ég hlýt samt að ráðast í þetta og er áformað að hann sigli héðan með Lauru 27. þ.m. Eftir því á hann að koma til Hafnar um 7. ágúst og væri mér mjög kært að þú værir kominn til Hafnar aftur til að leiðbeina honum fyrst í stað. Þó verður það að vera undir kringumstæðum þínum komið og ætlast ég ekki til að þú rífir þig upp úr sveitasælunni fjónsku, ef þér er það mjög óþægilegt eða prestinum mjög á móti skapi. --

Steingrímur Thorsteinsson[1] skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 10.7.1888.

-- Áður en ég fór á stað skildi ég eftir bréf til þín og voru í því ýmsar upplýsingar viðvíkjandi Tómasi Sæmundssyni sem ég hafði beðið Jón söðlasmið í Hlíðarendakoti að útvega mér en sem komu *post festum.*--

Fannst heldur lítið á þeim að græða en sendi þær samt til PEB svo hann gæti kynnt sér. Vonar að Eiríkur bróðir hans hafi séð þær. Er lítið farinn að sjá "sýninguna" en sá hluta af henni í Edinborg og þótti hún

-- stórum mikilfenglegri. --

Er þar mikið sýningarefni saman komið en ekki fallega uppsett.

-- Ég sé að *Avísinn* vill telja sínum dönsku bræðum trú um að Þingvallafundurinn hafi alls enga þýðingu sem vottur um þjóðarvilja og fellur sú kennig í góða jörð hér. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn, 12.7.1888.

Hefur skrifað tvær greinar í Morgunblaðið; setur sér að skrifa ekki fleiri. Leitaði ráða læknis vegna sjúkleika móður sinnar, segir hann sjúkdóminn einkennilegan en ekki vera krabbamein. Segist vera að dragast upp úr vesöld en gekk þó út að Hjortekjærshúsi með Eggert bróður sínum, Sigurði Thoroddsen og Eiríki frænda (Sverrissyni?). Er lerkaður eftir, en laus við höfuðverk.

Hélt boð fyrir Klemens Jónsson þegar hann útskrifaðist með því að bjóða upp á toddí, en Garðbúar

-- höfðu ekki dugnað í sér til að gangast fyrir því þótt þá sárlangaði til að koma því á og þótti hálfpartinn minnkun að hafa það eigi. --

Við höfum ráðist í að gefa út ritgerð Boga.[2] Mér er það nú reyndar eigi geðfellt af því að málið á henni er ljótt, framsetningin leiðinleg og langdregin. Það var ómögulegt að fá V.(*altý*?) til að líta yfir ritgerðina --Mér tókst þó með herkjum að fá Boga til að hleypa úr þrem verstu köflunum -- Það er eins og honum finnist varasamt að fella eitt orð eða eina setningu úr ritger, eins og að slá stoð undan húsi. Hann er glóandi hræddur um að heila byggingin hrynji. Tillögur hans til breytinga eru það besta og eru víst rétt góðar. --

Sýningin er farin að verða töluvert fjölskrúðugri en fyrst. Kristín Arasen hefur komið með prjónapeysur og fengið *broncemedalíu* fyrir. --

Helga Sigurðardóttir skrifar Jóni Helgasyni. Árbæ, Holtum. 13.7.1888.

-- Innilega þökk fyrir bréf og meðfylgjandi mynd af þér -- gaman að sjá hinn frændann minn[3] og virðist mér hann mikið laglegur piltur. Engar eru fréttir að rita þér. Hér ganga þessar vanalegu annirnar í öllum hlutum, stórum og smáum, allir hlutir standa hér í stað, allir lifa, sem mér þykir nú betur, hugurinn er sá sami, heilsan við sama, hún vill ekkert batna enn sem komið er.

Í gær var ég að spekúlera við Tómas bróður þinn, sem heimsótti okkur í gær. Hann brá sér austur áður en hann sigldi, að kveðja vini og vandamenn. Nú eru hálestirnar og margir á ferð. Þórunn Stephensen kom austur og með henni reið ég austur að Reyðarvatni í gær, austur að Barkarstöðum fór ég um daginn og svo hef ég farið fáeinar skottuferðir að auki hér í kring, og eftir helgina ætla ég að vitja Eyrarbakka, svo þegar það er búið, ætla ég að halda kyrru fyrir ef lifi.

Mikið er grasleysið eftir þetta mikla þurrkavor og málnitubrestur þar af leiðandi mikill, 90 ær eru í kvíum og sex kýr hafa verið til, en ein var seld núna nýverið. Enginn deyr hér nafnkenndur og ekkert ber til tíðinda né titla. --

---

[1] *Steingrímur Thorsteinsson (1831-1913) skáld og síðar rektor Lærða skólans.*

[2] *Bogi Th. Melsteð (1860-1929): Um menningarskóla eða um "lærða skólann" í Reykjavík og samband hinna lægri skóla við hann. Khöfn, 1888. Útg.: Nokkrir Íslendingar.*

[3] *Það er séra Thordur Tomasson frændi þeirra í Danmörku.*

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 24.7.1888.

-- Jeg þakka þjer innilega brjef þitt síðasta og þar áður, en samt máttu ekki búast við miklu. Kommissíónir og kjaftæði ætla að drepa mig og þó lítið í aðra hönd. Nú er Jón (?) búinn að dispútera og hefur það víst verið dýrt fyrir hann. Skelfing er það leiðinlegt, að Jón skuli vera önnur eins dæmalaus rót og hann er. Það var Þorsteinn Erlingsson, sem kom inn hjá mjer þeirri skoðun, að það væri þó dálitlar taugar í Jóni og hugði jeg því, að þegar hann sá, að jeg, sem hef verið harðvítugur mótstöðumaður studdi hann á alþingi í sumar, að þá myndi hann sefast og verða rólegur. En það er ekki því að heilsa. Hitt segir þú mjer, að skynsamari menn hjá Dönum sjeu farnir að taka sönsum í Raskmálinu, og mjer þykir vænt um að þú skoðar pólitík okkar Þorleifs, að minnast ekkert á skammapjesann þeirra í Höfn, heillavænlega. Það komu mjög mörg brjef frá ykkur í Höfn, sem við vorum hálfhræddir við að láta ekki koma. En hollt er heilum vagni heim að aka, og jeg veit ekki betur en að pjesi þeirra hafi almennt hlotið verðskuldaða fyrirlitningu.

Mjer þykir vænt um, hvað þjer gengur með litteratúrsöguna. Af mjer lítið að segja nema heldur slæmt. Tími minn gengur í ótalmargt, sem jeg hef enga interesse fyrir, og jeg veit ekki, hvað jeg afræð að gera í framtíðinni.

Vertu alls tíma sæll og blessaður. Jeg bið innilega að heilsa konu og syni. --

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 25.7.1888.

Segir frá því að Tómas bróðir hans hafi tekið læknapróf og fengið 1. einkunn eins og Björn Ólafsson (síðar augnlæknir) og Kristján Jónsson sem var síðast yfirlæknir í B.N.A. Eru þeir að sigla til Hafnar.

Er ánægður með að hann skuli í góðum félagsskap. Ekki getur hann varist hræðslu um hann þegar hann kemur til Hafnar,

-- að hann reyni að gæta sín betur en stundum hér heima, og ég held að það sé vilji hans og áform. Vegna hræðslu minnar við veikleik hans læt ég hann ekki fara með aðra peninga með sér en sem er umfram fargjaldið af þeim ferðastyrk sem hann fær hér af opinberu fé, sem er 50 kr. -- Af því að ég þori ekki vel að fá honum hér meiri peninga hef ég sagt honum (sem reyndar er ósatt) að hjá þér sé dálítið af peningum handa honum. En þessa peninga sendi ég þér nú með Gísla Ísleifssyni.[1] --

Tómas þarf að fá ný spariföt og bið ég þig að hjálpa honum til að velja þau. -- vona ég að þau verði ódýrari ef þau eru borguð út í hönd. --

Ræðir um styrk hans og vonar að Jón muni leiðbeina honum í öllu. --[2]

Þórdís systir hans er í Odda og kemur senn og fer þá Álfheiður þangað til systur sinnar og mágs.

Biður hann Jón um að gera sálmabókarnefndinni þann greiða að tala við Gyldendal forleggjarann hvort

-- hann myndi vilja taka að sér að forleggja og þá líklega að láta prenta 2. útgáfu hinnar nýju sálmabókar - 4000 (eða ef til vill stærra t.a.m. 5000) exemplara upplag --

Lýsir hann óskum sínum nánar. Segir líka frá reynslunni af fyrri útgáfu og vill gera betur.

Fróðleg og nákvæm lýsing á fyrri reynslu.

Bréfið fjallar að nokkru leyti um lýsingu á ferð Tómasar austur að Eyrabakka og Odda, sem hann hefði lýst rækilega í bréf sínu áður.)

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík, 26.7.1888.

Þakkar fyrir partinn sinn í bréfinu sem hann skrifaði til pabba síns. Sendir með Tómasi bróður hans prestakraga til að þvo og stífa í Khöfn.-- Þorir ekki að reiða sig á að Tumi muni tala um þetta --

Mér þykir vænt um að þú tekur á móti honum, því þá vona ég þó, að engin óhræsi nái í hann fyrsta daginn, en vondur félagsskapur er það sem ég óttast mest og því þykir mér vænt um að hann sé á ferð í flokki tómra ágætispilta. --

Biður hann um að kaupa föt, stígvél og sumarfrakka á föður hans.

-- En lofi guð okkur að lifa, þá langar okkur að láta hann fá yfirfrakka til vetrarins í haust --

[1] *Þetta ver flókið mál aðstandenda í miklum vandræðum og sem tæplega er hægt að rekja.*

[2] *Í Læknatali (1984) segir um framhaldsnám Tómasar Helgasonar: Sjúkrahús, m.a.: Fæðingast., í Kbh. og Berlín (eyrnalækningar) sumarið 1892, og 1893.--*

BRÉF OG DAGBÆKUR JÓNS HELGASONAR TIL MÓÐUR HANS ÞÓRHILDAR TÓMASDÓTTUR SKRIFAÐ AÐ KORUP PRESTSETRINU.

30. JÚNÍ TIL 3. ÁGÚST 1888

Hjartkæra mamma mín! Eins og í vetur í jólaleyfinu meðan ég dvaldi hér, svo vil ég og í sumarleyfinu skrifa þér nokkrar línur á hverju kvöldi, meðan ég er hér svo að þú getir séð hvernig dagarnir líða í dönsku prestsetri á sumrin. Reyndar býst ég við að lífið í Östrup verði fremur uppstillt sem *typa* uppá hið *gemytlega* dönsku prestsetranna, er mest orð fer af, en lífið hér í Korup, þótt ég efist ekki um að hins vegar séu hér til prestsetur með sama *præg* sem Korup, hvað hinu daglega lífið viðvíkur. En einn hlut hefur það þó án efa fram yfir öll önnur, og það er *eleganse*, sem þér mun kunnugt af bréfum mínum frá jólaleyfinu.

1. dagur. Laugardagsvöldið 30.6.1888. Kl. níu um morgun fór ég af stað frá Kjöbenhavnsbanegård og kom til Odense kl. 1.35. Húðarrigning var alla leiðina, svo ekkert varð séð frá járnbrautinni fyrir þoku. Bálrok var á Stórabelti, svo að við sjálft lá að ég fengi sjósótt. Í Odense hitti ég tvö af börnum pastor Hansens (Inge og Sven), þau komu niður á staionina til þess að heilsa upp á mig og ráfaði ég með þeim hér og hvar um bæinn, þangað til kl. 3 að ég ók hingað út. Viðtökurnar voru, eins og við mátti búast, hinar elskulegustu í alla staði. Af gestum hér er auk mín einhver dama, förken Nærgård (*moster* prestsins) og er hún búin að slíta barnsskónum, en í nótt er von á bróður prestsins, (hann er sápufabrikant í Höfn) og konu hans og ætlað að dvelja hér nokkra daga.

Hér er allt í besta blóma, akrar, engi, ávaxtatré og *kjökkenhave* og blómstur í öllum litum, indæl og angandi, að list má heita að bera þau í hnappagatinu. Ég bý í stofu niðri í vesturenda hússins, innað *haven,* mjög svo þægilegri og *comfortablri*.

Nú sækir að mér svefn og get ég því ekki skrifað meira í kvöld. Góða nótt, elsku mamma mín!

2. dagur. Sunnudagskvöld, 1. júlí. Nýkominn á fætur í morgun eftir að hafa drukkið *the* ók ég kl. 9 með prestinum, ásamt bróður hans og bróðurkonu, til annexíunnar í Ubberud og kom ekki heim aftur fyrr en kl. 1½ með því að 80 manns voru til altaris, barn skírt og barnaspurning í messulok. Var ég því orðinn allmatlystugur er ég settist að *frokost*borðinu kl. 1¾!!. Eftir það, kl. 5, gekk ég túr með hjónunum og gestunum.

Veðrið hefur verið fjarska kalt og dimmt í dag, þangað til birti til við sólarlag og nú eru öll ský fagurrauður gægist hann milli greina trjánna., sem standa hér fyrir utan gluggana mína. Í dag get ég sagt þér þau tíðindi að á miðvikudag ætlar Henrik Scharling guðfræðiprófessor, ásamt konu sinni, að koma hingað og dvelja hér nokkra daga og hlakka ég ekki lítið til að sjá þann fugl "*på nært hold*"[1] - því hingað til er mér hann aðeins kunnur frá kennarastólnum, og þar segja menn að hann vendi "*strangen ud*"![2] --

3. dagur. Mánudagskvöld, 2. júlí. Í morgun var ég árla á fótum og greip strax gríska testamenntið mitt, braust gegnum kafla af Kólossabréfinu, svo að ég eigi þyrfti að verða mér til skammar við *morgun-andaktina* því sem siður er lesum vér, -- hver sinn kafla í testamentinu, en nú hafði presturinn sagt mér í gær, að ég framvegis ekki mætti lesa upp úr því danska, heldur útleggja úr því gríska á dönsku, eins og hann sjálfur gerir. Þetta hleypti árvekni í blóð mitt, því prostitúera mig - nei - það vildi ég ekki. Mér gekk það líka sem væri ég nýkominn frá Aþenuborg.

Eftir te og morgunlestur *arbeiðaði* ég í garðinum með frúnni, setti m.a. niður splúnkunýtt *kroket-spil*, sem er frúarinnar *sværmeri* en hingað til hefur enginn verið hér til þess að spila við hana, fyrr en ég kom. Eftir "frókost" fór presturinn og bróðir hans til Ubberud, til þess að spyrja börn, en ég las kafla í *Adam Homo* fyrir kvenfólkið á meðan og spilaði nokkur kroket-parti með frúnni og tapaði. --

Og á morgun ætla ég og presturinn til "*glædelig lærdom og opbyggeri*" að byrja að lesa Galatabréfið. --

4. dagur. Þriðjudagskvöld, 3. júlí. Varla mun sú rósfingraða morgungyðja hafa verið búin að súpa morgunkaffið sitt áður en ég var uppstaðinn og greiddur við glugga herbergis mín og horfði með aðdáun hjarta míns á einhverja hina indælustu húðar-ausandi-dembu sem komið getur yfir Fjón, en auðvitað var ég ekki kominn á fætur svo snemma til þess eins, heldur meðfram til að glöggva mig á kapítulanum í testamentinu, sem lesa átti við morgunandaktina. Spái ég að þetta muni og framvegis verða gott meðal til að gera mig árvakrari en ella mundi orðið hafa. Og eftir lesturinn og "te", teológiseraði presturinn og ég og postulinn Páll í samfleitt tvo tíma. Þegar svo *frokosturinn* var snæddur kom stiftamptmannsfrú Helsen frá Odense, ásam tveim dömum, keyrandi í visit og þegar ég heyrði að andlit þeirra skinu sem sólir fyrir fegurðar sakir og ég ekki þoli ofmikinn sólarljóma, og átti heldur ekki græn gleraugu til að bregða upp augum mínum til skjóls, dró ég mig varlega í hlé í herbergið mitt og lét mig ekki sjást fyrr en "sólirnar" voru farna burt aftur og komnar út í blessaða rigninguna sem enn daggaði jörðina kröftuglega. Í þessu blessaða millibili hafði ég ritað tvö bréf inn til Hafnar, nefnil. til Þórðar frænda og Jóhannesar Jóhannessonar, sem er minn fullmegtugur þar í borginni í fjarveru minni.

Eftir miðdag las ég nærri því heilan kapítula í *Galatabréfinu*. Þegar ég var rétt að ljúka við það kom *forpagtari* einn af næsta bæ í visit með konu sinni og var þá kallað á mig til að "*undirhalda*" honum, því presturinn var vant við látinn og við hann talaði ég svo af mælsku um hesta og og "*hartkorn*" allt þangað til við snæddum kvöldverð.

Nú er *forpagtarinn*[3] farinn heim til sín og allt kyrrt og hljótt í prestsetrinu.

---

[1] *Í návigi!*

[2] *Ekki í orðabók. Gæti þýtt: Öfugsnúinn.*

[3] *Leiguliði.*

Af því að prófessor Scharling kemur á morgun og á að búa í herberginu mínu - en það er aðeins handa lærðum mönnum!! hef ég nú flutt bækistöð mína niður í kjallara! og bý nú í *strygestuen.* Áður bjó ég í *rygestuen*, sem svo er kölluð, en fólk hér segir að sé reimt. Nú vil ég sjá hvað mikið í því er satt og fer því að hátta! --

5. dagur. Miðvikudagskvöld, 4. júlí. Frá því ég kom á fætur. til kl. eitt var ég önnum kafinn ásamt fröken Neergård að tína blómstur í garðinum, stilla þau í blómsturvasa og skálar. En frúin var farin til Odense til þess að sækja próf. Scharling og komu þau hingað kl. tvö. Ég var strax presenteraður fyrir prófessornum og frú hans og má segja að þar var blíða á báðar hliðar.

Eftir middag sátum við - prófessorinn, presturinn og ég! - og töluðum um lærð efni og fórum síðan út og gengum einn lengri spássertúr.

Maður getur ekki sagt að prófessorinn og frú hans séu fríð sínum, en þau eru hvort öðru þægilegra og viðmótsbetri, og hvað honum viðvíkur skyldi maður ekki trúa að það væri sami maðurinn, sem maður hefur séð í háskólakathetrunni, því þar er hann langt frá skemmtillegur, en hér er hann mesti spilagosi og lætur hverja fyndnisöguna rjúka á eftir annari. Hann ætlar að dvelja hér þangað til á laugardag í næstu viku - svo að við verðum náttúrlega orðnir aldavinir áður en við skiljum!! --

6. dagur. Fimmtudagkvöld, 5. júlí 1888 segist Jón hafa verið heima, sennilega einn, og teiknað allan daginn.

-- hefur með sanni að segja verið fart á fólkinu í prestagarðinum í dag. Fyrri hluta dags var ég eins og *sönnen i huset* önnum kafinn í að assistera frúna með að búa allt undir miðdagsgildið, ýmist valdi ég það besta úr vínkjallaranum og bar upp í borðstofu og dró upp flöskurnar; ýmist þaut ég út í garða og tíndi það sem fegurst var af blómstrum og stillti í "*opsatsa*" og blómsturvasa er standa skyldu á boðinu. Og þegar þessu öllu var lokið og ég sestur niður í *verelsi* mínu var barið á dyr hjá mér og innkom próf Scharling með frú sinni og prestinum og kváðust koma í formiddagsvísit til mín, en rétt á eftir kemur *jómfrúin* með sódavatn og kökur og sagði að frúin sendi mér það af því að hún hafði haft veður af að ég myndi eiga von á gestum og það væri alltaf viðkunnanlegra að gefa þeim einhverja hressingu.

Og svo settumst við öll að sódavatnsveislu og þau sátu hér öll inni í nærri því klukkutíma. Skárri var það nú æran! Þegar svo gestirnir voru farnir fór ég að hafa fataskipti. *Spidskjólinn* hef ég ekki nennt að skaffa mér, enda hefur frú Stahlfest -Möller sagt að *diplomatinn* minn væri svo elegant, að ég gæti hvar sem er brúkað hann í staðinn fyrir kjól.

Þegar ég svo var *flip og færdig* með *påklædningen* fór ég upp að heilsa upp á gestina. Það voru þeir pastor Hansen með frk. Lili,[1] dóttur sinni; pastor Balslev (sonur biskupsins, er *tossakverið* samdi, sællar minningar) með frú sinni;. pastor Danborg, með systur sinni (gömul piparjómfrú) -- Kl. 5 settust menn til borðs (fröken Lili Hansen var mín borðdama.. -- Réttirnir voru fimm, en guð veit hvað þeir hétu, en góðir voru þeir og það er líka það sem mest kemur uppá. --

7. og 8. dagur. Föstudagur og laugardagur. 6. og 7. júlí. *Alls kyns ferðir og boð fyrri daginn og fréttir um dauðsfall foreldra prestfrúarinnar.*

> *Dagbókin verður skýrslukenndari með hverjum deginum sem líður, nöfnum og viðburðum fjölgar. Það var helst merkilegt sem hann segir að 14. júlí hafa verið einn heima á prestsetrinu og setið við að teikna allan daginn, m.a. kirkjuna.*

16. júlí segir hann að mesti gleðiviðburðurinn hafi verið þegar póstmaðurinn, gamli Jensen; kemur til hans í garðherbergið og segir með sinni vanalegu replikku:

Herr Helgsen. Værsko. Farvel! -- Maður telur ekki eftir sér sporin að ganga móti póstinum þegar maður sér hann koma -- því þótt maður í raun réttri eigi enga von á bréfi, þá er alltaf eitthvað í mannsins innra er segir: *Hver veit?* og þetta *hver veit* kemur manni til að hafa vakandi auga á póstinum þegar hann kemur og gægjast vonaraugum ofan í pósttöskuna, meðan hann er að leita í henni -- Þannig gekk það fyrir mér í morgun, ég átti þó eigi með öllu vonlaust að sjá "*håbet beskæmmer ikke*"[2] - tvö bréf frá pabb og Óla bróður. -- Tumi orðinn kandidat með *laudabilis!* Ó, hvað það gladdi mig. Presturinn sagði líka við teborðið að ég hlyti að hafa fengið góð tíðindi: *De ser så strålende ud,* og þegar ég sagði honum fréttina, þá sagði hann: "*Vi maa ha Chocholade i dag, lille Mor i anledning der af."* Og skál Tuma var líka drukkin í kakkþykku sjúkólaði eftir morgunverð.

Síðan sat ég út og teiknaði prestagarðinn "*fra gården av --"*[3]

17. júlí. -- Allan fyrri hluta dagsins sat ég -- uppi í herbergi mínu og glímdi við Galatabréfin og þar af las presturinn með mér samfleytt í tvo tíma. -- teiknaði því næst dálítið í garðinum. --

18. júlí. -- Varð ekkert úr lestri (*fyrir gestagangi*) sat og teiknaði megnið af formiðdeginum -- endaði daginn með því að keyra til Langensö ásamt hjónunum og var ég kúskur á leiðinni út þangað - fyrsta skipti sem mér er trúað fyrir slíku. --

19. júlí. -- presturinn bauð mér þá að fá mér dálítinn reiðtúr í kvöldkyrrðinni. Ég tók boðinu fegins hendi og lagði í snatri á og reið út að Langesö og að kapellunni og kom ekki heim fyrr en kl. 9. Motionin var ágæt --

20. júlí. -- Kl. 7 vaknaði ég -- út í garð -- með kommentar yfir Galatana. -- las *exegese*[4] með prestinum -- fékk bréf -- *(Um kvöldið*) reið ég út --

22. júlí. -- Eftir kvöldverð las presturinn hátt upp úr Eglu. -- Las Galatana --

---

[1] *Lili Hansen átti eftir að koma við sögu fjölskyldunnar. Þau Jón og hún urðu nánir vinir. Hún trúlofaðist Tómasi bróður Jóns.*

[2] *Ekki er verra að vona!*

[3] *Úr inngarðinum séð.*

[4] *Mun vera túlkun (á biblíunni).*

25. júlí. -- Las með prestinum. -- Teiknaði mynd af Guðjóni[1] föðurbróður mínum. --

28. júlí. -- Las að venju *exegese*. Fór í reiðtúr og teiknaði. -- Sat uppi í herberginu mínu með pípuna og leiðinlega bók. --

4. ágúst. -- ók ég alfarinn -- og var inviteraður til að koma aftur í jólafríinu og taka Tuma bróður með. --

---

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 3.8.1888.

Loks fór séra Þórarinn að skrifa um stjórnarskrármálið og eru Þjóðólfur og Ísaf. að svara honum. Gunnl. segir Þjóðólf ekki segja rétt frá Hafnarfj.fundi og segir í hverju það var fólgið. Spyr um áskr. að geometriubókinni. Elín er búin að fá allt að 1000 (áskr?) að matreiðslubókinni og er í Hafnarfirði að semja. Vilhj. er á Álfgeirsvöllum í sumar. Elín berst fyrir að Sigríður geti verið annan vetur á Zahleskólanum. Ræðir heilsufar HB.

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík 6.8.1888

Komið langt með prentun á bók Elínar.

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni og Tómasi Helgasonum. Rvík. 13.8.1888.

Hefur gert ráðstöfun til að koma peningum til Hafnar og sem á að miðla þeim bræðrunum ef þeir eru í peningaþröng. --

-- Þegar Tómas var farinn af stað sagði móðir ykkar við mig að nú væri rétt að ég fengi mér reiðtúr mér til hressingar og fannst mér það vel hugsað. -- niðurstaðan varð sú að réttast væri að ég skryppi austur að Odda til að vitja um séra Skúla og sækja Dísu svo hún þyrfti ekki að fara heim með póstinum. Séra Jón í Gaulverjarbæ og hans kona[2] sem verið höfðu í brúðkaupi -- væru þá hér stödd og ætluðu af stað austur um kvöldið. Með þeim fór ég ríðandi á Jörp Ólafs af stað austur um kvöldið og komum að Gaulverjarbæ daginn eftir kl. 1. Með séra Jóni reið ég og var við messu hjá honum í Villingaholti -- Hélt ég síðan daginn eftir að Odda -- Þegar við áttum skammt ófarið austur að hólunum mættum við fólki á reið og voru það Oddahjónin og Dísa, Ingibjörg á Barkarstöðum, Guðrún sonardóttir hennar -- Ingibjörg var á leið út að Árbæ og var Oddafólkið að fylgja henni. Það var það fyrsta sem séra Skúli reið eftir byltuna. Oddahjónin og Dísa sneru með mér heim og var ég svo tvo næstu daga í Odda en skrapp einn daginn út að Stað. Síðan hélt ég heim aftur pr. Arnarbæli og Dísa með mér. --

Eftir að þau komu heim fór Álfheiður austur með þeim séra Jóni í Gaulverjarbæ.

Eggert G. Briem til Susie Briem. P.t. Flatatunga 29.8.1888.

Á leið suður. Meiddist á fæti á leið frá Möðruv. til Bægisár, en skánaði þar. Er nú stefnt á Reyki á Reykjabraut. Ef hann verður ekki betri í fætinum ætlar hann að fá mann til að fara með prófessor mr. Smith, áfram og gæti þá dvalið dag á Álfgeirsvöllum (þar sem Ólafur bróðir hans býr). En nú er ég betri og ég geri þetta varla.

Álfheiður Helgadóttir skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Odda. 31.8.1888.

-- Ég sit nú hér á þeim stóra Oddastað og er búin að vera hér í þrjár vikur, hef ekkert gert annað en ríða út og leika mér; ég hef farið tvsvar inn að Breiðabólstað, einu sinni að Árbæ, einu sinni að Bjólu og í fyrradag fór ég út að Barkarstöðum, þaðan svo inn að Þórsmörk og síðan út að Breiðabólstað og kom heim í gærkvöledi í húðarrigningu eftir að hafa skemmt mér frjarskalega vel. Tómas á Barkarstöðuðum fór með okkur inn á Mörk; fljótið sagði hann að væri helmingi minnan en í meðallagi, og þó fannst mér það ógurlegt; hvað mundi þá efmeira væri.

Systir á Barkarstöðum[3] er alveg eins og þegar ég sá hana seinast fyrir þrem árum, en Sigurður gamli er ósköp hrumur og gengur við hækjur. -- Í hinni vikunni kom ég að Árbæ, þar leið vel, Helga[4] var samt hálflasin eins og vant er -- Það er annars dæmalaust myndarlegur bóndabæ, ég tala nú ekki um ef það legði niður þann sið að salta kaffið! -- Á Breiðabólstað er allt við það sama, gamli prófsi[5] nokkuð stórorður sem fyrr.

---

[1] *Séra Guðjón Hálfdánarson (1833-1883) síðast prestur að Saurbæ í Eyjafirði.*

[2] *Séra Jón Steingrímsson (1862-1891) sóknarprestur í Gaulverjarbæ og k.h. Sigríður Jónsdóttir. Þau voru foreldrar Steingríms Jónssonar verkfræðings og rafmagnsstjóra í Reykjavík.*

[3] *Hér á hún við afasystur sína, systur séra Tómasar, Ingibjörgu Sæmundsdóttur (1816-1891) húsfreyju á Barkarstöðum.*

[4] *Helga Sigurðardóttir (1847-1920) dóttir Ingibjargar Sæmundsdóttur, og var húsfreyja í Árbæ, og síðar í Reykjavík Þau frændsystkinin Jón biskup og hún skrifuðust lengi á.*

[5] *Séra Skúli Gíslason var enn prófastur. Dó 2. des. sama ár.*

Þú spyrð mig um hvort Sigga sé dugleg búkona. Að mínu áliti er hún fjarskalega dugleg og Rangvellingar eru alveg á sama máli með það; skyrið er indælt hjá henni, smjörið enn betra, að ég nú ekki tali um ostana, einkum þó þann sem hún var að búa til handa vissum stúdent fyrir handan hafið --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn, 5.9.1888.

Ræðir fréttir af Þingvallafundinum.

--Undarlegt er það hve margir stúdentar sem koma heimanað eru *reactionærir*. Í minni tíð í skóla held ég þeir hafi allir verið radíkalir, ef þeir voru nokkuð. Ekki reyndar stúdentar, en skólapiltar. --

S. Davíðsson grósseri, sem lætur ýmsa íslenska kaupmenn fá vörur, fékk um daginn saltkjöt frá Thorarensen á Reykjarfirði, dragúldið. Hann lét fara að þvo það upp úr kanalnum. Þetta kom Socialdemokratinn með og hafði það á verkun að pólitíið gerði allt kjötið upptækt og lét grafa það niður -- Óefað spillir annað eins skeytingarleysi frá hálfu ísl. kaupmanna eigi lítið fyrir vöruverði hér -- Kaupmenn hér eru hróðugir yfir að þetta skyldi henda einmitt kaupmann búsettan á Ísland. Svona eru þeir allir vitlausir, segja þeir. --

Þorsteinn Erlingsson og Jarþrúður eru líklega alveg skilin. Þorsteinn lætur eigi sjá sig, en kvað þó eigi kannast við að hann hafi eiginlega gert sig sekan í neinu ljótu. Þetta var annars ljóti snoppungurinn fyrir okkur og varla er Þorsteini bót mælandi. Mér fannst fyrst hann vera alveg frá, en þetta getur elst og gleymst og hann hefur fullan hug á að vinna fyrir land vort. --

Hjálmar biður að heilsa þér og þakkar fyrir fyrirlesturinn. Hann segir það vera hið besta sem um það mál hefur verið sagt síðan Jón Sigurðsson leið og segir að það séu margir skynsamir menn er hann tali við á sömu skoðun. --

Sigurður E. Briem til Halldórs E. Briem. Khöfn. 6.9.1888.

Ræðir Þingvallafund sem vildi láta leggja skólann niður. Spyr um samkomulag við -- Jón Möðruvellu. --

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 6.9.1988.

-- Kærustu þakkir fyrir tilskrifið langa með Lauru. Það er nóg mánaðarskemmtun fyrir mig í kyrrðinni og fámenninu sem hjá mér er í sumar. Við erum nfl. ekki meira en fjögur í heimili núna og oft ekki nema þrjú. Okkur leiðist samt aldrei og þegar bréfin frá ykkur, börnunum okkar, koma, þá er eins og þið séuð komin í *visit* til okkar, þó ekki þurfum við að skenkja ykkur kaffi. Álfheiður er austur í Odda ennþá og kemur ekki fyrr en með Sigríði, í miðjum september.

Það er svo indælt veður hér í sumar að varla nokkur man þvílíkt og fiskiríið ósköp gott. Fólkið er líka alltaf að taka sig upp og ferðast. Amtmannshjónin fóru austur um alla Rangár- og Árnessýslur. Landshöfðinginn austur á Síðu og svo núna með konuna og frú Melsted austur í Grímsnes og Þingvelli. Margir fóru á Þingvallafund héðan, sumir gangandi, því allir hestar voru uppteknir, meðfram af því að verslunarfélagið, sem kallar sig Ballet hafði þann sama dag reiðtúr. Þangað var Ólafur og Dísa boðin og skemmtu sér ágætlega. Hestarnir voru langtum betri en sá brúni í Korup!!

Vænt þótti mér að heyra um Tómas þennan vikutíma og mér þykir líka gott að hann býr með þessum félögum, því þeir eru honum báðir velviljaðir og leiðist báðum að hann drekki, en hvorugur þeirra getur aftrað honum frá því þegar hann byrjar, því það getur enginn. En ef hann lætur sig ekki vanta við miðdagsborðið, þá er hann ekki í neinu slarki, svo það getur þú haft til marks, því aðavandræðin eru þau, að ef hann er drukkinn eitt kveldd, þá heldur hann lengur áfram.

En hvernig sem allt fer, þá bið ég þig að vera þolinmóðan við hann og ekki sýna honum fyrirlitningu í orðum eða viðmóti, því þá fer hann að forðast þig og það þykir mér verst. Við viljum þúsund sinnum heldur að hann eyði peningum í skemmtanir en í hitt og er þá mikið heppilegt að þú bjóðir honum það með þér. Hann tekur það vel upp, en reiðist alltaf, ef hann heldur að verið sé að passa upp á sig, enda getur hann vel verið reglusamur, ef hann bara vill það sjálfur. Gísli hefur ætíð góða verkun á hann og Rómasi er mikið vel við hann.

Hefur Tómas fengið sér nokkur spariföt? Hann nefnir það ekki. Hann átti að fá sér ein spariföt og stígvél, sem þú áttir að borga, en svo á hann að borga sjálfur yfirfrakka, sem hann þarf að fá þegar kólnar. Hann er samt fjarska dýr, ef hann kostar 70 kr. Það er víst billegra að kaupa hann í Magasíni, ég veit það ekki?

Nú þarf ég endilega að fá kjöttunnuna ykkar, þá í fyrra, með næstu ferð, en af því að það er svo leitt að borga fragt fyrir hana, þá segir pabbi þinn að ég skuli láta þig kaupa eitthvað til að láta í hana og brúka til þess eitthvað af peningunum sem þú átt að fá núna -- Kæfukrukkuna vil ég líka fá, ef hún er heil hjá þér. Sigríður systir þín ætlar að senda þér smjör með næstu ferð --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 28.9.1888.

Er þungur í skapi v. húsnæðismála. Einnig finnst honum hann skynja óánægju við sig í bréfi PEB og hefur ekk lengi fengið bréf frá föður sínum.

-- Það liggur við að tárin komi fram í augun á mér þegar ég hugsa um allt þetta. Ég iðrast eftir að ég hef verið að skrifa þér smámuni úr Velvakanda, ég veit það lítur eigi vel út í fjarska. Þér er illa við Morgunblaðsbréfið. Fyrir mér vakti það eitt að láta bréfið vera sem áþekkast bréfum áður, án þess að það -- beinast að neinum einstökum og að eigna þér það held ég enginn óvitlaus Íslendingur geri í *god tro.* Það er heldur eigi langt síðan Dagblaðsfréttaritarinn eignaði bréfin

stúdentum í Höfn.

Saga Gests hlýtur að vera lygi. --

Það sem þú hefur eftir Klemensi skil ég eigi í hvernig hann hefur getað látið sé um munn fara, af því ég veit að hann hefur enga hugmynd haft um hvorki hvað mikið ég þarf að lesa eða hvað löngum tím ég hef orðið að verja til að hafa ofan fyrir mér. --

Ræðir fjármál og að hann ætli að hætta öðrum störfum til að gefa sig að lestri. --

Helga Sigurðardóttir[1] skrifar Jóni Helgasyni. Árbæ. 30.9.1888.

-- Þú spyrð mig um séra Skúla mág þinn og Sigríði systur þína, hvernig þau hafi það í prestskapnum og búskapnum. En án þess að ég vilji nú vera að bera þvaður manna á milli verð ég að sýna lit á að svara sprurningum þínum. Ég heyri flesta segja að séra Skúli sé dágóður prestur yfir höfuð, laglegan framburð, enn ekki háan og allgóðar ræður til jafnaðar, en stundum betri en stundum. Þetta er nú mál þeirra sem tala hér um hann, en þeir eru nú fáir af fjöldanum eins og þú getur skilið. Systir þín er haldið að verði búforkur, allt í öllu og stjórnsöm enda er honum borið hið sama í því efni.

Mikið er ég nú búin að rausa í þessu og ofmikið ef bréfið kæmist ekki í þínar hendur, því það er það lítilfjörlegasta að vera skrifa um aðra og hvað þá yfir hafið. En þú stingur þessu öllu saman hjá þér.

Viltu nú ekki gera mér þann greiða og spyrjast fyrir um hvað kosti parruk handa kvenmanni. Hún getur sent hárið í það ef það skyldi kosta minna --

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 1.10.1888.

H.E.B. virðist hafa komið suður og meiðst á fæti á Norðurl. Segir frá heimsókn próf. Smith. Ræðir skólamál Möðruvalla.

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík, ódags.

Segir rektor hafa verið liðlegan að HB þyrfti ekki að kenna á laugardögum og fyrir hád. á mánud. Ræða hungrið í Eyjaf. og ástæður.

Sigurður Stefánsson skrifar Páli E. Briem. P.t. Ísafirði, 5.10.1888.

-- Mér þykir vera völlur á séra Þórarni í Görðum og Tryggva í Þjóðólfi. Þorleifur þarf að taka þá betur í gegn; séra Þ. er reyndar svo vitlaus að það eru vandræði að eiga við hann. --

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 21.10.1888.

-- þótti vænt um þetta allt (sem hann sendi) en ekkert eins og það sem þú skrifar um bróður þinn (*Tómas*). Bara að það breytist ekki -- en guð gefi að hann gái að sér, þá er ég óhrædd um að honum leggist eitthvað til, því best læknisefni álítur Schierbek af þessum þremur og jafnvel öllum sem hann hefur kennt hér, það hef ég frétt eftir honum fyrir löngu. --

Sendir kvartil með rúllupylsum og kjöti sem hann biður hann deila með frænku sinni.[2] Auk þess smjör, mysuost, mjólkurost (frá frænku þeirra á Barkarstöðum) og vettlinga handa þeim bræðrum ásamt prestakraga til hreinsunar. Finnst hann kaupa gardínur óþarflega oft, þegar hann flytur milli staða og kennir honum hvernig hann geti þvegið þær og notað lengur.

Helgi Hálfdanrson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 21.10.1888.

Segir frá ferð sinni að Odda.

-- En þegar hinu langa prófi í ágúst var lokið lagði ég aftur af stað upp í Borgarfjörð með Ólaf með mér. En einnig í þeirri ferð varð ég að flýta mér, en hafði þó mikla skemmtun og hressingu af henni.

Við fórum fyrsta daginn héðan að Þyrli, annan daginn að Reykholti (og komum þá við á Hesti), þriðja daginn að Gilsbakka og hlýddum þá í leiðinni á messu að Stóra-Ási. Fjórða daginn vorum við um kyrrt á Gilsbakka,

[1] *Helga Sigurðardóttir (1847-1920) frá Barkarstöðum, nú að Árbæ í Rangárvallasýslu, síðar húsfreyja í Rvík. Hún var systkinabarn við Þórhildi Tómasdóttur móður Jóns biskups og náin tengsl milli þeirra.*

[2] *Sennilega er það María, dóttir Þórðar Tómassonar læknis. Sem sé bróðurdóttir Þórhildar.*

fimmta daginn fórum við þaðan, komum við í Reykholti og náðum að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og 6. daginn þaðan heim.

Ég hafði aldrei fyrr komið að Gilsbakka og leist mér þar að mörgu leyti vel á mig. Skógurinn, sem þar er kippkorn fyrir neðan bæinn, en sést ekki að heiman, er sérlega fagur eftir því sem um skóga hér á landi er að ræða. Séra Magnús (*Andrésson*) er búinn að byggja upp allan staðinn og má þar kalla mjög vel hýst.

Í Reykholti er allt nýbyggt, kirkja og staðarhús og er kirkjan einhver hin fallegasta sveitakirkja sem ég hef séð.

Það helsta sem ég hef starfað á þessu hausti er að auka og leitast við að laga innganginn að trú fræðifyrirlestrum mínum. --

Segir frá útskrift guðfræðinga og hvað þeir muni taka sér fyrir hendur.

-- líklegast er að Bjarni Þorsteinss. fái Hvanneyri í Siglufirði, er hann var vígður til að þjóna sem settur prestur --

Segir frá hinu besta árferði og miklu fiskiríi í Flóanum. Þá segir hann frá góðri líðan Hálfdánar Guðjónssonar frænda þeirra að Goðdölum, sem unir sér vel þar. Þá talar hann um nám Jóns sonar síns, kvartanir hans um námsefnið um kirkjufeðurna.

Þá sendir hann af litlum efnum peninga til þeirra bræðar, Jóns og Tómasar.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 29.10.1888.

Segir frá ferð sinni og erfiðleikum með að komast yfir ána. Magnús hefur verið að syngja með piltunum í dag og fram á kvöld. Þá hefur verið unnið að lagfæringu á herbergi HB og verður nú hlýrra. Ræðir heilsu SB. Segir að Magnús muni kenna söng einu sinni í viku.--

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 23.11.1888.

Þakkar grein um kennslumál, sem á að birtast í Þjóðólfi. Greinin góð, rifjar upp lagafrumvarp sem hann vinnur að um kennslu í lærða sk. Ætlar að bera það fram á næsta þingi. Sendir það til HB, biður hann sýna Stefáni Stefánss. Ber undir þá hvort þeir eru á móti að Möðruv.sk. verði fl. til Rvíkur og húsið lagt undir kvennask. Nauðsynl. að koma upp gagnfræðask.--

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 10.11.1888.

-- Mér þótti vænt um að ég hef misskilið þig og þakka þér ástsamlega fyrir bréfið þitt. --

Langar til að koma heim í sumar og vera þingskrifari. Er með grein sem hann ætlar að koma í Andvara.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Rvík. 22.11.1888.

Segir frá hve ágætlega Þingvallafundurinn gekk. Segir frá hversu vel hefði gengið að vinna með Skúla Thor. Björn Jónsson var góður. Segir Torfa hafa opnað augu sín og væri hann nú orðinn tollvinur. Þá ræðir hann um kaup á gufuskipi.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 26.11.1888.

Var kominn á leið, en er hann var að leita að vaði sökk hesturinn í snjó, þá varð að snúa við. Þannig á hann orðið lítið af mat, nema kæfu, sem er orðin skemmd. Er að vinna að enskubókinni og er búinn með málfræðihlutann. Kem með handritið næst þannig að hún geti farið yfir það. Síðan getur Björn tekið það til prentunar. Segist hafa verið í ánægjulegu boði hjá Stefáni og þeir sama sinnis í stjórnarskrár- og skólamálum. Næsta dag vorum við boðin til Hjaltalíns og var það stíft, sem vænta mátti. Enginn veit hvað ég er að skrifa nema Friðrik. Ræðir um sendingu handritsins. Mathías verður að sýna þolinmæði. Ræðir kvæðabók og afstöðu Matthíasar.--

Þórdís Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 30.11.1888.

-- Mikið hefur verið um dýrðir í Khöfn þann 15,[1] það hefði verið gaman að vera komin þangað, en það var líka uppljómað hjá okkur í Reykjavík, þó það kannski ekki hafi verið stórvægilegt (eins og hjá honum), það var kveikt allsstaðar í miðbænum nema hjá Eymundsen og Þorláki (Johnsen) og Melsted. Svo voru allavega litar luktir settar í kringum Austurvöll og á fjórum húsum var *transparent*, hjá landshöfðingja, á þinghúsinu, hjá Halldóri Friðrikssyni og Krüger. Það var kveikt hjá öllum embættismönnum nema Sveinbjörnsen og prestinum og það var fjarskalega fallegt og kom öllum saman um að aldrei hafi neitt eins fallegt sést hér á landi, svo var ball á Hótel Ísland, sem skólapiltar héldu og vorum við Alla þar. Það bauð okkur piltur, Páll Snorrason.[2] Alla byrjaði ballið og skemmtum við okkur ágætlega.

[1] *15. nóv. var afmælishátíð Kristjáns konungs níunda, sem svo dæmalaust vel er lýst af Þórdísi.*

[2] *Páll Snorrason (1870-1924) verslunarmaður á Siglufirði og síðar í Reykjavík.*

Nú er Thordal kominn heim aftur og má hann vera feginn því þrisvar komst hann í lífsháska á þessum mánuði sem hann var í burtu. Fyrst varð hann næstum undir vagni og var mildi að hann ekki slasaðist; svo býr hann á hóteli. Eina nóttina kviknaði í því og komst hann með illan leik útum glugga. Nú kemst hann á stað heim en lendir í sjóhrakningi og skipið nærri sokkið. Svo komst hann heim en geymdi vörur sínar í húsi Helga snikkara. Fyrstu nóttina sem þær eru þar kemur svoddan rok að húsið fylltist ½ alin og skemmdust vörurnar mikið.

Eitt langar mig til að biðja þig um og það er að sleppa kirkjufeðraralatínunni meðan þú skrifar mér því ég hafði ekki gagn af þeim setningum í bréfinu. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 1.12.1888.

Ræðir grein HB í Þjóðólfi en er ekki sammála að öllu leyti. Fyrirgreiðsla.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 4.12.1888.

Ræðir sorgartíðindi Páls (vegna dauða konu hans). Ræðir fallegt bréf sem HB hafi fengið frá Gunnlaugi bróður sínum. Biður hann um að gleyma gamalli misklíð. Segir efnahaginn skárri en ætlað var.--

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík, 6.12.1888.

Bréfið er bollaleggingar um hvort möguleiki sé að Álfheiður geti komist til Danmerkur, annaðhvort í skóla eða í dvöl hjá einhverjum presti. Dettur honum helst í hug Korup Præstegård og biður Jón um að stuðla að því.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 9.12.1888.

Séra Matthías og frú komu í kvöld í heimsókn og drukku hjá mér te. Þú hefðir hlegið ef þú hefðir verið hér.

-- Þegar hann kom inn rak hann strax augun í pappírsblöð, tók þau í hendurnar og fór að velta fyrir sér hvers vegna ég ætti svona mikinn pappír og til hvers ég ætlaði að nota svona mikið. Betra væri ef hann fengi eitthvað af honum o.s.frv. Ég sagði honum að hann gæti fengið helming ef hann vildi - og með hann fór hann! --

Var í heimsókn hjá Havsteen hjónunum. Þau hafa ekki mikið álit á MJ en segja að honum hafi farið mjög aftur á árinu. Magnús Stephensen skrifaði, sagði að það besta sem hægt væri að gera fyrir MJ væri að safna fé og koma M. til Ameríku.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 10.12.1888.

Þakkar matinn, sem er svo mikill að hann treystir sér ekki til að klára hann fyrir jól.

-- Certainly sjera Matthías is always the same kind-hearted childish fellow as he has always been. This about the notepaper reminds me of the time when I was at the seminary. --

Hefur skrifað grein um skólamál og biður SB að láta séra M. fá hana. Einnig hefur hann skrifað um Möðruvallask. Var boðið ásamt Stefáni og konu hans til Hjaltalíni í spil. Ég var feginn þegar það var búið enda mjög kalt í herberginu. +

Jón Helgason skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Östrup præstegård. 22.12.1888.

-- Þessi dagur er fyrsti dagurinn sem við Tumi erum hérna. Kl. 9 í morgun fórum við frá Höfn og komum til Óðinseyjar kl. 1½. Á Stórabelti hafði ég slæma baráttu við sjóveiki og varð í mesta snatri að yfirgefa -- kaffibolla -- og hagldabrauð og skunda upp á dekk -- En það varð ég að segja að sjaldan hef ég orðið fegnari en að hafa fastalandið undir fótum mér en í þetta skipti., því svo var velgjan mögnuð að ég hafði enga lyst á að reykja á leiðinni frá Nyborg -- Tumi var tapper á sjónum.--

Þá telur hann upp fólkið sem var samferða og ætlaði að dveljast á prestsetrinu --

23. 12. -- Eftir morgunte reið ég inn til Odense í erindagerðir fyrir prestinn, gekk ferðin vel þó eigi væri reiðskjótinn sem þægilegastur til reiðar, eigi mjúkgengari en aðrir danskir hestar. -- fór svo upp á herbergið mitt, skrifaði Geir bréf og reykti nokkrar *cigarettur.*

--Inge og systir hennar Lili urðu eftir í Óðinsey --[1] Við komum hingað - og var tekið opnum örmum og - heitum miðdagsmat og dvöldum það sem eftir var dags *„í familiens skjöd“* í hinu þægilegasta yfirlæti. -- Tómas sat og *undirhélt* frúnni með læknisfræðilegri *conversation* á meðan, en frúin intresserar sig lifandi fyrir slíku, eins og oft á sér stað með heilsulítið fólk. -- Tumi er logandi *begeijstraður* yfir öllu fólkinu --

Niðurlag vantar. Svo reyndist nú aldeilis ekki vera.

[1] *Inge og Lili eru stúlkur sem mjög koma við sögu. Lili og Tómas áttu eftir vera trúlofuð um skeið. Í bréfasafni Jóns er fjöldi bréfa frá Lili, sem skýrist, að því er best verður séð, einkum af vandræðum hennar með Tómas.*

17. nóv. 2016. Eggert Ásgeirsson skrásetjari. Þrjár skýringar.

1. Bréfin hér næst á undan komu í hendur mér frá Mörtu Maríu Hálfdánardóttur (1935), sonardóttur Jón biskups Helgasonar (1866-1942) fyrir um mánuði. Marta María vissi af áhuga mínum á bréfaskiptum Jóns biskups við fjölskylduna. Lét hún mig fá bréfabunka mikinn sem ég settist niður við að skrá og bætti inn í mitt eigið fjölskyldubréfasafn sem ég hafði nýverið rekist á í gögnum frá ömmu minni, Álfheiði Helgadóttur Briem (1868-1962) systur Jóns sem reyndust vera brotakennd og torskilin, sem eðlilegt er. Gæti tæplega verið öðruvísi. Þurfti ég stundum að giska á aðdraganda eða niðurstöður. En nú, þegar ég fékk í hendur bréfin frá Mörtu Maríu gekk dæmið að mestu upp.

Ég tel að sá hluti bréfasafnsins sem var í mínum fórum hafi verið úr búi Þórhildar Tómasdóttur (1835-1923), móður þeirra Jóns og Álfheiðar. Sennilega hafði þeim verið pakkað saman eftir að búi hennar var skipt, ef það hefur ekki verið fyrr, og hún sem þekkti bréfin, áður komið þeim ánægjulegustu og sem snertu Jón sérstaklega, í hans hendur.

Ósennilegt er að þau systkinin hafi nokkru sinni kynnt sér bréfasafnið. Frágangur þess var þannig að mjög ólíklegt var að þeim hafi nokkru sinni verið flett. Þannig skipt í tvennt komst annars vegar hluti bréfanna í hendur mínar úr búi Álfheiðar ömmu minnar og hins vegar til Mörtu Maríu úr búi Jóns afa henna.

Er búi Jóns biskups var skipt og skjöl hans látin ganga til Landsbókasafns, Þjóðminjasafns og Árbæjarsafns, hefur væntanlega ekki þótt eðlilegt að persónuleg gögn færu þangað. Þannig rötuðu þau úr dánarbúi séra Hálfdánar Helgasonar (1897-1954), en hann virðist einkum hafa borið ábyrgð á búskiptunum, og þaðan til Mörtu Maríu Hálfdánardóttur. Og nú frá henni til mín, sem ætla að koma þessum gögnum, eftir athugun og skráningu, til Landsbókasafns Íslands, með öllum þess leyndarmálum, sem nú má telja til sérstakra verðmæta.

2. Vinkona mín og frænka okkar Mörtu Maríu og þremenningur var Ragnhildur Helgadóttir (1930-2016). Ræddum við stundum um geymslu persónulegra skjala. Hún og maður hennar Þór Vilhjálmsson (1930-2015), bæði bekkjarsystkin mín, höfðu aðra afstöðu en ég til slíkRar varðveislu. Kannski hafði eitthvað af því sem bréfasafnið kemur upp um og snerti Tómas Helgason (1863-1904) lækni, *Tuma*, eins og hann var kallaður í fjölskyldunni, afa Ragnhildar, einhver áhrif.

3. Eitt sinn er ég kom til Ragnhildar og Þórs með hefti sem ég hafði gefið út með efni byggðu á gögnum úr fjölskyldu okkar, sagði hún mér að þau ætluðu að senda sín persónulegu gögn í fyrirtækið Gagnaeyðingu. Og það sögðu þau mér seinna að þau hefðu gert. Satt að segja brá mér í brún. En þóttist vita, í ljósi lífsreynslu og fjölskylduþekkingar, að á þessu gæti verið eðlileg skýring. Hvort þetta var rétt ályktað gat ég ekki fengið staðfest, því bæði dóu þau sitt hvorum megin við áramótin 21015 og 2016, eða fyrir tæpu ári síðan.

En þau bréf sem ég sit núna við að skrá sýna að skoðun mín gæti verið rétt, því lífshlaup Tómasar Helgasonar (1863-1904), gæti hafa haft einhver áhrif á ákvörðun þeirra hjóna. Það þóttist ég alltaf vita, án þess að hafa neitt við að styðjast annað en hugboð byggt á minningum.

Sjálfur lít ég svo á að við, hvert fyrir sig, séum skyld að standa afkomendum okkar skil á sannleikanum, hver sem hann kann að vera, ef við höfum hann staðfestan. Að minnst kosti væri gagnaeyðing ekki réttlætanleg.

Jón Helgason stílar bréfið til föður síns. Tómas bróðir hans er með honum. 24.12.1888.

Aðfangadagskvöld kl. 12 á miðnætti.

Guð gefi þér og ykkur öllum heima gleðileg jól. Ég vildi gjarna að ég hefði verið kominn heim til ykkar þótt ekki hefði verið nema rétt í kvöld, til þess að geta jólað heima, náttúrlega ekki af því að mér hafi ekki þótt hér skemmtilegt og hátíðlegt, en mér finnst að maður eiginlega aldrei njóti jólanna svo að gagni sé nema heima hjá sér. Þó ég að flestu leyti *befinni* mig hérna sem heima, er þó einhver munur á því, sem ég eigi almennilega get gert mér grein fyrir.

Eftir miðdagskaffið spilaði Tumi og söng með: *Þú bláfjallageimur* á íslensku með því að familíuna langaði til að heyra íslensku sungna - annars hefi ég áður þótt taka all laglega á versi, en þetta skipti býst ég ekki við að gera neina stóra lukku í því tilliti, þar sem bæði Tumi og fröken Haugsted allareiðu hafa stungið mig út - án þess þó að hrífa mig til muna. --

Segir svo frá kirkjuferð og kvöldinu.

Aðfangadagskvöld kl. 12 á miðnætti. --Ég er farinn að verða banginn fyrir því að Tumi ætli að stinga mig út hér, því heila familian hefur *forliebað*[1] sig í honum, en ég er meira skoðaður sem tilheyrandi prestsetrinu og sem heimamaður. --

[1] *Lagt ást á.*

28.12. -- Heimkominn söng Tumi lengi og vel fyrir familíuna. Eftir kvöldverð las presturinn hátt úr Holberg og þar næst sungum við Tumi slag í slag allt íslensk kvæði og lög, náttúrlega til mikils yndis fyrir þá er heyrðu. --

29.12.

Segir frá visittum.

- Þar niðurfrá reyndi ég nokkuð sem ég aldrei fyrr hef reynt, nefnilega að ríða asna! (sbr.: *Han baglægs på en asen red.*) *Godsforvaltarinnan*[1] --fékk hann nefnilega í fæðingardagsgjöf og brúkar til reiðskjóta. --

Eftir miðdegisborðið gaf Tumi sóló við *klaveret*. Annars hefur hann þennan tíma -- óspart látið rödd sína heyrast, einkum þó lagið *„Serenade vid Strandbredden“* sem hann hefur orðið að syngja milli 10 og 20 sinnum. Yfirhöfuð eru allir í húsinu *bráðforliebtir* í Tuma, frökenarnar í dansinum hans, frúin í læknisfræðinni hans og eiga oft langar *„lægevidenskabelige discussionir“*[2]. --

Ég er ekki lengur skoðaður sem gestur hér, heldur sem tilheyrandi prestsetrinu. Fyrsta sumarið sem ég var hér hét ég *Hr. Helgason* eða *student Helgason* (ellegar *Islænderen*). Annað sumarið barasta Helgason en nú sléttur og réttur *Jonn*. -- Guð gefi þér góða nótt, elsku mamma mín.

[1] *Bústjórafrúin.*

[2] *Læknisfræðilegar umræður.*

1889

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 14.1.1889.

-- þakka þér fyrir bókina sem þú sendir mér. Mér þótti mjög vænt um hana; þó syfjaði mig hálfpartinn þegar ég var að lesa hana af því ég er svo illa að mér í pólitík, en skrifa þér nú samt þetta bréf í pólitískum tilgangi.

Svoleiðis var að Ólafur Halldórsson, seinast þegar ég skrifaði heim, talaði þá við mig undir rós að ég ætti að skrifa þér að koma; ég vissi ekkert hvað hann meinti og þess vegna skrifaði ég þér ekki. Nú bað hann mig að vera þagmælskan og sagði að ef þú kæmir hingað fengir þú ef til vill embættið sem Gísli Brynjúlfsson hafði; annars ef þú ekki vildir koma þá skyldi hann sækja um þetta embætti fyrir þig, en annars sagði hann nú síðast á fundi Íslendinga að hann skyldi sjálfur skrifa þér, en það gerir ekkert til þó ég geri það líka.

Svo get ég um leið sagt þér dálítið af róstum Íslendinga. Hér á síðasta fundi áttu kosningar að fara fram. Menn bjuggust við friðsamlegum kosningum - en hvað skeði. Margir rifrildisseggir gengu þann sama dag í félagið til þess að kjósa Tryggva Gunnarsson. Hann fékk mestan atkvæðafjölda. En svo voru nokkrir af þeim sem kusu ekki félagsmenn og sem þess vegna ekki höfðu atkvæðisrétt, svo kosningarnar voru ógildar. Þá var ákveðið að hafa bundnar kosningar og skyldi velja á milli Tr. Gunnarssonar og Jóhannesar Jóhannessonar[1] og var Jóhannes kosinn. Eftir þennan ósigur sögðu allir, sem þann dag höfðu sagt sig í félagið, úr því aftur og stofnuðu nýtt félag með þá Lárus Bjarnason,[2] Steingr. Stefánsson[3] og Brynjólf Kúld[4] sem forsprakka. Sagt er að Tryggvi Gunnarsson sé ekki með. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 14.1.1889.

Hefur lengi verið slæmur í vörinni. Gerir grein fyrir útréttingum og segist eiga von um að fá eitthvað að starfa til vorsins að minnsta kosti.

Virðist hafa verið að taka próf og heldur að niðurstaðan verði -- svona í meðallagi. --

Ræðir enn greinina í Andvara sem á að fjalla um tollvernd fyrr og nú eða um stjórnskipun Sviss. --

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Ytriey. 18.1.1889.

Segir frá skipsköðum og 24 sem fórust 3. jan. Samskot í skólanum og söfnuðust 61 kr.. Sigríður frá Djúpadal kennir þar en Sigríður systir þeirra tekur við næsta vor.

Sigríður Helgadóttir skrifar Jóni og Tómasi Helgasonum. Odda. 21.1.1889.

-- það var raunar langtum daufara hér hjá okkur um jólin núna en í fyrra, sem náttúrlegt var, því Skúli minn er mjög mikið daufari síðan hann missti pabba sinn,[5] sem von er, honum þótti svo fjarska vænt um að hafa hann svona nálægt sér og geta fundið hann og ráðfært sig við hann, svo að segja daglega, en ég vona að hann verði bráðum glaður aftur, því hann hefur þá huggun sem er sú besta í sorginni eftir foreldra sína, nefnilega að vita með sjálfum sér að hann gerði pabba sínum svo mikla gleði, en aldrei vísvitandi neina sorg eða áhyggju -- ég sakna líka mjög mikið tengdaföður míns,[6] hann var svo umhyggjusamur og góður við mig alltaf og ég veit líka hvað mikla skemmtun ég hafði af að koma að Breiðabólstað, mest af öllum bæjum hér í nágrenninu, en það dugar ekki annað en að gera sig rólega með það allt saman. Nú er Skúli minn að messa í Teigi,[7] hann hefur ósköpin öll að gera, þar sem hann þjónar öllu Breiðabólstaðarprestakalli til vorsins.

Þú hefðir nú átt að vera búinn, Nonni litli, svo þú hefðir getað orðið nágrannaprestur okkar hjónanna. -- Við erum mjög spennt fyrir hver muni fá Breiðabólstað, en ekki er það samt neitt sælgæti fyrir fátækan frumbýling. Ég held að tengdamóðir mín sé helst að hugsa um að vera í austurloftinu næsta ár ef tiltækilegt verður, því hún getur ómögulega losað sig við sum hjúin sín, nefnilega þau elstu, svo sem Bensa[8] og tvær kerlingar, en það þykir

---

[1] *Jóhannes Jóhannesson (1866-1950) síðar bæjarfógeti og alþingism.*

[2] *Lárus H. Bjarnason (1866-1934), síðar sýslumaður og lagaprófessor.*

[3] *Steingrímur Stefánsson (1860-1913). Fór til BNA og var bókavörður við Library of Congress.*

[4] *Brynjúlfur Kúld (1864-1901). " Sagðir bráðgáfaðir en stefnulaus og dó af vesöld og óreglu."*

[5] *Séra Skúli Gíslason (1825-1888) prófastur á Breiðabólstað og frægur fyrir þjóðsagnasönfnun sína. Þeir séra Helgi Hálfdanarson, faðir Sigríðar og hann voru nánustu vinir frá því þeir voru við nám saman í Höfn.*

[6] *Séra Skúli.*

[7] *Teigur í Fljótshlíðarþingi.*

[8] *Benedikt Diðriksson (1831-1910)var langafi Sigríðar Dagbjartsdóttur, ráðsmaður séra Skúla Gíslasonar, á Breiðabólstað. Hann átti Ingimund afa hennar með Kristínu Þórðardóttur frá Sumarliðabæ í Holtum, en hún var húskona á Breiðabólstað, og giftust hvorugt.*

allt of mikið að fara með það allt til okkar eða Soffíu. -- Alltaf er ég að hugsa um hvar þú munir lenda á landinu, elsku Tumi minn --

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Ytriey. 24.1.1889.

Biður um bækur til enskukennslunnar.

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 2.2.1889.

--Þorleifur Jónsson ritstjóri er fjarska veikur af meini í kinn. Schierbek er búin að taka tvö bein úr henni. Páll Briem er ristjóri á meðan, því ekki má Þjóðólfur standa kyrr. --

-- Landshöfðinginn hélt nýlega miðdagsveislu fyrir alla bæjar- og fátækrastjóra og spilaði alkort við Ólaf í Lækjarkoti og Sigurð Þórðarson og fleiri, en frúin spilaði vist við Jón Ólafsson nábúa okkar. Svo voru sumir með L'onbre náttúrlega. Þetta þótti tíðindum sæta í borginni!! --

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 2.2.1889.

Svarar fyrra bréfi Jóns, einkum um guðfræðileg efni en snýr sér síðan að ræða um andlát vinar síns.

Séra Skúla Gíslasyni á Breiðabólstað gat hann ekki fylgt, eins og hann hefði viljað, m.a. vegna óveðurs. Einnig ræðir hann um aukið álag á séra Skúla í Odda vegna fráfallsins.

Þá ræðir hann um brauðin á Breiðabólstað og Odda, sem sé mun tekjuhærra en Breiðabólstaður.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 4.2.1889

Segir af ferðum Ólafs, Elínar, Sigríðar og Sigurðar sem var að taka próf í Höfn. Ræðir skólamálið.--

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Stödd á Sauðárkrók 17.2.1889.

Stödd á Sauðárkróki vegna leikjanna sem þar standa: Skuggasveinn, Læknirinn gegn vilja sínum, Hinn þriðji og Store Bededagsaften.--

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn, 28.2.1889.

-- fæstir orðnir meir en hófsemdarmenn, þó eru fjórir bindindismenn með öllu --

Hefur það frelsað hann undan því að halda prófhátíð -- veit ekki hvað hann vill en ætlar heim í júní. Langar til að koma við í Englandi.

Ræðir fréttir um að PEB sæki um dósentspláss

-- en þeir[1] viti ekki hvort hann óski stuðnings. --

Ræðir grein sína um tollvernd, sem PEB virðist ekki hugnast. Ætlar að senda honum hana samt, segir málið ekki snerta Ísland beint.--

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 14.3.1889.

-- Tryggva gengur eigi vel að ná fólki á fundi til sín. --

Ræðir pólitík í félögum Íslendinga o.fl. mál.

Skúli Thoroddsen skrifar Páli Briem. Ísaf. 22.3.1889.

-- Ég sendi Birni ritstjóra núna með pósti dálitla grein, forsvar gegn áburði fregnritara hennar *(Ísafoldar?)* um fjármál Ísafjarðarkaupstaðar og vil biðja þig að hleypa því inn í *Þjóðólf*, ef Björn af merkilegheitum kynni að neita því viðtöku; ég vildi heldur setja það í sunnanblöðin, en í Vilja.

Jón Jensson afhendir þér greinina, ef Björn eigi tekur hana, breytirðu þá ef eitthvað er sérstakt í henni, sem breytast þarf að því að greinin kemur í Þjóðólfi en ekki í Ísafold. --

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 22.3.1889.

-- Hvernig líkar þér og öðrum góðum mönnum við Þjóðólf undir ritstjórn Páls? Þorleifi er nú farið að batna, svo að hann er farinn að koma út, enn er samt ekki hætt útferðin úr kjálkanum. --

---

Benedikt var síðan lengst hjá Ingimundi syni sínum sem bjó í Kaldárholti. Mynduðust náin tengsl milli heimilanna á Breiðabólstað og í Bankastræti, þar sem Ingimundur bjó m.a. er hann var við nám í orgelleik í Reykjavík. Ingimundur og Ingvelduri Einarsdóttur frá Hæli stofnuðu bú að Kaldárholti í Holtum. Fluttu síðar til Reykjavíkur þar sem hann var trésmiður í Ölgerð Egils Skallagrímssonar.

[1] *Væntanl. Velvakendur.*

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 28.3.1889.

Segir frá umsækjendum um Breiðabólstað. M.a. kandidat Eggert Pálsson tilvonandi tengdasonur Hermanniusar sýslumanns sem talið er víst að fái embættið. (sem hann og fékk*).*

Segir syni sínum leyndarmál um að Pétur biskup ætli sér að segja af sér og komi ekki aðrir þá til greina en Helgi og Hallgrímur Sveinsson. Segist hann hafa svarað að hann myndi taka við embættinu ef honum yrði veitt það. Helgi heyrði á biskupi að honum þætti Helgi gamall og vandræði yrðu að fá hæfan kennara í hans stað við Prestaskólann.

Þá spurði biskup hvort Jón væri kominn nærri prófi. Helgi sagðist samt hafa afhent landshöfðingja umsókn sína. Biður Jón um að segja Vilhjálmi Finsen frá þessu. Annars reiknar hann með að úrslit málsins verði þau sem landshöfðingi hallast að.

-- Ég get reyndar ekki neitað því að mér finnst rétti mínum hallað ef sr. Hallgrímur verður tekinn framyfir mig, þótt hann sé ágætis maður og án efa vel fallinn til biskupsstöðu. En verði gengið fram hjá mér mun ég láta mér það vel lynda og skoða það sem guðs vilja og náð, ekki sem ólán. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 18.4.1889.

Ræðir hugsanlega stöðu í bankanum, telur Ólafur Halldórsson hann líklegan til að fá hana. Spyr hvort Magnús ætli sér að hafa hann iðjulausan eftir alla menntunina. Fer eftir viku til Englands og fær til þess lán sem hann ætti að geta borgað komist hann að bankanum. Hefur ekki rætt við Magnús og telur það til lítils og er hræddur um að hann óski að hann sitji lengur í Khöfn. Hefur ekki skrifað neitt fyrir Þjóðólf, blað Páls, enda sé slíkt rauð dula í augum Magnúsar og hann fengi ekkert að sýsla.

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavík 28.2.1889

Fjallar um ræðu Jóns Jacobsonar[1] *um skólamál, á Þingvallafundinum. Segir frá skoðunum Páls og að nota megi skólahús Möðruvöllum til annars. Ræðir rækilega um skólamál.--*

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 11.3.1889.

Boðinn m. fleiri gestum til Hjaltalíns. Stóð stutt við en fór þangað sem verið var að dansa, þar voru Stefán og Steinunn, einnig dætur Jónasar á Þrastarhóli. Dansaði lítið. Þá sá ég einn nemanda, Gísla, settist hjá honum. Fórum að tala saman á ensku. Þetta vakti athygli og piltarnir yfirgáfu dansinn og stóðu í hring þar sem ég sagði þeim frá ýmsu þar til ég sagði að þeir yrðu að sinna stúlkunum.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 16.3.1889.

Ræðir heilsu sína og hvað hann geti gert til að bæta hana, með lífsháttum og mataræði.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 20.3.1889.

Nefnir bókina Isadora sem farið hafði þeim á milli og er í villu. Hjaltalín á afmæli á morgun og er frí í skólanum og haldið upp á daginn. Eiríkur Magnússon hefur skrifað. Foreldrum HB þykir góð hugmynd að SB verði í Rvík næsta vetur. Veit að SB var á balli til kl. 3. Hún hafi verið heppin að hann var þar ekki þar eð hann hefði aldrei enst svo lengi. Virðist hafa ritað grein í Lýð.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 21.3.1889.

Segir Sigríði hafa fengið álit læknis um að fótarmeinið sé nærri eigi krabbamein. Þá segir hann af erindum sínum v. fjármála og húsnæðismála H.E.B. og S.B.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Rvík. 21.3.1889.

Ræðir enn um útborgun fjárveitingar. Einnig kaup ríkis á Ólafsdalsskólanum, sem Torfi nefndi en Páll telur vonlausa hugmynd.

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 22.3.1889.

-- Hvernig líkar þér og öðrum góðum mönnum við Þjóðólf undir ritstjórn Páls. Þorleifi er nú farið að batna svo, að hann er farinn að koma út, en ekki er samt hætt útferðin úr kjálkanum. --

Ragnheiður Davíðsdóttir skrifar Susie Briem. Hofi. 22.3.1889.

Kæra vinkona mín! --

Var í afmæli Hjaltalíns á Möðruv. Þar var dansað og m.a.s. Halldór dansaði, líka við hana og dansaði mikið vel. Ræðir handaverk sín og prjón.

[1] *Jón Jacobson (1860-1925) síðar alþingismaður og landsbókavörður.*

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 25.3.1889.

Segir fréttir m.a. af bréfafölsunarmáli Pigot í Bretlandi og af ferðum Stanley.

Susie Briem skrifar Halldórs E. Briem. Akureyri. 4.4.1889.

Fór í kirkju. Séra Matth. bað hana koma með heim til að sýna henni tvö kvæði annað um Skagafjörð. (hann var að koma þaðan) og hitt þýðingu á Goethe. Magnús (organisti) lánaði S.B. orgel og hefur hún verið sískilandi síðan. Bað H.B. um að biðja Magnús að koma með nótnabækurnar hennar.

Meðfylgjandi dags. 8.4.

Segir að við messu hafi verið sungið: *What a friend we have in Jesus, og segir að fólki hafi þótt það fallegt.*[1]

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 8.4.1889.

S.B. virðist stunda hljóðfæraleik.

Bætir við að þau séu búin að fá herbergi í Rvík.

Ólafur Helgason skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 26.4.1889.

Meginefni bréfsins er sá stóviðburður lífs hans er biskup bað hann um að sjá um predikanir í dómkirkjunni um páskana og útvega annan prest með sér, séra Guðmundur Helgason[2] *tók að sér skírdaginn. Segir hann rækilega frá predikuninni og ætlar að senda hana bróður sínum til umsagnar, ögn hans um*

-- hans færdighed.[3] --

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík 8.5.1889.

Fyrirgreiðsla vegna launa o.fl. Upplýsingar um veitingahúsið Hermes, sem er aðeins fyrir góðtemplara. Virðist H.E.B. ætla að fá það fyrir veislu eða annað slíkt.

Þórhildur Tómasdótti skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 25.4.1889.

Segir frá prestkosningunum á Breiðabólstað.

-- ég vildi þú hefðir verið búinn og nógu gamall, þá hefðir þú fengið það, eða þá kannski Reykjavík ef séra Hallgrímur verður biskup, eins og margir halda, því pabbi þinn sé orðinn of gamall, og svo megi prestaskólinn ekki missa hann, og því enginn er til frá háskólanum að verða *docent* (pabbi þinn er á sama ári sem biskup Fog).

-- Pabba þinn langar ekki eiginlega til að verða biskup, hann hefur svo fallegt og friðsamt embætti að hann án efa saknaði þess ef hann yfirgæfi það.

-- Þú ert að óska mér til lukku með tengdadótturina[4] og þakka ég þér fyrir það, og engu minna fyrir þinn einlæga bróðurhug til Tómasar.

Ég hef ekki í nokkur undanfarin ár lifað aðrar eins gleðistundir og í vetur, þegar þú með hverri ferð hefur skrifað mér svona gott um hann, ég fæ það aldrei guði fullþakkað, ég trúi líka öllu góðu um stúlkuna, og skyldi vera mjög glöð yfir henni ef hann ekki þyrfti að koma hingað með hana, en fátæklega og óþægilega lífið hér í smáu læknishéruðunum gerir mig svo fjarska áhyggjufulla, að ég þori varla að gleðjast yfir þessu. En kannski eitthvað leggist til -- Mér þykir verst ef hjónin í Östrup taka sér þetta nærri. Hvað heldur þú um það. Ef þu segir mér nokkuð um þetta sem allir mega ekki vita, þá láttu það á aukablað.

Óli predikaði á langa frjádag[5] og gerði mikla lukku, einkum með framburðinum, og ræðan *gekk an*,[6] sagði pabbi ykkar. --

Pabbi (*þinn*) hefur svo mikið að skrifa séra Jóni Bjarnasyni að hann sendir ykkur Tuma bara kveðju. --

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 11.5.1889.

Þetta er langt bréf þar sem sagt er rækilega frá prestkosningum á Breiðabólstað og í Rvík, ásamt biskupsskipan. Bréfritari er þakklátur fyrir að hafa ekki fengið biskupsembættið. Einnig ræðir hann um þröngan efnahag sinn.

---

[1] *Er þetta væntanlega eftir hana sjálfa, enda var hún skáldmælt og tónelsk.*

[2] *Séra Guðmundur Helgason (1853-1922) frá Birtingarholti síðar í Reykholti. Prófastur og félagsmálamaður.*

[3] *Hæfni.*

[4] *Þessi trúlofun Tómasar og Lily Hansen fór út um þúfur, eins og kemur fram í síðari bréfum.*

[5] *Föstudaginn langa.*

[6] *Gå an þýðir: fullnægjandi.*

Þá segir hann líka frá fjölskyldu sinni fyrir vestan og bætir við málum Tómasar sonar síns og trúlofun hans í Danmörku. Þykir honum það eins og standi fyrir honum farsælast að hann giftist og setjist að í Danmörku. Stúlkan er vensluð vinafólki Jóns og átti séra Helgi jafnvel von á að Jón myndi trúlofast henni, en vildi ekki láta það beint uppi.[1] *Vonar hann að allt fari á besta veg.*

-- Ó, hvað mig langar til að þú værir orðinn kandidat með góðum vitnisburði. Þó að "*haudin"* séu nú í seinni tíð farin að gilda svo mikið hér á landdi, er ég ekki vel ánægður með minna en "*laud"* handa þér og bið þig að einsetja þér að ná þeirri einkunn. Svo mátt þú verða, hvort sem þú vilt heldur verða prestur í Danmörku eða hér á landi. Ég hef stundum verið að hugsa um, að ef þú yrðir prestur í Danmökru, að okkur að foreldrum þínum lifandi, væri nógu gaman fyrir okkur gömlu hjónin að koma í hornið til þín. Stundum hefur mér aftur komið í hug að ef þú fengir ekkert embætti þegar þú værir orðinn kandidat, gæti ég kannski fengið að hafa þig um tíma sem aðstoðarkennara minn við Prestaskólann. --

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 12.5.1889.

Segir að séra Eggert Pálsson hafi verið skipaður prestur á Breiðabólstað --

-- Einhven tíma hefði það þótt fyrirsögn --

Í dag er séra Hallgrímur að konfimera og kveðja söfnuðinn og var kirkjan svo full að systur þínar komu hálfkramdar eftir hálftíma dvöl þar. --

Nú gengur nokkuð á þegar fara á að kjósa klerk í Reykjavík. Þú ert nú heldur til baga of ungur því ég held annaðhver höfðingi vilji láta þig verða hér prest. Óli póst vill bara hafa einhvern settan, -- *þangað til þú ert klár*.--

Mér liggur helst við að óska að þú þyrftir aldrei að biðja höfðingjana hérna um brauð eða embætti, því réttlætið stendur ekki hátt í mínum augum. -- ætla ég að biðja þig að láta ekki nýja biskupinn sjá á þér ólundar andlit. Hann hefur alltaf verið í góðkunningsskap við okkur og frúin er svo intresseruð fyrir þér, að ég held bara að hún vildi hafa þig fyrir tengdason!! seinna meir.

Ég er nú, sama hvað öllu líður, ekkert áhyggjufull um þína hagi en um aumingja Tómas hugsa ég hverja stund. og hvernig þetta allt muni fara fyrir honum og stundum finnst mér ómögulegt að þetta geti endað með öðru en sorg. Það er allt í svoddan fljótræði byrjað og þó vesling Lilí hafi alla kosti, þá hlýtur hún að vera ógætin og fljótráð -- og kemur, því miður, til að reka sig á það, þó seinna verði. --

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 13.5.1889.

-- Við erum nú búin að hafa þennan merkilega consert, og tókst hann eftir öllum vonum. Fólk var svo hrifið að við eigum endilega að syngja atur á kóngsbænadagskvöld, til að lofa fleirum að heyra þennan englasöng. Mér fannst nú fyrir mitt leyti söngurinn ekki vera fimm aura virði -- Sigga Thorarensen var líka alltaf að dragast aftur úr, svo það var eitt sem ergði mig.

Sjana Zoëga og Thorstensen giftu sig í fyrrakvöld, og hafði það verið einhver sú leiðinlegasta veisla sem fólk man til að hafa komið í. Geir gamli var svo fullur, að það hálfa hefði verið meira en nóg. Ég var að punta alla kirkjuna ásamt öðrum ungum dömum fyrir veisluna, því Jóhannessen gamli Zoëga og Jóhannes Olsen, hafa gaman af að sjá blómstur í kring um sig, og það eru líka menn sem kunna að meta þess háttar!! og þess vegna gerðum við það. Ólafur Ámundason var boðinn, en þáði ekki, og er það nú fremur taktlaust af honum, að láta nokkuð bera á því að bókhaldarinn hans kom í forkaupið að ná í Sjönu.

-- ég ætla nú að senda Lily fáar línur, ekki af því að ég hafi nokkurn skapaðan hlut að segja, heldur af því að *höfligheden* krefur að ég *besvari*[2] hennar elskuverða bréfi, mér þykir nú engin skömm að því að koma til með að eignast hálfdanska mágkonu, sem þó þykir mér enginn hlutur eins vænt um eins og að Tumi skuli hafa eignast svona indæla og góða stúlku --

Tómas Helgason skrifar Jóni Helgasyni. Als. 15.6.1889.

-- ástarþakkir fyrir *gratulations* bréfið. Eins og þú sérð -- er ég kominn hingað suður -- Lili og ég komum hingað fyrir þrem dögum. Tengdapabbi gat ekki sakir anna fylgt okkur eins og hann hafði gert ráð fyrir, en þess í stað ætlar hann að mæta mér þegar ég kem úr Þýskalandsförinni aftur. Hér á Als kann ég mjög vel við mig, gömlu hjónin eru einstaklega góð við mig. Hér er mesti sægur af töntum og frændfólki, allt besta fólk. --

Ekki hef ég fastákveðið hvenær ég held lengra suður á bóginn, en líklega verður það í næstu viku, þá fyrst til Berlín, ef mér svo ekki geðjast að því að vera þar þá held ég til Vínar. --

[1] *Þetta taldi E.Á. skrásetjari líka eftir að hafa séð bréfabunkann sem Lily sendi Jóni.*

[2] *Kurteisin krafðist bréfs!*

Heilsaðu Þórði frænda með þakklæti fyrir bréf --

Lili skrifar nokkur kveðjuorð (á dönsku) frá "*mágkonunni*" sem ekki er vel upplögð, þennan daginni.

--Vildi gjarnan að þú, kæri Jón, værir hér hjá okkur. -- *Jeg lider af dårligt humör, skal jeg sige dig.* -- Kveðja. L.

Skúli Thoroddsen skrifar Páli E. Briem. Ísaf. 17.6.1889.

Þakkar tvö bréf og afsakar svarleysi.

-- Heldur finnst mér á stjórnarfrumvörpunum að Magnús og stjórnin sé að reyna að pipra sig til við þingið og drepa *oppositionina*; ég er líka hálf-hnugginn yfir öllu ástandinu, ég óttast að töluverð sundrung verði á þingi og að sumir þingmenn sjái eigi við diplomati Manga. Tollpólitík Jónka Ól.[1] og skilnaðarflanið, eins óundirbúið og það er, getur gert mikið illt.

Þú talar um að sumum muni hafa þótt þú koma nógu mikið fram á síðasta þigni og að þú ætlir að hafa minna um þig í sumar; en þetta finnst mér alveg rangt gert af þér. Þið yngri þingmennirnir þurfið að sameina yður og reyna að leiða hina eldri nauðuga eða viljuga. Eldri þingmenn t.a.m. Jón Gauti,[2] sem þó er talinn í fremstu röð, finnst mér vera daufir, framkvæmdalitlir; seint gekk með Þingvallafélagið og frumvarp Jóns er alltof margbrotið og idiótískt, að þingmenn séu sjálfkjörnir formenn félagsdeildanna, þó að þeir séu kannske minnihlutamenn.

Það gleður mig ef Octavius Hansen[3] kemur upp svo að eitthvað verður úr Fensmarksmálinu.[4]

Meðan ég man ætla ég að biðja þig að styrkja að því að vér Ísfirðingar fáum styrk til að koma upp bókasafni og, ef auðið er safnið flutt frá Stykkishólmi, því bókaleysið er hér drepandi.

Um kvenfrelsismálið treysti ég engum nema þér til að hreyfa því máli á þingi. Ég er önnum kafinn við embættið, Þjóðviljann og kaupfélag svo að ég hef engan tíma *disponiblan*.[5] --

Ég þakka þér fyrir ritgerðirnar og skal við tækifæri minnast á þær í Þjóðviljanum. Gaman þætti mér að vita hvenær ritgerðir sem eiga að fara í Andvara þurfi að vera komnar; mig langar hálfpart til að senda grein í næsta ár, ef hún yrði tekin. Ég vona að ég frétti það eigi að Tryggvi verði lengur forseti Þjóðvinafélagsins. --

Fjallar svo um landshöfðingja (Manga) sem er á móti því að Skúli lögreglustjóri sé í blaðstjórn vestra eins og Jónki Ól. er að skensa Sk. fyrir. Ræðir stöðu sína og blöðin í landinu.

-- Óskandi að þú megir afreka margt gott og þarft á þingi í sumar --

Tómas Helgason skrifar Jóni Helgasyni. Berlín. 23.6.1889.

-- Nú er ég loks kominn til hinnar eftirþráðu Berlínar. Ég kom í fyrramorgun með járnbrautinni frá Kiel yfir Hamborg. Fyrsta daginn bjó ég á hóteli fyrir tvö mörk og svaf þar hálfan daginn, því á ferðinni gat ég ekki sofið vegna hristingsins. Síðan fór ég út til að leita mér að herbergi og gekk það fljótt, því nóg er til af herbergjum sem standa auð. Leigan er 30 mörk um mánuðinn með *opvartning*. -- Mat kaupi ég á matarhúsi fyrir 2 mörk um daginn. Mér þykir maturinn hálfleiðinlegur og ekki eins góður og í Danmörku. Hér er mjög hægt að finna veg, því allar götur eru beinar og glöggar. Ég er búinn að ganga mig dauðþreyttan um helstu stræti borgarinnar. Engan hef ég séð sem ég þekki og þykir mér það mjög leitt og ætla ég á morgun að leita dr.Grönbeik uppi til að fá hjá honum uplýsingar um *kliniker*[6] og þess háttar. Hér í kringum mig er mikill fjöldi af klinikum og spítölum, svo ég vona að ég geti komist inn á eitthvað af þeim. Hin svokölluðu "*feriekursus"* fyrir lækna eru fyrir löngu hætt og byrja ekki fyrr en í september, en ég vona samt að ég geti komist einhvers staðar að þrátt fyrir það.

Málið gengur töluvert, einkum vegna hinna fjölmörgu dialekta, sem hér eru talaðir.

Á engum skemmtistöðum hef ég ennþá verið, nema á *Kastanus Panoplikon* í morgun og þótti mér mikið í það varið. Í dag ætla ég í dýragarðinn ef gott verður veður. Í fyrrakvöld voru svo miklar þrumur og eldingar að mér þótti nóg um; drunur svo miklar eins og borgin væri að hrynja. --

---

[1] *Jón Ólafsson (1850-1916), þá alþingismaður S-Múlasýslu. Fór vestur um haf næsta ár. Var m.a. ritstjóri í Winnipeg. Kom til Íslands aftur 1897.*

[2] *Jón Sigurðsson á Gautlöndum í Mývatnssveit (1828-1889) þá þingmaður Eyfirðinga.Hann dó fáum dögum eftir ritun tilvitnaðs bréfs, að Bakkaseli í Öxnadal á leið til þings.*

[3] *Octavius Hansen (1838-1903) lögmaður, stjórnmálamaður og forystumaður vinstri flokksins í Danmörku.*

[4] *C.A.E. Fensmark var danskur lögfræðingur, sýslumaður á Ísafirði, sem varð uppvís að mikilli sjóðþurrð og var skúli sendur til að rannsaka málið.*

[5] *Afgangs.*

[6] *Læknastofur/þjónustur.*

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 24.6.1889.

Jón hafði sýnilega fengið haud[1] *í kirkjuferðalatínu sem hann er sýnilega ekki ánægður með og biður hann um að stefna að* laud *þó íslenskir embættismenn komi í stríðum straumum með lægri einkunnina eins og gott væri.*

Ræðir einnig um fyrirætlanir Jóns, t.d. ef hann vilji starfa í Noregi eða Danmörku. Einnig fjölskyldufréttir héðan og þaðan. Dómkirkjuprestkosningar og kennslu hans í Prestaskólanum sem verður erfiðari þegar aldurinn færist yfir og yngir menn koma þar til kennslu. Fregnir af fjölskyldu og ýmsum prestum.

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 24.6.1889.

-- í fyrrinótt var ég í brúðkaupi vestur á Rauðkollsstöðum í Hnappadalssýslu, í gærkvöldi var ég komin heim til mín aftur, svo ekki var ég nú lengi að bregða mér.

Svoleiðis var mál með vexti, að Þóra systir Árna séra Þórarinssonar hefur verið bústýra hjá bróður sínum í Miklaholti, og fær þar bara "*fat*" á allra sérlegasta kærasta, sem sé son Þórðar á Rauðkollsstöðum, Pétur[2] að nafni. Við höfum nú verið góðar kunningjastúlkur síðan hún var í Rvík, svo hún skrifar mér til ógnar alúðlegt bréf og biður mig nú að gera sér þá óumræðilega ánægju að skreppa með Lauru 13. júní vestur í Stykkishólm og svo skuli hún senda mér hest þangað, svo ég geti verið við þegar þau gifti sig, 20. júní, sér og mér og yfir höfuð sýslubúunum til ánægju. Jæja, svo af því stúlkutetrið bað mig svona vel um þetta, þá læt ég tilleiðast og fer með skipinu til Stykkishólms. Þar stendur þá brúnn, söðlaður hestur, og ég á stað og held áfram og beint að Miklaholti, hitti þar Árna[3] (nefmæltan, ekki síður en vant er!!)[4] og svo var ég þar einn dag og reið síðan út að Rauðkollsstöðum, var tekið þar eins og kóngurinn væri. Var í veislunni 20. júní, eins og til stóð, og fór úr henni og á stað út í Hólm kl. 1½ um nóttina, því skipið átti að fara það kvöld eftir tólf, en allir sögðu að það mundi hafa yfir. Þegar við komum í Hólminn var skipið búið að pípa tvisvar og ég úr reiðfötunum og um borð á augnabliki og prísaði hamingjuna hvað ég kom mátulega. Svo lentum við hér á höfninni kl. 9½ í gærkvöldi eftir átta daga burtveru.

Ég skemmti mér fjarska vel í túrnum, en var náttúrlega ósköp fegin að koma heim til pabba og mömmu. Það voru 45 manns í veislunni og var það svona fremur *ópólerað* margt af því. Ein daman spurði mig tvisvar hvernig þú hefðir það; hvílík *interesse*! Það var Ingibjörg nokkur frá Staðarhrauni, jafnaldra þín, og minntist hún nokkrum sinnum á það að nú yrðuð þið bæði 22ja ára. --

Ræðir um trúlofun bræðra sinna Tómasar og Ólafs.

-- nú er ég bara að búa mig undir að frétta af einhverjum engli sem þú hafir náð í, ekki verður hún víst slakari en hinar, býst ég við!

Tómas Helgason skrifar Jóni Helgasyni. Berlín. 29.6.1889.

-- hálfleiðist hérna -- Ég geng sem ég skrifaði þér um daginn, að mig minnir, á eyrnaklinik tvo tíma á dag hjá Dr. Schwabach, hann er einstaklega þægilegur og kurteis við mig. Okkur gengur báðum heldur vel að skilja hvern annan þótt ég eigi hálfbágt með að gefa langar útskýringar á því sem ég sé í eyrunum, en það kemur smátt og smátt. Ég ætla endilega að reyna að komast að á fleiri stöðum, en ég veit ekki hvort það er hægt um þetta leyti.

Á morgun flyt ég til: Unter den Linden 16, í pensionat, sem ég held að verði ódýrara -- Það er annars ansi dýrt að lifa hér og maturinn mjög leiðinlegur --

Segir frá óperettunni Boccacio eftir Supé og frá söngskemmtun sænsku stúdentanna í Berlin.

---

[1] *Aðra einkunn.*

[2] *Pétur Þórðarson (1863-1921) verslunarmaður í Ólafsvík. Meðal barna þeirra var Árni Pétursson læknir sem varð, reyndar dáinn þá, fyrri tengdafaðir Páls bróður míns.*

[3] *Tvær skýringar: 1. Séra Árni Þórarinsson (1860-1948), síðast prófastur á Stóra-Hrauni í Hnappadalssýslu. missti föður sinn, Þórarin jarðyrkjumann Árnason, er hann var sex ára gamall. Þórhildur Tómasdóttir, móðir Álfheiðar og hann voru systkinabörn. Þegar Árni var að alast upp í mikilli fátækt, fékk hann skjól hjá Þórhildi og Helga, meðan hann var við nám. Voru því tengslin, alla tíð, enn nánari en ella milli séra Árna og Álfheiðar. Hinsvegar var grunnt á því góða milli séra Árna og Jóns biskups, enda aðhylltust þeir ólíkar trúarstefnur.*

[4] *Séra Árni átti lengi við ólæknandi sjúkdóm, polypa í nefi, sem orsakaði nefmæli. Friede Pálsdóttir Briem, móðir mín, og frænka hans, þjáðist líka af þessum sjúkdómi, sem læknaðist ekki fyrr en eftir margar skurðaðgerðir, er hún var orðin miðaldra. Var stundum gantast með að þetta væri fjölskyldusjúkdómur, þó ekki muni ég eftir fleiri frændum höldnum honum.*

-- Biddu Björn Ólafsson[1] að taka mína ávísun frá Stalfest á mánudaginn, án þess að hann geti um að ég sé hér. Hann getur sagt ég hafi brugðið mér yfir á Fjón. --

Gefur nánari fyrirmæli um greiðslur til eitthvað sex aðila.

-- Í þessu augnabliki fæ ég bréf frá Dr. Hartmann hvar í hann biður mig velkominn á sína eyrnaklinik -- þann 1. júlí. --

Tómas Helgason skrifar Helga Hálfdanarsyni. 9.7.1889. Berlín.

Elskulegi pater!

Takk fyrir bréf þitt og *forretninguna*. Hér sendi ég bréfin til Íslands. Ég á eftir að skrifa systrum mínum, en ætla að gera það í kvöld. Ég þori ekki annað en senda þessi bréf strax, svo þau að minnsta kosti nái í skipið. -- Ekkert að frétta. Bréf bráðum. --

Tómas Helgason skrifar Jóni Helgasyni. Berlín. 21.7.1889.

-- langt síðan þú hefur skrifað mér -- muntu vera í Korup -- þrái mjög að sjá fyrir endann á þessari útlegð, ekki skaltu samt láta neinn heyra það að ég uni mér ekki. -- Hef fengið nokkurn veginn nóg að gera hérna, a.m.k. fyrri part dagsins, en það hefur sannast sagna ekki gengið vel að komast að hjá klinikkunum, víða sem ég hef komið hefur mér verið vísað frá, þó með mestu kurteisi, því þótt Þjóðverjar séu allra manna þurrastir og óþýðastir, þá eru læknar þeirra ekki allir svo. Að auki vilja þeir læknar sem klinikkur hafa fá borgun, minnst 30 kr. per mánuð, þ.e. megnið af þessum privat klinikkum er ekkert nema argasta --*(?)*-- það hef ég heyrt marga, og það þýska lækna segja. Ekki vil ég samt segja að svo sé hjá A. Hartmann, sem ég geng hjá, en þó mætti borgunin vera minni en 50 kr., eða þá meira að sjá, ef rétt væri. Hann er annars mjög viðfeldinn og skemmtilegur, svo ég hlakka alltaf til að koma til hans. Við erum nú orðnir níu sem erum hjá honum, en aðeins tvo af þeim hef ég talað nokkuð við og annar þeirra heldur góður kunningi minn, það er gamall læknir frá Póllandi, en þekkingu hefur hann sára litla, svo ekkert er af honum að læra. Auk þess geng ég á stóra klinik hjá prof. Lucav, sem er besti og frægasti eyrnalæknir hér í Berlín eða hér í Þýskalandi, en honum borgar maður ekkert. Svo heyri ég prófessor einn í barnasjúkdómum fjórum sinnum í viku og auk þess ýmsa -- sem ég læri lítið eða ekkert af.

Nú held ég að ég sé búinn að sjá megnið af því sem sjáandi er hér í borginni þ.e. öll söfn sem opin eru og leikhús, botaniska og zoologiska garðinn og auk þess hef ég verið á concertum, tveim hjá hinum frægu Finnum og einn hjá Lundarstúdentum. Ég ímynda mér að -? -sé bráðum úti og þá hef ég líklega ekki meira hér að gera og vildi þá gjarnan fara að komast heim á leið. Kannski hitti ég þig þá á Fjóni? -- Gangi þér allt til heilla og hamingju. Þess óskar þinn elskandi bróðir --

Bjarni Jónsson[2] skrifar Jóni Helgasyni. Khöfn. 24.7.1889.

Heill sit þú Jón minn með hlýlyndum sprundum
heiðum á kveldum í blómríkum lundum,
er lífgeislum eygló að skilnaði skær
skínandi björtum á jörðina slær.

Sofnaðu. - Bíð þess á brosandi morgni,
blómanna daggtár að ylmi og þorni,
gakk þú með bjarteygu fljóði um frón,
Faðmvafinn ástbundinn dveldu þar Jón.

Ja, mér varð óvart á að byrja með ljóðum, En hvað sem því líður, þá vona ég að þinn magi sé orðinn góður og harðsperran flúin, svo velllíðanin sé orðin apsolut, eða því sem næst. Þú spyr, hvort ekki sé leiðinlegt að hýrast á Garði. Jú, það er meira en leiðinlegt, því það er - ja það er eins og ég veit ekki hvað. --

Þinn einlægur þvaðrari, bullari, skjallari og skrumari o.m.fl.

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 25.7.1889.

Fólkið í húsinu er sumt við heyskap í Viðey, próflestur í Odda eða sveitastörf. Er ánægður með fréttir af bræðrunum. En svo eru líka fréttir af dauðsföllum kunningja og frænda, sem einnig hefur komið í blöðum. Engin brauð hafa verið auglýst heldur. Prestkosningar verða í Reykjavík og barist fyrir séra Sigurði Stefánssyni, sem var að bætast í hópinn. Einnig segir frá pólitík og guðfræðilegum efnum. Þykir heldur óæskileg ný aðferð viðhöfð í prestkosningunum og segist varla muni taka þátt í þeim.

---

[1] *Björn Ólafsson (1862-1909) augnlæknir. Kenndi greinina í Læknaskólanum og fór um landið í augnlækningaferðir. Var augnlæknir í Rvík frá 1894 til dauðadags. Hann átti Sigrúnu (1875-1959) Ísleifsdóttur frá Arnarbæli, sem var vensluð Jóni biskupi. Þau Sigrún byggðu húsið Tjarnarg. 18 í Rvík, sem enn stendur.*

[2] *Sennilega Bjarni Jónsson (1872-1948) síðar bankastjóri frá Unnarholti*

Segir mikið af séra Jóni Bjarnasyni, presti vestur Íslendinga, sem er harður í dómum í kirkjulegum efnum þar sem vestur-íslensk efni blandast í. Fellur ekki við skrifin þótt þau séu honum sjálfum vinveitt. --

26.7. Það blæs ekki byrlega fyrir Tómasi bróður þínu og hans ungu collegum með að fá föst læknisembætti. --

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 27.7.1889.

-- hér er ekkert til tíðinda, það sést varla maður nema þessi alþingiskarlar og segi ég það satt, að þeir eru ekki svo skemmtilegir að horfa á margir hverjir. Mér hefur aldrei þótt Þorlákur í Hvammkoti[1] eða Þorvaldur í Núpakoti[2] (hálf-fullur) neitt augnayndi; aðra sér maður ekki.

Jú, jú. Torfhildur Hólm er reyndar alltaf að að flækjast hérna á stígnum, með rauða tösku á handleggnum. Ég er búin að skíra þá tösku, og kalla hana handritstösku, er það ekki *træffende*, hún hugsar og tala jú ekki um annað en handrit --

-- ég sit heima og sauma siglingaskyrtur handa Ólafi, sá á nú bærilega dagana, að eiga að sigla. Ég vildi að ég mætti verða samferða! -- hlakka bara til þess tíma þegar þú kemur heim, og þá hef ég hugsað mér að vera niðrá bryggju að taka á móti *candidatinum*, hm, hm. Kristín mágkona er náttúrlega ekki allskostar *tilfreds* að Óli skuli fara, en ég held hún geti verið ánægð, sérstaklega ef pabbi hennar (séra Ísleifur í Arnarbæli) skyldi fá Reykjavíkurbrauðið, þá verður hún svo nálægt mér og mér finnst henni ekki vera mikil vorkunn. --

Ekki hef ég séð Hallgrím biskup síðan hann kom úr vígsluferðinni. Hann er nú reyndar líklega líkur því sem hann var áður en hann fór. Þau komu með *fortepiano* handa Friðrik,[3] hann er nýfarinn að læra að spila og og sagðist hafa "*skorað á*" foreldrana sína að koma með hljóðfæri, og það dugði. Þú trúir ekki hvað það er *vigtug*[4] skepna hann Friðrik. --

Læt ég mynd af pabba inn í bréfið. Hann er nærri hrukkóttari á henni heldur en hann er í raun og verunni, blessaður karlinn, því hérna taka þeir ekki af hrukkurnar eins og utanlands. Ég er búin að setja mér að láta ekki taka af mér mynd, fyrr en ég sigli! Því ég kæri mig ekki um að láta fólk hugsa að ég sé ólagleg stúlka, eins og Eymundsen hefur alltaf þóknast að láta mig vera, þegar kinnin og nefið hefur fallið út í eitt. Svo var ég á seinustu myndinni sem hann tók öll *köflótt* í framan og allt eftir þessu. -- fyrirgefðu slúðrið og lifðu eins og keisari --

Sigríður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Odda. 29.7.1882.

-- er orðin svo pennalöt, en verð að afsaka mig með því að ég hef oft talsvert að hugsa, sérstaklega á sumrin. -- Nú hef ég til dæmis 20 manns í heimili með kaupafólki og póstunum og þykir mér það alveg nóg að vastra[5] í. Ég er nú mjög lukkuleg yfir því að vera búin að drífa 10 stykki út í Eyrar, og sé það héðan af ekki nema á sunnudögum, því nú er búið að alhirða túnið og gekk það mikið vel. Við fengum nærri því 300 hesta af töðu og þykir nú gott, en ekki veitir af, því nú verða 11 kýrnar í vetur; og 90 ær í kvíum höfum við og svo eru nú náttúrlega allt hitt rusl, bæði geldfé og hestar, sem allt þarf ósköp af heyi að éta.

Okkur líður nú mikið vel, nema mér þykir búskapurinn vera orðinn full stór, en raunar ekki ófær, meðan maður er eins ungur og frískur eins og ég er ennþá, enda vill presturinn endilega búa stórt. Mér þykir nú ekki nærri eins gaman af því, síst síðan Þórhildur fæddist, þá vil ég miklu heldur leika mér að henni heldur en alltaf að skeinkja kaffi og skammta þessu marga fólki. Dúa[6] systir var nú að fara frá mér, hún hefur verið hérna frá 6. júlí að við -- að sunnan, og hefur mér þótt heldur gott að hafa hana fyrir "*barnapíu*", fyrir utan skemmtunina. Ég vona nú að Alla komi nú aftur á hestinum til baka og hlakka mikið til að fá hana. --

Tómas Helgason skrifar Jóni Helgasyni. Berlín. 31.7.1889.

-- Ég býst við að ég fari héðan á sunnudaginn alfarinn. Ég hef hér ekki meira að gera þar sem sumarfríið byrjar á morgun, allar klinikkur loka og dr. Hatmann fer til Sveits. Ég er líka sannarlega orðinn saddur af verunni hér, mér hefur eiginlega ekki liðið vel hér einn dag síðan ég kom hingað og hef þó alltaf verið heill heilsu.. Mér hefur beinlínis dauðleiðst, enda hef ég aldrei lifað svo einmanalega sem þessa 40 daga sem ég er búinn að vera hér. --

Gerir ráð fyrir af fara til Kiel og hitta þar Lili, kærustuna, og föður hennar og reyna að komast að klinik hjá frægum háls. nef og eyrnalækni, Esmark.

---

[1] *Þorlákur Guðmundsson (1834-1906) alþingismaður Árnesinga í 26 ár. Bóndi í Miðfelli, síðar í Fífuhvammi í Kópavogi.*

[2] *Þorvaldur Björnsson (1833-1922) bóndi í Núpakoti undir Eyjafjöllum sem hann nefndi Þorvaldseyri og gerði að stórbýli.*

[3] *Séra Friðrik Hallgrímsson (1872-1949) síðast dómkirkjuprestur.*

[4] *Góður með sig.*

[5] *Vastra er nú vafstra.*

[6] *Líklega: Þórdís.*

-- Ég veit varla hvort ég á að gleðjast yfir því, en mig langar ekki til að setjast að í Danmörku, en þó mun ég taka það með þökkum Liliar vegna, ef ég fengi *veniam practicandi*,[1] en ekki fýsir mig að láta þá herra examinera mig sem *specialista*, ég er hræddur um að það geti orðið ærið þungt próf, þó mun ég ekki hika við að ganga undir það, ef krafist verður, satt að segja þykir mér ótrúlegt að ég fengi *veniam practicandi*, þar sem Davíð Scheving[2] var neitað um hana. En ég tek því öllu með ró. --

Best að þú geymir bréfin frá mér þangað til þú færð nánari skipanir. -- Þú skalt ekki segja frá að mér leiðist hér því það mun ekki þykja sennilegt að maður geti eigi unað sér úti í miðjum menntastraumnum --

Ragnheiður Davíðsdóttir skrifar Susie Briem. Hofi. 16.8.1889.

Segist hafa verið hringtrúlofuð Stefáni[3] *(Stefánssyni) hálfan mán. Vildi ekki láta sambandið spyrjast vegna feimni og heimsku. Nú er það á allra vitorði. Ætla þau að gifta sig í vor og fara að búa eins og heiðarlegir bóndi og bóndakona, þó bændastétt þyki ekki fornem.*[4] *Segir séra Davíð, föður sinn, á leið til Seyðisfj. á Gránufélagsfund. Þá biður hún S.B. um ýmisl. hjálp og útvegun vegna giftingarinnar.*

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Rvík. 30.8.1889.

Ræðir búnaðarskólana og andúð við Ólafsdal og við sig sem og hvað gert hefði verið í málinu. Er að koma sér úr stjórn Þjóðvinaféagsins og yfirskoðun landsreikninga. Er að eyðileggja sig vegna samkomulagsstefnu í stjórnarskrármálinu.

Þórdís Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 5.9.1889.

Segir frá ferð sinni að Odda þar sem hún var í þrjár vikur til að vera barnfóstra.

-- og þú skyldir sjá hvað mér fórst það eitthvað myndarlega, en svo var ég svo heppin að ég lenti bæði í brúðkaupsveislu og erfisdrykkju, en þú mátt ekki halda að ég hafi farið óboðin. Nei, það var öðru nær því Páll í Kumla kom og beiddi mig svo vel að gera sér þá ánægju að koma í „*erfiði*“ eftir konuna sína að ég gat ekki neitað honum um það og svo þótti mér nú gróflega gaman að sjá hvernig erfisdrykkja fer fram.

En svo kom Eggert Pálsson[5] og bauð mér í brúðkaupsveisluna sína og það þótti mér ennþá meira gaman. við fórum kl. 11 um morguninn og komum heim aftur kl. 4 um nóttina. Skúli gifti á Breiðabólstað, Sigga spilaði á orgelið og við Kristín í Kirkjubæ sungum. Þú hefðir átt að heyra það, því þá hefðir þú orðið hrifinn, að minnsta kosti sögðu Árni á Reynifelli og Ísleifur á Kanastöðum að þeir hefðu aldrei heyrt neitt eins fallegt, hvað þá fallegra og ég veit að þeir hafa vit á því.

Nú ætlar Klemens Borgfjörð[6] að sigla með frú,; erða munur að hún siglir tvisvar en ég og svoleiðis fólk fá líklega aldrei að koma út fyrir pollinn. --

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 6.9.1889.

-- gestagangur hefur hindrað mig frá að skrifa og svo er ég hálf ferðlúin frá því ég kom frá Odda í fyrrakvöld. -- Búskapurinn er í mesta blóma, en af því ég held, þú hafir ekkert vit á honum -- þá ætla ég ekki að minnast neitt á hann -- Ég heimsótti ekkert af okkar frændfólki og er raunar hálfhrædd um að ég hafi *fornærmað* það með því, en það verður nú ekki aftur tekið.

Ólafur *(sonur hennar)* sat í Arnarbæli meðan við vorum í Odda, og gengur nú svo fjarska vigtugur, segi ég, með gullhring á hendi. Hann kemur sjálfsagt með næstu ferð til Hafnar -- bara að hann geti nú sagt drengnum til, svo lið verði í. --

Helgi Hálfdánarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 6.9.1889.

Segir frá ferð þeirra Þórhildar um sumarið austur að Odda, eftir prófin í Prestaskólanum sem lauk 24.8. Niðurstaðan var í skárra lagi þó enginn fengi meira en dável. *Ólafur Helgason fékk 45 stig.*

-- 28. ágúst lögðum við foreldrar þínir ásamt Ólafi af stað austur og náðum að Arnarbæli um kvöldið. Þar var þá opinberuð trúlofun Ólafs og Kristínar. Daginn eftir héldum við foreldrar þínir austur að Odda, en Ólafur varð eftir í Arnarbæli.

---

[1] *Einhvers konar lækningaleyfi.*

[2] *Davíð Scheving Thorsteinsson (1855-1938) var þá héraðslæknir á Patreksfirði*

[3] *Stefán Stefánsson (1866-1925) alþingismaður Eyfirðinga í tvo áratugi. Bóndi í Fagraskógi á Galmaströnd. Kona hans var Ragnheiður Davíðsdóttir dóttir séra Davíðs Guðmundssonar og Sigríðar Ólafsdóttur Briem frá Grund.*

[4] *Tigin.*

[5] *Séra Eggert Pálsson (1864-1926) prestur og síðar prófastur og alþingismaður. Konan hans var Guðrún Hermaniusdóttir, sýslumannsdóttir frá Velli í Hvolhreppi.*

[6] *Klemens Jónsson, síðar landritari sonur Jón Borgfjörðs.*

Í Rangárvallasýslu vorum við í 6 daga um kyrrt, móðir þín alltaf heima í Odda, en ég með smáútreiðum þaðan út að Bjólu, vestur að Velli og upp að Keldum, þar sem sra Skúli messaði -- Ég kom ekki að Breiðabólstað -- fann að ég mundi sakna sárt horfins fornvinar --

-- lögðum af stað frá Odda heim á leið og riðu Oddahjónin með okkur út að Sandhólaferju. Þegar við komum á Eyrarbakka voru sra Ísleifur og Ólafur komnir þangað. -- síðan að Kaldaðarnesi og yfir ána að Arnarbæli. Næsta dag héldum við ásamt Ólafi hingað heim. Þá var nýkomin -- dóttir Þórðar á Rauðkollsstöðum, sem við höfðum lofað að taka í vetur til þess að Álfheiður segði henni eitthvað til.

Um prestkosninguna hér í Reykjavík fór svo að séra Sigurður Stefánsson í Vigur var kosinn með yfir 370 atkvæðum -- Þegar sra. Sigurður kom suður, lést hann alls ekki ætla sækja um Reykjavíkurprestakall, en skömmu síðar kom sú fregn að hann væri búinn að sækja. Nú var af pólitískum vinum hans hafin gífurleg agitation og það sem ljótast var, borinn út óhróður um séra Ísleif, sem þeir munu hafa verið hræddir um að fengi brauðið. Þessi aðferð tókst; en eftir þennan sigur unninn mun sra. Sigurði ekki hafa litist á blikuna og ekki líkað aðferð meðhaldsmanna sinna, því að nokkrum dögum liðnum sendi hann kirkjustjórninni hér beiðnu um að kosningin yrði metin ógild. Nú veit enginn hvað gert verður -- verður líklega Nellemann látinn skera úr því. --

Álfheiður Helgadóttir skrifa Jóni Helgasyni. Rvík. 6.9.1889.

-- ég hef verið húsmóðir í 10 daga, já, og það yfir stóru heimili, yfir Dúsu og mér sjálfri; fyrir tveim dögum fjölgaði í húsinu og það gladdi mig náttúrlega ósegjanlega að þeirri þungu ábyrgð var létt af mér og mamma tók við stjórninni. Það er vandasamt að vera húsmóðir, víst er það, þó marga langi til þess. Það hafa alltaf verið gestir síðan þau komu heim svo ég hef engan frið haft til að skrifa ordentlega, sem danskurinn segir. frú Duus kom í gæri, séra Halli í dag og þetta gengur --

Ég get frætt þig á því að ég fór í kirkju á sunnudaginn að hlusta á séra Jón Bjarnason,[1] og það er eitthvað það leiðinlegasta sem ég hef heyrt. Hann talaði um coraleyjarnar, bacteríur og bindindisfélag og tugthúsbyggingar o.fl. sem ég ekki get haft eftir, og þetta var hann að hlaupa úr einu í annað í liðugan klukkutíma. Annars þótti Birni *(Jónssyni)* ritstjóra og fleirum mikið uppbyggileg ræðan. Sem fyrirlestur var hún það eflaust, en í kirkjunni átti hún hreint ekki heima. Mig langaði bara til að pabbi hefði heyrt hana. Ég þori að ábyrgjast að ef stúdent á Prestaskólanum hefði lagt þetta í lófa honum, hefði hann ekki fengið meira en 2. fyrir hana

Viðvíkjandi því sem þú baðst mig að gefa þér upplýsingar um, nefnilega hver af Ennissystrum[2] það væri sem Valtýr hefði gifst,[3] því giftur er hann og sem ektamanni máttu heilsa honum þegar hann kemur, þá var það sú með rauða nefið og alltof langa hálsinn og innskeifa, sem er nú orðin, hvað á að segja, konan hans dr. Valtýs, ég veit ekki meira, en sú litla, háleita og ljósleita í framan situr enn í móðurgarði og bíður eftir að einhver háskólakennari detti ofan á sig og hafi sig á burt sem sína réttmessugu eign!!

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík 29.9.1889.

Fréttir bárust með Eyjólfi ljóstolli[4] um að hann hefði hitt H.E.B. Gat ekki spurt nánar.

Eins og Páll þurfti að gera var að borga honum til að losna við hann. Segir frá húsnæðisleit Páls fyrir sig og Sigríði. Byrjuð að kenna Jóhönnu og Ingibjörgu ensku. Páll og Sigurður vilja að hún lesi ensku með þeim líka. Fyrsti tíminn var í gær en árangur fremur hlátur en lærdómur. Skólapiltar eru að koma í bæinn. Ragnheiður Melsted og Hannes Hafstein ætla að giftast 5.10. Frú Hafstein siglir með Láru. Elín er alltaf lasin.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 1.10.1889.

-- Segir ferðasöguna frá Rvík. Elín E. Briem systir hans og Martha hittu hópinn á Stóru-Borg en höfðu týnt hestunum. Fór að Höskuldsstöðum.[5] Kom að Möðruvöllum eftir tólf daga ferð.

37 stúlkur voru komnar í skólann á Ytri-Ey. Fór daginn áður, en bréfið var skrifað, til Akureyrar í ýmsum erindum. 16 piltar hafa sótt um skólavist og líklegt að þeir verði 25. Er það framför. Mikið rætt um flutning skólans til Rvíkur. Er í hádegisfæði hjá Hjaltalín en sér um sjálfan sig annars.--

[1] *Áðurnefndur séra Jón Bjarnason sem endaði sinn prestsferil í Ameríku.*

[2] *Dóttir Jóhannesar Guðmundssonar sýslumanns í Hjarðarholti í Stafholtstungum og k.h. Marenar*

[3] *Kona dr. Valtýs Guðmundssonar var Anna Jóhannesdóttir (1850-1903) elsta barn Jóhannesar Guðmundssonar (1823-1869) sýslumanns og Marenar Thorarensen (1827-1907) sýslumanns frá Enni á Höfðaströnd.*

[4] *Eyjólfur ljóstollur var þekktur umrenningur, vinur frænda okkar Guðmundar dúllara, föðurbróður séra Árna Þórarinssonar.*

[5] *Væntanlega til séra Eggert Ó. Briem, og Elínar E. Breim sem var við skólann Ytri-Ey.*

Helgi Hálfdánarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 1.10.1889.

Á von á að Tómas Helgason sé á leið hingað með Lauru. Skrifar honum því ekki.

Þórdís Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 10.10.1889.

-- Það kom heldur en ekki grín fyrir í kirkjunni á sunnudaginn þegar ég sat í mestu ró og söng heldur svona laglega á mína eigin bók; vissi ég ekki fyrri til en allt fór að leika á reiðiskjálfi og brakaði í hverju tré og leit alveg út fyrir að kirkjan ætlaði að hrynja. Fólkið þaut upp, stökk út, alveg eins og það væri vitlaust, því það langaði ekki að deyja fyrir tímann, en hélt endilega að kirkjan mundi hrynja í þessum líka óttalegum jarðskjálfta, en sú sem setti sig róleg niður aftur var Dísa og beið eftir því sem eftir var af messunni, en var ekki með þennan óhemjuskap að stökkva burtu.

Heldur þykir mér Jóhannes frá Enni hafa skrökvað að þér og upp á okkur hinar ungu dömur í Rvík eða minnsta kosti veit ég um mig að ég hvorki lít undan eða horfi beint fram þegar ég mæti einhverjum, heldur *hnikka* mig og *bukta*, svo ógnar pent, en það liggur við að maður neyddist til að líta undan þegar maður mætti Jóhannesi, því hann glápti svo framan í mann að það var eins og hann ætlaði að sjá inn í heilann á manni.

Ég verð að biðja þig um að hnerra ekki mjög mikið þó þú finnir kannski piparlykt af bréfinu og máttu ekki hugsa að ég sé orðin svona pipruð, heldur er orsökin sú að ég var að steyta pipar í kæfu handa þér. --

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 14.10.1889.

Þakkar fyrir útréttingar sem voru vel af hendi leystar.

-- en það sem að var og er, þú sendir mér engin tóm ílát, hvorki leirkrukku svarta, sem þú fékkst smjörið í, í fyrra, eða kút undan kæfu, eða frá Tuma blikkdunk, og svo hvorugt sængurverið tóma, sem líka átti að koma. Þetta voru stórkostleg afglöp! en verða úr þessu trauðlega endurbætt, nema ef Tómas kæmi heim, þá gæti hann tekið að minnsta kosti sængurverið með heim.

Nú ætlar Óli, greyið, að yfirgefa okkur líka og sakna ég hans töluvert og til tímanna þar til hann kemur aftur; það verður heldur tómlegt hjá okkur í vetur, en það þarf maður ekki að kvarta um, ef annað bagar ekki og maður fær góðar fréttir af börnum sínum.

Ég er nú mest áhyggjufull um framtíð Tómasar míns og þykir mér nú sárara ef hann kemst ekki bærilegar áfram en áður, af því að hann er nú annar maður, en ég fel það allt góðum guði.

Það er nú leiðinlegt að ég get ekki sent þér nærbuxur fyrr en með næstu ferð, ef við lifum þá, en af því að þú ert í vandræðum, sendi ég þér einar brúkaðar, og svo tvenna sokka. --

Biður að heilsa frú Duus og sendir skilaboð til hennar um verð á dúni sem háyfirdómari[1] *vill selja á 14. kr.*

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 14.10.1889.

-- ég er rám eins og rifin klukka, eftir brúðkaupið[2] --. Ég er til með að lýsa hvernig það gekk til, það var engin handaskömm máttu vita, hjá Margréti Zoëga, átta réttir af logandi mat, terturnar eins og rusl og allra handa slikkerí á eftir, kampavínið eins og vatn, toddýið svo leiðis að margir óðu í fæturna og allt eftir þessu. Landshöfðinginn var svaramaður Rönku og Jónassen hans, og gekk þeim það slysalaust, séra Þórhallur gifti og mælti líka fyrir skál brúðhjónanna.

Landshöfðingi mælti fyrir þeim gömlu hjónum, og ég held sér og sinni konu; eitthvað var hann að tala um að þau hefðu gift sig einusinni hjá þeim heiðurshjónum Sigga og Ástu, og hann vildi aðeins óska, að næstu ellefu ár liðu eins lukkulega fyrir þessum ungu hjónum eins og þau hefðu liðið fyrir sér og sinni frú (þó lítilfjörlegt væri!! minnir mig að hann bætti við). Annars sagðist honum mikið vel og við Theodór Jensen þurrkuðum okkur um augun! Svo mælti Melsted gamli fyrir kvenfólkinu og var það eins og hans var vani að vísa upp aftur og aftur það sama (en góð og glögg (?) var meiningin hjá honum, blessuðum sauðnum).

Biskupinn mælti fyrir frú Havsten og Sigurði í Vestmanneyjum og svo fyrir piparsveinunum (sbr. brúðkaupskvæði Olsens) og rann náttúrlega upp úr honum eins og árstraumur. Hannes sjálfur sagði ekki eitt orð, heldur en það hefði verið bundið fyrir munn honum. Þegar búið var að borða fórum við að dansa *lanciers*, og vorum svo að smá hoppa þangað til kl. 2 að allir fóru heim til sín. --

Nú ætlar frú Havsteen gamla að fara að yfirgefa okkur hérna með báðar sínar dætur. Þær eru alltaf að smáyfirgefa okkur ungu dömurnar og allar fara þær sömu leiðina, til Hafnar. Ég vildi ég mætti verða samferða

[1] *Lárus Sveinbjörnsson (1834-1910) var háyfirdómari og þá líka bankastjóri Landsbankans. Hann var, sem áður sagði, faðir Jóns Sveinbjörnssonar konungsritara.*

[2] *Hannesar og Ragnheiðar Hafstein.*

þeim, en það getur ekki látið sig gera, og dugir ekki að fást neitt um það; bráðum eru þær farnar allar sem ég þekki dálítið. --

Haraldur Nielsson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 16.10.1889.

Er kominn aftur í bæinn ofan af Mýrum, eftir sumarleyfið og notið náttúrunnar. Er að byrja í sjötta bekk.

-- Nú get ég sagt þér það í fréttum að ég er nýbúinn að segja mig úr bindindinu. Ekki gerði ég það af því að ég ætli mér að fara að drekka heldur af því að mér þótti bindindisfélagið orðið svo afleitt að ég vildi ekki vera í því lengur, því menn gengu í það (fremur) til að heita *gentlemen*, en vera svín. Nú munu víst vera mjög fáir í því --

Þú talar mikið um Dani -- og máttu vita að þér líkar það vel, því ég er enginn danahatari, máttu vita, það sæti líka illa á mér, því enginn Íslendingur hefur verið mér betri en sú danska kona sem ég er hjá -- Mér líður mjög vel -- bara að þú værir kominn eitt kvöld til að kjafta við mig.

Þú spyrð mig um hvað ég ætli að taka fyrir ef ég verð stúdent í vor. Því get ég eigi svarað, því að það veit ég eigi sjálfur. -- Ef ég verð kyr hér heima, þá vil ég ekkert nema guðfræðina; prestaskólinn er sú eina stofnun sem ég vil ganga á. En ef ég ætti kost á að stúdera ytra, þá þykir mér líklegt að *theoligian* yrði ekki hin útvalda. --

Hér voru allimklir jarðskjálftakippir um daginn. Hinn stærsti kom þegar messan stóð yfir. Var ég í kirkju (þú veist að ég er kirkjurækinn maður) og fór mér ekki að verða um sel. Ég stökk út úr kirkjunni, sem aðrir fleiri góðir menn og fór ekki inn aftur. --

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 17.10.1889.

-- Ég komst í mikla klípu með að útvega nú þá peninga sem þurfti handa ykkur bræðrunum öllum þremur, af því að mér höfðu brugðist peningar frá tveim stöðum sem ég átt von á.[1] --

Ég hef nú samt, mitt í þessari sláturtíð, drifið upp handa ykkur bræðrum 400 kr., þ.e. 100 kr. handa hverjum ykkar þriggja og rúmar 100 kr. að auki í ferðakostnað handa Ólafi. --

Þá er hann með nokkur áminningarorð til Jóns út af náminu, m.a. eftir að hafa fengið bréf frá dönskum prestum, kunningjum þeirra.

Ræðir hann kirkjusögu Heinr. Schmid, sem hann langar mjög til að fá og stingur upp á að Jón hlutist til um að bókin verði gefin Prestaskólasafninu.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 19.10.1889.

-- Gleðst yfir að S.B. hafi fengið betra herbergi. Er það nógu stórt fyrir okkur? Er búinn að koma sér fyrir, einnig m. eldavél. Ræðir um sölu og dreifingu enskubókarinnar. Segir bókina fulla af prentvillum sem bíður nýrrar útgáfu að leiðrétta. Bókin illa skorin og eru fleiri gallar á henni. Óvíst um framhald útgáfu Lýðs.

Skólinn gengur vel og er búist við 28 nem. Ólga í fólki vegna umræðna um skólann á Þingvallafundi og frumvarp Páls um að flytja skólann. Segir frá vandræðum séra Davíðs vegna náms og drykkju Ólafs sonar síns. Ræðir Hafstein Pétursson, áætlun hans um að fara til Ameríku og reiði séra Hallgríms biskups í hans garð.

Sorglegt sem kom fyrir Ingibjörgu dóttur Skapta Jósepssonar, að hún varð geðveik fyrir tveim vikum. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 20.10.1889.

H.E.B. virðist hafa verið í Rvík en er farinn norður og Susie orðið eftir og er nú mikið veik og vakað yfir henni. Hún býr nú í húsi Þorsteins smiðs.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 6.11.1889.

-- S.B. hefur verið alvarl. veik. Vandræði með sendingu launa hans norður.

Skólinn fjölmennur. Stefán frá Heiði er hjá syni sínum, leiður yfir gerðum sonar síns, séra Sigurðar. Stefán Stefánsson er á móti bróður sínum í þessum stjórnmálum. --[2]

Jón Helgason skrifar Helga Hálfdanarsyni. Khöfn. 1.11.1889.

-- Komudagur *Lauru* var mér mikill gleðidagur, einkum hafði ég hlakkað svo mjög til að sjá Óla, að ég hafði enga eirð í mér við bókina kveldin áður en hún átti að koma. Og sú rósfingraða morgungyðja var ekki einu sinni farin að rumska þegar ég um morguninn í svarta myrkri labbaði niður á tollbúð til þess að sjá hvort Laura eigi væri komin. En bæði var svarta myrkur og þoka, svo að ekkert sást, enda kom skipið ekki fyrr en eftir 2½ tíma.

[1] *Hafði hann lánað Einari bróður sínum í Hvítanesi upp í skuld hans við banka.*

[2] *Ekki er fullljóst hvað um er að ræða.*

Svo var Óli hér sjö daga í bænum til þess að tefja mig og aðra góða menn, hverra tími er kostbærari, en margur skyldi halda. Í gær fór hann svo yfir til Fjóns og síðan hef ég ekki af honum frétt. Tómas er þar yfirfrá og *instrúerar* Ólaf í þessum nýju *forholdum.* --

Stahlfest-Möller hafði skrifað Helga, föður hans, og gagnrýnt Jón eitthvað. Ræðir Jón það og segir aðferðir S-M alveg óbrúklegar því hann verði sjálfur að taka tillit til fyrirlestranna í skólanum.

-- Sjálfur sótti S.M. aldrei neina fyrirlestra í háskólanum. Hann mátti það ekki vegna heilsuleysis.--

Hér verður --*det normgivende autoritet*-- Pétur Madsen - en ekki Stahlfest-Möller. -- allt það sem ekki er eftir höfði Stahlfest Möller, það fordæmir hann á augnablikinu -- leyfi maður sér að hafa aðra meiningu en presturinn, þá er sjálfsagt að hún er hringlandi vitlaus! Hann er nú svona gerður. Í fyrstunni var hann mér svo framúrskarandi góður, að ég oft vissi ekki hvað ég átti af mér að gera undir allri þeirri gæsku, en eftir stóru ferðina[1] var hann orðinn allt annar, -- talaði stundum ekki við mig í fleiri daga -- sagði mér aldrei hvað væri í veginum, talaði aldrei við mig um teologíu -- en hvert skipti sem hann kom til Östrup fjargviðraðist hann við pastor Hansen, hve <u>*latur*</u> ég væri og „*ópraktískur í stúderingunumm*“. Niðurl. vantar.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Rvík. 8.11.1889.

Þakkar góða umsögn um kvennafræðarann eftir Elínu Briem.

Torfi virðist hafa verið lítt hrifinn af flatarmálsfræði Halldórs Briem. Páll ræðir bókina og telur fram kosti hennar. Páll fellst á skoðun Torfa um að Halldór ofnoti erlend orð.

Ræðir um kirkjuskipan og presta. Enginn virtist fylgjandi skoðunum Þjóðviljans í stjórnarskrármálinu nema í Ísafj.sýslu. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 9.11.1889.

Hefur verið mikið veik á sjúkrahúsi. En er nú komin af morfíni og ópíumlyfjum. Sigurður og Páll bræður Halldórs hafa komið daglega.

Indriði Einarsson hefur leyst upp heimilið og fjölsk. dreifst meðal frænda þar sem hann getur ekki lifað á 3500 kr. launum.

Gestur Pálsson heldur fyrirlestur um menntunarástandið.--

Skúli Thoroddsen skrifar Páli E. Briem. Ísaf. 9.11.1889.

Ræðir rækilega grein sem P.E.B. sendi Þjóðviljanum til birtingar og þykir hann fara út fyrir efnið og gerir grein fyrir þeirri skoðun sinni að blanda ekki óánægju sinni með kosningu í Þjóðvinafélaginu inn í umræðu um stjórnarskrármálið.

-- Málið hefur best af því að breytingartillögurnar <u>sjálfar</u> séu *discuteraðar* með stillingu. --

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 10.11.1889

Susie orðin góð aftur en þoldi ekki hamarshöggin í húsinu og fluttist á spítalann.

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 15.11.1889.

Reynir að skýra út fyrir sonum sínum drátt á því að þeir fái bréf, eða reyndar leiðrétta óánægju þeirra með drátt á bréfum. Bréfin sem þeir fái komi fyrst í þeirra hendur þegar skipið er farið aftur.--

-- Séra Jóhann á Lágafelli var kosinn dómkirkjuprestur sem allir vita hann góðan og ráðvandan mann, en samt var fólk ekki ánægt með hann.[2] -- Ég læt Tómasar bréf fara líka, þó hann máske sé á heimleið til okkar. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 20.11.1889.

Komin af sjúkrahúsinu og er hjá tengaföður sínum.

Segir frá fyrirlestri Gests Pálssonar í Góðtemplarahúsinu sem vakti miklar umræður. Björn Jónsson, Jón Ólafsson, séra Jón Bjarnason, Indriði Einarsson og Páll tóku til máls. Séra Jón kom Gesti til varnar en Jón Ól. og Björn voru á móti. Eitthvað sem J.B. sagði kveikti svo í P. að hann hélt kortérsræðu og þótti mælast vel.

Þorlákur Johnson var með panóramamyndasýningu fjögur kvöld svo eitthvað hefur hann hagnast á því.

[1] *Ekki ljóst hvaða ferð er um að ræða.*

[2] *Hér finnur skrásetjarinn að hann sé orðinn gamall. Man séra Jóhann Þorkelsson (1851-1944), og fjölskyldu hans er bjó í nágrenni mínu við Suðurgötu. Man snörlandi andardrátt hans í Dómkirkjunni. Séra Jóhann er persóna í Innansveitarkróníku Laxness.*

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 25.11.1889.

-- Commissjonirnar leystir þú -- vel af hendi, aðeins þótti mér skammelin vera nokkuð orðin kostbær þegar allt er saman talið, en það er ekki oft á ári að hún Ranka Melsted giftir sig, þó maður spanderi dálitlu í anledning þar af. Þau eru nú komin til síns „*réttta heimkynnis*“ og hafa gert stormandi lukku hjá þeim sem búnir eru að sjá þau --

Allra verst þótti mér eitt, ég hef ekki hætis hót að segja þér í fréttum, það ber enginn skapaður hlutur til tíðinda. Sjálf lifi eins og blóm í eggi, ég er reyndar hálf hölt, (eins og Jóhannes á Bústöðum) af því að ég var nærri búin að fótbrjóta mig hérna á stígnum um daginn, en samt varð ekki af því, heldur snerist löppin bara dálítið og Schierbeck vafði hana stíft í vaxdúk og ég mátti ekkert spássera í fimm daga, og það átti við mig, eða hitt þá heldur.

Nú er ég rétt orðin góð og þú getur nærri að ég „*indhenter det forsömte*“[1] og er alltaf á götunni. Við Dísa drifum okkur niður á bryggju um daginn þegar skipið kom til að taka á móti Tómasi. Við stóðum þar í heilan klukkutíma í því veðri, sem ekki verður útmálað, urðum eins og skolakettir og löbbuðum síðan heim verri en við fórum niðureftir. --

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 28.11.1889.

Ræðir brúðargjöf.

--yfirhöfuð er þetta fullboðin brúðargjöf[2] og óþarflega dýr (*sting þú hjá þér*). Það hefur enginn gefið þeim svona mikils virði, nema landshöfðingi og Hallgrímur Melsted, hann keypti eina *visitkortaskál* fyrir 45 kr.

-- Það er merkilegt að hugsa út í þetta, að þið skulið vera orðnir heimagangar suður í Danmörku og komnir í þennan danska kunningsskap. --

Ég sendi þér 2 hálfsokka og 2 nærbuxur. Þú sérð á markinu að Óli á einar buxurnar, og bið ég þig um að koma þeim til hans. -- Tvær kjötdósir átt þú í kassanum með þínu merki, en aðra sokkana þína gleymdist að merkja,. Morgunskó áttu þar líka. --

Helgi Hálfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 28.11.1889.

Meginefni bréfsins er að segja frá starfi sínu, nýjum þáttum í kennslunni sem krefst þess að hann þarf að rifja upp það sem hann hefur ekki lengi fengist við. Nú fæst hann við Jobsbók og er kominn langt fram í hana. Einnig um litúrgíu guðsþjónustunnar. Þetta gerir hann í þeim tilgangi að vera búinn undir aukna kennslu í Prestaskólanum. Einnig sökkvir hann sér nú niður í sálma Davíðs. En á meðan þarf hann að gera hlé á kirkjusögu sinni.[3]

-- hér er aftur búið að kjósa prest og varð nú séra Jóhann[4] á Lágafelli sá sem nánum (?) „*agitatorum*“[5] og þeirra liði þóknaðist að velja. Þó fékk sra Ísleifur *(í Arnarbæli)* helmingi fleiri atkvæði -- (76 minnir mig) -- Þórhallur kannast við að sra Jóhann sé vandað heiðvirt góðmenni, er bæði ég og fleiri hræddir um að hann sé því ekki vel vaxinn að vera hér prestur. -- Það hafði mikið verið agiterað fyrir honum en ekki á sama hátt og í sumar með því að lasta séra. Ísleif. --

Ræðir um lögin um prestkosningar sem komi í ljós að séu varasöm. Ræðir líka það sem hann ræddi um Stahlfest-Möller og segir hann hafa gert rangt í því að vera hjá honum þótt honum líkaði það ekki.

Ræðir líka fjármálin og vandræði sín með greiðslur til bræðranna.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík.1.12.1889.

Ræðir vandræði m. að greiða sjúkrakostnað. Treystir sér ekki til að biðja tengdaföður sinn um lán því hann hafi nóg með að kaupa kol.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík.1.12.1889.

Susie orðin frísk. Ræðir framboð HB gegn Skúla. Leggur á ráð um framboðið. Séra Jóhann verður ágætur en atkvæðalítill dómkirkjupr.

---

[1] *Bæti fyrir vanræksluna.*

[2] *Hér mun hún eiga við brúðargjöfina til Hannesar Hafstein og Ragnheiðar.*

[3] *Henni lauk hann ekki. Tók Jón sonur hans við handritinu og gaf hana út í tveim bindum.*

[4] *Séra Jóhann Þorkelsson (1851-1944) var skipaður dómkirkjuprestur 2.1.1890. Ég þekkti hann og fjölskyldu hans sem bjó í Suðurgötu. Þuríður dóttir hans kenndi mér um skeið í Barnaskólanum. Sonur hans var með aliendur og rak þær dag hvern niður á Tjörn og sótti um kvöldið. Séra Jóhann er þekktur úr bókmenntunum en Halldór Laxness notar hann sem sögupersónu bæði í Innansveitarkróníku og Paradísarheimt.*

[5] *Áróðursmönnum.*

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 2.12.1889.

Slæm heilsa SB. Ræðir vanda og skuldir í sókninni ásamt ágreiningi sóknarnefndar. og HB og verður fundur um málið á Hjalteyri.

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík 2.12.1889

Ræðir prestsembættið í Ameríku. Hafsteinn Pétursson mun fara. Séra Jón Bjarnason frá Winnipeg fékk ekki annan, en hneykslaðist á því að allir prestar sem hann talaði við litu á embættið sem brauð og vildu fá að vita um kaupið.--

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Ytriey. 4.12.1889.

V. sokkasendinga. Séra Eggert Ó. Brím er búinn að segja af sér og tekur Gil í Skagaf. til ábúðar.

1890

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.1.1890.

Segir frá kirkjuferðum um hátíðarnar, vinsældum séra Þórhallar; séra Jóhann Þorkelss. verði dómkirkjuprestur. Þykir hann betri kostur en Sigurður Stefánss. Ræðir kosningar fyrir norðan og framboð H.E.B.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 5.1.1890.

-- SB er orðin frísk. Feginn að hún er flutt til foreldra H.E.B. eftir veikindin. Betra að vera í Rvík vegna læknisþjónustu. Sendi grein til Norðurljóss sem birtist senn. Flutti fyrirlestur um stjórnarskrármál á Ak og var vel tekið. Kostaði 25 aura inn og fara því 10 d. kr. til minnisvarða Jóns Sigurðssonar.

Heyrir óskir um að hann bjóði sig fram. Hann tekur því rólega. Hefur ekki heyrt annan nefndan en Einar í Nesi, sem er skynsamur þótt hann sé heyrnarsljór.

Segist HB hafa skrifað í Norðurljós á móti Þjóðviljanum en Skúli Thor. leitar stuðnings í kjördæminu.

Fólki liður vel og hefur það gott vegna sauðasölunnar. Segir frá uppsetningu leikrits.

Vegna áskorunar hélt hann líka fyrirlesturinn eftir messu í kirkjunni. Segir frá Matthíasi.

Hefur bætt við sig sögukennslu og kennir 25 st. á viku.--

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 5.1.1890.

Segir af kirkjuferðum og hóp skólapilta sem séu nú að ganga til kirkju.

Ræðir sjúkrahúsvist sína og 70 kr. kostnað hennar vegna. Þá ræðir hún um sölu bóka HB.--

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 6.1.1890.

Ræðir um málaferli H.E.B. vegna skattamála.

Sigríður Ólafsd. Briem skrifar Susie Briem. Hofi. 6.1.1890.

Skrifar með tvenn gleraugu, sjónin slæm í skammdegi, búin að reyna á augun vegna lesturs; hannyrðir, sendingu til S.B. Slæmt að hún sé fl. suður þannig að ekki er hægt að skreppa og spjalla. Segist myndarleg með gleraugu og vanti bara pípu; reykir pípu á dag. Slæm í fótum, þó ekki verri en var; segir með skáldinu:

-- „hoppað get ég í himininn, haltur á öðrum fæti.“--[1]

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 31.1. 1890.

Segir frá leiksýn. á Ak. á Mulatten, er leikið verður á dönsku. Allir á Möðruv. ætla á leikinn nema Hjaltalín.

Einar í Nesi býður sig fram og H.E.B. dregur sig í hlé. Segir frá frambjóðendum og að við muni bætast

-- that notorious[2] Skúli. --

Segir frá búskap og að Stefán St. ætli að taka við búi á Stóru-Brekku, þar sem hann vill ekki búa lengur á Möðruv.--

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 3.2.1890.

Elskulegi Nonni minn!.

Þú ættir skilið að fá frá mér laglegt og skemmtileg bréf núna, ekki síður en vant er, en ég er því miður hrædd um að það verði ekki neitt úr því í þetta sinn, því tíminn er svo naumur og efnið svo fjarska lítið. Ég þakka þér náttúrlega af innsta grunni hjartans fyrir bréfið þitt síðasta, og líka fyrir lagið, það er einstaklega fallegt, svo einfalt og stutt sem það er, og ég er búin að læra það. Helgi Skúlason kom hér í gær, og söng það með, og það tók sig ekki mjög illa út frá hans barka. Jæja, sem sagt ég þakka þér kærlega fyrir það, og vil fegin eiga þig að

[1] *Vísa eftir Sigurð Pétursson (1759-1827) sýslumann í Nesi við Seltjörn: Þótt ég fótinn missi minn. / Mín ei rénar kæti. / Hoppað get ég í himin inn / haltur á öðrum fæti. Fótarmein varð til þess að hann þurfti að láta af embætti. Hann varð brautryðjandi í leikritagerð.*

[2] *Sá alræmdi.*

seinna, ef þú hefur eitthvað af sömu sort. sem ekki er of hátt fyrir ofboð „fína“ rödd. Mömmu[1] þykir svo gaman af svona sönglögum, þó söngurinn sé reyndar nokkuð fátæklegur hjá manni.

Ég á sumsé að skrifa fyrir okkur Dísu báðar, því hún er með fingurmein, og Schierbeck skar það í fyrradag og hefur bundið heldur „nett“ um, eða hitt heldur, svo henni er ómögulegt að gera nokkurt verk, situr alltaf að lesa „*novellur*“. Ég gat ekki fengið fingurmein svo ég fái frí og megi lesa „*Den störste nydelse i verden“.* Af fréttum héðan frá okkur hef ég fáar, því ég er svo ósköp ófróðleg og veit svo lítið hvað gerist, nema rétt það sem frú Christjansen gamla er að skrökva að mér og sem ég þori ekki að hafa eftir. --

Ég var á balli hjá biskupnum (nýja)[2] -- ja, svo líka elegant ball, að ég spái því að böllin ykkar hafa valla verið leiðinlegri heldur en mér fanst þetta. Friðrik[3] er nú einusinni óþolandi fyrir merkilegheit og „*dumhed*“, og frúin,[4] æ, eins og hún á að sér, fitjar upp á nefið og kritiserar.[5] Þar voru ein 14 pör, náttúrlega skásta ógifta fólkið úr bænum, og *champagne* var þar drukkið sem vatn væri, og haldnar ræður af húsbóndanum, honum hefur lengi látið það starf, við dönsuðum til kl. 3.

Svo var knall hjá ritstjóranum þ.e. Birni[6] og þar vorum við líka boðnar, og er ég ekki enn á því hreina með hvernig það atvikaðist, að þeim skyldi falla inn að bjóða mér líka, nema ef vera skyldi af því að það apar allt eftir sem biskupshjónin gera. Jæja, ég skemmti mér annars vel hjá „*þeim dökkleita*“, nema við borðið var ég sett á milli Friðriks og húsbóndans, og þó það ætti kannski að vera „*ærespladsen*“ þá var það yfirmáta óskemmtilegur staður.

Dísa var þar að auki á balli hjá doktor Jónsson og Halberg í sömu vikunni -- og skemmti sér glimrandi í bæði skiptin. Aðrar skemmtanir hafa ekki verið hér, nema Þorlákur[7] með sínar ómerkilegu myndir og „*abekatte streger*“[8] sem öllum skynsömum mönnum (mér *indberegnet*)[9] leiðast.

Pabbi deponerar til þín peningum, og þar á ég með 2 kr. sem ég ætla að biðja þig að kaupa fyrir, ef þú gætir fengið tvær eða þrjár myndir í *kabinet format*, ég fékk svo indælt albúm á fæðingardaginn minn og þar eru sex pláss fyrir *kabinet*myndir, en ég á enga einustu af því tagi. Sjana Zoëga[10] sagði mér að þær fengjust á 50 aura basar, svo ógn fallegar, bæði úr biblíunni og eins af litlum krökkum, og þeim þykir mér alltaf svo gaman að -- Þú velur þær eftir þínum smekk --

Ég er farin strax að hlakka svo til ef Óli[11] fengi Lágafell, að heimsækja þau þar, þá held ég maður leggi á reiðskjóta og þeysi, jafnt á sumrin sem á veturna, þegar ekki er lengri leiðin. Bara ef þú svo fengir eitthvað gott *franzk*-brauð,[12] þegar þar að kemur, þá ætla ég að bjóða þig mig fyrir bústýru, ef á þarf að halda, heldurðu að þú þæðir mig ekki á meðan þú hefur ekki annað betra? Þó ég kannske yrði orðin nokkuð pipruð, hvað gerir það, því settari, því betri, og ekki yrði ég líkleg of útausandi, því fólk segir „*að ég vilji eiga mitt*“!

Mikið skelfing væri indælt, ef þú fengir að koma upp til okkar í sumar, Nonni minn, hvað ég skyldi taka þér vel, og vera góð við þig, þar um ekki meira, því nú er því líklega ekki að fagna, pabba þykir það víst ýmsum erfiðleikum bundið, og þó okkur sýnist það ekki verði töf fyrr þig, eða mikill kostnaður, þá finnst honum kannski annað, og þá er best að finna sig í því, og láta sér ekki detta í hug að það geti verið öðruvísi, og bíða bara rólegur, þangað til, ef guð lofar, og þú kemur alveg, og þá verður nú ekki mjög leiðinlegt að lifa, ó hvað ég hlakka til. --

Dísa þakkar „skáldinu“ fyrir kvæðið sem hreif systurnar svo að yfir tók. Á. segir gott að vita af góðu skáldi í fjölsk. ef á þarf að halda.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík 4.2.1890

-- Betra er seint en aldrei og betra er lítið en ekki neitt. Jeg hef ætlað að geyma að skrifa þjer, þangað til jeg gæti skrifað þjer langt og mikið brjef, en jeg er nú orðinn vonlaus um að þessi tími komi nokkurn tíma, svo að

---

[1] *Þórhildur Tómasdóttir (1835-1923) var vinsæll píanóleikari, lék á hljóðfærið frá unga aldri til dauðadags. Lék m.a. við leiksýningar.*

[2] *Hallgrímur Sveinsson (1841-1909) biskup,*

[3] *Friðrik Hallgrímsson (1872-1949) síðar dómkirkjuprestur*

[4] *Elina Sveinsson (1847-1934) yfirlæknisdóttir frá Khöfn.*

[5] *Er með aðfinnslur.*

[6] *Björn Jónsson (1846-1911) ritstjóri Ísafoldar og síðar ráðherra.*

[7] *Þorlákur Jóhnsen kaupmaður sýndi oft skuggamyndir opinberlega og sagði efni þeirra. Hafði verið lengi með þessar skemmtanir.*

[8] *Apakattarhátt.*

[9] *Að mér meðtalinni.*

[10] *Kristjana Geirsdóttir Zoëga (1864-1933).*

[11] *Ólafur Helgason (1867-1904) bróðir hennar síðar prestur á Stokkseyri.*

[12] *Brauð þýddi á þeim tíma prestakall.*

jeg skrifa þjer nú aðeins lítið brjef með mikilli fyrirgefningarbón fyrir, hvað jeg hef skammarlega brugðist skriftum til þín, og ennnfremur mikilli þökk bæði fyrir brjef og bækur. Seinast núna fjekk jeg bækur frá þjer til "*anmeld*." sem jeg hugsa eftir. Þorleifur segist ekki geta *andmeldt*[1] neina bók, nema örljettar bækur. Velv. sendir aldrei stuttar "*anmeldelser*" sem einu sinni var talað um.

Þetta var nú svona innskot. En það, sem jeg vildi hafa sagt er að mjer líður vel. Jeg hef arg af köllum og kellingum, sem koma til mín að segja mjer raunir sínar og hrakfarir fyrir náungunum, og láta sjer ómögulega nægja, að segja mjer sögu sína einu sinni, heldur vill blessað fólkið helst segja hana 20-30 sinnum. Í hvert skipti sem það er búið að segja söguna, vill það láta mig leggja júridiskan plástur á hin opnu sár. Jeg gerði það nýlega við son hans Sigurðar í Gröf; hann var búinn að segja mjer eina sögu 8 sinnum - að segja þegar hann var búinn: *Var það nokkuð meira, sem þjer vilduð tala við mig um*. Mannauminginn rak upp á mig stór augu, sagði nei og fór svo út steinþegjandi og var nærri búinn að gleyma að kveðja.

Þú manst eftir húsinu hans sjera Helga fyrir neðan lækinn. Það hús á faðir minn og er jeg uppi á kvistinum og Sigurður bróðir minn. Við snúum bökum saman og erum sitt við hvort borð.

Vilhjálmur heitir bróðir minn; hann útskrifast í vor; hann er mest svaðamenni af okkur bræðrum og óvinur Terka. Terki nóteraði hann um daginn fyrir að tala við sig, og hefur Terki fengið ýmsar brellur síðan. Hann lítur út alveg eins og við þekktum hann, en er orðinn barnalegri; þegar raðanir eru, þá eru piltar venjulega að tala með og við hann um nótur og þess konar og henda oft af því skemmtun mikla.

Hjer kom Árni Þorsteinsson núverandi prestur á Kálfatjörn, og var að tala um að við stúdentar frá 1878 kæmum saman, eins og einu sinni var ráðgert, í sumar 1890. Okkur talaðist svo til að skrifa þjer fyrst og spyrja þig hvort og hvenær þú gætir komið hingað, því að vjer hjer á landi verðum að laga oss eftir útlendingunum (=þjer). Kjartan er orðinn óttalega skeggjaður. Eiríkur hefur og mikið skegg - hann er viss með Staðarstað núna.

Sigurður vill fara að hátta. Jeg bið að heilsa konunni og Nonna litla. --

Susie Briem skrifar Halldóri E.Briem. Rvík. 5.2.1890.

Fékk bréf frá systrum sínum og segir fréttir af þeim. Segir frá heimsókn Torfhildar Hólm sem gaf þeim ***Eldingu*** *í jólagjöf. Einnig af veikindum Björns Jenssonar kennara.*

Páll bróðir H.E.B. sendir kveðju og segir hann hafa unnið málið við hreppinn. Hlakkar til að sjá grein hans í Norðurljósum. Hestur hennar er í Hafnarf.; er spilltur þar sem hann stendur oft við búðardyr Gunnl. og fær skonrok.[2] *Jóhanna systir H.B. átti afmæli, báðar léku í leikriti Thorvaldsensfélagsins. Segir frá grein sem birtist eftir Poëstion*[3] *sem m.a. nefndi bók H.B. um goðafræðina.*

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 5.2.1890.

-- Jeg sendi þjer innlagðan dóm landsyfirréttarins í máli þínu, sem þjer mun vonandi hugnast. Jeg heyri úr brjefum þínum að þú sjert farinn að pólitísera og þykir mjer þú ganga rösklega fram í fylkingunni. Jeg skrifaði svolitla grein í Þjóðólfi, sem mjer finnst hrinda greinum Skúla. Annars er jeg að skrifa grein í Andvara um málið. Í þeirri grein er auðvitað ekki margt nýtt, þó skal jeg geta eins. Á alþingi 1883 lagði Ben. Sveinss. sem stjórnarskrárnefndarmaður það til ásamt öðrum, að tilvísun til stöðulaganna 2. jan. 1876 væri tekin upp í stjórnarskrárfrumv. (Alþ.tíð. 1883 C 300-3001 og B II 90 sbr. C. 369). Í alþ.tíðindum sjerðu að till. hefur verið samþykkt með 20 atkv. í neðri deild. Þú getur geymt þetta hjá þjer, þangað til menn fara að gaspra um þessa tilvísun, eins og Skúli Thoroddsen.

Björn Jónsson *(ritstj.)* er að ljúga um framboð þitt o.s.frv., en láttu slíkt ekki á þjer festa. --

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reykjavík 6. febr. 1890.

Mál H.E.B. fyrir yfirrétti féll honum í vil. Bréfritara þykir dómurinn hæpinn og segir að búast megi við áfrýjun. Leggur á ráð um málið. Páll var að skrifa um pólitík og geðjast Eiríki skrifin í meginatriðum. Verður fyrirlesturinn þinn prentaður? Susie er á batavegi og hefur fengið sér rokk.--

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 24.2.1890.

Las grein H.E.B. í Norðurljósinu. Þykir miður að hann hafi ekki sagt sér frá slysi sem henti Sigurlaugu Árnadóttur, síðar Knudsen, á Laugalandi, en mikið er rætt um það í Rvík. Kom reikningur frá Jóni

---

[1] *Kynnt/gagnrýnt.*

[2] *Skonrok var einfaldar tvíbökur, ódýrar, auðveldar í bakstri. "Einbakaðar", skornar með hníf á bökunarhellu, brotnar sundur og bakaðar og þurrkaðar.*

[3] *Hefur komið fyrr við sögu, a.m.k. bréfavinur Halldórs. Frægur austurríkskur rithöfundur.*

Ólafssyni sem menn skildu ekki vel en Páll bauðst til að greiða. Jón tekur næsta skip til Ameríku. Reikningurinn mun vera vegna bókaútgáfu.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Rvík. 26.2.1890.

Ræðir enn brauðaskipunina en lögin um hana voru ekki staðfest og þykir Páli það ekki miður. Þakkar greinar Torfa um verslunarmál í Ísafold. Ræðir grein sína um stjórnarskrármálið sem birtist í Andvara.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 27.2.1890.

Þakkar skemmtil. bréf. Hefði ekki samþykkt að S.B. léki í gamanleik. Hefur dregið sig í hlé í kosningum. Mislíkar að vera tengdur við Skúla í Ísaf. Sendi leiðréttingu til Björns ritstj.

Skólapiltar stofna sjóð til styrktar fátækum nemendum. Sjálfur ætlar HB að flytja fyrirl. um skólamál á Akureyri 9.3. Stefán og H.E.B. skiptust á kennslugreinum, leikfimi og sögu.--

Ragnheiður Davíðsdóttir skrifar Susie Briem. Hofi. 28.1.1890.

Segir frá því að gufuskipið hafi verið að sigla inn fjörðinn í veðri sem leiki við þau. Segir ekki oft að gufuskip sjáist á Eyjafirði í febrúar.

-- *En* við vitum ekki hvaða skip þetta er því að það fór beina leið til Akureyrar til að heimsækja þá þar fyrst þá miklu menn.--

Hefur ekki farið þangað er alltaf að vinna og spinna með rokk frá SB. Segist búin að spinna á sig og Valgerði (systur sína) í peysuföt. Segir frá hesti sínum Hvítingi sem henni þykir vænt um en orðinn 15 vetra; alveg hissa hvað er eftir af honum. Þótti besti hestur í Eyjafirði (framfrá).

-- Hætti þessu hestaskrafi, því við erum ekki hestakaupmenn. --

Finnst hún muni hitta SB brátt og segir að kannski bregði hún sér þangað á Hvítingi. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 28.2.1890.

-- Fjármál og innkaup sín frá Þýskal. Leggur til að HB selji kú þeirra. Þá talar hún um ferð hans suður, búskap Steláns kennara á Brekku; yfirtöku Hjaltalíns á búskap á Möðruv.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 16.3.1890.

-- Bestu þakkir fyrir brjef þitt 28.f.m. Þær 25 kr. sem þú talar um að borga mjer fyrir málið þitt, vil jeg ekki taka á móti, enda skrifaði pabbi "*innleggið*" í málinu að mestu leyti.

Nú skrifa jeg grein á móti B.Sv. grein í Norðurljósi, hún kemur í Þjóðólfi og er illhörð við B.Sv.

Jeg segi eins og þú segir um greinar Skúla. Jeg veit eiginlega ekki hvað á að kalla þær. Jeg er alveg standandi hissa á greinum hans. Jeg hef aldrei áður sjeð skrifað eins, án þess að leitast við að rökstyðja nokkuð hjá sjer og rangfæra allt hjá öðrum og berjast svo við það. Vænt þótti mjer að heyra um skoðun Einars í Nesi.

Annars er jeg mjög ergilegur yfir því, hversu mínir góðu samþingsmenn eru daufir og sljóir; hjer getur þó velferð landsins verið í veði, ef eintómir orðabelgir og skrumarar eiga að ráða landinu. Jeg er nærri hugsjúkur út af þessu, því að sljóleiki hinna bestu manna þykir mjer mikils ills viti. Það er eins og menn verði nú að fara út í eyðimörkina aptur. --

Ekki er grein B.Sv. komin til Þjóðvinafélagsstjórnarinnar hjer.

-- Heilsaðu Hjaltalín með þakklæti fyrir kveðjuna. Jeg vildi óska að mjer þætti sjera Matthíasi hafa tekist vel með Helga magra. Eins og vant er verður brjefið magurt, því nú slæ jeg í botninn. Með bestu kveðjum. --.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 20.3.1890.

-- Jeg þakka þjer hið besta fyrir brjef þitt 1. þ.m. og meðfylgjandi sendingar. Svar þitt um heimkomuna kom mjer ekki á óvart. Það er hægra sagt en gert að takast slíka ferð á hendur, en fyrir þetta er jeg vondaufur um að við hinir komum saman, enda vildi jeg gjarnan að það yrði dregið þangað til þú gætir komið hingað heim, sem vel getur verið á næstu árum.[1]

Mikið hefur þú starfað og gert, þótt þess sje sjaldan getið hjer á Íslandi, en það er nærri betra að svo sje, heldur en að það sem maður gerir, sje nefnt af öfundarmönnum með rangfærandi orðum.

Almennilegar *anmeldelser* á bókum geta hjer ekki gengið. Nú spinnst ef til vill heilmikil deila út af ritdómi Jóns Stefánssonar um enskunámsbækur og svona er ávallt.

[1] *Hafði hann stungið upp á samkomu hafnarfélaganna.*

Þú minnist á að samkoman yrði að hafa einhvern sýnilegan árangur meir en til gleði. Mjer þykir vænt um þetta. En jeg er nú búinn að þekkja svo margt og marga að jeg er hættur að treysta á nema aðeins örfáa menn og þeir eru hlaðnir störfum. Jeg treysti ekki mínum kæru bekkjarbræðrum til að leggja neitt fram nema einum eða tveimum að okkur undanskildum, og þess vegna get jeg ekki lagt að þeim eða sært út úr þeim fjárframlag, hve gagnlegt sem það væri.

Nú bregður þjer í brún. En það máttu láta gjöra. Jeg er búinn að mynda mjer allsvarta mynd af mönnum almennt, persónulegur hagur, vinátta, frændsemi og mægðir ráða mestu, og jeg sje ekki betur en að við sjeum vel á vegi með að innleiða hjer á Íslandi danskt ástand með glamri og persónulegum fjandskap milli þeirra, sem eiga að halda saman. Mjer sýnist stjórnarmálið þýðingarmesta málið og undir afdrifum þess sje velferð þjóðarinnar komin, en hvernig snýst í því. Sig. St. og Skúli hata mig undir niðri og svo er þetta mál tekið sem átylla til þess að níða mig og rægja; en menn almennt eru sinnulausir og gleðja sig jafnvel yfir að sjá okkur deila, líkt eins og Spánverjar hafa gaman af nautaati.

Jeg hef óskað og viljað gera gagn í landsmálum, en nú finn jeg, að mig vantar mátt til þess að gera hið góða í því, sem jeg vildi, og þess vegna gríp jeg hið fyrsta besta tækifæri til þess að draga mig út úr pólitíkinni. Jeg get ekki gert þar annað en slíta mjer út, og því vil jeg verja kröftum mínum til þess að fá því framkomið, sem jeg er fær um, og það tel jeg helst vera að skrifa um lög, og ef jeg gæti að styðja góða menn til að menntast.

Svo er ennfremur annað, sem jeg tel meira áríðandi, en flest annað og það er stofnun háskóla, ekki með landsjóðspeningum einum, heldur með samskotum. Ef nokkrir menn legðust á eitt og duglega væri að farið, þá er jeg viss um að hægt væri að safna 70 þús. krónum og það fje gæti vaxið smátt og smátt. Það er nærri vanvirða, hvað Íslendingar leggja lítið til af frjálsum vilja til að efla hag ættjarðarinnar og með því að hafa sett fje fram myndu þeir afla sjer mikils hróss. Ef við stúdentar frá 1878 gætum gengist fyrir slíku, myndi það ekki lifa okkur. En guð ræður, þar sem maðurinn spáir. --

Jeg veit ekki adressu þeirra Sacher's og Lehmanns og langar mig til að biðja þig fyrir ritgjörðina til þeirra. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 21.3.1890.

Ræðir kosningarnar og meðmæli amtmanns með Einari í Nesi, sem hafði neikvæð áhrif.

Skúli virðist vinna á. Ræðir dauða barns Sigurlaugar kennara á Laugalandi. Ræðir skuld Jóns Ólafssonar, efnahag hans og Ameríkuferð og spyr hver verði þingmaður í Múlasýslu. Ræðir suðurferð sína í vor. Fundur á morgun um uppsetning Helga magra eftir M. Joch. Telur að mikið þurfi að breyta því fyrir sviðið. Mikil aðsókn að skólanum.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 23.3.1890.

Jakob frændi hans Briem[1] *fór vestur um haf samferða Jóni Ólafssyni. Gunnlaugur fari til Hafnar með Frederikke og Ólaf son þeirra. Segir af útreiðum. Páll sótti um Rangárvallasýslu.*

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 23.3.1890.

Elskulegi Nonni minn!

Þakkar af öllum mætti fyrir bréf og albúm sem hann hafði keypt fyrir hana.

-- Mér líður vel, er frísk eins og hestur, feit eins og prestur og hlæ ósköp. --

Ræðir bók sem hann sendi --.

-- maður tekur sig ekki alltaf eins vel út á mynd eins og þegar maður er í essinu sínu þar fyrir utan, ég segi fyrir mig! Mér líkar alls ekki að hann Eymundsen skuli láta nefið á mér falla út í eitt, við kinnina, og ýmislegt fleira sem hann leyfir sér, og svo getur verið með fleira laglegasta fólk!

Ég sit hérumbil alltaf heima og veit þess vegna svo ósköp lítið hvað gerist í borginni. Það helsta sem ég fer er til frú Benedictsen einu sinni í viku, að spila dálítið fyrir hana, náttúrlega er það alltaf sama lagið! Og svo syngjum við með, það er nokkurs konar tvísöngur, því frúin hefur ósköp gott lag á að vera aldrei samferða, heldur alltaf annaðhvort á undan eða eftir! -- Það er nú bágari *musicin*, Nonni minn, en Valgerði gömlu, selskabsdömunni hennar, henni þykir gaman og okkur sjálfum náttúrlega líka, og þá er takmarkinu náð.

[1] *Jakob Ólafsson Briem (1857-1934). Sonur Ólafs G. Briem (1808-1859) og Dómhildar Þorsteinsdóttur (1817-1858) á Grund. Ólst upp hjá Kristjáni Kristjánssyni (1806-1882)amtmanni á Möðruvöllum og konu hans Ragnheiði Jónsdóttur Thorsteinssonar landlæknis. Jakob var verslunarm.. á Akureyri, Seyðisfirði og Eyrarbakka, stundaði heimakennslu á Þingvöllum. Flutti til Winnipeg 1890 og dvaldist lengst hjá systur sinni Rannveigu á Möðruvöllum við Íslendingafljót og síðast á elliheimilinu Gimli.*

Hún biður að heilsa ykkur bræðrunum í hvert skipti sem ég kem, hana minnir víst að póstskipið sé alltaf að fara á stað: og spyr mig svo mikið af ykkur að ég kemst ekki heim fyrr en seint og síðar meir. -- allt sem ég segi verð ég að segja tvisvar og svo tekur hún það upp í þriðja sinn eftir mér -- Sona gengur nú okkar conversation!

Mér þykir hann Óli[1] ekki vera sérlega feiminn að halda ræðu á hádönsku og þaraðauki blaðalaust, það hefði ég hugsað þyrfti „*courager"* til; minnsta kosti þorir séra Þórhallur okkar það ekki hérna í höfuðborginni, nei, ekki heldur en sig að klára; skyldi maður þó hugsa að hann kynni dönskuna á borð við aðra. Hann tónaði hérna einn sunnudag nýlega, og ég hef aldrei á ævinni heyrt öllu bágar, það segir hérna heima að ég geti heldur vel náð því, eftir honum -- þar fékk maður loksins að vita vissu, með Siggu Jústí og Geir, hingað kom í gær svo fjarska hátíðlegt kort. Ekki færð þú Siggu, eða ég Geira, það er útséð um það! --

P.s Ég ætla að biðja þig skila kveðju minni til Maríu[2] --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 3.4.1890.

Virðist vera eftirvæntingarfullur vegna byrjaðra gufuskipaferða sem dregur mjög úr töf á að fréttir berist. Fór til Ak. en þá átti að taka mynd af nemendum og kennurum. Ræðir skrýtna grein sem Friðbj. Steinsson skrifaði gegn HB í sitt fyrsta hefti af Norðurljósum. Var mikið hlegið að greininni. H.B. svarar í Lýð. Matthías vildi síður taka greinina, en gerir það samt. Friðbjörn vill komast á þing og heldur að hann komist vegna skiptingar atkv. milli Einars í Nesi og Skúla. Ég held að hann gefi upp von eftir svar mitt. Það hjálpar Einari helst að amtmaður mælti með honum. Hvað segir Páll bróðir um þetta?--

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Rvík. 10.4.1890.

Sennilega er hann að ræða viðTorfa um grein hans um fjár- eða bankamál og biður hann athuga einhver atriði nánar.

Sendir grein sína í Þjóðólfi um bankamál sem gengur á móti "kreddum" Eiríks Magnússonar. Torfi virðist telja skýrslu Halldórs Jónssonar um bankamál ekki rétta skv. landsreikningum. Páll telur svo vera og skýrir það rækilega. Skýrir hann og hvers vegna hann hefði ekki verið með lögum (frumv.) Gríms Thomsens, væntanlega um bankamál. Tengist það einhvern veginn grein E.M. sem olli upphlaupi í bankanum. Þá segir hann hvað valdi svartsýni og telur upp mál og menn sem þeim tengjast. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 18.4.1890.

Er búinn að kaupa hest og verður samferða Stefáni vestur sem ætlar að sækja tengdaforeldra[3] sína og setjast að á Stórubrekku.

Ræðir stjórnarskrármálið og virðist andvígur Ben. Sv. Skrifar grein um málið í Lýð því Norðurljósið er lokað honum

-- sem vænta mátti. --

Matthías skiptir greininni milli 2ja blaða. Ræðir þjóðhátíð á Ak. um 20. júni sem Matthías muni setja svip sinn á. Mjög gott veðurfar en fisklaust.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 20.4.1890.

Elskulegi kæri sonur.

Almenningur skilur varla í hverju ágreiningur meiri og minnihluta liggur. Ræðir framboð Einars í Nesi og afstöðu amtmanns. Ræðir grein Páls í Andvara og

-- dómadags --

grein Benedikts um efnið. Sigurður hélt fyrirlestur í stúdentafélaginu um pólitík nútímans móti „stjórnlausri frelsisteoríu" séra Arnljóts.

Ragnheiður Davíðsdóttir skrifar Susie Briem. Hofi. 20.4.1890.

-- Segir þau búin að ákveða giftingardaginn 31.5. Því miður verði S.B. illa fjarri og H.B. líka farinn suður. --

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 21.4.1890.

-- Jeg þakka þjer hið besta brjef þitt frá 21. mars. Nú hef jeg verið í allan dag í mestu önnum svo jeg get ekki skrifað þjer neitt um pólitíkina, en þú sjerð skoðanir mínar í ritgjörð sem kom fyrir ½ tíma úr prentsmiðjunni

[1] *Ólafur Helgason, bróðir hennar, síðar prestur á Eyrarbakka.*

[2] *Marta Maria Licht (1866-1945) sem hann gekk síðar að eiga.*

[3] *Stefán Stefánsson átti Steinunni Frímannsdóttur (1863-1947). Tengdaforeldrarnir bjuggu sennilega á Þingeyrum.*

og sem jeg sendi þjer nokkur expl. af til útbýtingar. Jeg hef einnig sent nokkrum öðrum í mesta flýti. B. Sveinsson hefur skrifað 8-10 arka ritgjörð, sem hann sendir í Andvara; þar eru miklar málalengingar og skammir, sem jeg svara með flugriti, ef ritgjörðin verður tekin í Andvara.

Það er fjarskalega áríðandi að agíterað verði á móti Skúla, og sem flestir, að hægt verði, sjeu hvattir til að koma á fund og kjósa Einar, eða hvern annan, sem byði sig fram. - Jeg hef heyrt að margir af Skúla mönnum myndi falla frá honum ef Pjetur á Gautlöndum byði sig fram. --

Jeg segi ekki meira, en bið að heilsa Hjaltalín og Stefáni. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 21.4.1890.

Segir af bréfaskiptum við fjölskyldurnar í Vesturheimi og af börnunum þar. Haldinn var fundur í Stúdentafél.; hélt Sigurður bróðir Halldórs ræðu um stjórnmálin. Voru allir ræðumenn á sömu skoðun og þeir Páll. Hrædd um hann ef HB ætli suður einn síns liðs.--

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Rvík, 1.5.1890.

Ræðir um bréf TB og vorpóstferðamálið sem komst ekki gegnum þingið. Kemur fram í bréfum um þessar mundir að stjórnmálin á Ísl. séu áþekk hinum sömu í Danmörku. Segist hann ekki bjóða sig fram á ný ef samkomulagsstefnan verður ekki ofan á. Segist vera að sækja um Rangárvallas. Ekki bólar á búnaðarritinu. Ræðir enn um ríkisreikninginn sem Torfi hefur enn rætt og skoðanir sínar á þeim og gengur (með röngu, segir Páll) lengra en Eiríkur Magnússon.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.4.1890.

Tók tvö herbergi á leigu í húsi Sigurðar Vigfússonar; er við hlið spítalans, nokkuð langt frá húsi Eggerts föður hans. Spítalinn stóð þar sem Herkastalinn stendur. Faðir hans bjó í Lækjargötuþ

Fór með hópi í siglingu út í Engey þar sem hitað var kaffi og súkkulaði:

-- Vertu óhræddur, ég held loforð mitt við þig og snerti aldrei kaffi. --

Páll E. Briem skrifar Jóni Sigurðssyni[1], Lbs. 4530 4to. Rvík. 8.5.1890.

-- Ég þakka yður fyrir tilskrifið 12. f.m. og þótti vert um að þér eruð óráðinn. Ég var nú í vikunni sem leið að sækja um Rangárvallasýslu og vonast ég til að fá hana. En ef það verður þá langar mig til að biðja yður um að verða skrifara hjá mér næsta vetur. Ég skrifa yður nú nákvæmar um þetta síðar, en úr því að þér verðið á lausum kili þá getið þér unnið yður nokkuð inn í sumar, en jeg býst við að ég óski eftir að fá yður í septemberlok. Það verður vonandi afgjört um sýsluna í júlí og þá skrifa ég yður nákvæmar um þetta.

Þér segið mér að bændur leggi trúnað á bankavitleysur E.[2] Magnússonar og þykir mér þeim förlast þar; ég trúi ekki öðru en að grein sem jeg skrifaði um bankamálið í Þjóðólf hljóti að sannfæra fólk; nú skrifa ég grein sem er með mínu nafni um E.M. og er hún enn harðari um hann o.fl. Það er annars leiðinlegt ef það fer að verða svo hér á Íslandi að það má segja fólki alla bölv. vitleysu og svo leggur það trúnað á slíkt eins og skríllinn í borgunum utanlands.

Hvað ætli bændur mundu segja um hundaskattinn, ef hann væri 6 kr. eins og hjá bændum á Englandi og rynni í landssjóð. Jeg lagði upphaflega til að hann yrði króna, en þótt hann sé 2 kr., þegar hann rennur í sveitarsjóð, þá er þar með aðeins létt á sveitarútsvörunum, sem verða þeim mun minni, en í rauninni er enginn nýr skattur lagður á menn. Hingað til hefur mönnum ekki þótt sveitarútsvörin koma jafnt niður og því sé ekki mikið á móti að láta nokkuð af sveitargjaldinu koma öðru vísi niður.

Ég sendi ritgerðina til yðar að Kýrholti, það var ef til vill ekki rétt. Þetta bréf sendi ég að Skriðulandi. --

Ragnheiður Davíðsdóttir skrifar Halldóri E. Briem. Hofi, 12.5.1890.

Kæri frændi! Leitt að hann getir ekki verið við brúðkaupið. Biður afsökunar á að hún gleymdi að borga 50 aura sem hann lánaði henni.

Þau Stefán bjuggu svo í Fagraskógi.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 12.5.1890.

-- Jeg þakka þjer hið besta fyrir tilskrifið. Þjer þykir jeg vera breyttur á familíumyndinni, en sannast að segja er sú mynd ekki flatteruð, heldur þvert á móti. Jeg held mjer nokkurn veginn eins. Enga mynd á jeg af mjer. Þær eru svo leiðinlegar myndirnar hjer í Rvík, að jeg get ekki almennilega fengið af mjer að vera að taka þær. En ef

[1] *Jón Sigurðsson, Skriðulandi.*

[2] *Eiríkur Magnússon í Cambridge.*

jeg geri það þá skaltu fá eina. Að minnsta kosti skaltu fá eina mynd áður langt um líður af litla Kristni, syni mínum. Hann er, eins og þú munt vita, á Auðnum hjá afa og ömmu, en er nú gestkomandi hjá mjer og verður hjer um tíma. Hann er föðurbetrungur að útlitinu, nema hvað hann sýnist ætla að verða mjósleginn, skrafhreifinn vel og skælir ekki nema á kvöldin, þegar hann er orðinn syfjaður og kominn er í hann afarmikill kvöldúlfur.

Jeg á að bera þjer kveðju frá Geir Zoëga, sjera Kjartani[1] og sjera Árna Þorsteinssyni.[2] Nú er það ákveðið, að við komum saman 2. júlí (eða um mánaðarmótin júlí og júní) á Þingvelli, hafandi vistir og vín og á jeg með brjefi þessu hátíðlega að skora á þig, að vera kominn á Þingvöll miðvikudaginn 2. júlí kl. 12 á hádegi, til þess að hitta þar þína fornu bekkjarbræður og sitja með þeim fagnaðarhátíð á hinum forna alþingisstað.

Þitt nafn mun verða þrisvar kallað upp á ákveðnum stað og stund og skorað á þig að mæta. Ef þú ekki kemur, þá vil jeg ráða þjer til að koma *in effigie*[3] og skal jeg útbýta þeim myndum, er af þjer koma. Meira er ekki að segja um þetta.

Fyrst þú ekki kemur, hef jeg ekki von um að mikið verði gert á fundinum eftirminnilegt. Það financiella er ekki sterk hlið á mörgum. Sjera Árni er gróflega skuldugur og á aldeilis sand af krökkum. Jóhannes[4] er líka nokkuð skuldugur. Jeg dálítið. Halldór Þorsteinsson[5] barnlaus búnubbur, efnaður. Sjera Eiríkur,[6] snyrtimaður og gestrisinn, býr laglega. Bjarni[7] á líklega eitthvað, en Ásgeir[8] er held jeg í skuldum. Geir[9] lifir spart, en á 4 krakka og getur nælt dálítið með mesta sparnaði. Sjera Kjartan[10] er skuldugur Þorvaldi í Núpakoti,[11] en á vel fyrir skuldum. Árni prestur er dálítið galgopalegur og ekki á afarmikilli virðingu (=hann þykir kríta liðugt), en annars erum vjer allir hinir mestu sómamenn.

En svo jeg snúi mjer aftur að hinu þá er mjer æði ríkti í huga, að hugsa um háskólastofnun, ekki með nafni eins og Ben. Sv., heldur í verki, og þar til hjálpar Söfnunarsjóðurinn[12] stórkostlegi. Ef maður gefur t.a.m. 1000 kr. þá eru þær orðnar með vöxtum og vaxtavöxtum 50 þús. krónur eftir 100 ár og með því að leggja þannig ekki mikla upphæð getur maður 100 árum eftir dauða sinn skaffað upp háskólakennarapláss í því, sem maður vill.

Jeg sendi þjer ritgerð eftir mig um stjórnarmálið, sem jeg vona að hafi dálítið sannfærandi gildi, og er það þó aumt að þurfa að vera að sýna fram á, hversu afturhaldsandi ræður víða. En þetta neyðist maður til, þegar fólkið ætlar að hlaupa í gönur. Jón Sigurðsson sagði ávallt (nema 1879): *Verið þið einbeittir, þess meira fæ jeg áorkað*. En þegar allt er rangfært, sem maður vill fá fram, þá verður maður að koma svona fram. Skúli vill áfram, en hann gáir ekki að afleiðingunum.

Ein afleiðingin af framkomu hans, er að jeg sæki nú um Rangárvallasýslur. Jeg vil ekki og má ekki vera háður þinginu. Jeg fylgi auðvitað fram stjórnarmálinu, eins og það er nú, en ef það ráð leiðir ekki til sigurs, þá gef jeg mig frá því að jeg sje fram á það, að Íslendingar munu ekki taka betur því ráði, sem jeg vildi hafa næst, heldur en þessu, sem nú er fyrir, en til þess að fylgja því fram, hefði jeg þurft eindregið fylgi einmitt Þjóðviljans. En það dugir ekki að fást um það. Forlögin verða að skapa oss það, hvort vjer eigum að lenda í orðapólitík eins og Danir eða ekki. --

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 22.5.1989.

--Hvernig líkar þér og öðrum góðum mönnum við Þjóðólf undir ritstjórn Páls. Þorleifi er nú farið að batna svo að hann er farinn að koma út, en ekki er samt hætt útferðin úr kjálkanum. --

---

[1] *Kjartan Einarsson prestur.*

[2] *Árni Þorsteinsson prestur.*

[3] *Í einhverri mynd.*

[4] *Jóhannes Ólafsson sýslumaður.*

[5] *Halldór Þorsteinsson prestur.*

[6] *Eiríkur Gíslason prestur.*

[7] *Bjarni Jensson læknir.*

[8] *Ásgeir Blöndal læknir.*

[9] *Geir Zoëga rektor.*

[10] *Kjartan Einarsson prestur.*

[11] *Þorvaldur á Þorvaldseyri.*

[12] *Hér mun hann eiga við Söfnunarsjóð Íslands sem Eiríkur bróðir hans gekkst fyrir að stofnaður yrði á þjóðhátíðinni 1874, en sem, eftir á að hyggja, brann upp í verðbólgu, sem engan grunaði að gæti gerst.*

Gunnlaugur E. Briem sækir um styrk frá *Det Classenske Fideikommisjon*, Khöfn. 19.5.1890.

Segir frá að 1877 hafi verið stofnaður privat kvennaskóli í Skagafirði. Annar 1880 í Húnavatnssýslu, einnig privat. 1883 voru þeir sameinaðir á Ytri Ey undir stjórn Elínar. Umsóknir 1887-1888 - 20 nem.; 1888-1889, 26 nem. 1889-1890 -36 nem. en varð að neita mörgum er sóttu.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Rvík. 11.6.1890.

--Talar um brauðamál í Dalasýslu og landsreikninga sem Torfi virðist bera mjög fyrir brjósti. Heldur enn fram gagnrýni á bankann sem vill ekki taka að sér viðskipti við útlönd í stað þess er gull flutt á milli landa. Torfi mun hafa spurt hvort PB þyki þingið íhaldssamt. Það segir hann sannarlega vera og vera eins og sauðkindur sem engar áætlanir geti gert. Þó eru þingmenn blómi þjóðarinnar, fróðir, skynsamir og góðir. Atvinnumál komast aldrei í lag nema innlend stjórn komist á. Bankinn sé dæmi um það. Ekki verði veitt fé til dýralæknis nema völ væri á heimskingja í ætt MSt. Segir Halldór bróður sinn á leið í Dalina til að kanna pólitíska afstöðu manna, vegna hugsanl. framboðs síns. Ræðir um pólitíska grein Sigurðar bróður síns í Þjóðólfi sem einnig virðist hafa hug til framb. í Dalas. Þá ræðir hann mjög jákv. um hugmynd Torfa um takmörkun á þingsetu í e.d. t.d. við 12 ár.--

Páll Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 14.6.1890.

-- Alúðarþakkir fyrir síðasta brjef þitt, (sem adressuna vantar á) sömuleiðis fyrir myndina, sem mjer þykir vel tekin. Þú ert nokkurn veginn eins og þú varst, en skeggið niður á vangana, gerir þig fullorðnari (=eldri), þótt það nái ekki langt. Kvæðið hef jeg lesið með mestu ánægju og sýnir það að andinn lifir æ hinn sami hjá þjer. Það er lengst síðan jeg hef sjeð "Badda Teits" og hlakka jeg til að sjá framan í hann, æruverðugan prestinn, þegar hann syngur sjálfur sitt eigið velforþjenta viðurnefni er hann átti í skóla. Ekki veit jeg hvort allir koma. Jóhannes, sem kvatti til fundarins í vetur kemur eigi. Ásgeir held jeg tæplega og líst mjer því ekki vel á blikuna með það, að við verðum þar allir nema þú.

Það sem þú segir mjer um stöðu þína gleður mig næsta mikið. Jeg vona þegar jeg fæ næsta brjef frá þjer verði allt klappað og klárt og þjer veitt laun að minnsta kosti eins og Valtýr hefur, sem er nú kominn á grænan kvist.

Ekki er Jón Þorkelsson af baki dottinn enn og það samþykki jeg fullkomlega, að það væri yfir höfuð hið versta, sem hent gæti ef Bfjelagið lenti í hans klóm. Fjelagið er nú komið á góðan veg, sátt við deildina hjer og engar misjafnar bókaútgáfur. Jeg skal muna eftir fjelagalistanum, þið ættuð að geta sett menn inn á móti. Jeg skrifaði Már ? að mjer þætti leiðinlegt að hann hefði gert alliance við Jón Þorkelsson því að hann væri hinn versti maður. Þótt máttarstólpar undir Jóni sjeu ekki upp á marga fiska, hvorki í andlegu nje líkamlegu tilliti, þá er furða hvað hann hefur mikla peninga upp úr Dönum.

Þú segir að enginn efi sje á því að jeg fái Rangárvallasýslu. Gott og vel. En ekki vil jeg samt verða þar mosavaxinn, en setjum svo að jeg verði þar búsettur, þegar þú kemur hingað til lands, þá vona jeg að þú komir austur. Þegar brýrnar koma á árnar verður þangað aðeins hæg dagleið.

Jeg hef sjeð mynd af Jóni syni þínum. Hann er laglegur drengur, en ekki er jeg á því hreina með það hverju ykkar hjóna hann líkist meir. Ekki færðu með þessu skipi mynd af okkur feðgunum. Jeg var að bíða eftir því, að Kristinn fengi föt, sem Eiríkur bróðir minn pantaði handa honum frá Þýskalandi, þau komu einni skipsferð seinna en vera átti og svo þegar til kom voru fötin of stór, því að minn heimspaki bróðir pantaði fötin handa 4-5 ára dregn, þar sem Kristinn er aðeins á þriðja árinu. Svo nú ætlar Guðrún systir þín að hjálpa upp á sakirnar og sauma föt handa honum í snarheitum. --

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Khöfn. 4.8.1890.

-- Sendir dót og varning sem hún keypti ásamt bréfum sem hún biður að verði komið til skila.--

Valgard Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Sauðárkróki. 12.8.1889.

--Biður um hjálp við að útvega kennara fyrir börnin/skólann.--

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 23.8.1890.

-- Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir tilskrifið síðasta og myndirnar m.m. Þegar 2. júlí kom var jeg nýlagstur af inflúensu í formi af heiftugri lungnabólgu og vissi ekki mitt rjúkandi ráð. Flestir voru veikir um sama leyti t.a.m. sjerarnir Eiríkur og Árni, Ásgeir bundinn fyrir norðan. Jóhannes gat ekki komið á þeim tíma o.s.frv. Bjarni Jensson kom einn á Þingvöll 2. júlí. Þannig fór um þetta. Einhvern tíma verðum við samt að koma saman og þú þar með.

Þegar Kristinn sonur minn var hjer í sumar ljet jeg taka af okkur mynd saman sem jeg sendi þjer til gamans. Annars sendi jeg Eggert betri mynd af drengnum, sem þú getur sjeð hjá honum. En æ sjer gjöf til gjalda og vonast jeg til, ef þú tekur mynd af Jóni litla, að þú sendir mjer eina.

Jeg sendi þjer lista yfir þá, sem gengu í Bókmenntafjelagið hjer af Hafnarbúum ísl., þótt jeg reyndar ímyndi mjer að þú hafir áður fengið nöfn þeirra. --

Vertu svo margblessaður í bráð og lengd ásamt konu og syni. --

P.S. Jeg fer annars dags morgun hjeðan og máttu í vetur skrifa mig í Odda.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. St. á Breiðabólstað, Fljótshlíð. 1.9.1890.

Biður föður sinn um að senda ýmislegt sem hann hafði gleymt í bænum. Er um það bil að taka við Rangárvallasýslu af Birni Bjarnarsyni og er á leið að Velli, þar sem hann situr. Kann vel við sig í Odda, og sé mikill munur þar og á Staðarfelli. Var skírnarvottur daginn áður skírnarvottur Skúla sonar séra Skúla Skúlasonar og Sigríðar Helgadóttur (Hálfdanarsonar).

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda. 6.9.1890.

Segir séra Helga Hálfdanarson fara suður í dag. Er á leið að Velli til að sækja skjalasafn sýslunnar. Ekki búinn að taka við sýslunni enda hafði Björn sýslumaður ekkert undirbúið og enga skilagrein gert.

-- Hér er verið að smíða í ákafa og er nú nærri búið að alsmíða húsið niðri og svo á að byrja uppi á loftinu; þar verð ég og hef góða útsjón til Heklu. Séra Skúli er mér mjög hjálplegur með allt, boðinn og búinn til alls. Frú Sigríður er alltaf að starfa, en stundum spilar hún á orgel og syngur þegar kvöld er komið. Þau eiga stúlku 1½ árs sem talar fullum fetum (reyndar óskýrt) og kann heilmikið af vísum.[1] --

Páll E. Briem til Eggerts G. Briem. Odda 9.9.1890

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir tvö brjef og svo sendingarnar. Mjer þótti mjög vænt um allt sem þið hafið verið svo hugulsöm að senda mjer, vettlingana og sjerstaklega lampakveikina, svo þótti mjer heldur vænt um húfuna, skegghnífinn, burstann og sápust. Svo þakka jeg þjer fyrir allar frjettirnar. Mjer þykir þið ekki hafa sloppið svo illa við húsaðgerðina. Jeg hjelt hún mundi verða dýrari. Undarlegt er að landsh. skuli ekki vera búinn að afgjöra um málfærsluna enn og skil jeg ekki hvað þessi krókavegir eiga að þýða hjá honum, en áður langt um líður vona jeg að frjetta um hana. Sigurður fór 5. þ.m. af stað vestur og óska jeg honum allra heilla með það. Jeg er eigi að skrifa honum nú.

Annars fer jeg nú strax að tala um forretningarnar. Ísafold og Þjóðólf skaltu eigi senda mjer framvegis. Þorleifur og Björn senda mjer *direkte*. Aptur á móti skaltu ráða því hvort þú lætur Valdemar senda mjer Fjallkonuna eða þú gjörir það.

Viðvíkjandi launum mínum þá bað jeg Sigurð um að geyma þau til þess að borga með skuld mína í bankanum sem jeg vildi reyna að borga um næstu mánaðamót. Uppí hana eiga að:

ganga tveggja mánaða laun	kr. 500.00
sendingin frá Jóni Andrjessyni	- 50.00
málskostn., aðrar ávísanir landsh.	- 14.66
ritlaun frá Þjóðvinafjel.	- c.155.44
Þá vantar mig	- c. 120.00

sem jeg gjöri síðar ráðstöfun fyrir. Ef jeg ekki hef þær til í lok mánaðarins þá læt jeg dragast að borga þetta þangað til 1. nóv. Jeg minntist á við Sigurð að borga reikninginn til Sig. Waage 11kr.64a til Þorst. Tómassonar járnsmiðs fyrir járningu á Bleik, til Kolbeins í Kollafirði fyrir þá rauðu og Sigfúsar fyrir myndirnar. Þetta bið jeg þig þá allt að borga, en þú þarft alls eigi að vera að hlaupa um til að borga þetta, þeir góðu menn geta sent til þín eftir borguninni.

Jeg bið þig að skrifa á ávísanirnar frá landsh. "Borgað P. Briem". Halldór getur vel skrifað nafnið mitt eða þá Susie. Ef þú ekki kannt við þetta þá bið jeg þig um að senda mjer þær til þess að skrifa þetta á þær, en svo má taka peningana út hjá landfógeta af hverjum sem er.

Ekki er jeg enn búinn að taka við af Birni, enda er jeg ekki búinn að koma mjer alveg fyrir í herbergjunum. Jeg sendi þjer línu með Birni Bjarnarsyni og sleppi því öllum frjettum.

Samt verð jeg að geta þess að Sigurður forni skrifaði mjer og segir að sjer hafi ekki verið gott í hug þegar hann skildi við mig á Kolviðarhól vegna Topps og hvernig hann náði honum "*þat var drengilega gert*" bætir hann við.

Jeg legg hjer með brjef til tengdamóður minnar og bið þig að skila til mömmu að senda með því 4 myndir af Kristinn þar sem hann situr á stólnum og 2 af mjer og honum. Ef þær eru ekki til, þá þarf að fá þær hjá Sigfúsi.

[1] *Þórhildur Skúladóttir (1889-1918); kennslukona.*

Svo langar mig til að fá mynd af Kristinn í stólnum.

Svo enda jeg og bið ógn vel að heilsa mömmu, Halldóri og Susie og öðrum heima. Vale! Vale! --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Odda. 17.9.1890.

-- Jeg þakka þjer fyrir brjefið frá 9. þ.m. og mikið færði það mjer sorglegar frjettir.

Björn Olsen kom hingað í gærkveldi og sagði mjer nákvæmar af veikindum mömmu og nú hef jeg enga von lengur um bata hennar, hvort sem það verður lengur eða skemur. Jeg býst við að fá frjettir með mönnum sem eru að sækja Ólaf lækni og verður nú líklega ekki langt að bíða að jeg komi suður, því að það ætla jeg mjer fastlega.

Jeg hef nú ekki sinni á að vera að skrifa meira, en guð gefi pabba styrk til að bera þetta.

Jeg bið kærlega að heilsa. Þinn elskandi bróðir --

Halldór E. Briem skrifar Sigurði E. Briem. Rvík 20.9.1890.

Segir frá dauða móður þeirra.

-- Hún veiktist af uppsölu nóttina eftir að þú fórst, næstu daga var sóttur læknir (Jónassen) og seinna Schierbeck, mánudaginn (15. þ.m.) kl. 11 ½ . Orsökin var gamalt kviðslit fyrir eitthvað 17 árum, sem mamma hafði gengið með en ekki látið neinn vita um. Hún sagðist stundum hafa verið lasin af því en það hefði svo liðið frá aptur, og svona hefur það gengið þangað til lífskraptarnir máttu ekki lengur við. --

Segir hvernig haft var samband við Pál og Sigurð, sem var á ferðal. Segir frá stöðu málflutningsmanns sem SEB virðist hafa haft áhuga á, en sem var ráðstafað öðrum. Einnig kennaraembættið sem hann virðist hafa haft hug á.--

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. St. á Sandhólaferju v. Þjórsá. 30.9.1890.

Staddur þar á leið á kaupfélagsfund á Gaulverjarbæ, komst ekki yfir Þjórsá v. myrkurs.

-- Síðast fór ég austur undir Eyjafjöll og þar var ég í réttar þrjár vikur. Ég var þar að prófa þjófnaðarmál og var ekki iðjulaus. Ég hélt 5-6 réttarhöld næstum á hverjum degi enda eru bændur orðnir uppvísir að þjófnaði og ýmsir fleiri grunaðir. Þegar ég fór voru prófin ekki nærri búin og eru þrír hafði í arresti[1] svo að ég má til að fara austur aftur og get ekki komið aftur fyrr en undir jól og þá verður líklega svo mikið að gera að ég má ómögulega vera að fara suður. Það er eftir að skipta mörgum búum og svo liggja fyrir þjófnaðarákærur, bæði úr Þykkvabænum og úr Holtunum. --

Kemst ekki suður og veit ekki hvernig á að fara með landsreikningana. Biður EGB að athuga málið og skýra hvernig á stendur. Ræðir einnig möguleg jarðakaup þar sem hann gæti sest að --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Pt. Ísafirði. 5.10.1890.

-- Segir af ferðum sínum. Hitti Magnús bróður Matthíasar. Elín dóttir Matthíasar er hjá honum. Skafti Jósefsson er hér við skuldheimtu fyrir Magnús og drekkur mikið. Skúli er veikur. Lél. skammargr. um HB í Þjóðv.; tekur því létt.--

Páll E. Briem til Eggerts G. Briem. Odda. 14.10.1890.

-- Kærar þakkir fyrir brjef þitt 8. þ.m. Jeg fjekk það í dag, en rjett í þessu kom pósturinn eptir 3½ dags ferð og hafði misst töskurnar af sjer fullar með dagblöðum og held jeg að ritstjórarnir verði ekkert glaðir yfir þessu. Sigurður hripaði mjer línu með póstinum og skrifar mjer að hann hafi fengið *constitution*[2] daginn áður og þykir mjer vænt um að þetta er afgjört. Eins og þú getur ímyndað þjer talaði jeg ekki orð við nokkur mann hvorki á Eyrarbakka eða annarsstaðar um constitution Sigurðar. Jeg get valla ímyndað mjer frjettirnar af Eyrarbakka komna öðruvísi upp en að landshöfðingi hafi sagt sjera Ísleifi í Arnarbæli frá því að Sigurður yrði settur og svo hafi verið farið að smíða að Sigurður yrði hjá Nielsen á Eyrarbakka, því að fólkið vill jafnan útvega manni þannig einhvern samastað eða festu, ef menn eru á lausum kjala.

Jóhanna verður nú víst komin þegar þetta brjef kemur og þá fer þú nú að hugsa fyrir þjer í framtíðinni. En úr þessu, þegar Jóhanna er komin, þá verð jeg að vonast eptir línu frá þjer um það. Eins og jeg sagði þjer um daginn fer Inga frá Auðnum og þegar hún er farin er mjer mjög illa við að láta Kristinn vera þar lengur, og þess vegna er jeg einráðinn í því að taka hann næsta vor eða næsta haust. En ef jeg tek hann þá er langskemmtilegast að eiga reglulegt heimili. Ef þú ekki færir til mín, þá reyndi jeg að fá að vera hjer með Kristinn litla í Odda í kosti, en þótt fólkið sje hjer í alla staði ágætt, þá er maður þó á þennan hátt alveg upp á aðra kominn. Ef jeg

[1] *Gæsluvarðhald.*

[2] *Setning í embætti.*

ekki gæti komið mjer fyrir í Odda, þá yrði jeg að fara að búa og gæti þá valla komist hjá að byggja. Með sjálfum mjer er jeg alveg sannfærður um að jeg verð ein tíu ár hjer í Rangárvallasýslu og jeg mundi búa um mig upp á svo langan tíma. Þess vegna skaltu ekki mín vegna sleppa því að fara til mín, það er einmitt þvert á móti og meir en það, en hitt skaltu hugsa eingöngu um, hvað þjer er sjálfum fyrir bestu. Þú ert hjer langt frá góðum lækni og hinum sonum þínum. En jeg skyldi fyrir mitt leyti reyna að gjöra þjer lífið sem skemmtilegast.

Jeg hef heyrt að á Selalæk sje heldur góð baðstofa. Þar eru hagaþrengsli en fallegt tún og grasgefnar engjar, en aptur mjög blautar. Á Bjólu eru bestu engjar í sýslunni og allvel þurrar, en haglaust á vetrum. Varmadalur er talinn besta jörðin, en sú er ekki laus; þar býr allra mesta kynstur af fólki og situr fastara en sjálfur skrattinn. Filippus í Gufunesi hefur fengið afsalsbrjef fyrir 1/3 hluta, en þar vantar að segja um kaupverð jarðarhluta þessa og halda margir að það dugi ekki sem kaupbrjef fyrir þetta; mjer finnst það nægilegt í sjálfu sjer, en hvað finnst þjer? Hann getur ekki látið þinglýsa því fyrir þetta, en finnst þjer það nægilegt að hann skrifi sjálfur aftaná brjefið hvað kaupverðið hafi verið. Mjer finnst þetta nægilegt, því að hvað ætti að gjöra þegar einhver hefði keypt af öðrum, þessi maður dæi og brjefið týndist? En hvað finnst þjer? Filippus býst við að koma hjer austur í málaferlum út af þessu á jólaföstunni og verðum við ef til vill samferða austur úr Reykjavík, því að það sje jeg fram á að ekki kem jeg heim fyrri en seint í nóvember og ef til vill ekki fyrri en í desember.

Jeg hef annars haft nóg að gjöra síðan jeg kom því að fólk kom úr öllum áttum að finna mig. Þegar jeg var kominn austur undir Þjórsá reið jeg fram á Vigfús á Sólheimum og var hann mjer svo samferða hingað; hann býst við að koma hingað í málaferlum þegar fer að lengja daginn. Hann ætlar að stefna Hermanni sýslumanni. Hann var að biðja mig að taka fjárhald af Jóni Hjörleifssyni í Eystri Skógum og fá það afabróður drengsins Jóni nokkrum Jónssyni í Hlíð, en afinn hjet Jón líka Jónsson Waagfjörð og dó í mars, eins og þú munt sjá í Ísafold, í innköllun frá mjer, og hafði jeg nú góð orð um þetta ef að beiðni kæmi frá Jóni í Hlíð. Þetta var svo mikið áhugamál að ná fjárhaldinu af Jóni Hjörleifssyni, að sambýlismaður Jóns í Hlíð kom gagngjört til mín með beiðnina og fór mig þá að gruna margt. Jeg dró þetta á langinn og sagðist skyldi afgjöra þetta seinna; en nú er að segja frá Jóni Hjörleifssyni; hann hafði sína þjóna í njósnum og þykist hann nú viss um að Jón í Hlíð hafi dregið undir sig peninga þegar Jón Waagfjörð dó, og svo kemur hann að finna mig og kæra þetta og býst jeg við að fara austur undir Eyjafjöllin um mánaðamótin. Á morgun fer jeg hjer upp á Rangárvellina í landamerkjamáli, en hinn daginn fer jeg út í Holtin til þess að handtaka Daníel Þorsteinsson í Kaldárholti (sem stal smjörinu úr sjálfs síns hendi og vildi ekki borga það aptur). Hann þrjóskaðist við að fara í tugthúsið og kom hreppstjórinn til að spyrja mig hvað gjöra skyldi; hann sagðist ekki treysta sjer til að eiga við Daníel því að hann væri bæði karlmenni og mesta illmenni. Jeg nota þá ferðina til þess að kyrrsetja fjármuni Daníels fyrir málskostnaðinum og tek hann svo líklega fyrir vegna tíundarsvika. Úr þessari ferð býst jeg svo við að fara ofan í Þykkvabæinn til að prófa þjófnaðarmálið, sem jeg talaði um við þig, að þar væri komið upp. Þetta vil jeg hafa klárað þegar Jón kemur og Sigurður. En þegar Sigurður fer, þá fer jeg austur undir Eyjafjöllin.

Jeg hef Grána hans Villa á járnum, en er búinn að koma Bleik fyrir í ágæta hagagöngu að Hofi, sem Mörður bjó á, en sem Árni landfógeti á nú og lætur gjalda sjer eptir 18 fjórðunga af smjöri. Jeg hitti Sigurð á Skúmstöðum; hann var hjer við jarðarför Halls nokkurs á Fróðholtshól og er hann hinn brattasti. Hans hreppur er hinn langljettasti í sýslunni.

Jeg hef verið svo duglegur fyrirfarandi daga að jeg hef getað notað daginn í dag til brjefaskripta, en það verður líklega ekki við hverja póstferð. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 20.10.1890.

Sigurður bróðir HB var settur sýslum. í Árnessýslu. Varð að hætta kennslu í Lærða sk. Þá tók Vilhjálmur við kennslu í neðstu bekkjum. Segir skrítið að nemandi sem útskrifaðist með lægstu einkunn sé kennari haustið eftir. Segir að Páll hafi (í Rang.) tekið fastan mann, stóran og skapillan og hafi hreppstjóri ekki viljað taka hann fastan úr því hann lét ekki undan. Spurning hvernig fer.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 20.10.1890.

-- HEB og flestir nemendanna 36 m. kvef. 18 í hvorum svefnskála, alveg pakkað. Nú er þörf á að auka við skólahúsnæðið. Frú Hjaltalín er ánægjuleg en þær Steinunn hittast ekki. Ræðir um mögul. á að Stefán taki við Möðruvallabúinu því hann fær ekki Stóru-Brekku nema til árs. Virðist selja bækur sjálfur og er Friðbjörn ekki ánægður. Saknar móður sinnar. Húsið hefur misst karakter og samband systkinanna breytist. Sendir grein sína -- number three *-- og biður hana láta Pál fá. Býst við að Norðurljósið hætti eftir áram.*

Páll E. Briem skrifar Sigurði E. Briem. Odda 2.11. 1890

-- Mikið var jeg farinn að vonast eptir þjer, en ekki komst þú og þykir mjer það illt. Jón kom í gærkveldi og þykir mjer það gott. Mjer líður vel, en jeg hef nú ekki tíma til að skrifa um það, en þó verð jeg að segja þjer að mjer líkar sá grái frá þjer ágætlega og vilja hefur hann til þó á hausti sje.

Það var leiðinlegt hvað Thyra kom seint svo að ekki var hægt að tala neitt við Jóhönnu um framtíð pabba. En pabbi segir mjer að hann skuli skrifa um það með pósti. En sleppum þessu. Jeg sendi þjer nú *Appel, Criminalproces, Strafferetten spec. Del og Hytting*. Með alm. part straffrjettarins hefurðu ekkert að gjöra og heldur ekki við skiptarjettinn. Þjer er nóg að lesa hegningalögin og skiptalögin 12, apríl 1878. Svo skaltu lesa stjórnartíðindin, því að þar kennir margra grasa.

Þú verður að taka við hjá Stefáni Bjarnasyni og máttu þar vara þig á að láta hann ekki koma ábyrgð á hendur þjer með því að hann geti sagt að þú hefðir týnt þessu og hinu. Jeg sendi þjer skilagreinina milli okkar Björns Bjarnarsonar. Í skilagrein Stefáns væri best að hann tæki að sjer að gjöra landssjóði og amtmanni skil fyrir manntalsbókargjöldum. Viðvíkjandi dánarbúum verðurðu að láta Stefán gjöra sundurliðaða skilagrein og svo verðurðu að hafa athugað yfirfjárráðabókina, hvort Stefán stendur eigi inni með ómyndugrapeninga. Þú verður svo að taka út brjefin og sýsluskjölin og sýslufundarskjölin eptir dagbókinni og heimta ef vantaði og láta þess geta í skilagreininni að eitthvað vanti eptir dagbókinni. En í henni á að standa afgreiðsla brjefanna; svo býst jeg við að ekki sje innfært í dagbókina og þá verður þú að taka út eptir þingbókinni það sem þinglesið hefur verið og að hann verður að gjöra grein fyrir hvað orðið hefur um hvert brjef og svo að það sjáist, því að Stefán hefur týnt mörgum veðbrjefum og þó ekki væri annað en að eitthvað af þeim finnist, því væri það mikill sigur. Þú sjerð í hendi þjer hvað langt aptur á að færa, ef þjer sýnist regla vera á þá líklega ekki nema 3 ár, en annars 5-7 ár. Þetta er auðvitað mikið erfiði en hjer ert þú í opinberri þjónstu og mátt til að vera strangur. Nóg um þetta.

Nú er að tala um sakamálin. Jeg trúi því tæplega að ekki þurfi eitthvað enn að prófa sakamenn þína. Það á æfinlega að spyrja þá um verustaði þeirra; svo er mikið varið í að útvega fæðingarattest þeirra ef prestarnir eru ekki langt í burtu, sem vottorðin geta gefið, og svo hegningarvottorð frá þeim sýslumönnum þar sem þeir hafa verið. Það er nóg að þetta komi fram einhverntíma undir málinu. Þegar prófin eru búin þá þarf að gefa út stefnu og skipa talsmann, undir prófinu á að spyrja þjófinn um það, lög 1838, 315. Svo er málið tekið fyrir aptur og er svo ómögulegt annað en að þú sjáir ganginn fyrir rjettinum af dómsmálabókum sýslunnar. Það væri ágætt hjá þjer að fá þjer dómasafn yfirrjettarins með fyrstu ferð til þess að sjá formið á dómunum og sjá hver hegning ætti að vera, því að þar hljóta að vera lík tilfelli. - Þú getur ekki haft neina borgun fyrir að hafa kontor opinn önnur en launin. Privat rjettarhöld á að halda í þinghúsunum, nema einhver leyfir að halda þau hjá sjer, og borgun fyrir það geta málspartar borgað ef þeir vilja. Í sakamálum getur maður haldið prófin hvar sem vill, í skemmum o.s.frv. En ekki held jeg að sýslumenn geti fleygt fólki út úr íbúðarhúsum þess til að halda þar próf, en ef nauðsyn er á verður þú að taka þar hús sem hús er; annars má prófa þjófana í þinghúsunum, hjá hreppstjórunum, á heimilum þjófanna o.s.frv. Ef amtinu þykir þörf á eða sjer ekkert á móti því, þá borgast sanngjörn þóknun fyrir húslán, en jeg vildi láta manninn gjöra reikning fyrir verkatjóni o.s.frv. Í sakamálum fæst allur kostnaður borgaður eptir úrskurðuðum reikningi, fyrst af hinum seka, og ef hann á ekkert til er bezt að láta hreppstjóra kyrsetja það, sjá reglugj. fyrir hreppstjóra.

Þú verður að koma fram með myndugleika. - Nú verð jeg að hætta.

Vertu sæll. Jeg legg með nokkur lög sem jeg þarf að fá aptur í vor, en þjer kemur ef til vill vel nú. Eiðsáminningarræðan er 22. sept. 1846 í lagasafninu. --

Jeg verð að fá aptur skrifuðu skrárnar sem fyrst. Jeg læt fylgja málsskjöl í tveimur sakamálum, en jeg þyrfti að fá það aptur einhvern tíma. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 7.11.1890.

-- Segir af Ragnheiði Davíðsdóttur frá Hofi sem býr nú í Fagraskógi. Sigurður bróðir HB er settur sýslum. í Arnessýslu. Ræðir um Vilhjálm bróður sinn sem var fenginn til reikningskennslu í Lærða sk. Hefur ekki mikla trú á honum en vonar hið besta (hann var þá 21 árs, varð prestur). Segir frá skólanum og að frú Hjaltalín verði í Rvík í vetur. Spyr um hvernig heimili föður hans verði eftir dauða Ingibj. Þá þarf SB að hugsa sinn gang. Nefnir starf fyrir hana t.d. þýðingu á goðafræðinni. Hefur svarað Þjóðviljanum í Ísafold.--

Kristjana G. Hafstein skrifar Elínu E. Briem. Óvíst hvaðan. 7.11.1890.

-- Móritz læknir er innblandaður í eitthvert versta barnamorðsmál sem komið hefur fyrir og nú setið í fangelsi í rúman mánuð meðan verið er að rannsaka málið. Honum er ekki eignað barnamorðið sjálft, en hann er áfelldur fyrir "*Fosterfordrivelse*",[1] og hirðuleysi, að hafa gefið dauðaattest[2] án þess að hafa séð líkin eða vitað dauðaorsökina; líka gefið recept upp á ópium hvað eftir annað, án þess að hirða um til hvers væri brúkað. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 10.11.1890.

Segir af ferð og dvöl hjá Gunnlaugi bróður hans í Hafnarf. Á suðurleið var hún samferða Franz Siemsen sýslum. Þótti kostulegt er hún heyrði hann fullvissa Gunnl. um að hann myndi sjá vel um hana og vernda

[1] *Ólögleg fóstureyðing.*

[2] *Dánarvottorð.*

eins og hún væri -- some piece of fragile goods, carefully packed and marked "this side up - with care".

Þá segir hún af útreiðatúr með Vilhjálmi, góðum hesti. Einnig af Sigurði sem býr hjá verslunarstj. Nielsen (á Eyrarb.). Biður HB útvega sér band, helst frá Ljósvatni sem er með góða vöru. Virðist búa í húsi tengdaföður síns, segir frá skipan þar, sem margir eru. Segist verða einmana í vetur því hún sakni Ingibjargar tengdamóður sinnar. Jóhanna sér um húshald, óvissa um framtíð. Ræðir panaorama-myndasýningu Þorláks Johnsen sem hún hafði litla skemmtun af. Fréttir af fanganum sem Páll vildi í fangelsi: Hann gaf upp mótspyrnu þegar hann sá að hann kæmist ekki hjá því að fara þangað.

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 10.11.1890.

-- Sigurður er settur sýslumaður í Árnessýslu. Austanpóstur kom í dag og fékk ég bréf frá báðum bræðrunum, þeir láta vel af sér. Þú veist að Páll er í Odda, en Sigurður á Eyrarbakka hjá faktor Nielsen. --

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Ytriey. 15.11. 1890.

-- Slæmt að koma heim því ekkert var farið að byggja/bæta við húsið og því ekki hægt að taka við fleir nemendum. Biður um enskubækur.--

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 2.12.1890.

Þykir HB lifa einsetulífi þegar hann jafnv. sér eftir að hafa skroppið að Hofi. Segir sitt líf fábreytt líka. Páll komi í bæinn fyrir jól, þá verði væntanl. rætt um hvernig Eggert faðir þeirra hagi lífi sínu framv. Sjálfri finnst henni að hann eigi að hafa það óbreytt, Jóhanna stjórni húshaldinu vel og engin vandræði ennþá vegna Sigríðar, því Jóhanna hafi stjórn á henni. Sjálf situr hún við spuna, hannyrðir, saumaskap og lestur. Kolaskortur og kaupum á þeim. Hafði lesið hrakyrði Arnljóts um Sigurð bróður hans, sem hann reyndar hafði gefið sér tíma til að velta fyrir sér frá miðjum síðasta vetri. Talandi um óhróður féll henni ekki grein HB í Ísafold. Þykir hann hundrað sinnum of góður til að eiga slíkan orðastað við jafn fyrirlitlega skepnu og Skúla og ekki væri ánægjulegt að fá sekt fyrir orð um opinberan embættism. sem erfitt er að sanna þó sönn væru. Ræðir þungt högg sem Halldór Kr. Friðriksson varð fyrir er hann fékk fréttir af Móritz syni sínum (hann lenti í fangelsi). HKF tók næsta skip þó hann geti ekkert gert.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum 2.12.1890.

Þakkar mynd af henni og gleðst yfir að hún dvaldist hjá Gunnlaugi. bróður sínum. í Hafn. og að hún var í biskupsstúkunni við vígsluna. Heldur strangt bókhald þar sem hann er nú við

-- bóksölu. Hefur ekki sinnt danskri handbók“

en unnið að ísl. og hagnýtri málfræði. Síðan má athuga útgáfuna. Þetta er leyndarmál. Ætlar að verja tíma sínum í þetta en ekki í greinarskrif, nema ef þarf vegna Skúla. Fróðlegt að vita hver viðbrögð hans verða við greininni í Ísafold. Ég gefst ekki upp. Borða mest egg og kringlur, stundum brauð úr bakaríinu. Vilhjálmur frændi hans (?) er í skólanum og er meðal betri nemenda í neðri bekk. Segir af Stefáni Thorarensen sem sagði lausu emb. og flytur til Danm.[1] Spyr hvort Páll munu sækja því tekjur séu betri hér en í Rangárvallasýslu.

[1] *Stefán Thorarensen amtmaður sagði upp embættinu, fékk lausn 1892 og bjó eftir það á Akureyri.*

1891

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda. 3.1.1891.

-- Jeg sendi þjer nú landsreikningaskjölin og læt jeg alveg sitja við það sem þú hefur gjört. Jeg er mjög svo illa upplagður til að eiga við landsreikningana mikið núna, enda hef jeg nóg að gjöra af öðru. Jeg fjekk brjef þitt austur að Þorvaldseyri rjett fyrir jólin og rjett áður en jeg lagði af stað þaðan. Þá var jeg önnum kafinn í prófum og síðan hef jeg verið að eiga við sýslumál.

Það eru 6 bændur búnir að meðganga þjófnað, og 4 aðrir, en þó hef jeg reynt að takmarka mig sem mest við sjálfa bændurna. Það eru 2 í haldi nú, sem hafa borið sakir á 2-3 bændur aðra, og verð jeg nú að fara sem fyrst að prófa þá.

Einar nokkur Einarsson á Felli og Vigfús Þórarinsson í Sólheimum hafa róið á móti mjer til að hætta, líkt og þeir gerðu við Trampe stiptamtmann, en það skuli þeir sjá þeir góðu herrar að jeg er enginn Trampe. Annars þykir mjer það leiðinlegt vegna fólksins ef jeg þarf að beita hörðu, en það dregur til þess sem verða vill.

Afsalsbrjefið frá Filippusi er nú komið og hef eg þín ráð með að innfæra það.

Mjer þótti næsta vænt um landamerkjadóminn í málum Thomsens; yfirdómendur hafa tekið allt til greina eins og jeg vildi hafa það.

Jeg skrifa þjer vonum bráðar með einhverri ferð á Eyrarbakka og bið Sigurð að koma brjefinu. Nú slæ jeg í botninn. Jeg fer eptir viku austur undir Eyjafjöllin og kem svo hingað um næstu mánaðarmót aptur, en úr því vil jeg fara að hugsa til suðurferðar og vona jeg að jeg geti komið suður úr því kemur fram í miðjan febrúar.

Sigurður bróðir minn er hjer og er nú, þá og þegar, farinn aptur. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda. 6.1.1891

--Hjer kom Einar Eyjólfsson "*stop*"[1] í dag og býður mjer að taka brjef og þygg jeg það, en í rauninni held jeg verði lítið á því að græða, því að jeg er í óða önn að semja reikninga og skýrslur handa amtmanni, svo að jeg hef eigi hug á öðru. Jeg er að flýta mjer með það, en svo ætla jeg þegar að fara austur undir Eyjafjöllin og þar ætla jeg að verða þangað til jeg er búinn að taka nægileg byrjunarpróf. Jeg ímynda mjer að jeg verði búinn með það um næstu mánaðamót, svo kem jeg hingað, vil svo vera hjer í viku og koma svo um eða eptir miðjan febrúar til Reykjavíkur.

Nú alveg nýlega er dáinn Helgi Jónsson á Árbæ og hef jeg hálfvegis heyrt að sú jörð myndi losna. Vera má að jeg hugsi um hana. Það er mögulegt að Eyvindarmúlí í Fljótshlíð losni líka. Árbær tekur Eyvindarmúla fram með það að þar er betur byggt, hægari aðflutningar og nær Reykjavík, en annars væri Eyvindarmúli mjög ákjósanleg jörð.

Hjer eru veikindi jafnt og þjett í börnunum. Jeg hef verið kvefaður.

Jón Sigurðsson situr á móti mjer og er hann að hreinskrifa tekjuskattsreikninginn og biður að heilsa.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 6.1.1891.

*Þykir leitt að henni taki sárt ritdeilur H.E.B. við Skúla Thoroddsen. „Verð að verja mig.“ Segist þurfa að verja sig annars haldi málið áfram. Ræðir það ósennilega að hann verði sektaður fyrir orð sín. Ekki sé ég eftir að greiða dálítið fyrir að segja satt um „*that creature“ *sem sparkar og slær án þess að neinn bregðist við. Var á Ak. milli jóla og nýárs og hitti alla helstu menn og þeir voru ekki á móti að ég skrifaði gegn Skúla. Séra Matthías ætlar að halda Lýð gangandi eitt ár. Hann kom hingað út eftir til að biðja um stuðning. Ég lofaði honum að skrifa aðeins ef ástæða væri til. Friðbjörn er ekki ánægður með útgáfuna. Séra Jónas virðist vera Skúlamaður. Frú Hjaltalín vill sættast við konu Stefáns en veit ekki hvernig. Hún er enn að hugsa um að búa í Rvík eða erlendis næsta vetur. Ræðir heimilishald föður síns. --*

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Hafnarfirði. 6.1.1891.

My dear Halldór!

-- Dvelst um tíma hjá Gunnlaugi og Frederikke. Spyr hvernig Sigríður frænka hans (á Hofi) hafi það eftir að Ragnh. gifti sig. Spyr hvort Sigríður og Davíð nefni Ólaf son sinn á nafn. Spyr hvernig Ingibjörg

[1] *Einar var einn af þeim mörgu sem voru uppnefndir í Vestmannaeyjum og ef ekki líka á Ísafirði. M.a.s. fjallað um þá á sýningu Birgis Andréssonar í Listasafni Ísl. (2000).*

Skaftadóttir hafi það eftir að hún bilaði á geði.[1] *Allir heima á jólunum (nema Sigríður sem var veik), spiluðu og fóru í jólaleiki. Voru boðin á jóladag til Eiríks. Eggert faðir þeirra sat við spil til kl. 2 um nóttina og lét ekki á sjá. Segir af panóramamyndasýn., konsertum og leikritum skólapilt þar sem sungið var milli þátta. Segir hvað Gunnlaugur bróðir hans og Fredike geri sér gott þegar hún er einmana. Sigurður og Páll komu ekki um jólin. Segir frá málaferlunum og búið að sanna eitthvað. Saknar þeirra mikið en sérstakl. tengdamóður sinnar. Spyr margs.--*

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. St. á Þorvaldseyri. 20.1.1891.

-- Mikið sagðir þú mjer frá þungum tíðindum, en þakka þjer samt innilega fyrir að þú inntir mjer svo ljóslega frá málavöxtum. Vil jeg bæði óska og vona að svo megi nú rætast úr, að þú fáir náðun handa Már. Halldór faðir hans fór með seinasta skipi og þar sem hann hefur lagt sitt fram, vona jeg að hann fái þessu framgengt með hjálp og fylgi vina sinna. Ef jeg ekki fæ brjef frá Már og reyndar hvort sem er, þá langar mig mjög til að biðja þig að segja mjer, hvernig hann getur haft sig áfram framvegis. Jeg segi fyrir mig, að jeg skal gera það sem jeg get til að hjálpa honum. Það er verst að jeg er svo langt frá, að mjer er ekki hægt að skrifa með sama póstskipi aftur. Ef svo skyldi nú vera að málið væri búið og Már ef til vill farinn til Vesturheims, þá þætti mjer mjög vænt um, ef þú skrifaðir mjer adressu hans.

Þú skrifaðir mjer að kona hans tæki þessu með mikilli stillingu og ró og er það mikils vert, en er litla Tulla farin að hafa vit á, hvað gerist eða veit hún um það. Jeg fæ nú ef til vill fregnir um þetta og annað, sem mjer þykir miklu skipta, með næstu póstskipsferð. Póstskip fer nú að koma til Reykjavíkur, þó að það verði nokkuð langt þangað til jeg fæ brjefin. Jeg sendi Már dálítið með þessari ferð í gegnum Eggert, en talaðu ekki um það.

Þjer þykir líklega undarlegt hvar jeg dagset brjefið. Jeg er undir Eyjafjöllum og ef þú lítur á kortið, þá er jeg í norðaustur frá Eyvindarhólum en austur af Steinum uppundir jökli. Jeg má sitja hjer að rannsaka þjófnaðarmál. Þjófnaður er hjer mjög almennur og kemur einn upp um annan. Þar að auki sýna menn bæði mótþróa og ósannindaflækjur, svo að þó að jeg vilji hlífa öllum, sem ekki hafa gengið freklega fram í þessu, þá verður mjer það ef til vill ómögulegt.

Jeg er að hugsa um að fara að búa sem fyrst og er jeg nú að hugsa um að ná í jörð í nánd við Barkarstaði, sem heitir Eyvindarmúli og er talin hin skemmtilegasta jörð. Þar býr blindur karl, sem líklega hættir búskap, því að hann missti konu sína í vor.

Mjer líður vel; litli Kristinn minn varð ákaflega veikur í haust af lungnabólgu og var talinn af, en nú er hann orðinn frískur aftur.

Mjer var mikill söknuður að móður minni í haust. Hún ætlaði að fara til mín, en svo kom dauðinn, og lagði gáfur hennar og skörungsskap í gröfina. Jeg má þakka fyrir hversu jeg var þó lengi þessa aðnjótandi, og nokkuð fyrr misstir þú þína móður. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. St. á Þorvaldseyri. 20.1.1891.

-- Þá er ég kominn og farinn að prófa að nýju. Ég er búinn að vera hér í tæpa viku og hef ekkert gert nema að reyna að koma ýmsu í samt lag aftur. Meðan ég var burtu fóru sumir, er þóttust vera lögfróðir, að gefa ráð og má af þeim helst nefna Vigfús Þórarinsson, Sigurð nokkurn í Skarðshlíð, mág Hermanns[2] sýslumanns, og Einar Einarsson á Felli. Þótt ég viti lítið um þetta og láti mig litlu skipta hef ég heyrt að til orða hafi komið að reka mig í brott héðan undan Fjöllunumm, leggja eld í húsið hér á Eyri[3], til þess að ég hefði þar eigi hæli, en hitt er víst að þeir réðu til að sýna mótþróa og fóru að smíða lagaflækjur. Daginn eftir að ég kom neitaði einn að koma og svo fór ég með þrjá menn og lét hinn sig eigi fyrr en ég var búinn að skipa að taka hann og binda. Svo tók ég konuna og hafði svo hið sanna uppi. Þessi maður sem mótþróann sýndi og konan fóru heim í gær, en í dag er ófært veður svo að menn komast ekkert út af bænum fyrir skafhríð og ofanhríð með stormi og frosti. Nota ég því tímann að skrifa þér.

Ég hafði Jón Sigurðsson með mér frá Odda og þótti vænt um að ég gerði það. Hann skrifar prófin þegar hann hefur ekki annað að gera. Ég vonast nú til að ég fari að sjá fyrir endann á þessi próf, svona úr þessu, enda er nóg komið, má segja. Það er ljóti þjófnaðurinn sem hér hefur legið í landi, en ég vona að menn hætti nú þessum tiltækjum úr þessu. En það sveitarlíf sem þessu fylgir! --

---

[1] *Ingibjörg Skaftadóttir virðist hafa náð sér, varð síðar ritstjóri o.fl. Þau HB og IS voru tengd.*

[2] *Hermannius E. Johnson (1825-1894), nefndur Hermann Jónsson. Hann átti Ingunni Halldórsdóttur frá Álfhólum í Landeyjum. Var sýslumaður í Rangárvallasýslu 1861-1890. Vel látinn og kunnur vel af börnum þeirra: Guðrún, átti séra Eggert Pálssyni á Breiðabólstað, Guðbjörg átti séra Jón Thorstensen á Þingvöllum, Kristín átti séra Halldór Jónsson á Reynivöllum, Jón tollstjóri, Halldór háskólabókavörður í Ithaca í New York, Oddur, lengi skrifstofustjóri stjórnarráðinu. Sagt í Kvæða og vísnasafni Árnesinga, þar sem vísan birtist: að Hermann hafi verið milt yfirvald og hljóp ekki eftir öllum ásökunum um lögbrot.*

[3] *Þorvaldseyri.*

Rædir um jarðir sem hann hefur augastað á. --

Ég vona að það fari nú að ganga greiðlega úr þessu og að minnsta kosti er ég viss um að það fer nú að lagast úr þessu hér eystra og þessi samblástur sem ég var að segja þér frá er ekki nema veður. --

Um þá Hermann og Pál fjallar húsgangur sem birtist í ritinu *Fár undir fjöllum* (1994), eftir Kristin Helgason.

Hermann reyndist þjófum þjáll
þá var erfitt glæpi að sanna.
Sagt er að nú sverfi Páll
að samviskunni Fjallamanna.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. St. á Þorvaldseyri, 25.1.1891.

-- Nú er pósturinn hér og er nú ekki annað bréfsefnið en að segja þér að mér líður vel; mótþróinn er alveg um garð genginn og málin halda áfram. Einn bóndinn fór heim í gærkvöldi, annar er hér, en kona hans er búin að meðganga ofurlítið. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 3.2.1891.

Segir af jarðakaupum Stefáns Stefánssonar og breytingum á húsum. Samband Steinunnar og frú Hjaltalín óbreytt. Séra Davíð og Sigríður á Hofi hafa engar fréttir af Ólafi[1] syni þeirra eða hvar hann sé. Sagt að próf. Fiske hafi boðið honum til Flórens. Er búinn með ísl. málfræðina og ætlar að biðja Jón Þorkelsson að fara yfir hana. Rædir útgáfuna, augnveiki sína og hestakaup.

Rædir væntanl. níðgrein Skúla um sig og biður S.B. að taka henni létt, eins og hann sjálfur geri. Segir að ekki sé rétt af sér að fyrirlíta fólk eins og hann geri, en svona sé hann.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík, 5.2.1891.

Lýsir heilsufari sínu. Þá fjallar hann um brunann á Möðruv. Nefnir ágreining frú Guðrúnar og Stefáns? Einnig orðaskipti Skúla og H.E.B., (sennil. í blaðagr.) Segir frá ferðum skyldmenna og barna og aðgerðum Páls gegn þjófum undir A-Eyjafjöllum.

-- Þú hefir víst frétt, að Páll hefir við marga þjófa að eiga undir Austur-Eyjafjöllum, þeir eru uppvísir 10-12, en nú held eg frumprófum sé lokið og svo á eg von á honum í þessum mánuði til að klára yfirskoðun landsreikninganna. Hann ætlaði að koma fyrir jól eða jafnvel í nóvember en hefir eigi fengið tíma vegna þjófanna og nýársskýrslna, annars er sagt að þjófnaðurinn sé mest hnupl, einkum í öðrum sveitum, þá þeir vóru á ferð. --

Einnig segir hann af sýslumannsstörfum Sigurðar bróður síns.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 5.2.1891.

Rædir enn hræðilega grein hans um Skúla. Hefði gefið mikið fyrir að hún hefði aldrei verið skrifuð. Skrifin í Fjallkonunni gera honum erfitt fyrir um að höfða ekki mál gegn H.E.B. Segir Sigurð (Ólafsson, í Kaldaðarnesi) skipaðan sýslum. í Árnessýslu. Einnig frá rannsókn Páls undir Eyjafjöllum. Rædir framtíð tengdaföður síns.

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Ytriey. 11.2.1891.

Þakkar bækur og hlakkar til nýrrar kennslubókar H.E.B. Ráðgerir suðurferð eftir próf 12. og 13. maí og úttekt á skólanum.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 1.3.1891.

Rædir enn hvað S.B. tekur illa ritdeilum þeirra Skúla. Þessu fari að ljúka því Skúli sé að springa af reiði í síðustu greinum. Sagðist HB hafa haft gaman af grein Skúla sem kom undir nafni, sem og leiðaranum.

Ánægður með að faðir hans ætli að halda hús áfram. HB og Elín munu eiga samfylgd suður í vor. Rædir samsk. Steinunnar og frú Hjaltalín. 20 piltar hafa sótt um skólavist. Íslenska málfræðin sé tilbúin. Hjaltalín las hana yfir. Elín ætlar að nota hana í skólanum hjá sér. Fleiri munu gera það, Morten Hansen og Jón Þórarinsson.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 1.3.1891.

Rædir heilsu sína og vinnu, stöðuna á Möðruv. Dreymir um að þau geti búið þar saman. Segir frá húsnæðismálum og leiksýningum í bænum. Einnig af ferðum Páls til Rvíkur og suður að Auðnum; af málaferlunum, þjófnaðardómum og meinsæri. Páll kom með teikningar af húsi sem hann langar til að

[1] *Ólafi Davíðssyni þjóðsagnamanni.*

byggja í Eyvindarmúla, fallegasta blettinum á landinu. Þar gæti EGB faðir þeirra dvalið hjá honum.

Páll er kominn frá Auðnum. Kristinn sonur hans hefur verið mikið veikur vegna kíghósta. Páll ætlar ekki að láta hann vera lengur fyrir sunnan. Elín er að gefa bók sína út í nýrri útg. Sitja þau Eggert, pabbi hennar og Jóhanna systir hennar við prófarkalestur.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. St. á Kolviðarhóli. 4.3.1891.

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir síðast. Þorleifur hefur ef til vill sagt þjer hvernig ferðin gekk meðan hann var mjer samferða. En þar sem hann skildi við mig, var einasti skaflinn sem teljandi var á leiðinni hingað. Við komum hingað kl. 4, svo að nægan höfðum við tímann. Færðin var miklu betri en um daginn og veðrið gott þangað til um kl. 5, þá fór að hríða. Ferðamenn sem komu í dag yfir Hellisheiði sögðu að snjór væri lítill á heiðinni. Við förum hjeðan snemma í fyrra málið og vonast jeg til að komast um miðjan dag að Eyrarbakka.

Jeg skrifaði áðan til Gunnlaugs bróður míns. Jeg bað hann fyrir Kristinn litla næsta ár.

Jeg ætla að biðja þig að skila til Vilhjálms að jeg hafi sagt Steingrím Johnsen að senda reikning um 13 kr. til hans til borgunar. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. St. í Þorlákshöfn. 6.3.1891.

-- Seint gengur ferðin. Í gærdag fórum við frá Kolviðarhóli og ætluðum á Óseyri, en þegar við komum að Ölfusá kl. nærri 5 var afarmikið ísrek í ánni svo að ekki var flytjandi og því fórum við hingað út að Þorlákshöfn og biðum hjer rólegir fram til kl. 10, því að sagt var að um flóðið, sem er kl. 12, væri best að flytja, en þegar við ætluðum af stað, þá var komið ofsarok á norðan svo að Jón hjerna segir að óflytjandi sje yfir ána; og uppá þau orð sitjum við kyrrir og þykir mjer það slæmt, en þó er sú bót í máli að jeg get þá notað daginn til að skrifa sendibrjef mín. Annars færi jeg eitthvað að reyna. Jeg hugsaði því að láta mitt fyrsta verk vera að skrifa þjer þessa ferðasögu mína.

Rjett í þessu kom Jón Árnason inn og sagði að nú væri alveg óhætt að taka það rólega, því að hann væri viss um að nú væri alófært, svo að jeg tek það alveg rólega.

Hjer eru miklar byggingar hjá Jóni frænda. Það var í morgun, svo að jeg þurfti að ganga langan veg til að komast út úr búðunum og húsunum út á bersvæði. Annars úir hjer af sjómönnum sem bíða í landi, ekki af því að sjóveður sje ófært, heldur af því að maður rjeri í gær og varð ekki var við fisk í sjónum.

Hesturinn sem var haltur um daginn er orðinn góður á helginni í sinni löpp. Þá var hann fluttur út á Eyrarbakka og hlakka jeg til að hafa hann heldur en þetta lata blesótta dýr sem jeg hafði fyrir sunnan. Annars er ekkert að frjetta, en jeg slæ í botninn seinna þegar jeg er kominn til Eyrarbakka og þá skal jeg bæta við frjettum ef frjettir verða nokkrar. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda. ?.1891.

-- Innilega þakka jeg þjer fyrir þitt góða brjef nú með póstinum eins og allt annað. Ekki fór jeg Lágaskarð og ekki hafði jeg reiðhest bóndans á Hrauni niður að Óseyri, heldur fór jeg Hellisheiði og hafði brúnblesóttu truntuna alla leið á Eyrarbakka. Hún var fjarska löt, en þó varð jeg á undan, því að hinir höfðu ennþá verri gripi. Frá Þorlákshöfn fór jeg á laugardag og þá vildu Nesmenn ekki ferja svo að jeg varð að fara hálfgerða glæfraför yfir Ölfusá, en ekki var samt hætt við að eigi væri reynt, því að með mjer voru 11 vermenn og allir með stafi og hjelt jeg stundum að þeir myndu alveg pjakka ísinn í sundur í kringum mig. Um sunnudaginn var jeg um kyrt á Eyrarbakka, en á mánudaginn skruppu þeir með mjer, Sigurður bróðir minn og sjera Ólafur Helgason,[1] austur að Odda, en urðu því miður þar hríðtepptir daginn eptir, en riðu svo í miklu frosti út á Eyrarbakka á miðvikudag og bjó frúin hjerna þá næsta vel út í kuldann.

Eitthvað hefur þú verið að starfa í Stapareikningunum. Jeg þakka þjer kærlega fyrir blöðin sem þú sendir mjer. Eggert skrifaði mjer --. Jeg fjekk upplýsingar um mál Moritzar[2] og eptir því sem defensor[3] hans lítur á málið hefur hann von um að Móritz sleppi. Sundhedskollegíið á að gefa sitt votum[4]-um eitt atriðui, sem hann hefur orðið tvísaga um. Það er annars ekki vert að tala um það, það koma vonandi nákvæmari upplýsingar með næsta skipi.

Jeg hef svo mikið að gjöra að jeg held jeg hugsi ekki um *Reykvíkinginn*. Það er nóg fyrir mig að hafa *Nationaltíðindi* til að nasla í.

---

[1] *Séra Ólafur Helgason á Eyrarbakka, tilvonandi mágur hans.*

[2] *Tengslin við Móritz Halldórsson, vin hans og samherja, voru traust þrátt fyrir lögbrot hans. En ekkert virðist hafa farið á milli þeirra af bréfum eftir að hann komst til Ameríku.*

[3] *Verjandi.*

[4] *Álit.*

Hjeðan að austan er ekkert að frjetta, nema nóg af heimskulygum um þjófana undir *Eyjafjöllum*.

Tíðin er hin besta. Dálitið fiskirí í Landeyjunum og undir Fjöllunum, hæst 97 í hlut af tómri ýsu. Jeg hef soðningu rjett daglega og er það mikið gott. - Skapti (*Jósepsson*) skrifaði mjer af Akureyri og segir að sjer þyki vel til fallið að jeg sæki um Eyjafjarðarsýslu, þar sem nafn mitt hafi að langfeðgatali verið að jafngóðu kunnugt. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 22.3.1891.

Segir frá leiksýningum, Nýársnóttinni, Dalbæjar prestsetrinu og Ævintýri á gönguför.

Fór til Þorleifs vegna greinar H.E.B. sem dregist hefur að birta.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 22.3.1891.

Ræðir fúasveppi í skólahúsinu. Nemendur stefna að tombólu fyrir nemendasjóð sinn og hafa beðið HB um að halda fyrirlestur. Sendir háðsgrein um Skúla sem hann biður S.B. koma til Ísafoldar. Verður sú síðasta grein hans. Ræðir bætta heilsu Ingibjargar Skaptadóttur. Spyr um hvað Páll segi um deilurnar við Skúla.

Þorleifur Jónsson skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 22.3.1891.

Tekur við grein um skipan efri deildar. Samdóma H.E.B. að ævilöng þingseta sé óheppileg. Vondaufur um að stjórnarskrárfrumv. komi frá þinginu í sumar. Ræðir deilu H.E.B. og Skúla Thoroddsen. Segir sr. Pétur M. Þorsteinss. á Stað í Grindav. að boði biskups höfði mál gegn sér og hann gagnstefni. Benedikt Sveinsson sé líka að byrja mál gegn sér vegna fréttabréfs úr Þingeyjarsýslu. Þar er minnst á mútumál hans.

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 24.3.1891.

Ekkert heyrist um amtmannsembættið. Páll er búinn að fá Árbæ í Holtum, fyrst að hluta, síðar allan.

Ætlar sér að bregða búi í haust og fara til Páls í júlí. Þykir ætíð skemmtilegra í sveit og saknar konu sinnar. Jóhanna ætlar til Páls en þar sem E.G.B. getur ekki misst hana hefur Páll beðið Elínu um að koma til sín.

Segir ellina ágerast. Sigurður sé kominn á skrifstofu landshöfðingja í hlutastarf. Hefur verið að semja landshagskýrslur. Hann hefur herb. í stóra húsinu vestur á Kirkjugarðsstíg sem nú nefnist Suðurg. Hlíðarhúsastígur heitir nú Vesturgata, Bakarastígur, Bankastígur og Smithsstígur, Amtmannsstígur.

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Ytriey. 28.3.1891

Ætlar ásamt Mörthu (Stephensen?) að verða samferða H.E.B. suður. Úttekt verður á skólanum í maí.

Skipuleggur: Þegar Ólafur (Briem) skólanefndarmaður bróðir þeirra kemur geti þeir Halldór átt samferð. Eggert Ó. Brím og kona hans[1] kunna ekki við sig á Gili og flytja til Rvk. Ræðir það frekar. Jörðina leigði hann en Kristján Gíslason frá Eyvindarstöðum[2] ætlar að flytja íbúðarhúsið á Sauðárkrók og versla í því.[3] Mesta óráð að flytja sig fyrir eitt ár.

-- ef hann *(Eggert.Ó. Brím.)* stillti sig um að drekka gæti hann víst haft nóga atvinnu í Rvík. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 4.41891.

Tombólunni lauk í dag og má búast við 150 d.kr. H.E.B. hélt fyrirlestur um Bergþóru, Hallgerði og Guðrúnu Ósvífursd. Var honum heldur vel tekið. Séra Matthís er að hætta útg. Lýðs. Verður Norðurljósið þá eina blaðið fyrir norðan, og sem gengur bærilega.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda. 10.4.1891.

-- Nú hef jeg haft mikið að gjöra um tíma, að ljúka við öll sýslumálefni er fyrir höfðu safnast, enda verð jeg nú búinn með þau á morgun og svo fer jeg að hugsa til manna minna austur undir Eyjafjöllunum.

Jeg gef á morgun út boð til sýslufundar, sem á að verða 29. og 30. apríl og þingboð, en þing verða strax úr hvítasunnunni.

Þegar pósturinn kemur verð jeg vafalaust austur undir Fjöllum og máttu því eigi búast við brjefi frá mjer þá, en

[1] *Séra Eggert Ólafsson Brím (1841-1893) þá orðinn prestur í Holtastaðasókn og kona hans Ragnhildur Þorsteinsdóttir (1843-1910) prestsdóttir frá Kálfafellsstað. Hann var síðan við ritstörf í Rvík.*

[2] *Kaupmaður á Sauðárkróki.*

[3] *Gamla Espihólsstofan sem Eggert Briem byggði og flutti með sér frá Espihóli, að Hjaltastöðum og Reynistað og sem Jóhannes sýslumaður flutti svo að Gili, og nú er í byggðasafninu í Glaumbæ. Hér er komin ein dagsetningin á flutning þessa merka húss, sem nú er safnprýði í Glaumbæ.*

jeg bið sjera Skúla að senda mjer brjef frá þjer. - Jeg var áðan að búa út útskipti til Sigurðar (bróður síns?), svo að hann hjeldi próf í Árnessýslu um eitt atriði (brekánsþjófnaðinn). Nú er Guðlaugur settur í Skaptafellssýslu, skal Sigurður þá verða prókurator. -- Líklega verður hann eigi bankastjóri í bráð.

Nú kemur móðir sjera Skúla hingað í vor og fær hún þá til íbúðar kontórinn sem jeg hef, en jeg fæ gestastofuna, sem nú er. Líklega verður þetta samt eigi komið í kring fyrri en í haust. Í gestastofunni er enginn ofn og var jeg áðan að skrifa Gunnlaugi og biðja hann að panta fyrir mig ofn hjá Anker og Heegaards í Höfn og vil jeg hafa hann eins og ofninn í stofu þinni.

Hjer hefur verið hláka í 1½ viku og kemur Rangvellingum hún vel. Sumir áttu ekki strá eptir á páskum, en svo eru nokkrir sem geta hjálpað. Ekki hef jeg heyrt neitt frá Jóni í Eyvindarmúla, en eitthvað hugsar karl víst um það sem jeg talaði við hann. Þegar börn hans hafa verið að spyrja hann um hvað jeg hafi verið að erinda við hann vill hann ekkert segja þeim og hafa þeir sem Jóni eru kunnugastir það til marks um að hann hafi helst í hyggju að selja mjer jörðina. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Hafnarfjörður. 20.4.1891.

Verið hér um skeið og hjálpa Frederikke við hannyrðir og er því verki lokið. Ræðir tombólur sem haldnar eru alls staðar um landið, á Möðruvöllum, Sauðárkr., Reykjavík. Alls staðar virðist fólk hafa peninga þegar þær eru haldnar.

Valgard Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Sauðárkrókur. 23.4.1891.

Kære Svoger!

Spyr hvort Eggert[1] *sonur Valgards megi vera samferða HB suður.--*

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 8.5.1891.

Segir af húsnæði. Einnig af tónleikum Helga og sveitar hans framan við bakaríið og fylgdist með, naut tónlistar af svölunum hjá sér. Við messu, en hvarf á braut er leiðinlegur atburður átti sér stað, eiginlega árás H. S. í kirkjunni er hann réðst á prestinn. Hafði þjáðst af svefnleysi og bilast.

Sigurður bróðir Halldórs settur sýslum. í Vestmannaeyjum. Páll hefur mikið að gera í þjófnaðarmálum, Sigríður er við kennslu og Jóhanna að gera hreint.--

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Um borð í Lauru. Granton, 19.5.1891.

Innskot E. Á.

Álfheiður hafði frá því um haustið skrifað bróður sínum mörg "ungpíubréf" sem urðu æ hversdaglegri. Sagði hún einkum frá böllum og leiksýningum; trúlofunum og giftingum.

Jón bróðir hennar er í Khöfn. Álfheiður er á leið til *Korup præstegård* á Fjóni þar sem hún var fengin til aðstoðar sóknarprestinum Stahlfest Möller, sem átti við þunglyndi að stríða og vandræði með rödd sem gerði honum torvelt að tóna. Korup var mikið rætt á heimili mínu og var þetta mikill og góður reynslutími fyrir ömmu.[2]

Einhverju sinni vorum við, Eggert og Sigríður, á leið á rafveituþing í Odense og ég var að segja henni frá þessum stað og velta fyrir mér hvar þessi bær væri. Birtist þá ekki skilti við veginn: Korup Præstegård! Var mikið gaman að koma þangað og skoða kirkjuna.

Elskulegi Nonni minn!

Af því við erum komin til Granton og ég lofaði að skrifa þér þaðan -- ætla ég að pára nokkrar línur þó ég sé svo skjálfhent og allt á fleygiferð í kringum mig. Ég hef annars verið mikið brött frá Færeyjum og á fótum þangað til verðrið var orðið fjarskalega slæmt. -- hlakka ósköpin öll til að hitta þig. --

Páll E. Briem skrifar Sigurði E. Briem. 28.5.1891. P.t. Búðarhóli.[3]

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir tilskrifið frá því um daginn og í gær. Það hefði verið gaman að sjá þig í gær -- mennirnir sem komu með brjefið komu rjett eptir að jeg var sofnaður kl. að ganga 11. Það er nú nokkuð langt frá Mýrdalnum (þ.e. Vík) til Eyjafjallanna; en samt má takast að finna mig. Jeg verð þar í dag, á morgun -- Svo fer jeg að Odda og verð þar til helgar, en fer þann 8. næsta mánaðar austur undir Fjöllin og verð þar í viku og svo held jeg að jeg láti þar við sitja í vor.

[1] *Eggert Claessen síðar hæstaréttar málfl.maður.*

[2] *Þetta er skýring, sem setja má spurningarmerki við, en sem ég heyrði oft, þó sannleikurinn sé ekki nákvæmlega þessi.*

[3] *Búðarhóll í Rangárþingi eystra.*

Þú verður að segja mjer verðið á Rauðskjóna. Jeg er sjálfur að hugsa um að kaupa hann, mjer líst hann ágætt áburðarhestsefni. Ekki er líklegt að jeg fái Eyvindarmúlann.

Jeg vildi gjanan fá *Larsens kriminalproces* hjá þjer, ef þú mátt missa hann, og væri best að senda hann að Holti eða helst Þorvaldseyri. Hinn skrifaði er svo þungur í flutningum og seinlesinn.

Jeg er búinn að fá svar um þig að sunnan frá Jónassen amtmanni um það að það sje alveg óhæfa að þú þjónir þessari sýslu meðan þú sjert í Vestmannaeyjum, en jafnframt hefur hann gefið mjer kost á því að fá Jón Sigurðsson skrifara minn settan, ef Sigurður Ólafsson ræki dómarastörf og leiðbeini honum.

Viðvíkjandi búnaðarfjelagslögum man jeg eigi hvar þau eru prentuð -- jeg hef uppkast af búnaðarfjelagslögum og gæti jeg sent þjer slík lög af kjörfundinum sem verður haldinn að Stórólfshvoli 15. þ.m.

Slorið í fjörunni má eigi þar vera og almennt uppslag er nóg. En eptir því sem mig minnir er það ákveðið í lögum 1838 að amtmaður eigi að samþykkja þessar löggæslureglur. Það verður nú víst eigi tími til þessa, og hefur opt eigi verið vani og þess vegna skaltu bara stefna mönnum, fyrst aðeins einum, og láta hann eiga kost á að þú hættir við málið móti því að hann borgi áfallinn kostnað og 5 kr. sekt og svo skýrir þú frá, og amtmaður samþykkir eptir á, þetta er vanagangur, en ef hann vill þetta eigi þá verður að dæma hann í 5 kr. sekt og trúi jeg tæplega að hann fari að appellera, einkum ef menn eru almennt á móti að hafa slor í fjörunni.

Með fyrstu ferð skaltu samt láta amtmann samþykkja lögreglufyrirskipanir þínar. Allt er undir komið að einhver regla komist á. Mig minnir að það sje í einhverjum eldri lögum, kringum 1840, gjörð ákvæði um að stofna skuli heilbrigðisnefndir og get jeg skrifað þjer um þetta með næstu ferð nákvæmar.

Rauðskjóni var of magur til að hafa í þingaferðir, svo að jeg hætti við að hafa Jón Sigurðsson með mjer, og gengur vel að þinga.

Með bestu kveðjum til þín og Þorsteins[1] læknis sem jeg einhvern tíma skal heimsækja. Þó að jeg geti það eigi nú fyrir b- Eyjafjallaþjófum. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda 9.6.1891.

-- Jeg sendi þjer nú með Þorsteini Thorarensen á Móeiðarhvoli brjef til amtmannsins um ýms sýslunefndarmál og um konstitution á Jóni skrifara mínum meðan jeg er á þingi og til landshöfðingja um að fá kassabækur og fleira Arnarstapaumboðinu viðkomandi, eins og þú skrifaðir mjer um.

Amtmaður skrifaði mjer mikið gott brjef með síðasta pósti, en þegar póstur kom var jeg að þinga austur undir Fjöllum svo að jeg gat eigi skrifað um hæl aptur.

Jeg þakka þjer fyrir að þú fórst til Þorleifs Jónssonar, því að það var leitt að sjá hin blöðin full með ósannindum um mig og Sigurð í Skarðshlíð, mág Hermanns sýslumanns. Þegar *hann* (?) var kallaður til að mæta út af því að hann hafði ólöglega flutt menn, sem voru í gæslu í sveitinni, út í Vestmannaeyjar, þá sýndi hann mótþróa með að mæta og var foringi fyrir 10 þjófum sem allir neituðu að hlýðnast mjer, þegar jeg skipaði þeim að fara burtu, og hindruðu þannig rjettarhöld hjá mjer. En sleppum þessu.

Illa gengur mjer að fá jörð. Jeg hef eigi fengið svar frá Jóni í Eyvindarmúla, sem átti að vera komið fyrir lok mánaðarins, en jeg hef fengið það allsstaðar frá að það sje eigi tiltök að jeg fái jörðina hjá kallinum, svo að jeg hef alveg hætt að hugsa um þessa jörð. Jeg fór því þess á leit við ekkju Helga sál. í Árbæ að fá Árbæ til kaups eða ábúðar, því að jeg heyrði eptir henni í vetur að hún væri fastráðin í að hætta að búa, en hún vildi þá eigi afráða neitt, svo að jeg hætti við það og nú hef jeg sett menn út til að ná í Ás í Holtum og veit jeg eigi hvernig það gengur. Það er nú líkast til að jeg sje þá eigi að berjast við að ná í jörð hjer í sýslunni ef þetta gengur eigi; það er í þessu eins og öðru, að mjer fellur eigi sem best við Rangvellinga, það er meira að gjöra hjer en annarsstaðar og þess vegna ætti jeg að vera hjer lengur, enda getur ræst eitthvað úr þessu. Jeg vonast eptir línu frá þjer með pósti, en annars fer nú vonandi að styttast þangað til jeg kem suður. Jeg bið að heilsa kærlega öllum heima og kveð jeg þig svo sem best. --

P.S. Jeg bið þig að koma meðfylgjandi brjefum til allra fyrst á sína staði; svo bið jeg þig að senda mjer með pósti 1 dúsin af pennum, jeg er orðinn alveg pennalaus. --

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup. 12.6.1891.

Hefur áhyggjur af því að Tuma (Tómas Helgason bróðir þeirra), hafi gengið illa í fyrrihluta prófsins í læknisfræði.[2]

[1] *Þorsteinn Jónsson (1840-1908) héraðslæknir í Vestmannaeyjum. Þekktur fyrir veðurathuganir og söfnun náttúrugripa. Alþingism. Vestmannaeyinga og oft settur sýslum.*

[2] *En hann slapp og varð síðar héraðslæknir í Mýrdal.*

-- Ég get ekki látið vera að hugsa til þess hvað ég, og við heima, vorum spennt fyrir komu Lauru, þetta kvöld í fyrrasumar, þegar við áttum von á þér. Og svo þegar þú varst sofandi á norðurkvistinum heima um morguninn, og við Dísa stóðum yfir þér til þess að vita hvernig þú litir út, og hvort það væri nú virkilega þú sem var kominn heim. Manstu eftir því, Nonni minn? --

Páll E. Briem skrifar Sigurði E. Briem. St. á Þorvaldseyri. 21.6.1891.[1]

Þakkar bréf. Hrósar bróður sínum fyrir mikið starf. Segist í tilefni þess hafa skrifað amtmanni um sameiningu sýslumannsembætta í Vestmannaeyjum og Rangárvallasýslu. Svar hans var að hann kysi það ekki.

-- Manstu að við vorum í fyrra að tala við Þórð á Hala[2] um Þjórsárós. Nú er búið að skoða ósinn og er hann alveg hættulaus að sigla að honum; þegar áin er einna minnst er hann 11-13 á dýpt og í lóninu fyrir innan 18 fet og var nú á þingmálafundinum í einu hljóði beðið um löggildingu á ósnum. --

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup - præstegård. 3.7.1891.

Segir frá lífinu á prestsetrinu, ferðum þeirra um nágrennið og heimsóknum, fjölda presta. Einnig Lilí og Tómasi, bróður hennar. Fólkinu átta ég mig ekki á hver eru en Jón bróðir hennar þekkir.

Lilí hafði mikinn áhuga á íslenskum búningi Álfheiðar, fékk að máta hann og vildi fá hann lánaðan.

Sigríður Helgadóttir skrifar Jóni og Tómasi Helgas. P.t. Reykjavík. 11.7.1891.

Hefur verið í Reykjavík 10 daga með Þórhildi dóttur sína. Segir frá veikindum Þórdísar systur sinnar og sem hefur þurft að nota mikið morfín, en er nú farin að nota meðul frá Guðmundi Magnússyni lækni, síðar landlækni.

-- Þú mátt trúa því, elsku Tómas minn að ég varð glöð yfir að þú varst búin með prófi, þó þér líkaði ekki testamentabókin, og mér ekki heldur, eftir því sem búist var við eftir því hvað mikið þú hafðir haft fyrir því, þá þykir mér svo undurvænt um að það er frá og vona að guð gefi að það seinna fari ekki ver, guð minn almáttugur styrki þig til að halda áfram með iðni og samviskusem, þá endar allt vel --

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup præstegård. 15.7.1891.

-- Nonni minn -- Hjartans þakkir fyrir tvö bréf elskuleg -- heimanað --ekki -- ánægð -- með að Dísa skyldi vera lasin -- ólukku verkir koma aftur í höfuðið á hanni -- Pabbi lætur reyndar ekki svo mikið af því -- Hjónin spurðu mig strax hvort ég fengi að vera í vetur og voru mjög glöð við, ég var það reyndar líka, því ég gæti kannski eitthvað lært -- mér til gagns. Þó þykir mér leiðinlegt að pabbi og mamma sakna mín og ég sit hér engum til uppbyggingar -- þá hlakka ég til að koma heim með vorinu --

Ég hef nú aldrei skrifað Maríu -- svo ég skammast mín -- mamma skrifar -- en kannski hefur hún engan tíma í öllu þessu gestavastri,[3] sem heima er alltaf -- Heilsaðu Tuma -- frá mér --

Lýsir afmælishátíð hjá þeim vegna afmælis séra Helga, föður hennar, var það allt elskulegt og presturinn ekki geðstirður --

Ræðir tilstand vegna vals á tónlistarkennara í Odense sem hann ætlar að panta, þó dýr væri, og kæmi fólkinu heima það ekki við.

Fór í heimsókn til séra Hoffmeyer er tók henni vel. Nánasti vinur Jóns bróður hennar og síðar biskup.

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Östrup præstegård. 28.8.1891.

-- ég er svo ólukkuleg yfir hvað Lili er sorgmædd, og yfir því að Tómas skuli drekka svo mikið, sem frúin hefur sagt mér, og þegar hann kemur hingað á morgun, þá segi ég það satt, að ég veit ekki hvort ég þoli að sjá alla þá sorg, því frúin ætlar víst helst að láta Lili segja honum alveg upp og aumingja Lili er náttúrlega *fortvivluð*, bara þú, elsku Nonni minn, værir hérna hjá mér; mér finnst ég varla geta staðið á fótunum, svo kom þetta allt mér á óvart, guð einn veit hvað endirinn verður, ó, þú hefðir átt að segja mér að ekki væri allt eins og skyldi með Tómas, en frú Hansen hefur fyrst fengið það að vita eins og það er í gærkvöldi, að hún talaði við Sven um það. Þú getur naumast ímyndað þér hvað þetta allt hefur fengið á mig, morgundagurinn verður þó allra verstur. Lili keyrði með pabba sínum að fylgja pastor Stenbuch (?) í morgun, og svo sagði frúin mér allt.

Ó, elsku Nonni minn, guð almáttugur huggi og styrki foreldrana okkar heima, þegar þau frétta það, og aumingja Lili nýtur náttúrlega alls ekki svefns eða matar. Hvað Tómas sjálfur gerir, ó, það er óséð. Ég hafði vonað eftir

[1] *Sigurður hagfræðingur Briem, bróðir Páls var settur sýslumaður í Vestmannaeyjum.*

[2] *Líkega Þórður Steinsson (1854-1926) faðir Þórbergs Þórðasonar rithöfundar.*

[3] *Oft í þessum bréfum nefna konur oft vastur, þar sem nú myndi notað vafstur, nema það sé horfið ú daglegu máli.*

svo mikilli ánægju af þessum túr hingað, en það er allt annað en ég hafi ánægju af honum, ég hugsa líka endilega, að annaðhvort Lili eða frúin hefðu talað um þetta við þig, en frúin sagðist ekki hafa vitað það og Lili auminginn, hefur víst ekki viljað tala um það. Guðs vegir eru órannsakanlegir og hann hefur viljann og máttinn að snúa öllu til hins besta, en það er sárt að verða fyrir þessari sorg, einmitt þegar maður vonaði að allt væri gott.

Ég get ekki skrifað meir, ég enda þetta á morgun þegar hjónin, Tómas og Lili, eru búin að tala saman. Ég get heldur hvorki hugsað né skrifað, því þetta allt kom svo óvænt, ég sá reyndar strax að eitthvað væri í veginum, en vissi ekki hvað það var. Ég veit ekki hvert ég átti að óska mér; alls ekki að vera hér, eða er það rangt? kannske er betra, en ég hefði verið í sakleysi heima í Korup, og fengi svo að heyra, að allt væri búið milli þeirra.

Betra þú værir kominn, hjartkæri Nonni minn, til að vera hjá mér á morgun. forláttu þetta allt þinni sorgmæddu systur.

29.8. Tómas er ekki kominn, en ég vil senda þetta þér samt, svo þú vitir hvernig allt er, því ég ímynda mér þú vitir það ekki annars. Lili er náttúrlega svo fortvívluð og er hún að bíða eftir að hann komi.

Ó, ég get ekki hugsað til þessa alls, bara ef þú værir hjá mér, elsku Nonni minn. Ég veit ekki hvernig ég get fengið þennan langa dag til að líða. Vertu blessaður, hjartans Nonni minn, forláttu og skrifaðu mér bráðum.

Guð minn góður færi þetta allt til betri vegar. Ég er þín einlæg og elskandi Alla.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda. 2.9.1891.

-- Jeg þakka þjer sem best fyrir síðast. Ferðin austur gekk einkar vel. Eptir að Sigurður bróðir minn skildi við mig fóru þeir Sigurður Kristjánsson og Þorleifur Jónsson með mjer upp á Kolviðarhól og þar tóku þeir upp töskur sínar og voru þar bæði vín og vistir og sátum við þar í góðum fagnaði alllangan tíma. Síðan hjeldu þeir heimleiðis, en jeg fór Lágaskarð og reið hægt, var á Hrauni um nóttina, hjá ekkju þar, sem er frændkona okkar. Amma hennar var Hólmfríður í Þorlákshöfn og kvaðst konan vel muna eptir að gjafir hefðu gengið á milli Hólmfríðar og Valgerðar móður þinnar. Þaðan fór jeg svo á sunnudagsmorguninn og fór yfir Ölfusá á Óseyrarnesi og komst svo á Eyrarbakka skömmu fyrir hádegi og austur að Hala um kveldið.

Uppskipunin hafði orðið mjög dýr, 3-400 kr., en jeg vonast samt til að þetta verði nokkuð billegra en flutningur með öðru móti. Jeg fór með Þórði ofan á sand morguninn eptir og var þar mikill viður saman kominn. Síðan reið jeg upp að Ási og leist mjer þar vel á. Hússtæðið er vestan við bæinn á háum þurrum stað og leist mjer svo á sem þar myndi vera sandsteinn niðrí. Brunnur getur vel verið og held jeg vatn verði gott. --

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup. 2.9.1891.

-- Ég þakka þér hjartanlega fyrir öll blessuð bréfin frá þér, alltaf hefur mér þótt vænt um að fá þau, en ekki minnst núna, því það er sannast að segja að ég er viss um að enginn hér í veröldinni á eins umhyggjusaman og góðan bróður eins og ég; ég sé það alltaf betur og betur, og þakka guði fyrir það, ef þú ekki værir til að skrifa mér og hughreysta, þá gæti ég ekki hrist eins af mér, það sem mér finnst svo þungt, nefnilega að vera hér langt frá pabba og mömmu og Dísu, sem tekur svo sárt til þess sem Tuma viðkemur.

Mér líður nú vel, guði sé lof, og nú ætla ég að reyna að vera glöð eins og ég var á undan skemmtitúrnum til Östrup. Ég hefði átt að hlakka meir til að vera þar í nokkra daga, saman með T.

Hjónin voru mér skelfing góð bæði, en mér finnst þau samt ekki líta rétt á þetta allt, og það þykir mér sárast, að mega hlusta á hvernig þau uppfatta það allt, en annars hafa þau ekki talað neitt um það þangað til presturinn Mogensen, fór að segja mér að syngja æfingar, en ég sagði ég ætti svo bágt með það, þá hélt hann langan fyrirlestur, ekki beinlínis til að lá mér það, heldur til að segja mér að ég ætti ekki að taka mér þetta svo nærri, því nú ætlaði hann að bjóða ykkur Tuma hingað um jólin, það var að hans meiningu fjarska mikil huggun fyrir mig, og svo náttúrlega fyrir ykkur, og ég gat ekki neitað því að það finnst mér nokkuð barnalegt, en eftir þeirra dönsku siðum þá er víst ekkert í því, allt svo mikið; mig langar að vera saman með ykkur og sjá ykkur, þá dettur mér ekki í hug að óska ykkur hingað út, ef ég á annað borð verð hér. Ég get ekki skilið að honum detti í hug að þið þiggið það náðarboð.

Þú getur verið þess fullviss, hjartkæri Nonni minn, að ég er ekki hrædd um (að) þú sleppir hendinni af Tuma hér eftir, og ég má skammast mín fyrir að ásaka þig fyrir að þú sagðir mér ekki frá hvernig allt var, það var til að hlífa mér við sorg yfir því.

-- ég verð að hætta í þetta sinn og bið þig forláta mér fráganginn, bráðum skal ég skrifa þér aftur.

Mikið hefði nú verið gaman að geta horfið og sjá Óla (bróður hennar í Khöfn), en kannski sé ég hann meir í haust, ég á nú að keyra til Odense í fyrramálið og syngja, en ég hef ómögulega getað æft mig, það er eins og eitthvað sitji mér í hálsinum alltaf. -- ef þú værir ekki hér gæfi ég lítið fyrir allt þetta. Guð almáttugur gefi mér að frétta allt gott af ykkur báðum. Það er það sem hughreystir best, ykkar heittelskandi litlu systur. --

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup. 7.9.1891.

Segir mest frá söngnáminu og söngkennaranum.

-- Ég kvíði fyrir að skrifa heim -- því ég get ekki látið vera að hugsa um hvað elsku mömmu minni og pabba muni verða hverft við þær fréttir sem þau fá, þó ég á hinn bóginn viti, að það kemur aldrei svo póstskipið heim að þau ekki eins búist við slæmum fréttum, eins og góðum, þó þau í seinni tíð hafi verið farin að vera svo róleg með allt sem T. viðkom, af því þau álitu hann væri nú eins og hann átti að vera. Ég veit líka að þau taka það með skynsemi og álíta það best eins og það er komið. Trúlofun Tómasar hafði Stahlfest Möller sagt þeim í Östrup frá -- eins og margar fleiri sögur sem hann hefur sagt þeim; hvað er satt af þeim veit ég ekki -- þó nokkuð sé rétt --

Ég verð nú að hætta, því ég þarf að skrifa bréf fyrir frúna og tvö skrifaði ég í gær en fjögur á laugardeginum, það er einn endalaus *correspondance* sem sú manneskja hefur og nú getur hún ekki skrifað þetta bull, svo forskrúfað sem það er, vegna fingursins, sem enn er stífur.

En ekki þykir mér mjög gaman að hanga yfir að skrifa allrahanda Hofjægermeisturum og þeirra kerlingum -- Þó segi ég það velkomið, fyrst hún vill nota mig til þess. --

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup. 11.9.1891.

-- Guð veri lofaður fyrir fréttirnar af Tómasi. Frú Hansen og Lili komu hér í fyrradag og þótti mér það ekki mikil ánægja. Lili sagði að Tómas hefði skrifað ósköp óartugt bréf til mömmu sinnar, og þú mundir líklega ekki hafa góð áhrif á hann í því efni -- það ætti Tómas heldur ekki að gera, að vera að skrifa þangað -- því það er ekki til nema ills eins, hann getur náttúrlega ekki látið vera að vera bitur við það fólk, og því er betra fyrir hann að vera alls ekki að skrifa; mig langar ekki til að það bætist á allt annað, og Lili ekki haft annað að tala um þegar hún kemur hér en hvað hann sé taktlaus og skrifa móður sinni óartug bréf, það hafði hún ekki fá orð um við mig. Hvort hún hefur talað um það við hjónin veit ég ekki --

Hún segir líka sér taki það sárt að þú skulir snúa þér með reiði frá þeim þar, því hún vilji að allt sé einsog áður á milli sín og þín, en ég hef nú sagt henni að það mætti hún ekki taka sem reiði, þó þú gætir ekki verið eins og áður *overfor* þeim, það á ég fjarska bágt með og vil ég þó reyna það einsog ég get, það er ekki gott að læra sjér til að vera öðru vísi en tilfinningin býður manni.

-- ég reyni að vera brosleit og hugsa um allt annað -- hugsa bara, það væri indælt ef T. yrði reglusamur, þá skyldi ég aldrei syrgja yfir mágkonumissinum. --

Biður um nótur sem Tómas hafði fengið frá henni.

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup.16.9.1891.

Þakkar nótur sem hann sendi henni.

-- Ég skal launa það allt þegar ég er orðin stór, þú mátt hugsa sem svo, þó ekki sé komið að því, en það er ekki svo víst. --

-- Ég hef haft það *travlt* -- og ekki haft tíma til að *"grubble".*[1] -- Her er fullt upp af *officerum* og *löjtenöntum* og maður getur ekki gengið um án þess að reka sig á þann ófögnuð í uniformum, hér hafa verið einn *löjtenant* og *intendant*, fyrir utan 6 *soldater* og tvo *oppassere*. Fóru þeir í gær, en *löjtenanten* í fyrradag, því hann bar sig ekki vel að hér, það var með öðrum orðum fínt klædd *peysa,*[2] en nóg var hann laglegur, ekki vantaði það, þú mátt trúa hann var ekki öfundsverður af æfinni sinni tvo síðustu dagana, þegar presturinn vissi hvernig hann var. Ég vildi sannarlega ekki hafa orðið fyrir öllum þeim háðsglósum og fyrirlitningu, sem hann fékk, en hann átti það skilið --

Ég er búin að lesa bókina sem þú sendir mér, hún er indæl. og ég er alveg á sama máli með þeirri sem skrifar að ungar stúlkur eigi að reyna að læra eitthvað verulega gagnlegt, ekki eintómt fítl,[3] áður en ég fer heim, nokkuð sem heitir *Norsk husflidsvæv*. Ég hef lesið um það verk og álít það gagnlegt og um leið skemmtilegt. Ég veit að mömmu minni þykir vænt um ef ég lærði það, og mig langar svo skelfing til að gera henni til gleði, sem ég get. Hefur þú ekkert heyrt um þetta verk? Kursus í því byrjaði 1. apríl. Ég náttúrlega veit svo ekkert meira um það. -- En mér hefur dottið í hug hvort ég ekki gæti lært það, þann tíma sem ég máske væri í Höfn áður en ég fer heim -- Þetta spekúlera ég nú á milli dúranna á næturnar. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Kornsá. 20.9.1891.

Segir ferðasögu um Kalmannstungu og Grímstunguheiði í slæmu veðri.

---

[1] *Grufla*

[2] *Peysa - mætti leggja út sem sveitadurg.*

[3] *Fitl/fítl, þ.e. kák.*

Eggert G. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 23.9.1891.

-- Illa er mér við meiðyrði, og ekki marka jeg allt, sem sagt er upp í eyrun.[1] --

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup. 25.9.1891.

-- Mikið gleður það mig að frétta af Tuma. Guð gæfi það mætti haldast -- enginn hlutur í veröldinni skyldi gleðja mig meir, en ef hann héldi áfram að vera iðinn og reglusamur, sérstaklega -- vegna pabba míns og mömmu, sem ég veit að aldrei láta líða einn dag án þess að hugsa til hans. Þau hafa sannarlega þurft að reyna svo marg í lífinu, að synd er að það bætist ofaná.. En hvað hefur hann til að lifa af? Hefur hann nokkra peninga? Ég vildi óska að ég væri orðin svo rík að ég gæti hjálpað honum um peninga, ef hann kannsi gæti náð prófi eftir öll þessi mörgu ár, og fengið einhverja stöðu.

Hvað mikil huggun það er fyrir okkur systurnar að vita af þér hjá honum og geta styrkt hann með góðu eftirdæmi og verið honum þaraðauki til ánægju og uppörfunar þegar han er daufur og þungsinna -- ekkert getur bætt hann ef ekki þú, eins og hann líka sagði við mig um kvöldið í Æstrup að hann væri viss um þú yrðir sér góður og sneri þér ekki burt í reiði, þó hann oft hefði mætt þig --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda. 30.9.1891.

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir síðast og óska að þú verðir eins frískur þegar þessi miði kemur eins og þú varst best í sumar.

Jeg var áðan að kaupa kind, sem jeg sendi þjer, ekki til að setja á, heldur til að setja í pottinn, og vil jeg óska að þjer smakkist vel. - Markið er blaðstíft framan, standfjöður aptan, hægra, sýlt vinstra og færir þjer hana maður hjeðan, sem heitir Ingimundur Benediktsson,[2] náfrændi Benedikts Sveinssonar.

Jeg sendi þetta brjef með sonum Sigurðar á Barkarstöðum. Jeg var í fyrradag og gær að skipta eptir móður þeirra.[3] Opt minnist Sigurður á Barkarstöðum þín[4] með mikilli velvild og talar um það hvað sjer hafi þótt leiðinlegt að þú hafir eigi sest að hjer í sýslunni. Vindurinn blæs á norðan. Jeg bið kærlega að heilsa Jóhönnu og öðrum heima og kveð þig sem bezt. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 30.9.1891.

Segir frá námi Eggerts og Vilhjálms mága sinna. Sigurður ætlaði að kenna reikning í 1. bekk. Páll Melsted bað hann um að taka að sér kennslu (í Kvennaskólanum) og létta á sér. Hitti tengdaföður sinn, lítið, herberg hans sé ókynt og hann lasinn. Óskar að hún gæti fengið tækifæri til að annast hann, fá hann til að styrkja sig. Ræðir brúðkaup þeirra þennan dag, segir sér finnst síður en svo að hún sé miðaldra, frekar jafnung og áður.[5]

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 30.9.1891.

Segir frá ferðinni sem hélt áfram að Ytri-Ey, síðan til Sauðárkr. þar sem hann hitt Matth. Joch. Hélt með honum til Ak. og á leiðinni inn í Skagafj. og þar sem HB hitti Claessen. Þeir ræddu mikið um Eggert (væntanl. son Claessens) um nám hans o.fl. Ræðir breytinguna á húsi Stefáns sem kostaði mikið og á ofan féll verð á sauðfé. Virðist minni aðsókn að skólanum vegna árferðis.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 2.10.1891.

-- Eggert bróðir H.E.B. tók inntökupróf og stóð sig vel. Situr sjálf í herbergi sínu við lestur og þýðingar.--

Séra Valdimar Briem skrifar Halldóri E. Briem. Stóranúpi, 2. okt. 1891

*Þakkar fyrir komu H.E.B. í sumar; sem og fyrir **Mállýsinguna** er hann hrósar. Gagnrýnir þó að bókin skuli kölluð "Stutt ágrip" en hefði mátt kalla "langt" því honum þykir það full langt fyrir unglinga sem ekki eru í lærðum skóla. Sama gætir þú sagt við mig um Biblíuljóðin*

-- eins verð ég að hafa mig hægan. --

Það sem H.E.B. segir um að bókin sé fyrir alþýðuskóla sé takmarkað því þeir séu aðeins tveir. Bókin væri góð fyrir latínuskólann og alla sem eru ekki að sérhæfa sig í málfræði.

---

[1] *Að segja upp í eyrun, þýðir að segja það sem viðkomandi vill helst heyra.*

[2] *Ingimundur Benediktsson, afi Sigríðar Dagbjartsdóttur, konu minnar, sem eftir fjölmörgum leiðum var í tengslum, sumum nánum, við fjölskyldu mína.*

[3] *Ingibjörg (1816-1891) á Barkarstöðum í Fljótshlíð, systir séra Tómasar Sæmundssonar, Fjölnismanns, afasystur séra Jóns og Álfheiðar Helgadóttur.*

[4] *Þarna voru tengslin frá þeim tíma er hann ólst upp á Breiðabólstað.*

[5] *Hún var þrítug.*

-- Ef ég mætti ráða, skyldi ég láta hana útrýma bæði Halldóri[1] og Wimmer,[2] en það er nú ekki hætt við því, að ég verði látinn ráða í þessu. Halldór heldur náttúrlega í sína bók, og Jón rektor og Björn Ólsen í Wimmer og Pálmi *dependerar*[3] víst af öðrum hvorum. Mitt "*videtur*"[4] er því að orðið "stutt" og "handa alþýðuskólum" hefði átt (að) falla burt.--

Segir HB alls staðar heima þar sem hann hefði fengið styrk til að gefa út þykkvamálsfræði. Þykir það ekki gott orð og leggur til að hann fái ráð hjá málhögum, þó ekki séra Arnljóti sem myndi kalla bókina þykkildfræði.

Leggur til að HB skrifi í Kirkjublaðið.--

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup præstegård. 3.10.1891.

-- Ég er nú komin á ról aftur eftir lapparmeiðslin. -- síðan ég seinast skrifaði þér hefur mér hlotnast að sjá konunginn. Ég keyrði nefnilega til Marslev til að sjá *revyen* --og kom -- mátulega til að sjá kónginn og krónprisinn[5] og alla þeirra förunauta, það var sá mesti fjöldi af fólki, sem ég nokkurntíma hef séð á æfinni, fyrir utan þessar 15 þúsundir hermanna --

Segir frá miklum hátíðahöldum og tilstandi, bæði á heimilinu og í Odense og fjölda gesta sem gistu á heimilinu og miklum mat, dádýr og andasteik. Þá var henni boðið til Æstrup með hjónunum og þar átti að ræða um Tómas og Lili og vildi ekki fara. Fólkið væri aldeilis hlessa hvað Jón værir hjartalaus í málinu að hafa ekki skrifað Lili.

-- en ég sagði hvað þú ættir eiginlega að skrifa henni um, mér findist undarlegt ef þú færir til þess og eins og Lili datt ekki í hug að nefna það við þig þegar þú varst þar -- það væri búið hvort sem væri. -- en þau sögðu að ég ætti að vera eins mikið "*min faders datter*" eins og "*mine brödres syster*". Ég sagði þeim að ég vonaði að það tvennt gæti vel sameinast og svo skyldum við ekki tala meira um þetta, það væri ekki til neins að hryggja mig með því að staglast á því sem ég gæti alls ekki gert við, mér finnist það megi vera hjónunum hér nóg gleðiefni, að það er úti, því þau sögðust hvort sem er alltaf hafa vitað það yrði ekki neitt úr því. -- Ég sagðist bara óska að enginn ætti verri bræður en ég -- finnst mér að minnsta kosti frúin ekki vera svo "*kærlig sindet*" þegar hún er að tala um systur sínar. --

-- Ekki skal ég lá þér þó þig langi ekki að verða *landsbyprestur* hér í Danmörku --

Segir frá dræmri kirkjusókn þar sem hún hefur verið.

--því það ekki er mjög skemmtilegt og það verð ég að segja að íslenskt bændafólk metur meira góðan prest en ég ímynda mér að fólk hér geri --

-- mín löngun er einmitt að vera á Íslandi -- þó það sé ekki eins ríkmannlegt hjá fólki eins og hér, og þegar ég hugsa um hvað þau hafa nægtir af öllu í Odda og hvað þau eru vel metin af sóknarfólkinu, þá finnst mér það vera svo ánægjulegt sem ég get hugsað mér, ef ég á annað borði óskaði mér að eiga mann, þá væri það að eiga En íslenskan prest, sem væri prestur að meiru en nafninu - og hafa dálítið bú --

ég er hálfhrædd um að enginn blessaður kandidatinn meldi sig. Árni Þórarinsson[6] er mér alltaf til boða, en mig langar ekki! Nei nú er komið nóg af þessu bulli. Ég er hreint hlessa hvað það er orðið langt, ég skal líka hætta hreint. --

Annars bjuggust þau *(presthjónin)* við, að vera boðin upp á Korup gård, því það á að ferma Ingeborg á morgun, en þau ætluðu náttúrlega að segja nei, hvort sem var --

Elín E. Briem til Susie Briem. Ytriey 7. október 1891.

Segir ferðasögu norður og af heimsókn Halldórs, sem þó var misheppnuð því hún hafði slæma tannpínu.

---

[1] *Halldór Kr. Friðriksson: Íslensk málmyndarlýsing (1861).*

[2] *Gæti verið Forníslensk málmyndarlýsing hans sem Valtýr Guðmundsson þýdddi.(Rvík. 1885).*

[3] *Treystir eða byggir á.*

[4] *Skoðun eða álit.*

[5] *Þetta hefur verið Kristján 9. og sonur hans Friðrik 8. Það hefur aldeilis átt við ömmu, aðdáanda dönsku konungsfjölskyldunnar!*

[6] *Árni Þórarinsson og Álfheiður voru þremenningar og æfilangir vinir. En meira en það. Séra Árni missti föður sinn sex ára gamall og tók þá Þórhildur Tómasdóttir þennan frænda sinn að sér. Þannig að þessi tengsl urði enn nánari. En séra Árni mun hafa verið ósammála Jóni Helgasyni, syni Þórhildar, í trúarefnum. Gekk hann upp í því að lýsa ósamkomulaginu (kirkjupólitík mætti kalla það) en náin voru tengslin við Álfheiði alla tíð og hann heimilisvinur hennar fram á síðustu stund. Þegar ég hugsa um samband Álfheiðar og séra Árna, þá gæti það "forhold" sem hún lýsir ef til vill eiga einhvern þátt í ergelsinu milli þeirra vígðu frænda, svo maður noti nú dönskuna sem rifjast upp við ritun bréfanna.*

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup præstegård. 7.10.1891.

-- Mér líður, guði sé lof, vel í fætinum og hef líka þurft á honum að halda, því tvo fyrirfarandi daga hefur verið miðdagsgildi, í fyrradag voru 14 gestir, næstum allt úr Odense, og mátti heldur heita líflegt af miðdegi að vera. Ég hafði einn *amtsfuldmægtig* til borðs, það var náttúrlega afbragð, en einstakur sauður held ég það sé, vesalingurinn sá arni. Náttúrlega þekkti ég ekkert af þessum óþjóðalýð, en það var eintóm *elskværdighed* við mig.

Ég var með skaut; máttu trúa að ég var skoðuð, og fötin *beundruð*. Það ætlaði bókstaflega allt að rifna af *henrykkelse*. Jæja það er ekki oft á æfinni maður gerir lukku, minnsta kosti á ég ekki því að venjast, en sú kom tíðin, það er einna naprast, þegar það eru flíkurnar, en ekki maður sjálfur, sem er dáðst að. --

Segir frá alls kyns veislum og hljómleikum.

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup. 13.10.1891.

Þakkar honum fyrir Þjóðólf og Ísafold sem henni þótt gaman að. Segist stundum glöð en líka ómöguleg.

-- reyni að taka öllu með þögn og þolinmæði, það er eina ráðið, þar sem ekki er hægt að sannfæra þann sem maður á tal við. Háðsglósur eru of háfleygar til þess ég skilji þær. --

Segir frá ferð fólksins til Khafnar og allan undirbúninginn um teater og allskyns boð. Segir líka frá möguleikum þeirra Ólafs bróður þeirra að hitta þau þar.

Var í kirkju og getur vart lýst leiðinlegri ræðu. Sama hefði verið í næstu kirkju sem henni var sagt frá.

-- Ég held að öllum hafi komið saman um að það væri best að sleppa að fara í kirkju til að sækja slíkt guðsorð, því það er svo undarlegt með prestinn, að hann kemur með skammarræður og ætlar þeim það af söfnuðinum sem ekki kemur í kirkju. Altsvo fá þær fáu hræður sem villast þangað þetta allt, en hinir sitja heima og vita ekkert -- sumir sem ég hef hitt álitu í sinni einfeldni að presturinn hefði ekki verið með öllum mjalla. -- hann settist niður að skrifa næstu ræðu þegar hann kom heim -- við fáum annað eins næst. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reykjavik Oct 20th 1891.

Ræðir um ferð HB norður og gladdist yfir að hann var samferða séra Matthási frá Suðárkr. Segir af 88 ára afmæli tengdaföður síns. Siggi er stundakennari í Latínsk. og Kvennaskólanum.

Álfheiður Briem skrifar Jóni Helgasyni. Korup præstegård. 20.10.1891.

Bréfið fjallar um lasleika hennar og dæmalaust litla kirkjusókn enda hefði ræða prestsins einkum verið skammarræða yfir söfnuðinum fyrir lélega kirkjusókn yfir söfnuðinum sem þó mætti.

-- sumir álitu í sinni einfeldni að presturinn hefði ekki verið með öllum mjalla. Ég hugsaði með mér þegar úti var: Hann verður víst í dæilegu *humeuri,*[1] þegar hann kemur heim, eftir þessi ósköp. En sá sem var ánægður með *„den kjönne lidt alvorlige tale.* Það var hann sem alvöruna skorti minnst. Svo settist hann niður í gær eftirmiðdag og skrifaði ræðuna til næsta sunnudags, hvort það var af því honum fannst andinn vera yfir sér, veit ég ekki, en ef við fáum annað eins næst, þá hætti ég að fara í kirkju til að sækja mér frið og huggun. --

Mikið er Kristín[2] mágkona á fartinni. Mér virðist hún halda til í Konunglega leikhúsinu, það má vel notast við það -- kannski ég eigi eftir að vera þar. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 6.11.1891.

Ræðir skipaferðir. Spyr um þýðingu hennar á goðafræðinni. Hefur verið boðaður fyrir rétt á Hjalteyri. Tekur því létt.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Reykjavík, 6.11.1891.

Nú virðist Páll vera búinn að festa kaup á jörð, Árbæ í Holtum, því hann er að byrja að safna efnivið til byggingar.

-- en ef ég gæti fengið yfirdómarastöðu þá sækti ég um hana hvernig sem á stæði, en það eru víst engin líkindi til þess. -- Ég er alveg hissa á Kristjáni Jónssyni ef hann ætlar ekki að skipa málshöfðun gegn Eyfellingum sem voru í uppreistinni. Á það þá að vera alveg saklaust að hafa samtök og æsingar til að vinna misgjörð, þó aldrei

[1] *Skapi.*

[2] *Kristín Ísleifsdóttir (1869-1945) var mikil athafnakona, dóttir séra Ísleifs Gíslasonar í Arnarbæli í Ölfusi. Ólafur var málleysingjakennari (kennari daufdumbra, eins og stendur á legsteini hans) og var sjálfsagt í Höfn þess vegna. Hann var prestur fyrst í Gaulverjarbæ og síðar á Eyrarbakka og stofnaði þar málleysingjskóla. Hann dó 1904. Kristín giftist eftirmanni hans, séra Gísla Skúlasyni (1877-1942) Gíslasonar prests á Breiðabólsstað. Hann var bróðir séra Skúla Skólasonar í Odda sem átti Sigríði systur Álfheiðar. Og varð líka málleysingjakennari.*

nema menn hætti við það fyrir fortölur annarra þegar allt á að fara að byrja.

Ef þetta er aðeins *cogitativ*,[1] þá skil ég ekki lögin. Ég var búinn að tala við amtmann E.Th. Jónassen um þetta og þykir mér furða ef Kristján vill dómlaust láta kostnaðinn lenda á landsjóði. Ég skrifaði í september snemma um þetta til amtsins og þykir mér þessu vera farið að seinka því að ekki skrifar Kristján mér enn. Ég fæ líklega málið um nýárið --

Eggert G. Briem til Halldórs E. Briem. Rvík 10.11.1891.

--Mjer þykir undarlegt, að þjer skuli þykja gaman að skattyrðast við nafna minn á Glerá, --uppnefni varða við lög og lög eru bræðra sættir!

Það lítur út eins og Stefán frændi hafi orðið kenndur í heimboðinu á Espihóli, að hann skyldi fara að skíta út nokkra af þeim er höfðu boðið honum. Það er eins og hann hafi ætlað að reka af sér sliðruorðið, þar sem kvæðið hælir honum mest fyrir friðsemi. --

Ræðir að Ólafur Halldórsson verði amtmaður og Klemens sýslum.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rvik. 10.11.1891.

Biður hann um að láta sig sjá leikrit sín áður en hann sýni þau öðrum.

Segir Skúla hafa höfðað mál á hendur HB eins og búast mátti við. Biður hann um að láta sig fylgjast með málinu þótt henni mislíki málið allt.

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup præstegård. 11.11.1891.

Bréfið er skrifað á 23ja ára afmælisdaginn hennar og lýsir hún gjöfum, súkkulaðidrykkju og tilstandi í kringum það.

-- Þú mátt geta nærri, að það gladdi mig að fá öll bréfin að heiman, það var svo sem betra en allar fæðingardagsgjafirnar. Eins og þú hafðir álitið réttast, datt mér ekki í hug að senda Lili bréf mömmu. Ég hefði ekki gert það -- ég veit að aumingja mamma, sem var nú orðin svo róleg með Tómas, sem svo oft hefur gert, bæði hana og okkur öll, óróleg, hefur verið ósköp mædd af þessu öllu, og því skrifað þetta bréf, en eins og þú segir, er ekki nema til ills eins að vera gramur út úr því, heldur er best að sætta sig við það eins og komið er; ég segi það alveg satt, að ég bað til guðs að hvorki pabbi né mamma skrifi til Æstrup öðruvísi en *kjærligt* og ég var svo spennt fyrir þegar hjónin keyrðu þangað seinast, rétt eftir að bréf pabba var komið, að sjá framan í þau daginn eftir, en guði sé lof, þá hafði blessaður pabbi skrifað svo fallegt og milt bréf, að hjónin sögðu það hefði verið yndi að lesa það. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda, 22.11.1891.

-- Annars er það eins og vant er pennaletin sem kvelur mig og kenni ég mest um það hús- og búsáhyggjum mínum. --

Segist hafa farið austur undir Eyjafjöllum til að selja jarðarparta -- Á morgun fer hann til Eyrarbakka í kaupfélagserindum.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. St. á Háeyri,[2] 24.11.1891

Er hjá Guðmundi Ísleifssyni kaupmanni á Eyrarbakka. Segist hafa verið að koma á ferju yfir Þjórsá í miklum jakaburði og þurfti að láta hest sinn synda.

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup. 11.11.1891.

Þakkar góð bréf sem hún fékk á afmælisdeginum. Hafði presturinn tekið öll bréf sem hún hafði fengið undanfarna daga til að gleðja hana með á afmælisdeginum. Svo fékk hún góðar gjafir, blóm skartgripi hjá gestgjöfum sínum. Svo var haldin súkkulaðiveisla með afmæliskringlum o.fl.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum 1.12.1891.

Hefur skrifað leikritið Herra Sólskjöld. Sýndi það ýmsum á Akureyri. Vilja Jakob og Kristinn Havsteen fá það prentað og leggja út fyrir kostnaði þar til tekjur kynnu að verða. Er það komið í prentun og útgefið um áram. Leikrit hans, Frissi, verður leikið á Sauðárkr. Piltarnir hafa beðið HB um lítið leikrit fyrir sig. Ekkert enn gerst í málaferlunum.

Þykir leitt að föður H.E.B. falli þau þungt. Segist hafa penna sinn að vopni.

[1] *Tilgáta?*
[2] *Á Eyrarbakka.*

Susie Briem skrifar Halldórs E. Briem. Rvík. 2.12.1891.

Vinnur að þýðingu goðafræðinnar fyrir H.E.B. Sagðist hafa sýnt konum er vinna við leikssviðsetningu leik HB en þær hafi ekki viljað það. Segir laun fyrir íslenskt leikrit hafi verið hækkað í 1000 kr., þó sé ekki víst að neinn hljóti þá upphæð. Leikritin hafi verið fjögur er komu til greina, eftir Gröndal, Eggert (Ó. Brím) frænda hans, Indriða (Einarsson). Þekkti ekki hið fjórða.

Eggert bróður hans gangi vel í skóla.

Elín E. Briem til Halldórs E. Briem. Ytriey 9. desember 1891.

Íslenska málfræðin og enskubók Halldórs er í uppáhaldi í skólanum. Vantar danskar bækur í sama stíl.

Séra Jón Pálsson frá Dæli er kominn, reglumaður og er nýtt hér í brauðinu þar sem frá ómunatíð hafa verið drykkfelldir prestar.

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup præstegård. 22.12.1891.

Álfheiður er komin úr ferð með prestshjónunum til Hafnar. Og gekk allt vel. Segir að hún hugsi mikið hvernig bræður hennar hafi það í Höfn.

-- og hvað þið Tómast hafist að; hann bætti ekki úr jólagleðinni fyrir mér, heldur en hann er vanur þegar hann hefur verið nálægt mér. Það verður víst það sama svo lengi sem hann lifir. --

Hvað riklingnum viðvíkur, þá er víst ekkert ráð við þeirri lykt sem hann hefur í för með sér, nema að keppast við að borða hann svo sem hægt er. Það er annars leiðinlegt, því ekki hefur blessuð mamma hugsað það yrði til að fæla alla frá þínum húsum, þegar hún sendi hann. Getið þið ekki fengið að láta kassann standa í kjallara eða á hæsta lofti og sótt svo bara það sem þið borðið í það skipti? --

Guð gefi þér góð og gleðilegt jól, ástkæri Nonni minn, með ekki alltof mörgum „*bekymringer*“ fyrir Tómasi. --

Vonar að þau verði saman heima næstu jól!

-- Viltu heilsa Tómasi, ef hann kærir sig um mínar kveðjur. --

1892

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup præstegård. 4.1.1991.

-- hjónin hafa legið í rúminu á víxl -- og má heita að ég hafi setið við rúmin þeirra allan daginn og mátt hafa mig alla við að skemmta þeim, ýmist með söng eða hljóðfæraslætti!!

-- fór með prestinum til Ubberud og gekk mér furðanlega að gera honum til hæfis, svo hann hefur mátt heita mjög *medgörlig* síðan við komum heim, Ég held ég sé búin að komast út af við hann, því hann er aldrei svo í slæmu skapi, að ég geti ekki nokkurn veginn haft hann góðan, og það jafnvel þó Fríða[1] hans, eigi bágt með það.

Segir frá vandræðum þegar hún hittir Lili, áður kærustu Tómasar, sem hún gerði, daginn sem hún skrifaði bréfið, dóttur nágrannaprests þeirra á Sjálandi.

-- Heilsaðu Tómasi, guð gefi hann sé ekki alltaf fráleitur, ég get aldrei látið vera að hugsa um hann, og hvernig það muni fara fyrir honum; með hans próf, ef hann einhverntíma tekur það. Guð gefur að það verði ekki foreldrum okkar til sorgar, þau hafa oft verið áhyggjufull --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda, 4.1.1892.

Segist hafa fengið boð frá Hermanni sýslumanni (Johnsen) á Velli um að hann vildi selja allt er hann ætti þar. Lýsir ástandi húsa og verði ásamt tilboði sínu. Segist ekki ætla að stunda mikinn búskap. Af orðum PEB má ráða að Jóhanna systir hans muni verða ráðskona hjá honum og faðir hans muni koma austur til hans. Einnig að hann ætli að sækja um dómaraembætti í Rvík. Líklegt telur hann að Halldór Daníelsson muni líka sækja um embættið.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvellir 6.1.1892

Leikarar fyrir sunnan virðast hafa hafnað leik hans. Ástæðan virðist að leikritið hafi verið of stutt. Ræðir einþáttunga. Herra Sólskjöldur er að koma út og verður leikritið sent SB. Ræðir pólitíkina í því og leikritasamkeppnina í Rvík. Skrifaði stutt leikrit: Biðillinn, fyrir skólapilta sem hafa sýnt það: Gestakoman, og tókst að vekja hlátra. Ræðir prentun bóka sinna og stofnun gagnfræðaskóla í Rvík.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 8.1.1892.

Gleðst yfir að hann hafi lokið við leikritið. Grunar óljóst af því sem hann sagði um það að hann telji að henni líki það ekki. Hefur sýnt það fólki á Ak.

-- fortunately or unfortunately. --

Hún hefur heyrt ýmsa nefna leikritið. En hún á von á því með næsta pósti. Hefur heyrt af málarekstrinum við Skúla og á von á sekt. Kvíðir ef hún verður þung. Segir af jólahaldi og gleði Eggerts tengdaf. hennar við spil fram að miðnætti, tók tíma fyrir hann að ná sér. Þá efndi Jóhanna systir HB til 19 manna veislu 2.1. og rýmdi eina stofuna svo hægt væri að dansa og fara í leiki. Næsta kvöld hélt hún sjálf ámóta veislu, þar var dansað meira. Jóhanna heldur aðra veislu næsta dag og þar m. er jólahaldi lokið. Þá héldu skólapiltar álfadans og leikfélagið setur upp Ævint. á gönguför.

Ræðir húsnæðismál næsta sumars. Þröngt verður þegar HB kemur.--

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup præstegård. 13.1.1892.

Segir dvöl sína fara að styttast því hún ætli sér að verða samferða Ólafi bróður sínum heim frá Höfn í marz og ætli sér áður að sækja mánaðarnámskeið í vefnaði í Khöfn.

Þá ræðir hún bréf sem prestsfrúin skrifaði heim til mömmu þeirra og sem hún sendir með bréfinu og ráðleggur honum að lesa það. Hún sé áhyggjufull yfir Jóni, því henni lítist ekki á holdarfar hans, hann sé horaður og aumingjalegur, og líka hafi hún áhyggjur af Tómasi. Biður hún Jón um að borða hafragraut. Þau virtust hafa rekist á Tómas drukkinn á götu í Höfn eða í ástandi sem var ekki sem skyldi. Þau hjón virtust telja að Jón væri svona tekinn vegna „bekymring“[2] af Tómasi.

[1] *Hér kemur nafnið Fríða. Áður kom nafnid Friede. Þessi prestfrú tók af Álfheiði loforð að ef hún eignaðist dætur myndi hún láta einhverja heita í höfuðið á sér. Þurfti móðir mín að dragnast með þetta nafn gegnum lífið, kölluð Fríða af frændum og vinum. Þótti henni þetta illþolandi, ekki hvað síst þegar þjóðin var að brjótast undan veldi Dana.*

[2] *Áhyggju.*

-- Nú *ræsonneraði*[1] hún ógn í bréfinu til mömmu; hvaðan hún hefur sumt af því sem hún talar um, veit ég ekki --

Datt Á. í hug að mamma þeirra myndi kannski senda Tómasi bréfið til að sýna að fleiri hefðu áhyggjur af honum.

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Korup. 15.1.1892.

Ekki er ástandið gott á heimilinu því bróðir prestsins er kominn fyrirvaralaust frá Ástralíu og byrjaði á að taka út fjárupphæð hjá víxlara og prestinum mjög brugðið yfir sínum mjög drykkfellda bróður. Til að gleðja hann sagðist hún verða 6 vikum lengur á bænum. Muni hún því fara nokkru seinna heim.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda, 27.1.1892.

Hættur við kaup á Velli þar sem verðið hefur verið hækkað. Bræður PEB, Eiríkur og Sigurður vinna að því að hann komist til Rvíkur, væntanl. í dómaraembætti. Er hann spenntur fyrir því enda erfitt að kaupa jörð og setja upp bú þar eystra, væntanlega til skamms tíma. --

Susie Briem til Halldórs E.Briem. Reykjavik Feb. 5th 1892.

Dear Halldór!

-- Lýst ekki á - Sólskjöld - og frekara at við Skúla. *„Let sleeping dogs lie*.“[2] --

Ræðir málaferli Skúla.

Segist hafa skemmt sér og gengið vel skautahlaup. Segir frá l´hombre-spilamennsku vinkvennanna, uppsetningu leiks Ibsens, Víkingana á Hálogalandi, sem Kristján Þorgrímsson og leikfélagið. ætlar að setja upp. Hún telur það verða því ofviða. Biður um leikrit HB er hann samdi fyrir skólapilta. Segir frá barnamissi þeirra V. Claessens og að Eggert sonur hans standi sig vel í Latínusk. Segir Pál bróður HB hættan við að byggja og stofna bú. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum 2.2.1892

SB er léttlynd í bréfi sínu og hefur skemmt sér vel á jólum í Hafnarf., síðan til Rv. og verið í leikhúsinu. Ræðir hugsanl. húskaup, lýst ekki á. Spyr hvenær faðir hans fari til Hafnarfj. til að vera hjá Gunnl. Ræðir húsnæðismál þeirra. Hefur skrifað sér til gamans tvö leikrit, Þórunn hyrna sem er einskonar framhald af Helga magra Matthíasar og Tengdamóðurina, einþáttunga. Ýmsir hafa reiðst leikr. Sólskjöldur. Hefur selst þannig að það borgar sig. Segir frá málaferlum Skúla.

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík, 5.2.1892.

-- Að vísu langar Pál til að komast hingað, en það er allt í óvissu um það enn.

Kristján[3] er settur amtmaður og svo heyrist ekkert frekar um það. En eftir nýárið gerði Hemannius sýslumaður Páli boð, hvort hann vildi kaupa Völl með öllum húsum, hann ætlaði þá til Rvíkur. Páll gekk að því fyrir 3.800 kr. til að komast hjá að byggja í bráð og hefur svo afsalaða sér ½ Ási í Holtum, en verður líklega að borga eins árs afgjald fyrir gabbið. Hann verður líklega neyddur til að byrja eitthvert búhokur á Velli í vor, því þó eitthvað losnaði hér, yrði það líklega eigi neitt fyrr en einhverntíma í sumar. --

Páll er kosinn amtráðsmaður fyrir Rangárvallasýslu og kemur hér á fundi í júnímánuði. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda, 11.2.1892.

Segir vandræðalegt hafi verið með sölu timburs er hann átti, þar eð hellirigning og veður gerði sölu torvelda og verð auk þess farið lækkandi.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda, 25.2.1892.

Fór austur undir Eyjafjöll

-- og kumlaði mig þá á hnúunum í Affallinu og er því stirðari um alla skrift. --

Þegar PEB kom aftur var

--rennigaddur kominn yfir --

-- og ákvað að draga timbrið sem hann átti upp á Bakkabæji, rétt við Þverá fyrir neðan Odda. Þegar hann

[1] *Velti hlutunum fyrir sér.*

[2] *Vekið ekki sofandi hund.*

[3] *Kristján Jónsson síðar dómstjóri og ráðherra. Þetta var í Suður- og Vesturamtinu og gegndi hann því 1891-94.*

kom þangað var mikill sandur kominn að timbrinu,--

-- járngaddaður. -- kom mesti sægur af mönnum úr Landeyjum, Holtum og af Rangárvöllum og vildi fá timbur. En ég sagði þeim að þeir fengju ekkert fyrr en búið væri að taka upp allt timbrið svo að þeir fóru að hamast í að höggva gaddinn og losa timbrið og bera það; svo fór ég að selja og seldi á svipstundu fyrir 7-800 kr., og það á fullu verði. --

Segir og frá kolaflutningum sínum og ýmsu til að styrkja sig í búsetu. Segir einnig frá áhuga sínum fyrir bænum á Hrafnatóttum. --

Annars getur Ingimundur[1] sagt þér allt um mína hagi, ég hef beðið hann að koma til þín.--

Ég fór austur undir Eyjafjöll og samdist þar að ég lofaði þjófunum að fara í verið en dreg málin til vors. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 29.2.1892

Ræðir enn um Skúla og segir að tvær níðgreinar hafi birst um sig, eftir að Sólskjöldur kom út, í Norðurljósinu. Ég mun ekki svara. Skúli vann málið gegn HB og er sekt 80 kr. í ríkissj. Mun hagnast meira á Sólskildi og því er þetta ekkert. En dómarinn gleymdi málskostnaði 35 kr. og ekki vitað hvernig fer. Eggert á Glerá sem flutti málið er að velta fyrir sér annari kæru v. Sólskj. en vekur aðhlátur fyrir.

S.B. fer á skautum og lýst HB vel á. Fellur ekki að S.B. taki við boðum biskupsekkjunnar og sitji þar með Þorvaldi (Thoroddsen).

Gleðst yfir að Páll ætlar ekki að byggja á Ási sem er illa í sýslu settur.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Hafnarfirði. 2.3.1892.

Ræðir málaferlin v. Skúla. Spennt að frétta þótt hún segist hafa sett sér þá reglu að skrifa aldrei um mál er valdi henni hugarvíli. Minnist hún ekki frekar á málið. Hissa að hann sendi henni ekki leikritin sín. Þær Hólmfríður (Gísladóttir, frænka H.E.B., sem ólst upp hjá móðursystur hans í Viðey) og hún fóru í Hafnarfj.

Séra Valdimar Briem, frændi hans og Ólöf á Stóra-Núpi, misstu son sinn, Jóhann (1874-1892) úr lungnabólgu.

S.B. hefur verið á skautum, daglega, stundum þrisvar á dag. Fellur sú hreyfing betur en gönguferðir. Uppfærsla Víkinganna gekk vel.

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 3.3.1892.

-- Allt í sömu óvissunni með okkur Pál - mig minnir að ég skrifaði þér síðast að Páll væri búinn að afsala sér Ási, en hafði von um Völl, en Hermannius er hvorki hrár né soðinn, hvort hann muni flytja þaðan, svo nú er Páll farinn að hafa auga á annari jörð; Rafntóttum í Oddasókn. --

Nú er miðsvetrarexamen afstaðið í skólanum. Eggert Claessen heldur sínu sæti, 3. af 16 í 1. bekk. Þú veist að Sigurður kennir stærðfræði í 1. bekk fyrir 90 au. um tímann og í kvennaskóla Thóru M. fyrir 50 au. um tímann, svo er hann á skrifstofu landshöfðingja þrjá tíma á dag kl. 4-7 og fær fyrir það 30 kr. um mánuðinn (ca 40 au um tímann) og að öðru leyti er hann að semja landhagskýrslu í stjórnartíðindin. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda. 7.3.1892.

Hefur Páli boðist Árbær í Holtum sem hann ákvað að taka og ætlar að byggja þar og ljúka í júlí en þá geti faðir hans komið til hans. Biður Jóhönnu systur sína að kaupa línlök.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda. 12.3.1892.

-- Nú byrja aðdrættir vegna byggingar í Árbæ og húshalds í eldhús og stofur. --

Spyr Jóhönnu systur sína ráða. Ræðir einnig kaupakonur f. sumarið.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda. 20.3.1892.

Segir frá stærð og fyrirkomulagi hússins og áætlun um mannahald. Einnig ræðir hann um flutning föður síns austur ásamt öðru til búsins. Gerir ráð fyrir að Elín systir hans komi til hans um sumarið.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 21.3.1892

Ræðir leikrit sín. Svarfdælingar ætla að leika einhver þeirra en leikarar á Ak. vilja ekki leikrit hans. Segir sögu af Skúla, Friðbirni Steinssyni og Eggert á Glerá vegna Sólskjaldar. Nú er H.E.B. að semja langt leikrit um landnám Vatnsdals: „Ingimundur gamli og synir hans.“ Segist hafa meira að gera en hinir kennararnir.

[1] *Ingimundur Benediktsson í Kaldárholti uppeldisbróðir séra Skúla í Odda. frá Breiðabólstað. Afi Sigríðar konu minnar.*

Vinnur að handriti að stereometry.[1]

Lítur út fyrir að Skúli verði kosinn í Eyjaf. Benedikt reynir við S-Þing.--

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 24.3.1892.

Fegin að málaferlum sé lokið - þótt hann hafi þurft að greiða sekt. Gleðst yfir að Skúli hafi þó tapað máli fyrir vestan. Sigurður Briem er á Akranesi til að gera upp bú Snæbjarnar kaupmanns sem er gjaldþrota. Sveinbjörnsen hefur loks sagt upp bankastjórastarfinu. Gettu hver ég vona að fái starfið? Páll hefur leigt fjórðung Árbæjar --

-- og ætlar að stunda búskap. Hugmyndin er að Jóhanna og faðir þeirra fari þangað í júní. --

Leið á að hann skuli gera þetta því hann hefur með því misst af stöðu hér. Faðir þeirra stenst ólíklega ferð austur. Ræðir veikindi og brottflutning Þorvaldar Thor. og fjölskyldu.

Elín E. Briem skrifar Haldóri E. Briem. Ytriey. 27.3.1892.

Fer suður aftur m. HB. Ræðir um að fara til Páls um sumarið ef hann fer að búa.

-- Mín ferð suður er nú raunar enn í óvissu, því ef Páll fer ekki að búa í vor fer jeg ekki suður fyrr en seinna þá líklega með skipi í júlí; en ef Páll fer að búa hef jeg lofað honum að fara til hans stax sem jeg kemst hjeðan og vera svo hjá honum allt sumarið. Seinast þegar póstur kom var allt í óvissu, því Páll er að hugsa um að sækja um embætti í Reykjavík og er þá til lítils fyrir hann að hugsa um búskap fyrir eitt ár. --

Það er annars undarlegt fyrir Páli að vera aldrei búinn að gjöra út um, hvernig hann ætlar að hafa það eftirleiðis.

Pálmi frá Álfgeirsvöllum er trúlofaður systur séra Hálfdáns í Goðdölum. Segir frá sýslufundinum.

-- Við Húnvetningar (jeg tel mig með þeim) erum ánægðir yfir að ytri póstleiðin skyldi loksins verða samþykkt og má nú sjera Stefán á Auðkúlu hætta öllum blaðagreinum um það mál sem einu gildir. ---

Valgard Claessen skrifar Halldóri E. Briem. Sauðárkrók. 2.4.1892.

Biður H.E.B. sega hvað hjálpin við Eggert son hans kostaði hann.

*Segir lítið gerast á Suðárkr.; leiksýningar aflagðar. Fjárhagslega hafi liðið ár verið sér erfitt, lítur ekki vel út í ár. Með bréfinu fylgir reikningur frá versl. V. Claessen á Sauðárkr. f. flibba, hálsbindi, brjósthnappa, hníf, teygjur, súkkulaði; bréfaklemmur. Skuld við áramótauppgjör kr. 2.*61.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda. 17.4.1892.

Þakkar bréf og athugasemdir við teikninguna af húsinu. Svara því og skýrir hverjir búi þar í húsinu og verður það Helga í Árbæ og sýsluskrifarinn, Jón. Einnig munu þeir Eggert[2] *verða þar og Kristinn litli sonur Páls sem flytur til hans. Gerir ráð fyrir að EGB fari frá Rvík 3. júlí og sendi farangur sjóleiðis til Eyrarbakka.*

Halldór E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Möðruvöllum, 18.4.1892.

-- Nú heyri ég að sunnan að Páll bróðir ætlar að byrja búskap í vor og pabbi og Jóhanna fari til hans í sumar. --

Annars var ég að hugsa að standa við einn dag í Vatnsdalnum. Ég hef nefnilega skrifað leik um landnám Vatnsdals, sem ég kalla "Ingimund gamla" og ætla ég að koma að Hofi, bústað Ingimundar, og sjá hvernig þar er umhorfs, því á Hofi fer mestallur leikurinn fram. Leikurinn er í þremur þáttum, en alls um það helmingi lengri en "*Herra Sólskjöld*". Það er sá fimmti sem ég hef skrifað í vetur, svo þeir eru þá komnir sex alls.

Ég held ég hætti nú að skrifa kennslubækur. Það er langtum meira gaman að skrifa leikrit. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum 18.4.1892.

Ræðir um leikrit frú Holm og frú Hjaltalín sem sett hafa verið upp í Rvík. Hefur lokið við Ingimund gamla. Ræðir búskap Páls, heilsu Ólafs Halldórssonar, hugsanlegan amtmann, Halldór Daníelsson. Hvor verður þá bæjarfóg. Hannes H. eða Páll? Skúli hefur tapað máli sínu við Þorv. Jónsson og þá væntanl. einnig prentsmiðjunni.

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Granton. 24.4.1892.

-- Hér hefur verið brogað líf um borð, frú Katrín gjörði svo vel og eignaðist dóttur í gær -- hefði ég verið fastari

[1] *Stereometri mun vara rúmfræði sem fjallar um myndir, væntanlega þrívíddar.*

[2] *Hann virðist ekki hafa komið þangað.*

á mínu máli með að vera ekki í sömu káetu sem hún, en auðvitað datt mér ekki í hug að þetta yrði svo. Til allrar hamingju var hér læknir um borð og gat hann hjálpað til og kafteinninn var líka svo makalaus og meðal annars sem hann tók að sér var að skíra barnið í gær og fórst honum það svo höndulega að ég dáðist að. -- Nú á að flytja hana upp á hospital í kvöld og veit ég ekki hvernig það fer, illa skilur hún dönsku, en verr þó ensku.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum 1.5.1892.

Prófin eru að byrja. Elín vill verða samferða suður en kemst ekki fyrr en 25. Vill gjarnan sjá Vatnsdal v. leikritsins. Þannig dregst að hann komist til að faðma hana að sér. Ræðir samgöngur, framfarir og ber saman Norðurl. og Suðurl.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavik. 3.5.1892.

Var veik, gleymdi að senda honum peninga. Ruglaðist í póstferðum, vonar að þeir nái honum fyrir suðurferðina.

Segir fréttir af ungum og eldri. Heyrði að stúdentar í Höfn hafi sent beiðni til kóngs um sakaruppgjöf Moritz Halld. Hitti Þorvald Thoroddsen í dag. Hann leit illa út, eins og fimmtugur. Segir Eggert föður H.E.B. hafa verið veikan í vetur, skilur ekki hvernig hann ætti að geta riðið austur (til Páls). --

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 12.5.1892.

-- Hjartkæri sonur minn. Kæra þökk fyrir tilskrifið með Öllu. Hún kom, (Guði sé lof) farsællega heim aftur og ætla ég ekki að lýsa því hvað vænt okkur þótti um að fá hana fríska og brosleita til okkar án þess að hafa breyst í nokkrum hlut til hins lakara; ég held þvert á móti henni hafi yfir höfðuð farið í mörgu fram, og sálin fullkomnast engu síður fyrir það, þó alvarlegri hliðin á lífinu hafi snúið að henni fullt svo mikið sem hin.

Hins vegar hefur hún líka haft mikla skemmtun af ferðinni og notið mjög mikils góðs hjá góðu fólki.

Alla segir að þú hafir byrjað skriflega prófið þann 9. og getur því nærri að við fylgjum þér í anda með okkar innilegu óskum. En ekki skalt þú verða sturlaður af því, þó þú ekki náir allra besta vitnisburði, það setjum við alls ekki fyrir okkur, þú getur *gengið an*[1] á Íslandi, og hvar sem er, fyrir því.

Nú er séra Jón[2] auminginn dáinn og Eyrarbakki laus, og er nú Óli óheppinn að vera fastur í Flóanum. Séra Stefán Thorarensen[3] er líka dáinn. Pabbi þinn hélt húskveðju eftir hann.

Svo er nú Jón Magnússon[4] Vestmannaeyjayfirvald kominn hér til að gifta sig, og er sagt þau fari á eftir með Lauru. Þóra[5] er mjög lukkuleg að sjá og heyra.

Heldur þótti mér lakara að heyra að þið bræðurnir væruð nú skildir aftur, þó ég viti og þekki að það er lítt þolandi að vera undir þaki með aumingja Tómasi mínum, þegar óreglan er á honum. Hins vegar skil ég varla að þú verðir áhyggjuminni um hann, þegar þú sérð hann aldrei, en veist þó af honum nálægt þér. Þú mátt ekki taka þetta sem ávítur, elsku sonur minn. Ég veit þú ert og hefur verið honum góður bróðir, í raun og sannleika og vona að guð líti á þinn góða tilgang og blessi þig fyrir það, en þegar þú ekkert getur sagt okkur um hans hagi, þá vitum við ekkert, því náttúrlega er ekkert að marka hvað hann sjálfur skrifar, þó hann kannski geri það við og við. Ég fékk ekki neitt bréf frá honum núna og í því sem pabbi þinn fékk nefndi hann ekkert ykkar skilnað, en skrifar að öðru leyti mikið gott bréf. Þó ég viti að hann sé sjálfur valdur að öllu sínu böli á ég samt bágt með að hugsa mér hann kannski bæði svangan og klæðlausan með þá þungu sorg í hjarta sem hann hefur að bera undir uppgerðarkæti.

Búin var ég að frétta um myndirnar áður en þú sagðir mér frá þeim. Ólafur n.l. ráðlagði þeim að fá eitt málverk og hefði það sannarlega verið nóg, því svona mikil kunstverk passa naumast í okkar hús með fátæklegum og gömlum húsbúnaði. En það er án efa vel meint og því þakkarvert.

Fyrirgefðu hjartans drengurinn minn þetta leiðinlega bréf, þinni til dauðans elsku mömmu --

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 12.5.1892.

Segir frá sjóferðinni til Íslands.

---

[1] *Gæti gengið eða væri hæfilegt.*

[2] *Séra Jón Björnsson (1829-1892).*

[3] *Stefán Thorarensen (1831-1892) lengst á Kálfatjörn en síðar aðstoðardómkirkjuprestur í Rvík. Hann sat í sálmabókarnefndinni með séra Helga Hálfddanarsyni. Höfundur nokkurra sálma í sálmabókum.*

[4] *Jón Magnússon (1859-1926) síðar fosætisráðherra.*

[5] *Þóra (1858-1947) dóttir Jóns Péturssonar háyfirdómara og Sigþrúðar Friðriksdóttur Eggerz.*

-- Ég var uppi í Edinborg heilan dag, talaði ensku, sagði: *Yes* og *No* þó það ætti hvergi við. Í Þórshöfn var ég lengi í landi. Það er ljótasta og fátæklegasta pláss, sem ég get ímyndað mér.

Svo vorum við í Vestmannaeyjum hálfan dag, tókum sýslumanninn með okkur þaðan og vorum kl. fjögur um morguninn hér í höfninni. -- fór í land og hitti Dísu á bryggjunni -- og flýtti mér heim. Pabbi minn, auminginn, var ekki kominn á fætur, en mamma var úti í forstofudyrunum. Pabbi hefur verið heldur frískur síðan ég kom, en honum hefur farið aftur -- magrari og líka gráhærðari. Mamma var eins og vant er. Guði sér lof að ég hitti þau nokkurn veginn hress.

Síðan ég kom hef ég verið að heilsa upp á kunningjana og yfirhöfuð verið á vastri alltaf. En nú þegar skipið er farið kemur vonandi kyrrð og ró á mig og þá ætla ég að fara að vefa eitthvað laglegt. --

Biður hann um ýmsar útréttingar, mynsturbók o.fl. og biðst mjög afsökurnar.

-- Ekki ætlað ég úr danska búningnum fyrr en í haust, því ég geri bara lukku í honum, hver einasta manneskja sem sér mig biður mig nú blessaða að fara ekki í húfuna aftur, ég sé svo lagleg, segir það um leið! Ég get ómöglega verið að stríða fólksgörmunum með því að fara strax úr þeirri gráu, og ætla að brúka hana til hausts. --

Guð gefi þér að prófið þitt megi ganga vel, og pabbi og mamma okkar fái gleði af því og þú fáir eitthvað gott af að lifa. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda, 21.5.1892.

Segir frá störfum sínum, amtsráðsfundi og framkvæmdunum í Árbæ.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Blönduós. 25.5.1892.

Segir ferðasögu sína og áætlun um að fara í Vatnsdal og að Bæ í Strandas. Var í vandræðum m. að gr. skuldir sínar áður en hann fór því ekkert bréf kom áður en hann fór.

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 3.6.1993.

-- Okkur hefur annars - guð veri lofaður - liðið fremur vel -- Tómas hefur verið í betra lagi en við bjuggumst við, og þegar hann er með réttu ráði, finnst okkur hitt allt nefnilega, það að vera svo einmana hér heima, langt frá pabba og mömmu og þér svo léttbært í samanburði við þegar hann var slæmur. Júlíus greyið hefur sannarlega verið okkur betri en enginn þar, það skal ég ekki gleyma honum. Það hefur oft fokið í Tómas við hann, en alltaf orðið gott aftur eftir dálítinn tíma. og á meðan þeir eru vinir, getur Júlíus verið okkur mikið til hugfróar, þegar við t.d. sjáum hann ekki langan tíma, getur hann leitað hann uppi og sagt okkur hvar hann sé og þess háttar. Það er þó heldur betra en ef enginn væri sem við gætum beðið um að gæta að honum.

Nú eigum við von á Siggu[1] systur bráðum, og eins og þú getur nærri hlökkum við til, ef ske kynni það yrði ofboð líflegra í kringum okkur, sérstaklega eru kvöldin alveg óþolandi leiðinleg, þegar við sitjum tvær einar í húsinu við Dísa. -- Við höfum nú verið að tala um -- hvort pabbi og mamma myndu vera að fara á stað eða ekki.[2] -- Tómas biður að heilsa, hann kemst ekki til að skrifa, það er heldur ekki von, hann hefur svo mikið fyrir stafni dags daglega. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda, 12.6.1892.

Nú er Elín Briem komin til bróður síns.

-- Við erum búin að vera í veislunni á Reynifelli og skemtum við okkur mjög vel og voru þar haldnar margar ræður og sungið mikið þó almenningur væri mjög kvefaður. Þar var gamli Sigurður frá Barkarstöðum[3] og reið í djúpum söðli. Hann gengur við hækjur og er orðinn boginn mjög en hinn hressasti í anda. Nú er búið að reisa húsið[4] og lýst öllum sem hafa séð það mjög vel á fyrirkomulagið. -- Um búskapinn er það að segja að ég á níu hesta, tvo fola 3ja vetra, tvær kýr, 20 ær, 15 gemlinga og 10 sauði. --

Stefán Stefánsson til Halldórs E. Briem. Möðruvöllum 12/6-92

Kæri vin og collega!

Vonar að H.E.B. sé kominn úr ferðavolkinu og lifi --

--í áhyggjulausu inndæli --

-- meðan nánustu kollegar búi við harðan kost af náttúrunnar völdum. Ræðir um að erfitt sé að leigja HB

[1] *Sigríði Helgadóttur í Odda.*

[2] *Þau Helgi Hálfdanarson og Þórhildur virðast vera í Odda.*

[3] Sigurður Ísleifsson átti Ingibjörgu 1816-1891, yngstu systur Tómasar Sæmundssonar, föðursystur Þórhildar.

[4] *Í Árbæ.*

herbergi. Segist ekki geta inréttað loftið nema taka lán. Og til þess treystir hann sér ekki. Ræðir hvernig þeir gætu losnað úr þessum -

-- bobba sem við erum í, jeg peningabobba og þú í húsleysisbobba.

Stingur upp á að H.E.B. láni sér 5-600 kr. með tilhyrandi skilmálum. Vill ekki bæta á sig skuldum; vill heldur að HB eigi hjá sér en aðra. Kannski H.E.B. sjái önnur ráð. Skoða verður þetta sem hvert annað lán til sín. Ræðir um kost og hita og hvernig megi útbúa herbergið þannig að snoturt sé. Getur ekki skrifað meira því hann er að--

-- drepast í augunum. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Odda, 19.6.1892.

-- Húsið verður tilbúið hið ytra næsta dag og þá byrjað að þilja það innan. Er að fara suður. --

Valdimar Ó. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Stóranúpi, 29.8. 1892.

Elskulegi frændi!

Hvetur hann til að fara til Rvíkur, þau hjón megi ekki vera aðskilin.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Sveinsstaðir. 22.9.1892.

Segir ferðasögu og stefnir á Ytri-Ey. Fróðlegt að skoða átthaga Grettis. Framhaldið verður Sauðárkrókur, Hólar, Tjörn í Svarfaðardal og Möðruvellir.--

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Árbæ, 8.9.1892.

-- Ýmsar beiðnir um útréttingar, Rætt um heyskap sem gekk illa í sýslunni. Þarf séra Skúli í Odda að fækka í bústofni sínum. Verð á hestum hátt fyrir norðan og sendir hann tvo áburðarhesta norður Kjöl. --

-- Villi[1] þótti mér standa sig tappert[2] við guðfræðisprófið sem líklega hefur verið nokkuð strangt, fyrst Einar Pálsson rétt hékk á láði.[3] --

Valdimar Ó. Briem til Halldórs E. Briem. Stóranúpi. 26.9.1892.

Elskulegi frændi! --

Ræðir ljósmyndir af sér og Halldórs fjölskyldu; kosningar.

-- Dálítið ganga kosningarnar ókristilega eins og vant er. Jeg held að kosningar ættu að vera tvöfaldar. Einfaldar kosningar útheimta meiri menntun og þekkingu, en gjöra má ráð fyrir hjá alþýðu. Tryggvi *(Gunnarsson)* fjell fyrir Boga *(Th. Melsted).* Kom mjer það töluvert óvart. Jeg var meðmælandi Tryggva, en hafði satt að segja lítið agiterað fyrir hann. Bæði er agitation ekki mín sterka síða; Jeg hef nærri óbeit á henni; Og svo þóttist jeg í annan stað fullviss um sigur Tr., enda sást ekki lengi annað en hann mundi sigra. Seinustu hrepparnir, sem kusu, voru fjölmennastir og nærri kjörstað. Höfðu þeir hjer um bil allir ætlað að kjósa Tr., en snerust í lið með Boga. En Tr. má sjálfum sjer um kenna. Hann lýsti hjer um bil ekkert skoðunum sínum, en vitnaði að eins til þingtíðinda og blaða. Bogi gjörði aptur rækilega grein fyrir skoðunum sínum á mörgum landsmálum, og bauð ýms kostaboð, sem jeg ekki þorði að lofa fyrir Tr. hönd. Svo var Tryggva fundið til foráttu, að hann væri stjórnarsinni etc. En brúartollsmálið held jeg hafi þó ekki síst skemmt fyrir honum. En Tr. mun taka sjer þetta ljett. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Árbæ, 26.9.1892.

Lítil kartöfluuppskera og ekkert til útsæðis. Segir frá heimtum af fjalli og fleiri búskaparfréttir. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum 29.9.1892.

Varð vegna ófærðar að snúa við á Heljardalsheiði og fara Öxnadal um Hofsstaði, Silfrastaði, og Steinsstaði til Möðruvalla. Steingrímur Jónsson á Silfrastöðum var í slíkum kröggum að H.E.B. neyddist til að lána honum 100 kr. Biður hana um að taka víxil fyrir þessu og greiða á reikning Steingríms--

Susie Briem til Halldórs Briem. Rvík. 2.10.1892.

Ræðir erfiða ferð hans norður. Almennar fréttir, spyr um kosningar í Eyjaf. Björn í Ísafold sagði að HB hafi boðið sig fram. Hvernig fara svona sögur á flot?

---

[1] *Vilhjálmur bróðir hans.*

[2] *Sem hetja.*

[3] *Á við Vilhjálm bróður sinn og Einar sem gekk næsta ár að eiga Jóhönnu systur hans.*

Segir Gránu þeirra hafa kastað og líst Gunnlaugi bróður H.E.B. vel á þar sem hann skoðaði folaldið á Bessastöðum, ætlar að flytja þau til Hafnarfj. Segir Gunnlaug vilja eignast folaldshryssuna en Grímur Thomsen hafi líka viljað hana.--

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Árbæ. 10.10.1892.

Þakkar bréf sem hann fékk kjörfundardaginn.

-- þótti mér vænt um að bréf Eggerts fylgdi þar með. Ég las mönnum upp úr bréfi hans um spánarfiskinn og þótti mönnum það mikil tíðindi og góð að spánverjar skyldu hafa lofað uppbót á fiskinum. Ég hugsaði líka til Guðmundar á Auðnum[1]; hann var ærið áhyggjufullur út af fiskverðinu í sumar og útlitinu með það framvegis.

Það var hinn mesti mannfjöldi samankominn kjörfundardaginn og hefur þú náttúrlega fyrir löngu frétt að aumingja séra Ólafur[2] í Guttormshaga varð að falla fyrir sveitunga sínum Þórði á Hala sem fékk 171 atkvæði. Séra Ólaf langaði mikið til að verða þingmaður og hafa menn verið að skrafa um að hann myndi nú sækja í burtu héðan úr prestakallinu - fyrir þetta.

Mikið er kosið af nýju þingmönnunum; ef ég væri eigi hættur að hugsa um pólitíkina þá mundi ég segja: hvernig ætli þingið verði? En nú held ég að réttast sé að snúa spurningunni þannig: Hvernig ætli veturinn verði? Margir karlar og kerlingar hafa lagt sig í líma með að spá bæði í vetrarbrautina, kindagarnir og eftir tunglöldum, en þau vita ekki sitt rjúkandi ráð, svo að ég hef skrifað öllum oddvitum og sagt þeim að brýna fyrir mönnum, að þar sem enginn gæti sagt hvernig veturinn yrði, þá væri ráðlegast að búast við hinu versta og reyna þannig að fá menn til að setja vel á og skera lömbin. Menn hafa tekið vel í þetta og lofað að setja vel og skynsamlega á. Til frekari tryggingar ætla ég að skipa hreppstjóra að skoða hjá mönnum fénaðarhöldin næsta vetur á útmánuðum.

Annars hefur haustið verið gott, enn sem komið er. Ég er að láta byggja hesthús handa reiðhestunum og kemur mér því vel að hafa góða veðrið. Hesthúsið á að vera átta álna langt að innan og 4½ alin á breidd og vera fyrir tvo til þrjá reiðhesta og einn til tvo gestahesta, sem mér er vel við. Svo verður farið að gera við húsið dálítið meira. Jóhanna man víst að í norðurendanum var óþiljað loftið og bara bert járnþakið. Í þessum grimmdarfrostum sem verið hafa nú um tíma á næturnar hefur járnið hrímað að innan. Svo þegar hefur hlýnað hefur hrímið runnið og komið stórrigning á gólfið. Ég keypti því timbur á Þorvaldseyri til þess að láta loft í húsið í norðurendanum og var ég að fá timbrið í gærdag austan undan Eyjafjöllum með mönnum sem voru að fara á Eyrarbakka. Það hafði aldrei sést fyrr að timburlest færi vestur eftir sýslunni, en þá fyrst urði þeir sem mættu lestinni alveg hissa þegar þeir spurðu hvert lestarmenn væru að fara, þegar þeim var svarað: Út á Bakka.

Segir frá slátrun og sláturgerð.

Eftir að kaupafólkið fór var hér aðeins heima ég, Jón og Stefanía. Svo kom til mín sem haustmaður Ingimundur Benediktsson[3] -- A*uk þessfékk hann smala. Tveir smiðir væntanlegir.--*

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 18.10.1892.

Enn fjárhagsvandr. sem eru enn verri vegna lánsloforðsins v. Steingr. Fluttur til Stefáns en ekki búinn að koma sér fyrir. Hefur ekki hafið vinnu við leikritin, aðeins fá erindi v. fornyrðisl. fyrir Ingim. gamla. Ræðir mikið um Willie, sem mun vera Vilhjálmur bróðir hans, og Steinunni konu hans.

Nemendur eru 37. Klemens settur amtmaður Búið að gera góðan veg milli Akureyrar og Oddeyrar.--

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 19.10.1892.

Ræðir m.a. peningamál; þótti slæmt að þurfa að greiða Steingrími á Silfrastöðum 100 kr. Ásakar H.E.B. ekki því Steingrímur er í kröggum.--

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Árbæ. 2.12.1892.

Segir búskapar- og verðlags fréttir. Ameríkufarar fengu lítið fyrir sitt fé. Segir frá búskiptum og misklíð fólks af þeim sökum. Vinnukonur hjá honum eru fimm, tveir vinnumenn, einn drengur og búinn að ráða kaupamenn og kaupakonur. Þá er þar Jón sýsluritari, Elín systir Páls og Kristinn sonur hans eða alls tólf manns. Húsið reynist vel og er hlýtt.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 4.11.1892.

Segir þau eigi von á barni um miðjan mars. Ekkert nema glöð og líður vel, þarf að undirbúa komu nýs

[1] *Tengdaföður síns.*

[2] *Ólafur Ólafsson (1855-1937) prestur í Guttormshaga, Síðar fríkirkjuprestur í Reykjavík og Hafnarfirði.*

[3] *Hér kemur Ingimundur Benediktsson sem oftar við sögu, afi Sigríðar konu minnar. Hann hafði ekki enn gengið í hjónaband eða stofnað bú.*

einstaklings. Líftryggði sig fyrir 100 kr.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum Nov. 8th 1892

Saknar bréfs og er áhyggjufullur um heilsu SB og hvernig henni hefur tekist að leysa fjármálakreppuna.--

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavik. 8.11.1892.

Ræðir kvæði sín. Engin leiksýning fyrirhuguð, enda fólk með lítið milli handa; kannski skólasýningar. Ræðir um hesta þeirra fyrir sunnan og norðan sem og fjármál þeirra.--

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 22.11.1892.

Ræðir greiðsluna (hjálpina) til Steingríms á Silfrastöðum. (Sjá bréf HB).

-- You see my dear that it is safe to trust me in money matters as well as other things. --

Róar hann vegna væntanlegs erfingja. Segir um ást sína:

-- Your are (if that is possible) doubly dear to me because of this strange tie that binds us still closer together. --

Líður stórvel. Feginn að Sigríður systir H.E.B. sé ekki heima í vetur. Guðrún kona Eiríks bróður hans er sérstaklega góð við S.B. Ósk (heimilishjálpin) eignaðist barn. Óvitað hver faðir er. Ó. þjáist af þunglyndi.

Sigurður (br. HB) fékk ekki annan lögfræðing fyrir hann en Hannes Thorsteinss. Páll Einarsson er fyrir Skúla.

Undirbýr fæðingu.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 30.11.1892.

Heldur en ekki glaður v. 2ja bréfa og að S.B. tókst auðveldlega að leysa fjármálin. Aldrei aftur mun hann leggja á sig annað eins. Ræðir uppgjör v. Björn Jónsson. Þá fékk hann fréttir um að þau ættu von á barni. Steinunn og Stefán eiga líka von á barni. Segir af slysförum og barneignum. Segir frá leikriti sem setja á upp á Möðruv. Ritstörf ganga ekki vel um þessar mundir.

Þykir slæmt að ekkert leikrita hans séu sett á svið í Rvík því af því mætti mikið læra. Segir frá undirbúningi blaðaútg. -

1893

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 2.1.1893

Ræðir fréttina um þungunina og áætlanir. Hugsanlegt er að Elín hætti skólastjórn Ytri-Eyjar og fari suður, e.t.v. til Páls bróður þeirra (í Rangárvallasýslu). Jólin hafa verið ánægjuleg í húsi Stefáns. Messaði á gamlárskvöld. Stefán bauð piltunum, haldnar ræður, skemmtilegt í góðu veðri.

Hjaltalín bauð piltunum á aðfangadagskv., en sagt að það hafi ekki verið ánægjul. enda frúin í slæmu skapi. Mun ástæðan hafa verið að Hjaltalín var ekki beðinn um að messa á gamlárskv. Matthías hélt messu milli jóla og nýárs, barnakór söng og hann las úr nýjum Grettisljóðum. Þau eru góð. Hafði hann lesið áður úr þeim fyrir HB.

Segir frá stofnun blaðsins Stefnis. Blaðstj. er Stefán Stefánsson, Klemens og sr. Jónas á Hrafnagili. Frétt um þungun SB hefur borist norður. --

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 5.1.1893.

-- Ekki vita menn hér neitt um veitingu amtmannsembættisins. Þó mun það víst að landshöfðingi hafi í haust mælt með að Kristján assessor yrði virkilegur, en sagt er að Júlíus vilji fá það með því móti að launin verði látin vera hin sömu sem að undanförnu. En ekki er að vita hvað Nellemann gerir, það fréttist ef til vill eitthvað með næsta skipi. Páll lætur einkar vel yfir húsi sínu, hvað það sé hlýtt etc. --

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rví. 5.1.1893.

Segir af viðskiptum og greiðslu prentkostnaðar til Þorleifs og uppihalds til tengdaföður síns. Á nú aðeins 10 kr. auk 200 kr. á bankareikningi. Ræðir hesta þeirra. Segir frá jólahaldi.

Þá segir hún af þrem leiksýningum skólapilta í Góðtemplarahúsi, gegn vilja skólastjórnenda sem munu varla leyfa það aftur. Þykir það vond afstaða en piltar þurfa einmitt eittvað að hafa fyrir stafni í jólafríi.

Fór til kirkju á nýársd. og hlustaði á góða ræðu hjá Sæmundi Eyjólfssyni.[1] Sat í biskupsstúkunni, hefði annars ekki farið því kirkjan var troðin og sumir stóðu. Segir frá hvarfi stúlku frá Nauthól og að fleiri hafi horfið nýl. Spyr hvort hann hafi séð Sigurð Christopherson. --

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Árbæ. 17.1.1893.

-- Jeg fjekk með síðustu póstskipsferð brjef frá ykkur í stjórn bókmenntafjelagsins, þar sem þið heimtið aftur bækurnar sem jeg fjekk að láni frá fjelaginu nefnilega Tesis(?) og tvö önnur handrit í 4to nr. 35 og 126 og 114.800. Jeg sendi þetta nú til Reykjavíkur með vinnumanni Ólafs læknis Guðmundssonar á Stórólfshvoli, þó að mjer þyki slæmt að missa bækurnar, en þessu má maður búast við upp í sveitunum. Kringumstæðurnar eru orðnar svo, að það er ómögulegt fyrir embættismenn upp í sveit að gefa sig við nokkrum bókstörfum sumpart fyrir bókaleysi og sumpart fyrir sífelldum erli, sem bannar manni að gefa sig við nokkru af alhuga og áhuga.

Jeg vildi óska að launin fyrir yfirdómara væru 1000 kr. lægri en þingið ákvað þau síðast, því að þá væri jeg viss um að fá þá stöðu er hún losnaði og þá fengi jeg tíma til að stunda bókmenntir og lög og rita eitthvað um þau efni, sem jeg eigi get í þeirri stöðu sem jeg er í nú. - En jeg vil nú annars ekki vera að tala um þetta. Jeg vil heldur tala um mínar prívat sakir.

Jeg er búinn að byggja hjer á Árbæ hús sem er 16 álnir á lengd og 14 álnir á breidd með skúr á aðra hliðina, 6 álnir á breidd og er húsið því á stafn 20 álnir á breidd. Það kostar mig 3000 kr. og er jeg því í talsverðum skuldum í bankanum. Húsið er mjög hlýtt og þægilegt. Er jeg heldur ánægður með sjálfum mjer, að hafa byggt svona billega, þar sem t.a.m. sjera Skúli í Odda hefur kostað upp á sitt hús, sem er miklu kaldara, milli 8 og 9 þús. krónum og Sigurður Ólafsson sýslumaður byggði í Kirkjubæ fyrir 11 þúsund kr. og nú í Kaldaðarnesi fyrir 9 þúsund.

Jeg varð að hugsa mikið um bygginguna á mínu húsi, þangað til jeg gat fengið það svona billegt, enda er margt ólíkt hjá mjer og öðrum, og treysti jeg mjer til að skrifa um húsbygginguna betur en margir smiðir.

Jeg fór að byggja þetta hús, af því að faðir minn ætlaði austur til mín í vor sem leið, en svo treysti hann sjer eigi þegar til kom, og þess vegna er hjer nú eigi margt. Jóhanna systir mín ætlaði með pabba, en þegar þau settust kyr, gat jeg eigi tekið Kristin litla son minn, sem hefur verið síðan móðir hans dó, hjá móðurömmu sinni á Auðnum. Hjer er því aðeins á heimilinu fyrir utan mig stúlka, sem Elín systir mín útvegaði mjer, Jón skrifari

[1] *Sæmundur Eyjólfsson (1861-1896) frá Sveinatungi í Norðurárdal, guðfræðingur og búnaðarráðunautur. Hann gekk að eiga Elínu Eggertsdóttur Briem árið 1895 og voru þau barnlaus.*

minn og svo maður, sem fer hjeðan eftir mánuð, og þá fæ jeg fólk frá sambýliskonu minni Helgu, dóttur Sigurðar á Barkarstöðum, sem þú kannast við, til að hirða skepnur mínar.

Þær eru nú eigi margar, en þó var svo í sumar, að jeg tíundaði meira en 29 bændur hjer í hreppnum og einir 26 meira. Þú hefur nú ekkert gaman af því, þótt jeg segi þjer frá eignum mínum, en það getur þó verið. Fyrst er nú að telja reiðhestana. Einn er mjög fjörugur, grár að lit, fljótur og hinn hvatlegasti; hann er 8 vetra, annar rauður foli 5 vetra, sem jeg keypti af sjera Halldóri bekkjarbróður okkar á Bergþórshvoli í sumar fyrir 150 kr., vel viljugur og lítur út fyrir að verða gammvakur. Þriðji er grár, stór og sterkur 9 eða 10 vetra, bráðvakur, en þungur (=ekki viljugur), ágætur vatnahestur, traustur og mjög vegvís og brúka jeg hann í allt slark. Svo á jeg 8 hesta aðra og eitt tryppi. - Ær á jeg 19 og 28 lömb, 2 hrúta og 2 kýr og 1 hund, og þá er nú upptalið allt sem jeg á af skepnum. En í vor þarf jeg að kaupa talsvert af skepnum, því að þá tek jeg við allri jörðinni. - Svo læt jeg nú úttalað um þetta mál.

Kjartan prófastur í Holti undir Eyjafjöllum er mesti sómamaður, hann hefur mikið bú, en er talsvert skuldugur. Hann á 3 efnileg börn, en veika konu.

Halldór okkar frá Kiðjabergi er mesta góðmenni; hann situr á Bergþórshvoli, en hjúskapur hans var lengi erfiður, uns kona hans fór frá honum í sumar til Ameríku, og er óvíst, hvernig hann muni bera þetta. Búskapur hans gengur erfitt og er hann í talsverðum skuldum. Halldór er samt besti maður, hóglátur og góður drengur, og hefur það enn til að vera smáskrítinn, einkum ef hann hefur tekið sjer lítið glas.

Jeg þakka þjer innilega fyrir allt gamalt og gott og allar bækurnar, sem þú hefur skrifað og sent mjer. Jeg hugsa stundum til þín líkt og Cesar hugsaði til Alexanders mikla, þegar hann sá líkneski hans Cadix, en jeg fer nú líklega að hætta því úr þessu. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Árbæ. 12.1.1893.

Segir gott tíðarfar og allir vona að þeir verði ekki heylausir og skepnur komi vel undan vetri.

--Hér var haldinn pöntunarfélagsfundur um daginn og vildu menn endilega halda félaginu áfram við Zöllner þótt sauðirnir seldust mjög illa í haust sem leið. --

Segir góðar fréttir af sínum búskap og skepnuhöldum. Auk ráðskonunnar er Ingimundur Benediktsson hjá Páli og hirðir skepnurnar, smíðar og dyttir að ýmsu.

Frederikke Briem skrifar Susie Briem. Hafnarfirði. 21.1.1893.

Kjære Susie.

Húsnæðismál, barnaföt og vagga. Á S.B. von á barni.

Ræðir barn sem vinnustúlkan Ósk eignaðist og ætlaður faðir gekkst ekki við.

Halldór hlýtur að fá nóg annað að starfa í sumar en að skrifa bækur.

-- Jeg er ikke vis på at han bliver bedre end hans broder, i det mindste medens barnet er meget lille, Gunnlaugur ville helst ikke have noget med Olaf at gjöre i den alder, eller at han bliver særdeles tålmodig barnepige.[1] --

Halldór Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 31.1.1893.

Segir fréttir af fæðingu barns þeirra Steinunnar.[2] Segir frá hvernig fréttin af SB barst út.

Hissa á að Sigurður bróðir hans segi sér ekkert af málinu við Skúla. Er að vinna að leikriti:. Guðrúnu Ósvífursdóttur. Slæmt ef Reykvíkingar leggi leiklistina niður þótt hann bjóði fram leikrit!! Enn rætt um tombólu í skólanum.

En lítið gerist hér þegar frú Hjaltalín er hér því enginn talar þá frjálslega. --

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 1.2. 1893.

Spyr m.a. um togstreitu kvennanna á Möðruvöllum.

Segir af dauða Óskar eftir fæðingu barnsins. Hún kenndi það Hannesi Þorsteinss. í Thomsensmagasíni en neiti. Segir Þorlák Þorlaksson á Sauðárkróki hafa boðist til að sjá um barnið en sonur hans Símon var eitt sinn trúlofaður Ósk.

---

[1] *Hér kemur sagan endalausa. Á við bræðurna Halldór og Gunnlaug, mann sinn. "Mér þykir ólíklegt að hann verði betri en bróðir hans, einkum meðan barnið er mjög lítið. Gunnlaugur vildi helst ekki hafa neitt með Ólaf að gera á þeim aldri, eða vera mjög þolinmóð barnapía."*

[2] *Sá var Valtýr Stefánsson (1893-1963) lengst ritstjóri Morgunblaðsins.*

Segir frá þrálátum veikindum Guðrúnar konu Eiríks (Briem).

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 23.2.1893.

*Ræðir barnskomuna og að Sigurður Christofferson og Baldvin Baldvinsson hafi verið á Akureyri, en hann hafði ekki samband. Ræðir um veikindi Guðrúnar konu Eiríks Briem. Sendir vörn sína (*fyrir Sigurð Briem sem fer með málið*) í málinu v. Skúla. Páll Einarsson sé kjánalegur í sókn sinni.*

Segir frá kvæði um þorrablótið sem haldið var og fjallar um ýmsa þekkta. Einn skólapilta er grunaður, hinn sami og skrifaði vörn fyrir Hjaltalín í Þjóðólf. Kona Hjaltalíns er grunuð að standa á bak við. Veit ekki um það en útkoman fyrir skólann er ekki góð.

Páll vill fá upplýsingar vegna málaferlanna sem Susie geymir fyrir H.E.B.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 24.2.1893.

Fréttir af venslafólki, vinum og málaferlum. Segir Flensborgarnem. (í Hafnarf.) og bindindismenn hafa fært upp leikrit. Það gerðu latínuskólapiltar líka um jólin. Veturinn liðið hratt. Leitt ef Sigurður Christopherson fer aftur til Ameríku án þess að hafa hitt þau.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum 27.2.1893

Ræðir stöðuveitingar í Reykjavík.

Fólk á Ak. ætlar að draga sig í hlé út af kvæðinu, hefðu átt að gera það strax. Allt gengur vel í skólanum. Rætt um fjársöfnun vegna brúar á Hörgá. Brúin kostar 30 þús., safnast hafa 700 kr. mest á Möðruvöllum.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum 18.3.1893.

Er tilfinningaríkur meðan SB er e.t.v. í hættu.

-- Þú hefur ekki svarað mér um hvað barnið á að heita.--

Stingur upp á Haraldi og Ingu. Eggert er orðið svo vanalegt eins og Ingibjörg. Segist fara fljótt suður. Fæst við leikritið Kjartan og Guðrúnu.

*Þykir sorglegt að heyra um dauða Láru Hafstein konu Jóns Þórarinssonar. Þá fjallar hann um styrk til séra Matthíasar. Skólapiltar ætla að leika **Í jólaleyfinu** eftir Valdimar Briem. --*

Halldór Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum 18.3.1893.

Þakkar guði fyrir þá gæfu að þau hafi eignast son. Hlakkar til að komast suður. Hefur haldið áfram vinnu við leikritið Kjartan og Guðrúnu. Hef lesið leikritið fyrir fólk hér og fellur því vel við það en segir það sorglegt.

Ræðir dauða Guðrúnar konu Eiríks bróður hans. Einnig nefnir hann dauða frænda síns séra Eggerts Ó. Brím. Frétti að litli drengurinn taki illa brjóst og furðar sig á því hvernig S.B. getur komist yfir allt sem hún hefur að gera. Stingur enn upp á skírnarnöfnum.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Árbæ, 2.3.1893.

Þakkar greinar sem T. Hefur skrifað síðan þeir síðast skiptust á skoðunum. Spurður segist hann ekki vera að stofna reglulegt kaupfélag í Rangárvallasýslu. Segir auðveldara að ferðast til tunglsins.

Þeir njóti ekki Torfa eins og Dalamenn. --

-- Gott væri að hafa þig einhvers staðar í grenndinni. --

Betur væri að pöntunarfél. væru kaupfélög í einni heild gagnvart erl. markaði. Hættur að hugsa um það eins og margt fl. sem til bóta væri

-- af því að það eru svo margir konungkjörnir í hverri sveit og margar ísfirskar hetjur í hverri sýslu.--

Barnafræðsla hafði gengið í gegn um þingið þegar Páll bar það upp í Rang. Hafði ekkert verið um málið hugsað þegar hann kom þangað. Eftir harða atlögu tókst Páli að fá sýslunefnd til að veita 200 kr. í barnamenntun. Í fyrra var 400 börnum kennt.--

Ræðir nánar um kaupfélagsmálin og hugmynd um landsverslun, sem reyndar sé ótímabær. Landið sé ekki svo mannmargt. Mjög athyglisverð greinargerð með forsendum og svörum "altsvo"). Spyr um afstöðu Torfa, þótt hugmyndin sé óframkvæmanleg eins og sakir standi. Hún gæti verið góð ef þýskir verða ekki búnir að gera landið að fiskistöð og flytja fólkið utan til að þræla og tyggja upp á þýsku. Segir frá búskap sínum og húsbyggingu.--

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 19.3.1893.

-- Segir af fæðingu sonar 8.3. Fæddist öfugur. SB sagt að hún eigi að liggja í þrjár vikur. Hannes Thorarensen hefur viðurk. að eiga barn Óskar, að öðrum kosti hefði hann þurft að sverja fyrir það. Segir að Guðrún kona Eiríks bróður HB sé dáin.

Sigurður Christopherson kom í heimsókn. Honum var illa tekið í blöðunum.

Sigurður E. Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavík 9.4.1893.

Segir af málaferlunum. Tók það ráð í samráði við Susie o.fl að fella málið fyrir yfirrétti niður. Málflutningskostn. Páls myndi renna til Skúla. Ég segi náttúrlega að --

-- mér hafi eigi fundist gustuk að bæta nú á bágindi hans *(Skúla)*, því hann er kominn í skollans vanda.--

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 12.4.1893.

Ræðir soninn nýfædda og tilfinningu foreldranna. Segir hve dásamlegur hann sé fimm vikna og greinir frá þroska hans. Frederikke mágkona Halldórs er enn hjá SB til hjálpa til við að annast barnið.

Ingibjörg (17 ára) dóttir Eiríks E. Briem, bróður Halldórs, tók við húshaldinu eftir dauða móður sinnar.

Susie Briem til Halldórs E.Briem. Rvík. 3.5.1893.

Ræðir barnið og komu Sigtryggs Jónass. Sinnir kennslu í saumaskóla og skiptist á við aðra.

Sonurinn var skírður Haraldur Eggert. Dó 8. ágúst.

Jóhanna E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík, 4.5.1893.

-- Það er auman að frétta að austan af þeim hjúum Páls, Jóni skrifara og Steffaníu;[1] Páll hefur kannski skrifað þér af því. Í bréfum hingað hefur hann ekki minnst á það einu orði, en það kvað vera mikið talað um það, að þess þurfti ekki, það fréttist fyrir því. Steffanía er ekki nema orðin bráðólétt eftir Jón, en hann trúlofaður stúlku þar í sveitinni, sem hann hafði kynnst þegar hann var í Odda og ætlar að halda áfram með hana, en ekkert hirða um St. Út af þessu öllu hafði Páll reiðst og skammað Jón svo að hann stökk í burtu og að Þjóðólfshaga, þar sem þessi kærasta hans er, svo hafði séra Ólafur gengið í að sætta þá; Páll hafði verið fús til sættis, en Jón var harðsnúinn; samt komust sættir á, svo nú er Jón kominn í Árbæ aftur.

Ég er forvitin að vita hvort þú verður í Árbæ í sumar, eða hvort Sigríður verður þar.

Nú á að koma fyrir þingið að sameina amtmannsembættin og setja Júlíus einn amtmann, sem hafi aðsetur í Reykjavík. Júlíus kvað hafa skrifað þingmönnum óspart í vetur og beðið þá að vera þessu máli hlyntir, svo ekki er ólíklegt að það verði málalokin og þá fær Páll að sitja kyrr.

Sagt er að Júlíus hafi meðal annarra skrifað séra Þórarni í Görðum, en hann hafi sagt, að þar sem Júlíus væri að keppa við tengdason sinn, þá mundi hann halda fast fram þingsins gömlu stefnu að aftaka bæði embættin. --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Árbæ, 8.5.1893.

Segir m.a. af tíðarfari, búskap, kaupum og áætlun um búskap. Segir deili á fólki hjá sér og sem sé á leið suður til að kaupa inn fyrir brúðkaupsveislu Sigríðar dóttur Helgu í Árbæ og Jónasar Árnasonar á Reynifelli, Guðmundssonar á Keldum.

Jón Helgason til Halldórs E. Briem. Otradal, 21.6. 1893.

Jón virðist nemandi á Hólum sem hefur hitt hann þar. Sagðist ekki hafa borið mikið úr býtum við burtfararprófið sem gekk nokkuð einkennilega til.

-- Ekki skulum við samt geta til um hlutdrægni! --

Erindið að biðja HB að koma fyrir sig blaðagrein á framfæri við Björn Jónsson. Efast um að hann taki greinina þar sem hún er löng og kemur við kaun þeirra sem hlut eiga að máli. Segir peningaspil og drykkjuskap hafa vaxandi og spillandi áhrif í skólanum án þess að skólastóri banni það. Því vanrækja piltar námið. Þetta er þekkt í nærsveitum. Biður um að þessu verði komið í Ísafold, ef ekki, í Fjallkonuna eða Þjóðólf. Hefur verið ráðinn til búnaðarfélags Suðurfjarðarhreppa og býr á Bíldudal.--

Álfheiður Helgadóttis skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 24.6.1893.

-- mikið af gestum -- Mikið vorum við glöð að fá pabba og mömmu heim, því einveran var orðin svo þreytandi, en ekki getum við hrósað neinum bata á pabba. --

[1] *Stefanía Jónsdóttir átt síðar í vinsamlegum bréfaskiptum við PEB. Dóttirinn Var skírð Margrét.*

Hér er svo margt ferðafólk í bænum -- að varla verður þverfótað fyrir okkur heimafólkið, það eru sveitamenn og konur, ja svo líka sólbrenndar og mórauðar, að það er einstakt, svo er strandferðafók, alþingis"*peysur*"[1] og Ameríkufók, fyrir utan öll þau ósköp af "kadettum" sem alltaf eru á mótruntum um allar götur. -- á að verða ósköp stór reiðtúr fyrir þá -- og hálfur bærinn, það vill segja, dömurnar úr honum eru inviteraðar, landshöfðinginn stendur fyrir stássinu, og er orðinn má heita alveg skólaus, það er annað en spaug. --

Páll E. Briem til Eggerts G. Briem. St. að *Ægissíðu* í Holtum, 5. ágúst 1893

Elskulegi faðir minn! Jeg þakka þjer kærlega fyrir síðast. Ferðin austur gekk vel um daginn. Jeg fór að Selfossi um kveldið. Um morguninn fór jeg að Kalldaðarnesi og borðaði þar morgunverð, svo ofan á Eyrarbaka og seldi þar ýmislegt dót Guðm. Ísleifssyni á Eyrarbakka. Jeg var svo heppinn að hitta sjera Skúla Skúlason í Odda. Honum varð jeg samferða um kveldið. Heim kom jeg þannig að jeg náði sumu fólkinu vakandi.--

Kristinn litli var kátur og frískur og kann mjög vel við sig. Hann er mjög gefinn fyrir skepnur. Á hverju kvöldi fer hann á kvíarnar, svo skoðar hann kálfinn og kýrnar, og ef hestar eru heima, þá er hann þar. Hann vill vita um allt og getur fólkið ekki svarað nema sumu af því, sem hann er að spyrja það um.

Jeg er staddur hjer í málaferlum. Ólafur Árnason kaupmaður á Eyrarbakka er að heimta inn verslunarskuldir Guðmundar Ísleifssonar og stefnir fólki í hópum. Jeg hef í dag fimm mál. Þrjú mál á mánudaginn, þrjú mál á þriðjudaginn; svo jeg hef dálítið að gjöra.

Heyskapurinn gengur bærilega. Í gær var hirt 70-80 hestar í heimaengjum og í dag vil jeg ná liðugu 100 úr Safamýri og fara 2/3 að Bjólu, þar sem jeg ætla að hafa lömb, 1/3 heima. Jeg ætlaði að binda á 40 hestum en jeg gat eigi fengið nema 20 hesta til láns, en sjálfur hef jeg aðeins 12 undir áburð. Maður verður að sæta þessum góðu dögum. Nú er besti þerrir, sem annars er mjög af skornum skammti.

Jeg bið kærlega að heilsa bræðrum mínum fyrir sunnan og kveð þig með óskum alls hins besta. --

Álfheiður Helgadóttirs skrifar Jóni Helgasyni, Rvík. 2.8.1893.

-- Ég er búin að vera rúmar þrjár vikur fyrir austan, fyrst var ég í Odda og svo þrjá daga um kyrrt á Stóra-Hrauni, í nýja húsin. Þangað er nú komandi þykir mér, það er indælt sem búið er af húsinu, loftið er í smíðum og er enn sem stendur einn stór geymur. Þar uppi sofa 17 manns, nefnilega allt heimilið, bæði það sem talar og þegir, og er það dáindis laglegur hópur. Ég var í kirkju hjá Ólafi (bróður hennar) á Stokkseyri og þótti bara rart þar að vera. Eitt kvöld var svo boð með Ólafi og Kristínu til Nielsen, þar var fullt af gestum auk grossérahjónanna. Þar var gott að koma, nóg af músik og öllu góðu.

Austur í Odda leið mjög vel, krakkarnir öll skemmtileg, Helgi[2] þó indælastur þeirra; þar var verið að mála allt og prýða -- Ég kom upp að Reynifelli þar sem Sigga frá Árbæ býr og þar er gott að koma, en húsakynnin eru þar óbærileg, svo að maður á hægt með að fótbrjóta sig á stofgólfinu þar, með lagi. Sigga hló ósköp öll, eins og vant er og bað að heilsa þér. Líka kom ég að Árbæ.[3] Helga var heldur hress og fjörug --

Hér gengur allt við þetta gamla, pabbi alltaf meira og minna lasinn, Tómas oft fullur og eins og vant er lendir það ergelsi sem með því fylgir, allt á okkur hinum, sem erum þó að bera okkur að gera foreldrum okkar heldur til vilja það sem við getum, heldur en hitt, en það er best að bera það vel og vona að mamma okkar sjái það þó seinna verði kennski. Hvert okkar hefur angrað hana meira en Tómas. Ég veit nú ekki hvað hann gerir í vetur, en ef hann verður hér eftirleiðis, þá ætla ég heldur að koma mér einhvers staðar út á landshorn, en vera nálægt honum, því það er ekki til neins að vera að pína sig með því og fá svo bara óþakkir ofaní kaupið. Mamma mín hefur svo hvort sem er sagt það einusinni við mig. Sjálfri (finnst) mér að ég ætti að geta unnið fyrir mér úr þessu, og það mun vera satt, að ég ætti að geta það, þó mér sjálfri finnist það ofætlun -- ekki meiri mann. Ég er nú svo langorð orðin um þetta, að það mætti vera helmingi minna, en ég vildi láta þig sjá að að það ert ekki þú einn, sem færð sneypur, því það sé ég að þú munir hafa fengið síðast, en það fannst okkur Dísu fullkomlegur óþarfi að skrifa, eins og við hefðum verið að kvarta undan því að hafa þig hér eða því að þú færir, en ég sagði mömmu líka, að við hefðum gert okkur -- Niðurlag vantar.

Páll E. Briem til Susie Briem. Árbæ, 13.9.1893.

Sendir lista með beiðni um ýmsar útréttingar. Biður Eggert bróður hans um að hjálpa henni við að búa það út á hestinn.

-- Það er nú undarlegt að vera að biðja amerikanska frú að kaupa þetta allt og sjá um það. -- Þetta myndi einhverjum vera illa við, en þú ert svoddan tryggðatröll, jeg treysti þjer eins og nýju neti -- Þinn elskandi

---

[1] *"Peysur" mun komið úr frönsku paysan, bóndi eða sveitamaður, lítillækkandi orð.*

[2] *Helgi Skúlason (1892-1983) síðar augnlæknir á Akureyri.*

[3] *Ekki nefnir hún heimilisfólkið!!*

eiginmannsbróðir --

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 13.9.1893.

Gleðst yfir því að hann skuli hafa fengið eitthvað að gera og sé ánægður með kjörin.

-- finnst pabba fara versnandi -- sérstaklega undanfarna daga -- í dag heldur hressari -- það er óttalega sárt að sjá hann kveljast svona -- ég veit ekki hvort það er rétt af okkur að óska þess að hann fái að lifa hjá okkur, ef hann fær enga bót meina sinna --

Veit ekki hvernig hann getur kennt við skólann. Getur varla klára bréfið því alltaf er einhver að koma í heimsókn til að kveðja.

-- Nú situr hér Jón halti Þorkelsson[1] sem aldrei hefur stigið hér inn fyrr. -- Tómas er okkur til leiðind en aldrei til gleði --

Þórdís Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 19.10.1893.

-- Rétt til málamynda ætla ég að skrifa þér nokkrar línur, en það ætla ég að láta þig vita -- að þetta bréf verður hvorki langt eða fréttafrótt og veit ég að þér bregður við að bréf sem kemur frá minni hendi skuli ekki hafa það tvennt til að bera!! Ég þakka þér kærlega fyrir min part af því sameiginlega bréfi sem við systurnar fengum síðast.

Ekkert veit ég hvað ég á að segja þér í fréttum því hér gerist ekkart sem í frásögur er færandi og svo erum við hér orðið útúr heiminum því við kúrum alla daga uppi á kvisti og varla nokkur kemur hingað þegar pabbi auminginn er alltaf svona veikur.

Nú er þinn góð vinur Páll Einarsson[2] farinn úr borginni en Sigga[3] greyið situr í sorgum hér eftir og telur dagana til vorsins því þá munu þau ætla að giftast og setjast að á Patreksfirði --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Melum. 25.9.1893.

Hitti Eggert Claessen systurson, hann á suðurleið. Er samferða landpóstinum. Tók frá séra Arnóri á Hesti hest til Guðlaugar Arason, sem á að fara á Flugumýri. Á leið að Bæ í Strand til frænda síns. Óskar henni góðs í erfiðleikum hennar.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Mosfelli. 27.9.1893.

Gleymdi handritinu að Kjartani og Guðrúnu, biður um að fá það sent. Segir ferðasögu sína og áætlun.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 30.9.1893.

Segir frá heimilislífi, ferð í Viðey. Marta og Elín frá Viðey hafa verið hjá henni. Einnig frá ferðum fólks til og frá landinu og bænum.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 13.10.1893.

Segir ferðasögu frá Melum. Eftir að heim kom fór hann að Hofi og til Akureyrar. Alls staðar fá þau hjón samúðaróskir. Allir vita hve fallegt og efnilegt barn þeirra var. Júlíus Havsteen amtm. og k.h. eru ánægð með að fara suður. Allir vissir um að Páll fái amtmannsembættið. Gengur vel með nemendurna sem streyma að, en lítið hafa þeir handa milli. Búist við 35-36. Hjaltalín kemur aldrei hingað og konurnar hittast aldrei.

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík, 15.10.1893.

-- Villi[4] er farinn til Keflavíkur sem barnakennari hjá faktor Norðfjörð til maí. Steinunn (Ísleifsdóttir, kona hans) verður í Hafnarfirði í vetur. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 15.10.1893.

Segir frá ferð til Gunnlaugs bróður hans í Hafnarfirði. Henni boðið að búa hjá þeim Frederikke hvenær sem hún vilji. Var samferða Steinunni og Vilhjálmi bróður H.E.B. en ætlan hans er að kenna í Keflavík í vetur hjá Norðfjörð verslunarstj. Veðrið ekki gott, Tjörnin ísi lögð. Maður var kom að austan, hafði riðið Þjórsá á ís.

---

[1] *Jón Þorkelsson (1859-1924) þjóðskjalavörður.*

[2] *Páll Einarsson (1868-1954) frá Hraunum, síðar borgarstjóri og hæstaréttardómari.*

[3] *Hann gekk að eiga Sigríði Franzdóttur Siemsen.*

[4] *Vilhjálmur E. Briem sonur hans.*

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 6.11.1893.

Líklegt að Vilhjálmur bróðir hans fái Goðdali. Piltar í skólanum eru 36 og ein stúlka og býr hér í húsinu hjá Stefáni. Slæmur í fótum. Vonar að Steingrímur á Silfrastöðum borgi skuld.

Klemens nefnir aldrei 80 kr. sektina.

Sonur Stefáns brenndi sig illa á kaffibolla sem steyptist yfir hálsinn á honum. Bróðurdóttir Matthíasar, Dagbjört Magnúsdóttir (kaupmanns Jochumssonar (1834-1904) er hjá Stefáni og Steinunni í vetur. Hún er skemmtileg. og góðhjörtuð - hefur verið í Danmörku. Talað um að leika á Ak. en strandar á húsnæði.--

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 7.11.1893.

Ræðir einmanaleik sinn, minningin um son þeirra hafi breytt lífinu, hann sé í huga sér,ávallt nærri. Ræðir flutning fólks í Reykjavík og breytingar á embættum, vonar að Páll bróðir HB fái amtmannsembættið. Segir frá boðum til biskups (Péturs Péturssonar), til Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og konu Björns Kristjánss. Keypti skauta og hefur notað þá. Segir af góðu skapi og heilsu Eggerts tengdaföður síns.

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Árbæ. 12.11.1893.

-- Jeg þakka þjer fyrir síðast, brjefin þín síðustu og allt annað gott. Ertu eigi orðinn reiður við mig af því hvað langt er síðan jeg skrifaði þjer? Þegar jeg var í Khöfn var jeg duglegur að skrifa en síðan jeg komst í þetta embætti vil jeg nærri því helst aldrei skrifa og svo held jeg að það bæti eigi um þegar jeg er líka farinn að búa fyrir alvöru eins og nú má heita að byrjað sje hjá mjer.

Eins og þú manst skrifaði jeg þjer í haust að heyskapurinn hefði orðið 1058 hestar og þaraf 58 hreinasti ruddi; svo átti jeg gamalt hey 50 hesta; nú skaltu heyra hvað jeg set á. Fyrst er nú fjósið. Þar eru 7 kýr og þaraf 3 nýbornar, bolakálfur 7 mánaða og vikugamall kvígukálfur sem á að lifa; svo læt jeg lifa bolakálf í vetur. Hross eru 17. Áburðarhestar 12. Reiðhestar 4 og þrívetur hryssa ótamin og metfé. Af reiðhestum er einn foli 4ra vetra keyptur í fyrra á 50 krónur, mikið efnilegur, svo er Hjeðinn, 5 vetra frá Bergþórshvoli, Litli Gráni frá Sigurði og Villagráni frá þjer, sem er nú reyndar bæði brúkaður til reiðar og áburðar.

Af sauðfé set jeg á 90 ær, 70 lömb, 51 sauð veturgamlan og 3 hrúta, sem eru hin mestu metfje. - Jeg álít að búið borgi sig ekki nema jeg hefði hjer 200 ær, 200 sauði og 200 lömb, sem jeg heyjaði fyrir í Safamýri og ljeti hirða á einhverjum bæ við mýrina, því hingað er ógjörningur að flytja svo mikið hey. Jeg heyjaði 250 hesta í Safamýri í fyrra og 288 hesta í sumar. Jeg læt fóðra á Bjólu 35 lömb, eina gelda kú og 2-3 hesta, eptir því sem verkast vill. Bjóla er næsti bær við Safamýri. Jeg var að hugsa um þetta í haust og keypti því ½ jörð í Vetleifsholtshverfi, nefnilega Part. Afgjald er 40 f. smjör, 2 ær og gemlingur. Jeg met þetta eigi minna en 45 krónur og svo er engjastykki að auki sem jeg sjálfur get notað og í slægjukaup fyrir það hefði jeg borgað 30-40 krónur eftir því sem jeg hef borgað fyrir engjastykkið á Bjólu, sem er þar rjett við. Verðið var 600 krónur, er jeg þarf eigi að borga nema smátt og smátt við hentugleika. Mjer finnst jeg hafa fengið kaupin góð og held jeg að auðvelt sje að selja jörðina fyrir sama, hvenær sem vill.

Kristinn litli biður kærlega að heilsa þjer og öllu frændfólki sínu. Hann er einstaklega skemmtilegt barn og allra hugljúfi. Hann er nú að læra að lesa og gengur vel. Hann á nú að fara að lesa Nýja testamentið á morgun (blað á dag). Svo kveð jeg þig með óskum alls hins besta í bráð og lengd. --

Halldór E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Möðruvöllum, 14.11.1893.

-- Þú munt hafa frétt það að við Susie fórum austur til Páls bróður, þegar allt var afstaðið og Haraldur litli kominn í sína síðustu hvílu. Susie var svo að nokkru leyti fyrir framan hjá Páli meðan Stefanía lá.

Nú er talið líklegt að Páll bróðir verði amtmaður hér norðanlands, það er að segja ef Lárus Blöndal ekki sækir, hvernig sem fer. Gaman væri fyrir okkur systkini hans ef Páll yrði amtmaður, en það er ekki vert að gera sér of háar vonir. Annars vildi (ég) helst vita Pál einhvers staðar annars staðar en þar sem hann er, því aldrei held ég hann festi þar yndi.

Einar (Ásmundsson) í Nesi er nýdáinn. Hurð slengdist á ennið á honum og af því fékk hann sitt banamein. Hann lá stutt. Það er mikill mannskaði um svo gáfaðan, vitran og fjölfróðan mann. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Hafnarfirði. 28.11.1893.

Hefur verið hér um tíma. Fékk lánaðan hest hjá frú Stephensen (landshöfðingjafrúar).

Sigurður br. HB fór með á nýkeyptum hesti. Þorgrímur Guðmundsson fór með til samlætis.

Áður en hún fór sótti hún fyrirlestur Sæm. Eyjólfss. Fjallaði um dýrkun helgra manna fyrrum. Flutningur var ekki góður og urðu menn þreyttir og syfjaðir. Hann talar við áheyrendur eins og við börn.

Heyrt að skólapiltar ætli að sýna leikrit, en ekki heyrst um annað. Segir að Breiðfjörð muni áreiðanlega

ekki láta leikhús sitt vera ónotað í vetur og búinn að kaupa píanó. Biður hann um að fara í kalt fótabað til að styrkja taugarnar í fótunum sem dr. Schierbeck sagði vera slappar. Spyr um séra Matthías og ferðir H.E.B. til Akureyrar. Slæmt að sonur Stefáns skyldi brenna sig.

Segist sjá Kristjönu (Hafsteen) oft. Tryggvi (Gunnarsson) kom líka.

Segir Carrie systur sína hafa verið niðurdregna í bréfi, þar sem hún gæti ekki menntað börnin sín. Séra Matthías og Sigfús Eymundsson heimsóttu hana.--

Helgi Háfdanarson skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 29.11.1893.

Hjartkæri sonur. Nú er svo komið að ég get ekki lengur svarað þér uppá bréfið þitt og er ég því neyddur til að láta systkini þín gera það.[1]

Ég er nú búinn að liggja rúmfastur síðan 12. okt. Hingað til hef ég við og við myndast við að skrifa í rúminu, til dæmis Ólafi (Helgasyni) og Skúla (Skúlasyni), en nú er svo komið að ég verð að hætta við að skrifa þér sjálfur. Óstyrkurinn í kroppinum er svo megn orðinn, að ég treysti mér ómögulega til að skrifa -- ég get með sönnu sagt að ég geti ekki valdið penna framar; en þótt þetta sé nú þungbært, er það engan veginn hið þungbærasta sem á mig hefur verið lagt, heldur þvert á móti það að ég hef oftast nær, bæði dag og nótt, ekkert viðþol fyrir verkjum (*í maganum,* innskot hans með blýanti), hvað mikið *morphin* sem ég brúka til að lina þær kvalir, og reyna að fá svefn. Þessir þrálátu verkir og þar af leiðandi svefnleysi er það sem þjáir mig mest, en ég vil nú hætta að tala um þetta, að sinni, og geta þess, að ég hef reynt með guðs hjálp, að standa stöðugur í þolinmæðinni, og um hjálp til þess, bið ég minn góða guð óaflátanlega.

Það sem ég einkum reyni að hafa mér til styrks og afþreyingar er lestur heilagrar ritningar, einkum nýja testamentisins, þegar mínir veiku kraftar leyfa. Í gamla testamentinu hef ég einkum lesið spámennina og sálmana, en í nýja testamentinum hvað sem fyrir hefur orðið. Sérílagi er það einn kafli hjá Páli postula, sem ég hef í þessum nauðum mínum mikið hugsað um, en það er Filippíubréfið, 1. kap. 21.-23. vers.

Ég hef mikið hugsað um hvernig þessi orð séu rétt skilin og hvort ég megi heimfæra þau til mín, hvort ég megi yfirhöfuð óska þess að guð leysi mig héðan til að vera með Kristi. Ég get með sönnu sagt, að mig langar til að losast héðan, en þó er sumt sem gerir mig hikandi til að óska þess. Ég reyni því til að fela guði mínum þetta á vald og biðja hann um styrk og þolinmæði.

30. nóv. Í gær hafði ég ekki fjör né krafta til að lesa meira (innan sviga með hans hönd með blýanti: *að láta lesa mér fyrir meira*) og varð því að hætta, nóttin síðasta var með betra móti og fékk ég yfirhöfuð töluvert góðan svefn, en nú er minn gamli verkur að magnast aftur. Máttleysið í kroppnum er með mesta móti og það svo að ég get ómögulega snúið mér hjálparlaust í rúminu. Ég hætti svo aftur að tala um sjálfan mig og vík máli mínu til þín, að minnast á þann mikla greiða, sem bletturinn á augabrún þinni hefur gert þér. Eftir þessu: að hann mundi losa þig frá hernaðarskyldum hef ég raunar hálfvegis vonað.

Hvað þitt *practiska* próf snertir, þá furðar mig það í aðra höndina, að þér er svo fast í huga að komast hjá að taka það próf við háskólann í Khöfn, og það því fremur sem einn af kennendum og prófendum þar er þinn uppáhaldsprestur og góði vinur Scheplern; þar að auki finnst mér það ókostur að svo mikið (insk. m. blýanti - *umsóknarsvæði*) gengur frá, ef þú tekur próf annars staðar. Ég hef hugsað að þér væri máske ekki móti geði að reyna að fá einhver af hinum nýju embættum við hinar fyrirhuguðu smákirkjur í Kaupmannahöfn, eins og til að mynda þeir kunningjar þinir, Holt og Mygind o.fl. Annað sem mig furðar líka er það, að þú talar eingöngu um að verða „*personal-kapellan*“ en alls ekki um að verða *kapellan pro loco*, eða reyna að fá eitthvað af hinum minni prestaköllum, sem alltaf eru að losna. Að komast í slíka stöðu finnst mér að væri æskilegt fyrir þig til að geta gift þig og orðið sjálfstæður, og ég hugsa að ef þú, *candidat* með 1. einkunn, sæktir um eitthvað af hinum minni brauðum, mundi þér varla lengi verða synjað um þau öll.

En fyrirgefðu, góði sonur, að ég fór að tala um þetta, því þar sem ég tala um þetta, eins og blindur dæmi um lit, og fylgdu því sem þín eigin samviska og heilráðir vinir ráða þér til,

Af fréttum hef ég svo lítið að segja, að ég get ekki einu sinni sagt neitt um Prestaskólann, en held þó, að ég megi fullyrða að þar fari allt vel fram. Prestlingarnir, sem nú eru, eru að ætlun minni yfir höfuð siðsamir og vandaðir menn; en gáfumenn eða menn sem hafi hið vísindalega interessi, er ég hræddur um að þar séu eigi, svo að hér verði enn, þegar þeir komi fram, hin gamla „*middelmaadighed*“, sem svo oft hefur gert mig leiðan; en að óska prestaskólanum alls góðs get ég eigi látið vera, því þótt mér hafi verið margt ógeðfellt á meðan ég hef þjónað þar, er prestaskólinn þó sú stofnun hér á landi, sem intresserar mig mest, og ég hef mestar mætur á, af öllum íslenskum stofnunum. Samkennarar mínir við prestaskólann hafa reynst mér eins og bestu drengir, síðan þessi sjúkdómur kom yfir mig. og er ég þeim mikið þakklætis skyldugur fyrir það.

[1] *Rithönd Álfheiðar dóttur hans.*

Ýmsir hér í bæ, vitja um mig iðulega, þó er það einkum sra. Þórhallur,[1] biskupinn[2] og póstmeistarinn.[3]

Nú hætti ég þá viðtali mínu við þig, elsku sonur, máske síðasta sinn í þessu líf, en gleð mig við vonina um það, að þið, öll mínir elskuðu nánustu náungar, komið á eftir mér, og að ég muni fá að vera hjá ykkur, um leið og hjá mínum blessaða frelsar og ástvini Jesú Kristi.

Hjartans þakklæti fyrir hans ástúðlega bréf. Guð veri með þér og þessum öllum, óskar af hjarta. Þinn heitt elskandi faðir *H. Hálfdanarson* (hans rithönd).

Þetta var síðasta bréf Helga Hálfdánarsonar í þessu safni. Hann dó 11.2.1894.

Einmitt er ég (E.Á.) var að skrá þetta bréf rakst ég á vísu Helga í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, kannski fyrstu vísu hans. Ort um Einar (1831-1913) yngri bróður hans, síðar hreppstjóra, bónda og trésmið á Hvítanesi í Ögursveit.

Einar datt, það segi ég satt,
síst var bratt, þó lægi hann flatt,
en furðu hratt á fætur spratt,
fram sér vatt, en ég hló glatt.

Elín E. Briem til Halldórs E. Briem. Ytriey 11.12.1893.

Elskulegi góði bróðir.

Ræðir sonarmissi Halldórs. Gaman ef Páll verður amtm. og þeir bræður eigi hægt með að finnast.

-- Það er munur en þessir kunningjar, sem vanalega eru fullir óeinlægni.

Er ekki Stefán kennari ómerkilegur? Jeg hef einhvern veginn þá hugmynd, af því að jeg heyri að hann á þessu ferðalagi sínu geri sér til skemmtunar að leggja til fólks með háðsglósum og ónotum sjerstaklega kvenfólki og kvennaskólunum, en ekki er það talið merkilegt að leggjast á lítilmagnann, en flest er nú líklega lítið í augum slíks stórherra. Hann biður víst þingið næsta sumar að láta rífa Eyjarskólann og brenna rústirnar, því að líkindum herðir hann á óbænunum, þegar hann bað síðasta þing að veita skólanum hjer engan styrk; hvernig sem á því stendur að skólinn hjer er í svona mikilli ónáð hjá honum.

[1] *Þórhallur Bjarnarson, síðar biskup.*
[2] *Hallgrímur Sveinsson, biskup.*
[3] *Óli P. Finsen.*

1894

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum 4.1.1894.

Lýsir jólunum og ferð þeirra Jónasar á Þrastarhóli og Stefáns Stefánssonar til Akureyrar. Veðrið afleitt, mikil rigning og flóð í Glerá sem olli skemmdum. Á heimleiðinn var frost og féll hestur HB í ánni og hann blotnaði. Eftir jól var honum boðið að Fagraskógi þar sem þriðja barn þeirra Ragnheiðar og Stefáns var skírt Guðrún[1] Vegna kvefs gat hann ekki farið. Einnig boðið til Valgerðar systur hans, sem kennari var á Laugalandi, en veðrið hamlaði. Ræðir húsnæðismál þeirra S.B. í Rvík.

Bók Matthíasar um Ameríkuferðina er í prentun.--

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Hafnarfjörður. 4.1.1894.

-- Segir af heimsókn á gröf sonar þeirra. Hugur hennar hjá Valtý ungum syni Stefáns á Möðruv., spyr um hann. Ræðir gigt sína, fót hans, gefur ráð um mataræði.

Segir frá tombólu Thorvaldsenfél. í Góðtemplarahúsi, hafi hún haft mikið að gera í því sambandi. Húsið troðfullt. Hefur aldrei séð fleira fólk samankomið í jafn litlu húsnæði. Margir komust ekki inn. Hagnaður 7-800 kr.

Vandræði á heimili tengdaföður hennar sem er orðinn gamall. Fjölsk. boðin til Eiríks Briem á jóladag og fóru saman á skólaleik á 2. jóladag: Andbýlingar og Misskilningur. Ekkert heyrst af prestkosningu í Goðdölum, en búist við að Vilhjálmur E. Briem verði kosinn. Áður en þau fara norður gifta Vilhjálmur og Steinunn sig. Séra Helgi (Hálfdánarson) dauðveikur af krabbam. Segir af gestagangi í Hafn. Hlöðuþak Gríms Thomsen fauk í fyrrinótt. Fréttir af Kristjönu Hafstein sem er í Hafn. hjá dóttur sinni.--

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Árbæ, 12.1.1894.

-- Þú hefur lifað það að við erum allir orðnir fleygir synir þínir og náð hárri elli, en samt vona ég að vér systkinin megum halda þér nokkra stund ennþá hjá okkur. Þú sagðir mér mikil tíðindi um að það kynni að vera að Lárus Blöndal byði sig fram til amtmanns.

Ég vona þetta bréf nái séra Skúla í Odda áður en hann fer austur og þætti mér þá mjög vænt um ef þú gætir skrifað mér hvernig sakir standa. -- Ef ég fæ bréf um að Lárus sæki og landshöfðingi vilji hann eindregið, þá fer ég ekki suður, en ef þetta er ekki, eða ég fæ ekkert bréf, þá er ég að hugsa um að fara héðan af stað 22. þ.m.

Ekki get ég neitað því að mig langar allmikið til að verða amtmaður og vildi ég bara óska að landshöfðingi vildi segja mér annaðhvort af eða á. Mér er farið að leiðast þessi óvissa sem alltaf hefur verið með mig síðan ég tók examen. --

Vonar að hitta pabba sinn í þessum mánuði. --

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 20.1.1894.

-- Hingað kom skip -- langar okkur að koma til þín bréfi til að láta þig vita svo fljótt sem unnt er þau umskipti sem nú eru orðin hjá okkur, n.l. að 2. janúar kl. 7½ um kveldið andaðist þinn ástríki faðir og fékk hvíld eftir hinar langvinnu þjáningar, sem hann fram í andlátið bar með hinni óþreytanlegu þolinmæði og undirgefni undir guðs vilja. Frá því hann lét Álfheiði systur þína skrifa þér fyrir sig, og jafnvel nokkru áður, var hann orðinn svo máttvana að hann gat ekki snúið sér í rúminu hjálparlaust og svo margt, að ég hef aldrei séð neitt þvílíkt. Matarlystin var með öllu horfin og það eina sem hann nærðist á var ögn af nýmjólk flóaðri. Þrátt fyrir þessa afturför, jukust þjáningar hans ekki að miklum mun, enda var *morphínið* alltaf brúkað, en fjörið dofnaði smátt og smátt, svo það var ekki nema einstöku sinnum að hann hafði þrek til að líta í bók, en við og við hafði hann gaman af, að láta okkur lesa fyrir sig, að syngja fyrir sig sálma sem hann benti á sjálfur, og þó það væru stundum hryggðarraddir hjá okkur, þá gladdist hann yfir að heyra þær. Seinast sungum við fyrir hann á gamlársdag: „Ef guðlegt líf á undan er“ og „Hve fagurt ljómar ljósa her“. Seinni part þess dags fór honum að þyngja og verkurinn að aukast svo hann rak upp há hljóð oft, um leið missti hann líka ráðið, svo þó hann alltaf þekkti okkur vel, þá var ekki að marka það sem hann sagði. Á nýársdag sýndist hann aftur ögn betri, og var þá lítið ruglaður, svo Álfheiður las fyrir okkur nýársræðu í Schouesb. (?) predikunum.

Séra Þórhallur kom þá og talaði við hann litla stund og bar þá ekki á að hann væri neitt öðruvísi en oft áður, en þegar á daginn leið, fór eins og hitt kvöldið. Hann vildi ekki kannast við sér liði illa en ég er sannfærð um að

[1] *Guðrún Stefánsdóttir (1893-1980), skáld og ritstjóri. Átti Jón Magnússon. skáld og húsgagnakaupmann. Voru þau bæði góðir viðskiptavinir móður minnar, Friede Pálsdóttur Briem.*

hann leið ósköp. Þannig leið öll nóttin og dagurinn næsti fram til kl. 5, þá sofnaði ég svo sem 10 mínútur, og heyrði þó alltaf til hans í gegnum svefninn en systkinin sátu öll hjá honum. Þá ætlaði hann að fara að tala eitthvað, en gat það ekki; í því kom ég að rúminu og sá þá strax að þá mundi dauðastundin vera komin. Við sátum svo öll í kringum hann. Ég við höfðalagið en systur þínar á móti við fótagaflinn, Tómas við stokkinn og hélt í höndina á honum. Hann sýndist horfa á okkur, en hvort hann sá okkur þá, veit ég ekki, en hann sýndist ekki líða úr því og ég sá ekki síðasta andartakið, hélt hann væri ekki dáinn fyrr enn Tómas sagði mér það. (2. jan.)

Daginn eftir bárum við líkið niður á kontór og höfðum það þangað til kistulagt var -- 7. Þann dag gat ég fyrst komið bréfi til Ólafs, því veðrið var alltaf ófært áður. Ólafur sendi á mánudaginn að Odda en á miðvikudag voru þau fjögur komin hingað, nl. Oddahjón og Ólafur og Kristín, og fengu indælt veður sem hefur haldist síðan.

13 jan. var hann jarðaður og segist fólk hér varla muna eins fjölmenna líkfylgd. Séra Þórhallur hélt húskveðju en í kirkjunni biskupinn[1] og séra Jóhann. Steingr. Thorsteinsson bjó til grafskrift og kveðjuljóð frá prestaskólanum. Söng einsöng Benedikt Gröndal,[2] einn stúdentinn sem líka hafði ort þau. Krans kom frá prestaskólastúdentum, fyrir utan ótal kransa úr bænum, sumir frá fólki sem við höfðum verið lítið kunnug. Yfirhöfuð var allt gert til að gera útför hans sem fegursta, og held ég séra Þórhallur hafi staðið mest fyrir því og má ég vera honum og fleirum þakklát fyrir það, þó allt þesskonar sé léttvægur hégómi í mínum kringumstæðum. Þar á móti var mér ósegjanleg huggun að geta fengið að sjá systkini þín að austan, sem ég varla gat vænst eftir um þetta leyti árs. --

Ólafur skrifaði mér og sendi tvö ljóð frá séra Valdimar --

Ég hef verið svo langorð um þetta allt því ég hélt að þú myndir vilja óska að fá að vita nákvæmlega um seinustu stundir föður þíns, en bið þig forláta að margt sé klaufalega orðað. Ég á hálfbágt með að hugsa greinilega --

Systur þínar vöktu alltaf á víxl við mig seinustu vikurnar og höfðu betri krafta til að hreyfa hann en ég. Guð veri lofaður fyrir það að hann gaf okkur þrek til að stunda hann án óviðkomandi hjálpar . -- var yfirhöfuð eins og faðir þinn yrði því blíðari og elskulegri sem nær dró dauðanum --

Séra Magnús Andrésson til Þórhildar Tómasdóttur. Gilsbakka 29.1.1894.

Háttvirta og kæra frú! Með póstinum 11. þ.m. fjekk jeg þá fregn, að eiginmaður yðar og minn hjartkæri velgjörari og vinur hafi andazt -- Mjer varð svo við þau tíðindi, að jeg gat ekki þá í svipinn skrifað yður með póstinum til baka, enda var ekkert ráðrúm til þess. Það er þó sannlega engum skyldara en mjer, að sýna hluttekningu í sorg yðar og barna yðar yfir þessum mikla missi, og þá hluttekning vil jeg hjer með votta yður hjartanlega. Í þakklátu hjarta geymi jeg endurminninguna um allar hinar miklu velgjörðir ykkar hjóna við mig, alla tryggð og ástúð, sem jeg hef notið á heimili ykkar nú í næstum 30 ár. Guð launi ykkur hana ríkulega.

Stundum í haust og vetur hafði jeg í bænum mínum minnzt þessa ástkæra vinar míns og beðið guð að stytta þjáningarstundir hans. Þótt mjer þyki sú tilhugsun sár, að eiga ekki lengur von á, að sjá hann hjer á jörðu, þá finn jeg þó, að gott er að þakka, því að guð hefur kvatt þennan trúa og valinkunna þjón sinn heim til sín frá þrautum lífsins.

Dagsverkið er orðið mikið og gott, eptir því sem um er að gjöra hjá oss mönnunum. Lof sje því þeim, sem gaf og tók. -- Yðar einlægur og þakklátur vinur Magnús Andrjesson

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Hafnarfirði. 1.2.1894.

Kærleiks- og ástarbréf. Fréttir af fjölskyldu hennar í Ameríku, innkaup á efni í föt og dúka:

-- A wife is an expensive luxury.--

Býst við að verða í Hafnarf. út veturinn. Segir frá vinnu sinni við handíðir. Vilhjálmur bróðir hans hefur ekki enn fengið skipunarbréf. Segir frá leiksýningum í Rvík og lélegri sýningu í Hafn. eftir höfund þaðan. Laura Hafstein[3] er að sigla til lækninga. Lýsir hve sorglegt sé að heimsækja hana vegna sjúkleika hennar með hennar litlu börn.--

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík, 5.2.1994.

-- Ástarþakkir fyrir elskulega bréfið, sem var skrifað daginn áður en elskulegi pabbi okkar, sem við nú höfum mátt sjá á bak með sárum söknuði, var grafinn. Af þínu svo dapra bréfi sá ég að þú, eins og vonlegt var, bjóst eins - eða öllu fremur - við að við værum orðin föðurlaus, eins og hann væri enn hjá okkur á lífi, ó, hvað ég óskaði þess oft að þú værir svolítið nær okkur þessar síðustu vikur, sem voru svo þungbærar, og sorgin lá svo

[1] *Hallgrímur Sveinsson.*

[2] *Benedikt Gröndal Þorvaldsson (1870-1938). Gekk í Prestaskólann í tvö ár. Skólastjóri í Ólafsvík, kennari, skáld og bæjarfógetaskrifari. Móðir hans: Valborg Sveinbjarnard., systir Benedikts Sveinbjarnarsonar Gröndal. Gaf út nokkrar bækur.*

[3] *Laura Havstein (1866-1894) kona Jóns Þórarinssonar, síðar fræðslumálastjóra. Hún dó 5.5.1894.*

þungt á okkur, en drottinn gerði enda á því öllu, og þótt okkur finndist sárt að missa okkar ástríka og svo þolinmóða föður, sem bar allar sínar þjáningar svo sannkristilega og fallega, þá megum við samgleðjast honum, hvað honum nú líði vel, laus við allan sjúkdóm og sorgir þessa lífs, og að hann hafi nú fengið að sjá sinn ástvin Krist, sem hann þráði svo heitt. Þetta er okkar huggun í sorginni og söknuðinum, og það að við vitum og trúum að allt sem guði þóknast að láta fram við oss koma, hversu sorglegt sem okkur þykir það, hljóti að vera okkur til góðs.

Jólin blessuð voru hjá okkur döpur og sorgleg, og þó hefðu þau getað verið miklu sorglegri, við fengum þó að hafa okkar elskaða föður lifandi hjá okkur og með ráði og rænu, og það fannst okkur indælt, við bæði lásum fyrir hann og sungum sálma, og það var honum svo mikil ánægja í. Við hugsuðum svo oft til þín og hvernig þín jól væru, við þóttumst fullviss um að þú værir með hugann hjá sóttarsæng pabba og okkur öllum. Þó þú værir svo fjarlægur okkur. Systkini okkar að austan voru hjá okkur í viku, en eftir að þau fóru aftur fannst okkur húsið svo tómt og autt, svo við næstum óskuðum að þau ekki hefðu komið, þó okkur væri það mikill raunaléttir í svipinn.

Annars óska ég þess oft að við værum komin burt úr þessu húsi, sem nú er orðið svo mikils til of stórt fyrir okkur og að við hefðum í staðinn svolítið hús, sem væri okkur mátulegt. Hér er allt til að minna okkur á skarðið sem orðið er í okkar hóp, og hve mikið við höfum misst.

Ég held ég hætti við þetta lítilfjörlega bréf. Ég er svo illa upplögð til að skrifa, ég er líka búin að sitja við að skrifa af ræðuna biskupsins,[1] sem hann óskaði að sér yrði send aftur. Okkar á milli fannst mér ekki mikið til hennar, þó það kannski sé vanþakkátt af mér. Séra Jóhanns[2] ræðu nefni ég nú ekki, þar í er hvorki að fá huggun eða uppbygging, það er sama sem - ekki neitt, en hann getur víst ekki betur og þá má maður ekki segja neitt. --

Svo kveð ég í þetta sinn, elskulegi besti Nonni minn með því að biðja guð að hugga þig og hughreysta. -- Þess biður þín af hjarta elskandi hrygga systir --

Páll E. Briem skrifar Eggert G. Briem. Árbæ, 12.2.1894

Segir fréttir af slæmri tíð og heilsufari. Góðar fréttir af afkomu í nágrenninu, en slæmt í Landeyjum og undir Eyjafjöllum þar sem sultur er genginn í garð.--

Ólafur Guðmundsson[3] læknir í stöðugum ferðum og furða menn sig á hvernig hann heldur út. Hann er lágur vexti en rekinn saman og það hjálpar honum.--

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 24.2.1994.

SB virðist vera í Hafnarf. hjá Gunnlaugi Briem, vinna við saumaskap, spuna og kennslu. Lárus Blöndal hefur sótt um amtmannsembættið og hefur spurt um hús til leigu, getur fengið gamla apótekið, þar sem Klemens býr nú. Ætlar að kaupa húsið af Júlíus Havsteen.

Líklega kemst Páll ekki að. Spyr hvort hann muni sækja um Húnavatnssýslu.

Vonbrigði með að leikritin komist ekki á senu.--

Susie Briem til Halldórs Briem. Reykjavík Feb. 26th 1894.

My dear Halldór!

Segir Kristján Þorgrímsson ekki ætla að setja leikrit H.E.B. upp; hann er nú einn aðalleikarinn. Briet flutti fyrirlestur. S.B. var ekki í bænum. Hafði heyrt að hún hafi sveigt að Thorvaldsensfél. Það er sagan um refinn og þrúgurnar. Ræðir öfundargrein Gröndals um Matthías.

Eggert G. Briem skrifar Elínu E. Briem. Reykjavík, 27.2.1894.

-- Vilhjálmur og Steinunn ætla að giftast í Hafnarfirði áður en þau fara norður. Hann losast úr Keflavík 1. apríl og ætlar að búa einn í Goðdölum.

Mér féll mjög vel við Steinunni þennan tíma sem hún var ráðskona hjá mér eftir að Jóhanna fór norður. --

Síðasta bréf Eggerts G. Briem í þessu safni. Hann dó 11.3.1894.

---

[1] *Hallgrímur Sveinsson biskup.*

[2] *Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprestur.*

[3] *Ólafur (1862-1906) sonur séra Guðmundar Einarss. og Katrínar Ólafsd. á Kvennabrekku. Sat á Stórólfshvoli, fékk lausn vegna vanheilsu 1905. Bróðir Theódóru Thoroddsen og Ásthildar Thorsteinsson. Átti Margréti dóttur Magnúsdóttur Ólsen Ingunnar Jónsdóttur frá Þingeyrum. Þau voru barnlaus.*

Vilhjálmur E. Briem[1] skrifar Helga P. Briem. 22.3.1949.

Reykjavík, 22.3.1949.

Kæri frændi. Ég þakka þér, konu þinni og dóttur ástsamlega fyrir hamingjuóskir á áraskiptadaginn, þegar ég færðist yfir á þann áratuginn, sem elstu karlarnir eru á, að frátöldum aðeins örfáum undantekningum, þeim er virðst hafa gleymt því að flytjast yfir í annan heim.

Þú óskar þess að ég skrifi endurminningar um foreldra mína og heimili þeirra. Gaman væri að vera þess umkominn, að geta það. En því er ekki að fagna. Hefði ég verið einn af eldri börnum foreldra minna og fylgst með lífi þeirra og störfum á besta skeiði aldurs þeirra, væri öðru máli að gegna og ég geta frá mörgu sagt; en ég var krakki, þegar faðir minn hætti störfum. Af eigin þekkingu get ég því frá fáu greint. Um sumt hef ég aðeins óljósa hugmynd og um margt, sem máli skipti, þekki ég ekki neitt.

Til skýringar þessu vil ég nefna eitt dæmi. Það er þegar Skagfirðingar vildu hefja sölu á lifandi fé til Englands. Elín systir mín skrifaði smágrein um foreldra okkar. Grein þessi birtist í Lesbók Morgunblaðisins. Hún minnist þar á þessa tilraun til fjársölu og loforð einhverra Englendinga um að senda skip til að sækja sauðina.

Faðir minn hafði verið þess fýsandi, að hafist væri handa í þessu máli, þar sem hann leit svo á að það gæti orðið til gagns. Það sýndi sig síðar, þegar Englendingar hófu hér fjárkaup og fluttu fé á fæti til Englands, að hann hafði séð rétt. En ekkert varð úr því að neitt skip kæmi og varð geysiskaði á tilrauninni, svo margir urðu fyrir stórtapi.

Faðir minn hafði fýst[2] menn til fyrirtækisins og taldi sig því siðferðilega skuldbundinn að bæta skaðann. Hann tók því á sig gífurlegan skuldabagga, sem veittist honum erfiður, jafnframt því að hann hafði mikinn kostnað við að mennta börn sín. Hann lifði þó það að hann hafði greitt allar skuldir og var einn af þeim fáu sýslumönnum, sem féllu frá á þeim árum, án þess að skilja eftir óbættar skuldir. Mál þetta þekki ég aðeins í stærstu dráttum, en svo óljóst, að um það get ég ekki skrifað, svo í nokkru lagi sé.

Um ýmislegt fleira hef ég aðeins óljósa hugmynd, og ekki meira. Margt mun frásagnarvert sem ég hef enga vitneskju um.

Allur heimilisbragur hjá foreldrum mínum mun hafa verið þannig, að þess hefði verið vert að honum væri lýst af hæfum manni, en því miður er ég ekki fær til þess, þegar af þeirri ástæði, að þá var ég barn og jafnvel ófæddur, þegar þau bjuggu stórbúi með tuttugu til fjörutíu manns í heimili.

Ég hafði engan þroska til þess að hafa yfirsýn yfir það, sem þar fór fram og þá ekki heldur maður til að skrifa um það. Ég flýtti mér með ársreikning Söfnunarsjóðsins og fór að reyna að setja eitthvað saman, en ég var svo óánægður með það, sem komst á pappírinn að ég kastaði því í eld. Þú sérð nú, að þessu athuguðu, að það er ekki fyrir viljaleysi, heldur geturleysi, að ég skorast undan að skrifa minningarnar. Mér þykir það beinlínis sárt, að hafa ekki skilyrði til þess, en foreldra mína vil ég á engan hátt óvirða með fánýtu rugli um þau.

Ég bið þig að minnast þess, að ég er áttræður. Ef ég hefði fæðst tuttuggu árum fyrr, hefði ég orðið margs vísari við komandi foreldrum mínum, og um leið haft frá ýmsu að segja, sem í frásögur væri færandi. Ég slæ botninn í þennan leiðindapistil.

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 19.3.1894.

- Innilegt þakklæti mitt fyrir þitt ástúðlega bréf eiga þessar línur að flytja þér. Það gladdi mig mikið, og fékk mig ofan af þeirri meiningu, sem ekki var laust við að ég hefði um þig, n.l. að þú mundir ekki finna mikið til með þeim sem bágt ættu. Aldrei áleit ég það samt vott um neina óást, heldur afleiðingu af því að þú þekktir svo lítið hið erfiða og sorglega í lífinu.

Þessi óvænta fregn um hingaðkomu þína var mér líka eins og þú víst getur trúað, mikið gleðiefni, þó maður eigi, og megi, vera ánægður ef börnunum líður vel, þá rennur manni alltaf til rifja, einkum fyrst í stað, að eiga ekki von á að sjá þau nokkurn tíma á æfinni, eða hafa neitt af þeim að segja, annað en þeirra sendibréf, sem auðvitað eru fjarska mikið betri en ekki neitt, en þó léttvæg í samanburði við hitt. Ég get ekki skilið annað en þú hafir gert rétt í að taka að þér þetta embætti, og vona að því fylgi blessun drottins.

Ég hef oft verið hálfleið á þeim spurningum, hvort þú virkilega ætlaðir að yfirgefa Ísland og hef því alltaf sagt, það gæti vel skeð þú kæmir (án þess mér dytti það sjálfri í hug) og verð ég nú fegin, að ég hef svarað því svo. Þú þarft annars ekki að fælast frá að koma hingað, af því menn vilji ekki hafa þig, því ég er viss um að allir landsins bestu og mestu menn segja þig af hjarta velkominn.

Ekkert fæst ég um það, þó þið ekki búið í mínu hús, enda er ómögulegt fyrir okkur að búa í tvíbýli í því, eins og það er nú. Ég er líka búin að leigja út nokkur herbergi uppi á loftinu, og vildi ég ekki raska því; það var nú

---

[1] *Vilhjálmur Eggertsson Briem (1869-1959) sóknarprestur. Barðist við berkla uns hann hætti prestskap og tók við forstöðu Söfnunarsj. Ísl. 1920 og gegndi því starfi uns hann varð 87 ára gamall. Kona hans, stoð og stytta í veikindum hans og starfi, var Steinunn Pétursdóttir (1870-1962) frá Valadal í Seyluhreppi (Skag.) sem studdi stórt heimilið, ól upp börn, fóstubörn og búskap með hannyrðum og tónlistarkennslu.*

[2] *Eggjað menn til aðgerða.*

afgjört, þegar Laura kom. Bara að Birni okkar múrara takist vel að fá hús handa þér, sem er viðunanlegt, hann liggur nú í lungnabólgu, eins og svo ótal margir fá upp úr inflúensunni, sem nú geysar hér -- og enginn læknir hefur verið á fótum þennan tíma, nema Tómas, svo hann er alveg á þönum, frá morgni til kvölds. Schierbeck[1] er fyrir tveim dögum farinn að dragast út, mjög aumingjalegur. Björn Ólafsson[2] liggur í lungnabólgu og Jónassen[3] liggur líka. Í Görðum á Álftanesi liggja sjö og var Tómas rekinn þangað áðan. Kona séra Þórarins[4] er dáin, frú Ingileif líka og gamli (Eggert) Briem.

Einhverjar fyrirspurnir hefur Sigfús[5] fengið um Viðey, þó óvíst sé með það verði meira úr því. Takist ekki að selja hana, má ég víst til að láta slá þar í sumar eins og vant er og selja svo heyið til að geta borgað kaupafólkinu. Mér þykir ekki gaman að því braski og vil komast hjá því ef unnt er. Húsið vildi ég líka ósköp fegin selja, því það er annað braskið að smala leigjendum, þó ég hafi betri trú á að það takist þegar þú ert kominn til að hjálpa mér með það. Þetta getur allt tekist á lengri tíma; en mig langar til það gangi sem fyrst, því allar þessar rentur er ekki þægilegt að borga, og það er mín mesta gleði að láta hvern fá sitt af þeim sem hjá mér eiga, og mega svo lifa í kyrrð og ró það sem eftir er æfinnar.

Fyrirgefðu mér þetta langa og leiðinlega bréf og lifðu svo vel --

---

Saga Viðeyjar. Viðbót.
Þórhildur Tómasdóttir var dóttir Sigríðar Þórðardóttur, ekkju Tómasar Sæmundssonar á Breiðabólsstað, sem giftist Ólafi M. Stephensen, sekretera í Viðey.
Samkvæmt ofanrituðu hefur Þórhildur fengið arfshluta í Viðey. Það er sá hluti sem Þórhildur ræðir um en hún ólst upp í Viðey og börnin hennar, voru eins og systkini barna Ólafs. Áslaug Eiríksdóttir, móðursystur Páls Briem og þeirra systkina giftist Magnúsi Stephensen, syni Ólafs. Þannig voru náin tengsl á milli hinna mörgu barna Ingibjargar Eiríksdóttur Briem, konu Eggerts Briem sýslumanns á Reynistað og barnanna í Viðey. Börn Ingibjargar sóttu mikið í Viðey til móðusystur sinnar, piltarnir þegar þeir voru syðra við nám og dæturnar lærðu hannyrðir hjá móðursystur sinni.
Þetta er nýtt sjónarhorn í sambandi við síðara eignarhald og sögu Viðeyjar, þegar Álfheiður Helgadóttir og Páll Briem gengu í hjónaband. Komust þá enn á tengsl þeirra hjóna við Viðey. Í æsku minni var það árlegur viðburður að fara út í Viðey, því þar hafð Álfheiður amma mín "verið í sveit".
Enn getur þetta verið vísbending hvers vegna Eiríkur E. Briem eignaðist Viðey, alla eða hluta hennar. En ekki hef ég áhuga á að athuga það.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvellir 24.3.1894.

-- Er veikur. Segir frá leiknum: Hermannaglettur á Akureyri. Klemens Jónsson, Halldór G. og Jakob Havsteen leika m.a.

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. St. í Reykjavík 26.3.1894.

--Nú hef jeg að segja þjer mikla sorgarfregn, að okkar góði og elskulegi faðir er dáinn. Hinn 1. mars fjekk hann inflúensu, sem grípur nálega hvert mannsbarn hjer syðrar, en var þó ekki mikið veikur, daginn eptir svaf hann mikið, en var ákaflega máttlaus og um kveldið þyngdi honum og var áður en læknirinn kæmi, sem sent var eptir, þegar sofnaður frá þessu lífi. Hann fjekk hægt andlát og er það okkur huggun. Hann hefur ekki breytst mikið. Jarðarför hans fer fram á morgun. Sjera Þórhallur heldur húskveðju, en sjera Jóhann ræðu í kirkjunni. Sjera Valdimar frændi hefur ort fallega grafskript og sendi jeg þjer af henni nokkur eintök.

Kona þín hefur verið veik í mánuð og hefur henni alltaf verið að slá niður hvað eptir annað, en nú er maður þó farinn að vona að hún sje komin á reglulegan bataveg. Hún er reyndar mjög máttlaus og getur ekki reynt nokkra vitund á sig, ekki einu sinni skrifað línu, en hún er samt nokkuð hress í anda og vonar maður, að hún fari nú bráðum að frískast fyrir alvöru.

Gunnlaugur og Eiríkur voru talsvert veikir af inflúensu, en eru nú orðnir nokkurn veginn frískir aptur. Jeg og Sigríður höfum verið lengi hálflasin. Eggert hefur ekki orðið veikur.

Nú þarf að skipta eftir foreldra okkar sál., og álítum við hugsanlegra að skipta privat, heldur en að hafa opinber skipti, umboð handa þjer, er þú skrifar undir með vitundarvottum og dagsetur og sendir svo til Eggerts með fyrstu ferð. Ef hægt er, verður húsið hjer í Reykjavík selt. Jeg orðlengi svo eigi um þetta en kveð þig með bestu kveðjum. Konan biður kærlega að heilsa þjer og sendir þjer marga kossa. Hún og við óskum að miði þessi hitti

---

[1] *Schierbeck (1847-1911) landlæknir frá jan. 1883.*

[2] *Björn Ólafsson (1862-1909) augnlæknir. átti Sigrúnu Ísleifsdóttur og sem byggðu þau hús að Tjarnargötu 18, sem enn stendur. Hún var systir Guðrúnar Ísleifsdóttur Briem sem var gift Sigurði Briem póstmeistar og byggðu Tjarnarg. 20.*

[3] *Jónas Jónassen (1840-1910), áður landlæknir.*

[4] *Þórunn Jónsdóttir (1816-1894), prestsdóttir frá Steinnesi. Séra Þórarinn Böðvarsson (1825-1895) prófastur í Görðum. Hann var frægur fyrir Lestrarbók fyrir alþýðu (1874) sem sagði m.a. að allt væri öfugt í Ástralíu, rætur sneru upp á trjám og svanir svartir.*

[4] *Schierbeck (1847-1911) landlæknir frá jan. 1883.*

[5] *Líklega Sigfús Eymundsson ljósmyndari og bóksali.*

þig frískan. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 1.4.18994

Skólanum að ljúka. Mikið rætt um skólann og suðurflutning hans, en fólk er á móti því og vill fá hann til Akureyrar. Hjaltalínshjónin vilja fara suður. Sjálfur vonar hann að komast til Rvíkur. Þó væri mögul. að búa á Ak. úr því að Páll er kominn þangað.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 2.4.1894

Ís kominn í fjörðinn og lýsir honum.

-- Ekki víst að gufuskipið komist. Færðin og vegir svo slæmir að erfitt er að komast um á hestum. Segir frá leiksýningum í Eyjafirði og stöðu þeirra hjóna.--

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Reykjavík. 20.4.1894.

-- Hjartanlegt þakklæti fyrir blessað bréfið -- til merkis um það hvað gjarnan ég vildi komast í það, get ég sagt þér að ég var rétt búin að rífa bréf Eggerts Briem upp líka og varð því að gera svo vel og ganga með það sjálf til hans og með kinnroða játa mína miklu yfirsjón og biðja forláts.

Af okkur er allt bærilegt að frétta -- erum við glöð yfir að Tómas skuli hafa fengið nokkuð að gera, þó það sé ekki nema um stund. Það er allt betra en að vera hér og hafa lítið fyrir stafni. Í Reykjavík ætti hann síst að vera með sínum mikla og sorglega galla. Kannski guð gefi hann lagist með tímanum og sjái að honum dugi ekki að halda þessari stefnu, það viljum við öll vona --

Fréttir hef ég eins og vant er engar. Það fer allt framhjá okkur, consertar, kómidíur, böll og knöll. --

Á sunnudaginn var Júlíus[1] okkar gamli húsvinur vígður til aðstoðar séra Þórarni í Görðum og Vilhjálmur Briem[2] vígður um leið. Hann predikaði og fórst það heldur hönduglega. Mér finnst nú Briemarnir aldrei vera á sinni réttu hillu í predikunarstólnum, en það er ekki að marka mig.

Svo gifti Vilhjálmur sig í gær og var þar ekki svo fátt gesta, þar á meðal biskupinn og Trygggvi bankastjóri, og náttúrlega fleiri góðir menn. --

Það kemur fram í löngu bréfinu að Jón bróðir Álfheiðar er að undirbúa komu þeirra Mariu til landsins. Einnig að Hannes Þorsteinsson hafi keypt Briemshús Eggerts í Lækjargötu en þar hafði Helgi Hálfdanarson og Þórhildur búið áður.[3]

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavík. 21.4.1894.

Segir af langvinnri flensu sinni; giftingu Vilhjálms bróður hans og Steinunnar í Garðakirkju. Gunnlaugur gaf veisluna í brúðargjöf. Eggert og Sigurður taka við húsi föður þeirra með skuldum. Rætt að H.E.B. og S.B. taki hluta þess.--

Elín E. Briem til Halldórs E. Briem. Ytri-Ey 24. apríl 1894.

Elskulegi bróðir minn!

Ræðir um fráfall föður þeirra. Þykir orð H.E.B. um föðurinn falleg en grafskrift Valdimars Briem eins og endurtekningu.--

-- Það hefði þó verið hægt að yrkja efnisríkt um föður okkar eins og hans langa æfi var til enda. Hans glaða, góða, ljúfa lund og ástrík sambúð við alla sína og góðu tillögur til allra. Hans framúrskarandi frjálsi andi sem lýsti sjer í öllum greinum í viðtali við hann, áhugi hans í að mennta börn sín o.fl. o.fl. Að vísu veit jeg að hann var ekki einn um það, þar sem móðir okkar var. Jeg get ekki annað en fyllst aðdáun og lotningu þegar jeg hugsa til þeirra foreldra okkar -- ætti þeirra líf að vera ávallt okkar fyrirmynd. --

Vonar að HB komi við á suðurleið.--

Álfheiður Helgadóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 12.5.1894.

Skrifar vegna fyrirhugaðs brúðkaups hans og Marie Licht og um hvað hann sé langt burtu. Skýrir líka út sendingu frá Guðrúnu Þorsteinsd., ekkju séra Skúla Gíslasonar á Breiðabólsstað, en þau voru foreldar séra Skúla í Odda. Einnig vegna gjafar sinnar er hún ætlar að senda. Hann gifti sig 17. júlí.

---

[1] *Júlíus Þórðarson (1866-1938). Stundaði nám í Osló og Lundi. Um þriggja ára skeið aðstoðarprestur að Görðum á Álftanesi. Prestur í Svíþjóð til 1937. Átti sænska prestdóttur og með henni: Rune, verslunarmann í Gautaborg og Þórð, verslunarmann í Malmö..*

[2] *Vilhjámur Briem (1869-1959) gekk að eiga Steinunni Pétursdóttur frá Valadal í Seyluhr. í Skagafjsýslu.*

[3] *Í Lækjargötu 8, hafa lengi verið veitingahús. Þar er nú:* ***Ugly pizza****.*

Gunnlaugur E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Hafnarfirði, 15.5.1894

-- Já, það er nú orðið skarð fyrir skildi því nú eru þau bæði horfin okkar líkamlegu augum, sem héldu, að maður getur sagt, hópnum saman.

Það er aðeins endurminnig, þessi dýrmæta endurminning ástríkra, fárra líka, foreldra sem við eigum eftir. En við megum ekki tvístrast hvort frá öðru systkinin, fyrir því. Við sem frá barnæsku, hin elstu nær því hálfa öld, höfum sem maður getur kallað, snúist um sama möndulinn og notið þeirrar sjaldgæfu, óumræðilegu gleði að vera að kalla alla ævi hvort hjá öðru, við rúmstokk hins eftirbreytnisverðasta eftirdæmis, við ættum að hlúa að ætt okkar og gæta þess að hún úrættist ekki. Þú mátt muna hvílíkt kappsmál það var fyrir móður okkar.

Það er eins og einhver ró eða nokkurskonar huggun sé í því, að húsið litla, hinn síðasti bústaður foreldra okkar, ekki þurfti að seljast strax og að bræðurnir verði þar eftirleiðis. -

Elskulega systir! Mér var bilt við er ég sá að þú hafðir lofast, mér ókunnugum manni hönd og hjarta, án þess að ég hefði nokkra hugmynd um það áður. Ég hafði áður haft svo mikil afskipti af líkum málum fyrir þína hönd að ég hélt að þú dyldir mig ekki slíkra hluta, máske svo árum skipti. --

Álfheiður Helgasdóttir skrifar Jóni Helgasyni. Rvík. 22.7.1894.

Sendir heillaóskir vegna brúðkaupsins, hlakkar til að fá að hitta þau heimkomin og segist vera búin að útvega þeim vinnukonu og sem verið hefur hjá bæjarfógetanum, hreinleg, dálítið seinlát, mikil heiðursmær sem heitir Gróa og skilur dönsku.

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Árbæ, 6. sept. 1894.

-- Jeg þakka þjer kærlega brjef þitt frá 26. f.m. Jeg hef engan tíma til að skrifa neitt. Þökk fyrir Grána. Jeg held hann dugi sem amtmannshestur um stuttan tíma. Amtmenn ríða þó ekki alltaf í sprettinum. Jeg þakka þjer hjartanlega fyrir bendingarnar um húsið. Ætli að það sje eigi rjettast að hugsa til að leigja eitthvað af húsi Stefáns sýslumanns í vetur og vera í kosti hjá Stephensen. Jeg þekki frú Önnu og verður hún vafalaust góð við Kristin og það er mjer fyrir mestu. En skrifaðu mjer síðar, ef jeg fæ embættið. Heilsaðu konunni. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. pt. Saurbær Sept. 20. 1894.

Segir ferðasöguna. Kraginn á frakkanum meiddi hann og var hann að hugsa um að snúa við. Af því fékk hann slæman höfuðverk. Á Mælifelli hitti hann frænku sína sem fékk saumakonu til að laga flíkina. Gengur allt vel.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Melum Sept. 21. 1894.

Stefnir á Lækjamót og Álfgeirsvelli. Hefur áhyggjur af S.E.B. Vonar að hún komist heil gegnum sitt 33. ár.

Halldór E. Briem til Susie Briem. p.t. Álfgeirsvöllum 25. Sept. 94.

Frá Melum fór hann að Klömbrum og hitti Júlíus lækni[1] *glaðan að venju. Komst að Reykjum og hingað næsta dag. Stefnir á Silfrastaði, þaðan á Bægisá og að Möðruv. Rignt hefur mestalla leiðina þar til nú að birti upp með fjallasýn.*

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavík Oct. 13th 1894.

Þakkar bréf úr norðurferðinni. Giftingu Elínar Havstein var, vegna heilsu hennar, frestað til vors. (Brúðkaupið var haldið 3.8.1896. Hún dó 4 árum síðar, átti tvö börn).

Páll hafi fengið amtm.stöðuna og farið landleið norður. Kristinn sonur hans verður hjá Gunnlaugi bróður þeirra í vetur.--

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Árbæ, 11. okt. 1894.

Fékk amtmannsembættið. Biður H.E.B. að útvega fóður fyrir hesta sína. Kristinn verður í Hafnarf. og á Auðnum. Biður hann um að leigja fyrir sig húsnæði til vors og útvega kost.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum 12. oct. 1894.

Vel tekið á móti honum af Hjaltalínshjónunum. Stefánsfólkið þurrlegt, einkum konan. Fór næsta dag að Hálsi, enda veðrið gott. Jóhanna systir hans hafði náð sér eftir veikindi í sambandi við fæðingu[2] *(Eggerts). Allt var gott hjá þeim þó sjá megi að ríkidæmum er ekki fyrir að fara.*

-- Gaf litla drengnum 10 kr. þegar ég fór. Síðan að Laugalandi og vel tekið (af Valgerði) þannig að nærri var

[1] *Júlíus Halldórsson (1850-1924) sem síðas sat á Blönduósi, bróðir Moritz, sem áður hefur komið við sögu.*

[2] *Eggerts Ó. Briem (1894-1974), lengst héraðslæknir í Borgarnesi.*

ofgert í mat og drykk. --

Borist fréttir að Páll sé orðinn amtmaður. Höfðu Jóhanna og Einar ekki frétt það. Allir glaðir. Valgerður óskaði mikið til hamingju með þetta og er von að það haldist þegar hún leitar stuðnings við kvennaskólann. Gott að vera kominn í gamla herbergið í skólanum, laus við matarlykt og fá mat á réttum tímum. Kennir 24 stundir á viku. Stefán kennir 17 stundir (eiga að vera 18, en hann sleppir leikfimi). Ekki farinn að skrifa.--

Elín E. Briem til Susie Briem. Ytriey 13. okt. 1894.

Ræðir um pantanir frá útlöndum, vefnað og útsaum. Biður um að S.B. útvegi efni frá Þýskal. í kirtil, leggur á ráðin um það og spyr SB álits.

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgadóttur. St. á Kaldaðarnesi hinn 6. nóv. 1894

Elskulega fröken!

Áður en þjer lesið þetta brjef, vil jeg biðja yður, að lesa brjefið frá systur yðar, frú Sigríði í Odda, því jeg hef beðið hana að skrifa yður, og segja yður frá, hvað mjer er ríkast í huga. Jeg vil biðja yður að verða konan mín, lifa með mjer meðan við lifum bæði og láta eitt yfir okkur ganga. - Jeg veit að þetta kemur yður á óvart, og er það þó langt síðan, að mjer hefur komið þetta í hug, en jeg hef eigi látið yður verða þess áskynja, af því að jeg hef eigi viljað vekja hjá yður neina þá ímyndun, sem gæti orðið yður áhyggjuefni.

Það er langt síðan, að jeg sá hvað þjer hafið blítt og ástúðlegt hugarfar, og jeg veit að drengurinn minn litli fær eigi betri konu sjer í móður stað. - Þjer þekkið mig lítið, og þess vegna get jeg vel skilið, að þjer eigið ekki gott með, að gefa svar trax, en það bið jeg yður þó að gefa mjer, svo fljótt sem verða má, því að jeg verð eigi í Reykjavík, nema þangað til norðanpóstur fer, og svo vil jeg biðja yður, að hugsa til þess, að, þegar svona stendur á, er vafinn eigi góður fylginautur.

Daginn eptir að jeg kem til Reykjavíkur, mun jeg koma heim til yðar um kl. 12, og vildi jeg þá gjarnan, að jeg mætti tala við yður eina. - Jeg enda svo þessar fáu línur með þeirri ósk að þjer vilduð leyfa mjer, að kalla mig yðar elskandi.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum 9.11.1894.

Samband fjölskyldnanna hér á Möðruvöllum er ekki gott og ekki fer það batnandi. Lýsir vel ástandinu. Hlakkar til komu Páls norður. Hefur útvegað honum þrjú herbergi hjá Stefáni Thorarensen.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavík Nov. 12th 1894.

Segir Pál bróður hans vera að fara á stað norður. P.E.B. opinberaði trúlofun sína og Álfheiðar.

S.B. féll það ekki fyrst en er nú sátt. Þykir hún ekki fríð, en hvaða máli skiptir það?

-- Handsome is as handsome does. --

Segist hafa hitt hana og litist vel á hana. Heyrt að hún sé barngóð.

Kristjana (Havsteen) ætlar með Elínu dóttur sína til Suður Frakklands.

Guðm. Magnússon landlæknir segir hlýtt loftsl. gott fyrir hana. Kristjana vill fórna öllu. Mikið lagt á hana með Gunnar og Marínó líka í Höfn. Sér eftir Kristjönu sem hún telur nána sér:

-- I will feel the lack of a kind matronly friend. --

S.B. virðist hafa borðað hjá henni og þær búið í sama húsi.

Kristjana fór í dag fótgangandi til Hafnarfjarðar og kemur aftur á morgun. S.B. annast tímakennslu í ensku.

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgadóttur. Mosfelli. 13.11.1894.

Elskulega unnusta mín! Hingað og ekki lengra! Svona fór nú dagleiðin. Þó að mjer líði hjer vel, þá hefði þó verið munur að vera kyrr, sitja hjá þér í ró og næði og fá að kyssa þig hundrað kossa.

Þegar þú varst komin niður fyrir árnar, kom Eggert og hefur verið rólegur yfir að nátta sig hjer, en á leiðinni hingað gátum við ekkert talað saman, og jeg segi það satt, að jeg var svo illur yfir veðrinu, að jeg hef lengi ekki verið eins ergilegur. Bara að þú hafir ekki haft neitt illt af ferðinni. Skelfing er leiðinlegt að vita ekkert um þig fyrri en eptir langan, langan tíma. En þó að jeg sje nú ofurlítið áhyggjufullur útaf þessu, þá þakka jeg þjer og kyssi þig í huganum fyrir, að þú komst með mjer í illviðrinu; jeg get þá bæði sjeð þig inni í húsinu eins og litla konuefnið mitt og líka eins og litlu hugrökku stúlkuna mína, sem fylgir mjer í stríðu og ströngu og lætur ekki æðrast.

Elsku hjartað mitt. - Jeg hjelt jeg þekkti þig, en hversu mikið betur hef jeg ekki lært að þekkja þig, síðan þú

sagðir jáið, sem gjörði mig svo óendanlega lukkulegan. Nú ert þú að hugsa um mig, ert þú að hugsa um að jeg sje kannske út í óveðrinu, en þá sit jeg inni í baðstofu á Mosfelli og er að skrifa þjer, innanum mikið skraf í Eggert og börnum sjera Ólafs frænda míns, og móður þeirra. Þegar jeg kom að Leirvogstungu, þá var pósturinn þar og ljet í ljósi megna óánaægju með veðrið og kvaðst iðrast eptir, að hann hefði farið af stað úr Reykjavík, en jeg þóttist litlu bættari fyrir iðrunina, því hún gat ekki flutt þig einu feti nær mjer. Pósturinn fór að Þverárkoti og ætla jeg að ná honum þar í fyrramálið og halda svo upp að Hesti á morgun að jeg vona.

Eggert bróðir minn hafði fyrirtaks regnkápu og keypti jeg kápuna af honum í Leirvogstungu, svo að nú er jeg svo útbúinn, að regnið getur eigi unnið mjer mein. -

Elsku hjartað mitt. Jeg sendi þjer nú kossa mína í huganum, og óska, að jeg væri kominn til þín aðeins eitt augnablik, og er að hugsa um að við hvert fet, sem hesturinn stígur, fjarlægist jeg þig meir og meir, en þegar jeg er búinn að brjóta seinasta, sjöunda stafinn, þá legg jeg aptur af stað, og þá nálgast jeg aptur með hverju feti elskulegu unnustuna mína. Heilsaðu móður þinni kærlega og systkinum þínum og vertu svo mörgum sinnum kysst af þínum elskandi unnusta Páli Briem.

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgad. Hvammi í Norðurárdal. 16.11.1894

Elskulega unnusta mín!

Jeg kom hingað í gærkveldi, pósturinn er á Hraunsnefi, sem er hjer neðar í dalnum, og nota jeg tækifærið til að skrifa þjer fáeinar línur um það hvernig ferðalagið hefur gengið.

Eggert bróðir minn hefur sagt þjer, hvernig gekk að Þverárkoti; þar fjekk ég mann yfir Svínaskarð; hjelt svo áfram að Fossi, tók mjer þar bita, drakk kaffi, gaf hestunum hey --, fjekk mjer þar mann inn fyrir Hvalfjörð, náði póstinum nokkuð fyrir utan Þyril á bæ, sem heitir Brekka; svo fer jeg á undan póstinum; hann tók af mjer koffortahestinn, var sjálfur á Draghálsi, en jeg fór að Grund í Skorradal; hafði þar bestu nótt (lifði á hangiketi o.s.frv.); skrifaði sjera Einari Friðgeirssyni[1] á Borg, ætlaði að skrifa þjer, en þá var pósturinn að fara framhjá; jeg fór að fara í reiðfötin; náði póstinum á hesti; beið þar lengi eptir kaffi, talaði mikið um hesta við sjera Arnór[2] og á meðan fór pósturinn. Sjera Arnór reið með mjer að Stafholtsey, neitaði þar kaffi, sem gjörði lækni og konu hans mikið illt, drakk í þess stað öl, þangað til pósturinn kom fram hjá; þá slóst jeg í förina með pósti og var með honum yfir Hvítá og Þverá að Arnarholti; settist þar að miðdegisverði og wiskydrykkju; fór svo af stað þaðan með sjera Gísla Einarssyni,[3] þegar fór að rökkva; kom svo á tvo bæi og drakk á öðrum staðnum kaffi og á hinum bænum brenniv. (jeg þori ekki að segja meira) og komum svo hingað í gærkveldi laust eptir háttatíma; svaf vel og er nýkominn á fætur; vildi jeg nú gjarnan að unnustan mín litla væri komin; sæti við hliðina á mjer, læsi úr pennanum og gæfi mjer svo einn koss. - Veðrið hefur verið inndælt; kvöldið, sem jeg fór að Grund var unaðarveður, jeg var aleinn; tunglið glampaði á svellunum og speglaði sig í vötnunum, og jeg gat í ró hugsað til elskulegu stúlkunnar minnar.

Jeg var að segja við sjálfan mig ekki þarftu nú alltaf að vera að hugsa um kærustuna, en hvað sem jeg fór að hugsa um, þá var kærastan komin í huga minn áður en jeg vissi af, og búin að reka allar aðrar hugsanir í burtu. - Nú ætla jeg að hætta, Sjera Gísli situr hjá mjer og er að lesa Ísafold, en kvenfólkið er náttúrlega að sjóða eitthvað handa mjer; því að það veit að jeg er matlystugur; hafandi ekki borðaði í gærkveldi.

Vertu sæl að sinni elsku stúlkan mín. Jeg skrifa þjer aptur frá Stað; kyssi þig í huga mínum hundrað sinnum.--

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgadóttur. Stað í Hrútafirði. 17.11.1894

Elskulega Álfheiður mín!

Þá er ég kominn hingað og hefur ferðin gengið mjög vel. Í gær fór ég aðeins frá Hvammi að Fornahvammi og var það stutt dagleið, en svo gat jeg notað tímann til að skrifa brjef til margra manna. Í morgun fór jeg snemma af stað frá Fornahvammi og nú er kl. 1 e.h. Jeg fer hjeðan út að Tannstaðarbakka og fæ mjer flutning yfir að Bæ til að finna Sigurð Sverrisson,[4] móðurbróður minn. Í morgun þegar jeg fór frá Fornahvammi, var rigning og rok og þrír veðurspámenn spáðu því að ekki væri stætt veður á heiðinni; svo þú mátt trúa að jeg reyndi að búa mig út, og svo lánaði jeg kvenmanni sem er með póstinum bæði sokka og skó, en þegar fór að birta, minnkaði rigningin og fór að lygna og síðan hefur verið yndislegt veðrið. Póstarnir prísuðu veðrið og jeg tala nú ekki um mig. Jeg var að hugsa með sjálfum mjer; fyrst veðrið hefur verið svona, þá hefði verið óhætt að giptast í

[1] *Séra Einar Friðgeirsson (1863-1929), síðar prófastur.*

[2] *Séra Arnór Þorláksson (1859-1913). Hann átti Guðrúnu Jónsdóttur frá Neðra-Nesi í Stafholtstungum. Meðal barna hans margra var Guðrún Elísabet sem átti séra Pál Þorleifsson á Skinnastað, en þau urðu seinna fjölskylduvinir Álfheiðar og fjölskyldu hennar.*

[3] *Séra Gísli Einarsson (1858-1938) prestur og síðar prófastur að Hvammi í Norðurárdal, síðar í Stafholti. Hann átti Vigdísi Pálsdóttur (1853-1932).*

[4] *Sigurður Sverrisson (1831-1899) sýslumaður í Strandasýslu. Móðurbróðir Páls.*

Reykjavík og fara með konuna. Færðin á heiðinni var ágæt og hefur allt af verið, síðan jeg fór af stað. --

Jeg er nú kominn inn í mitt amt, svo að jeg get líklega fengið mjer fylgdarmenn eptir þörfum.

Elskulega stúlka mín; mikið er jeg nú kominn langt frá þjer; alltaf er jeg að fara lengra frá þjer. Nú er jeg kominn að Norðuríshafinu, þar sem þú ert suður við Atlantshaf.

Heilsaðu henni móður þinni, Þórdísi og Jóni og ef þú hittir Eggert bróður minn, þá langar mig til að biðja þig að segja honum að ferðin hafi gengið vel hingað.

Vertu blessuð og sæl; jeg sendi þjer hundrað kossa, já þúshundruð, ef jeg gæti. Þinn elskandi Páll Briem

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgadóttur. Stað í Hrútafirði 17.11.1894

Elskulega kærasta mín!

Jeg hef beðið hjer eptir kaffi síðan jeg lokaði bjefinu þínu; á meðan kom norðanpóstur og segir allt bærilegt. Jeg fjekk brjef frá Halldóri bróður mínum. Hann hefur leigt þrjú herbergi handa mjer í húsi Stefáns Thorarensen fyrir 15 kr. á mánuði; útvegað mjer húsgögn og ráðið mig í kost hjá lækni, Þorgrími Johnsen.[1] Allt þetta líkar mér mikið vel.

Elín systir mín skrifar mjer að hún verði annað kveld á Sveinsstöðum, svo að jeg fer ekki út að Ytri-Ey. Mjer þætti vænt um, ef þú segðir Eggert frá þessu. --

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgadóttur. Akureyri. 28.11.1894

Elskulega kærasta mín!

Nú er jeg í þann veginn að setjast hjer að; jeg bý ennþá á hótellinu, en á morgun flyt jeg inn í herbergin, sem Halldór bróðir minn leigði fyrir mig í húsi Stefáns Thorarensen[2] sýslumanns. Jeg kom hingað í fyrradag og hef verið önnum kafinn með að heilsa; og er nú búinn að heilsa flestum mestháttar borgurum bæjarins. Svo á jeg nú eptir ýmsa í meðalstjettinni, og þá get jeg tekið eptir hentugleikum, en hinum minni háttar borgurum þarf maður alls ekki að heilsa nema á götunni.

Mjer hefur verið tekið makalaust vel; undireins og jeg er búinn að heilsa, óskar húsfaðirinn mig velkominn, og gefur því næst húsmóðurinni vísbendingu um það, annaðhvort með lágmæltum orðum, bendingum eða augnatilliti, að hún skuli koma með vín, og þegar vínið svo er komið í glösin, þá er staðið upp og húsfaðirinn óskar mig aptur velkominn; svo er venjulega talað um hvort betra sje að vera á Oddeyri eða Akureyri og eru þá allar ástæður með og móti á hraðbergi, svo að það efni hefur auðsjáanlega verið bæði hugsað og rætt mjög ýtarlega af hinni núlifandi kynslóð. En allt þetta færð þú að reyna sjálf í vor, þegar þú kemur. Þá verður þú að heilsa eins og jeg nú; annars verða menn veikir af "fornermelsi".

Það er gróflega vond veiki sem leggst á menn hjer, og er einkanlega skæð á kvenfólki; veikin varir stundum mánuði og breytir öllu útliti mannsins; maðurinn reigist allur aptur ábak, sjerstaklega höfuðið; andlitið verður hrukkótt, tungan stirðnar, menn eiga bágt með að segja "góðan daginn"; menn stirðna í öxlinni, svo að hendin verður eigi borin upp að hattinum; blóðsóknin verður áköf að höfðinu. Það verður að fara mikið varlega til þess veikin brjótist ekki út. Annars kemur hún mest af slúðri, sem er nokkuð mikið af hjer. Halldór bróðir minn skrifaði mjer að Stephensenshús væri áfast við Thorarensenshúsið, sem jeg bý í, svo að jeg sagði að jeg vildi þá gjarnan vera í kosti hjá Stephensen, til þess að þurfa sem styst að ganga, og skrifaði Klemens sýslumanni að jeg myndi víst verða í kosti hjá Stephensen. Halldóri sýndist aptur á móti, að koma mjer í kost hjá Þorgrími lækni, sem á systur Havsteins amtmanns, og fór strax til þeirra og samdi við þau, en þegar jeg kem, gengur það staflaust, að mjer hafi verið sagt á "hærri stöðum", að vera hjá Stephensen í kosti. Landshöfðingi muni verða fornermaður við mig og lækninn, þegar hann heyrir þessa ráðstöfun Halldórs osfrv.

Þorbjörg[3] kona Klemensar kom þessu afstað, og getur þú því sjeð, að ekki þarf mikið til, enda talaði jeg mikið við hana um, að Akureyri væri slúðurbæli, og hvort hún vissi hverjar væru verstar slúðurkerlingar. En hún sagðist ekki vita um neitt og sjerstaklega sagðist hún ekki vera gefin fyrir þesskonar, sem vel getur verið satt, þó að henni hafi orðið þetta á.

Þetta lagast með tímanum, og jeg er viss um að þegar við erum búin að vera hjer um tíma, þá breytist þetta mikið, því að jeg get eigi annað fundið, en að fólk sje hjer mikið gott, landið er fallegt, sjórinn inndæll, veðurblíðan mikil og þegar konan er elskuleg og heimilið skemmtilegt, þá óska jeg mjer eigi betra.

---

[1] *Þorgrímur Johnsen (1838-1917) sonur séra Ásmundar prófasts í Odda og Guðrúnar Þorgrímsdóttur Tómassonar skólaráðsmanns á Bessastöðum, systur Gríms Thomsens. Hann flutti til Kaupmannahafnar og giftist danskri konu.*

[2] *Stefán Thorarensen (1825-1901) fyrr bæjarfógeti og sýslumaður í Eyjafirði.*

[3] *Þorbjörg Stefánsd. (1866-1902). Þau Klemens áttu dóttur, Önnu (1890-1987) sem seinna var gift Tryggva Þórhallss. forsætisráðh.*

Elskulega Álfheiður mín! En hvað jeg vildi nú, að þú værir komin, þó ekki væri nema hálfa stund. Mjer finnst það nærri því undarlegt, hvað lengi dróst, þangað til jeg bað þig um jáið, elskulega jáið, sem þú gafst mjer, því að nú þrái jeg þig svo mjög, og mér finnst svo skelfing langt þangað til jeg fæ að sjá þig aptur.

2. des. Jeg hætti um kveldið, því að jeg fór þá til Klemens sýslumanns, þar var spilaparti. Jeg held ekki upp á spil og talaði því við kvenfólkið og sýslumannsfrúin spilaði fyrir mig á fortepíanó, en hamingjan hjálpi oss, þvílík höggorusta. Nú er jeg kominn inn í hús Thorarensens og sestur þar að; húsgögnin eru harla fá; jeg get fengið sófa, 6 stóla, borð og spegil fyrir 425 kr., en jeg vil síður kaupa þetta, af því að það er hægt að fá í Khöfn mublur ekkert verri eða jafnvel betri fyrir 230 kr., svo að jeg vil ekki hafa húsgögn þessi. -- Þetta hús er mjög leiðinlegt, það fæst til kaups fyrir 4000 kr., en jeg vil ekki kaupa það fyrir það verð og í raun réttri alls ekki, en ekki get jeg byggt í vor, svo að jeg má verða feginn að fá það leigt að minnsta kosti næsta ár og held jeg þó að þjer muni ekki þykja það skemmtilegt; þetta er þó ekki víst, því að ef jeg get fengið nokkurt annað hús þá vil jeg það heldur. Við höfðum svo lítinn tíma til að tala saman í Reykjavík og nærri því ennþá minni til að hugsa, og þess vegna verður þú að gjöra svo vel að skrifa.

Fyrst vil jeg biðja þig, ráðdeildarsama kærasta og konuefni mitt, að skrifa mjer á lista öll húsgögn, sem við þurfum og gott væri að fá, settu svo merki við það, sem er alveg nauðsynlegt.

Þetta þarf jeg endilega að fá með næsta pósti aptur, svo að jeg geti pantað þetta í Khöfn í vetur. Yfirhöfuð vil jeg biðja þig að skrifa mjer lista yfir það sem þarf að panta, því að jeg hef ekkert vit á því, hvað þarf að hafa og vil ekki vera að spjalla um þetta við konurnar hjer. Ef jeg gæti keypt fortepíanó í vetur handa þjer, þá þætti mjer það best, en jeg hef engan í Höfn sem jeg trúi til að velja það; það þarf að vera gott; það fæst líklega fyrir 1000-1200 kr. Ef þú veist um nokkurn, sem mætti snúa sér til, þá skrifaðu mér um hann. -

Svo er nú að tala um brúðkaupið okkar. Jeg hafði engan tíma til að tala um það við hana móður þína, og þess vegna bið jeg þig að vera milligöngumann. Það er reyndar nógur tími að tala um það. Elín systir mín og Sæmundur ætla að giptast í vor og finnst mjer því rjettast, að þau slægju sér saman við okkur með brúðkaupið. Þau ætluðu annars svo sem enga veislu að halda. Skrifaðu mjer, hvort móðir þín hefur nokkuð á móti því að við verðum saman, svo og hvað henni þykir rjettast að hafa veislufólkið margt. Jeg er óráðinn í því, hvernig jeg fer suður. Jeg er helst að hugsa um að halda amtsráðsfund hér á Akureyri seint í maí, á Austurlandi snemma í júní, fara svo sunnanlands, vera kominn að Odda 15.-18. júní, til Reykjavíkur 25, giptast fáum dögum síðar, fara frá Reykjavík 4. júlí með skipinu og vera kominn hingað aptur 12. júlí með konuna og litla Kristinn minn. Þetta gengur rösklega, en óvíst er að það takist. Það er kostnaðarminnst og það að mun. - Jeg ætla nú að hætta í kveld. Vertu blessuð og sæl, ástkæra, ljúfa unnusta mín. Í huganum kyssi jeg þig marga kossa á munn og kinnar og enni.

6. des. Austanpóstur kom í dag og nú á norðanpósturinn að fara snemma í fyrramálið, svo að nú verð ég að fara að ljúka við brjefið til þín. Það sem jeg hef skrifað um Akureyri, er náttúrlega spaug, sem fer okkar á milli. Jeg hef verið boðinn eitt kveld til Stephensens, þar var spilað og sungið og hvorttveggja vel gjört. Ekki er jeg enn þá búinn að láta taka af mjer mynd; það hefur aldrei komið vel bjart veður, að minnsta kosti ekki sólskin, enda sjest hjer ekki sól í skammdeginu sakir hárra fjalla. -

Jeg hef beðið Elínu systur mína að útvega okkur vinnukonu, en hvort á sú vinnukona að vera í eldhúsinu eða verður stúlkan, sem þú útvegar, í því?

Hvernig lýst þjer á að fara landveg norður, þá er jeg ekki eins bundinn við vissan dag. Jeg er að eins að bera þetta undir þig til skrafs og ráðagjörðar. Ef við færum landveg, þá yrðum við heill flokkur norður. En þá held jeg að eigi dyggði að ríða mjög hart. Ef jeg byggi hús hjer á Akureyri þá er jeg búinn að útsjá hússtæði og skal jeg skrifa þjer um það næst, og líka senda þjer teikningu af húsi, hvernig jeg vildi helst hafa það, en segðu mjer, hvernig á að fara með stássstofu og daglegu stofu, mjer er fjarska illa við þessar stássstofur, það eru þær leiðinlegustu stofur, sem hugsast getur, þær eru kaldar og ónotalegar; þar stendur þó fortepíanóið inni og þar sem það er, vildi jeg vera með konunni í frístundum mínum. Jeg eyðilagði stássstofuna hjá foreldrum mínum og gjörði hana að daglegri stofu og held jeg að öllum hafi þótt breytast til batnaðar.

Segðu mjer nú þitt álit um það; ef jeg vildi byggja næsta sumar, þá verður nauðsynlegt fyrir okkur að verða sammála um þetta.

Eins og jeg hef skrifað þjer, er jeg í kosti hjá lækninum. Kona hans er systir Havsteens amtmanns og ber hann svo vel fram að jeg held að jeg verði matmaður áður en vorar. Hún hefur verið mjer mikið góð, leiðbeint mjer og sv.frv. sett upp gardínur fyrir mig og saumað þær. - Svo er nú að segja frá hestinum þínum, Hjeðni, að hann var eins viljugur seinast eins og fyrst; þegar jeg fór frá Möðruvöllum, þá fylgdu kennararnir, en Hjeðinn var fljótastur allra. Nú lifir hann við besta hey og hafra.

Nú er blaðið á enda. Heilsaðu móður þinni og systur þinni kærlega frá mjer. Svo óska jeg þjer gleðilegra jóla og nýjárs og kveð þig svo elsku hjartað mitt með mörgum kossum. Ástkæra unnusta mín lifðu svo vel sem óskað fær þinn elskandi --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum 6.12.1894.

-- Gleðst yfir að hafa hitt Pál bróður sinn. Segir frá komu hans og fyrsta degi í Eyjaf. Hann vill hafa Halldór hjá sér um jólin. Vill það ekki. Þeir vilja gjarna fara til Háls og að Laugalandi til að heilsa fólki.

Fellur ekki trúlofun Páls:

-- but if the girl is good, intelligent, accomplished and sufficiently cleanly, and if Paul is happy in his choice I have nothing to say against it. She may be quite good any way, though she is no beauty. --

Undirbýr samningu málfræðibókar. Segir frá dansi í skólanum, engin stúlka frá Stefáni kemur nærri neinu. Segir frá Kristjönu Hafstein, Elínu dóttur hennar, heilsu hennar, og ferð þeirra til Frakkl. Hvað um Gunnar? Segir frá fólkinu á Hofi.--

Gunnlaugur E. Briem til Halldórs Briem. Hafnarfirði. 7. 12.1894.

Gleðst yfir að Páll skuli kominn í nágr. við H.E.B. og að hann skyldi fá amtmannsembættið.

Þar eru þó loksins Briemarnir farnir að hafa fram úr hinum stórættunum og "*ærlighed varer længst*".

Ræðir ferð frú Hafstein til Frakklands til að leita lækninga einu dótturinni sem eftir er og þurfti að taka 3 þús kr. lán.

-- Það er auma ástandið. Og svo Gunnar[1] atvinnulaus og hugsunarlaus. Já, það er ekki að tala um það. --

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rvík . 7.12.1894.

Kristjana fékk góðar fréttir af Marínó. Hann lesi og sé alsgáður. Ræðir um kennslu sína og hefur tekið Álfheiði svilkonu sína í taltíma. SB er aftur þunguð. Biður HB skila til Páls bróður síns að reyna að bæta enskukunnáttuna til undirbúnings herskipakomu í sumar.

Bréfinu fylgir miði með kvæði, væntanlega hennar,og sem fjallar um áramótin.

Days have sped,
Weeks are fled,
The Old years now is I trow[2]
hear its end.
Wither tend our footsteps now?
Hear the old clock louder, louder,
in at tone all its own.
This it said
"With the moments that flying
The old year is dying, dying,
It will soon have fled.
Farewell! Farewell!
On the bell toll a knell[3]
The old year is dead!
Dead; dead."
This is said
In a tone all ist own
still with sorrow moaning[4] sighing.
"The old year is dying dying
The Old year is dead."

Elín E. Briem til Susie Briem. Ytriey. 9.12.1894.

Hefur verið veik í öxlinni síðan hún koma að austan með Páli. Biður hana segja ekki frá en enginn áburður hafi dugað. Betra ef hún væri undir læknishendi í Reykjavík.

Páll E. Briem til Halldórs Briem. Akureyri 14.12. 1894. --

Hann geti búið hjá sér, biður um enska bók og orðabók. Ræðir boð um kaup á húsgögnum frá Hjaltalín.--

---

[1] *Gunnar Havstein (1872-1933) síðast forstjóri gufuskipafélagsins Vestra.*

[2] *Trúi/treysti.*

[3] *Hljómar.*

[4] *Stynur.*

Elín E. Briem til Halldórs E. Briem. Ytriey. 14.12.1894.

Rædir um suðurferð sem fyrst, en hryssa hennar er fylfull. Er ekki betra að kaupa hest og selja svo? Rædir framtíð Haraldar Sigurðssonar, nemanda HB sem hún vill koma til náms.--

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgad. Akureyri. 22.12.1894

Elskulega ástkæra unnusta mín!

Mikið þakka jeg þér fyrir bréfin þín, ef þú værir komin, þá held ég að jeg kyssti þig, þangað til þér væri orðið illt í vörunum. Elskulega stúlkan mín, það er eins og ég sjái þig, þegar þú hefur verið að skrifa; jeg vildi að jeg gæti kysst þig einn einasta koss, bara til að þakka þjer fyrir brjefin þín. - Pósturinn kom í dag og vissi jeg ekkert um það, fyrri en jeg sá mann ganga fyrir framan hjá mjer með brjef, þá rauk jeg til póstmeistarans, - hann heitir Schiöth - bakari og myndasmiður - nei það er nú konan reyndar - og fjekk fangið fullt af brjefum. Þegar heim kom, fór jeg að skoða brjefin; jeg hafði ekki sjeð utanáskript frá þjer, því þetta voru fyrstu brjefin frá þjer, en tek samt út úr brjefunum eitt brjef, sem jeg hafði á tilfinningunni að væri frá kærustunni. Jú stóð heima og svo var nú farið að lesa. Þetta var brjefið sem fór með Daníel. Svo ríf jeg upp brjef frá Eggert og las það og þá varð jeg kátur. Þakka þjer nú innilega fyrir bæði brjefin, elskulega kærastan mín. - Jeg var með sjálfum mjer, nokkuð áhyggjufullur út af heimleið þinni frá Ártúnum. Jeg hef stundum hugsað um, að þú hefðir orðið veik, en fyrst þjer ekki varð meint af þessu, þá vona jeg að þú verðir hin hraustasta í allan vetur. - Þú hefur haldið að jeg hafi verið þreyttur eptir ferðina, en það var nú öðru nær. Ferðin var eins og skemmtiferð. Jeg hef verið langtum þreyttari á ferðum í Rangárvallasýslu. Meira að segja, jeg varð þreyttari eptir ferð fram á Grund í Eyjafirði núna í vikunni, enda reið jeg mjög hart. Jeg reið hestinum þínum, Hjeðni. Það var ekki af því að jeg vildi fara illa með hann, heldur til þess að ná úr honum almennilegum skeiðsprettum. Eggert Laxdal sagði að hann hefði ekki sjeð jafn ungan hest fara eins fallega skeiðspretti svo að jeg vonast til að þú þurfir ekki að verða á eptir á honum næsta sumar. Jeg er reyndar dálítið smeikur um, að hann verði nokkuð fjörugur, ef hann verður fastur á skeiði, þá gjörir það ekki eins mikið. - Þú verður að fyrirgefa mjer, þó að jeg ríði honum hart, af því að tilgangurinn er góður.

Jeg hef nú svo margt að tala við þig um. Ef jeg væri kominn til þín þá entist mjer að tala við þig, þó að þú segðir ekkert orð, alveg til morguns. En það er eins og pappírinn og penninn geti ekkert. Hugsanirnar eru svo fljótar, að þær fara eins og elding á undan, og jeg er nærri því að fleygja pennanum, setjast aptur í stólinn og gjöra ekkert annað en hugsa um þig, en hugsanirnar ná ekki nema til sjálfs mín; pósturinn getur ekki flutt þær, jeg ætla því að banna huganum að fara þessar leiptur ferðir, heldur halda sjer við pennann. Jeg ætla nú að spjalla við þig, eins og jeg væri að svara þjer í brjefunum. En biddu nú samt við. Jeg má til að segja þjer eitt. Gunnlaugur bróðir minn skrifar mjer. "Allir ljúka upp einum munni um Álfheiði. Það er gleðilegt fyrir okkur, sem ekki þekktum hana persónulega", og Skúli segir í sínu brjefi að þú sjert sú besta, sem hann hafi getað hugsað sjer sem konu mína. Jeg segi nú það sama, en jeg er samt dálítið stoltur, af því að frændum og vinum þykir mjer hafa tekist heldur vel að ná mjer í kærustu. Það var maður í sumar, sem sagði að jeg skyldi biðja mjer stúlku, og jeg sagði að það væri víst snjallræði - þú skalt samt ekki halda að jeg hafi meint það. Nú hitti jeg hann aptur í ferðinni, og þá segir hann, að ráðleggingin sín í sumar hafi ekki verið góð, stúlkan sje o.s.frv., "Ja, jeg er nú trúlofaður Álfheiði Helgadóttur", sagði jeg. "Ja <u>það</u> var gott", sagði hinn, og varð svo feginn að hann gleymdi alveg að óska mjer til lukku, fyrri en hann var búinn að jafna sig. Hann var ekki eins fljótur til, eins og Elín Tómasson,

Jeg hjelt þú mundir segja já, og þess vegna langaði mig mest til þess að tala við þig, en skrifa þjer ekkert. Svo var jeg búinn að einsetja mjer að vera rólegur þó illa færi, en jeg veit það nú eptir á, hvað mikið hefði orðið úr því. Ef jeg nú ekki ætti þig fyrir unnustu, þá væri það, eins og búið væri að taka úr mjer hjartað. Það væri svo mikil vöntun að mjer fyndist jeg ekki geta haft yndi af neinu, nema meðan jeg hefði Kristinn litla að tala við.

Ekkert hef jeg nú talað við þig, það sem jeg ætlaði áðan að segja þjer, en það bíður þangað til næst. Klukkan er að ganga 12, og svo er að deyja á kontórlampanum. Vertu blessuð og sæl ástin mín ljúf. Jeg kyssi þig í huganum einn, tvo, þrjá já þúsund kossa, sem ekki - því miður - meiða þínar varir elskulega unnustan mín sofðu vel. Þinn elskandi Páll Briem

23. des.

Elskulega unnusta mín. Jeg sagði í gærkveldi, sofðu vel, og held jeg það sje því rjett að segja góðan daginn við þig, elsku ástin mín! Jeg vildi að þú ættir alla daga góða. Það er nú samt liðið langt á daginn, kl. er orðin 1. Jeg sofnaði ekki fyrri en klukkan nærri 3. Hverjum heldurðu að hafi verið að kenna! Ætli það hafi ekki verið unnustan, elsku stúlkan mín, sem jeg hef verið að hugsa um, svo að svefninn gat ekki einu sinni sest á rúmstokkinn hjá mjer, fyrr en nóttin var búin að slíta sjer upp til hálfs. Jeg hef verið að vonast eptir honum Halldóri bróður mínum. jeg bauð honum að vera hjá mér um jólin, hann hefur það fremur einmanalegt, hann sagðist ætla að koma í gærdag, en er ekki kominn enn. Jeg gekk inn að Glerá, sem er skammt frá og ætlaði að mæta honum en enginn Halldór var sjáanlegur. Þú furðar þig nú líklega á því, að jeg skuli bjóða honum til mín,

en það er nú orðið, ekki svo lítið fínt hjá mér. Kristján Jónassen kaupmaður bauð mjer par stóla, sem jeg þakkaði fyrir, en svo sendi hann mjer sofa, lænestóla, fjaðrasófa, borð, lampa, teppi. Jeg gat ómögulega verið að reka þetta aptur, þó að hann tæki allt úr stássstofunni sjá sjer og sendi mjer. Svo fjekk ég rúm hjá Lúðvík Sigurjónssyni veitingamanni handa Halldóri. Við komum því til að hafa það gott um jólin, og hlakka jeg til að hafa hann hjá mjer. Halldór er góður maður og skemmtilegur. Nú um jólin ætlum við að finna Jóhönnu systur okkar á Hálsi.

Þú skrifar mjer, að þjer sje heitt á höndunum. Það þykir mjer mjög vænt um, en passaðu þig nú líka fyrir kulda á fótum. Þó að þú komir hlaðin með viðurnöfnum, þá gjörir það ekkert til. Það var víst einhver formóðir þín eða að minnsta kosti mín, sem hjet: Ragnheiður á rauðum sokkum, og er ekki leiðum að líkjast, þar sem hún Ragnheiður var dóttir Eggerts lögmanns. Það er til um hana þessi vísa:

Ragnheiður hjet refla brík,
rík af nöðru sandi,
hygg jeg varla hittist slík
hjer á Ísalandi.**?**

Það er komið myrkur. Jeg fer að borða. Ekki er Halldór kominn. Vertu blessuð og sæl. Gleðileg jól. Elskulega unnustan mín.

25. des.

Elsku hjartað mitt. Gleðilega hátíð. Jeg þakka þjer innilega fyrir brjefið sem jeg fjekk í gærkveldi og hringinn. - Brjefið þitt var svo innilegt og elskulegt og gott. - Þú ert svo elskuleg og ástúðleg, hjartkæra unnusta mín, og um þig er nú ekkert að óttast, en þessir stórlyndu Briemar. Jeg vildi að guð gæfi mér krapt, til þess að vera þjer jafnan, eins og ég óska. Jeg vildi að ég gæti orðið eins og faðir minn var. Það var elskulegur maður. Hann gat stjórnað skapi sínu.

Elskulega ástin mín. Það skal aldrei koma snurður á milli okkar. Við skulum ávallt elskast eins og nú og ávallt muna eptir þessum tíðum þegar við vorum í fjarska hvort frá öðru. Þú veist ei hvað jeg elska og þrái þig og hvað jeg tel mig sælan að eiga þig fyrir kærustu. Jeg vildi að jeg gæti hallað mjer að brjósti þínu og óskað þjer gleðilegra jóla; faðmað þig elsku hjartað mitt og kysst þig marga kossa.

Halldór kom rjett á eptir að jeg var búinn að borða og höfum við talað mikið síðan. Ekki farið að sofa fyrr en klukkan að ganga 3. Við vorum við aptansöng í gærkveldi og ætlum nú að fara í kirkju. Vertu sæl.

26. des.

Elsku hjartað mitt. Að ári um þetta leyti verð jeg hjá þjer. Jeg hef haft allskemmtileg jól, en hversu miklu verður inndælla að ári. Nú er komið kveld kl. er að ganga 5. Jeg hef verið að heimsækja góðbúana, sem mjer þykir all skemmtilegt, en dauðans gagnslítið. Jeg held mest af því að vera heima og verður það ekki síður, þegar jeg á elskulega og ástríka konu heima fyrir.

En nú fer jeg að tala um framtíðina. - Jeg hef mjög mikið hugsað um, hvernig jeg ætti að haga ferðinni suður. Jeg vildi helst hafa ferðina sem kostnaðarminnsta. Klemens vill hafa á 5. hundrað krónur fyrir að vera fyrir mig í október og nóvember, svo jeg vil helst vera sem allra skemmst í burtu og helst ekki að borga nema 100 krónur fyrir einhvern að vera settur að nafninu til mánaðartíma (Hafstein borgaði Klemens sýslumanni að eins 50 krónur á mánuði, en þetta er á milli okkar). Jeg vil miklu heldur verja þessum peningum til einhvers annars.

Svo vildi jeg helst halda amtsráðsfundina fyrir þing og ennfremur giptast þjer sem fyrst, svo að margt þarf því að hafa í höfðinu. Jeg hef verið að hugsa um að fara með aprílferðinni en ef jeg fer til baka með sömu ferð, þá get jeg eigi farið austur, og ef jeg bíð til næstu ferðar, þá er of seint að halda amtsráðsfund, svo að jeg er nú búinn að búa til langa ferðaáætlun, sem jeg sendi þjer. Eptir henni á jeg að koma að Odda 11. júní og ætla jeg að senda eptir þjer frá Árbæ, svo að þú verðir þar til staðar í Odda, og máttu trúa að jeg hlakka til. En ekki kem jeg til Reykjavíkur fyrri en 23. og þá finnst mjer heldur skjótt að fara þaðan með skipinu að kveldi 1. júlí og því hef jeg hugað mjer að fara landveg. Jeg held að það verði langtum skemmtilegra. Jeg er aldrei frískur á sjó og Kristinn er sjóveikur en um þig veit jeg ekki. Það er óbærilega leiðinlegt að bíða í höfnunum, svo að jeg held að best verði að fara landveg. Það eru líka fjárútlát minni við það, því að hestana hef jeg nóga. Jeg hef talað við Halldór að fá Gránu Súsie handa Kristinn og þjer. Svo get jeg haft eina 10 hesta þar fyrir utan. Í júlí er veður vanalega best og því vona jeg að ferðin norður verði inndæl. Dagleiðirnar eru stuttar og jeg hef tjald með og tvo fylgdarmenn. Það er veðrið sem mest er um vert. Áður en jeg komst að þessari niðurstöðu, hef jeg verið með miklar bollaleggingar, en hvernig sem jeg hef lagt þetta niður, þá hefur mjer fundist þetta best og vildi jeg nú að þjer líkaði það.

Kl. 11. Elín systir mín fer suður í maí og ætlar að giptast fyrst í júnímánuði suður í Hafnarfirði, svo að það verður þá ekki af því, að við systkinin höfum veislu okkar saman, eins og jeg var að minnast á um daginn.

Jeg gleymdi að segja, að vinnukonan frá Havstein verður náttúrlega með landveg. Bara að mjer takist nú eins vel að ná í vinnukonu. En það verður vafalaust ljettara að fá innistúlku eins og þú segir. Jeg bið Elínu að útvega mjer þessa stúlku; hún þekkir þann sand af stúlkum.

Það er víst mesta snjallræði að læra ensku. Jeg var líka byrjaður á því. Jeg ætlaði að gjöra það þegar jeg var í Rangárvallasýslu, en fjekk aldrei tíma til þess, svo að jeg hef aðeins týnt niður. Nú fór jeg fyrir jólin að lesa enskan róman og var búinn með eitt bindi, en rómansskömmin er svo dæmalaust leiðinlegur, að jeg líklega hætti og reyni að fá mjer annan, sem er skemmtilegri en þessi "Asphodel" eptir Braddon, það er kvennsnipt ensk og skaltu segja Susie, að jeg skuli einhvern tíma hefna mín á henni fyrir það hvað þessi frænka hennar er aumlega leiðinleg. Í fyrri tíð tók Susie þykkjuna opt upp fyrir landa sína í Ameríku og jafnvel frændur sína Englendinga. En í alvöru að tala, þá er nærri því nauðsynlegt að kunna dálítið í ensku til þess að vera eigi mállaus við útlendinga; þegar þeir eru að finna mann. Þegar mig bilar, sem víst verður eigi optar en í hvert skipti, þá vona jeg að þú komir til hjálpar. Ef þú ekki skyldir vera inni, þá hrópa ég bara: hjálp! hjálp!

Klukkan er nú að ganga 12. Halldór situr hinumegin við borðið og er að lesa róman, en við höfum hengt móraudan pappír á lampann til þess að hafa ekki ljósið í augunum. Jeg fer nú að hætta í kveld. Á morgun byrja kontórstörfin og skrifa jeg líklega ekki til þín, fyrri en um nýjár, því að nú hef jeg nóg að gjöra. Jeg ætla líka, ef jeg get, farið fyrir nýjár norður að Hálsi að finna Jóhönnu systur mína. Skrifaðu mjer hvort þú ert samþykk því að koma austur að Odda. Þú hefur nú ef til vill svo mikið að gjöra, að þú átt eigi gott með það, en skelfing væri það samt gaman. Jeg sendi ýmsan farangur suður og svo gæti annar maðurinn farið með hestana, en hinn með þjer austur. Ertu á þessu? Vertu blessuð og sæl sofðu sætt og rótt, sofðu vel í nótt elsku ástin mín.

Þinn heittelskandi unnusti sem alltaf hugsar til þín og óskar sjer að geta lotið ofan að þjer og kysst þig marga mjúka sæta kossa. --

2. janúar 1895.

Elsku hjartað mitt. Nú er komið nýja árið. Guð gefi þjer það gott og gleðilegt og okkur báðum saman. Nú eru liðnar 7 vikur síðan við skildum á Ártúnum í vonda veðrinu og það er því liðinn nærri því ¼ af tímanum þangað til við sjáumst aptur til að vera lengi svo lengi, sem lífið endist okkur báðum, saman. Mikið er það sem nýja árið ber í sínu skauti. Það er eitthvað undarlegt að hugsa til framtíðarinnar, til þessa ársins sem ekki eru liðnir af nema 2 dagar; við óskum og vonum að það færi með sjer allt gott; það er eins og póstbrjefin, maður hlakkar til að fá þau, en rífur þau upp með hálfum huga, af því að maður má vera viðbúinn, að þau kunni að færa manni einhver sorgartíðindi. Ef jeg væri kominn til þín, þá skyldi jeg gefa þjer koss í nýjársgjöf og fá koss í staðinn, en nú get jeg eigi nema kysst þig í huganum og þakkað þjer fyrir þig sjálfa, brjefin þín, hringinn og sagt þjer að ekki leyfi jeg danska fólkinu að taka þig eitt augnablik frá mjer. Það væri fallegt, ef jeg væri búinn að missa þig suður í lönd, þegar jeg ætlaði að sækja þig til að fara með mjer norður að íshafi. - Það var gott að Jón bróðir þinn sendi kortin okkar; þau eru góð. Jeg bað reyndar Eggert um að senda þau fáeinum í Khöfn, en þið hafið ekkert talað um það saman. Verðurðu nokkuð kunnug mágafólkinu? Susie ofurlítið. Eggert ógnarlítið, en þó bæti jeg við eins og maðurinn: Kannske, máske, veit ekki samt. - Nú veit jeg að þú ert búin að hugsa opt, slæmur er kærastinn. Kallinn sá, að senda mjer ekki myndina af sjer, en þetta kemur ekki til af góðu, frú myndasmiður Schiöth tekur ekki eina einustu mynd fyrri en í vor, eptir að póstskipið er komið frá Khöfn í apríl. Mjer þótti þetta leiðinlegt, en þegar jeg gat eigi fengið neina mynd af mjer, þá hugsaðist mjer að fá myndir af Akureyri og senda þjer. Láttu Susie segja þjer, hvar húsið er sem jeg bý í. Það er ósköp ljótt og leiðinlegt. Það er auman að þurfa að bjóða þjer inn í það í sumar. Jeg er mikið farinn að hugsa um hús, sem heitir Ola Liedshús, og er á Oddeyri en jeg tel það þó mjög ólíklegt, aptur á móti er næsta líklegt að jeg byggi hús handa okkur helst næsta sumar það er að segja ef jeg get. Jeg hef hugsað mjer stað til að byggja á. Það er ekki Tærgesensgrunnurinn, sem Susie var að benda mjer á, heldur á milli Oddeyrar og Akureyrar í ofurlitlum hvammi beint niður af Eyrarlandi eða laut. Það er 5 mínútna gangur frá Akureyri þangað en þar getur enginn byggt nema einn, svo að það getur verið þar út af fyrir sig. Lautin er falleg; mjer þykir þar fallegast, en það er nú eptir að vita hvað konuefnið segir. Jeg held að þú viljir gjarnan vera þar eins vel og inni í bænum; þar sem hver er með nefið ofan í öðrum og ekki er hægt að snúa sjer við svo að menn sjeu eigi farnir að spjalla um það í hópum. En mikið vildi jeg óska að þú værir komin til þess að spjalla um þetta. Það er stórmikið vandaverk að innrjetta hús, að hafa það haganlegt. Mjer þykir verst, að jeg þarf að hafa svo stórar stofur vegna væntanlegra gesta. Jeg held að ekki megi hafa borðstofuna minni en 7 álnir á hvern veg innan mál og gestastofuna (daglegu stofuna) 7 og 8 álnir innan mál. Það er annars best að jeg sendi þjer teikningu af húsi, sem jeg hef hugsað mjer. Upp á lopti ætti að vera stór kvistur og 3 herbergi önnur. Hvort viltu heldur hafa svefnherbergið uppi á lopti og smá daglega stofu þar sem borðstofan er sett. Jeg veit þjer líkar nú eigi hvernig fyrirkomulagið er, en jeg hef þó brotið heilann mjög um það, hvað haganlegast væri ekki aðeins fyrir mig heldur líka mína elskulegu tilvonandi konu.

Jeg hef fjarska mörg uppköst af húsum og ekkert líkar mjer betur en þetta til að hafa hlýindi, birtu, hæga stiga og stofu konunnar sem allra næst mjer, þegar jeg er á kontórnum. Jeg þarf ekki að hafa það eins og Stefán gamli Thorarensen. Þegar hann var með einhver píkant mál á kontór sínum, sótti konan frú Christensen til að

liggja á hleri með sjer og útleggja hina torskildu íslensku. Karlinn sagði seinast að hann vissi ekkert hvar hann ætti að hafa kontórinn. En sleppum nú þessu.

Jeg fer nú að sofa og kveð þig með ástarkossi elsku ljúfa mín. Sofðu vel og blítt. Þinn elskandi unnusti Páll Briem

4. janúar 1895.

Nú á pósturinn að fara snemma í fyrramálið. Jeg er búinn að skrifa öll mín bjef nema það sem jeg á eptir að skrifa til þín. Jeg er nú orðinn hálf þreyttur, og þess vegna verðurðu að fyrirgefa mjer þó að jeg skrifi nokkuð forretningsmæssigt.

Elín er búin að vista til okkar vinnukonu, svo að ekki verðum við ráðalaus með fólkið: Hún heitir María Jónsdóttir Davíðssonar frá Hvassafelli í Eyjafirði og segir Elín: "Það er góð stúlka, þrifin, greind og vandvirk og vona jeg að hún gefist vel". Um kaupið er ekkert samið. - Svo kemur nú annað. Jeg reiknaði það eigi út, að jeg þarf að panta húsgögn núna áður en jeg fæ brjef frá þjer; það er nokkuð leiðinlegt, en þessvegna tek jeg það ráð að skrifa Jóni Vídalín, biðja hann að útvega mjer meublur og fortepianó eptir lista sem þú býrð til. Jeg hef hripað mjög lauslega á lausan miða, ef þjer væri það nokkuð til leiðbeiningar. Það getur bæði verið hjá mjer heimskulegt verð og fleira vitlaust, því að jeg er ekki klókur í þessu. Jeg kæri mig eigi um neitt á kontórinn; svo finnst mjer að teppi og svoleiðis megi bíða í þetta sinn. Þú getur ráðið hvað þú kaupir fyrir þessar 2000 kr. Jeg held ekki mjög mikið upp á mikil fínheit, og það er mjer pest, þegar meublur eru svo fínar, að það þarf að klæða þær allar í sirtsum. En sem sagt þú verður að hafa vit fyrir mjer í öllu þessu, þó svo að skuldirnar verði ekki allt of miklar. - Jeg tapa nú sjálfsagt 2000 kr. á húsinu í Árbæ og þá verður ekki mikið afgangs þar, það eina sem jeg hef er lánstraustið til að kaupa hús og þess háttar.

Elskulega kærasta mín, ljúfasta og besta, þú mátt nú ekki ergja þig yfir einhverri vitleysunni hjá mjer. Jeg vil reyna að hafa heimilið þitt þægilegt fyrir þig. Skrifaðu listann til Jóns Vídalín og settu, ef þú getur ca. verð hvers hlutar. Annars getur verðið orðið allt of hátt. Feldu Jóni Vídalín og einhverjum öðrum að kaupa fortepíanóið, því að það má eigi vera svikið. -

Eptir 12 daga verður þú nú farin að rýna í þetta. Jeg vildi að jeg væri þá kominn að baki þjer; jeg skyldi þá lúta fram yfir öxlina á þjer, leggja höfuðið niður með vanganum á þjer og kyssa fyrst á kinnina á þjer, og svo á varirnar marga, já mjög marga kossa. Svo myndum við nú setjast í sófann og tala saman langt fram á nótt. Að ári um þetta leyti, þá verðum við saman og það verður gaman, elsku hjartað mitt, þá þurfum við eigi að andvarpa af því hvað langt sje á milli okkar. -

Jeg var að skrifa Kristinn litla áðan, hefurðu nokkuð heyrt hvernig honum gengur að læra.

Fyrirgerðu hvernig ferðaáætlunin mín er útstrikuð. Jeg ætlaði að skrifa hana upp, en það er nú orðið svo framorðið og jeg er bæði syfjaður og þreyttur.

Jeg fer nú því að enda. Heilsaðu móður þinni kærlega, Þórdísi, Jóni, konu hans og öllum systkinum þínum. Heilsaðu líka Susie mágkonu minni og biddu hana um Gránu handa Kristinn og þjer norður það er að segja ef óhræsis merin verður ekki með folaldi. -

Veðrið er ljómandi fallegt. Jeg fer nú að fara með brjefin á pósthúsið og læt þau þar í kassann og þessu brjefi læt jeg fylgja einlægar óskir mínar til þín að þjer megi líða sem best fær óskað þinn heittelskandi unnusti. Jeg kveð þig svo með mörgum kossum, elskaða unnusta mín. Vertu ljúfasta ástin mín sæl og blessuð. --

1895

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 5.1.1895.

Segir af jólahaldi. Ingibjörg Claessen (síðar Þorláksson) í heimsókn og býr hjá henni. Er byrjuð taltíma með Álfh. Hún skilur nokkuð vel en virðist aldrei hafa talað ensku. Ég verð að venja hana á að tala því það er mikilvægt fyrir hana og Pál því hvorugt kann frönsku. Segist fá máltíðir sendar fra Hótel Reykjav., er Margrét Zoëga sanngjörn í viðsk. Vann að jólatréssk. Thorvaldsensfél. f. fátæk börn.

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Helgadóttur. Akureyri. 17.1.1895.

Pósturinn var nú að koma í kveld og jeg að fá brjefið frá þjer. Jeg skyldi kyssa þig hundrað kossa fyrir það, ef þú værir komin, en nú get jeg bara kysst myndina af þjer, sem annars er fyrir mjer á borðinu í mjög ódýrum ramma, keyptum hjá Friðbirni Steinssyni.

Elskan mín þú ert ekkert brosandi; en þú ert svo ljúf og ástúðleg og indlæl, og svo segi jeg það við sjálfan mig: þetta er nú stúlkan mín konuefnið mitt litla. En skelfing er þetta annars leiðinlegt, hvað þú ert langt í burtu að geta ekki talað við þig eitt einasta orð og svo eru brjefin svo hræðilega lengi á leiðinni. Jeg skrifaði þjer svo langt um daginn, hvernig jeg ætlaði að ferðast suður, en jeg sje nú að það er skynsamlegra að hafa það eins og þú vilt, að fara sjóveg. Sjóferðin er nokkuð leiðinleg, en þegar þú ert með og við erum saman, þá verður hún skemmtileg. Nú það er þá alltsvo afgjört að jeg fer með skipinu hjeðan 29. maí og kem, ef guð lofar, 8. júní til Reykjavíkur. Þá sje jeg þig þeim mun fyrr, elskan mín; það verður yndi og gaman að sjá aptur ástina mína. En hvenær eigum við að gipta okkur. Jeg þarf að fara austur. Eigum við að giptast áður, eða ekki fyrri en á eptir. Allt þetta verður þú að afgjöra mín elskulega ráðagóða litla kærasta mín. Svo verður nú líklega allt húsagjörðarplanið eins galið og ferðaáætlunin. En ég læt nú bíða að skrifa um það. Jeg fjekk brjef frá Gunnlaugi bróður mínum mjög nákvæmt um Kristinn. Þú eins og efast um að hann komi til að halda af þjer; nei það þarftu ekki, því að hann kemur til að elska þig eins og móður; hann er góður og blíður elsku drengurinn minn. Gunnl. segir að hann sje greindur, iðinn og námfús og segir að hann uni sjer vel. En svo er hann svo viðkvæmur, auminginn litli, hann þarf blíðu, en hvorki dekur eða vorkunnsemi og því síður hörku, en þú sem ert svo blíð; þú munt fljótt kunna lagið á honum. Við förum svo saman á skipinu 1. júlí um kveld (2. júlí) og komum hingað 10. júlí. Þá flytjum við líklega inn í þetta gamla hússkrifli, sem allt er sundursagað af gömlu mutter Thorarensen, því að þegar maðurinn fór í þingferðirnar byrjaði hún að breyta húsinu, stundum að breyta innganginum, stundum skilrúmum, stundum sagaði hún göt á loptið o.s.frv.

En sleppum nú þessu. Klukkan er orðin tólf. Jeg fer að hátta og sendi þjer nú einn, tvo, þrjá - - marga marga kossa í huganum. Nú ert þú líklega sofnuð ástin mín, sofðu sætt og rótt, sofðu í alla nótt, elskuleg ástmey kær, æ sje þinn blundur vær. --

19. jan. 1895.

Jeg sit aleinn inni, enginn truflar mig; skrifarinn er farinn fyrir löngu; jeg er kominn frá kveldverði, snjór er yfir öllu, frost úti og norðurljós yfir þveran himin, sem slá gráum, ísgráum, rökkurlegum hálfdraugalegum blæ yfir sveitina, einhverjir gengu eptir götunni með löngum og þungum stigum, svo það marraði í hverju spori; það var eins og hann væri að ásaka mennina sem voru að stíga ofan á hann, svo að jeg fleygði málinu, sem jeg var að lesa, og fór að hlusta, en svo var allt hljótt aptur, en það var komin í mig óþreyja svo að jeg hætti við málið og tók seinasta bindið af langa enska rómaninum leiðinlega, en gat ekki fest hugann við hann, svo tók jeg "Muld" eptir Henrik Pontoppidan, en hætti við þá sögu og tók svo myndina af þjer og fór að horfa á hana og þá var óþreyjan búin; það er alveg eins og þú sjert að hlusta á mig og að þig vanti ekki mikið á að leggja vinstri handlegginn á hálsinn á mjer og jafnvel að gefa mjer ofurlítinn koss, en samt fæ jeg hann ekki fyrri en eptir langan, langan tíma; jeg get aðeins flogið til þín í huganum og verið hjá þjer í anda, en ef jeg gæti breytt mjer í hvað sem jeg vildi, þá skyldi jeg breyta mjer í valinn og fljúga til þín sem hraðast jeg gæti, eða þá í storminn og fara yfir láð og lög á svipstundu, eða í eldinguna og bruna í gegnum loptið til þín, og þá held jeg að jeg gleymdi nú kontór og kverum, ensku og ástarsögum og tæki elsku hjartans unnustuna í faðminn og tæki hjá henni marga kossa og segði henni hvað jeg hefði opt saknað hennar síðan við skildum í vonda veðrinu. Jeg sá þig seinast, hvar þú reiðst fót fyrir fót á eptir Ólafi, og svo riðum við Eggert á sprett; þegar jeg leit við aptur, þá var leitið komið á milli okkar og þú varst horfin. En það dugir ekki að vera að tala um þetta. Það dugir ekki að vera að stynja út af því, hvað við erum langt hvort frá öðru.

Það er nú fast og stöðugt að jeg fer með skipinu hjeðan 29. maí og svo förum við 1. júlí frá Reykjavík með skipinu. Ert þú ekki samþykk þessu? Heilsaðu henni mömmu þinni með kæru þakklæti fyrir það sem hún ætlar að gefa þjer og okkur.

Jeg var að skrifa þjer heilmikið um kaup á meublum, en nú breytist þetta nokkuð mikið. Jeg sendi þjer brjef til Jón Vídalíns, þar sem jeg bað hann að leggja út fyrir mig fyrir allt að 2000 kr. og svo sendi jeg þjer lista yfir meublurnar og það sem mjer datt í hug; en nú er flest allt annað í þeim lista og það sem sem þú skrifar í þínum lista, svo að þú kemst líklega í hreinustu vandræði að ráða fram úr þessu. Þú segir mjer að ágætt og nýtt fortepianó fáist fyrir 670 kr. Á því er jeg alveg hissa, því að bróðir Friðrikku mágkonu minnar, sem er í Höfn, keypti uppstandandi fortepianó fyrir 1200 kr. og sýndis mjer það þó ekki vera neitt framúrskarandi, en þú veist þetta samt miklu betur en jeg. Jeg ætlaði ekki að kaupa neitt á kontorinn hjá mjer, af því að mjer líkar ekki alveg vanaleg skrifborð. En jeg fæ nú með næstu póstferð brjef um, hvernig þú hefur þetta allt saman. Lampa er sjálfsagt að kaupa, anrettingsborð (sem jeg reyndar man ekki, hvernig er) og spilaborð. Jeg er reyndar alveg eins og þú, að mjer þykja spilin ekki skemmtileg, en það verður þá handa gestunum. Annars held jeg að við sympatíserum saman í ekki svo fáu; það er nú t.a.m. stásstofurnar. Jeg er nú búinn að búa til nýtt húsplan annað en það sem jeg sendi þjer seinast, sem þjer kannske líkar skár. Þar er kontorinn minn alveg við hliðina á dagl. stofunni, sem ekki var á hinu, og matarstofa á hina hlið, þar sem vinnukonur geta verið með rokka? og krakkar væntanlega með ólætin allra verstu, en setið svo í daglegu stofunni þegar þeir eru skikkanlegir. Það er eitt sem jeg held uppá. Það er hiti og ljós. Það vil jeg hafa; aptur á móti þarftu ekki að óttast að jeg verði sælkeri eða mathákur, þó að læknisfrúin sje snillingur í matarsökum.

Jeg held mikið uppá meublur með dökkgrænu betrekki. Bara það sje ekki eins hárautt og betrekkið á meublum, sem jeg keypti einu sinni fyrir verslunarstjóra. Jeg dauðskammaðist mín fyrir það, en viti menn með næsta skipi fjekk jeg hreint þakkarávarp fyrir kaupin - jeg þekki mína menn.

Jeg veit ekkert hvar við verðum. En líklegast verðum við hjer þangað til við fáum nýtt hús, sem jeg vona að verði næsta haust. Gluggarnir hjer eru 3 álnir frá gardínustöng (NB sem er engin) niður á gólf og 2 álnir á breidd 2-6 að tölu, en það dugar valla að kaupa gardínur á þá. Annars á jeg nokkuð góðar gardínur fyrir 3 glugga á Árbæ. - Jeg veit ekkert hvernig á að fara með Árbæjardót. Jeg á þar allan fjarska af matarpottum og allskonar dóti í eldhús, því að jeg keypti allt, sem sagt var að þyrfti, og þetta allt kostaði stóra peninga, og fer ekki fyrir hálfvirði ef það verður selt þar. Vertu nú svo ráðdeildarsöm að segja mjer hvort jeg á að selja það eða ekki, því að annars fer jeg eins og Danskurinn; jeg tel já, nei, á hnöppunum og læt þá ráða. Jeg er búinn með búskaparsýslið í kveld. Klukkan er langt gengin eitt, svo að jeg fer að hátta. Jeg tek aptur til við enska rómaninn. Jeg má ekki hugsa um elskulegu litlu stúlkuna mína, því að þá sofna jeg ekki fyrri en eptir langan, langan tíma; um daginn fór jeg að hugsa um þig og sofnaði ekki fyrri en kl. 4, opt ekki fyrri en kl. 2-3. Þú sjerð af því að mjer leiðist ekki að hugsa til þín, elsku hjartað mitt. Hvað jeg er lukkulegur að eiga þig elsku litla kærasta mín sem ert svo langt í burtu. Í vetur skilja oss firnindi og fjöll, sem fylkja sjer móti okkur allt eins og tröll en að ári þá ertu mjer nær þá ertu orðin konan mín elskaða mær.

31. jan.

Elskan mín. Mikið er nú orðið langt síðan að jeg skrifaði fyrra laugardagskveld. Jeg hef sagt við myndina af þjer á morgnana: góðan daginn og á kveldin góða nótt og bætt við stundum elskan mín og stundum ástin mín og hjartans litla kærasta mín, en þó að jeg hafi kysst myndina marga kossa, þá hefur hún samt aldrei sagt neitt, það er nærri því eins og þú ætlir að fara að tala, en aldrei heyri jeg neitt. Gaman væri ef þú værir komin. Veðrð er svo undurfagurt í kveld. Það er eins og inndælasta kveld í maí: blæjalogn, ofurlítið frost (1/2 gr.) og stjörnubjart og heiðríkt. Jeg kann makalaust vel við fólkið. Jeg fer reyndar svo sem ekkert í hús; jeg vil helst vera heima, en menn eru hjer með boð.

Jeg er búinn að vera tvisvar í kveldboðum hjá Stephensen og einu sinni hjá sýslumanni Klemens og einu sinni hjá Christensen verslunarstjóra. Það kann að vera að þetta sje gott, en ef mikið er af slíku, þá er það samt ekki nema temmilega gott. Hvernig líst þjer á það að halda veislur? Jeg held annars að við komum til að kunna mikið vel við okkur hjer og jeg held að maður geti verið alveg fyrir utan - slúðrið, sem jeg held að sje ekki verra en víða annars staðar. Í læknishúsinu heyri jeg slíkt aldrei, enda er mjer ómögulegt að interessera mig fyrir neinu slíku. Einu sinni í Khöfn var ort um mig kvæði, sem jeg held að hafi ekki verið neitt vinsamlegt. Jón Þorkelsson vildi endilega sýna mjer það, en jeg bað hann blessaðan að hafa sjálfan kvæðið að skemmta sjer við, því að mig varðaði ekkert um það, og svo veit jeg ekki meira um það. Það er reyndar rjett að líta á slíkt, ef svo ber undir, en jeg hjelt þó að jeg kynni að ergja mig út af því, þá væri jeg nú ekki eins rólegur, eins og jeg er orðinn nú. Það er fjarska gaman að því að stilla skap sitt. Í fyrra þurfti jeg einu sinni á því að halda, enda var jeg nærri því kátur út af því í heila viku. En jeg er nú farinn að rugla nokkuð mikið, en þú fyrirgefur mjer þó að jeg fari svona úr einu í annað. Það er nú ekki víst, hvað jeg get skrifað þjer á morgun svo að nú fer jeg að verða spurull. Þú segist ekki vilja hafa stofubrúðkaup. Gott og vel. Sjerílagi ef mörgum er boðið, þá á það ekki við. En hverjum á að bjóða? Þú verður nú að gá að því, að það er margt tilvonandi mágafólkið þitt. Skrifaðu mjer næst um þetta allt saman. Ekki get jeg pantað lýsingarnar, sem er hjer norður í landi; það verður þú að gjöra eða gjöra láta, en er það ekki á móti öllum góðum reglum? Nú er jeg búinn að tala um þetta.

Jeg legg nú hjerna innan í plan af öðru húsi. Það held jeg sje ágætt í alla staði og ekkert annað að því - en að húsið verður dýrt.

Núna eptir helgina ætla jeg að fara út í Hrísey að skoða Norðmannahús. Jeg býst helst við að jeg kaupi eitt af þeim hjá Chr. Jónassen, búi í þessu húsi allt árið næsta og hafi nýtt hús eigi fullgert fyrri en að vori. Það er ágætt að taka smið fyrir ársmann og það held jeg að jeg gjöri ef jeg get.

Þetta er nú svona smásaman að festast hjá mjer. Það má hamingjan bara vita hvernig gengur með peningaspursmálið. En koma dagar og koma ráð. Mig hefur ekki vantað lánstraust hingað til.

Helst hefði jeg dregið að hugsa um húsið þangað til þú hefðir verið komin, en þá hefðum við orðið að búa í þessum ólukku hjalli tvö ár og borga háa leigu. Þegar jeg er búinn að ráða eitthvað fast skal jeg skrifa þjer um það allt saman. Þó að það fari um húsaplönin líkt eins og ferðina sunnanlands, sem jeg var að ráðgjöra, þá skaltu samt skrifa mjer allar þínar útásetningar. Jeg skal náttúrlega reyna að forsvara mig, eins og jeg get, þó jeg sje fyrirfram viss um að jeg bíð mesta ósigurinn. Það er samt ekki víst að þú verðir mikið á móti, því að við sympatiserum svo mikið saman. Það veit jeg nú alveg fyrir vís, og það er - inndælt að svo er - það er bara eitt sem þú segist ekki vilja ríða hart - en þó ekki fjarska hægt? Mjer hálfleiðist að ríða mjög hægt. Heldurðu það sje ekki satt.En bíddu nú við. Þú mátt til að segja mér, hvernig þú ert að sitja hest. Hjeðinn er gróflega frekur, ef þú getur riðið honum tvisvar, þrisvar, þá verður hann vonandi góður, en hann getur vel haft til að þjóta á sprett í fyrsta skiptið, en allt vil jeg heldur hafa, en að þú dyttir af baki. Elín systir mín gat riðið gonum, og kalla jeg hana þó klaufa að ríða, en hún gat vanið sig á að sitja hann. Segðu mjer nú alveg eins og þú meinar, ef þú átt ekki gott með að sitja hest þá verð jeg að fara að útvega þjer annan hest. Jeg hef hann í hug. Hann heitir Hæringur og er mikið þýður og þægur, en ekki nærri eins viljugur eða fljótur og Hjeðinn.

Þú ert líklega búin að panta meublurnar, en ef svo er ekki, þá vil jeg geta þess að matborðið þarf að vera með 3 plötum (ekki nóg 2), að setja í. Jeg á á Árbæ matborð sem má setja í 3 plötur, en jeg vil helst selja það. Eggert bróðir minn skrifar mjer ekkert um, hvort hann ætlar að sækja um Rangárvallasýslu, en það verða þó líklega ekki fleiri en hann og Magnús Torfason, sem um er að tala. Jeg ætla því að skrifa Magnúsi núna og skrifa honum um hvort hann hafi ekki hug á að kaupa eitthvað af mjer. Jeg vildi að hann vildi kaupa húsið á Árbæ og húsin þar. - Nú er jeg búinn að tala heilmikið um allt þetta búskaparlega og svo er jeg orðinn sifjaður. Klukkan er orðin 12. Jeg hef verið að skrifa í allan dag og því orðinn hálf þreyttur. Eitthvað slúðra jeg í brjefinu á morgun, en nú segi jeg ekkert annað en góða nótt elskulega kærasta mín.

1. febrúar.

Elskulega kærasta mín. Nú fer pósturinn í fyrra málið, og svo á þetta brjef að leggja af stað áleiðis til þín. Jeg vildi óska og vona, að það hitti þig glaða og heilbrigða já meira að segja með stóru smokkana og ennfremur með stóra, þykka og hlýja sokka. Má jeg ekki óska þess, hjartað mitt. Jeg var að ganga í dag út á Oddeyri. Á leiðinni hitti jeg stúlku og svo gengum við saman út eptir þangað, og talaði hún mörg orð þann tíma. Þú skalt nú samt eigi verða neitt smeik, því að þetta var sextug kerling, sem var dóttir konu, er Katrín hjet og var hjá ömmu minni Valgerði í 50 ár. Kelling sagðist hafa verið vinnukona hjá Ólafi Briem á Grund og kunni vísu um þennan dag, sem er afmælisdagur sjera Valdimars, en ekki man jeg meira en niðurlagið:

Þennan fyrsta febrúar,
fæddist litli Valdimar.

Veðrið hefur verið ljómandi fallegt í dag fjöllin og húsin og brekkurnar spegluðu sig í pollinum; æðarkollurnar eru spakar eins og tamdir fuglar, þær voru að baða sig rjett við fjörumálið, velta sjer, hrista af sjer vatnið og strjúka sig með nefinu og út um allan sjó heyrðist hávær fuglakliður, í logninu og kyrrðinni, en allt í einu tók undir í fjöllunum af byssuskoti, það voru selaskytturnar sem voru að reyna frækleik sinn móti selnum, og svo heyrðist áraglam og málæði yfir undir landi, sem vindþytur var allra snöggvast framhjá manni. Hvað jeg var að óska að þú værir komin, til að njóta góðviðursins með mjer. En seinna koma sumir dagar að ári, að ári, en það dugar nú annars ekki að vera að slúðra þetta. Jeg held að jeg sje eigi búinn að tala um allar mínar búsáhyggjur, og þó man jeg ekki eptir neinu sjerlegu. Þú verður í mestu vandræðum (það veit jeg) með brjef mitt til Jóns Vídalíns, en jeg vona að þú ráðir einhvern veginn framúr því.

Stúlkuna, sem Elín útvegar þjer, skaltu eigi vera hrædd um, þó að hún sje skólagengin. Menn verða ekki verri fyrir það, þó að þeir hafi gengið í skóla, nema þeir sjeu vandræðagripir í sjálfu sjer, en því miður hafa opt vandræðagripirnir farið í skóla. Jeg vil mikið heldur hafa vinnukonu, sem hefur verið svolítið reynd. En það gefur nú tíðin að sjá hvernig stúlkurnar reynast. Mjer þótti verst að jeg skrifaði Elínu, að María frá Hvassafelli þyrfti eigi að vera í eldhúsinu. Jeg mótmæli því með öllu að blessaðar stúlkurnar sjeu á víxl að taka til hjá mjer. Það verður þá að vera sitt missirið hvor. Ein af mínum mörgu sérviskum er það að jeg er fjarska smeikur um allt á skrifborðinu mínu, og verð illur ef stúlkur eru að hnýsast í mín blöð þar, nema náttúrlega konan mín elskuleg, sem engu ruglar. En hvað mjer þykir vænt um að þú lest enska tímaritið mitt, sem jeg sje aldrei, þó að jeg eigi það að hálfu. Blessuð lestu ensku, eins og þú getur, og kenndu mjer svo. Jeg nenni ekki að lesa hana, svo að jeg get ekkert talað við útlendingana frönsku í sumar. Hvað segir þú um að vera túlkur. Líklega segir þú pass.

Heilsaðu sjera Ólafi bróður þínum kærlega frá mjer og berðu honum og konu hans heillaóskir frá mjer með þeirra efnilegu ungu dóttur. Heilsa móður þinni kærlega, Þórdísi systur þinni og Jónu bróður þínum og konu.

Jeg kveð þig svo kærasta elskulega unnusta mín með mörgum kossum og óskum að hamingjan og gleðin fylgi þjer ætíð til æfiloka. Vertu blessuð og sæl. Þinn elskandi unnusti --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 22.1.1895.

Segir af ferð austur á land. Hefur gert upp bú sitt, biður hann koma til hjálpar við skiptin.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 21.2.1895.

Ræðir heilsu SB og vonar að allt sé gott og hún sé við svo góða heilsu sem ástæður leyfa (hún var aftur ófrísk) og á von á sér í maí, lausafregnir séu um annað. Þá ætlar hann að reyna að komast sem fyrst suður. Ef vel gengur ætti hann að komast 20.5. Páll fer suður 29. maí með gufuskipi, ætlaði að fara austur um á hestbaki, en hætti við. Segir af tveim leikfél. á Ak., leikfél. og tónlistarfél, sem líka ætlar að setja upp leikrit. Frú Stephensen er með uppistand v. Álfheiðar. Hún tekur henni vel er hún kemur norður. Það er þreytandi að Akureyri skuli vera skipt í tvennt og skiptast í afstöðu t.d. til skóla, menn vilja hafa tvo. Engum dettur í hug að koma einum fyrir t.d. í Barðsgili. Ekkert að gerast hér annað en sama togstreytan milli húsa. Enn er fúi í gólfum. Aftur kviknaði í skólanum.--

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Ytriey. 2.2.1895.

Sendir lista yfir margt sem hún biður S.B. að kaupa fyrir sig. Er einnig að kaupa húsgögn, rúm o.fl. til innréttinga og ræðir við hana um það og spyr um verð í búðum t.d. á blúndum. Þá hefur hún selt ýmislegt, m.a. föt af SB og HB. Hér er hún sennilega búin að kaupa sér hús í Reykjavík.--

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Helgadóttur. Akureyri. 26.2.1895.

-- Jeg þakka þjer svo innilega fyrir tilskrifið með póstinum, en nú máttu samt ekki búast við endurgjaldi; jeg hef aðeins eptir einn dag þangað til pósturinn fer og á eptir öll mín prívatbrjef og talsvert af ýmsum öðrum málum. Það lítur því ekki efnilega út með brjefaskriptirnar. Núna er kominn háttatími. En hvernig stendur á þessu? munt þú segja. Það er nú mest af því að með þessum pósti er mest að gjöra og svo hef jeg nú þurft mikið að hugsa um húsagjörðina.

Jeg er nú búinn að leigja hús harla lítið að ummáli 14 álnir að lengd og 10 álnir á breidd. Það er á Oddeyri og heitir Hauskens hús. Mjer var lofað - og það er víst - að gjört yrði við húsið (betrækt og málað), svo að það verður þolanlegt í því að öðru leyti en því hvað það verður óbærilega lítið. Austurstofan verður að vera kontor og svo getur þú hugsað þér hvernig hitt af húsinu á að notast, en helst sýnist mjer að hafa austurlopt fyrir svefnherbergi og ef til vill kvistinn fyrir borðstofu þó óþægilegt sje því að mjer sýnist að vesturstofa og kamersið megi ekki minna vera fyrir daglega stofu.

Nú er jeg líka búinn að kaupa lóð (3 dagsláttur eiga það að vera) fyrir 300 krónur. Það er í svokallaðri Eyrarlandslaut skammt fyrir norðan bakarí Sciöths. Mjer þykir sá staður mjög fallegur. Þaðan sjest bæði inn á Akureyri og út á Oddeyri, en grösug lautin blasir við að vestan og hafið og Vaðlaheiði er rjett á móti. Jeg var þar útfrá í dag og var sannarlega fallegt að sjá framá rennisljettan sjóinn með hópum af æðarfuglum og máfum, sem allir voru á ferð og flugi, en Vaðlaheiði speglaði sig í sjónum og húsin á Oddeyri sýndust ætla að teygja sig niður í undirdjúp sjáfarins. - Það á nú að fara að grafa brunn út í lautinni til að vita um hvort þar fæst vatn. Jeg er að semja við mann sem heitir Snorri Jónsson um að byggja hús fyrir mig 14 álna breitt og 23 álna langt með porti og kvisti 14 álna breiðan, skúr 9 álna langan og kjallara undir öllu húsi með öllum góðum innrjettingum og í skúrnum á að vera fjós, hesthús, heyhús o.fl. þó svo umbúið að húsið hafi ekkert af því að segja og á þetta allt að kosta 8000 krónur fullgjört. Ef Snorri gengur inn á þetta, þá álít jeg að eigi verði komist að betri kjörum og svo er jeg laus við allar áhyggjur út af byggingunni, sem mjer þykir gott að vera laus við.

Jeg má nú náttúrlega til að ákveða hvernig húsið á að vera innrjettað, og þá er jeg nú í vanda staddur, að hafa ekki litlu kærustuna mína til að ráðgast um við, og það er nú einkum af því, að mjer fellur eigi húsplanið þitt, það er samt eigi af sjervisku, heldur af verulegum ástæðum, en jeg ætla þó að eins að nefna það, að jeg get eigi liðið að hafa kontórana aðskilda. Jeg verð að hafa þá alveg saman og meir að segja svo að fólkið fari fyrst í gegnum fremri kontórinn, eins og hreinsunareld fyrir sálir þeirra. Jeg get stoppað allskonar lýð í fremri kontórnum, og lærði jeg í Kaupmannahöfn að sjá hvað það var gagnlegt. Jeg skal nú skrifa þjer næst nákvæmlega um allt og færa bestu vörn fyrir því húsplani, sem jeg vil hafa. Jeg er búinn að búa svo víða og þekkja svo mörg hús utanlands og innan að jeg er orðinn nokkuð klókur í að innrjetta hús einkum þar sem þú varst svo elskuleg að hafa eins mikið á móti stásstofunum eins og jeg.

Þú minnist á að þjer sje eigi um stórar stofur, en stöðunnar vegna má maður til og vittu til, þegar þú ert búin að búa allt út í þeim og situr þar með kalli þínum, Kristinn litla og kannski fleirum, þá fer það að lagast. Jeg vil helst eigi vera í þessu Hauskens húsi nema eitt ár og mjer finnst eigi vera ástæða til að draga byggingu hússins, ef maður getur.

Jeg held þú sjert nú orðin hálfleið á þessum byggingabollaleggingum, en þó að svo sje ekki, þá er jeg samt orðinn næsta syfjaður og jeg ætla ekki að vaka frameptir, heldur fara tímanlega á fætur á morgun og vaka frameptir næstu nótt. Ef jeg nú væri kominn til þín skyldi jeg kyssa þig optar en einu sinni eða tvisvar. Jeg sendi þjer því í huganum heitan koss af vörum mínum og óska þjer svo góða nótt elskaða kærasta mín.

27., rjettara, 28. febrúar því klukkan er að ganga 1.

Jeg hef verið að skrifa í allan dag og er búinn að skrifa allra mesta sæg af brjefum, en fyrir þetta sama þá getur mjer vel gleymst eitt og annað að skrifa þjer, en nú ætla jeg samt fyrst að biðja þig bónar og hún er sú, að finna Andersen skraddara áður en skipið fer og segja honum, að jeg komi suður í júníbyrjun og þá vilji jeg hafa uniformið til vonum bráðar og því vilji jeg biðja hann, að panta kraga á frakkann nú með skipinu. Jeg pantaði hjá honum havelock við uniformið, en jeg þarf líka að fá hjá Andersen vor-yfirfrakka (úr meðalskjólgóðu taui), því að Brynjólfur landshöfðingjaskrifari fór í yfirfrakkann minn og velti sjer í honum ofan í mjög dónalegan stað svo að frakkinn varð hreint ónýtur. Yfirfr. væri gott að panta hjá Andersen, svo að hann gæti verið til þegar jeg kem 6-8. júní og bið jeg þig að gjöra svo vel að velja fyrir mig tauið. Ef Andri er hræddur um að yfirfrakkinn muni eigi fara vel, þá má bíða að fullgjöra hann þangað til jeg kem.

Nú er jeg búinn að tala við þig um mjög prósaiska hluti, sem þjer er líklega mjög illa við, en þessu mátti jeg ekki gleyma, aptur á móti geymt það þangað til nú að þakka þjer fyrir myndina þína. Því gleymi jeg ekki, af því að þú ert svo alvarleg á myndinni, eins og þú værir að búa þig undir að segja mjer dæmalaustlegt lítið til syndanna. Þess vegna verð jeg að kyssa myndina þína svo opt til þess að blíðka þig og það tekst mjer vel. Elskan mín, þakka þjer ósköp vel fyrir myndina, hún er alvarleg og góð. Ef jeg væri kominn til þín skyldi jeg kyssa þig fyrir hana marga kossa, en nú ert þú líklega sofnuð svo að jeg yrði að fara hljóðlega, svo að jeg truflaði þig ekkert. Hver veit nú, nema jeg geti, þegar jeg sjálfur er sofnaður, látið mig dreyma um elskuðu kærustuna mína og kysst hana sætan koss í draumnum.

Jeg held, að það hafi verið mikið gott að skrifa Vídalín en það er mjer hulinn leyndardómur, hvað þú hefur skrifað á listann til hans, ef hann hefur verið eins fjarska langur og þú segir. Það hefði verið hægt að vefja Ólaf Ámundason innan í honum þó hann sje digur. Jeg hefði þá ekki öfundað hann, eins og þú segist ekki öfunda Maríu af honum. Jeg vona þó, að þú hafir ekki líkt álit á honum eins og Geir Zoëga þegar Ó.Á. bað Kristjönu: "Nei heyrðu sko sjerðu, heldurðu jeg gefi dóttur mína dóna?" Það er ekki sagt hverju biðillinn svaraði, en líklega hefur honum þótt svarið mjög ópassandi fyrir sig. En biddu nú við þetta er að slá nokkuð út í aðra sálma. Jeg fer nú að segja dálítið af sjálfum mjer og byrja jeg á því að segja að veðrið hefur verið mjer gott, dæmalaust inndæli gott, svo hef jeg allt af verið frískur, nema hvað jeg einn morgun hafði dálítinn höfuðverk, sem kom ekki af góðu. Svo hef jeg verið í fjarska mörgum kveldboðum. Það var allt af verið í þeim, svo að jeg var orðinn stórleiður á þeim, einkum af því að menn eru fram undir kl. 2 á nóttunni. Þú lærir að þekkja þetta að ári. Mjer þykir ekki mikið gaman af boðum og er það ekki lítill ókostur. Svo er jeg eins og þú, að mjer þykir ekki gaman að spilum. Mjer þykir mjög gaman að koma á bak Hjeðni. Á morgun ríð jeg líklega á honum fram að Hrafnagili. Það er klukkutíma ferð þangað. Jeg er nú orðinn heldur syfjaður og ætla jeg nú að kveðja þig í kveld elsku hjartað mitt. Pósturinn fer á morgun, en jeg get skrifað örfáar línur til að kveðja þig. Sofðu vel núna elskaða unnusta og fyrirgefðu þínum syfjaða kærasta allt ruglið. --

28. febrúar.

Elskulega unnusta mín góðan daginn. Nú er kominn morgunn. Jeg er búinn að búa um öll mín brjef og frímerkja þau og á nú ekki annað eptir en kveðja kærustuna mína. Ef jeg gæti náð í þig, þá skyldi jeg bjóða þjer til sætis hjá mjer hérna á kontornum. Hann er gegnumgangsherbergi með 3 hurðum sem engar falla, og þess vegna er hitinn áleitinn með að fara út, þegar kalt er úti. Það er eins og þá bræðurna langi svo mikið til að finnast, en ef þeir eru jafnsterkir þá deyja þeir í faðmlögum. Það gengur svona. Jeg get ekki haldið hitanum inni, þó jeg vilji, og jeg get valla rekið fyllikallana út, því að þeir vilja sitja sem fastast. Það koma hingað inn ólukkans fyllikallar blindfullir; þeir hafa verið að óska mjer til lukku, en þegar jeg er búinn að hafa sama kallinn 3 sinnum hvað eptir annað, þá fer mjer nú að verða nóg boðið, og þegar þeir segja: sælir þá segi jeg: út. En hvað er jeg nú að rugla, elskan mín; jeg skyldi nú hætta öllu talinu, ef þú værir hingað komin, með því að gefa þjer svo sem þrjá kossa, en í þessu bili kom maður, að finna mig uppá lán, svo að jeg hefi orðið að flýta mjer.

Veðrið er gott í dag, svo að jeg skrepp fram að Hrafnagili með lækninum.

Elskan mín jeg held jeg hætti nú og kveðji þig með mörgum kossum. Nú er liðinn helmingur af tímanum frá því við sáumst síðast og þangað til jeg kem með Thyru og sje þig, að jeg vona, heila heilsu og kyssi þig marga kossa.

Nú er pósturinn að fara vertu blessuð og sæl elskan mín og líði þjer ætíð sem best. Heilsa móður þinni og systkinum. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvellir 27.2.1895.

Ræðir væntanl. fæðingu og flókna stöðu skólans og umræður. Segir frá áætlun Páls um byggingu og búsetu er hann flytur. Ræðir lán frá Páli o.fl. fjármál sín og slæma heilsu Sæmundar, væntanl. mágs síns. Ræðir sjúkleika Elínar Hafstein frænku sinnar. Segir frá leiksýningum í Eyjaf.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavík, March 1st 1895.

Ræðir breytingar á Lærða skólanum og mögul. HB á að fá starf. Lýsir heilsu sinni og væntanl. fæðingu. Segir af leiksýn. Thorvaldsensfél. Tókst vel, hefur hún ekki séð betri leik á Ísl. Ragnheiður Hafstein stórgóð í aðalkarlhlutv. Segir frá heimsóknum tengdafólks, sem bjó hjá henni.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvellir 16.3.1895.

Gleðst yfir þroska fóstursins. Vonandi verður barnið heilbrigt, þótt for. séu það ekki. Nú er SB með rauða hunda. Segir af leiksýningum á Ak. Ræðir langa ferð Eggerts bróður hans til Seyðisfj. Eggert kemur til bræðra sinna á leiðinni. HB ætlar að vera hjá Páli um páska. Hefur ekki skrifað, ekki fengið styrk vegna íslenskubókar. Telur þörf á kennslub. í dönsku. Nú hefur Hjaltalín fengið leyfi til utanf. Þá fellur hans starf á HB, ísl., enska, ísl.saga. Stefán fær eftirlitshlutverkið. Þá hefur Hjaltalín samþ. að HB geti farið suður áður en skóla lýkur.

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgadóttur. Akureyri. 22.3.1895.

-- Jeg þakka þjer hjartanlega þitt elskulega brjef með póstinum síðast. Jeg hef haft talsvert að gjöra síðan jeg skrifaði þjer seinast. Fyrst og fremst við embættið og það er einmitt mest að starfa við það um þessar mundir, og svo tók jeg mig til að búa til efnisregistur yfir öll stjórnartíðindin (20 árganga). Mjer þótti leitt að geta eigi verið fljótur að finna alla landshöfðingja úrskurði og ráðgjafabrjef sem viðkomu málum, er voru samskonar eða lík þeim, er jeg þyrfti að fjalla um, svo jeg tók þetta fyrir og hef verið vakinn og sofinn í þessu og ekki einu sinni gefið mjer tíma til að skrifa elskuðu stúlkunni minni einn seðil. Nú er þetta búið og þá veit jeg nú hvað kemur á eftir; ógurlegt letikast, sem stendur yfir nokkurn tíma, þangað til jeg tek eitthvað annað fyrir; þessi letiköst eru mínir leiðinlegustu tímar og jeg hef enn þá ekki fundið neitt meðal við þeim, en þegar jeg get erfiðað í því, sem mjer þykir interessant að fást við, þá er ekki margt að. Þá hugsa jeg ekki um annað nema unnustuna mína af og til. Hún er nú líka í ramma á borðinu og svo hef (ég) aðra mynd af henni sem jeg ber við brjóstið. Nú eru ekki nema liðugir 2 mánuðir þangað til við sjámust. Það er þó loksins farið að líða á veturinn. Vorið kom í fyrradag, en það var sannarlega ekki vorlegt. Því að einmitt með því kom snjórinn. Síðan um nýjár hefur verið svo inndælt veður, sem framast má verða að vetri til, en í fyrradag kom snjórinn og í dag er talsverð fannkoma svo að það er kominn töluverður snjór á göturnar. Þó er hann ekki meiri en svo að drengur, sem var úti á götunni í þessu, þurfti að skríða á hnjánum veslingur til þess að geta snjóað sig ærlega út. Jeg held að jeg hefði ekki viljað leika það eptir, en drengurinn var verulega lukkulegur yfir að geta sopið dálitlar kveljur í fönninni.

Jeg ætlaði í dag út á Oddeyri, til þess að semja við Snorra Jónsson smið um húsasmíðið. En jeg var svo langt frá að hafa tilhneygingu drengsins, að jeg hef hvergi farið, heldur haldið mjer stöðugt inni, eins og mús í holu, sem er hrædd um að kötturinn taki sig ef hún vogi sjer út.

Það er nú orðið afgjört að Snorri byggir fyrir mig á næsta sumri eptir teikningunni, sem jeg sendi þjer seinna í vetur. Mjer þótti harla vænt um að þjer geðjaðist að henni, en þar var þó líklega að eins gólfið, en ekki loptið. - Jeg var í seinasta brjefi að hæla mjer svo mikið fyrir vit á húsasmíðum og tilhögun á herbergjaskipan að jeg held að þjer hafi eigi litist á grobbið; húsið verður 23 álnir á lengd og 14 á breidd með skúr við stafninn 14 álna breiðan og 9 álnir á lengd með skilrúmum og kjallara undir öllu húsi og kvisti og kostar allt innrjettað 8000-8500 kr. og það finnst mjer ekki dýrt. Mjer finnst að við getum fengið svo stórt hús. Skemmtilegasta stofan verður kvisturinn, en þar á líka eptir minni tilætlun að vera svefnherbergið, því að jeg hef lesið það í fjarska mörgum bókum, að menn eigi að taka besta herbergið í húsinu fyrir svefnherbergi. Ert þú ekki ásátt með það? Þetta verður þó myndarlegra en Hauskens (eða kaskans) hús, sem jeg var að leigja um daginn, eins og jeg skrifaði þjer seinast. Þó að það sje lítið, þá er jeg samt viss um að það er skárra en hjallurinn sem jeg er í þennan vetur. Síðan fór að lengja daginn, hef ég farið að fara fyr á fætur kl. 6-7, og þá þykir mér verstur gólfkuldinn. Mjer er mjög illa við þann gest, því að þá kemur fylginautur hans fótakuldinn og setur aumingja blóðið út af konceptunum. Því er eingum eins illa við kulda eins og mjer, það vill ekki finna hann niðrí fótunum, heldur fer að henda sjer upp í höfuð og dansa þar af ergelsi. Jeg varð svo reiður við fótakuldann í fyrradag, jeg sókti snjó í vaskafatinu og kaffærði fótakuldann í því; fæturnir urðu að líða með kuldaskömminni, og þegar jeg svo var búinn að hafa snjóinn nokkra stund og hjelt að nú væri nóg komið, þá hætti jeg og fór aptur í sokkana, og varð glaður við að jeg gat með þessu rekið kuldann burt og komið blóðinu aptur í venjulegar stellingar.

Þú hefur ekkert skrifað mjer um það, hvort hjartslátturinn er nokkuð betri. Jeg las nýlega bók eptir presti, sem heitir Kneipp (?), sem telur upp mörg tilfelli af hjartslætti, sem hann hafi læknað. Hann byrjaði vanalega á því

að spyrja: Viltu láta lækna þig? Já. Þykir þjer hjartslátturinn nokkuð leiðinlegur. Já. Viltu þá hlýða mjer alveg. Já. Jæja farðu þá úr sokkunum, taktu hrífuna þarna og farðu til stúlknanna og rakaðu með þeim þangað til í kveld. Var þetta ekki nokkuð dónalegur karl, að láta aumingja sjúklinginn vera allan daginn berfættan að raka út á engi? En sleppum nú þessu spaugi.

Jeg kem vonandi suður 8. júní; (skipið kemur á rjettum tíma vonar maður). Svo vil jeg helst gipta mig sem allra fyrst t.a.m. þann 13. júní og ríða svo undir eins austur. Jeg þarf að vera þar að minnsta kosti 6 daga, svo að ekki veitir af, ef til ferðarinnar ganga frá einir 12 dagar. Það veitir valla af dögunum seinustu í Reykjavík. Það veitir valla af að að við komum aptur til Reykjavíkur 24. júní.

Þú skrifar mjer, að þú viljir helst óska að sjera Skúli eða sjera Ólafur bróðir þinn giptu. Þetta skaltu hafa eins og þjer sýnist best. Þú skalt líka hafa það eins og þú vilt með lýsinguna. Mjer skildist á þjer í brjefi í vetur, að þú vildir hafa allt eins og vananlega, og þá þurfti ekki að kaupa leyfisbrjef, en ef þjer sýnist það betra, þá skal jeg strax kaupa það. Yfirhöfuð skalt þú og móðir þín haga öllu eins og þið viljið helst. Jeg á allra mesta sæg af frændfólki og er nú best að nefna það sem jeg vil óska:

Eiríkur með dóttur og syni		3
Gunnlaugur með konu og syni		3
Eggert Claessen og systir hans		2
Eggert bróðir minn		1
Halldór með konu		2
Elín með manni		2
Sigríður systir		1
Kristinn litli, Guðmundur á Auðnum með konu og dóttur		4
	Samt.	18

Hvernig líst þjer á? Þetta er nú líklega allt of margt. Jeg sje ekki til neins að bjóða Sigurði bróður mínum, nema ef hann kemur um leið og jeg kem, og því síður Ólafi, Vilhjálmi og Jóhönnu.

23. mars.

Góðan daginn, elskan mín. Jeg hætti við í gærkveldi að skrifa þjer, því að austanpósturinn kom og jeg fór að lesa brjefin, sem voru harla ómerkileg. Í morgun fór jeg á fætur kl. 5½, og þegar jeg var að klæða mig kom Valgerður (sem er ílagningarkona) inn í gættina: "Hvað er klukkan", segir hún með svefninn í augunum. "Hún er langt gengin í sex". "Hún er þá rjett klukkan hjá mjer" og út fór hún að leggja í og við það var hún að enda, þegar jeg kom fram í hundkaldan kontorinn. Það var nú ekki að tala um að setjast við að skrifa, svo að jeg tók eitt bindi af "Naturen og Mennesket" og las fyrst ritgjörð um Niagara, sem sýnir og sannar að það er ekki eins gamalt og Homer, því næst las jeg ritgjörð um dauðann, um ánamaðka, um grösin og svo var jeg byrjaður að lesa um skynsemi dýranna, en þá var klukkan orðin átta svo að jeg fór yfir til doktorsins, Thea gaf mjer brennheitt kaffi og sagði, að það kæmi bráðlega aptur gott veður. Á bakaleiðinni hitti jeg gamla Jón Borgfjörð, sem þreif af sjer vettlinginn og rjetti mjer kalda höndina og sagði: "*Svona ætlar hann að hafa það. Nú eru vorharðindin byrjuð. Þetta stendur fram á sumar*". "*Það batnar um páskana*", sagði jeg og fór inn á kontór, sem nú er orðinn funheitur; og settist niður að skrifa þetta rugl.

Jeg ætlaði nú annars ekki að skrifa þetta, heldur endutaka það, að um veisluna held jeg, að jeg hafi ekkert meira að segja, en ef mig skyldi langa að bjóða einhverjum til þá verður hann í Reykjavík og nógur tími til að bjóða þegar jeg er kominn með skipinu. Þjer hefur kannske þótt oflítið það, sem jeg skrifaði um kaupin á meublunum, en jeg veit eigi vel um hvaðeina, sem þú pantaðir, en það sem jeg vissi um sýndist mjer allt fjarska skynsamlegt. Það, sem jeg var að segja um eldhúsgögnin á Árbæ, getur vel verið eitthvað bogið, en mjer finnst best að við skoðum það á Árbæ, þegar við förum austur og sjá hvað dugir af því;

Þú ert nú búin að skoða húsið samkvæmt teikningunni, sem við búum í næsta ár. Það er nokkuð lítið, og jeg er viss um að það tekur eigi helminginn af því, sem maður þarf að hafa, en þá fáum við það geymt einhversstaðar framundir haustið, en þá vona jeg að hægt verði að fara að geyma í nýja húsinu, sem Snorri á að byggja. -

Þú segir, að þjer þyki það leiðinlegt, ef skyldfólk mitt vildi ekki hafa neitt með þig að gjöra. Þetta skaltu ekki ímynda þjer, en við erum svo öll systkinin, nema ef til vill Gunnlaugur, að við heimsækjum fjarska sjaldan. Það þarf að vera beint erindi. Svona er jeg, og jeg er alveg viss um að fólki þykir þetta við mig, en það verður að hafa það, að það reiðist - þá kem jeg aldrei. Við erum svona öll systkinin og Eggert bróðir minn þó líklega verstur með það. En biddu Eggert um að gjöra þjer einhverja þjenustu og vittu þá til hvort hann eigi gjörir það með gleði. --

Nú er komið kveld klukkan orðin hálf tólf, svo að þú ferð nú líklega að segja, en hvað hefur maðurinn verið að gjöra í allan dag. En það er nú saga að segja frá því. Fyrst kom maður að tefja mig. Svo fór jeg að borða, síðan fór jeg að hitta Snorra minn. Við hann var jeg að tala í 3 klukkutíma um húsið. Þegar pósturinn er farinn, þá förum við líklega að skrifa samninginn um húsið. En það þurfti úthald að vera hjá Snorra inni í ískaldri stássstofu. Sannast að segja hefði jeg heldur viljað tala við hann úti í hlýju hesthúsi eða fjósi, því að óvinur

minn, fótakuldi; var í stofunni og verkanir hans voru ekki horfnar fyrri en klukkan tíu í kveld, og ef jeg fer næst til Snorra í köldu veðri þá skal jeg bæði vera í tvennum sokkum og reiðsokkum utanyfir. Svo fór jeg að skrifa brjef, sem jeg nauðsynlega þarf að ljúka við, og svo er jeg nú farinn að skrifa þjer elskan mín, en það verður ekki langt úr þessu. Það ætlar að ganga saman með okkur Snorra og skal jeg skrifa þjer betur um það með Thyru.

En hvað jeg er nú farinn að hlakka til vorsins. Elskan mín að taka þig í faðminn og gefa þjer einn koss og skilja svo ekki við þig nema rjett stuttan tíma í einu úr því. Jeg hef nú verið að hugsa um það, að það hefði vel gengið að giptast þjer í haust og fara með þig hingað, en líklega er það best eins og er. Með póstinum fjekk jeg brjef frá elskulega litla drengnum mínum. Hann er farinn að skrifa furðanlega. Honum þykir ekki verra að fara sjóveg. Hann segist miklu heldur vilja fara með gufuskipinu, en hann á það meira þjer að þakka en mjer, þó að jeg játi það, að það er miklu skynsamlegra, elskan mín. -

Þú hefur verið að sjá sjónleiki og skemmti þjer ekki neitt sjerlega vel. Hjer hafa líka verið leiknir sjónleikir og hef jeg skemmt mjer allvel á þeim. Seinasti leikurinn heitir: "Yfirdómarinn" eptir bónda, sem átti heima fram í Eyjafirði, en er dáinn fyrir nokkrum árum. Maðurinn er hræddur um konu sína sem hann elskar o.s.frv. Í leiknum eru hræðilegustu smekkleysur og sumt leikið báglega, en aptur er sumt mikið gott og leikið ágætleg. Jeg er alveg hissa á því, hvað sumir geta leikið vel og eru það tveir bændur fram í Eyjafirði og kona þar, sem leika best. Í gær var hjer samsöngur. Söngnum stýrði "tónfræðingur og söngmeistari", svo að þú getur nærri hvernig hann hefur verið. Jeg legg hjer innan í: Prógram".

Nú held jeg að jeg fari að hætta þessu rugli.

Vertu blessuð og sæl elsku hjartað mitt. Heilsaðu móður þinni og systkinum kærlega og mágkonu þinni og mágkonu minni Susie. Ef þú skrifar austur að Odda, þá langar mig til að biðja þig að skila þangað að jeg skrifi sjera Skúla með Thyru.

Nú er klukkan ¼ gengin til eitt og nú ertu sofnuð hjartans ástin mín. Jeg geng því hljóðlega að rúmi þínu, beygi mig ofurhægt niður að þjer og þrýsti einum kossi á vanga þinn, óska þjer góða nótt og góðra drauma.

Vertu sæl elsku hjartað mitt, líði þjer ætíð sem best. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 24.3.1895.

Segir af leiksýningum, tónleikum og fyrirlestri sr. Matth. Ræðir leik SB í Thorvaldsensfél. Fór til Ak. og hitti Pál sem var glaður og kátur eins og venjul. Sama ástand í samsk. milli húsanna á M. Nú nálgast fæðingin og vonar hann að S.B. kalli á ljósmóður og Guðmund lækni.--

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 26.3.1895.

Segir hvernig muni vera f. H.E.B. að hafa Pál á Ak. og geta átt samtöl í trúnaði við einhvern.

Segir líka af Kristjönu Havstein og Elínu systur hans í S.Frakklandi, fréttir um harðan vetur þar.

Ræðir fæðinguna. Á von á að það verði dóttir úr því að fyrra barn var sonur. Biður hann um að taka henni jafn vel.[1]

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgadóttur. Akureyri 1.4.1895.

-- Það hefur verið ljóta veðrið síðan jeg skrifaði þjer síðast. Dagana á eptir var blindhríð og það kom svo mikill snjór hjer á götunum að það þurfti að hafa nokkra daga til að moka göturnar, sumstaðar var grafið í gegnum mannhæðar háa skafla og við stofuna á Stephensenshúsinu, sem er áframhald af húsinu sem jeg er í, grófu krakkarnir sjer snjóhús inn í skaflinn. Það eru yfir 20 ár síðan jeg hef sjeð svona snjó. Í hríðinni kom ís hjer inn á fjörðinn. Jeg reið Hjeðni í gær út með firðinum til að skoða jaka, sem voru reknir. Þeim hjer þóttu þeir ekki mikið, en sumir voru þó, þar sem þeir voru strandaðir í fjörunni, seiling mín á hestbaki. Þeir voru mjög skrítnir í laginu, sumir voru eins og stórfelldar álptir, sumir eru eins og risaleg hönd með útspenntum greipum, sumir eins og skip, og þessvegna er það að menn halda að kaupskipin sjeu að koma, þegar fyrstu jakarnir eru að koma. - Þú sjerð ísinn líklega einhvern tíma; grænlenski ísinn þekkist fljótt, þó ekki sje á öðru en stærðinni og litnum. Þegar jeg var í Rangárvallasýslu reið jeg einu sinni upp að Eyjafjallajökli, þar sem Jökulsá kemur undan honum. Það sem mjer þótti einkennilegast var ljósblái liturinn, sem var á skriðjöklinum, og þegar jeg var að skoða jakana í gær, þá var sami ljósblágrái liturinn á þeim, sem ekki er á neinum öðrum ís en hafís og jökulís. -

Síðan jeg skrifaði þjer seinast, hef jeg lesið enskan róman, sem var bæði vitlaus og skemmtilegur, svo hef jeg klárað teikningarnar af húsinu og skrifað samning við Snorra Jónsson að byggja húsið handa okkur fyrir 8000

[1] *Sonurinn Valdimar Sigurður fæddist 16. maí.*

kr. án ofna og vona jeg að ekki sje neitt annað eptir af þessu en skrifa undir og verð jeg feginn, því að þá er það búið. Jeg hef þurft að hugsa svo mikið um þessa húsagjörð, að jeg verð að telja það margra daga verk.

Nú eru dómarnir strax farnir að koma, og flestir álíta að ekki sje hægt að fá húsið billegra og að Snorri hafi ekki mikið upp úr því, en jeg hef lagt það mikið vel niður og álít að jeg getir reyndar látið búa það til fyrir minna, en það kostar mikinn tíma og áhyggjur, sem jeg vil helst vera laus við. - Snorri er farinn að smíða gluggana, svo að þú sjerð að öllu miðar áfram. - Nú á pósturinn að fara frá Stað, svo jeg fer nú að hlakka til að fá brjef frá þjer. Vertu blessuð og sæl, hjartans ástin mín; í kveld skrifa jeg ekki meira, en fer líklega að lesa og sofa. --

2. apríl.

Elskulega unnusta mín. Nú er liðinn einn dagur síðan jeg skrifaði þjer. Jeg hef skrifað landshöfðingjanum heillangt brjef um vegina hjer Norðanlands, en annars hefur fátt merkilegt komið fyrir, nema að ísinn er að koma. Jeg fer eins og margt gott fólk að tala um veðrið; í morgun þegar jeg fór á fætur var inndælt veður; sunnan andvari og þýða. Jeg hitti mann á götunni og spurði hann hvernig líst yður á veðrið. “Illa” sagði hann “, “ísinn er að koma”. Jeg var eigi sjerlega trúaður á þetta. En eptir klukkutíma var komin norðanhríð. Svo birti upp með steytings norðanvindi og nístingskulda, svo að jeg fór ekkert út. En um klukkan 5 fór ísinn að koma hjer inn á Pollinn í stórum flekum og það má búast við að Pollurinn verði orðinn fullur í fyrramálið. Maður sem kom utan af Látraströnd (það er langt út með Eyjafirði) sagðist hafa farið uppá fjall og hvergi sjeð út yfir hann hvorki austur eða vestur, en hann hefði verið gisinn. Nú getur verið að Thyra komist ekki hingað og engin skip, og ef ísinn er á Húnaflóa verðum við ef til vill neydd til að fara landveg norður. Hvernig líst þjer á? Þegar þú færð þennan miða, þá verður allur ís ef til vill farinn, svo að maður sleppur með hræðsluna.

Þegar ísinn var að koma í morgun og dag, var þoka og hríð, en nú þegar hann er kominn, þá er orðið heiðskýrt, en í norðrinu er það sem Rangæingar myndu kalla bliku.

Niður við sjóndeildarhringinn er loptið óskýrt með hvítbleik gráljósblá violettum lit. Ef þú getur ímyndað þjer litinn á loptinu eptir þessu, þá ættir þú skilið að fá verðlaun, en þegar þú ert sest hjer að, þá færð þú því miður, að sjá þennan lit á loptinu einhvern tíma.

Það er verið að leika Tímaleysingjann og “Hann drekkur”, en fólkið er orðið þreytt á leikjum og vill lítið kaupa sig inn. Svo var verið að halda uppboð á rusli í Gránufélagsbúð og náttúrlega veitt brennivín með, eins og hjer er siður, og sem þykir borga sig vel. Einn bóndinn var vel hýr og keypti sjer meðal annars 18 hvíta kraga og þareptir af flibbum og höttum o.s.frv. Nú hætti jeg við þetta ísabrjef og kveð þig með ástarkossi. Vertu sæl.

5. apríl.

Nú er kominn sunnudagsmorgunn, en ekki er Laura komin, svo að jeg er farinn að verða smeikur um að þetta brjef komi ekki til þín í bráðina. Á morgun á pósturinn að koma og hlakka jeg til að fá brjef frá þjer.

Nú er samningurinn við Snorra Jónsson loksins undirskrifaður. Jeg er búinn að skuldbinda mig til að borga honum 8000 kr. á næsta sumri og ári og hann búinn að skuldbinda sig til að láta okkur hafa hús. Jeg ímynda mjer að þjer þyki gaman að því að athuga hvernig húsið muni vera og sendi jeg þjer því teikningu af húsinu, eins og það á að vera, en þú verður að fyrirgefa, þó að hún sje næsta óhrein og svo vantar líka að sýna, hvernig verður kringum húsið, það er sumpart ónákvæmt og sumpart eigi alveg rjett. En þegar jeg kem suður, þá get jeg sagt þjer það allt nákvæmlega um þetta. Jeg hafði vaðið fyrir neðan mig með það, að ef þjer mislíkar eitthvað í innrjettingunni mjög mikið þá máttu breyta til. Útsýnið verður mjög fallegt, og jeg held að húsið sjálft verði líka rúmgott og skemmtilegt. - Þegar allt er komið í lag, þá kostar húsið með grunni 9000 kr. Jeg held að það sje eigi hægt að fá hús ódýrara, Að minnsta kosti held jeg að hús í Reykjavík kosti talsvert meira, - Jeg læt svo úttalað um þetta. -

Jeg reið í gær inn Eyjafjarðará á Hjeðni; hann langaði mikið til að hlaupa. Ef maður ekkert æsir hann, þá er hann mikið stilltur, og þess vegna vona jeg að þið getið komið ykkur saman. Hann langaði til að vera á undan öðrum og svo er honum illa við, ef hann má ekki fara sprettinn þegar hann er kominn á hann.

Ísinn á Pollinum er orðinn svo sterkur, að menn eru farnir að veiða á dorg. Í vetur hefur alltaf verið afli og alltaf nýr fiskur. - Það var hjer í haust skip, sem veiddi síld og fjekk 200 kr. sekt, því að það var norskt og hafði ekki rjett til að veiða. Svo fór skipið með 3000 tunnur af síld, og hafði 50 þús. krónur upp úr þessu á móts við það, ef það hefði ekki fengið neitt. Svona má fá mikið upp úr síldinni hjer, ef vel vill til.

Vertu nú sæl elskaða unnusta mín. Nú er ekki nema liðugir 2 mánuðir þangað til við sjáumst. --

*Sama dag.*Ég fór út að ríða í dag um kl. 2 og ljet Hjeðin renna eins og hann gat. Jeg var svo sem ¾ klukkutíma í burtu, en þegar jeg kom aptur var póstur kominn og hafði flýtt sjer stórum. Jeg var ekki lengi að ná í brjefið þitt; ef þú værir komin, þá skyldi jeg kyssa þig í heilan klukkutíma, en auð(vitað) tala svolítið á milli. - það var alveg satt, jeg hafði mikið að gjöra þegar fyrri pósturinn fór, og það gjörði húsmálið, sem jeg til allrar lukku er búinn að semja um við Snorra, en af þessu að jeg hef tafið mig, svo á þessu, þá ætla jeg í sumar og vetur að

biðja elsku litlu konuna mína að taka sinn part af byrðinni með því að líta eptir hvernig samningurinn verður uppfylltur, og það máttu vera viss um, að þín byrði verður ekki minni en mín.

Elskan mín. En hvað jeg hlakka til að sjá þig og eiga svo að vera með þjer úr því. Elsku hjartað mitt. Það er nokkuð gaman að hugsa til þess, þegar við verðum bæði komin í litla húsið á Oddeyri. Það var ekki um annað hús að velja og mátti maður verða feginn, því að annar var farinn að fala það eptir því sem hann gat. - Jeg hjelt ekki að þú hefðir keypt neitt óþarft eða of mikið af meublum en í þessu Oddeyrarhúsi verður ómögulegt að koma fyrir nema sumu af því sem jeg skrifaði upp. Jeg held maður megi til að hafa borðstofuna upp á kvistinum og bæði herbergi að vestan fyrir daglegu stofu. En hvernig sem þetta verður, þá veit jeg að elskulega konan mín kemur öllu í húsinu eins vel fyrir eins og hægt er.

Ef jeg á að koma einhverju fyrir, þá er jeg vanalega óttalega lengi að slíku, en þegar svo er búið að koma einhverju fyrir, þá er jeg lítið hneygður fyrir breytingarnar. Ef breytt er, þá finnst mjer eins og jeg eigi þar ekki heima. Þó að jeg hafi ávallt verið á þeim mesta flækingi bæði inanlands og utan í mörg herrans ár, þá vildi jeg samt helst allt af lifa á sama stað. - Þú trúir þessu líklega ekki, en það er samt alveg satt, en þessvegna held jeg líka að mikið vatn þurfi að renna í sjóinn áður en jeg fer hjeðan.

En gott og vel. Jeg er búinn að lofa Elínu systur minni brúðargjöf. Það er kýr, sem er að Árbæ og heitir Búbót. Þessi gjöf er bæði falleg, nytsöm og svo er jeg líka sannfærður um, að enginn gefur henni samskonar gjöf. Jeg læt sitja við þetta að sinni, en Elín systir mín hefur verið mjer dæmalaust góð systir, og vildi jeg feginn geta gefið henni seinna einhvern minningargrip.

En svo jeg nú tali um annað, þá skrifaði jeg þjer víst síðast, að mjer væri kært, að við hefðum brúðkaupið okkar sem fyrst að hægt er og færum svo af stað austur svo fljótt þar á eptir sem verður. Jeg hef nefnilega ýmislegt að gjöra fyrir austan og það yrði æði slæmt að koma ef til vill ekki þaðan aptur fyrri en 2-3 dögum áður en skipið fer tilbaka. Það væri best að geta komist af stað frá Reykjavík austur 14-16 júní. Jeg bið þig að gjöra svo vel að skrifa Þórði Sigurðsyni ráðsmanni mínum, hvenær hann ætti að vera kominn með hestana suður, og svo væri líka held jeg ekki illa til fallið að hann væri í veislu okkar. Hann er alveg eins góður og alþingismenn og betri en sumir þeirra. Það segi jeg satt.

Þú berð það upp á mig, að mjer þyki myndin þín illileg; ósköp er að heyra þetta. Jeg er aldeilis hissa að þú skulir segja þetta. Myndin þín er nokkuð alvarleg. En jeg man ekki eptir þjer svoleiðis. Þetta var nú ekki langur tími í Reykjavík sem við vorum saman. En þegar þú komst á móti mjer fram í ganginn eða stofuna, þá varstu ekkert alvarleg. Þú varst brosleit svo blíð og ástúðleg, að ég geymi þá mynd í huga mínum meðan jeg lifi. Þegar jeg fer að láta taka mynd af mjer, þá má jeg til að vera alvarlegur; því að jeg ætla að gefa einhverjum kunningjum mínum af henni, nema jeg taki tvær og verði brosleitur á annarri myndinni, en setji á mig embættissvip frá síðustu aldamótum t.a.m. með því að hvessa augun, setja neðri vörina upp og dálítið fram, því ef hún fer ekkert fram lítur út einsog jeg muni vilja gjöra skeifu, svo veit jeg ekki hvað fleira ætti að vera, nema ef það kynni að vera að bíta á jaxlinn. - Þetta er annars ljóta slúðrið; jeg verð fljótlega að hætta við það. Eptir miðdagsverð gekk jeg út á Pollinn; jeg var að ganga í 5/4 kl. og sá Akureyri frá sjónum. Jeg komst nærri alveg yfir um í Þingeyjarsýslu. Þar hitti jeg menn á dorg sem ekkert voru búnir að veiða, þegar jeg kom heim, þá fór jeg að athuga mínar peningasakir og sá að Eggert bróðir minn myndi vera búinn að borga landfógeta 1200 kr. of mikið. Ergði jeg mig svo mikið út af því í 5 mínútur og sagði jafnvel svart. Svo fór jeg að skrifa þjer, því Thyra getur komið þá og þegar, en nú er líka orðið dimmt. Klukkan er nærri 8 og jeg fer að borða.

Vertu mörgum sinnum kysst hjartað mit, af þínum elskandi --

11. apríl 1985.

Elskan mín. Thyra kom í fyrra dag og síðan hef jeg varla haft tíma til að anda fyrir embættisstörfum og gestagangi, og þessvegna skrifa jeg nú ekki mikið, og á jeg þó ýmsislegt eptir ótalað við þig. Meublurnar eru komnar og fortepíanóið. Jeg sendi þjer eptirrit af reikningnum, sem Jón Vídalín sendi mjer, en borgun á honum bíður þangað til Jón Vídaálin kemur í júní til Reykjavíkur. Thyra fjekk 2 göt í ísnum og skemdist hjá henni talsvert af vörum, en til allrar lukku hafa eigi skemmst meublur okkar. Þetta er nú orðið víst, svo að það er nú ágætt. Jón Vídalín skrifar mjer, að fortepianóið hafi verið dýrar en þú tókst til, en þetta hafi verið langtum hljómbetra og því þykir mjer vænt um. Jeg ætla að setja upp hjer kontormeublurnar og hengilampann og skila Jonassen sínum meublum, sem hann var svo elskværdig að lána mjer. Hann tók þetta úr sinni eigin stofu, svo að hún var galtóm. Það var nokkuð fallega gjört.

Jeg þakka þjer kærlega fyrir allar útrjettingarnar hjá Andra. Bara að hann hafi ermarnar á fötum mínum nógu langar. Nú í mörg ár hafa ermar á fötum hans verið herfilega stuttar að minnsta kosti handa mjer. - Svo skal jeg nú fara að segja frjettirnar. - Þegar hjer var komið, þá kom Axel Tulinius, hann lofaði að bera þjer kveðju mína, og svo hafa komið fleiri, svo að jeg hef engan tíma, og enda því.

Vertu blessuð og sæl elskulega kærasta mín. Heilsaðu móður þinn kærlega systkinum og mágkonu. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 9.4.1895.

-- Páskafrí -- eftir páska verður lestrarfrí og próf í maíbyrjun. Lífið gengur vel hjá Jóhönnu og séra Einari og drengurinn þroskast vel. --

Þeir Páll ætla sér að fara til þeirra að Hálsi. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 11.4.1895.

Ræðir ferðir Páls, trúlofun Axels Tulinius, sýknun Skúla Thor. f. hæstarétti. Páll og HB undirbúa ferð að Hálsi. Fara fyrst að Varðgjá til að athuga færð á Vaðlaheiði.

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgadóttur. Akureyri. 18.4.1895

-- Nú færðu að eins fáar línur fram mjer, því að satt að segja er jeg hálflatur að skrifa núna, enda eru talsverð kvefumbrot í mjer, og ef þú værir komin og jeg legði hendurnar um háls þjer, þá er jeg nærri viss um, að þú myndir fyrirgefa mjer letina og jafnvel gefa mjer einn koss í tilbót, og þó að þú segðir ekki neitt, þá myndi jeg taka þetta eins og aflausn. Jeg iðrast annars gróflega mikið eptir einu. Gamli Jóhann Texel seldi syndakvittunarmiða fyrir ókomnum og óorðnum syndum, og eins hefði jeg átt að fá þig til að gjöra við mig, að gefa mjer svo sem 3 aflausnir fyrir pennaleti, en þó jeg hafi verið svona óforsjáll, þá vona jeg að þú gefir mjer samt koss, þegar jeg kem suður, eptir 7 vikur. Í haust þegar við skildum, þá áttum við að vera aðskilin í 7 mánuðu, en nú er þetta orðið að vikum. Fjarlægðin á milli okkar er þannig alltaf að styttast.

Nú kom kennarinn á Oddeyri kandidat Björn Bjarnason til að trufla mig. Jeg bauð honum vindil og svo fór hann. Á meðan er skrifari minn, að skrifa skipunarbrjef fyrir sáttanefndarmenn vestur í Skagafirði, sem jeg á að staðfesta með nafni mínu og innsigli, en Halldór bróðir minn situr við borðið á milli okkar og er að skrifa konu sinni og lætur urga í pennanum. Ekki gæti jeg haft það eins og hann, að hafa konuna svona langt í burtu. Hvað heldurðu að þú segðir til þess að giptast mjer í vor, en svo yrðir þú eptir og værir fyrir sunnan eins eptir sem áður?

Það kemur nú annars víst bráðum breyting á þessu fyrir Halldóri og Susie, því að skólinn á Möðruvöllum verður líklega annaðhvort fluttur til Reykjavíkur eða hingað og þá fer Halldór annaðhvort suður til konunnar eða hún kemur hingað til Akureyrar. Halldór hefur verið hjer síðan fyrir páska og finnst mjer, að hann vera nú eins og hann var í gamla daga, kátur og fjörugur. Á Möðruvöllum er æfi hans ekki sem best, því að frú Hjaltalín er ekki sem best. Hún gjörði Susie ómögulegt að vera á Möðruvöllum og nú er samlyndið svo við konu Stefáns kennara, að þó að þær sjáist daglega, þá heilsast þær aldrei og hafa ekki gjört í meira en ár. Jeg held að jeg sje annars farinn að slúðra.

Elskulega unnusta mín! Mikið hlakka jeg nú til að koma suður og svo að við verðum eins og einn maður, því að það er jeg svo alveg sannfærður um að okkar hjónaband verður, eins og það á að vera, því að þó að jeg sje ekki, eins og jeg á að vera, þá ert þú svo blíð og ástúðleg, að það bætir úr öllu. Þú getur valla trúa því hvað jeg er lukkulegur að eiga þig sem tilvonandi konu. Elskulega litla kærasta mín! Jeg vildi jeg væri nú kominn ofurlitla stund, til þess að segja þjer, hvað jeg elska þig, og ef jeg gæti náð í fjaðurham Freyju skyldi jeg ekki vera lengi að fljúga suður yfir fjöll og dali til litlu kærustunnar minnar. Nú get jeg bráðum farið að senda þjer mynd af mjer. Frú Schiöth er búin að fá efnin til þess, en hún er ekki búin að setja myndastofuna í stand enn þá.

Svo er nú að segja þjer frjettirnar. Snorri er farinn að gjöra við litla húsið, sem við eigum að búa í næstu ár; svo er jeg búinn að skoða nokkuð af meublunum og líka mjer þær sjerlega vel, það sem jeg hef skoðað af þeim; ef við höfum borðstofuna uppi á kvistinum, þá held jeg að við getum komið þeim öllum fyrir nema buffeten. Annars veit jeg að það verður mjög erfitt að koma fortepíanóinu inn. Jeg held nærri því að það þurfi að gjöra gat á húsið til þess.

Snorri er farinn að smíða til hússins okkar og svo er verið að höggva brunninn ofan í gegnum mjög harða móklöpp. Það eru tveir menn að höggva hana og þykir hún hörð, en ef hún ekki verður mjög þykk, þá þykir mjer heldur vænt um, því að þegar niður úr henni kemur, þá verður vatnið gott. Annars er lind fyrir norðan og ofan húsið og ef við viljum einhverntíma kosta til slíks, þá mætti leiða það um allt húsið og það jafnvel upp á epsta lopt, því að lindin er miklu hærri en húsið sjálft.

Sama daginn og Thyra fór um daginn; fórum við Halldór norður að Hálsi til Jóhönnu systur okkar; hún hefur þjáðst mikið af tannpínu í vetrur, en er nú búin að láta drag svo margar tennur úr sér að hún er orðin góð. Drengur hennar er líka orðinn frískur. Hann hefur verið veikur af kirtlaveiki í vetur en er nú líka hraustlegur.

Nú eru frjettirnar búnar og því fer jeg að binda enda á þetta. Jeg kyssi þig í huganum hundrað kossa.

Heilsaðu móður þinni og öllu þínu fólk.

Vertu sæl ástkæra unnusta mín. -- Ef þú sjerð Eggert bróður minn þá bið jeg þig að heilsa honum, því að jeg skrifa honum ekki. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 19.4.1895.

Segir frá dvöl sinni á Ak. Páll leggur stund á enskunám og þeir tala saman mest á ensku. Snorri trésmiður er að undirbúa grunn fyrir byggingu (Páls). Uppboð verður á Möðruv. 22.4. er Hjaltalínshjón selja bú sitt. Segist frú H. ekki munu koma aftur að Möðruv. Hér voru tónleikar á hótelinu, galli hvað karlm. sungu sterkt og gargansl. kvenraddir. Annars voru tónl. góðir. Ætlunin er að halda tombólu á Grund, í Kaupangssveit, Öxnadal og Ak. Á að safna fyrir brú eða fundarhúsi. Enginn virðist þó eiga peninga.

Stefanía Jónsdóttir skrifar Páli E. Briem. Árbæ í Holtum 21.4.1895.

-- Þá fer nú bráðum að styttast til krossmessunnar svo skemmtileg sem hún verður. Ég finn nú fyrst að ég hef aldrei kviðið fyrir umskiptum fyrr að neinu ráði; ég hef notið svo mikils góðs á yðar heimili og liðið svo vel á því, þrátt fyrir alla þá mæðu sem ég hef bakað mér sjálf, og þó það langerfiðasta sé afstaðið með Margréti mína, þá finnst mér samt að ég nú fyrst fyrir alvöru hafi áhyggju af framtíð hennar, því veglyndi yðar gerði mér mína mæðu svo léttbærar að ég varla hef haft af henni að segja að öðru leyti en samviskubitinu; já guð gæfi að ég hefði getað launað yður lítið eitt af yðar góðvild við mig með því að þjóna yður trúlega, en því miður hef ég verið svo ófullkomin til að standa vel í þeirri stöðu sem ég hef verið í; guð er mitt vitni að ég hef ætíð haft það hugfast, að því leyti sem mér hefur viðkomið, en að hinu leytinu að vera trú yfir því sem mér hefur verið trúað fyrir og eyða ekki í óhófi; og þó mér hafi sjálfsagt ekki tekist þetta, þá er það af ófullkomlegleika mínum en ekki af viljaleysi; ég bið yður því margfaldlega að fyrirgefa mér allt sem ég hef vanrækt og misbrotið.

Ég hef enn ekki sagt yður hvort ég fer í vor, en það er af því að ég hef ekki vitað það fyrr, en nú fyrir stuttan tíma; ég fer að Moldartungu til bræðranna, líklega í húsmennsku, en vinn samt heimilinu, minnsta kosti í vor og sumar, enda var það sem helst dró mig þangað að ég gat fengið vinnuna á heimilinu, því mér þótti erfiðara að vera hingað og þangað vegna Möggu; húsakynni í Moldartungu eru fremur léleg og kvíði ég því mest, því ég hef vanist heldur góðum húsakynnum síðan ég man eftir mér, en það tjáir ekki að tala um það.

Ég fór fram að Bjóluhjáleigu um daginn með Möggu mína, það var alltaf verið að bjóða okkur að koma; Guðrún í Bjóluh. er nú farin að hressast eftir sín veikindi, en undur er hún vesaldarleg ennþá; hún bað hjartanlega að heilsa yður með innilegu þakklæti fyrir sendinguna, n.l. peningana fyrir silunginn; ég hætti við að kaupa nokkuð fyrir þá, því hún var alltaf svoddan aumingi -- hún sagðist alltaf ætla að skrifa yður en aldrei haft kjark til þess.

Héðan er fátt og lítið að frétta; öllum líður bærilega og tíðin er -- Innivinnan er nú langt komin, enda er vinnutíminn á enda, því ef sama tíð verður, verður farið að vinna úti -- enda þarf ýmislegt að gera fyrir krossmessuna. --[1]

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Helgadóttur. Akureyri. 9.5.1895.

Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir þitt elskulega brjef frá 7.-22. apríl, sem kom með Thyru seinast, og segi jeg það nú fyrirfram, ástin mín, að þú mátt ekki búast við endurgjaldi, enda kem jeg nú sjálfur bráðum eptir þennan langa skilnaðar tíma. Nú er hálfur mánuður og fimm dagar, þangað til jeg fer af stað hjeðan og mánuður þangað til jeg sje þig. En hvað jeg hlakka til að fá að sjá þig, hjartað mitt, og svo til þess tíma þegar þú ert komin hingað og við farin að hafa okkar eigið hús. Í stað þess að sitja aleinn á kveldin, þá kemur litla konan mín inn, sest hjá mjer og gefur mjer ef til vill einn koss, sem jeg svo endurgeld á sama hátt. En það er nú ekki til neins að tala um þetta, jeg verð nú heldur að nota blaðið og pennann til þess að segja þjer frjettirnar.

Það er nú farið að byggja húsið okkar tilvonandi; Snorri Jónsson er farinn að láta grafa grunninn og gjöra við hann; hann hefur tekið upp heljar steina, velt sumum niður brekku ofan að húsastæði, en sumir hafa farið fram af og ofan í sjó og hefur Snorra þótt það slæmt. Brunnurinn var grafinn 7 álnir niður, en þá kom sljett blágrýtisklöpp undir og verður brunnurinn þessvegna mjög ótryggur, en jeg vona að það verði þó engin vandræði með vatnið.

Þjer þykir ljótt að hafa kjallaradyrnar framan á húsinu, en það er valla hægt að hafa þær öðruvísi og allra síst svo, að þær verði eins þægilegar, af því að húsið stendur í töluverðum halla.

Nú er búið að gjöra við út á Oddeyri (dúkkuhúsið) og ætla jeg að flytja í það á morgun, ef veður leyfir, svo ætla jeg að flytja þangað meublurnar, eptir því sem þær komast fyrir. Jeg læt rífa gat á húsið til þess að koma fortepíanóinu inn. Buffeten kemst ekki fyrir og líklega ekki Chaiselongen, en annað kemst fyrir með troðningi og með því móti að taka kvistinn fyrir borðstofu sem þjer þykir víst mjög slæmt. Jeg tek meublurnar upp á morgun og skal segja þjer, hvernig þær eru í brjefi með póstinum, en eptir því sem jeg hef litið á eru þær sjerlega góðar eptir verði. Hjer á Akureyri er mjög mikið kapp í mönnum með að hafa alla hluti besta hjá sjer. Stephensen fjekk sjer stóla sem kostuðu hver 25 krónur, og þegar jeg segi lænestólarnir kostuðu þetta eða þetta

[1] *Bréfritari mun hafa verið hjá Páli er hann var í Árbæ. Nú hafði Magnús Torfason tekið bið, væntanlega keypt jörðina. Ýmislegt gekk á milli þeirra sýslumanna, jafnvel hafa orðið málaferli, eins og óljósa hugmynd má fá um í þessu bréfasafni*

í Kaupmannahöfn, þá er að svara en mitt kostaði meira. Jeg er nú svo óvanur þessu, að jeg get ekki skilið þess konar. Klukkan er farin að ganga tólf. Jeg er orðinn hálfsyfjaður og fer að hátta. Vertu blessuð og sæl elskan mín og dreymi þig alla fagra hluti. Þinn elskandi --

10. maí ´95. Jeg er að flytja. Engan tíma. Skrifa með pósti. Þinn --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Helgadóttur. Akureyri 12.5.1895.

-- Jeg endaði brjefið mitt um daginn í nokkuð miklu flaustri. Jeg átti ekki vísa neina ferð, en svo sá jeg Hjaltalínshjónin mitt í mestu flutningsönnum. Allt var niður í koffortum, loks fann jeg blekið, en kassinn með pennastönginni fannst ekki, því að hann var einhvern staðar niðri, Jeg batt því penna á blýant og ætlaði að fara að bæta við, þá kom Hjaltalín með pískinn og jeg varð að fara að skrifa utaná.

Jeg er nú loksins kominn í lag. *Meublurnar* eru komnar á sinn stað, lampinn hengdur upp, skrifborðið þitt í horninu og fortepíanóið í innra herberginu. Það var nú þrautin þyngri að koma því. Fyrst hingað að húsinu og svo inn. Það voru við þetta 10 menn. Snorri Jónsson reif gat á skúrinn á bak við og svo komst það rjett inn.

Fortepíanóið og *meublurnar* allar eru úr hnottré og mjög fínt og fallegt. Læknirinn og kona hans voru hjerna áðan og vildu fá að sjá, og leist þeim vel á. Annars á jeg ekkert með að vera að sýna þetta fyrri en þú kemur, en það gengur nú svona. Jeg sje það, að ef við höfum rúmföt að sunnan uppi við, þá getum við strax verið hjer fyrstu nóttina, því að allt verður til. Svo ætla jeg að biðja Júlíus að kaupa egg, smjör, harðan fisk og lamb, til þess að við getum strax farið að búa þegar við komum. Ef þú verður eigi svo mjög þreytt, þá spilar þú eitt lag á hljóðfærið, áður en dagurinn er úti.

Þetta verður nú vonandi síðasta brjefið sem jeg skrifa þjer meðan við erum trúlofuð og þá hefði jeg nú sannarlega komið til að binda enda á loforðið með myndina, en það fór nú eigi vel með hana. Jeg er búinn að sitja þrisvar fyrir, og það hefur stöðugt misheppnast að frú Schiöth segir, þangað til í dag, en svo er veðrið svo þokusamt að hún sagðist ómögulega geta látið mynd, áður pósturinn fer. Þú mátt nú samt til að fyrirgefa mjer þennan slóðaskap, því að með Thyru færðu bæði myndina og mig sjálfan, og þegar jeg kem þá skal jeg biðja þig dæmalaust vel að fyrirgefa mjer. - Nú er farið að lýsa með okkur, eða að minnsta kosti verður það, áður en þetta brjef kemur til þín. Þú verður önnum kafin í alls konar störfum. Jeg var í fæðingardagsgildi hjá Stephensen í dag og nú er jeg boðinn til konsul Havsteen í kveld svo að það er enginn tími til að bæta meiru við. Vertu blessuð og sæl, ástin mín og sendi jeg þjer marga kossa. Þinn elskandi --

13. maí.

Jeg var að kaupa 15 álnir af 12 aura sirtsi í gardínur fyrir 4 glugga, svo að sólin eigi skemmdi betrekkið á stofuhúsgögnunum og svo negldi jeg þær með kambasaum því að jeg treysti mjer ekki til að næla þær upp með títuprjónum. Þessar gardínur verða nú að vera þangað til jeg og þú komum saman að sunnan.

Frá Vídalín fjekk jeg ekkert nema það sem var á reikningseftirritinu, sem jeg sendi þjer og því heldur ekki kassar með leirtaui; Jeg sá ekki til neins að skrifa Vídalín um þetta; því að hann var kominn suður til Wiesbaden, en ef þetta ekki kemur með Thyru næst, þá verður Vídalín kominn um 13. júní og verður að gjöra grein fyrir gjörðum sínum. Annars er eitt sem Vídalín átti ekki að gjöra; hann átti ekki að senda mjer reikningana yfir meublurnar, sem móðir þín gefur okkur; það er allt af verið að spyrja mig hvað kostaði þetta, hvað kostaði þetta og jeg var það barn að fara að segja hvaða verð væri á því NB við mína góðu vini fyrst, en jeg tók það ekki í höfuðið að segja: þið skuluð spyrja hana tengdamóður mína um það. Þetta þótti mjer nú harla leiðinlegt, en það er seint að hugsa út í þetta eptir á. Mjer þykir ekki fjarska skemmtilegt allt sem talað er við mig hjer á Akureyri. Að tala um veðrið þykir mjer reyndar alltaf nokkuð gaman, en þó ekki nema svo sem þrisvar sinnum á dag; jeg kann ekki við að tala um það optar en jeg borða.

Það gjörir ekkert til með ráðsmanninn minn þó að hann sje ekki í veislunni. Jeg bara stakk upp á þessu. --

Jeg fór að hátta kl. 12 í gærkveldi og á fætur kl. að ganga 6, til þess að skrifa um veslings Johnsen í Suðurmúlasýslu. Jeg er aleinn í húsinu klakinn, hlákan og sunnan stormurinn þaut á gluggunum og öldurnar börðu ströndina rjett undir gluggunum. Þær höfðu svo hátt og voru svo reiðar, að mjer þótti þetta nokkuð óhuggulegt. Mjer líður annars vel og óska að þegar þessi miði kemur suður verðir þú frísk og glöð, og þegar jeg kem, þá sé allt í lukkunnar velstandi; sem maður mundi segja á slæmri íslensku. Vertu blessuð og sæl elskan mín. Heilsaðu öllu þínu fólki og svo sendi jeg þjer marga kossa og kyssi þig nú í seinasta sinn í huga áður jeg enda brjefið. --

Halldór Briem til Susie Briem. P.t. Blönduós May 18th 1895.

-- Elín bað um að fá að vera samferða í sinni síðustu suðurf. Ekki ánægður eins og á stendur að tefjast og þurfa að bíða eftir henni. Elín Briem hélt gestaboð á Ytri-Ey í gærkvöldi.--

Valdimar Briem:

Brúðkaupskvæði til Álfheiðar Helgadóttur og Páls Briem

21. júní 1895.

Lærðir bæði og leikir vilja
láta ríki og kirkju skilja;
en það vill þó ekki takast,
í því sjást nú mót í dag.
Ef ég mætti gjöra gaman,
get ég þess, hér rúgist saman
ríki´ og kirkja í kærleik sönnum;
kemst þá allt í besta lag.

Ég að réttum lögum líki
lagamanninum við ríki.
Lagamanna arfi er hann,
einnig lagaveg hann fór;
sístur ei að sínu leyti
sjálfur þótt hann "lítill" heiti,
"barn í lögum" er hann ekki; -
oft er lítill knár en stór.

Kirkju menn í brúði breyta
brúðurin má þá kirkju heita,
komin líka af kirkjumönnum,
kirkjumönnum stendu að.
Kvenfólk prestar ef að yrði,
ættum vér hér sálnahirði.
Hitt er aftur efa bundið,
amtmaður hvort vildi það.

Forn var tryggð og föst á svelli
fyrr á Grund og Möðrufelli;
báðir mestu vinir voru
valdsmaður og presturinn.
Þeirra börn nú tengjast tryggðum
taka stöðu í sömu byggðum;
ættirnar í Eyjafirði
aftur binda vinskap sinn.

Þó að eitthvert klandur kynni
komast upp í nútíðinni,
kannski milli kirkju og ríkis,
kemur ekki þessu við,
jafnvel þótt að þessu kæmi,
það er ekkert fallegt dæmi.
Sameining, en sundrun ekki,
sé vort helsta stefnumið.

Einnig sumir eftir leita,
öllu sem að vilja breyta,
"amtmennina af að taka",
ekki´ er lítil bíræfnin;
Nú skal undir brúði bera,
brátt hvort eigi slíkt að gera.
Best er að hlíta hennar dómi.
Hvað á að gjöra við amtmanninn?

Ég vil líka orð til hneigja,
ef að ég má nokkuð segja:
Bæði vel og lengi lifi
lagavörður og brúður hans.
Kannski þegja karlmenn eiga,
kveða´ upp úrskurð neinn ei mega,
"að undanteknum amtmanninum,"
Einkanlega norðanlands.

Alvara hér er og gaman,
oftlega þau fara saman.
Það er eins með lífið líka,
lán og mæða skiptist á.
Ó, að lánið yrði stærra,
og til mæðu snerist færra.
Slíkt er eigi á voru valdi
viljinn aðeins tala má.

Gæt þú tryggur landsins laga,
lagavörður alla daga,
feta sporin feðra þinna,
falla mun þá sæmd í skaut.
Drottins lög þó dýrust metið,
dyggilega spor hans fetið,
eins og ykkar frægu feður.
Farið vel á drottins braut!

Austanvjeri[1]:

Um Öllu og Pál.

Brúðkaupsvísur 21. júní 1895.

Tónn: "Fyrir fólkið".

Nú syngja vil ég um sæmdarhjón,
hert þig harpa.
og bið menn syngja í sama tón,
hert þig harpa.
Um Pál og Öllu og Öllu og Pál
og ekki spara þá hjónaskál,
hert þig harpa!

Ég syngja vil um þau sæmdarhjón,
hert þig harpa,
því sjaldan ljúfari leit ég sjón,
hert þig harpa,
en Öllu og Pál, hvort við annars hlið,
hér á því sönglistin fagra við,
hert þig harpa!

Ég fyrst að valdsmanni vendi mjer,
hert þig harpa,
því höldur konunnar höfuð er,
hert þig harpa.
Mitt fagnar hjarta, mín syngur sál,
er sé ég þennan í anda Njál,
hert þig harpa!

Þótt stundum júristinn þætti þurr,
hert þig harpa.
varð Páll af öllum samt elskaður,
hert þig harpa,
í hreysi kotungs og höllunum
(ég held þó varla´ undir Fjöllunum!)
hert þig harpa!

Þeir sögðu oft um þann sýslumann,
hert þig harpa.
"Hann Grágás utan að alla kann",
hert þig harpa.
En stjórnin rak hann frá sýslu samt
og setti´ hann yfir Norður-amt,
hert þig harpa!

Og hana þýðlega yrti´ hann á,
hert þig harpa,
en Alla svaraði´ og sagði: "Já",
hert þig harpa!
en um það frekar ég yrki´ ei par
og æði fljótt yfir sögurnar,
hert þig harpa!

En Alla þótti í svanna sveit,
hert þig harpa,
af öðrum bera á Ísareit,
hert þig harpa!
og þetta skröksaga engin er,
því einmitt Dísa það sagði mér,
hert þig harpa!

"Um frelsi kvenna" hún kunni allt,
hert þig harpa,
og sá að margt er í veröld valt,
hert þig harpa,
hún flýtti sér því að fjötra hann,
hinn frjálsa kvenréttar-postulann,
hert þig harpa!

Því tæmum brúðhjóna skíra skál,
hvíl þig harpa
og óskum heitast af hug og sál,
hvíl þig harpa,
að gæfan búi þeim blíðuhag,
er bundust ástarheitum þennan dag.
Hvíl þú harpa!

[1] *Jón Helgason, bróðir br*

Álfheiður Helgadóttir Briem skrifar Jóni Helgasyni. Oddeyri, 21.7.1895

Elskulegi bróðir! -- Við búum hér í golunni í litla húsinu norska, höfum það mjög huggulegt, en ekki er stórt hjá okkur. Á hverjum degi förum við inní lautina okkar, að líta eftir byggingunni, það er alltaf verið að gera við í kringum húsið, búa til grasblett og ýmslegt þessháttar. Því miður vantar timbrið, því ólukkans skipið kemur ekki með það, svo Snorri okkar er hálfsturlaður. Það er mjög indælt hússtæði, hvað mikill stormur sem er, alltaf logn og sólskin (þó sól sjáist ekki!) þar.

Ferðin hingað gekk afbragðs vel, en fegin var ég þegar við lentum hér. Á Héraðsvötnunum fórum við yfir á kláf og var það spaugilegt ferðlag, að líða í loftinu í svo "*uluftigt*"[1] verkfæri.

Við erum búin að heilsa hér allsstaðar sem við ætlum, og fór fyrir mér eins og Maríu í fyrra, ég var alltaf spurð að því sama í hverju húsi, og ég varð að reyna að *variera* svolítið með svörin, því mér fannst Páll hljóta að verða þreyttur að hlusta alltaf á það sama.

Fólkið tók okkur tveim höndum og í fjórum stöðum var dregið upp *champagne* og þótti mér það satt að segja kátlegt mjög. Nágranni okkar er *consul* Havsteen, bróðir amtmannsins, mjög *godmodig* og dálítið *forfængelig*, og á sérlega talandi konu, danskri. Ekki held ég að ég geti haft mikla ánægju af blessuðu fólkinu, mér finnst það allt vilja narta hvað í annað á bak, en vera mjög elskulegt uppí eyrun.

Ég læt hér með kvæði sem séra Matthías kom með, og bað mig senda þér, ef þú vildir það yrði látið í Kirkjublaðið. Það er með sorg hér hvernig prest við höfum, því ég segi það satt að mér finnst séra Jóhann sem sá besti prestur samanborið við séra Matthías. Allt hans tal í stólnum gengur út á frelsi og framfarir, en guðsorð er þar ekki mikið af. Við hjónin erum að basla við að fara í krikju, en það líður víst ekki á löngu, áður en við hættum því, það er ekki til neins að fara þangað til að hneykslast á því sem presturinn segir. --

Vertu svo æfinlega blessaður og sæll elsku bróðir minn. Þakka þér fyrir allt sem þú hefur verið fyrir mig. Ég vildi ég gæti einhverntíma borgað þér það. Myndin þín hangir hérna beint á móti mér, mér til mikillar gleði og allir *beundra* hana sem inn koma. --

Páll E. Briem til Álfheiðar H. Briem. Grímsstöðum við Mývatn. 8.8 kl. 6½ um morgun 1895.

-- Mér finnst það vera orðið svo langt síðan jeg kvaddi þig og þó eru það ekki nema tæpir tveir sólarhringar. Síðan jeg fór af stað, hef jeg fengið stöðuga rigningu þangað til í gær eptirmiðdag, eptir að jeg var kominn hingað, þá stytti upp, og notaði jeg þá tímann til að fara yfir í Slútnes, sem er mjög fagur hólmi í Mývatni, en þegar jeg kom aptur, þá var Þorgrímur Guðmundsson kominn með sitt fólk og hefur hann verið hjer í nótt, svo að hjer hefur víst verið áskipað, þó að jeg hafi ekki haft af því að segja því að jeg hef haft bestu stofuna og verið einn í rúmi. Nú er hið fegursta veður sólskin og blíða.

Jeg fór fyrsta daginn að Grenjaðarstað og hafði þar bestu nótt, en 2 klukkutímum áður en jeg kom var kona sjera Benedikts búin að eiga með honum son, en þetta var eins og daglegt brauð, því að sá sonur er 15. barn sjera Benedikts.

Af hjeraðinu get jeg ekkert sagt, því að ekkert hefur sjest af því fyrri en í dag, og nú í morgun hef jeg eigi gefið mjer tíma til að koma út, en eptir því sem mjer sýnist út um gluggann, þá er mjög fagurt og vinalegt hjer með vatnið, sem fullt er af hólmum og öndum og silungi. Þegar við vorum að róa í gær kom einn upp á árablaðinu. Hestarnir mínir eru eins og fjaðrir. Ljettfeti þinn vill gjarnan vera á undan og svo held jeg að hann fari að venjast steinunum bráðum.

Elskulega kona mín! Opt hef jeg hugsað til þín og í gærkveldi þegar jeg var háttaður var jeg að hugsa um hvað þú værir að gjöra en af því að jeg var búinn að vinna mitt dagsverk datt jeg alveg útaf með þeim hugsunum. --

Heilsaðu Kristni litla kærlega og kysstu hann frá mjer. Líði þjer ætíð sem best --

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgad. Briem. Grímsstöðum á Fjöllum 8. ág. 1895.

-- Jeg skrifaði þjer nokkrar línur frá Reykjahlíð og sendi þjer kveðjur með Fróða-Birni, þegar jeg hitti hann í dag á Mývatnsöræfum. Síðan hefur allt gengið ágætlega. Við komum hingað kl. 2½ og ætlum að Möðrudal í kveld. Hjer er eyðilegt; kringum bæinn er að eins túnið og svo eyðisandar allt í kring, svo langt sem augað eygir. Herðubreið gnæfir mót himni í suðrinu og er stórvaxin, mjög lík Bláfelli, þegar við vorum að ríða að því í áttina að Tungufelli, en allmiklu stærri. Nokkru fyrir austan bæinn rennur Jökulsá og það er eitthvert ljótasta vatnsfall, sem jeg hef farið yfir.

Nú er jeg að drekka kaffi með brauði og á von á meiru, því að konan hjerna er farin að sjóða eitthvað, sagði Kristján póstur, en jeg vona að það sje þó ekki hangikjöt. Veðrið er hið inndælasta. --

[1] *Jarðbundið.*

Páll E. Briem til Álfheiðar H. Briem. Möðrudal á Fjöllum. 9.8.1895.

-- Jeg skrifaði þjer í gær nokkrar línur frá Grímsstöðum, en pósturinn að austan er ekki kominn enn, svo að jeg ætla að senda þjer eins og svarar telegrammi. Ferðin hingað gekk vel. Jeg hef haft hjer bestu nótt eins og annars staðar, enda er konan hjerna frænka þín og ætlar að heimsækja þig, ef hún lifir lengi. Hún er dóttir Sigurðar á Ljósavatni, sonar Hallfríðar dóttur sjera Ólafs bróður Einars föður Hálfdáns afa þíns, svo að þú sjerð að þetta er ekki svo lítil frændsemi, en svo bætist nú við hálfgjörð mágsemd, því Stefán bóndinn hjerna er bróðir Hróðnýjar móður sjera Einars manns Jóhönnu mágkonu þinnar. Þetta er alltsvo frændsemi við þig, en tengdir við mig. Annars er bóndinn ekki heima, því hann fór með dóttur sína tvær dagleiðir til læknisins síns, en dóttirin er á 3. ári og hafði sár á hendi. Í vetur kostaði bóndinn á 2. hundrað krónur til læknisskoðunar og var það ekki að liði.

Hjer í Möðrudal er fallegt, en nokkuð líkt og á sandjörðunum á Rangárvöllum. Herðubreið er hjer í nónstað og falleg fell í náttmálastað og var sólarlagið bakvið þau í gærkveldi yndislega fagurt.

Jeg ætla nú ekki að enda þetta fyrri en jeg hitti póstinn og veit jeg þó eigi hvernig það gengur, því að nú er súld og þoka í fjöllum og getur orðið rigning í dag, sem jeg vildi heldur en mikinn hita og sólskin.

Vertu blessuð og sæl hjartað mitt, jeg kyssi þig í huganum marga kossa og bið þig að láta svo Kristinn fá einn af þeim.

9. ágúst. Langt kominn á Möðrudalsöræfi, allt vel. Pósturinn að fara. Vertu sæl. --

Páll E. Briem til Álfheiðar H. Briem. Seyðisfirði. 14.8.1895

-- Jeg fæ nú ferð með ensku gufuskipi til Akureyrar og langar til að senda þjer kveðju þó tíminn sje lítill. Jeg enda í dag á amtsráðsfundinum, en var boðinn í miðdag til Carl Wathne og nú er jeg þangað kominn og skrifa hjer á hnjé mínu, því jeg er einn og aðrir eru ekki komnir; nú kom fólkið og þá hætti jeg. --

Amtsráðsfundurinn er búinn og gekk upp á hið besta. En nú kemur annað fyrir. Jeg ætla í nótt með gufuskipinu Egli til Eskifjarðar og kem aptur á föstudagskveld svo fer jeg hjeðan á laugardag að Egilsstöðum, á sunnudag að Vopnafirði, mánudag að Víðirhóli, sje Dettifoss og Ásbirgi á þriðjudag og fer að Skinnastöðum - nú verð jeg að hætta - á miðvikudag fer jeg á Húsavík og fimmtudagskveld heim og þá vona jeg að hitta mína elskulegu konu fríska og káta. Ef jeg ekki verð kominn klukkan 1 um nóttina, þá skaltu ekki bíða eptir mjer lengur, því að þá hef jeg tafist um einn dag.

Þegar jeg mætti póstinum og fjekk honum brjefið til þín um daginn kom hann með brjef frá Wathne og bauð hann mjer að vera hjá sjer, jeg hef haft það ágætt þar. Læknar 4 fara með á Eskifjörð.

Nú er eitt eptir, enska skipið ætlar að selja kol á Akureyri og væri ágætt að geta fengið svo sem 40 skippund og ætla jeg því að senda brjef til Snorra og biðja hann að útvega mjer þau. Nú hef jeg ekki meiri tíma og kveð þig elskulega kona mín með kærustu kveðjum. --

Tulinius og kona[1] biðja að heilsa.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Melum 24.9.1895.

Segir ferðasöguna. Hafði hitt Eggert bróður sinn og séra Geir Sæm. með heitkonu sinni. Sendir góðar óskir til Susie og sonarins (Valdimar Sigurður fæddist 16.5). Stefnir á viðkomu í Goðdölum hjá séra Vilhjálmi bróðir hans en Steinunn og hann hafa eignast son (Eggert Vilhjálm.)

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Oddeyri 2.10.1895.

Dvelur hjá Páli sem býr í Hansenshúsi.

Eftir Mela fór hann að Breiðabólsstað í Vesturhópi þar sem honum var vel tekið af séra Hálfdáni[2] og síðan að Klömbrum til Júlíusar Halldórssonar (1850-1924) læknis. Fór svo að Álfgeirsvöllum.[3] en gafst upp vegna veðurs á að fara að Goðdölum þar sem Vilhjálmur bróðir hans býr. Kom við á Bægisá og frétti að sr. Theódór væri trúlofaður Jóhönnu Gunnarsdóttur (frænku H.E.B., kennara á Laugalandi). Tekið vel á Möðruvöllum. Búist var við 40 nemendum. Hjaltalín hefur flutt úr stásstofunni og eru nú þrír svefnskálar. Fór til Akureyrar og tók Páll honum vel en kona hans var veik. Fór og heimsótti vini sína á Akureyri, sem glöddust yfir að sjá myndina af syninum. Er að skrifa bréfið og situr Páll gegnt honum og skrifar líka.

[1] *Axel Tulinius (1865-1937) sýslum. Kona hans, æsku vinkona Álfheiðar, var Guðrún (1875-1954) Hallgrímsdóttir, biskups Sveinssonar.*

[2] *Séra Hálfdán Guðjónsson (1863-1937) síðar prófastur og alþingismaður á Breiðabólsstað í Vestur-Hópi, síðar vígslubiskup á Sauðárkróki. Tengdur með því að Álfheiður og séra Hálfdán voru bræðrabörn.*

[3] *Á Álfgeirsvöllum bjó Ólafur bróðir hans.*

Kristinn sonur Páls er fallegur og góður drengur en kvartar yfir stríðni stráka og því sé betra að leika við stelpur.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 11.10.1895.

Segir frá óveðri, hríð og fjártjóni og ströndum, broti á bátum. Erfitt að komast út að Möðruv. Nemendur orðnir 40, ekki hafa allir komið sem sóttu. Flestir í fæði hjá Stefáni og aðeins H.E.B. og Hjaltalín hjá Þorsteini. Páll og frú heilsuði ekki amerísku konunum.[1] *Kannski vita þau ekki að þegar meðmælabréf er sent á skv. venju að setja sig í samb. Verið getur að það sé vegna kunnáttuleysis í ensku, kannski vegna slæmra húsakynna.--*

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 25.10.1895.

Segir frá syninum og þroska hans. Einnig af fæðingu dóttur Hannesar og Ragnheiðar Hafstein. Hún var glöð yfir að þetta skyldi vera stúlka en S.B. segist vita að Hannes hefði heldur viljað dreng. Þau fara ekki vestur á Ísafjörð fyrr en í vor svo Sigurður bróðir H.B. verður þar sýslumaður í vetur.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 31.10.1895.

Ræðir stöðuveitingar v. Lærða skólann og Landsbókasafnið. Páll hvetur þau til að flytja til Ak. Ræðir stöðu sína og afstöðu. Páll biður hann endilega að koma, en H.B. heldur að það sé bara rabb. Húsið gengur vel. Fór að Hofi.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 1.11.1895.

-- Enn af syni er hefur tekið fyrstu tönn. Ræðir hrossasölu þeirra fyrir norðan. Áköf að fá sem mest fyrir því hún hafði heitið því að sonurinn fengi andvirði hestanna á bankabók. Ragnheiður Hafstein fekk Susie til sín til að ræða við um vandræði fjölsk. vegna Þorgríms (Johnsen, læknis á Ak.) sem er tengdur henni og fólkið þar vill losna við. Segist ekki hafa fengið línu frá Álfheiði svilkonu sinni. Hún hefði reyndar verið veik.

Hefur eftir einhverjum að Eggert sonur Jóhönnu sé ofboðslega feitt barn, stórt og klunnalegt en séra Einar elski hann.[2] *Það þykir SB ofur eðlilegt.*

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 7.11.1895

-- Um leið og jeg þakka þjer fyrir allt gamalt og gott og elskulegt verð jeg að biðja þig afsökunar á að jeg skrifa þjer ekki fyrr en nú. Eins og þú þekkir gengur þetta svona með brjefaskriftirnar, en mjer finnst að maður megi þó ekki sleppa þeim alveg.

Þegar jeg skrifaði þjer síðast var jeg á Árbæ og þar hef jeg ennþá bú allmikið, talsvert á 400 fjár, kýr og hesta og tvær familíur, nefnilega sýslumann Magnús Torfason og ekkjuna sem bjó á Árbæ áður með dóttur sinni. Er það hálf-andkannalegt fyrir mig sem sit hjer nyrðra. En jeg gat eigi brugðið búi í vor sem leið vegna þess, að jeg þurfti að selja hús á jörðinni og af -- fleiri ástæðum. --

Daginn eftir lögðum við af stað austur í Rangárvallasýslu og svo norður Kjalveg þar sem jeg tjaldaði við Blöndu. Vorum við tólf saman og var það allskemmtileg ferð.

Svo komum við hingað norður 6. júlí og tókum bólfestu í litlu húsi á Oddeyri og unum við okkur hið besta. Á þessu augnabliki sit jeg inni á skrifstofu og Kristinn litli sonur minn hjá mjer. Hann varð 8 ára í haust og gengur í skóla til að læra skrift, reikning og dönsku. Hann er laglegur drengur og góður í sjer og mjer til mestu gleði. Honum gengur vel að læra og það þykir mjer eigi minnst um vert.

Klemens bróðir þinn hefur kannski skrifað þjer, að jeg ætlaði að byggja á milli Akureyrar og Oddeyrar í svokallaðri Eyrarlandslaut. Þar er verið að byggja fyrir mig mikið hús og fallegt. Ef þú kemur hingað að ári, sem jeg vildi óska, þá verð jeg fluttur þangað.

Svo má jeg eigi gleyma að segja þjer frá hestunum mínum, sem jeg hef hjer hjá mjer. Annar heitir Hjeðinn eftir Skarphjeðni; hann er rauður að lit, allra hesta sterkastur, gammvakur og fjörugur, geðstór en hjartagóður mjög ef hann mætir góðu, tryggur og vinfastur. Hann fer á hýruspori eins og aðrir hestar stökkva á hægu stökkvi. Jeg keypti hann af bekkjarbróður okkar sjera Halldóri á Bergþórshvoli sem 5 vetra fola. Hinn heitir Ljettfeti. Hann er svo þýður, að það líkist hægindastól að sitja á honum. Hann er 5 vetra og því lítt reyndur að öðru en fótlipurð og fjöri.

Í embættinu kann jeg vel við mig og held jeg að jeg geti nú farið að gefa mig að lögunum. Næsta haust langar mig mjög til að byrja á lögfræðitímariti, því að það eru mestu vandræði hvað lögin eru lítt rannsökuð. Ja, nú er blaðið á

[1] *Óvíst hverjar það voru.*

[2] *Það var Eggert Einarsson lengst læknir í Borgarnesi.*

enda og því slæ jeg í botninn. Ég bið að heilsa konu þinni og syni og sjálfum þér, kveð jeg svo með óskum að allt gangi þjer til gæfu og gleði. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 29.11.1895.

Veltir fyrir sér þroska sonarins og líðan SB. Segir frá hreyfingu á Ak. til að fá Þorgrímur Johnsen lækni til að segja af sér. Laxdal og Oddur lyfjafræðingur standa fyrir henni. Þ.J. er orðinn nokkuð gamall. Þeir sem ekki eru harðir vilja að hann fái aðstoð. Þorgr. tekur þessu vel og vill starfa í 30 ár (2 ár eftir).

Skólapiltar eru ágætir en kjafta frameftir þangað til eftir 11. Veit ekki hvað að Álfheiði (konu Páls) er.

Álfheiður H. Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 28.12.1895.

-- Þakka þér hjartanlega þitt síðasta ástríka bréf, sem færði mér svo indælar og gleðilegar fréttir -- Ég var svo leið á að bíða eftir póstinum að Páll sagði ekki væri nærri komandi litlu húsfreyjunni sinni fyrir geðvonsku. --

Ekki er læknishjálpin, þó eitthvað sé að manni. Þorgrímur er nú búinn að segja af sér og var það sannarlega mál til komið, því gleymnari og vitlausari lækni hef ég ekki þekkt. Nú hef ég heyrt að Sigurður Hjörleifsson eigi að gegna embættinu til vorsins og það er gott, vel að merkja ef hann er einhvern tíma ófullur, þá sjaldan hann hefur verið sóttur hingað í bæinn (hann býr svo nálægt) hefur hann alltaf verið meira og minna drukkinn; og er það skárra af alveg nýgiptum manni sem loksins er nú kominn í embætti.[1]

Ég var svo slæm af ólukku hjartslættinum núna fyrir nokkru, svo Páll vildi endilega spyrja Þorgrím um það, fór inneftir og bað hann koma við um leið og hann færi framhjá, en sá sem ekki kom var Toggi. Það sem ekki frúin heyrir þegar hann er sóttur eitthvað, fer hann ekki, því hann gleymir því óðara. Svo kom hann hér þrem dögum seinna og hitti mig þá, hefur víst rankað við sér, og segir: "*Ég má ekki vera að því að tala við frúna núna, því ég er á hraðri ferð*". En ég flýtti mér að segja að hann skyldi ekki gera sér neitt ómak, "*því það myndi batna af sjálfu sér*". "*Það, já, það batnar víst fljótt-fljótlega*", sagði hann. --

Á.H.B. var hissa á þessu. Hann vissi ekkert um hvað að henni væri og auk þess hefði P.E.B. hjálpað honum mikið í -- vandræðum hans og roluskap.

Halldór mágur minn er hér í fríinu og er það heldur fyrirhafnarlítill gestur, sem alltaf talar um hvað jólin sín séu núna í samanburði við fyrr, þegar hann hefur setið í háaloftskamesinu sínu á Möðruvöllum og lesið við kokkhúslampann[2] sinn. Hann er sérlega viðfeldinn og svo líflegur og skrýtinn; en dálítið sérvitur, segi ég honum að hann sé, en þá segir hann bara:

"*Þá ættirðu að eiga við hann Eirík, því hann er eins sérvitur eins og við öll systkinin til saman.*"

31.12. -- Ég sit hér við hliðina á Páli og Halldóri, litli sonurinn nýháttaður, hann var með stúlkunum á brennu og skemmti það allt sér mjög vel. Ég fór í kirkju til séra Matthíasar og heyrði bestu ræðu, það er fyrsta skipti sem ég fer í blessaða kirkjuna um þessa hátíð. Nú slær klukkan 12. Guð gefi þér, hjartans mamma mín nýja árið gleðilegt og blessunarríkt --

[1] *Þorgrímur Johnsen var sonur séra Ásmundar Jónssonar í Odda og Guðrúnar Þorgrímsdóttur ráðsmanns á Bessastöðum. Hann var svo starfandi læknir í Rvík. Sigurður H. Kvaran var læknir í Höfðahverfislæknishéraði, síðar blaðam. og alþingismaður.*

[2] *Eldhúslampann.*

1896

1.1.1896. Frh.:

-- *Hafa verið að skoða ferðir og P.E.B. sett strik við eina ferð,* -- ef ég kynni að vilja benda vissri (konu) á -- ég er oftast heima og kæri mig minnst um selskabelighed; það veit ég þú þekkir vel, ég hef engri breytingu tekið með það við að giftast. --

Álfheiður Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 1.1.1896.

Óskar bróður sínum til hamingju með nýfædda dótturina Annie sem fæddist 1. des.

-- Ég segi bara, það smábætist í *töntu værdigheden* hjá mér. Jóhanna mágkona eignaðist dóttur[1] nóttina eftir að þín litla fæddist, svo nú eru þau orðin 20 sem geta sagt: *Tanta Alla!* --

Við höfum Halldór mág minn okkur til upplífgunar, og er það ja - betra en ekki neitt. (Mín orð ekki víðara.) --

Júlíus ritari hefur legið veikur -- svo Páll hefur mátt sitja og pæla í sínum kontór daginn út -- hefur verið heilmikill póstur -- svo jólafríið hefur verið svona -- svo er Paulus minn dauðþreyttur af þessum ólukku skriftum öllum. Það er heldur aldrei mannlaust, svo það truflar hann svo skelfing í öllum hans hugsunum, ég taldi 19 gesti í fyrradag fram að miðdag, svo hætti ég.

Eftir það komu, ég veit ekki hvað margir. Það er líka skárra að fólk þurfi að fá leyfisbréf úr öllum áttum, rétt um hátíðina, svo þar að auki, og það er nú hálfu verra, þurfa gömul hjón, sem búin eru að búa mörg ár að fá skilnaðarbréf, og það sýnist mér nú sé hægt að láta bíða yfir jólin, en þeim finnst líklega hátíð til heilla best. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. 1.6.1896.

-- Páll hefur mikið að gera því ritarinn Júlíus Sigurðsson hefur verið veikur og pósturinn að fara. Páll ætlaði að leggja áherslu á enskunám. Nú er ritarinn veikur svo hann hefur engan tíma. Þau Páll og Álfheiður bíða eftir að húsið verði tilb. Álfheiður er slöpp. Þorgrímur læknir hefur sagt af sér. Þau hjón veltu fyrir sér að fara suður. en ákváðu að fara til Khafnar.

Frú Hjaltalín er ánægð í Khöfn. Hún ætlar í vetur til Englands og Birmingham þangað sem henni hefur verið boðið. Hjaltalín ætlar að fara til útl. og lætur Stefáni og H.E.B. eftir að útskrifa nemendur. H.E.B. var á stjórnarfundi Stefnis. Voru Laxdal, Matthías og Björn kosnir frkvstj. Páll Jónsson fer frá blaðinu eftir tvö tölublöð. Tekur Matthías við. Getur blaðið ekki versnað. Rætt um stofnun blaðs á Austfjöðrum og er Þorst Erlingsson nefndur sem ritstjóri.--

Ruth Shaffner skrifar Susie Briem.[2] Calisle, Pennsylvania, USA. 7.1.1896.

-- Virðist hafa komið í heimsókn til Íslands og skrifað um heimsóknina í tímarit. Ræðir Ísland, fegurð þess og segir frá vetrinum hjá þeim og að þau tali um SB á hverjum degi.--

Segir frá drætti á bréfaskriftum, systir hennar veiktist alvarlega og dó. Hafði miklar skyldur við mann hennar og börn. Svo mikið að gera að hún þráir að komast burt til Íslands eða annars fjarlægs lands og ætlar að fara til Norðurlanda og norður Rússl. næsta ár. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 28.1.1896.

-- Guðmundur Davíðsson (frá Hofi) ætlar að Hraunum, virðist ekki mikill bóndi. Þau hjón vilja búa betur en búskapur leyfir. Fólk saknar mjög Jónasar föður séra Jónasar á Hrafnagili, sem drukknaði í haust. Nú leita menn hjálpar Sigurðar Hjörleifss. (læknis) í Nesi. Stefán hefur verið veikur, slasaðist á hendi á Ak. Ekki gott að biskup skuli bregðast við eins og hann gerði við kvæði Hannesar.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 7.2.1896.

-- Gleðst yfir að Marinó Hafstein hafi staðist fyrri hl. prófið. Fékk bréf frá Kristjönu Havsteen sem sagði heilsu Láru dóttur hennar betri. Hannes Hafstein að fara vestur, Ragnh. líka vegna endurbóta á húsinu, en kemur aftur en fer ekki með börnin vestur fyrr en í júní.

[1] *Sú var Pála Ingibjörg Einarsdóttir Eyfells (1895-1977) kaupkona, brautryðjandi í handmennt. Bjó í Reykjavík. Átti og rak lengi handíðaverslunina Baldursbrá á Skólvörðustíg 4a í Rvík.*

[2] *Bréfritari virðist starfa við ríkisskóla fyrir Indjána eða einhvers konar skólaþjónustu.*

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 21.2.1896.

-- Saknar samveru við barn þeirra. Á Akureyri er verið að leika Narfa, slakt leikrit, fyndið á köflum. Einhver vonbrigði með reikningsbókina, sennil. vegna þess að ekki hafi fengist styrkur.

Fór til Ak. og hitti Pál og fjölsk. Sá Narfa. Veðrið afleitt og hús Páls lak. Getur ekki svarað neinu um hvað dóttir Jóhönnu og séra Einars heitir, þau eru ekki útbær á fréttir handa systkinum hennar. (Dóttirin er Ingbjörg, síðar Eyfells).

Páll og Álfheiður heimsóttu Laugaland þegar þau komu, allt lenti í ofboðslegum mat og drykk, misskildri gestrisni. Heimsækir Valgerði, systur Páls, áður en hún fer frá skólanum og þær Jóhanna fara að Bægisá.

Fréttir eru um innflutningsbann til Englands á sauðum, hefur það áhrif á skólasókn.

Sigurður E. Briem[1] skrifar Páli E. Briem. Ísafirði. 21.2.1896.

Spyr um ferðir Páls þar eð hann á leið um Norðurland og vildi ekki fara á mis við bróður sinn. Segir það gæti verið gaman að starfa í fleiri sýslum, sérstakl. á norður- og austurlandi.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reykjavík. Mars 1896?[2]

Ástin mín! Ástin mín eina!

Ef þú aðeins vissir hve hræðilega einmana ég er. Mér finnst ég vart geta lifað lífinu. Ég þarfnast einhvers, sem ég get talað við, sagt hvaða þungi hvílir á hjarta mínu.

Ég er ekki einu sinni viss um hvort ég gæti sagt þér frá því öllu, ekki einu sinni broti af því sem ég hugsa stöðugt um. Ég er svo hrædd um að hugsanir mínar séu - ég segi það - syndugar.

Elskan mín! Þú veist hve mjög það var mér á móti skapi að þurfa að búa svo fjarri þér í vetur. Þú veist hvað ég óttaðist að við myndum sundrast hvort frá öðru. Svo ákafan ótta um yfirvofandi ógæfu, hef ég aldrei fundið fyrr til. Eða skynjað slíkan forboða um vandræði og sorg. Sama hvað þú segir; velfarnaður okkar er fremur undir hjartafrið kominn en aðstæðum.

Ýmsir kunna að hugsa að ég megi vera ánægð þar sem ég hef allt sem nauðsynlegt er í lífinu. Á góða vini og ánægjulegt heimili.

Guð hefur gefið mér greind umfram ýmsa. Hann hefur veitt mér skilning á fegurð sköpunarverks síns. En meðal allra gjafa hans er kvalið hjarta, kröfuríkt hjarta, hjarta sem heimtar ókvikula ást þess sem kærleikur er bundinn við. Ef það á sér ekki stað veslast hjartað upp og eyðist; berst eins og villtur, fangaður fugl í búri sem berst og stríðir þar til hann að lokum fellur örmagna og blóðugur; getur ekki barist lengur fyrir eigin ástríðu og þrá.

Hvernig fer fyrir svo órólegu hjarta? Eins og villti fuglinn sem afber ófrelsi. Veslast upp og deyr ef það fær ekki frelsi. Hjartað órólega, þráa, ástsjúka og heimtufreka; það kvelst og veslast upp - nema - því það er ein útleið.

Ef hjartað fær ekki risið upp, afneitað ófullnægðri þrá og óendurgoldinni ást; lifað aðeins fyrir aðra og gleymt sjálfu sér. En hvað um truflun sjálfs sín? - Hvað þá? Endurnýjun ástríðu fyrir umhyggju og ást¸ þrá eftir því í lífinu sem aldrei fæst. Eftir er vængjasláttur og meiddir vængir af búrarrimlum.

Veslings fugl! Veslings hjarta - í senn veikt og sterkt í þrá sinni; samt of veikt til að geta náð henni eða sigrað.

Veslings fugl - hættu að berjast með vængjunum, þú getur aldrei opnað búrið.

Veslings hjarta. Hættu að berjast um. Heimurinn veitir þér aldrei það sem þú krefst.

Veslings fugl! Veslings fugl, ætlar þú að berjast og deyja - eða lærist þér að syngja í myrku búri.

Veslings hjarta! Veslings hjarta, vilt þú pínast og tærast í þrá eftir því sem aldei næst.

Eða rísa upp sem sigurvegari - á sjálfu þér - á lífi - á dauða - og gröf..[3] --

Séra Valdimar Ó. Briem skrifar séra Davíð Guðmundssyni. Stóra-Núpi. 19.3.1896?

--Ræðir um að séra Davíð sé vel settur með nágranna miðað við sig.--

[1] *Sigurður var þá settur sýslumaður á Ísafirði.*

[2] *Bréfið er skrifað á ensku. Ekki víst hvort/hvert var sent.*

[3] *Úr bréfasafni Halldórs Briem og Susie Taylor Briem í handritasafni Landsbókasafns. Bréfið er á ensku, ódagsett. Hvort það voru hugleiðingar Susie sent manni hennar er ekki vitað. Ekki er viðbrögð að finna í öðrum bréfum hans. Þýðing. E.Á.*

-- Þú stendur að þessu leyti betur að vígi þar sem þú hefur þrjá skólakennara í sókninni og svo er skammt til Akureyrar og þar eru menn eins skemmtilegir og séra Matthías og Páll frændi.

Það er leiðinlegt að þeim skuli ekki semja, en svo lítur út af Stefni sem þeir séu *á kanti* að minnsta kosti út af lýsingarmálinu.[1] Þeir gætu þó haft ekki litla skemmtun hvör af öðrum ef þeir hefðu lag á því. --

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 16.3.1896.

-- ég þakka sem best fyrir siðfræði föður þins. Ég hef lesið ýmsa kafla í henni, sem mér þykir mikið tilkoma. Þegar ég ber hana saman við vísindalega ritaðar bækur í öðrum löndum, þá finnst mér hún standa með hinum fremstu, og eitt það, sem mér finnst hún vera framúrskarandi að, það er hvað hún er ljós. Um 1880 klingdi það stöðugt, að Íslendingar hefðu eigi að gera með vísindalega skrifaðar bækur, það væri aðeins þörf á alþýðlegum bókum. Siðfræði föður þíns sýnir (að) vísindalega skráðar bækur geta líka verið ljósar.

Þú átt mikið af nýgjörvingunum og þó að ævinlega megi hafa eitthvað út á þá að setja, þá finnst mér samt að þeir séu ljósir, það er einmitt það sem ríður mest á af öllu.

Mér þykir mikil furða hvað þú færð afkastað, og get ég eigi neitað því, að ég er hálfsmeykur um heilsu þína. Þú mátt til með að lyfta þér rækilega upp í sumar, þú ættir helst að fara nokkuð langt, t.a.m. hingað norður, og máttu vita að þú yrðir vel meðtekinn í okkar stóra húsi til að taka dálítið úr því tómahljóðið. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reykjavík. 19.3.1896.

-- í vandræðum með Þorlák sem hún leigi hjá, sem er gamall og ruglaður. Segir fréttir af fjölskyldu sinni í Ameríku. Einnig af Hólmfríði Þorsteinsdóttur sem er í Danmörku og sem mun vinna með Elínu systur H.E.B. við húsmæðraskólann, sem hún ætlar að stofna.--

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 21.3.1896.

Hjartkæra mamma mín! Ég ætla að reyna að skrifa fáein orð, ef ég get fengið ofurlítið næði til þess. Vesta kom í gær og hefur eins og vant er, þegar skip kemur hér, ekki verið nokkur ró fyrir gestum.[2] Ég var að skrifa til Hafnar og fór alltaf úr einni stofu í aðra, ýmist inn á kontór ef gestir voru í daglegu stofunni, eða omvent. Það er svo margt aðkomufólk hér, sem þurfti að hitta á Vestu, og hefur beðið eftir henni marga daga.

Séra Árni Jónsson gengur hér út og inn --. Hann ætlar til Englands með nýju konuna sem hann giftist fyrir fimm dögum.[3] Þau voru hér til kvöld í fyrradag. -- Svo er séra Einar á Hálsi *(svili hennar)* að lognast hérna, blessaður maðurinn er svo einkar óupplífgandi.

-- *Verið er að mála húsið, lýsir því og litunum vel og bætir við:* -- þetta er stílað eftir því hjá Vathne, nú á allt að vera ónýtt, nema eins og hann hefur það. --

Við erum boðin um borð (í Vestu) -- og veit ég ekki hvað verður með saltfiskinn og séra Einar!! heima. --

Spyr hvort hún vilji ekki fá stóru kistuna sína til baka.[4] *Þau þurfa ekki að nota hana er húsrýmið eykst.* --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 10.4.1896.

-- Segir frá komu Eggerts bróður síns og heimsókn til Páls. Fóru bræðurnir saman að Hálsi og fagnaði Jóhanna systir þeirra þeim. Gengur vel og börnin þroskast. H.E.B. var hjá Páli á páskum.

Síðan tóku próf við og þar sem Hjaltalín var fjarverandi tók Stefán við hans greinum.

Álfheiður er með mikla ógleði, en skánar á milli![5] *Þorgrímur læknir er að fara og sennilega kemur Guðmundur Hannesson í hans stað.*

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 10.4.1896.

-- Þakkar fræsendingu og er búin að setja niður eitthvað en blómapottar fást ekki á Ak. Kvartar yfir velgju og skilur ekki í, það eina sem hana langar að borða er

---

[1] *Matthías og Páll lentu í rimmu. Séra Matthías fór órétt að, skv. áliti amtmanns, í sambandi við lýsingu brúðkaups. Páll gerði athugasemd, við eitthvað, sem hann taldi órétt. Við því brást Matthías af heift. Mér skilst að ekki hafi gróið um heilt milli þeirra, vegna þessa, og þó. Hef ég ekki aftur fundið frumgögn af þessari misklíð, sem var varla alvarleg, nema að því leyti sem séra Valdimar, frændi hanns, lýsir henni.*

[2] *Þau eru enn ekki flutt í nýja húsið.*

[3] *Séra Árni Jónsson var þá prófastur S. Þing. og prestur á Skútustöðum. Hann var ekkill. Nýja konan var Auður Gísladóttir og áttu mörg, merk börn. Hann hafði verið alþm. Mýramanna og síðar S.Þing.*

[4] *Þetta mun kista úr búi Sigríðar og séra Tómasar Sæmundssonar, með ártalinu 1826. Nú í eigu Páls Ásgeirssonar.*

[5] *Eitthvað hefur líffræðiþekkingin verið skrítin á þessum tíma. Elsta barn þeirra hjóna fæddist 7.12. Sams konar atvik átti sér stað þegar voru í Kaupmannahöfn árið 1900, þegar Friede Ingibjörg, móðir mín kom undir.*

-- kríuegg.[1] Það er líka það sem hægast er að veita sér eða hitt heldur. Kannski smábatnar þetta aftur og ég verð eins og nýsleginn eirskildingu --

Þau undirbúa gerð nýs teppis á stofugólfið, búin að útvega mikið af þræði, fyrirvafi og hafa ákveðið liti og nú munu stúlkurnar í húsinu og grannkona byrja að spinna. Svo segir frá málningu og frágangi hússins.--

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 12.4.1886.

Segir frá syninum. (Nú er farið að nefna Valdimar Sigurð, Sidda, eins og gert var upp frá því.) Segir vandræði hjá Elínu því ein stúlkan í skólanum fékk taugaveiki og lögð á spítala. Taugaveiki víða. Fáum dögum síðar fékk Sæmundur blóðspýting og verið lengi rúmfastur. Ekki víst hve lengi hann lifir.[2] Erfitt fyrir hana að sjá fyrir þeim báðum ef hann verður lengi veikur. Segist hafa verið við kennslu í saumaskólanum. Hjálmar? hefur haldið tónleika og gerir ekki illa. Aumingja Þorlákur (Johnson?) hefur verið slæmur í vetur og er það mjög erfitt fyrir aðstandendur. Er í rúmi vegna bakverks.

Séra Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda. 18.4.1896.

Ræðir norðurferð sína en virðist vera hikandi .

-- Þú færð víst skrifað úr Reykjavík af veikindum Tómasar mágs okkar og var það lán í óláni fyrir hann að komast til læknanna *(Guðmundanna)* í Reykjavík sem nú eru víst bestu læknar okkar lands. Annars var Tómas á batavegi þegar skrifað var. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 25.4.1896.

Ræðir veikindi sonarins unga og hefur áhyggjur. Verið mikið á Ak. hjá Páli og Álfh. Ógleði veldur henni ama. Hús þeirra er að verða tilbúið og er málari frá Húnavs. að eikarmála svo fallega að annað eins hefur ekki sést. Fór að Laugal. og heimsótti Valgerði og Jóhönnu. Þær fara til Rvíkur eftir skólaslitin, síðan norður að Bægisá en í haust munu þau Jóhanna væntanl giftast.

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 27.4.1896.

-- Ástarþakkir fyrir þitt elskulega bréf -- þó fréttirnar sem það færði væru engan veginn svo gleðilegar sem ég gat óskað; ég get ekki neitað að mér brá í brún við það, bæði að heyra um veikindi aumingja Tómarar, sem kom mér svo á óvart, þar sem ég nýlega fékk frá honum skemmtilegt og fjörugt bréf -- Guð gefi að hann fengi bót á heilsunni aftur; ég þrái ekki lítið að frétta frá ykkur næst, þó líklega megi ég bíða heilan mánuð eftir því. --

Svo voru ekki fréttirnar frá Odda ekki öllu minna *overraskende.* Sigríður skrifaði mér, en nefnir hreint engan lasleik, eða neitt í sínu bréfi; og sömuleiðis Skúli manninum mínum, og meira en tíu dögum áður en barnið fæddist, gat það ekki verið, en úr bréfi frá Ólafi til Páls fréttum við þetta, en svo ógreinilega að við vitum varla hvort það er drengur eða stúlka[3] og hvort leið vel eða illa og hvort það er drengur eða stúlka og hvort leið vel eða illa; eftir að frétta um það megum við hinkra við í mánuð. Mér þykir þagmælskan vera í óþarflega hárri tröppu -- Það verður líklega minna úr heimsókninni til okkar í sumar fyrst svona var, en, en um það er ekkert að tala, ég lifi í voninni til næsta sumars, ef ég fæ líka að sjá Dísu hjá mér bara ef það færi ekki *overstigende* líka. --

Fjallar enn um þrálát uppköst em hún vonar að lagist! Verið er að mála húsið þeirra sem gengur erfiðlega vegna rigningar, en búist við að flytja í byrjun maí. Bíður eftir lit í gólfteppið. Seldi heilmikið af blómstufræi.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 4.5.1896.

-- Halldór er meiddur í fingri. Þeir Stefán vinna í prófunum fyrir Hjaltalín. Fer síðan með skipi. Páll er fluttur í húsið nýja. --

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 4.5.1896.

-- Okkur líður fremur vel, ég er aldrei vel frísk, en er þó rólfær. Í gær seldi ég öllu upp jafnóðum og ég borðaði og borðaði svo jafnóðum aftur, og sagði maðurinn minn að það hefði verið tap, en það mun nú ekki vera mikið að marka það!! Annars lifi ég eftir ráðum Thormanns (?) gamla sem er eini læknirinn sem við hérna brúkum, ég er hálfleið á því með köflum, að þetta „*vrag*“ hann Þorgrímur skuli ekki vera kominn margar þingmannaleiðir frá okkur fyrir löngu, svo maður hefði fengið eitthvað skárra í staðinn -- Jæja ég er samt að vona þetta skáni smátt og smátt, og þá gleymir maður strax hvað oft það hefur kvelið mann.

---

[1] *Þórhildur Pálsdóttir (Líndal) fæddist 7. des. s.á.*

[2] *Sæmundur Eyjólfsson, maður hennar, dó 18. maí.*

[3] *Guðrún Sigríður Skúladóttir, f. 21.3.1896, d. 19.6.1920.*

Loksins er teppisefnið komið upp hjá vefaranum, eftir hálfan mánuð telur hann að hann verði búinn. Ég var að segja við stúlkurnar um daginn, þegar ég var að lita þráðinn: "Nú ætti mamma mín að vera komin og sjá hvað dóttirin er kotroskin við litinn í fyrsta teppið sitt". Ég má til að segja þér dálítið af því hvernig það gekk fyrir mér. Ég ætlaði svosem að hafa þrjár gulbrúnar *scatteringar,* og svo svartan tein báðum megin, en hvítan í miðið. Svo löbbum við bæði hjónin snemma morguns í einmuna veðri inn á Akureyri og ætlum að kaupa lit. Ég geng búð úr búð og fæ loks gulbrúnan fyrirtaks lit, og svo dökkan annan, og hafði svo hugsað mér að fá miðlit með því að bæta dálítið út í þann ljósa. Svo set ég upp stærðar látúnspott og byrja nú á að lita þann gulbrúna, en þegar ég er búin að sjóða hann stundarkorn, sé ég að hann muni ætla að taka á sig annað gervi en *prövan,* svo ég gríp snögglega tvær hespur í viðbót og lita svo miðhlutana (sem meira átti að vera af) í snatri, svo læt ég hespurnar, sem ljósastar áttu að vera, ofan í löginn, og sýð þær eins og hinar, og þá kemur ljós litur, einkar laglegur, og svo ekta að ekki sá á höndunum okkar og var þó oft undinn upp spotti! meðan á lituninni stóð. Svo litaði ég dekksta litinn daginn eftir, því þetta þarf svo mikla suðu að tíminn entist ekki meiri daginn þann, og hreint sami litur eins og sá sem átti að verða gulbrúnn, en varð of dökkur, svo við sóttum fljótlega eitt bréf af kaffibrúnu og bættum út í og þá kom snið á allt saman.

Ég ætlaði að hafa breiða svarta teina báðum megin við dekksta litinn, en okkur þótti það verða svo dökkt svo ég tók helminginn af því garni og litaði það orangegult, og það var mikið fyrirhafnarminna, því sá litur var eins og fyrir sunnan í bréfum, en hitt var óhræsis þakfarvi.

Þú getur nú nærri ég er forvitin að sjá hvernig allt tekur sig út, en mér líkar ekki hvað lítið vefarinn varpar, því það er lausara en fyrir sunnan. Páll hafði reiknað allt út upp á alin og vefarinn sagði hann hlyti að kunna að vefa, þegar allt var svo útreiknað.

Þú ert víst orðin leið á þessu teppisrausi, mamma mín, en þú mátt til að forláta mér þó ég sé svo langorð; það er svoddan *begivenhed* fyrir mér að koma upp 56 álnum af teppataui.

Líklega flytjum við á fimmtudag eða föstudag inneftir og vildi ég þá óska að ég yrði ekki eins og vella í rúminu. Snorri uppástendur að það geti orðið fyrr, en það get ég ekki skilið, því mér finnst margt handtakið eftir, sem þarf að gera áður en við komum.

Helstu frétti sem ég get sagt þér er það að Hálfdán frændi Guðjónsson hve vera nýtrúlofaður, er það dóttir Júlíusar læknis, Leopoldina, 17 ára gömul;[1] það bætist einn unglingurinn við í heimilið og væri óskandi að hún yrði meira drífandi húsmóðir en systur hans, því aldrei kemst hann út í kirkjuna á sunnudögum fyrr en kl. tvö, sökum seinlætis heimafyrir. --

Segir frá gullnámu, fiskgengd í Pollinum fyrir framan húsið þeirra.

Séra Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda. 12.5.1896.

Fjallar að miklu leyti um innheimtur fjár sem PEB átti hjá ýmsum í sýslunni er hann fór þaðan, einkum Magnúsi Torfasyni sýslum. sem tók við og keypti jörðina Árbæ. Þá er rætt um sölu á fjárstofni P.E.B. og fyrirhugaða norðurferð þeirra hjóna, og séra Ólafs bróður Álfheiðar og Sigríðar í Odda og séra Skúla.

Sigurður E. Briem[2] skrifar Páli E. Briem. Ísafirði. 13.5.1896.

Búinn að afhenda Hannesi Hafstein embættið en þarf að vera eitthvað áfram vegna skuldamálaferla. Býst við að heimsækja bróður sinn í júní.

Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda, 17.5.1896.

Gerir grein fyrir uppboði á búfé P.E.B. og ýmsum munum frá Árbæ og ráðgast um eftirstöðvar. Segist senda Ingimund Benediktsson með hestana í júní.

Ræðir lát Sæmundar Eyjólfssonar mann Elínar E. Briem.

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 26.5.1896.

Þakkar fréttir þótt ekki séu allar góðar t.d. dauði Sæmundar Eyjólfssonar mágs hennar, manns Elínar Briem, og mislíkar að systkini Páls láti hann ekki frétta slíkt.

-- hann sagði á hinn bóginn að sig furðaði það alls ekki með séra Eirík bróður sinn, því hann ætti ekki til mikla nærgætni. Halldór og Susie eru eins og smákrakkar í öllu, en Elín, auminginn, hefur ekki haft rænu til þess.

Ég var að stinga hendinni í minn eigin barm og hugsa mér hvernig ég bæri það ef ég hefði misst minn hjartkæra mann svona fljótlega, guð gæfi það yrði ekki upp á sama máta.

[1] *Þau áttust ekki. Þóra Leopoldina átt síðar Guðmund Björnsson sýslumann í Brogarnesi.*

[2] *Sigurður E. Briem var þá settur sýslumaður á Ísafirði.*

Þegar ég hreyfi mig byrja ég að kúgast aftur. Það komu svo margir gestir í gær, ekki minna en ellefu, og ég var á svo mikilli fart, því held ég það hafi nú komið því ég hef verið svo einstakt brött langan tíma, síðan ég fór að lifa eftir Thornam (?) gamla. *Men hovmod står for fald!*

Guðmundur Hannesson kom hér í gær ásamt Togga gamla *(Þorgrími)* og Sigurði Hjörleifssyni, svo ég sagði þegar ég opnaði: *Já, já, full forstofa með læknum* og Guðmundur sagði að nú væri gerandi að verða lasinn, en ég hélt við værum ekki upp á hann og hans kollega komin, því við værum stálhraust; en á þetta hefur það vitað. Hans var sannarlega þörf hingað, því hann hefur aldrei frið, nótt né dag og gerir margt sem okkur hinum þykir kraftaverk, til dæmis eins og að sauma föst nýru í fólk og fleira af líku tagi.[1] --

Álfheiður Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 16.6.1896.

-- ég sárskammast mín „*innaní*“ mér hvernig ég meðhöndla þig hvað bréfaskriftum viðvíkur --. -- nú gengur ekki að öðru fyrir mér en svara hinum og þessum yngismeyjum um hálft landið uppá bréf þeirra viðvíkjandi því hvort þær mundu geta komist að kvennaskólanum hérna rétt eins og ég væri þar hæstráðandi --

Ég hef verið kafin í gestum þessa seinustu tíð, amtráðskallarnir voru fimm daga að flækjast fyrir mér og svo voru mágarnir[2] eins og mý á = *noksagt*!![3]

Paulus minn biður um þakklæti fyrir myndina sem honum þótti æði vænt um -- og prýðir kontórvegginn hans --hann kemst meira að segja ekki til að safna ístru einusinni. --

Páll E. Briem til Álfheiðar Briem. St. að Ljósavatni. 24.6.1896.

-- Þakka þjer fyrir seinasta kossinn; jeg fylgdi bátnum með augunum yfir að bryggjunni og svo gat jeg eigi fylgt þjer lengur með augunum, jeg fór svo eins og leiðir liggja yfir Fnjóská, sem var nokkuð djúp, að Hálsi, þar sem jeg drakk kaffi og tók Bleik undir koffortin og fór svo hingað að Ljósavatni og hef haft góða nótt hjá Páli Jónssyni. Jeg fór á fætur svo snemma kl. liðlega 6 að fólkið náði mjer ekki með þvottavatn og það varð mjer fyrir góðu því að fyrir það sama fór jeg hjer upp með læk og baðaði mig eins og jeg var í því inndælasta morgunveðri sem hægt er að hugsa sjer. Veðrið er að eins fullheitt fyrir hestana, en jörðin grær. Hjer á Ljósavatni er mjög laglegt kringum bæinn. Fagurt tún og ljómandi fallegur stór lækur sem má veita um allt. Það var verið að þvo ull á túninu í gærkveldi og hreinsa og yfirhöfuð svo sveitalegt hjer, sem framast mátti verða.

Nú slæ jeg botninn, en bæti að eins við, að jeg ætla í dag kringum Mývatn að Skútustöðum og gista í Reykjahlíð. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Reykjahlíð. 25.6.1896.

-- Nú er jeg kominn að Reykjahlíð og fer hjeðan kl 8½ að morgni og ætla jeg að Möðrudal í dag. Í gær fór jeg veg, sem hvorki jeg eða Guðmundur þekktum, nefnilega yfir Mývatnsheiði að Gautlöndum og Skútustöðum og var mjer tekið þar mikið vel. Veðrið var undurgott. Hitinn var mikill og mývargur hinn versti, svo að hestarnir ætluðu að verða vitlausir. Rjett áður en við ætluðum að fara frá Gautlöndum hlupu þeir af stað til að forða sjer og var verið allt að ¾ tíma að ná þeim aptur. Nú er aptur á móti sunnangola og enginn mývargur. Hjer er nógur silungur og egg og get jeg ekki neitað því, að jeg hef tekið freklega til matar míns á kveldin.

Í gærdag var með fallegustu dögum, sem jeg hef haft á ferðalagi. Þegar jeg var á Mývatnsheiði blasti við á móti mjer risavaxin Herðubreið og mikilfengleg Dyngjufjöll, -- nær vísuðu manni veginn einkennileg og skipulega vaxin fell, Sellandafjall og Búrfell, sem líkjast hvort öðru og eru lík öðrum Búrfellum á landinu. En Bláfjall er stærra, með snarbröttum klettahlíðum sem taka á sig dökkbláa skugga, en þegar niður af heiðinni (kemur) sjest Mývatn spegilfagurt með fagurgrænum nesjum og hólmum, toppmynduðum eyjum, klettasnösum og hraungígjum.

Nú er matur á borð borinn og þá er mál að hætta. Jeg hef skrifað þetta á hnje mínu og verður það því að fyrirgefa skriptina. Heilsaðu Dísu og Kristni. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiðar Briem. Egilsstöðum á Völlum. 27.6.1896.

-- Jeg vil óska að miði þessi hitti þig fríska og glaða og svo hann komist einhverntíma til þín. Jeg ætla að senda hann með póstinum, sem á að fara á mánudaginn frá Seyðisfirði, en nú er klukkan að ganga 6 á laugardagseptirmiðdegi. Jeg er nýkominn hingað, og býst við að Eggert bróðir minn komi hingað í dag, en þá hitti jeg svo á að húsbóndinn er upp á hálsi að búa til kindahús og konan liggur á sæng, því hún átti barn á þriðjudaginn; barnið fæddist, að jeg held, rjett í sömu andránni sem við fórum í bátinn við Laxdalsbryggju.

---

[1] *Þessi tískuaðgerð átti eftir að koma nánar við sögu Álfheiðar.*

[2] *Sennilega Halldór E. Briem og séra Vilhjálmur E. Briem.*

[3] *Ekki meira um það!*

Þótti þjer það ekki merkilegt?

Þess vegna hef ég ekki fundið hjer neinn, sem er kominn til vits og ára nema eina konu eða stúlku í dagtreyju (eða máske nátttreyju), sem er mjög viðkunnanleg. Hún hefur svo mikið að gjöra, að jeg sit hjer einn að skrifa, en auðvitað útvegaði hún mjer áður en jeg settist við skriptirnar vatn til að þvo mjer úr og blek til að skrifa með. Jeg fór í fyrramorgun frá Reykjahlíð, en þegar jeg kom austur að Jökulsá, þá var þar sjera Ásmundur Gíslason og kona hans nýgipt; jeg bað hann fyrir brjefið til þín og vona að það hafi komið með skilum. Síðan fórum við Guðmundur heim að Grímsstöðum, fengum leyfi til að hestarnir stæðu í túninu og kaffi handa sjálfum okkur. Vorum svo nóttina í Möðrudal og fórum næsta dag (í gær) að Hofteigi og hafði jeg þar góða nótt og borðaði þar kálfasteik með miklum ákafa og þar á eptir sveskjugraut með rjóma og sykri. Í gær borðuðum við nestið að mestu leyti. Eggin voru ágæt og smjörið og ostarnir og kringlurnar, en hitt læt jeg vera. Þetta er annars auma slúðrið. Hestarnir eru ágætir. Guðmundur segir að Ljettfeti sje mikið fíólín svo sem hann kveður á. Hann má heita orðinn bráðvakur, en alltaf er hann dálítið pratalegur.[1] -

Lagarfljót er hjer rjett upp að hlaðvarpanum; það er ákaflega breitt og sund landa á milli. En klárarnir voru snillingar að synda. Eggert[2] er ekki kominn enn þá. Jeg ætla að setja kveðjuna í brjefið þegar hann er kominn.

28.júní. Þegar jeg var að enda í gær kom Eggert neðan af Seyðisfiðri og var nú hvítari en í vetur og kominn með yfirskegg. Hann biður kærlega að heilsa. - Þegar við vorum háttaðir kom Jón[3] læknir frá Hjarðarholti og ætlar norður til Akureyrar og því sendi jeg þessa línu með honum. Jeg fer á Eskifjörð í dag --.

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 2.7.1896.

-- Segir frá ógleði sinni og læknishjálp Guðm. Hannessonar við henni! Hann gaf henni dropa en sagði að ef þeir dygðu ekki mætti hún búast við þessu til nóvemberloka![4] --

-- Annars er Gvendur okkar mjög elskulegur og altillegur í viðmóti og ég vildi óska að Lína[5] mín hefði svolítið af fjörinu úr honum, mér þykir hún alltaf nokkuð dauf, tetrið. Annars er ég hrædd um að seinasta kastið, sem ég fékk, þegar Dísa var komin, sé allt að kenna súkkulaðinu sem við höfum fengið dag eftir dag í heilsunarvísittum!! Það er ekki lítið sem blessað fólkið tekur manni vel, og í gær vorum við beinlínis boðnar út, en ætlum á morgun, ef ég verð brött, já fyrr má nú vera *forliebelsi* í manni. --

Segir af komu þriggja eftirlitsskipa, Heimdallar, Ingólfs og Svansins og eru einhverjar skuldbindingar öllum fylgjandi, en húsið reyndist húsbóndalaust. Þorgrímur læknir er að fara suður og síðan til náms, og -- sagðist ekki koma hingað framar nema kannski í höfnina!! því fólkið fyrir sunnan væri miklu betra en hérna. Sagði ég það hverju orði sannara, við værum einstakt vænir sunnlendingar! Aumingja kallinn --

Segist hafa beðið Völu Zoëga, sem seinna átti Einar Benediktsson, um útréttingar til að létta á Þórhildi. Saknar vinkvenna sinna, ekki síst Guðrúnar Tulinius[6] *sem er niðurdregin þar sem maður hennar* -- skyldi ekki vera lengur en mánuð í bindindinu.

Sendir mynd af þeim hjónum

-- ég er eins og servantur en Paulus minn sem brennisteinsspýta.[7] --

Álfheiður Briem skrifar Jóni Helgasyni. Oddeyri. 10.8.1896.

Gat ekki skrifað fyrir gestagangi þar sem skip var í höfn.

-- og um kvöldið - já, þá var -- annað upp á teningnum, með landshöfðingja og landlækni, auk 10 annarra til kvölds uppá besta mat og púns á eftir fram á nótt. Ditlev og Gústa[8] bæði til miðdags og kvölds, og Gústu sem næturgest. Það hefði nú auðvitað ekki verið svo erfitt ef ekki hefðu verið gestir fá því um morguninn, því fyrst kom Bremnes, með einhvern frænda Páls um morguninn, svo rétt á eftir Thyra, og Vesta síðan um kl. 1 og þá var bara blindös hjá okkur. Komu 11 á sama klukkutímanum, já, það er betra að hafa húspláss, sérstaklega þegar skipin eru hér, því þá veit ég oft ekki hvort ég er á hóteli eða á mínu heimili.

---

[1] *Baldinn (hestur).*

[2] *Eggert E. Briem, bróðir hans var að taka við sem sýslumaður Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði.*

[3] *Jón Jónsson (1868-1942) þá héraðsl. á Egilsstöðum. Um skeið kláðalæknir í austuramtinu, síðast tannlæknir og tannsmiður í Rvík.*

[4] *Sennilega með hæðnistóni! Þórhildur dóttir þeirra fæddist 7. des.*

[5] *Karólína Ísleifsdóttir (1871-1927) prests Einarssonar á Stað í Steingrímsfirði og Gróu Sveinbjarnardóttur.*

[6] *Guðrún Hallgrímsdóttir (1875-1954) Sveinssonar biskups, aldavinkona ÁHB. Kona Axels Tulinius sýslumanns á Eskifirði.*

[7] *Eldspýta.*

[8] *Ditlev Thomsen (1867-1935) kaupmaður í Reykjavík, giftur Ágústu (1877-1951) dóttur Hallgríms Sveinssonar biskups.*

Ég get nú lítið sagt í fréttum, nema að í kvöld vorum við að hirða töðuna okkar, og geturðu rétt svona ímyndað þér hvort ekki er annríkt í Hvammkoti, líklega verða það að öllu samantöldu, já, ég meina náttúrlega baggatölu og þessháttar allt að 5 baggar af nokkuð vænu bandi!! Dísa og vinnukonurnar binda og Kristinn fer á milli, nefnilega veltir böggunum niðraf brekkunni og ofaní lautina! Paulus minn leysir svo úr á eftir, ef hann kemst til þess í kvöld fyrir póstönnum, en ég gef töðugjöldin, súkkulaði og fínabrauð og grogg á eftir; manni þykir nú nokkuð frá þegar heyskapur er úti!! Ekki þarf að kvarta yfir þurrkleysinu, einmuna blíða síðan sláttur byrjaði --

Við hérna höfðum heldur ánægju af komu Odda og Hraunshjóna[1] -- hvílíkt líka grín, það var svo dæmalaust yndislegt veður, sem þau höfðu alla ferðina, og þeim þótti Eyjafjörðurinn líka æði laglegt pláss, með spegilfagran Pollinn og Vaðlaheiði iðagræna, já, það er nokkuð fyrir þig Jónki minn að gera ódauðlegt á pappírunum, sýndu nú rögg á þér og kondu að sumri, að sjá hvað við höfum það dæilegt í Hvammskorti. Ég held það sé ekki mikið að skreppa með familíuna, þegar beinar ferðirnar eru á milli. Ég skal hreint ábyrgjast að ykkur finnst túrinn borga sig, eftir því sem öðrum líst á sig, og hver hefur nú augun opin fyrir náttúrfegurð, ef ekki það skulum við taka ykkur svo vel, að það verði ykkur minnisstætt; hvernig líst mágkou á það? Og litla púddan ykkar, sú skal vera velkomin til töntu Öllu, að ég ekki nefni gamla onkel Pál, sem elskar svoleiðis fólk.

Umhugsunartíminn er nógur allan veturinn og ef þið meldið ykkur með vorinu skulum við hrópa bæði bravó og húrra, séra Eiríks sakna ég aftur á móti mjög lítið, þó ég sjái hann ekki fyrr en um aldamótin, hann er líka viss með að þekkja mig ekki.

Nú er Matthías okkar búinn að senda son sinn til Hafnar og geturðu nærri að þar fengu fleiri buddur hér á Eyrinni skarþefinn[2] af, en hans eigin; þarna gekk hann frá manni til manns og sagði:

„Heyrðu elskan mín, nú gengur ekkert að mér nema peningaleysi, hjálpaðu mér nú um fáeinar kringlóttar, elskan mín, það er synd að láta strákinn fara með tóma vasana“.

-- Það var okkur til góðs að hann er á kanti við Pál úr því hann leyfir ekki lagabrot,[3] hvert ofan í annað, og því urðum við laus við hans betl. Það er leiði maðurinn og æði lúlalegur *character* í honum. --

Séuð þið svo í glóandi guðs friði. Paulusinn minn sendir sínar ástugustu kveðjur --

Séra Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda, 16.8.1896.

-- Segir fréttir, einkum af heilsu Sigríðar Helgadóttur konu sinnar sem er nýkomin úr siglingu til lækningar. Á meðan hefur móðir hans annast hússtjórn.

Hvetur PEB til að fara í skuldamál við Magnús Torfason sýslumann sem ekkert hefur borgað í tvö ár sem áskilið var í kaupsamningum. --

Sigurður E. Briem[4] skrifar Páli E. Briem. Ísafirði, 25.8.1896.

-- Gat ekki útvegað P.E.B. lán en ætlar sjálfur að lána honum 5 þús. kr. Segist á leið í Húnavatnssýslu, að því er virðist til að ná spiki af klárunum sínum![5]

Páll E. Briem til Halldórs E. Briem. Akureyri. 28.8.1896.

-- Eins og þú veist er verið að byggja hjer leikhús, en eptir því sem mjer heyrist, þá eru margir argir yfir tilhöguninni og að jeg held enginn ánægður, og muntu þá víst kannast við, að það muni þá vera líkt og sumt annað hér um slóðir. Sigurður Thoroddsen var hjer á ferðinni; honum hafði eigi litist á brúarstæði hjá Lóni, en betur á Helguhyl fyrir norðan Möðruvelli, eru menn farnir að kurra út af því. ---

Susie Briem skrifar Halldórs E. Briem. Rvík. 6.9.1896.

Segir Margréti Arnljóts (séra A. Ólafssonar) hafa verið hjá sér, sé trúlofuð Marinó Hafstein, og á leið norður (dó skömmu síðar). Kveðja til Páls og Álfheiðar, segist skammast sín fyrir að skrifa henni ekki. Á því verði breyting.

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 16.9.1896.

Sendir 400 kr. sem söfnuðust til skyrktar þeim sem urðu fyrir tjóni í jarðskjálftunum í Rangárvallasýslu og Skúli í Odda, mágur þeirra hafði með að gera.

---

[1] *Það voru systi hennar Sigríður, Ólafur og þeirra makar frá Odda og Stóra-Hrauni.*

[2] *Fá skarþefinn: Kenna á afleiðingum e-s./lykt af skari/brunnum kveik.*

[3] *Vísar til lýsingarmálsins sem séra Matthías firrtist yfir.*

[4] *Sigurður var þá settur sýslumaður á Ísafirði.*

[5] *Eitthvað mun hann hafa haft af umnoðs/innheimtustörfum líka.*

-- þegar pósturinn kom með bréf til konu minnar, sá ég að tjónið af jarðskjálftunum myndi vera afarmikið, nema brugðist yrði við og hjálpað. --

Skrifaði hann því til bæjarstjórnar, presta og hreppstjóra - og skoraði á sýslumenn að stofna samskotanefndir.

-- Þegar maður er langt frá þeim mönnum (sem hafa fjör og sannan áhuga) þá getur maður skilið harmatölur Óvids yfir fjarveru frá Rómaborg. -- bréfin þín eru bæði sögulega afar mikils virði og svo sýna þau mikla sál, eins og hún er, og er þess vegna eitt af því er sýnir, hve sálarlífið er og hefur örvandi og hvetjandi áhrif á skildar sálir.

Móðir mín minntist oft á afa þinn sem framúrskarandi manns; hún fór eftir því sem henni hafði fundist þegar hún sá hann og heyrði, og síðan ég las bréf[1] hans get ég svo vel skilið slíkt.[2] Þú hefur haft mikið að gera síðan í fyrra að við kvöddumst. Ég vonast til að þú eigi ofbjóðir þér. Þú átt mikið starf fyrir hendi og þarft að gera mikið, og einmitt þess vegna þarft þú að spara kraftana nokkuð; þeir eru svo fáir sem hafa hæfileika til starfa að andlegum framförum þjóðarinnar; og svo eru svo margir og margt til að tefja, að ekki veitir af að þeir verði sem langlífastir og endist sem lengst, sem geta og vilja starfa í þá átt. -- ég hef reyndar ýmislegt (fleira) að skrifa þér og jafnvel til að vera þér ósamdóma um Pál Sigurðsson og séra Matthías, sem mér finnast ekki einu sinni geta heitið únítara, en neita þó ekki guðdómi Jesú, heldur viðurkenni hann stundum. Að minnsta kosti finnst mér þetta um séra Matthías, sem fyrir hálfvelgju sína er mjög óþægilegur prestur. --

Skilar kveðju frá systrum sínum og segir Þórdísi enn fá verki í anlitið. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 26.9.1896.

Segir ferðasögu að sunnan og situr nú við bréfaskriftir hjá Páli bróður sínum. Kom við á Álfgeirsv. Ólafur var upptekinn í heyi. Fór til Goðdala og var séra Vilhj. kátur að fá konu sína. Þegar kom til Möðruv. var honum sagt að Hjaltalín kæmi ekki fyrr en í vor. Tóku þeir Stefán á sig kennslugreinar hans. Var St. óánægður fyrst. H.E.B. fær herbergi niðri og tekur á sig eftirlit.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 6.10.1896.

-- Lýsing á umsýslu í Rvík, slátrun fjár PEB, málshótun Magnúsar Torfasonar sýslumanns gegn P.E.B. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 12.10.1896.

-- Fjármálaumsýsla fyrir P.E.B. -- Eitthvað stóð til með starf S.E.B að póstmálum. Hafði hann fengið styrk til að kynna sér þau mál á Norðurlöndum.

-- Satt að segja kvíði ég fyrir því að setjast á kontór í Kaupmannahöfn. Ég hef lengi lifað svo *bevæget liv*[3] og verið minn eigin herra --

Segir af breytingum Elínar á húsi sínu.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 31.10.1896.

Ræðir heimilið og Sidda litla. Einnig breytingar sem maður Elínar gerði á húsi sínu. Segir frá skólapiltunum. Starfið mikið, fyrst 5 tíma kennsla og síðan eftirlit alla daga. Stefán kvartar, en hann losnar við eftirlitið, er í búskap á móti. Fellur vel að búa í þessari góðu stofu. Nemendur eru 39.

Segir Stefán hafa reist gott hús í Fagraskógi og þau efnist vel þar með börnunum fimm.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 1.11.1896.

Segir frá enskukennslu. Segir að Miss Crotty hafi farið í ferð að Reynivöllum (í Kjós). Síðan er liðinn mánuður og hefur hún ekkert heyrt frá henni. Ræðir um bræður H,E.B,, Sigurð og Gunnlaug.

Gunnlaugur E. Briem skrifar Haldóri E. Briem. Hafnarf. 2.11.1896

Ræðir samskipti HB við Stefán kennara. Gott að vel fer um Pál og gaman væri að sjá húsið hans sem margir láta mikið af. Segist hafa veið lasinn en að skána.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 24.11.1896.

Segir Hjaltalín hafa komið í heimsókn eftir útlandaferð og var elskulegur og glaður. Segir Stefáni St. hafi mislíkað að H.E.B. hefði verið skipaður aðalkennari; en var ánægður með bréf sem H.E.B. skrifaði, en

---

[1] *Jón Helgason var að gefa út bréf Tómasar afa síns Sæmundssonar.*

[2] *Ingibjörg Sverrisdóttir Briem (1827-1890) var frá Kollabæ í Fljótshlíð og var 10 ára þegar séra Tómas Sæmundsson dó á Breiðabólsstað.*

[3] *Fjöl- margbreytt.*

skildi ekki hvað hann átti við um bréf sem St. hafði skrifað.

Siddi litli var mjög ánægður með Hjaltalín.

-- You remember Johanna[1] who was Tryggvi´s houskeeper. Well, she came up with "Vesta" and brought a little boy with her named Olafur Tryggvason and very much like Tryggvi.[2] --

Miss Crotty var ekki nema mánuð á Reynivöllum, kom aftur og býr hjá Havstein (líkl. Hannesi). Talar mikið við enskumælandi vinkonur og miss Crotty. Svo kennir hún ensku. Þá segir hún frá hörðum dómi Einars Ben. um leikrit skólapilts sem svo hafi gert árás á hann (ekki fullskilið og ekki veit hún hvort satt sé).

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 27.11.1896.

Ræðir í bréfinu einkanlega um samskot þeirra norðanlands vegna jarðskjálftanna í Rangárvallasýslu. Þá ræðir hann um kirkjuleg mál vegna skrifa séra Jóns Bjarnasonar, sem lengst var prestur í Ameríku.

-- Ég legg hér innan í 80 kr. sem tillag til járngrindanna um grafreit föður þíns sáluga.[3] --

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 29.11.1896.

Segist vera orðin þunglamaleg og ódugleg en frísk. Páll er með langvinnt kvef og hæsi og vonar að það fari að batna. Gekk kíghósti í Eyjafirði og ýmsar varúðarráðstafanir gerðar vegna hans, sem þó er óvíst hvort fylgt sé. Kristinn stjúpsonur hennar fékk hann. Lína læknis hefur verið rúmföst í mánuð eftir að hún átti stúlkubarn. Álfheiður þorir varla út vegna hálku en maður hennar --

-- er samt stundum að narra mig út, af því ég hefi svo gott af því, segir hann.

Hefur verið að taka ofan af ull sem kom frá Árbæ, en er lítt nothæf. Reynir að vinna hana og leggja inn í búðina, en taka aðra óhnökraða út sem vinnustúlkurnar geti unnið við. --

-- Það er mörg búmannsraunin fyrir manni. --

30.11. -- Feðgarnir eru í skírnarveislu hjá sýslumanni[4] og stóð nokkuð til fyrir Kristin litla á nýju skónum -- og svo á að vera betra kvöldknall á eftir. Ég hef verið vita rjómalaus í dag, því frúin grátbændi mig um það sem mögulegt væri og var það ekki nema skylt þegar svona stóð á. --

Hefur enga húshjálp fengið enn.

Álfheiður Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 29.11.1896.

Segir hrakfarasögu ýmissa bréfa sem hafa strand og gleymst hér og þar. Lýsir harðindum og þau fari lítið út vegna veðurlagsins.

-- maður er eitthvað svo andlaus hérna á Eyrinni. -- Kallinn minn kæri situr á kontórnum frá morgni til kvölds. Í gær var hann að skrifa dálitla athugasemd við skammagrein frá sóknarprestinum okkar góðfræga, sem alltaf er að narta í hann, en er þó fyrir löngu búinn að biðja hann forláts á öllu sínu stagli og óforskömmugheitum, en sættin er nú svona, það er auma persónan, og ef ég mætti ráða skyldi hann aldrei koma inn fyrir þessar húsdyr til þess að gera prestverk, með allar sínar lygar og fals og má það heita aumt að hafa þetta fyrir prest..

Annars er bæjarlífið hér svo einkennilegt, að ég hefði aldrei hugsað að það gæti verið eins, metingur milli manna, lygasögur og slúður, og þarafleiðandi stefnur.

Seinast í gær stefndi Havsteen konsúll konu hér í bænum fyrir að hún hefði sagt að konan hans og vinnukonan hefðu flogist á, og hefði líklega margur heldur látið það detta niður en fara fyrir sýslumann, en svona gengur allt hér, og flestar lygarnar eru frá þeim kæra *consul* og svo séra M. sem ekki veit hvenær hann segir satt og hvenær ósatt. --

---

[1] *Jóhanna Jónsdóttir mun hafa eignast son Ólaf Tryggvason (1890-1913), fæddan í Árósum, og hún sagði son Tryggva, og hann viðurkenndi með semingi. Jóhanna dó úr tæringu, 42ja ára 1910. Ólafur sonur hennar dó á Vifilsstöðum 3.3.1913. Þetta yfirsást okkur sem að samningu og útgáfu Briemsættar stóðum árið 1990. Ekki sá ég tilvitnað bréf Susie Briem fyrr en löngu síðar, og veitt því þá ekki athygli, sem staðreynd. Sama ár (1990) kom fjórða bindi ævisögu Tryggva Gunnarssonar út. Ég heyrði harðorða gagnrýni höfundar þessa bindis ævisögunnar í garð okkar Briemsættarsögumanna fyrir að hafa yfirsjés þetta. Reyndar kom í ævisögunni fram að hann hefði átt fleiri börn, sem við líka létum ógetið um. Sjá IV. bindi ævisögu Tryggva Gunnarssonar eftir Bergstein Jónsson (bls. 541 og áfr.). Ég hóf skráningu á bréfasöfnum þessum í handritadeild Lbs. 2006 og þá hafa þessar upplýsingar komið fyrir augu mín, ég skráð þær, án þess að veita þeim athygli, fyrr en nú (2017). Ég vek athygli á að bæði þessu umtöluðu rit komu út sama ár.*

[2] *Tryggvi Gunnarsson bankastjóri. Það sem Susie segir um líkindin er góð vísbending um faðernið. Íslendingabók skráir Ólaf sem son hans.*

[3] *Járngrindurnar eru nú horfnar, ef þær hafa þá nokkurn tíma verið settar upp.*

[4] *Klemens Jónssyni. Barnið var Agnar Stefán sem dó á fjóðra ári.*

Nýjustu frétti úr borginni hérna og það er búið að koma upp heldur höfðinglegum lugtum hér um strætin og finnst Eyfirðingum það heldur munur, og ekki mjög fráleitt að fá sér neðan í því, þegar maður þarf ekki einu sinni að vera hræddur um að detta í sjóinn framar, þó gerði einn undantekningu hér -- og fór á höfðinu oní flæðarmál og héldu sumir að það hefði verið af ofbirtu, þó mér finnist maður geta horft upp, án þess að fá svima af ljósinu. Nú er það einasta leiða við þessar framfarir í bænum, að allir vilja eiga hugmyndina um þessa uppljómun og rífast oft um það, ekki síður en annað sem hér kemur fyrir.

Það var hálf hlægilegt í haust, þá höfðu þeir fund, allir prelátar staðarins, um það að koma á nokkurs konar klúbb, þar sem svo átti að halda ræður, fyrirlestra og þess háttar. Stakk læknirinn fyrstur upp á þessu, en þegar hann var búinn að skýra frá þessu upp á það besta, hélt öll bæjarstjórnin, hver af öðrum (og þeir eru ekki færri en átta) langan kapítula um það, að þeir hefðu hver fyrir sig haft þessa "idé" lengi í höfðinu og læknirinn mætti ómögulega hugsa, að honum einum hefði dottið þetta í hug, og Friðbjörn okkar Steinsson endaði fundinn með einni af sínum, oft makalausu ræðum, og sagði auðvitað alveg það sama og allir hinir voru búnir að segja, en frumkvöðullinn (Guðmundur) hafði sagt eitthvað stórt, og að þremillinn[1] mætti koma með uppástunguna í sinn stað.

Það setti heldur hreyfingu í Kristins litla *"fantasi"* ritgerð Þórðar *(Tómassonar)* frænda í "*Verði ljós*", þar sem stóð að Kaupmannahöfn væri að afkristnast, það leist honum heldur illa á og fór undireins að spyrja mig, hvort það væri allt satt sem stæði í "*Verði ljós*", því þar hefði þetta staðið, og þá hélt hann strax að íbúarnir í Kaupmannahöfn yrðu eins og Tyrkinn heiðni og vondi, og honum er ekki verr við aðrar þjóðir, svo ég mátti taka á allri minni mælsku til að skýra þetta fyrir honum, þangað til hann sannfærðist, blessaður litli stúfurinn.

Þú ættir að sjá með hvaða andagt hann les "*Verði ljós*" og þarf svo alltaf að benda okkur á allt sem þitt nafn er undir, af því að það sé eftir "*bróður hennar mömmu*" og kallar það allt ræður!!

Ég er búin að slúðra. Kysstu Maríu og Anní rembingskoss frá mér, það er að segja ef þú ert ekki kvefaður og órakaður í viku, eins og minn kall, sem situr hérna hjá mér og les allt sem ég set á pappírinn. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum 30.11.1896.

Samgöngur, skólamál. Séra Matthías var sektaður um 33 kr. fyrir að gifta eftir aðeins tvær lýsingar.[2]

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri, 30.11.1896.

Segir frá stofnun búnaðarfélags fyrir norðan. Spyr hvort Torfi geti ráðið þeim hvar sé best að kaupa plóg og herfi. Spyr um mann sem hafði verið hjá T. í skóla og þeir fyrir. norðan hafa hug á að ráða til starfa.

Ræðir fjárkláða og böðun sem allir hunsi. Biður hann um ráð.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.12.1996.

Segir af drengnum þeirra og að lokið sé byggingu glæsilegasta hússins í bænum, Iðnaðarmannahússins v. Lækjargötu, þ.e. að utan.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. London, 3.12.1896.

Segir frá London, hátíðahöldum við borgarstjóraskipti. Segist á leið til Khafnar með skipi.[3]

Páll E. Briem skrifar Halldóri Briem. Akureyri. 20.12.1896.

-- höfum eignast dóttur[4] sem er orðin hálfsmánaðar í fyrramálið. -- Kona mín klæddist í gær og hefur verið á fótum í 4 kl.tíma. --

[1] *Skollinn.*

[2] *Dró það nokkurn dilk á eftir sér.*

[3] *Sigurður E. Briem hafði fengið styrk til að kynna sér póstmál erlendis og varð póstmeistari næsta ár.*

[4] *Þórhildur fæddist 7.12.1896.*

1897

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyr. 2.1.1897.

Hefur verið hjá Páli um jólin og þeir bræður talað mikið um skólamál og hagmál. Verið að undirbúa leiksýningar, m.a. á Skugga-Sveini.

Segir frá fæðingu dóttur Álfh. og Páls (Þórhildur 7.12.). Álfheiður komst á fætur fyrir jól. Mest verið heima, en heimsótt séra Matthías.

Þú sérð í Stefni að deilur eru milli Matthíasar og Páls. Leiðinlegt að það skyldi verða, Matthías virðist telja sig undanskilinn lögum.

Kristjana G. Hafstein skrifar Susie Briem. Ísafirði 2. jan. 1897.

Óskar gleðilegs nýárs og segist oft hugsa til hennar og litla prinsins. *Hugsar að hann*

-- muni vera orðinn stór og skemmtilegur, farinn að vrövla mikið og slengja saman ensku og íslensku -- *eins og* -- konuefnið hans er farin að vrövla.[1]

Var svo smellin að koma með eina stelpuna enn, 20 merkur.[2] *Segist aðeins einu sinni hafa spilað l´hombre síðan mamma hennar fór, það var á balli í Hring-klúbbnum okkar þar sem hún kaus fremur að spila en dansa,*

-- maður *er gaaet bag af dansen* í seinni tíð.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.1. 1897.

Segir að hún hafi farið með Sidda í jólatré, hann farinn að tala. Lýsir fallegum fötum sem Kristjana Havsteen hafði sent henni.

Segir Elínu systur hans hafa í kennarafélaginu haldið fyrirlestur um skóla sinn. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 12.1.1897.

-- Ekki máttu byggja neitt upp á mig með ritgerðir í tímarit þitt. Ég ætla mér ekki að verða neinn rithöfundur og treysti mér ekki til þess.[3]

Þeir vilja láta mig vera við *póstvæsenið* heilt ár. Ég hef verið á litlum kontór út við tollbúð og þykist hafa þar ofurlítið að gera af því ég nenni ekki að stúdera nema praktískt. -- hlakka til að koma upp í *generalsekretariatið*. Þar fær maður yfirblik yfir það allt saman sem gengur fyrir sig í póstmálum.

Óskandi væri að herra póstmeistaranum þóknaðist að fara að taka sér hvíld, en það gerir hann víst aldrei fyrr en hann má til. Hann verður að safna handa sínum fríðu dætrum og gáfuðu sonum.[4] Ég er að hugsa um að taka mér tíma í nýju málunum;[5] einn póstmeistari verður að minnsta kosti að kunna að telja á þeim.

Valtýr þykist hafa góðar vonir með að koma sínu stjórnarskrármáli í gegn á þingi í sumar, en satt að segja skil ég ekkert í ef þingmenn vilja gefa upp stjórnarskrámálið á þann hátt. --

Lýsir efasemdum sínum um frumvarpið.

-- Hlægilegt væri ef Skúli og hinar hyggnu leifar, gæfu upp stjórnarbótarmálið gegn öðrum eins hégóma. --

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 29.1.1897.

-- Af okkur hérna er nú allt það ágætasta að frétta, guði sé lof. Við erum öll vel frísk og litla Þórhildur Briem stækkar og fitnar ósköp, hún þarf líka matinn sinn og nægir engan veginn það sem hún fær hjá mér svo ég gef henni pela á daginn með, en svo hefur hún nóg af brjóstinu á nóttunni og það þykir mér ógn þægilegt, því ég hef engar tilfæringar til að hita á, hún hefur miklar mætur á pelanum og hann skal ekki súr upp í hana koma ef

[1] *Hér mun hún eiga við Þórunni dóttur sína, síðar Kvaran.*

[2] *Það var Sigríður (1896-1983), er átti Geir Thorsteinsson útgerðarmann.*

[3] *Sigurður virðist ekki hafa skrifað mikið. Hann endaði samt með að skrifa ágæta minningarbók, sem var full af skemmtilegum sögum og frásögnum, en lítt persónuleg.*

[4] *Póstmeistari var og hafði verið um fjölda ára Óli P. Finsen. Hann var þá veikur og var settur maður fyrir hann. Þegar Sigurður var skipaður póstmeistari kom í ljós sjóðþurð sem mun hafa náð til lengri tíma. Ekki var getið um misferli, frekar um hirðuleysi.*

[5] *Nýju málin: Enska, þýska og franska.*

ég fæ nokkru ráðið.

Við létum skíra hana rétt sex vikna gamla, og óska ég og bið til guðs að hún mætti líkjast ömmu sinni og nöfnu í sem flestu, þá værum við ánægð, hjartans mamma mín. Við köllum hana *Hildu*, því það er í mannsins míns augum það fallegasta nafn og svo rétt af nafninu dregið.

Þegar hún var skírð, ég hafði fyrir löngu ætlað mér að gera dálítið middagsgildi daginn þann, en það fórst fyrir því Einar mágur minn og Jóhanna[1] komu *niðreftir* og hann gat ekki komið aftur seinna til að vera skírnarvottur, svo við létum gera það einum degi eftir að þau komu, en þó var bæði stuttur tími fyrir mig, og þar að auki engan mat hægt að fá, hvorki kjöt né fisk, eða rjúpur. Það fékk besta súkkulaði með *rjómaskúmi*[2], allslags brauð, heldur vellukkað, þó bakarofninn væri óþægur við mig, þá bjó ég til fyrirtaks *vandbakkelsi* og *figurköku!!* sem ég hafði í heilu líki á borðinu, puntaða mjög svo laglega með rjóma og *syltetöji*. Svo fékk kvenfólkið ananas á eftir og *champange*, ég held það væri fullgott á miðvikudögum! Mikið óskuðum við Paulus minn að þið heima hefðuð verið komin, það er svo undarlegt þegar maður hefur einhvern sérstakan hátíðisdag, að hafa tómt vandalaust fólk hjá sér og það flest fólk sem maður á ekki neitt vel saman við.

Jóhanna[3] hélt undir skírn en ég spilaði sálmana og söng fyrir. Bæjarfógeti[4] og séra Einar voru skírnarvottar og svo voru ókunnugir, auk Þorbjargar og Gunnu Borgfjörð.[5] Stepensenshjón, Laxdalshjón, prestshjónin[6] og Júlíus og Ragnheiður.[7]

Mig langaði nú mest til að séra Matthías kæmi hvergi nálægt, en Paulus vildi það nú ekki, og þá lét ég það svo vera enda var Matthías svo upp með sér, því hann var á glóðum að við mundum ganga framhjá sér vegna skammanna úr honum við Pál.[8] --

31. jan. -- Við hjónin vorum á *concert* í gærkvöldi og skemmtum okkur svona nokkuð vel, en söngurinn var nú nokkuð svona mislukkaður, þó mér detti ekki í hug að láta slíkt uppi hér, ég er hrædd um að þá yrði einhver *fornærmaður*. Það má segja að þar syngi hver með sínu nefi, það á svo bágt með að vera samtaka og samróma, en ekki er leyft af rómnum, þarna beljar hver í kapp við annan, eins og heilsa og kraftar leyfa. --

Segir frá kíghósta sem er að ganga og er hrædd vegna Hildu litlu. Sumar konur ráðleggja Álfheiði að fara suður með hana; það þykir henni barnalegt að skilja litla Kristin eftir og Pál. Treystir guði.

-- Við höfum verið að kynna okkur skipaferðir í sumar -- ég held að sumarferðirnar (að sunnan) séu bara mjög hentugar, sérdeilis fyrir eldir konur!![9] --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 29.1.1897.

Segir frá skírn hjá Páli sem hann gat ekki verið við vegna veikinda. Sóttkví er á vegna kíghósta. Virðast þau H.E.B. og Susie vera að velta fyrir sér norðurflutningi og byggingu. Teikning sem gerð var virðist gæti hafa þýtt 4.000 kr. hús. Það þykir öllum of mikið. --

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum. 9.2.1897.

Biður um útvegun dýralækningarbókar vegna pestar í fé.

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 22.2.1897.

-- Hjartkærar þakkir fyrir ástúðlegt bréf með síðasta pósti. Hann var kærkominn, eins og vant er, karltetrið, þó hann kæmi eftir dúk og disk, hann er ekki vanur að vera *præcis*,[10] svo við megum taka á allri þolinmæði, þegar maður vonast eftir honum árangurslaust í fleiri daga.

Frá okkur hérna er all hið inndælasta að frétta, við erum öll vel frísk, guði sé lof, ég hef verið slæm af hálsbólgu en er nú orðin góð aftur. Hilda mín hjartkæra er orðin svo stór og myndarleg, að það er hreinasta yndi að sjá, hún er líka alltaf svo frísk, elskan litla, og er ánægjan með tilveruna mikil hjá henni, hún hlær og hjalar framan í alla, og þó er hún aldrei eins kát og þegar hún er komin til pabba síns á morgnana, þegar ég fer

---

[1] *Séra Einar Pálsson og Jóhanna E. Briem frá Hálsi í Fnjóskadal.*

[2] *Þeyttur rjómi.*

[3] *Jóhanna prestfrú á Hálsi, kona séra Einars, systir Páls.*

[4] *Klemens Jónsson.*

[5] *Þorbjörg Stefánsdóttir (1866-1902) kona Klemensar og systir hans Guðrún Borgfjörð (1856-1930) höfundur: Minninga G.B.*

[6] *Séra Matthúas Jochumsson og Guðrún Runólfsdóttir.*

[7] *Júlíus Sigurðsson, amtsritari og síðar bankaútibússtjóri og Ragnheiður Benediktsdóttir Sveinssonar sýslumanns.*

[8] *Séra M.J. var dæmdur fyrir brot á lögum eða reglugerð um lýsingar, tók það illa upp gagnavart Páli, eins og hann réði því.*

[9] *Þórhildur Tómasdóttir var 62ja ára og átti 26 ár ólifuð.*

[10] *Stundvís.*

á fætur. Nú er maður svo sem farin að fara ofan eins og manneskja og skenkja kaffið sjálf. Þykir mér það skemmtilegra en bíða eftir Línu minni með það, hún er aldrei neitt fljót í ferðum. Hún Lína ætlar að setjast að hér á Akureyri og kenna skræðasaum og skal lukka til ef það verður arðsamt fyrir hana, hún saumar einstakt vel, en er óbærilega sein. Því hef ég fengið stúlku úr Fnjóskadalnum og aðrar úr Hörgárdalnum, báðar hjartanlega óvanar, en fullkomið fólk fæst ekki, allra síst hér um pláss, það fer mest á firðina og svo sveltur það á veturna, það er bági tíðarandinn, ég segi það satt!

Steinunn ætlar að vera í kaupavinnu í sumar, en „*í læri*“ í vetur, þá held ég verði nú kunstbroderað, sitthvað ekki sem allra náttúrlegast. Hún fékk 3 vikur í vetur til að menntast, og var menntunin í því innifalin, að sauma sér söðulsessu með kúnstsaum, og má segja um sessuna þá, að þar er allt fullgott í skítinn, en á Oddeyrinni ætlaði fólk sem sá dýrgripinn hreint að „*dåna*“ að því hvað þetta væri náttúrlegt; ég fyrir mitt leyti þykir hálfleitt að vita af gripnum í húsinu. Steinunnn mín er sannarlega betur fallin til að búa til mat og gera hreint í stofum, heldur en brodera og læra landafræði, því hún er einstök eldakona og dæmalaust áreiðanleg og „proper“ í mesta máta og ég fæ víst seint stúlku, sem ég felli mig betur við, þó mér þyki hún vilja koma uppá keipa, með því að vera alltaf að hossa henni og sleppa henni aldrei úr höndunum, ef ég hefði það eins við hana mundi ég aldrei geta snert á nokku handtaki að gera, en þegar þær eru hvergi nálægt hef ég alla mína hentisemi, lofa Hildu að sprikla í vöggunni, og yrði á hana þess á milli, og er ég viss um að henni líður alveg eins vel eins og þó væri verið að hossa henni og sýna alla mögulega hluti. --

Ekki ætlar ólukkans kíghóstinn að breiðast út í bænum, og er það sannarlega gleðilegt, það er okkar duglega lækni að þakka, því hann hefur gengið vel fram í því. Það er skrýtið að sjá hann, þegar hann er sóttur í kíghóstabæ, fer hann í strigaföt, sem burstuð eru úr karbólvatni á hverjum degi. Hann er óttalega reiður við landlækninn út af því að hann skipaði að leysa allt bann, það sé ekki til neins. Hér hefur verið samgöngubann og þakkar það hver maður því að hóstinn er nú að hverfa, hvað sem svo Jónassen okkar segir, Annars er von að Guðmundi okkar sárni svoleiðis ráðstafanir, því hann veit alveg eins vel og landlæknirinn hvort hægt er að stoppa hann hérna.

Annars er læknirinn okkar einstakt ötull og duglegur og í okkar augum er ekkert að honum nema trúleysið, eða hvað maður á að kalla það, og það vill hann alltaf vera að þrefa um; ég vildi óska að hann ætti konu líka Siggu systur, sem bæði hefði vit og þrek til að mótsegja honum; ég skal þora að segja að það kæmi honum ofan af þessum grillum öllum.

Séra Davíð prófastur hitti hann á götu, eftir að litla telpan þeirra dó[1], og svo kom hann hingað og fór að segja okkur, og hefði honum ekki þótt guð vera góður að taka barnið þeirra, lét séra Davíð sér fátt um finnast og sagði sér þætti mikið ef hann væri ekki dálítið geggjaður; hann tók það nú svona. --

> *Er ekki vel ánægð með hve stúlkurnar í húsinu láta mikið með Þórhildi litlu, hampa henni og skemmta meðan Álfheiður kýs heldur að láta hana vera í vöggunni og* yrða á hana öðru hverju. --

-- Við eigum að fara að fá nýjan bakara hérna, gamli Schiöth er orðinn svo lasinn að hann treystir sé ekki lengur, sonur hans sem verið hefur og er á Eskifirði kemur líklega hingað í staðinn og hve hann vera góður bakari, en faðir hans segir um hann að það sé: *Kjedeligt med greyið Axel, han er sådan en Socialist!!*

Brauðin smitast vonandi ekki af honum, og þá er nóg, en annars er ógn leiðinlegt að maður skuli aldrei geta fengið neinar kökur hér, þó manni liggi á. Tveim dögum áður en Hilda var skírð kom sýslumannsfrúin og Guðrún í *visit* og ég átti ekkert með kaffinu, því ég ætlaði að baka daginn eftir; ég mátti því gera svo vel að láta Steinu búa til pönnukökur upp á íslensku, og var það hálf napurt, þó þeim þætti þær betri en öll önnur bakkelsi!

Hilda sendi ömmu góðar kveðjur og segist nú geta látið upp í sig pelann sjálf, þó hún hitti ekki alltaf beint á munninn. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 22.2.1897.

> *Hjaltalín kominn og H.E.B. aftur fluttur á efri hæð. Ræðir spilamennsku S.B. og er á móti því að spila upp á peninga þótt ekki sé um háar upph. að ræða. Sjálfur spilar hann ekki, er bara inni hjá sér alla daga, situr og situr. Stefán er að byggja við hús sitt.*
>
> *Sóttkví aflétt milli Möðruv. og Akureyrar og guðsþjónustur teknar upp á ný. Segir frá leiksýningu. á Ak. Lífið á Möðruv. fábreytt. Dans á laugard. en mjög fáar stúlkur. Eftir sóttkvína fjölgar þeim þó. --*

[1] *26. des. 1896.*

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 22.2.1897.

Biður T. um plóg og herfi. Ekki hefur starfsmaður enn verið ráðinn. Nóg væri að gera. Menn farnir að vakna þótt enn slétti flestir land með skóflum. "Mönnum hér og í Þingeyjarsýslu líkar illa við mig að ég skuli eigi stöðugt vera að dást að framförum þeirra og menntun."

Segir frá fjárkláðamálinu sem tekur mest til hans. Fjárkláðinn nær frá Húnavatns.s. til N. Þing. Á sama tíma er Englendingum talin trú um að hér sé enginn kláði. Í Þing. baðaði amtráðsmaður Jón í Múla lömb og var hissa á að þau dræpust ekki.

Benedikt á Auðnum skammast út af málinu og Benedikt Sveinsson skrifaði Páli til að sanna að kláðinn sé ekki næmur o.s.frv.

Þingeyingar lesa realistiskan kveðskap, heimspeki, sósialistísk rit o.s.frv. en um þetta vita þeir ekkert. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 23.2.1997.

Segir af Elínu Stephensen og sjúkdómi hennar. Guðm. Magnúss. reyndi rafhlöðu, electric battery, *við hana. Treystist ekki heilsu vegna til að taka að sér hlutverk í leikriti.*

Elín systir H.E.B. hefur mikið að gera, er þreytuleg. Skóli hennar hefur mætt andstöðu úr ólíklegustu átt.

Eiríkur Briem hélt fyrirlestur f. troðfullu húsi. Segir frá Miss Crotty, sem ætlar norður í vor. Óskar að hún megi dvelja hjá Páli og Álfheiði. Hefur haft mikið gagn af dvölinni á Íslandi. Fáir vilja tala við hana íslensku, allir vilja bæta enskukunnáttu sína.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn, 28.2.1897.

Finnur enga bók eða efni um erfðafestu. Segist ekki geta notað bókasöfn því hann vinni þegar þau eru opin. Óskar til hamingju með fæðingu dóttur. Veit ekki hvað hann eigi að gera óvissutímann þar til hann kemst að í Rvík sem geta orðið mörg ár. Saknar hesta sinna. Er mest með yngri íslendingum. Íslendingafélagið er orðið hálf danskt og fínt. Á ekkert sameiginlegt með póstmönnunum.

Hefur áhyggjur af heilsu Gunnlaugs bróður þeirra, hefur talað við lækni um hann sem vill að fá hann til rannsóknar.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 15.3.1897.

Fór í heimsókn að Bægisá og segir frá því sem Valgerður sagði um vinasamband séra Theodórs og dóttur hennar en Jóhanna er í Rvík. Skrifaði Páli um hvort þau vilji skjóta skjólshúsi yfir Miss Crotty. Spyr hvernig SB myndi lítast á að byggja hús í Rvík.

Álfheiður Helgadóttir Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri, 15.3.1897.

-- Hvað nafninu viðvíkur þá bað Páll mig að geta þess, að hann hefði ráðið því engu síður en ég, og þætti það síður en ekki „*hvimleitt*". Það vantaði nú bara að hún dóttir okkar hafi hvimleitt nafn, ósköp er að heyra þetta, við erum svo stolt af þessu klassíska nafni á henni, hún er alltaf síhlæjandi og spriklandi, elskan okkar litla, og má heita sönn heimilisprýði - er svo spök og góð - og <u>jeg</u> segi vel upp alin --

Nú er eitt sem ég þarf að minnast á og ráðfæra mig við ykkur Dísu um. Halldór mágur minn skrifar okkur -- og erindi bréfsins er að biðja okkur um að taka enska dömu, miss Crotty, í *kost* og *logis* tvo mánuði sem hún ætti að dvelja hér fyrir norðan. Ég náttúrlega mundi ekki taka slíkt í mál ef ég væri ekki alltaf að bera fyrir brjósti ólukkans enskuna, sem ég endilega þarf að kunna að tala, og ef við tækjum hana í húsið held ég það gæti hjálpað talsvert upp á enskuna mína, en að fara að snúa upp og niður okkar kæra heimilislífi fyrir eina enska stúlku og ger það almennt, það dettur mér ekki í hug. Maðurinn minn vill alveg láta mig ráða hvort við tökum hana eða ekki, en ég veit svo lítið um stúlkutetrið nema hvað Susie og Halldór segja að hún sé ósköp blátt áfram en atkvæðalítil.

Þessvegna erum við að hugsa um að segja Susie, ef hún vilji ganga að því, að lifa uppá púra íslensku, þá viljum við lofa henni að vera í þessa tvo mánuði; hún hefur talað um að koma með Thyru 5. apríl og fara aftur í júní, en hamingjan má vita hvernig það gengur, hér er svo illt að fá mat um þetta leyti og versta er að svo stuttur tími fyrir mig að hugsa fyrir að fá frá Reykjavík ýmislegt sem mig vantar -- Svo fæ ég nú þessar vinnukonur í miðjum klíðum, svo ég er hrædd um að ég megi stöku sinnum fara í eldhúsið, ef vel á að fara. --

Okkur dettur auðvitað ekki í hug að taka kostpeninga af henni, það getum við ekki verið þekkt fyrir ef við ætlum að hafa gagn af henni með enskuna og þá getur hún ekki verið eins *fordringsfull*[1] við okkur. Mig langar til að biðja Dísu að komast eftir hvernig orð hún hafi á sér. -- Paulus minn vill láta mig skrifa þannig til ykkar,

[1] *Kröfurhörð.*

að ef ykkur lítist vel á þetta, þá segir Dísa við Susie já eða nei fyrir okkur og skrifi svo til mín, helst með einhverjum farþega, hvort hún sé með Thyru eða ekki og biðja þann hinn sama að koma bréfinu strax til okkar. Og ef þið alituð þetta ekki vera óvit af okkur og heyrðuð ekki neitt misjafnt um peyju! Þá þyrfti ég að biðja Dísu um að kaupa fyrir mig fínt *kex* hjá Ziemsen og eins dálítið af *syltetöji* -- svosem 4 krukkur og 10 af *forskellegu*!!? kexi heldur fínu. Ég get -- ekki deponerað peningum héðan af --

Eins ætlaði Páll að biðja ykkur að velja fyrir sig hjá Andersen tau í föt handa sér -- en ég þyrfti endilega að fá í föt handa mér. Ég vildi helst fá þunnt klæði. „*náttúrlega dýrt*“, segir Paulusinn minn, ég er orðin svo fatalítil, því ég hef ekki fengið nema eina peysu síðan ég giptist -- Má ég biðja þig, elsku mamma mín, að velja klæðið og flauel á peysuna fyrir mig hjá Thomsen og svo eitt *pænt* og fallegt lífstykki, ég get víst ekki verið að ganga í prjónakoti lengur, ég er nógu lengi búin að gera það. -- Þetta er orðið auma staglið -- ekki eru fréttirnar hvort sem er. Einn dagurinn líður öðrum líkur, á nokkurrar tilbreytingar. --

Litla elskan liggur hérna í vöggunni sinni við hliðina á okkur Páli og *pluðrar* mikið, ég held hún sé að biðja að heilsa ömmu sinni blessaðri; hún vex svo mikið að allt hennar smádótt er að verða of lítið -- sokkarnir sem fyrst náðu upp á mitt læri, ná nú rétt yfir hnéð. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 18.3.1897.

Ræðir húsnæðismál þeirra í Rvík og sendir teikningu af íbúðarhúsi. Hefur heyrt að Sigurður bróðir hans verði póstmeistari. Susie segir að fyrirætlanir Elínar um skóla mæti andspyrnu. Ræðir búsetu þeirra í sumar er hann kemur. Stefán Stefánsson og Steinunn eignðust dóttur á gamlárskvöld. Þetta var Hulda f. 1.1.'97.[1] *Klemens Jónsson heldur fyrirlestur eftir tvo daga.*

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 19.3.1897.

Ræðir húsnæðismál. Vinnustúlkan Massa er ófrísk. Segir frá Thorvaldsensfél. sem hefði aflað 800 kr. sem væri nóg til að halda súpueldhúsi opnu í vetur. Á því sé þörf því illa fiskist.

Finsen póstmeistari dáinn, býst við að Sigurður bróðir H.E.B. taki við. Elín búin að auglýsa skólann. Ýmsir á móti honum og S.B. telur að þar sem um einkaframtak er að ræða muni rekstur hans ekki takast. Elín ákveðin.

-- Ég vil ekki draga úr henni.--

Gunnlaugur E. Briem til Susie Briem. Hafnarfirði 27.3.1897.

Ræðir hestaviðskipti.

-- Eg er alltaf í rúminu, en þakka þér fyrir góðar óskir. Ég fer nú að rétta við. Guð blessi drenginn þinn. Vertu sæl. Þinn elsk. G.E. Briem. Kær kveðja frá Rikke.

Gunnlaugur E. Briem dó 24.8.1897 í Hafnarfirði.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 27.3.1897.

Biður hann senda sparifötin sín. Segir miss Crotty á leið norður og búi hjá Páli og Álfheiði.--

Bréfinu fylgir kvæði, þungar hugsanir, beggja blands, skírskotað til trúar á guð.

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 10.4.1897.

Þakkar bréf, matar- og fataefnissendingu, o.fl. Segir fréttir af dótturinni Hildu, sólskin hússins, sem miss Crotty sætir lagi á ná í og vastra *með; góð heilsa allra. --*

-- Af okkur hérna er það indælasta að frétta -- heilsan er góð og það er ekki lítil guðsblessun. Litla Hilda vex frá öllum sínum fötum og er búin að fá svo miklar kinnar að litla andlitið er orðið svo breitt og stutt, en ósköp sællegt (og fallegt náttúrlega!) Hún sefur oftast í einum dúr frá því kl. tíu á kvöldin til kl. 5-6 á morgnana, og þykir mér það heldur næðissamt - þó komi fyrir að hún vakni vekur hún pabba sinn aldrei með óhljóðum eða orgi. Hún er yfirhöfuð að tala sólskinið í húsinu og til skemmtunar, ekki hvað minnst miss Crotty sem sætir lagi að vastra með hana.

Við kunnum öll fjarska vel við *nefnda heiðursstúlku,* hún er elskuleg í viðmóti og laus við allt pjatt og vastur. Við fluttum okkur úr okkar svefnherbergi af því að gestakamesið er ofnlaust og svo er Júlíus þar oft að vastra í *arkívinu* sem liggur fyrir innan gestakamesið, en ég held að Crottan okkar hefði ekki kunnað við að sjá Júlla labba í gegn hjá sér á hvaða tíma sem var. -- Hún les upp á kraft næstum allan daginn og talar næstum æfinlega íslensku svo ég er viss um að henni fer vel fram. Ef við ekki verðum uppiskroppa með mat handa henni þykir mér ekkert að því að hafa hana, en ég dekra ekkert við hana, þvíég get það ekki hér. --

[1] *Hulda Stefánsdóttir, lengi skólastjóri, rithöfundur o.fl.*

Telur upp þann mat sem hún hefur fengið í hádeginu:

Mánudag: sagovelling, steiktan rauðmaga.
Þriðjudag: kirsuberjasúpu með bökuðu brauði, fiskfars með stúfuðum humar innan í hringnum og er það farsæll og ljúffengur matur!!
Miðvikudag: hrísgrjónagraut og kálfasteik.
Fimmtudag: brúnsúpu með makaroníi og fiskroulettum með kaperssósu.
Föstudag: hrísmelsgraut og bæuf,
Laugardag: brauðsúpu með rjómaskúmi og haccispæ úr kjötafgöngum (harla góður réttur)

Á morgun á hún að fá súpu og steik og eitthvað smávegis á eftir.

Segðu mér nú eitt mamma mín góð, finnst þér þetta ekki forsvaranlegt handa henni. Forláttu að ég er að tefja þig á að lesa um þennan mat, en mér fannst sem ég verða að makka við þig --

Miss Crotty virðist hafa búið hja Júlíusi Havsteen amtmanni í Rvík. Öfundar móður sína af öllum messunum í Rvík

-- er það munur en við hérna sem aldrei heyrum gott guðsorð, ég vildi óska að séra Matthías okkar fengi það *innfall*[1] að sækja héðan og við fengjum svo einhvern dálítið skárri prest í staðinn. Mín eina skemmtun hér eru Schousboes predikanir, sem maðurinn minn gaf mér -- þó ég fari í blessaða kirkjuna, þá verð ég svo lítið uppbyggð af því sem ég sé þar og heyri að ég held næstum því það sé rétt að sitja heima, það er líka oft svo kalt þar að ég er ísköld upp að hné, og þá fæ ég æfinlega hjartsláttinn gamla á kvöldin, sem annars er að miklu leyti búinn að yfirgefa mig.

Nú á að fara að vígja Breiðabólsstaðar *Björkka*,[2] hann fer með póstinum á morgun suður, hann bað mig um að láta sig bera bréf, en ég vildi það ekki, því ég veit ekki nema það komist til ykkar seinna en ella, því Björkki þarf nú víða við að koma í Reykjavík, þau ætla að búa á Laufási í vor og er það ekki mjög þægilegt íþessari fólkseklu, þau voru nýlega búin að vera hérna hjónin uppá súkkulade, svo ég gæti hugsað mér að hann hreytti ekki í mann ónotum á bakið, ef hann skyldi hitta einhvern í húsinu!! --

Ég er nú að spranga handa mér peysu fyrirpáskana, úr fína klæðinu sem þú valdir; heldurðu dóttir þín verði sjáandi mamma mín þegar ég labba suður fjöruna í nýju fötunum, ég held nú bara það.

Ég húki framaná rúminu mínu við að skrifa og hef kommóðuhornið fyrir skrifborð, svo það er ekki að búast við að stafirnir verði sem liprastir, ég hef ekki haft frið til að skrifa í dag fyrir gestum, og svo hef ég haft óþolandi tannpínu líka, sem er heldur betri núna, nú er friður og lítil Hilda steinsofnuð. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 13.4.1897.

Spyr um miss Crotty. Segir frá ensku Sidda litla og erfiðleika á að hann læri ensku af henni þar sem allir aðrir tali ísl. við hann. Ræðir húsnæðismál sín.

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 3.5.1897.

-- Ég sit með Hildu í kjöltunni að skrifa og hún vill alltaf þrífa í bréfið. Ég er nú búin að svæfa litlu jómfrúna. Stúlkurnar eru að gera hreint uppi á lofti -- er veðrið svo vont að það er verra en um hávetur.

Fröken Crotty hugsar til að fara að Grenjaðarstað 10. maí en við erum hrædd um að veðrið og færðin -- hana langar svo til að sjá sig um í sveitinni -- hún segist ekki vita hvað fólkið í Reykjavík hugsi; þegar hún hafi farið þaðan, þá hafi hún sagt að hún ætlaði að fá að vera viku hjá okkur, en nú sé hún búin að vera meir en mánuð --

Ég sagði henni að það segði bara: *"Ég er alveg hissa hvað hún miss Crotty tollir lengi á Akureyri, ég hugsaði hún væri búin að fá nóg af frú Briem eftir vikuna!"*

-- Blessuð stúlkan, hún er ósköp góð og viðfeldin alltaf, hún talar við mig ensku dálítið á hverjum degi. -- Hún segir að ég geti vel talað við útlendinga og hafi gott úttal --. Ég hef verið að kenna henni að merkja vasaklúta og handklæðin sín, henni þykir svo gaman að hafa allt merkt, því það hefur hún aldrei séð nema á Íslandi. Svo er hún líka búin að læra að hekla -- en annars kann hún enga handavinnu, nema stoppa sokka enda segir hún: *"*

Ég er svo glöð, svo glöð, að mér er ekki giptur, ég mundi týna allt í húsið, því ég er alltaf að týna vasaklútunum mínum og hönskunum!!" Ég hlæ mig oft þreytta á henni, hún er svo barnaleg í ýmsu.

Þykir Hildu enginn í heiminum eins skemmtilegur og bróðir hennar; hann er líka heldur góður við hana blessaður stúfurinn minn, Kristinn, og er skrýtið að sjá þegar hann er að tosast með hana í fanginu --.

---

[1] *Hugdettu.*

[2] *Björn Björnsson (1869-1923) hafði verið við verslunarstörf en var nú vígður prestur, fyrst aðstoðarprestur í Laufási og síðar sóknarprestur. Svo vill til að ég þekkti vel eitt barna hans, dr. med. Jóhanes Björnsson (1907-1966) lækni í Reykjavík.*

Ekki veit ég hvað ég á að segja um frænku litlu frá Hvítanesi, við vildum nú gjarnan lofa henni að vera vetrartíma, en þessi blessaði kvennaskóli hérna hefur ekkert gott orð á sér, stúlkurnar þar hafa alla mögulega ósiði í frammi, þær drekka og reykja, eru úti framá nótt og trúlofa sig í hverri viku; og þó ég ekki óttist neitt af þessu viðvíkjandi Svanhildi,[1] þá er ekki gaman að vita af þeim sem manni er nákominn í þessum selskap. -- Yfirhöfuð eru ungar stúlkur hér mjög óskemmtilegar og óskikkanlegar líka. --

Ætlar að kynna sér málið betur enda verður hún líklega prófdómari í skólanum.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn, 15.4.1897.

Segir frá starfinu í Höfn, við yfirstjórn og endurskoðun. Vill ekki fara heim fyrr en hann sé settur eða skipaður pótstmeistari. Ræðir fjárhagshorfur sínar og póstembættisins, þ.e. byggingu pósthúss sem sérstakl. verði nauðsynleg ef blöðum verður dreift af pósti.

-- Þegar þú sagðir mér af kvennaskólaslarkinu datt mér í hug diskussionin á Möðruvöllum í sumar þar sem Kl*(emens?)* og St*(efán?)* vildu drepa Ytri-Eyjarskólann margreyndan og langreyndan að góðu einu.

Elín berst hraustlega fyrir hússtjórnarskólanum. Ég álít það vel farið, því okkar land stendur ekki hátt í matreiðslu, þrifnaði og hússtjórn. Ég hef á mínum ferðum fengið lús, kláða; skemmdan og illa tilbúinn mat, enda þótt ég hafi jafnaðarlegast valið bestu bæina. En því hef ég tekið eftir að þessir óvættir flýja fyrir lærisveinum frá Ytri-Eyjarskólanum og auðvitað öðrum kvenmönnum sem hafa verið á góðum heimilum. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 4.5.1897.

Verið á Akureyri og hitt miss Crotty sem var ánægð með dvöl sína hjá P+Á. Hún var alltaf að reyna að tala ísl. en það snerist alltaf upp í ensku. Páli og Álfheiði líður vel og dóttirin þroskast og togaði í skeggið er ég tók hana upp, það féll mér ekki. Nú hefur hríð skollið á og er hætta á fjártjóni. Þó er verra fyrir norðan okkur. Í gær varð jarðskjálfti. Ekkert tjón varð hér, en hætta á slíku fyrir austan.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 6. maí 1897.

-- Jeg hef haft mikið að gjöra, loks kláraði jeg erfðafesturitgjörðina og svo stutta ritgjörð í búnaðarritið -- sem jeg sendi Hermanni. Jeg var að setja upp ofn (mjög torvelt að setja upp - í gær.) --

Rannveig Ólafsdóttir Briem skrifar Halldóri E. Briem. Winnipeg. 12.5.1897.

Þakkar bréf og mynd af Sidda og að H.E.B. skuli muna sig eftir þessi mörgu ár. Þykir lífið tilbreytingalítið. Þó má sjá á breytingar þegar litið er yfir langan tíma. Lýsir vexti Winnipeg og áhrifum rafmagns. Segir á fjórða þúsund Íslendinga í bænum, m.a. margt hans gömlu sóknarbarna. Lifir kyrrlátu lífi, þekki fáa og fáir vita af henni; ekki heilsuhraust og ekki spekúlera í neinu. Segir séra Jón (Bjarnason) vera aftur kominn til allgóðrar heilsu, fjörið og eldurinn sá sami og fyrr. Kona hans er sama góða konan og tekur þátt í störfum hans. Segist að lokum ævinlega þykja vænt um H.E.B.

Millin A Crotty skrifar Susie Briem. Ritað á Akureyri í maí 1897. [2]

-- Sjóferðin hingað var indæl þrátt fyrir mikinn ósjó. Við fundum fyrir skemmtilegum stormi á Ísafirði. Ég var eina konan á fyrsta farrými - eins og í Lady of the Arostock eftir Howell - nema að það voru þrír glæsilegir Bostonbúar um boð, einn þeirra hefði samkvæmt sögunni orðið ástfanginn af mér. Því miður verð ég að segja að ekkert tilefni var til ástleitni nema vegna lítils, já lítils, íslensks stráks á heimleið frá Kaupmannahöfn þar sem hann hafði dvalið tvö ár. Aðrir samferðamenn voru hávaxinn, heimskur kaþólskur prestur, sífellt flissandi við matborðið svo bekkurinn hristist svo ég skoppaði á honum, við það að missa jafnvægið. Þar var traustur Hannes Hafstein, danski kaupmaðurinn Popp frá Sauðárkróki, íslenskur ekkill frá Ameríku. Hann var óþolandi er hann kom til mín á öðrum degi, nefndi mig fröken Crotty og elti mig á röndum til að tala við mig.

Ég fæ ekki skilið hvernig honum tókst að hafa uppá nafni mínu, nema ef vera kynni hjá brytanum. Það myndi enginn með sjálfsvirðingu hafa gert. Ég lét hann finna til tevatnsins. Allir aðrir voru indælir. Ég féll fyrir skipstjóranum með fallegan unggæðingssvip, sjaldséðum nema hjá enskum - því miður einnig sjaldséðan með þeim. Hann sagðist sjá hve einmana ég væri á skipinu, gerði margt indælt fyrir mig eins og hann væri góður, hreinn Ameríkumaður - það er yndislegt.

Ég fór í land í Stykkishólmi með stúlku sem hefur verið hjá frú Eggerz í vetur og systur frú Magnússon sem gerði boð eftir mér að líta til hennar, sem ég gerði. Næsta morgun kom hún og dóttir hennar í heimsókn til mín um borð.

Skipstjóri sagði að ég gæti farið í land hvenær er ég vildi. Í Dýrafirði fórum við á seglbát, skipstjórinn, Rüder

[1] *Ólöf Svanhildur Einarsdóttir (1880-1965) frá Hvítanesi í Skötufirði. Þær Álfheiður og hún voru bræðradætur. Ólöf giftist ekki en ól upp börn, síðast bjó hún í Bolungarvík.*

[2] *Bréfið er skrifað á ensku.*

lautinant og ég. Skipstjóri vildi hitta Berg skipstjóra - ef það er nafnið - auðvitað vildi ég ekki fara með, en indæll stór, rauðhærður, gamall Norðmaður sem talaði smávegis ensku bauðst til að fara með og sýna mér hvalstöðina. Stóri gamli Norðmaðurinn leyfði mér að bíða í skrifstofu sinni þar til skipstjóri og Rüder lautinant höfðu lokið heimsókninni. Hann gaf mér appelsínu, lánaði mér vasahníf sinn og blað til að nota sem disk. Þetta var eins og í lautarferð.

Ég gleymdi að segja að í seglbátsferðinni var ég í loðkápu skipstjóra því kalt var, hitamælir stóð á 12 gr. og við þurftum að sigla á móti vindi báðar leiðir; siglingin tók 40 mínútur, ég var eins og ristuð brauðsneið þegar ég kom í hvalstöðina. Þar var bara skemmtilegt þegar ég hafði vanist hræðilegri lyktinni. Hvaltungurnar voru geysistórar, stærri en ég hefði haldið heilan hval; - nú trúi ég á Jónas!

Þegar við komum til Ísafjarðar fór litli íslenski pilturinn í land, kom aftur um kl. 11 til að sækja farangurinn. Hann sagði að mamma sín vildi gjarna hitta mig; sjálfur vildi hann sýna mér undur Ísafjarðar. Ég var ekki á því að fara með honum. Þá kom Vestur-Íslendingurinn og sagðist ætla í land, hann myndi gæta mín. Þá rauk ég upp.

Þú ættir á sjá mig reiða. Ég sagðist fullfær um að sjá um sjálfa mig í öllu sem fyrir kynni að koma án aðstoðar hans.

Ég þakkaði drengnum og sagði að ég myndi verða um borð. Þá var hann særður, nú nagar samviska mig, því þetta var indæll lítill piltur. Skipstjórinn bauð mér með sér í land. Vestur-Íslendingurinn ónáðaði mig ekki frekar.

Fjöldi fólks kom í öllum höfnum um borð; kom til mín til að spyrja hver ég væri og alls konar spurningar, sérstaklega um hvað ég væri gömul. Einn maður sagði að ég væri of ung til að ferðast svona ein. Annar spurði mig hvort ég væri íslensk. Þá varð ég móðguð og svaraði: "*Íslendingur!! Sannarlega ekki."* "*En þú lítur út fyrir að vera það*", sagði maðurinn, "*ég hélt að kannski hefðir þú búið í Ameríku eða Danmörku*". Kaþólski presturinn stóð hjá og þótti þetta mikill brandari. Hvað fólkið gat borðað og drukkið í skipinu! Þegar ég fór á Siglufirði upp á dekk til að drekka morgunkaffið mitt - því ég drekk morgunkaffið á dekkinu, ekki í reyksalnum. Það þótti körlunum skrýtið - skipstjórinn Rüders lautinant var hissa á svip þar sem þeir drukku kampavín með fína fólkinu, sem í kurteisisskyni hafði komið í árdegisheimsókn um borð. Hvílík blanda! Drykkja á þessum tíma!

Stundu síðar kom skipstjórinn út úr reyksalnum til mín á dekkinu, andvarpaði og sagði. "*Þetta fólk hefur undarlegustu hugmyndir um hvenær dagsins sé rétt að drekka*". Mér þótti snjallt af skipstjóra að vitna svo vel í Shakespeare. Við komum með prestinum heim til kaþólsks manns; þá var ég ein eftir á skipinu.

Þegar *hr. Briem* hafði fengið bréfið í hendur sendi hann mann og bát eftir mér. Er ég svo kom heim til hans var ég þreytt og syfjuð eins og ég hefði verið að drekka kampavín frá því fyrir morgunverð - og var full af hræðilegri heimþrá - verri en áður á Íslandi. Mig langaði til að halda áfram með Thyru til Englands - en fór ekki. Í staðinn fór ég að skrifa bréf með Thyru er átti að fara kl. 7 um morguninn.

Næsta morgun stóð ég við gluggann meðan ég var að klæða mig og horfði á Thyru - horfði aftur - og enn aftur -- og eitthvað fór að tútna í hálsinum. En ég kyngdi því og fór niður til morgunverðar.

Frú Briem gerði þau mistök að spyrja hvort mig langaði ekki til að fara aftur til Ameríku. Þetta gerði útslagið; ég byrjaði að skæla, tárin streymdu niður á eggið sem ég var að reyna að borða. Auðvitað hafði ég skilið vasaklútinn eftir á skrifborðinu, ég grét óstöðvandi, mági þínum til hróss og konu hans. Þegar Thyra fór jafnaði ég mig og mun ekki fá slíkt áfall fyrr en næstu skip koma og fara.

Ég hef fallegt herbergi sem veit út yfir pollinn. Hr. og frú Briem eru mjög góð og fjörug.

Ég hef heimsótt frú Havsteen og konu læknisins en ekkert frekar.

Það vildi ég að þú hefðir séð Lárus Bjarnason sýslumann í Stykkishólmi. Þú sagðir mér eitt sinn frá honum.

Hann var á skipinu til Stykkishólms; mjög glæsilegur var hann. Hann hafði klófest þilfarsteppi og gekk nú um þilfarið vafinn í það eins og indjáni. Þilfarsteppi eru fyrir þá sem liggja sjóveikir í þilfarsstólum. Stundum vefur fólk slíkum teppum um fæturna í köldum járnbrautarvögnum Það gerði Lárus ekki eða notaði teppið þannig; hafði sinn hátt á að nota það eins og indjánateppi.

Ég býst við að hann hafi verið ánægður með sig og því ætti það að gleðja mig. Ef þú hittir frú Eggerz eða Guðrúnu Jónsson; segðu þeim það úr bréfinu sem þú kýst. Hef skrifað fleiri bréf og er nú mjög þreytt. Þín einlæg --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn. 14.5.1897.

Er að fara á sýningu í Stokkhólmi, en fer heim 30.5.með Vestu. Segir að Dybdal hafi sagt við sig að enginn gæti --

-- konkurrerað við hann um póstmeistarann --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Khöfn, 23.5.1897.

*Gerir grein fyrir ýmsum útréttingum. Veit ekki enn hve lengi hann verður í Höfn. Þykir bróðir sinn ráðast í mikið en ætlar á Bókmenntafélagsfundi að reyna að útvega áskrifendur, en hj(væntanlega að tímaritinu Lögfræðingi.) Segist vera með gikt og vanti hest til að fá hana úr sér. Á reyndar **cycle**, hjólið er ekki eins gott og ísl. hestur.--*

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 25.5.1897.

-- Hilda er að taka tennur þessa daga og er óvenju rellótt. Crottuna okkar höfum við ennþá því þegar til kom hafði hvorki Solveig Eggerz né aðrir skrifað til Grenjaðarstaðar og þegar séra Benedikt gamli fékk bréf frá frk. Cr. varð hann og allt hans heimafólk og ættingjar í báðar ættir svo frá sér numdir að klerkur settist niður og skrifaði snarlega að hvorki matur né húsakynni væru boðleg svona stúlku. Svo hún er kyrr enn, en hugsar mikið uppá séra Árna á Skútustöðum. Ég skil nú ekki að það gangi því Árni er nýgiftur, og ég held vel giftur, en Missuna langar svo mikið að *lifa í Mývatni dálítinn stund* áður en hún fer. -- Pálus minn fór nú með miss Crotty út að Möðruvöllum í morgun, því hún þurfti að finna Stefán. -- Miss Crotty er held ég ógnar klaufi að ríða. --

Mér þótti Dísa heldur skrifa mér fréttirnar -- Ég óska þér og henni innilega hjartanlega til lukku. -- Það lá við að ég dytti ofan af stólnum þegar ég las bréfið og ég steinhætti við silunginn sem ég var að borða. Mér þykir Sigurður alltof ólaglegur handa Dísu minni, en sjálfsagt er hann vænn maður og þá gerir hitt minna til.[1] --

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri, 27.5.1897..

Nú er Benjamín (maðurinn sem Torfi útvegaði) kominn og farinn að plægja. Ræðir fjárkláðann, grein Magnúsar Einarss. dýralæknis og grein Sigurðar á Ystafelli um sama.

Segir frá Lögfræðingi, miklu starfi og erfiðleika að fá yngri menn til að skrifa. Jón Magnússon og Gísli Ísleifsson voru búnir að lofa yfirliti um dóma, en brugðust. Svo eru erfiðleikar með prentarann. Segir frá greininni um ágang búfjár o.fl.

*Ræðir heyleysi og baráttuna gegn lögum um það, í nafni **frelsis**. Heyleysið er mikið en ekki nóg til að sannfæra menn. Ræðir af miklum áhuga um stofnun allsherjar búnaðarfélags. Sagðist skrifa Havsteen amtmanni um að amtsráðin styðji stofnunina með því að mæta til fundar 5. júlí. Ekki verði gengið svo langt að ekki geti allir stutt málið.*

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 28.5.1897.

Kristni gekk prófið vel. Er að láta girða lóðina og prýða kringum húsið. Leitast við að fá lóð fyrir H.E.B. Fór með miss Crotty út að Möðruvöllum. Ekki er hún mikil reiðkona, en kemur til.

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 28.5.1897.

-- Hér hefur verið sífelldur gestagangur í allan dag, en nú er dálítið fjarað út, því tvö skip eru farin, *Hjálmar* og *Bremnæs*. Nú eru búnar að koma fjórar ferðir, kassinn okkar gat komið með, en hann er ókominn ennþá, og það eru sannarlega ekki við ein sem verðum fyrir þessu, nei öll Akureyri gerir ekki annað um þessar mundir en skamma "*Vestu*", Thomsen og allt sem þeim báðum viðkemur. -- Það er verra ráðslagið, og þó verst það að Bremnæs sem átti að flytja vörur og farþega úr Vestu og í, kom of seint og Vesta var sigld á stað til Hafnar og lét það verða eftir sem verða vildi -- er það ekki óguðleg meðferð á okkur hérna og er það ekki ósköp til þess að hugsa að maður skuli ekki komast frá Reykjavík og hingað á minna en 7-9 dögum, en til Austfjarða flækist hún alltaf þar sem engum er þénusta í hennar ferðum. Það er vandræði til þess að hugsa; svo er vörunum fleygt hver sem fyrir verður, svoleiðis að mjölsekkir eru rennvotir og hálfir og ekkert af þessu er hugsað um, en að Thomsen hafi nóg laun, það er mest um vert. (Þetta var nú lengri ræðan!) --

Páll var að fara austur á land og móðir hennar að koma í heimsókn.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 2.6.1897.

Enn er miss Crotty á Akureyri.

Ræðir bók um berkla sem keypt var til bókasafnsins en tvípöntuð. Biður H.E.B. að spyrja Eirík hvort bókasafnið syðra vilji kaupa. Ef svo er að taka hana hjá Crotty (er hún kemur). Annars tekur hún hana með sér.

[7] *Séra Sigurður Sívertsen og Þórdís Helgadóttir giftust tveim árum seinna. Hann var prestur á Útskálum. Þau fóru svo saman að Hofi í Vopnafirði.*

Sigurður Thoroddsen skrifar Páli E. Briem. Blönduósi. 4.6.1897.

-- Þakka þér kærlega -- fyrir alla fyrirhöfnina með járnið og annað dót sem ég sendi þér norður. Þetta stykki, eða þessi járnbjálki sem fór í sjóinn á Akureyri, er að því leyti ómerkilegt að það verður hægt að setja brúna saman þótt þetta stykki vanti; það átti að liggja langs eftir brúnni rétt undir brúargólfinu og verður það eitt af því síðasta sem þarf að nota og er það lán í óláni. Þesskonar járnbjálkar eru til á *lager* í útlöndum og hef ég því von um að geta fengið það hingað í byrjun ágúst með því að panta það -- og tefur það þá ekkert fyrir verkinu. Ef í nauðina rekur má nota tré í staðinn þangað til járnstykkið getur fengist. Það væri náttúrlega mikið gott ef Heimdallur[1] gæti með sínum kafara náð stykkinu upp með lítilli fyrirhöfn, en það er ekki vert að gera of miklar *anstaltir* til þess því að stykkið kostar hingað uppkomið tæpar 100 krónur.

Má ég um leið biðja þig að skila kveðju minni til þeirra Klemensar og Stefáns kennara og segja þeim að ég hafi látið landshöfðingja fá áætlunina yfir brú á Hörgá og eigi hún að kosta 15.000 kr. en sé hengibrú, en ekki föst brú, eins og ég var að hugsa um fyrst, af því að hún myndi þá hafa verið 3.000 kr. dýrari. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri.16.6.1897.

Segir af málaferlum, skiptapa, amtsráðsfundi (sem Ólafur bróðir þeirra var líka á), 150 kr. styrk til Ingibjargar Torfadóttur gegn mótframlagi úr kvennaskólasjóði. Ólafur á Laugalandi fékk 300 kr. f. ávinnsluvél og sléttunarverkfæri. Kláðinn á dagskrá, baðanir fyrirskipaðar.

-- Heilsaðu Susie og Sidda, sem er auma latmælismálvillan, blessuðu barninu til stórrar skapraunar þegar hann eldist. --

Miss Crotty fór 4. júní að Reykjahlíð og er nú við Mývatn.

-- Hún lét mig ekkert vita af peningaleysi sínu, sem er töluvert. --

Álfheiður Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri., 16.6.1897.

-- Heilsan hjá okkur er fyrirtak, en kíghóstinn er nú kominn í annaðhvert hús -- og býst ég ekki við að hann skilji okkur eftir. Það eigum við landlækni og landshöfðingja að þakka, því ef lækninum hefði ekki verið skipað að upphefja samgöngubannið, hefði hann verið alveg horfinn núna. annars finnst okkur hérna á Eyrinni ekki taka fyrir þá háu þar syðra að vera að taka fram fyrir hendurnar á Guðmundi (Hannessyni), hann passar „nok“ - sem maður segir - sinn „dont“ og Jónassen okkar er best farinn með að halda sér á mottunni.

Hér hefur, þessa dagana, ekki verið húsfriður fyrir amtráðsmönnum. Þeir hafa komið hér í bæði mál og milli allra mála, og skil ég ekki hvað því hlífir að ég skuli ekki vera komin út á sveitina fyrir löngu í matarlegu tilliti, í fyrradag fengu þeir svo allir, ásamt höfðingjum! þessa bæjar, einn betri *frokost*, og svo fóru þeir nú hver heim til sín, ég veit reyndar ekki nema Benedikt Blöndal[2] hafi orðið eftir af hópnum, því Ólafur mágur minn, sem annars ekki er fjasmikill, var farinn að verða svoleiðis málskrafsmikill yfir að bíða eftir Bensa.[3]

Nú er miss Crotty okkar við Mývatn að spóka sig, hún heldur til í Reykjahlíð hjá einum mjög gamaldags, Einari, sem ég þekki ekkert, en hef heyrt að einusinni hafi danskur maður verið að borga honum fyrir næturgreiða og sagt *„værsgo“* þá datt gamla manninum í hug að sýna honum að hann kynni meira en móðurmálið, sagði, um leið og hann tók í hönd honum: *„adios pass“*. Eftir þessu að dæma gæti ég hugsað að Missunni minni þætti hann einhvern tíma skrítinn, og þó Mývatnssilungurinn sé góður og harðsoðnu eggin þeirra, verður maður búinn að fá nóg eftir þrjár vikur. Mig hefði langað meira til hún hefði komist á stað sem ekki var sem allra búralegastur, því ykkar góða vinkona, var búin að setja hana svo vel inn í öll forhold á Íslandi, sem ekki voru eins og þau áttu að vera og því óskaði ég að hún hefði getað séð að til var gott heimili, þó alíslenskt sé --

Mikið var ég hissa að frétta trúlofun Dísu minnar, það kom yfir mig líkt og snarpur jarðskjálftakippur, en höfuðsökin er að hún er ánægð og á góðan, guðhræddan og reglusaman unnusta, en ef mig minnir rétt er piltur heldur ólaglegur ungur maður, að minnsta kosti var hann það í hittifyrra! Því þá sá ég hann í svip hér á strætunum, og hugsaði rétt sisona: *„Já ljótur er Sivertsen“*[4] en hvað gerir það líka, fallegu mennirnir eru stundum svo skelfing gallaðir.

Ég vildi óska að hann yrði prestur hérna í staðinn fyrir okkar stórgallaða klerk, sem maður hefur enga ánægju eða uppbyggingu af, ég er orðin þreytt á honum fyrir löngu en það er aumt að presturinn skuli gera mann

[1] *Heimdal, danskt varðskip.*

[2] *Benedikt Blöndal (1828-1911)? umboðsmaður í Hvammi í Vatnsdal.*

[3] *Benedikt Sveinsson, lengi alþingisforseti.*

[4] *Sigurður Sívetsen (1868-1938) var prestur og prófessor. Þau Þórdís (1874-1903) bjuggu á Hofi í Vopnafirði þeirra stutta sambúðartíma. Sívertsen og Álfheiður urðu nánir vinir það sem eftir var.*

ókirkjurækinn, ég segi það satt að ég öfundast yfir Reykvíkingum, eins og reyndar fleiru,, hvað mikið þeir fá af góðu guðsorði, það er hálf óskemmtilegt að fara í kirkju og hlusta á slúður, svo sem eins og á hvítasunnunni núna, þá talaði hann oft um „framfaranna guð“. Það vantaði nú bara, að guði væri að fara fram smátt og smátt, það er óþolandi þvaður eins og þetta. --

Páll hefur verið önnum kafinn þessa seinustu tíð, því Júlíus okkar er tvívegis búinn að fara norður að Héðinshöfða til bjóða upp nokkrar horskjátur, sem enginn vill eiga, ég held helst fólk sé hrætt við að kindatetrin komi einhverjum pólititískum vitleysukreddum inn í sitt fé, því hrædd er ég um að Héðinshöfðagemlingarnir séu nokkuð líkir Bensa í stjórnarskrármálinu.

Nú hætti ég öllu snakki. -- Hvernig er það með ferðina norður, kemurðu aldrei eða kemurðu næsta sumar, góði gerðu það, ég skal taka ykkur tveim höndum og sömuleiðis minn góðfrægi egtamaður, það er ekki svo fjarska slorlegt að koma í Hvammkot, skal ég segja þér, að minnsta kosti hef ég heyrt bestu menn segja það upp í eyrun á mér, og þá má nærri geta hvort það er ekki að marka. --

17.6.1897. Loksins kom kassinn í gær og *Verði ljós* blessað, bæði til Gvendar bóka og okkar. Gvendur hafði grátstafi í hálsinum yfir hvað blaðið gæti verið gott.

Við lesum það ævinlega eins og viss bóndi í Miklaholtshreppnum las Þjóðólf, nefnilega hvert einasta orð, og erum engu síður en Gvendur ánægð yfir því. Sérstaklega þótti mér skemmtilegt að geta séð vígslulýsingarræðu þína. Páli þótti líka mjög vænt um að þú skyldir minnast á fyrirlesturinn og M. prest. Það verður honum til skammar meðan hann hangir í hempu, sunnudagslestur sá! --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Seyðisfirði. 12.7.1897.

-- Jeg hripa þjer að eins fáar línur, því að ekki veit jeg af neinni fljótari ferð. En hver veit nema Vaagen fari aptur norður í dag, svo að jeg fái eins fljóta ferð og þú. Þegar jeg kom hjer í fyrra kveld, kom Eggert inn í stofuna og kallaði: “*Bréf frá konunni*.” Jeg hjelt hann væri að skrökva. Jeg sendi þjer marga kossa fyrir þitt elskulega brjef, sem færði mjer fregnir um að þjer og börnunum liði vel. Líklega er Hilda litla búin að fá snert af kíghóstanum, en það verður vonandi ekki mikið úr honum.

Ferðalagið hefur gengið mikið vel. Þegar jeg kom að Hálsi voru bæði börn Jóhönnu með kíghósta. Ingibjörg litla var nokkuð veik en Eggert minna. Sjera Einar var farinn á sýslufundinn að Ljósavatni og þangað fór jeg líka og hitti þar Benedikt á Auðnum, Sigurð á Ystafelli og alla burgeisana mestu, en þú skalt ekki ætla að það hafi verið rostinn í þeim. Þeir voru ekkert annað sen eintómur sykur og rjómagrautur og er það vel farið. Jeg hjelt þar eina ræðu og var málstirður að vanda. Jeg var svo um nóttina á Ljósavatni og fór daginn eptir að Gautlöndum, Skútustöðum og Reykjahlíð og fjekk hjá Einari harðsoðin andaregg og nýjan silung, soðinn og afbragðsgóðan, bæði um morgun og kveld.

Næsta dag fór jeg yfir Jökulsá á Fjöllum, drakk kaffi á Grímsstöðum og fjekk versta moldryk þaðan í fullan klukkutíma og kom þegar var verið að reka í kvíarnar á Möðrudal. Þar hafði jeg góða nótt, síðan fór jeg þaðan um morguninn í moldryki töluverðu og kom að Eiríksstöðum á Jökuldal kl. 4. Þar var þá fyrir Eggert bróðir minn og fjöldi manna. Sjera Jón á Hofi í Vopnafirði, sjera Magnús í Vallanesi, Jónas skólastjóri á Eiðum, Jón Bergsson á Egilsstöðum og ýmsir fleiri, sem allir voru að dæma landamerkjamál. Svo verð jeg að fara fljótt yfir sögu. Þaðan fórum við að Brú og í kláf yfir Jökulsá, upp Hrafnkelsdal og vorum nóttina á Aðalbóli. Næsta dag fórum við yfir Fljótsdalsheiði, um Valþjófsstað og vorum nóttina á Hallormsstað og svo hingað. Nú veit jeg um *Vaagen*; hún fer norður á Þórshöfn og ætla jeg með henni á fimmtudaginn og fer svo yfir land þaðan og kem vonandi seint að kveldi 21.

Eggert biður að heilsa kærlega. Jeg vildi óska að þessi miði hitti ykkur öll frísk. Kysstu börnin frá mjer og heilsaðu mömmu þinni kærlega. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Um borð í Vaagen. 15.7.1897.

-- Mig langaði til að skrifa þjer fáar línur með Vaagen. Amtsráðsfundurinn gekk mjög vel og var það eins og vant er, að það sem jeg lagði til það gekk fram. Fundurinn var búinn í gær kl. 2, svo fór jeg að kveðja og setja niður í koffortin og kl. 5 fór jeg í middag til Wathne með Kristjáni lækni, sem bað að heilsa þjer, Þorgrími Þórðarsyni, en Eggert bróðir minn var að selja á uppboði á Vestdalseyri og kom seinna. Svo fórum við í skip kl. 7 og á stað út Seyðisfjörð í svo inndælu veðri sem hugsast getur. Jeg var til kl. 12 upp á þilfari að sjá landið, þverhnípt fjöll með hamraklettum, grænum hlíðum og grónum brekkum. Víkurnar voru að smákoma fram á milli fjallsmúlanna og skein á stöku bæjarþil með glóandi sóleyjatúnum, en lækirnir bunuðu frá fjallseggjum með fossafalli ofan að sjó, svo að þeir voru eins og silfurbönd sem tengdu saman loptið og sjóinn. Í norðrinu var glampandi, skínandi bjart, en skýjaslæðingur, sem byrgði sólina, þangað til undir sólarlagið, þá braust hún fram undan skýjunum með svo inndælum kvöldroða að annað fegra finnst ekki, og í sama bili fór máninn að gæjast upp úr hafinu, fölur og bleikur, og var eins og hálffeiminn yfir að koma inn í alla þessa dýrð. Sólin gjörði skýin gyllt og rauð upp á miðjan himin, og svo tók sjórinn sinn hluta af

litprýðinni, hann var alveg sljettur, en var eins og þungt niðri fyrir, öldurnar gengu líðandi undir yfirborðinu og fleygðu litunum til og frá, rauðum, bleikum, dökkum bláum og grænum. Stöku bátar voru á stjái, og fuglarnir sátu í breiðum á sjónum.

Jeg fór að hátta þegar jeg var kominn út undir Hjeraðsflóa og svaf í einum dúr til kl. 7, þá fór jeg á fætur og leit út og sá að við vorum komnir að Langanesi, svo að jeg flýtti mjer upp á þilfar. Sólin komin hátt á lopt, fuglar margir á stjái upp við hamrana á nesins og sjórinn glampandi og sljettur. Það er inndæll morgunn. Svo fór jeg niður að skrifa þjer þessar línur og nú er klukkan orðin hálf átta.

Jeg fer í land í dag. Þarf að vera á sýslufundi á Skinnastað á mánudaginn, svo að jeg hef einn dag umfram og ætla að nota hann til að skoða Dettifoss og Ásbyrgi. Svo kem jeg heim á miðvikudagskveldið. --

Wathne er nokkuð veikur af gigt en fjörið og áhuginn er eins. Hann er miklu frískari en í fyrra og gladdi mig það mikið, svona mann má Ísland ekki missa fyrir tímann. --

Sigurður Thoroddsen skrifar Páli E. Briem. Blönduósi. 27.7.1897.

-- Erindi þessa bréfs er að vita hvort þú ætlar að vera við þegar Blöndubrúin verður opnuð fyrir umferð; ég spurði landshöfðingjann um í vor, hvort það ætti að vera nokkuð hátíðlegt þegar brúin yrði opnuð, en hann sagði að það væri allt komið undir amtmanni eða sýslumanni hvort þeir vildu vera við og tala nokkuð við það tækifæri.

Nú er áreiðanlegt að fjöldi fólks ætlar að koma hingað þennan dag og er maður því að nokkru leyti neyddur til þess að hafa eitthvað, t.d. tölu haldna af þér eða sýslumanni - ef þú kemur ekki - söngflokk - ef hægt verður að drífa hann upp - það verður að prýða brúna eitthvað með flöggum og þesskonar og hafa veitingar handa fólkinu. Brúin verður klár úr því 20. ágúst er liðinn og mætti því vígja hana eftir 20. ágúst einhverntíma -- eftir minni meiningu stendur á sama hvort það verður á rúmhelgum degi eða helgum. --

Álfheiður Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 31.7.1897.

-- Hér er alltaf verið að gá að dr. Finni (Jónssyni) því hans er von á hverri stundu -- það höldum við Jón[1] gamli Borgfjörð.

Við Paulus minn höfum verið að ráðgera að fara bæjarleið núna bráðum en fjárakornið við megum heiman fara fyrr en við erum búin að kyssa Finn -- annars með alvöru vorum við að hugsa um að skreppa í Skagafjörð, því Páll ætlar að sýna sig þar, ekki fyrir peninga, reyndar heldur svona í bróðerni; heldurðu ekki Skagfirðingar líti upp við það tækifæri. Mamma er að eggja mig á að fara vegna þess að hún sé heima hjá Hildu, en satt að segja finnst mér hálf ankanalegt að fara burtu, einmitt þegar ég hef mömmu fyrir gest -- allt er undir Finni komið --

Ekki voru góðar fréttir af veslings Gunnlaugi[2] mági mínum seinast, skyldi hann vera lifandi ennþá. Þú kannski skrifar okkur ef hann er dáinn, því ekki er hætt við því að systkinin séu að þreyta sig á því þó allt sé dauðvona eða dáið í kringum það, nema frá mömmu eða ykkur heima, en ef einhver klárinn fer skeiðsprett innað Rauðará, þá þarf strax að geta þess pr. bréf. Það er stórum einkennilegt - en ekki mín orð lengra. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri 11. ágúst 1897.

-- Við tölum um þingið og hugsum til, hvað það er að starfa. Jeg hef sjeð nefndarálitið í stjórnarskrármálinu, eptir því að dæma er stefna Valtýs búin að ryðja sjer til rúms. Svo tautum við í blöðunum fyrir að þau skuli ekki segja frá þinginu annað en það sama. Jeg er kominn að austan fyrir nokkru og skoðaði bæði landið og fegurð þess, Ásbyrgi og fleira og hafði jeg mikið gaman af.

Finnur Jónsson kom hingað 31.júlí og reið jeg á móti honum. Honum hafði gengið ferðin vel. Rigningar verið að vísu nokkrar, en dagleiðir stuttar. Hann hefur ekki farið neitt að kalla má hjer nema að Kaupangi og Möðruvöllum, en nú ætla jeg með hann að Munkaþverá, Möruvöllum í Eyjafirði, Grund og Hrafnagili og stendur þetta til á morgun. Hann var til miðddags hjá okkur í gær og var þar líka meðal annara, Stefán kennari og kona hans, þau eru svo hjá okkur í nótt. Það er búið að prenta 8 arkir af Lögfræðingi. Nú er verið með 9. örkina, svo að þú sjerð að Björn herðir sig. --

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 23.9.1897.

Gleðst yfir að ferð hennar heim til Reykjavíkur gekk vel. Segir tannpínu hafa þjáð hana.

-- Hilda litla er að bæta við sig tveim tönnum og verður henni ekki meint við það, hún slúðrar ósköp, er alltaf að smábæta við, svo pabbi hennar segir hún segi bæði *tuttugu* og *Þorlákur*. Ég hef hvorugt heyrt en náttúrlega

[1] *Jón Borgfjörð, faðir Finns.*

[2] *Gunnlaugur Eggertsson Briem (1847-1897), verslunarstjóri í Hafnarfirði. Hann dó 24. ágúst.*

tek það trúanlegt.

Ég þakka þér líka kærlega fyrir allar útréttingarnar sem mér líkuðu sérlega vel. Páll þakkar líka kærlega fyrir hattkaupin, honum líkar hann mætavel þó honum finnist hann heldur minni en sá gamli. Kristinn var heldur ánægður yfir húfunni og sagði fljótlega: „*Þessa húfu hefur víst amma mín valið*." Þá var nú svo sem ekki að búast við öðru en góðu. Ég er viss um 5-6 sinnum er hann búinn að biðja mig að skila kveðjum til þín, blessaður stúfurinn. Hvað ætli að hann segi svo þegar hann tekur á móti forsigluðu sendingunni þann 8. næsta mánaðar. Ég get svo sem rétt ímyndað mér andlitið á honum þá --

Segir að þau hafi slátrað fimm stórum sauðum, svo hún er þessa daga í blóðmörsgerð sem var erfitt í gestagangi. Segir frá því að Susie Briem ætli að setja upp sjálfstætt húshald í Rvík í haust.

-- Illa þótti mér Ranka og Hannes launa þeim hjónum alla ástúð og umhyggju fyrir Melsteðshjónunum þeirra seinustu ævidaga og færa húsaleiguna upp um 100 kr. við þau, það var ekkert ofmikið þó þau hefðu fengið að búa í húsinu fyrir alls ekkert, svo mikið fannst mér Ranka mega þakka Önnu allt sem hún gerði fyrir foreldra hennar, en sem þó stóð henni sjálfri ennþá nær að gera og furðar mig ekki þó veslings Önnu sé hálf þungt í skapi til þeirra. Jæja, mér er betra að hætta en sitja við að tala illa um náungann. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Akureyri. 23.9.1897.

Situr í skrifstofu Páls. Segir frá siglingunni norður. Var sannarlega vel tekið af Páli og Álfheiði. Kristinn líflegur og fallegur. Hilda heilsugóð og sterk, líkist fremur móður sinni en föður. Fjölgaði hjá Jóhönnu systur, drengur fæddist í fyrradag.[1] *Vídalín lét HB ferðast ókeypis norður.*

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 23.9.1897.

Biður afsökunar vegna dráttar á að svara bréfi Jóns því tíminn sé naumur og margar tafir, einkum kringum skipskomur og póstferðir. T.d. hafi Magnús kaupmaður á Grund, einn allra mesti maður hér um slóðir komið út af ómerkilegu sveitamáli og talaði allt um það frá kl. 5 þangað til hann fór kl. 9. Fólki finnst eins og hann hafi ekkert að gera.

-- Mér fannst ég geta afgreitt sýslubúa mína í Rangárvallasýslu fljótar heldur en hér því ég man ekki eftir að hafa þurft að margtyggja sama hlutinn í fólk, en hér er slíkt alvanalegt. Það kastar fyrst tólfunum þegar fólk er að biðja um lán af sjóðum eða biðja um jörð. --

-- þakka þér hjartanlega fyrir „*Verði ljós*". Það er ágætt rit og ég er viss um að það hefur góð áhrif og mikil. Mér finnst nærri því að það hafi áhrif á séra Matthías. Mér finnst vantrú hans ekki gægjast eins fram, þó að hann auðvitað vilji sem mest forðast að tala um endurlausn Krists. Svo finnst mér líka mikilsvert um kröfur þínar til siðgæðis prestanna. Það er í því, sem menn ekki síst, draga dám af prestinum. Mér finnst þjóðin í heild sinni standa mjög lágt í siðferðislegu tilliti. Hvað er t.a.m. almennara í viðskiptum en svik og óorðheldni og þar eru ýmsir prestar ekki hátt skrifaðir.

Séra Tómas á Völlum er alkunnur og sömuleiðis séra Matthías í Grímsey. Séra Emil á Kvíabekk var stefnt um daginn, eftir að hann hafði marglofað borgun á mörg hundruð króna verslunarskuld. Hann gat ekki haldið kaupafólk í fyrra, en hann gat misst 80 fjár í vor úr veikindum, sem venjulega eru kölluð hor. Séra Jón Arason fékk lánaða peninga hjá Jónassen kaupmanni í mestu neyð í fyrra, en þegar gjalddaginn kom í sumar svaraði hann illu um og var svo stefnt og borgaði þá skuldina og 50 kr. í málskostnað.

Svona gæti maður haldið áfram. Ef til vill hefur þú heyrt um svikin hjá þingmönnunum á alþingi, en þeir eru að því leyti sannkölluð börn þjóðarinnar. Þú minntist á séra Ludvig á Þóroddsstað. Ég hef skrifað á laust blað um hann, sem mér þætti gaman að þú gætir sýnt biskupi, því ég vonast til að það sé ekki fátt á milli ykkar, þó að þið hafið eigi sömu skoðun á kirkjumálunum. Mig langar til að biskupi væri ýtt af stað í því máli. Ég vona að þú getir fengið hann til að skrifa séra Jónasi á Hrafnagili og leggja fyrir hann að rannsaka málið og spyrja Ingibjörgu Helgadóttur um faðerni barnsins. Bæði þú og ég eigum svo sökótt í héraði, að það er eigi vert að við opinberlega blöndum okkur í það, fyrri en í fulla hnefana.

Ég þekki málið nokkru meira, en sagt er í hinu blaðinu.

Ég hef talað við séra Árna (Jónsson alþingismann) á Skútustöðum. Hann sagðist hafa skrifað um orðróm þann er lægi á séra Lúdvig og spurt hann hvað gera skyldi. Biskup hefði sagt, að lögin væru ljós, prestar ættu að missa embætti, ef þeir gerðu sig seka í hórdómi o.s.frv. Séra Árni sagði að sér hefði fundist biskup svara sér alveg út í hött og því hefði hann ekkert gert, þar sem hann hefði engar sannanir. Svo hef ég talað við séra Jónas á Hrafnagili. Hann sagði að Ingibjörg Helgadóttir hefði officielt neitað að segja til faðernis barns hennar, en hún hefði í trúnaði sagt sér að séra Ludvig ætti barnið og að hún hefði skriflega viðurkenningu hans fyrir því. Svo vildi ég fá séra Jónas til þess að tilkynna sýslumanni um neitun Ingibjargar með að segja til

[1] *Gunnlaugur Briem Einarsson (19.9.1987, f. á Hálsi).Hann dó ungur guðfræðingur 1929.*

faðernisins, en hann vildi það ekki og sagðist ekkert vilja gera. Svona standa nú sakirnar. Séra Jónas hefur sagt mér þetta í trúnaði og eins séra Árni.

Ef biskup fæst ekki til þess að skrifa séra Jónasi, þá bið ég þig að skrifa mér það, því geymt er ekki gleymt. Ekki gengur það betur hjá séra Halldóri á Presthólum. Hann hefur í vetur reynt að kæra (tvisvar til landshöfðingja og tvisvar til mín) suma sem honum er verst við af sóknarbörnum sínum og hef ég sent mínar kærur til landshöfðingja með von um að fá hans úrskurð um að þeim verði ekki sinnt. Eins og þú getur nærri finnur séra Halldór að ég felli mig ekki við framkomu hans og því er honum meinilla við mig, af því að ég vildi ekki samþykkja landamerkjaskrá, en með henni náði séra Halldór undir sig öllum engjunum frá Efrihólum þar sem óvinur hans, fyrrverandi styrktarmaður hans og dóninn (meðal annars sýslunefndarmaður) Þórarinn Benjamínsson býr, en mér finnst rétt að ég segi þér söguna.

Á leið minni frá amtráðsfundi á Seyðisfirði hitti ég hinn nýja sýslumann Þingeyinga Steingrím Jónsson á Þórshöfn. Hann segir mér að séra Halldór á Presthólum hafi heimtað lögbann gegn Þórarni á Efrihólum móti því að hann notaði engið, og spurði Steingrímur hann hvort stiftsyfirvöldin hefðu eigi ákveðið að Þórarinn á Efrihólum skyldi eigi halda enginu „forelöbig“, en séra Halldór sagði, að stiftsyfirvöldin ættu ekkert með að ákveða slíkt, og svo hefðu þau aðeins skorað á sig að taka eigi engið og það væri engin skipun, Svo sagði ég við Steingrím að þar sem séra Halldór væri afsettur prestur og stiftsyfirvöldin vildu ekki að engið væri notað, þá skyldi hann gera fyrirspurn til þeirra hvort hann ætti að sinna lögbannsbeiðni séra Halldórs. -

Næsta morgun kom ég til hins setta prófasts séra Ólafs Petersens á Svalbarði. Séra Ólafur er þá fanatískur meðhaldsmaður séra Halldórs og þegar ég spurði um bréf stiftsyfirvaldanna, þá segir hann, að hann viti ekki, hvort hann sé skyldugur að sýna mér bréfið. Þá þurfti ég að taka á stillingunni og þó að ég segði þá nokkur þung orð við séra Ólaf, þá var samt ekkert sem ég gæti ekki borið fram hvar sem stæði. Seinna fékk ég að vita að Páll bróðir séra Halldórs hefur hjálpað séra Ólafi í málum gegn séra Arnljóti og að þeir séra Halldór eru mestu vinir. Svo fór vel á milli okkar séra Ólafs, hann er maður í líka stefnu og séra Þórarinn í Görðum, en laus við rembinginn og líka þetta stórhöfðinglega, sem var í framkomu séra Þórarins.

Nú hélt ég áfram að Skinnastað. Þar hitti ég séra Halldór, sem vildi fá mig til að skipa sáttamenn í meiðyrðamáli, sem hann ætlaði að höfða gegn þrettán af sóknarbörnum sínum. Ég sagðist skyldi gera það, þegar ég væri kominn heim og líkaði séra Halldóri það bærilega. Við vorum á eintali við kirkjuvegginn og þá segir séra Halldór: *„En hvernig stóð á því að þú fórst að skipa sakamálið gegn mér?“*

„*Það geturðu lesið í skipuninni*“, segi ég. Og þá segir hann: “*Það er undarlegt, að þú skulir láta hafa þig fyrir hund og svipu á mig.“* Þá gekk ég í burtu þegjandi, því að við vorum tveir einir og það þýddi lítið að ávíta manninn og síðan höfum við ekki sést.

Þegar heim kom, þá skipaði ég sáttanefnd í málið, tvo hreppstjóra í héruðunum, sem ég áleit besta. Þeir héldu svo sáttafund á Presthólum. Að líkindum hafa þeir ekki beðið um leyfi til (að) hinir kærðu mættu koma inn, því að þegar þeir voru kallaðir inn, þá kemur Páll bróðir Halldórs fram í bæjardyrnar og skipaði þeim út. Þeir vildu ekki fara og þá réðst Páll með netteinum og séra Halldór með stórri svipu (svipuskaftinu) á þá og barði þá til óbóta.

Hreppstjórinn var sár og blóðugur í andliti eftir bardagann, en Þórarinn á Efrihólum og gamall bóndi eru handlama, og er sagt að meiðsli Þórarins sé slæmt. Svo kærðu þeir hingað, en allt var svo illa upplýst, að ég gat ekki skipað sakamál gegn séra Halldóri fyrir áverkana. Ég sendi biskupi eftirrit af kærunni.

Ég hef orðið að sleppa smáatriðum, en þótt sagan sé ekki lengri, þá er hún samt upplýsandi. Það er sorglegt að þetta geti átt sér stað hér á landi. En þótt svo sé, þá bið ég þig að fara mikið gætilega í sakirnar í „*Verði ljós*“, því að þótt þér ekki líki við kirkjustjórn biskups, þá verður þú að halda vinskap við manninn Hallgrím Sveinsson. Þú vinnur meira á þann hátt. Að minnsta kosti skaltu ráðfæra þig við móður þína. Hún er ein af þessum ágætis konum, sem hafa það jafnan á tilfinningunni hvað rétt sé að gera. --

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 4.10.1897.

-- Póstur fer á morgun og þó ekki sé neitt merkilegt að skrifa þá langar mig að hripa fáeinar línur til ykkar heima -- Hilda smá er guði sé lof frísk og kát eins og vant er, alltaf á iði frá morgni til kvölds. Hún er alltaf að smábæta við sig orði og orði og segir *bu bu* eftir kúnni, og „mjá mjá“ eftir kisu. Helstu fréttir úr húsinu er að kýrin er borin fyrir tæpri viku og komin í sínar 15 merkur[1] og þykir manni það gott þegar hjá öðrum nýbornu kýrnar mjólka 3-5 merkur. Það hefur verið svo indælt veður síðan hún bar, svo hún kemur út miðjuna á deginum og hámar í sig grasinu á blettinum og melnum, og labbar svo inn þegar hún er búin að fá nægju sína. Það er búið að gjöra svo ógn gott fjósið sem Jóhann var skemmst? við í sumar og svo er hænsnahúsið við hliðina á því milli hesthússins og fjóssins, svo það er hreina fyrirtak.

[1] *Mörk: mælieining þyngdar og jafngilti 249 grömmum. Enn notuð til að mæla þyngd nýbura.*

Í dag er verið að slátra seinustu kindunum sem við tökum og er þá ekki eftir annað en sjóða niður, búa til kæfu og *spegepylsur*. Minn gamli aldavinur Jón í Samtúni gaf mér 6 *hanakyllinga* um daginn og 6 keypti ég; svo ég á 12 niðursoðna handa einhverjum penum gestum næsta sumar, ef guð lofar manni að lifa. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 4.10.1897.

Skólinn byrjaður og nemendur 41 eða 42. Veður gott og gengur nemendum betur þess vegna. Heimsótti séra Davíð og Sigríði á Hofi. Hljóta að vera niðurdregin að vera búin að fá Ólaf[1] *son sinn til baka eftir allt það sem þau hafa til hans kostað. Pabbi hans veit ekki hvað hann tekur sér fyrir hendur en hann verður heima í vetur.*

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 10.10.1897.

Ræðir einkum um heilsu sína og þroska drengsins. Frederikke ekkja Gunnlaugs er að flytja í bæinn, mun búa hjá Elínu E. Briem og vinna við skóla hennar, væntanlega einkum við reikningshald..

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 22.10.1897.

-- Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir tilskrifið frá 10. f.m. ásamt allri samverunni í sumar. Það er nú síðasti sumardagur í dag; veðrið er indælt, +12 gr. C og sólskin og roði á skýjum. Það kveður okkur fallega sumarið og margt hefur það fært mjer skemmtilegt, en eftirminnilegast er það þó fyrir komu þína. Jeg hef sagt við konu mína að jeg miðaði tímatalið við hana. Daginn eftir að þú fórst, fór jeg og kona mín vestur í Húnvatnssýslu.[2]

Það var mjög skemmtileg ferð. Veðrið var svo gott sem verða mátti. Við fengum aðeins einu sinni skúr. Daginn eftir að við fórum hjeðan fórum við frá Þverá í Öxnadal að Sauðárkróki og stóðum þar við 3 klt. á Sjávarborg, svo þú mátt trúa að hart var riðið. Kona mín reið allan daginn litla gráa hestinum *Ljettfeta*, því henni þótti hann svo þíður, en samt var hann eins viljugur um kvöldið og um morgun.

Þegar jeg kom vestur þá var Jóhannes *(Jóhannesson)* sýslumaður giftur, eins og við mátti búast, svo var hann hjer hjá mjer aftur á leið sinni austur á Seyðisfjörð og kom rjett í veislu sem Eggert bróður mínum var haldin. Nú er Eggert aftur kominn til Skagafjarðar. --

Það eru þýðingarmeiri frjettir, sem við eigum nú að vænta frá Khöfn, þar sem spurningin á að leysast um það, hvort á að leysa þingið upp. Ekki get jeg getið neins til um það, hvernig fólk muni líta á frumvarp Valtýs. Það er eins og menn sjeu í hálfgerðum vandræðum og vilji sjá, hverju megin meirihlutinn verði. Jeg leiði pólitíkina hjer um bil alveg hjá mjer. Jeg hafði einu sinni trú á því, að það skynsamlega gæti sigrað hjá þjóðinni, en því miður hefur sú trú mikið bilað. Það er oft eins mikið tilfinningarnar sem ráða og tilfinningarnar eru iðulega komnar fram fyrir lýgi, misskilning, rangar ímyndanir o.sv.frv.

Hjer duga varla ritstjórar, nema því aðeins að þeir hafi miður góðan mann að geyma.

Þjer líst líklega ekki vel á þessar skoðanir mínar, en samt er jeg *optimisti.* Jeg trúi bæði á framfarir mannkynsins og minnar eigin þjóðar. Það er nú annars ekki til neins að fara út í þetta. Jeg er ánægður með tilveruna, kann vel við mig, og þó að jeg taki ekki þátt í þingmálum, þá vona jeg samt, að nokkurt gagn verði af starfinu. Ef jeg einhvern tíma er vel upplagður, þá skal jeg skrifa vegna hvers jeg hætti við þingmennskuna, en það verður vitanlega að vera eins og brot úr æfisögu minni.

Síðan jeg kom heim, hef jeg að kalla má setið í helgum steini. Fyrst var jeg að koma "*Lögfræðingi*" af stað, svo að koma fullu skipulagi á sparisjóð, skrifast á við Halldór Friðriksson og amtsráðsmennina aust-norðan um stofnun búnaðarfjelags fyrir allt landið, starfa að embættismálum og læra ensku. Svo er jeg hjer í bæjarstjórninni og þykir mjer þar óskemmtilegt að vera. Þar er mikið rifrildi út af lítilfjörlegum málum. Svo er jeg kosinn í veganefnd, Eyrarlandsnefnd og skólanefnd.

Það er fjarska mikið talað í þessari bæjarstjórn og nefndum og leiðist mjer það sem sagt. Jeg var valinn í skólanefnd í haust og var við inntökupróf í barnaskólanum. Skilyrðið fyrir inntökunni er, að börnin sjeu læs, en þú getur varla trúað, hvernig ástandið var. Ýms börn frá 10-12 ára voru ekki lesandi; sum þekktu varla stafina, svo að fyrst og fremst ákváðum við að setja upp kennslu í lestri og í öðru lagi ætlum við að kalla öll börn yfir 7 ára til prófs í lestri tvisvar á ári. Svona er fólkið, ef ekki er passað uppá, og sjera Matthías skeytir svo sem ekkert um uppfræðing barnanna.

Ef embættismennirnir ekki duga, þá fer allt í ólestur hjá fólkinu. --

---

[1] *Ólafur Davíðsson (1862-1903) frændi hans, seinna samkennari, merkur þjóðsagnasafnari, höfundur Flóru Íslands, með Stefáni Stefánssyni.*

[2] *Athyglisvert bréf: Þau Áfheiður fóru að Blönduósi til að vígja Blöndubrúna, eins og fram kom áður í bréfi Sigurðar Thoroddsen landsverkfræðings að til stæði. Páll gumar ekki af því við vin sinn, kannski ekki ástæða til, nema menn séu þannig gerðir. Þegar Páll bróðir minn var síðar í afleysingum á Blönduósi hitti hann fólk sem rifjaði þennan atburð upp.*

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 31.10.1897.

Þakkar framúrskarandi fréttabréf móður sinnar, ekki síst af Briemsættinni, sem P.E.B. þakkar sérlega.

”Já bréfin frá henni mömmu þinni eiga ekki sinn líka” -- enda vissum við ekki mikið um familíuna ef þú ekki lofaðir okkur að heyra svolítið um hana. --

Segir hún fréttir af Þórhildi litlu, útliti hennar, framförum og klæðnaði. Einnig frá vinnustúlkunum nýju, ætt þeirra og uppruna. Önnur dóttir Tryggva á Vöglum, hin úr Skagafirði, kom til hennar og bauð sig fram. Hún er systurdóttir Klemensar Jónssona sýslum. Hvorug hefur gengið í kvennaskóla og það þykir Álfheiði gott, því hún hefur ekki góða reynslu af slíkum. Lýsir hún vinnubrögðum og árangri t.d. við spuna, sem hún var að kenna stúlkunni. Þá er hún að basla við að útbúa rjúpur til sendingar til Khafnar handa frænku hennar, María Tomasson, sonardóttur Tómasar Sæmundssonar.[1]

-- Jóhanna á Bægisá og séra Theodór geta ekki gipt sig því það vantar múrpípu í húsið. Þau eru hér á ferð í hverri viku; þykjast aldrei mega standa við, en koma svo og sitja í þrjá tíma í mestu ró og spekt; það er hreint það einkennilegasta par sem ég hef hitt á lífsleiðinni.[2] --

Lætur vel af búskap; seldi mjólk fyrir 17 kr. frá 6. okt. Ætlar að efna til kvennaðboðs á afmælisdaginn 11. nóv. og launa allar veislurnar sem henni hefur verið boðið í.

-- Hálfdan[3] frændi er að gifta sig þessa dagana, leyfisbréfið er sent burtu og allt er til í standi. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 31.10.1897.

Fór að Bægisá. Virðast Jóhanna og Theodór vera hamingjusöm nú. Hann ætlar að láta laga húsið og eftir það ætla þau að giftast.[4] *Segir frá vegargerð á Ak. og áætlun um spítala. Jakob Havsteen er reiður út af þessu og segir alla beygja sig fyrir Páli og hlaupi eftir því sem hann segi.*

Fólk hefur það ekki gott því skip Vídalíns brotnaði í Hornafirði og skipið Vaagen sem kom í gær er með lítið af vörum sem björguðust. Segir frá þjófnaði meðal skólapilta, ólíklegt að sökudólgur finnist.

Álfheiður Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 18.11.1897.

Þakkar gjöf og útveganir vegna jólanna.

-- hefði ég ekki haft þig fyrir „útvegsbónda“ -- hér var maður gjörsamlega útundan með allt sem átti að koma frá Höfn. Thomsen hefur fengið mjög misjöfn orð á bakið --

Paulus situr á kontórnum myrkranna á milli, skrifandi og lesandi, ég gái að rollingunum og sauma uppá þá, les *lectíur* með Kristni; stúlkurnar spinna og vinna og krakkarnir ólmast. Svona líður hver dagur öðrum líkur, allan veturinn, ekki eru selsköpin eða böllin að *móra* sér við, og því síður konsertarnir; yfirhöfuð held ég sé leitun á óskemmtilegri bæ, en Akureyri, það er ekki annað að hafa en illyrði, og ef ekki það, þá er hver höndin upp á móti annari. Aumust af öllu er þó kirkjan kalda, og presturinn sem við megum búa við í heilan mannsaldur ennþá, því máltækið segir, að það lifi lengst sem hjúunum sé leiðast.

Hér er eilífur mannagangur, svo ég er alltaf að standa upp frá þessu bréfi, norskir kafteinar, danskir kaupmenn, svo sem ósköp lítill Popp frá Sauðárkróki, Kiddi Blöndal ætlar að sigla með „*Egil*“ til þess að kaupa inn fyrir Claessen,[5] eins og respecteruðum stjúpsyni sæmir. --

Telur hún upp marga fleiri.

-- Hér er verið að reisa grunn undir einn voldugan spítala og er læknirinn okkar heldur vandsetinn í sínum ráðstöfunum og gerir - okkar góða gamla Snorra, sem nóg hefur að bera áður, þar sem hann er með þaklaust stóra húsið sitt - oft andvaka. Guðmundur tetur er oft dálítið þversum, en finnst hann vera hreinasta munstur

---

[1] *Hún var dóttir Þórðar Tómassonar, sem var læknir á Akureyri og giftur danskri konu. Hann dó þar og flutti hún með börnin; Maríu og séra Þórðs sem kallaði sig Tomasson. Var lengi, og er reyndar enn, samband við afkomendur hans í Danmörku, sem eru mjög fáir.*

[2] *Þau Jóhanna og PEB voru systkinabörn. Þau voru seinlát; ætluðu seint að geta látið verða af hjónabandi því alltaf var eitthvað sem tafði, eins og nú þegar vantaði rör í húsið á Bægisá. Þau giftu sig um vorið. Jóhanna hafði verið kennari í Laugalandsskóla sem Valgerður mágkona hennar stjórnaði. Séra Theodór var frændi PEB í móðurættina.*

[3] *Séra Hálfdan Guðjónsson (1862-1937), þá prestur í Goðdölum og síðar prófastur í Skagafirði og vígslubiskup. Kona hans var Herdís Pétursdóttir. Helgi Hálfdanarson lyfsali og þýðandi var sonur þeirra og einn barnanna sem lengi lifðu.*

[4] *Þau frændsystkini Páls, séra Theodór á Bægisá og Jóhanna Valgerður Gunnarsdóttir giftust loks 28.4.1898.*

[5] *Valgard Claessen, kom 17 ára til landsins frá Danmörku, giftist Kristínu Briem, systur Páls, sem var látin. Giftist aftur Önnu Möller, ekkju Jósefs Blöndals sem áttu þrjú börn. Saman áttu þau svo Valgard tvö börn sem komu til fullorðinsára. Var þetta mörgum torskilin og flókin fjölskylda vegna ættarnafnaruglings.*

„*arcitekt*“ og er hann einn um þá skoðun sína,[1] sem ýmislegt fleira. Hann er, að ég held, að sækja um héraðslæknisembættið í Reykjavík,[2] þegar Guðmundur Björnsson fer á Holdsveikraspítalann. Hvað skyldum við þá fá í staðinn? --

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum, 20.11.1897.

Ber sig illa vegna langvinnrar hálsbólgu, sem Halldór starfsbróðir hans á líka í. Hefur misst fé í pest en er að leita að húsi og jarðnæði. Leitar ráða hjá Páli.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 20.11.1897.

Skuldamál og bréf til stjórnarráðs. Ræðir heilsu S.B. og nefnir Voltakrossinn[3] og segir ekki skaða að reyna hann. Frú Hjaltalín ætlar að vera hér næsta vetur. Ræðir húshald. Hefur ekki heimsótt Pál en verður hjá þeim hjónum um jólin. Ræðir um mágkonu sína Frederikke og hvort hún fái eftirlaun frá Knutzon.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 4.12.1897.

Segir af efnahag þeirra. Í veikindum hennar hafi Siddi tapað niður enskukunnáttu en sé að ná tökum á henni á ný; þroskist og farinn að þekkja stafi. Segir skólann blómgast ekki síst eftir að Frederikke tengdist honum.

Elín keypti lóð við hlið Iðnó, vonast að geta byggt þar. Hún geti ýmislegt eins og þegar hún stofnaði skólann - með tvær hendur tómar.

Ræðir þjófnað á Möðruvöllum. Spyr hvort Ól. Davíðsson sé kominn heim til sín.

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 24.12.1897.

-- Jólin byrja nú í kvöld og þegar ég hugsa til tímans sem liðinn er síðan í fyrra, þá má ég mikið þakka fyrir liðna árið. Í fyrra var kona mín þennan dag nýkomin á fætur og Hilda[4] litla lá sem hjálparlaust barn í sinni vöggu, en nú hleypur hún um allt, getur gert sig skiljanlega og lítur út fyrir að verða vel greind. --

Þú minnist á þingið í bréfi þín og þykir þér það ekki gott. Ég var að lesa þingtíðindin -- og hefur mér aldrei orðið eins ljóst, hvað ræður þingmanna sýna vel sálarástand og siðferðisástand þjóðarinnar og menntunarástand -- Mig fór nærri því að langa til þess að skrifa grein um það, hvernig þingmenn væru innanbrjósts og innanheila. Hégómagirnin og hrokinn, hræsnin og hugleysið, fáfræði og eigingirni, eiga þar heimilisfang og hreppshelgi - og þó eru þingmenn bestu menn þjóðarinnar, en þeir eru ekki eins og þjóðin, þeir eru eftir mínu áliti talsvert betri en þjóðin í heild sinni.

Við skulum ímynda okkur að skólapiltar og stúdentar séu blómi þjóðarinnar. En þegar í hart fór, bæði í skóla og eins í Höfn, þegar reyndi á þann siðferðislega kjark, þá get ég ekki sett þá eina vitund hærra en þingmenn. Þegar ég minnist hugmynda minna um þjóðina á æskuárum mínum, og ég ber þær saman við reynslu mína, þá er mikill mismunur þar á milli. Ég hélt að kynnu að vera, ef til vill 5-6 menn í sveit, sem nenntu að hugsa, sem vildu fræðast og vildu leggja eitthvað á sig til að finna sannleikann. En í þess stað þá er þetta ekki einu sinni svo í heilum sýslum. Og samt sem áður álít ég þó að Íslendingar séu ekki verri en aðrar þjóðir, og ég álít að Íslendingar ekki aðeins, heldur og geti og munu verða að sumu leyti fremri en aðrar þjóðir. Ísland er strangt land og það mun hegna sínum börnum strangar en önnur lönd fyrir siðleysi og dáðleysi. --

Þessir tímar sem nú ganga yfir eru hættulegir. Tímarnir eru að breytast, menn vilja lifa betur, og sérstaklega vilja menn sýnast, og fyrir hvern mun afla sér hégómlegs kjaftalofs. Er það t.a.m. ekki hörmulegt að hugsa sér embættismenn í betri stöðu, hvað þeir hafa margir orðið gjaldþrota. Bergur Thorberg, Guðmundur Pálsson, Lárus Blöndal, Hermann sýslumaður, Sigurður Jónasson sýslumaður, -- Jón Johnsen, Einar Thorlacius, Óli Finsen, séra Eiríkur Kúld, Hjörtur læknir. Þetta er ekki lítil lest, en þegar svo er, þá fer freistingin að vera mikil til að afla sér fjár með öllu leyfilegu og óleyfilegu móti.

Ég veit ekki hvað gera skal því að enginn má við margnum og hvar sem ég leita eftir samverkamönnum, hvort sem það er hjá æðri eða lægri, get ég ekki fundið þá, og þó að þú viljir gera allt hið besta og þó að við viljum taka höndum saman, þá erum við alltaf veikir. Einu sinni var ég búinn að taka mér þá föstu stefnu að verða einskonar *reformator*, en svo fannst mér að ég hafi ekki þrek eða hæfileika til þess og hélt að ég myndi geta

[1] *Kannski heldur arkitektúrinn, þ.e. skipulagsvinna hans og hugmyndir, nafni hans lengst á loft.*

[2] *Guðmundur Hannesson fékk það embætti fyrst 1907. Guðmundur Björnsson var áfram bæjarlæknir í Reykjavík og kennari við læknaskólann uns hann varð landlæknir 1906.*

[3] *Voltakross var úr kopar og zinkplötum með dúk á milli, borinn innan klæða. Var mikið seldur til hjálækninga. Sjálfsagt ekkert lakar en ýmsar lækningaaðferðir þá, og sem reyndar enn eru stöðugt að koma upp.*

[4] *Þórhildur Pálsdóttir Briem g. Líndal (1896-1991).*

látið betra af mér leiða, með því að starfa í embættum. Ég held að þetta hafi verið réttilega ráðið, en nú verð ég líka að taka afleiðingarnar.

Þú manst eftir sekt séra Matthíasar, þar var réttur og skylda mín að taka í strenginn deginum ljósari, en hvað um það, ég fékk almennt ámæli (á bak) fyrir þetta og vinur minn Klemens, sem ávallt fer nærri um almenningsálitið, gat ómögulega stillt sig um að geta um það í fyrirlestrum, sem hann hélt á Möðruvöllum og á Grund, að minnast á þetta og halda uppi varnarskildi fyrir séra Matthías og tala um hótfyndni mína.

Að vísu hefur hann sagt annað við mig og enginn hefur haft hreinlyndi til að láta mig vita það nema Halldór bróðir minn, og því læst ég ekki vita þetta. --

Sama verður auðvitað ofan á með séra Ludvig,[1] en þar er munurinn sá, að það er mjög óvíst hvernig fara muni. Fyrst og fremst er stúlkan ekki skyldug að segja neitt og þó hún bæri fram að hann ætti barnið, þá getur hann neitað og svo er hann frí, og ekki eins frí, heldur og alveg saklaus undan rógi og lygum. Að minsta kosti skrifaði biskup á þá leið í sumar til séra Þorleifs á Skinnastað um séra Halldór að Presthólum að yfirdómurinn myndi verða vottur um sakleysi séra Halldórs.

En þó að ekki verði á allt kosið, þá vona ég samt að störf okkar sé ekki fyrir gíg unnin að því er snertir prestana og þjóðina. Það sem þú segir mér um séra Kjartan í Holti[2] þykir mér mjög leitt, en ég trúi því ekki að hann hafi gefið neina kvittun ósanna, hinu get ég aftur á móti trúað, að hann hafi vitað um borgun af annarra hendi en brúðgumans í þeim tilgangi að koma af sveitinni á aðra sveit. Ég gat í vor komið í veg fyrir þess konar hjá séra Ólafi[3] á Svalbarði í Þistilfirði, sem nú er settur prófastur í stað séra Halldórs[4] á Presthólum.

Ég kom að Svalbarði í sumar og held ég að ég hafi aldrei hitt mann, sem mér í fljótu bragði hafi fundist eins laus við næmar tilfinningar í *moral* eins og séra Ólaf Petersen. Hann er í smekk með séra Þórarni í Görðum, en allur mikið rýrari bæði andlega og líkamlega. Hann er vafalaust efni í talsverðan höfðingja.

Við erum að búast við þér hingað í sumar, en hvernig þú kemst hingað og héðan aftur er gátan. Mér líst illa á gufuskipaferðirnar. Ég hef vanalega farið austur í júlí, en ef þú kæmir í júlí þá ætti ég að vera kominn að austan þá. --

Ég býst við því að þú hafir fyrir löngu frétt að mál séra H. fer fyrir hæstarétt. Enn fremur er annað sakamál á ferðinni gegn honum út af barsmíðum. En svo hefur hann fengið því áorkað að önnur sakamál eru á ferðinni gegn sýslunefndarmanninum, svo og gegn hreppstjóranum í sveitinni. Ég lagði eindregið móti sakamáli gegn hreppstjóranum, en landshöfðingi var á öðru máli. -- Slæ í botninn --

[1] *Mun vera séra Ludvig Knudsen (1867-1930) prestur á Þóroddsstað en leystur frá embætti 1898. Varð bókhaldari og bókbindari uns hann var aftur settur í prestsembætti.*

[2] *Kjartan Helgason (1865-1931) frá Birtingarholti í Hrunamannahreppi og síðast prófastur í Hruna.*

[3] *Séra Ólafur Petersen (1865-1898) síðast á Presthólum.*

[4] *Séra Halldór Bjarnason (1855-1945) á Presthólum.*

1898

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 2.1.1898.

Hefur liðið vel hjá bróður sínum og mágkonu. Kristinn er sami góði, einmana drengurinn og litla frænka efnileg. Segir frá messum séra Matthíasar.

Fékk Jón Arason lánaðan hjá honum. Áreiðanl. hans besta leikrit. Undrast hvernig Matthíasi hefur tekist að halda prœði og gæða persónur lífi. Erfitt verður að leika það, a.m.k. hér á landi. Hjaltalín vinnur í einlægni að því að flytja skólann til Akureyrar og íbúar þar vilja leggja málinu til 5.000 kr. Þá vantar 10 þús. kr. úr Landsjóði. Þar eygir hann von um að þau S.B. geti búið saman.

Rœðir vegagerðina og telur líklegt að skólinn verði við Eyrarland. Þarf H.E.B. að flytja út úr skólanum þar sem Hjaltalínshjónin þurfa húsnæðið. Rœðir húsnæðismál og hugsanl. flutn. til Stefáns Stefánnsonar.

Á gamlársdag var hátíð er pöntunarskip kom, gott var að fá kol.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri 2.1.1898.

Tóvinnuvélar eru teknar í notkun. Rœðir þær og annmarka á þeim, dýrleika o.fl.

Mikið er talað um stjórnmál og á Valtýr fáa formælendur.

Menn hallast að Miðluninni sem áður var fyrirdœmd. Sama hvort frumvarpið er, ekki verður hœgt að hindra ríkisráð Dana frá að rœða þau mál sem það vill, t.d. íslensk lög.

Þá er engin bót í að ráðgjafinn sé fjarverandi. Honum fellur ekki það sem þingmenn hafa rætt um málið og segist ætla að gera athugasemdir við hvernig koma megi praktískum formlegum rétti heim og saman við þetta.

Segist illa treysta þingi og þjóð og því sé óbundið þingrœði, eins og enskum parlamentarisma, skaðlegt hér. Styður kanadísku aðferðina og rökstyður það. Einnig styður hann þjóðaratkvœðið svissneska og fleiri bönd á þingmenn.

Segist af ýmsum ástœðum þreyttur á að fjalla um pólitík Hann vill fræða með Lögfræðingi.

Segir hættu framundan ef þing og þjóð haldi uppteknum hætti. Erlendis sé verið að setja tolla á innfl. kjöt. Kannski verði hross tolluð einnig og Spánverjar fari að tolla fisk. Rœðir iðnrekstur sem þurfi að leggja drög að.

Sagðist hugsa mikið um þessi mál. Ef hann væri ekki amtmaður og afturhaldsmaður frá Alþingi, mætti halda að sé radikal.

Rœðir bankamál, danskar og ísl. lánastofnanir, norska veðbankann.

PS. Segir amtsráðið hafi samþykkt tillögu um stofnun búnaðarfélags.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 3.1.1898

-- Jeg þakka þjer sem best fyrir þitt góða brjef með síðasta póstskipi.

Það er talað mikið um stjórnmálin um þessar mundir, öll blöð full af þeim. Hjer í Eyjafirði eru menn mjög á móti Valtý, og sama heyrir maður að austan og vestan, nú virðast menn ætla að halla sjer að miðluninni frá 1889, en ekki að frumvarpinu, sem lá fyrir í sumar og Klemens bróðir þinn hjelt fram. Jeg veit ekki, hvað Valtýr álítur um það, en það virðist, sem honum þyki of kostnaðarsamt að hafa ráðgjafa hjer heima, enn fremur mun hann víst segja og fylgismenn hans að heimastjórn geti ekki fengist hjer, en þar sem Íslendingar í Höfn eru á móti Valtý, þá finnst mjer að þeir ættu að minnsta kosti að leita hófanna með það, hvort hægri menn og ráðgjafinn vilji ekki samþykkja að Íslendingar fái heimastjórn eins og Canada. Hin sögulegu rjettindi landsins sýnast mega liggja milli hluta, þannig að Ísland sleppti ekki neinu af þeim, þvert á móti sýnist ekkert vera á móti því að konungur ynni eið að stjórnarskránni, eins og stjórnin hafði í sínu eigin lagafrumvarpi 1867.

Jeg er nú farinn að skrifa ekki svo lítið um stjórnmálin og hef jeg þó leitt þau hjá mjer síðan 1891, þegar jeg sat á alþingi. Á árunum þar á undan lærði jeg, að sjá það, að þjóðin fer ekki eftir skynsamlegum rökum, heldur tilfinningum, sem stundum byggjast á skynsemi, en stundum líka á rógi og lygi, og svo lærði jeg að þekkja það, að þingmenn eru ekki nema annað veifið fulltrúar sinnar þjóðar, og því er mjer illa við enska þingræðið. Í þess stað vil jeg miklu heldur þjóðþingræði eins og í Canada. Þegar nýjar kosningar fara fram á ráðuneytið að

vera samkvæmt meiri hluta þingsins, en þó að þingmenn síðar meir hringli og greiði atkvæði móti ráðuneytinu, þá gjörir það ekkert til. Ráðuneytið hafði traust þjóðarinnar þegar kosið var og því á það að sitja, þangað til nýjar kosningar fara fram.

Annars líst mjer mjög illa á framtíðina. Þjóð og þing er ekki eins og þau eiga að vera og þeir sem á verðinum sitja sofa í sætum sínum.

Nú fara Englendingar að verða okkur erfiðir. Þeir hafa bannað innflutning á sauðfje, sem líkl. er 2-300 þús. króna skaði fyrir landið á ári, og svo fara þeir vafalaust að leggja toll á kjöt okkar (hærri en Norðmenn) og ull og ef til vill fisk. Ef ekkert er aðgert, þá verður það hörmung fyrir okkur Íslendinga. Á sama tíma er Jón Ólafsson að predíka um verslunarfrelsi í Reykjavík, verslunarfrelsi sem er að deyja út í hinum menntaða heimi. Ef jeg skrifa um þetta alvarlega framtíðarmál í Lögfræðingi, þá held jeg að jeg fremur tali um að menn eigi að slá hring, takast í hendur, tengjast böndum og styðja hver annan í baráttunni fyrir framförum og vellíðan þjóðarinnar.

Nú er Hjaltalín kominn á þá skoðun að flytja Möðruvallaskólann hingað. Hann hefur þurft nokkur ár til þess að komast á líka skoðun og jeg í því máli. Að vísu hefur Möðruvallaskólinn gert nokkuð gagn, en hann hefur líka gert nokkuð illt. Það hefur mátt heita ógjörningur að senda þangað óspillta unglinga. Ef hann nú kemur hingað á Akureyri, þá má þó koma piltum í hús hjá almennilegum mönnum, þar sem þeir geta verið lausir við að lenda í öðrum eins anda og ríkir á Möðruvöllum. --

Bestu þakkir fyrir Sigurðarkviðu, sem mjer líkar mjög vel. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.1.1898.

Jólahald. Tókst með sölu á hannyrðum að öngla saman fyrir rugguhesti handa Sidda. Leggur áherslu á að kenna Sidda ensku vel, svo hann blandi ekki íslensku og ensku saman.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 27.1.1898.

Ræðir lánsbeiðni um 5.000 kr. o.fl. en segist hafa fengið það hjá Eggert (bróður sínum) og ef hann þurfi á því að halda geti hann fengið lán annars staðar.

-- Það er satt, mér finnst ég hafa mikið að gera; en að undanförnu hef ég haft það létt. Í sýslumannsstöðunni þóttist ég alltaf hafa náðuga daga.[1] Reykjavík er alltaf í stórum uppgangi. Hingað þyrpist fólkið úr nágrannasveitunum og jarðirnar byggjast ekki. --

Segir af hestahaldi sínu.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 29.1.1898.

-- Aðeins fáein orð. Svo stendur á að jeg er að skrifa um dagsverk til presta.

Í Fjölni 7. ári bls. 12 neðan er sagt að dagsverkið sje samþykkt á alþingi 1604 og 1678. Viltu gera svo vel, að spyrja, jeg held Boga um, hvort að hann geti bent á, hvar hægt sje að finna þetta. Annars hef jeg beðið Pálma Pálsson að gá að þessu í Reykjavík, svo að þú skalt alls ekki hafa mikið fyrir þessu. Mjer liggur ekki á þessu fyrri en í maí.

Ef ekki er neitt fyrir að finna þetta, t.a.m. í alþingisbókum þá þætti mjer vænt ---*vantar í bréfið*--- ekkert ættu, þeir gætu þá unnið presti dagsverk. --

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 29.1.1898.

Kvartar yfir "ótugt" *í hægri hönd þannig að læknirinn lætur hana í fatla og með stífar umbúðir.*

- hann er svo hræddur við æðahnúta í handarkrikanum.[2] -- Við vorum að halda upp á geburtsdag ósköp litla Norðmanns í gærkv., fengum frægustu rjúpnaposteik (ég hef nefnil. tekið frúna í skóla að búa til *butterdeig*, svo nú vildi hún sýna mér árangurinn, og ég var stolt af).

Á eftir fengum við landfógetafrúarbúðing, en mér finndist óþarfi að finna upp svoleiðis rétt, því nóg sýnist mér vera til af þess háttar í kokkabókum; búðingstetrið var þar, til og með, ekkert góður. En hvað um það, Norðmann var góður, og konan líka, og þá gerði lítið til með búðinginn; við og þau erum þeir perluvinir að það er nú meir en að mæla.

Við vorum líka nýlega hjá sýslumanninum, uppá gæsasteik (af flúnkunýju kaupmannahafnarpostulíni,

[1] *Sigurður var skipaður póstmeistari í júlí og tók við embættinu 1. ágúst 1897.*

[2] *Sennilega er þarna vart sjúkdóms sem átti eftir að hindra hana mjög það sem eftir var æfinnar. Var lengi vel ætlað að um gigt væri að ræða. Undirritaður hefur sett fram þá kenningu, í ljósi lífsreynslu og kunnugleika af ömmu, að hér hafi verið um klemmda taug, sem nú er ráðin bót á með skurðaðgerð.*

borðaða) og *trifli*, og var ógn gott að vera þar, en þrátt fyrir það fékkst enginn til að koma nema gamli Schiöth og við, og mátti því heita að fallegu diskarnir æptu hver til annars, en við frú Schiöth vorum svo andríkar, að ekki var teljandi hvað geispað var. --

Ekki þykir okkur Susie fara fram í sparnaðinum, það er munur en þegar veslings Halldór er að kaupa handa sér einn flibba í einu. Er það virkilega rétt af einum manni að láta konuna, sem ekki hefur -- vit á að fara með peninga, ráða yfir öllu sem hann innvinnur, en vera svo sjálfur eins og ræfill til fara, og lána allt sem hann þarf að fá sér hjá öðrum. Hann kemur aldrei svo hér inneftir að Páll megi ekki lána honum, nú fyrir þessu og svo hinu, sumt er borgað, sumt ekki, eftir því sem á stendur, en hvort við kaupum 16 kr. leikföng handa okkar krökkum, þar um og ekki meira, og ég vildi segja það satt að Halldór á ekki svo mikið sem vettlinga á hendurnar. Ég lét nú prjóna eina handa honum -- og trefil um hálsinnm en konan hefur það talsvert öðruvísi.

Það sem mest ergir mig hvað barnalega Halldór talar um þetta: "*Susie hefur nú gaman af þessu og þá á hún að fá að hafa þetta eins og hún vill.*" Það er alltaf svarið ef eitthvað er talað um þetta ráðslag. Ég held virkilega að það yrði þolanlegra ef hann hefði hana hér. Nú er líka mikið talað um að flytja skólann hingað inneftir. --

Biður forláts á óþarfa mælgi. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 29.1.1898.

Ræðir flutning skólans. Stefán Stefánsson veikur af eyrnabólgu. Læknir segir hana geta verið hættulega og ef ekki batni fljótt verði að skera.

Ólafur (Davíðsson) frændi á Hofi kennir fyrir Stefán Stefánsson. Veikindin slæm fyrir skólann, og húsnæði ófrágengið. Vonar að Stefán fái að lifa. Hefur verið að rannsaka ísl. sögu og lesið annála. Augun leyfa það ekki.

Ekki frétt af Páli sem undirbýr útg. Lögfræðings. Ekkert fréttnæmt af brúðkaupi á Bægisá!

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 31.1.1898.

Segir hann hafa verið glaðari í bréfum sínum í vetur en áður. Gerir sér góðar vonir um flutning skólans til Akureyrar. Kannski þau geti fengið húsnæði og búið saman. Segir frá Sidda og gjöfum sem hann fékk. Ræðir mörgum orðum um Ragnheiði Hafstein sem virðist hennar besta vinkona. Spila þær oft og mikið saman ásamt fleirum. Spyr hvernig honum falli trúlofun Eggerts bróður Halldórs, en þykir þau of skyld.[1] *Segir frá trúlofun Ástu*[2] *og von Jaden, ágætum, vel efnum búnum manni af góðum ættum, sem kom hingað í fyrra. Þau gifta sig á næsta ári.*

Mikið að gera í húsmæðraskólanum, nemendur átta og sala á veitingum og böll. Friðrikka (Briem) er ánægð þar. Segir að Elín systir hans ráðgeri að fara til Englands.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 22.1.1898.

Enn er von um að þau geti búið saman í eigin húsi. Stefán er enn frá kennslu. Ræðir peningamál og einnig að Stefán sé skuldugur eftir veikindin.

Stjórnmál virðast mótast af andúð á Valtý. Lítið álit á Skúla.

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 23.2.1898.

Segir fólk hafa legið í hrönnum úr lungnabólgu, sérstaklega eldra fólk.

-- Allir kenna góðu sunnlensku veðráttunnu um og segja hún sé svo óholl og umhleypingasöm, en hrósi hver sem vill norðlensku hríðunum; ég er ekki þar með, ég get ekki hugsað mér indælli vetur en þennan, ef hér á eftir kemur ekki illviðri, sem reyndar væri ekki furða. --

Ræðir ýmsa hluti, grein "fríherra" von Jaden í Þjóðólfi, samdrátt hans og Ástu Petersen. Þótti hann heldur skopast að Íslendingum. Einnig segir hún frá fæðingu Svafars sonar Guðmundar Hannessonar læknis og Karólínu, "Línu", konu hans.

Múrpípa komin upp á Bægisá og séra Theodór kominn með gullhring. Páll býst við að eftir búskaparlagi verði þau fljótt komin á hreppinn. Séra Theodór er alltaf að biðja Pál um lán sem hann vill borga í smjöri.

Segir frá vinnu heima, spuna og prjónaskap á nærfötum fyrir alla fjölskylduna. --

---

[1] *Þau Guðrún og hann voru systrabörn.*

[2] *Ásta (1876-1958) var dóttir Péturs Péturssonar bæjargjaldkera og Önnu Vigfúsdóttur Thorarensen. Hún var systir dr. Helga Péturs. Ásta átti von Jaden barón í Vínarborg.*

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 23.2.1898.

Sonur, veikindi, meðalakaup, hestar, hagaganga.

Elín Briem sigli í vor. Hún sé stórkostlega athafnasöm. Hún og Páll séu athafnasömust systkinanna.

Séra Valdimar Ó. Briem skrifar séra Davíð Guðmundssyni. Stóra-Núpi. 23.2.1898.

-- Það er leiðinlegt þetta hringl í séra Matthíasi og það því fremur að hann er mikill andans maður. Það er beinlínis rangt að hafa hann fyrir prest. Hann er líka sem skáld fullkomlega þess verður að hann sé kostaður af þjóðinni og þurfi ekki að baksa þetta fyrir lífi sínu.--

Ræðir um Hannes Hafstein.

-- hvað á að gjöra við Pál? Ergilegt að kannski mesti maðurinn á landinu skuli ekki vera brúkaður til neins? --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 13.3.1898.

Þakkar peningasendingu og hefur getað borgað skuldir að mestu.

Stefán hefur það ekki gott, og því ekki hægt að tala við hann um húsnæðismál.

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 16.3.1898.

-- Nú liggur Vesta gamla hér fyrir framan gluggann okkar og býður okkur að flytja bréf. Fyrst ég get ekki farið sjálf, sem ég helst vildi, þá ættla ég að nota mér að senda miða með henni.

Ég var að kalsa það við manninn minn að lofa mér suður með duggunni, og sagði hann auðvitað að það væri mér svo guðvelkomið, en hrædd er ég um, ef ég hefði tekið hann uppá orðið að fljótt hefði komið annað hljóð í strokkinn. En eitt bað hann mig aftur á móti um að skila til þín mamma mín, og það var að þú væri lagalega skyldug að koma til okkar, ef ekki í sumar, þá næsta sumar. Það hefðu orðin sem stóð seinast í bréfinu þínu skuldbundið þig til; að öðrum kosti sagðist hann álita þig"minni mann"! hann veit hvað hann syngur, þegar um það lagalega er að ræða, blessaður kallinn minn, og taktu þér þessi gullvægu orð til yfirvegurnar, elsku mamma mín, ef guð gefur okkur öllum líf og heilsu --

Frá okkur er, guði sé lof, allt það besta að frétta -- yfirhöfuð heldur að minnka veikindin í bænum, það eru bara þessar gömlu, sem alltaf liggja, en sem öllum sýnast frískar, svo sem frú Stephensen o.fl.

Í gær dóu tvö börn hér á spítalanum og það þriðja fyrir tveim dögum, svo ekki gengur Guðmundi (Hannessyni) vel með það. --

Segir sögur af séra Theodór á Bægisá, frænda P.E.B., sem býr hjá þeim meðan konan hans er á spítala til aðgerðar hjá Guðmundi lækni. Þau Páll eru að forða honum frá hótelvist því víst mundi hann fá lánað hjá þeim fyrir henni - furðulegur gestur, aldrei mættur á réttum tíma til máltíða, hangir á spítalanum og veldur erfiðleikum starfseminni. Búinn að vera hjá þeim fjóra daga. Ómögulegt að fá hann til að segja hve lengi hann verði. Kemur aldrei til máltíða fyrr en eftir dúk og disk, eftir að búið er að senda Kristin litla eftir honum. P.E.B. er orðinn dauðleiður og segist aldrei ætla að bjóða honum aftur. Á.H.B. þykir sjálfsagt að bjóða frændanum að vera og segist ætti sjálf auðvelt með að venja hann af ósiðum.

-- Guðmundur Hannesson spyr: "Hvað eigum við að gera við séra Theodór, hann er ekkert annað en gæðin frá enda til enda, en kerlingarnar[1] *(kona Theodór og tengdamóðir)* gera hann að viðundri með þessu lagi".

Stefán kennari er líka kominn hér inn eftir til lækninga, hann hefur *neuragli*[2] í höfðinu, má ekkert hugsa né gera; hann er búinn að vera svona meiri hluta vetrar. Læknirinn vill helst að hann sigli til reynslu. Ólafur Davíðsson kennir fyrir hann, og nú held ég hann hefði ástæðu til að tala um peningasendingar úr tveim stöðum, ekki síður en í bréfinu til Páls í sumar, en 40 kr. eru ókomnar og Ólafur ókominn líka. --

Segir fréttir af miklum gestagangi, bæði yfirstandandi og væntanlegum. --

-- Sigurður Hjörleifsson, -- séra Bjarni Þorsteinsson og allur mögulegur óþjóðalýður. --

Páll situr nú við að skrifa Jóni bróður um ferðalag þeirra beggja í sumar, því okkur *getst* ekki að því ef Jónki kemur með júlískipinu og Páll fer svo daginn eftir austur til Reyðarfjarðar, því amtsfundur er ákveðinn þar fyrir löngu, svo vill hann fá Jón til þess að koma hingað landveg með Sigurði, en fara svo með sér til Seyðisfjarðar, svo hann taki það með og heimsæki um leið sinn elskulega vin Jóhannes *(Jóhannesson)*

---

[1] *"Kerlingarnar" Konan: Jóhanna Gunnarsdóttir (1873-1957), prests Gunnarssonar (1839-1873) síðast á Ljósavatni. Gunnar var bróðir Tryggva Gunnarssonar. Þeir voru synir Jóhönnu Kristjönu Gunnlaugsdóttur Briem (1813-1878). Tengdamóðirin: Valgerður Þorsteinsdóttir (1836-1917), skólastjóri á Laugalandi. Jóhanna og Valgerður voru stjúpsystur.*

[2] *Neuragli var á þessum tímum talinn vera einhvers konar sársauki út frá taugum.*

sýslumann, en eftir er að vita hvað Jón segir. --

Hlakkar til að fá ost að sunnan því enginn fæst á Ak. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum 19.3.1898.

Stefán er enn veikur og kona hans er með honum á Ak.

Samþ. á fundi á Akureyri að gera brú á Hörgá; vantar enn fé. Margir héðan fóru til Akureyrar til að sjá leikritið: Skjaldvör. Sumir sigldu frá Gæsavík, aðrir gengu.

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum, 19.3.1898.

Biður um ráð v. styrkumsóknar til Noregsferðar.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 21.3.1898.

Segir af fólkinu sem hún umgengst og fréttir af fólki sínu í Vesturheimi. Heyrt að Páll eigi von á barni. H.E.B. hefur ekki nefnt það.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 22.3.1898.

Fjallar um hugsanl. ferð austur með Páli. Hefur heyrt að Páll komi suður í vor til að semja við Búnaðarfélag Suðuramtsins.

-- Eiríkur er áhyggjufullur út af braski Elínar með hússtjórnarskólann. Hann er hræddur um að hún setji sig á höfuðið fyrir hann. Ég var svo flott að gefa skólanum hest. Elín mátti velja um að taka við honum strax úr húsinu eða ekki fyrr en seinnipartinn í sumar. -- Elín segist hafa upp úr honum 100 kr. og kalla ég að Blesi geri það þá vel. --

Sigríður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Borgarnesi. 11.4.1898.

Segir langt síðan hún hafi fengið fréttir af systkinum sínum nyrðra. Syðra er dauft hljóð í fólki og verslun bágborin og bændur flosna upp. Biður hann koma við í Borgarnesi þegar hann eigi leið hjá. Segir frá missi 15 ára sonar og fæðingu dóttur.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Akureyri 12.4.1898

Ánægjuleg dvöl hjá bróður hans og mágkonu. Þau eiga von á barni. Á föstudaginn langa fórum við Páll ásamt Kristni að Hálsi. Voru við messu hjá séra Einari. Hann og Jóhanna systir þeirra eiga þrjú börn. Heim um kvöldið.

Álfheiður er dugleg. Spyr hvort Siddi hafi lagast af skrýtnum talsmáta.(Hann var 3ja ára).

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 14.4.1898.

Segir frá bólusetningu Sidda og veikindum og bólusetningum í bænum því allir séu hræddir við bólu frá Englandi.

Segir frá boði hjá Hannesi Hafstein og gestum þar.

Elín siglir með næsta skipi.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 15.4.1898.

Biður um að H.E.B. eyði bréfinu. Sagðist hafa heyrt að nemendur Möðruvallaskóla hafi skorað á Hjaltalín að segja af sér. Því til staðfestingar sé að frú Hjaltalín hafi leigt sér húsnæði í Rvík næsta vetur. Segist hafa heyrt að Stefán sé með æxli v. heilann. Spyr frekari frétta.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Akureyri. 29.4.1898.

Segir þær fréttir að Jóhanna og séra Theodór gengu hér í hjónaband í gær. Gaf séra Jónas á Hrafnagili þau saman. Stefán var orðinn góður, ætlaði að kenna, en hefur versnað. Annast Ólafur Davíðsson frá Hofi prófin. Stefán Stefánsson áætlar að vera erlendis næsta vetur.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 7.5.1898.

Flytur úr skólahúsinu og fer síðan suður. Ber til baka sögusagnir, sem væntanl. frú Hjaltalín á hlut að. Stefán er veikur og vafamál hvort hann hefur heilsu til að ferðast. Virðist sýslunefnd hafi ekkert gert í skólamálinu.

Álfheiður Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 23.5.1898.

-- Bara fáeinar línur til að þakka þér kærlega fyrir myndina af elsku stúfnum þínum,[1] sem er nú ekki á horleggjunum, eins og pabbi hans,[2] feitur og hnöttóttur, með galopinn munn af eintómri undrun. Það er eins og það á að vera allt saman. Nú ert þú konulaus, en samt í konuvon, því ekki lætur María þá skömm eftir sig liggja að koma ekki til kallsins sín bráðlega aftur. Á meðan fáum við þig, ja, hvað við hlökkum til Jónki minn, en ég má til, en ég skal ekki trúa því -- að þú verðir ekki lengur en 6 daga, það er óforskammað stutt visit, finnst mér nú, eftir svo langa ferð, en líklega verður þú nú samt orðinn saddur af lífdögunum hjá okkur Akureyringum, þegar þú ert búinn að vera þann tíma, en eftir er að vita hvort við Páll verðum eins mett!

Hvernig líst þér á greinarstúfinn læknisins okkar í Bjarka, álítur þú ekki með mér, að viðlíka slúður og það sem hann ber þar á borð hafi ekki nýlega komið á prent[3] - þó margt sé nú lint -. Þegar blaðið kom var hann (Guðmundur Hannesson) hér inni, en ég les greinina frammi, og fæ svo Páli blaðið, og segi um leið svo læknirinn heyrir: „Dáyndis fróðleg grein frá lækninum okkar, sem ég ímynda mér að komi svar uppá frá Jóni Helgasyni, ef honum þykir svona þvaður á annað borð svara vert.“ --

Læknir steinþagði, en varð dálítið sneyptur; hann hafði lesið þetta fyrir Páli áður en hann lét prenta það, og þá hafði Páll sagt honum að þetta skyldi hann heldur kveikja upp með, en láta nokkurn mann sjá, en honum fannst nú annað, blessuðum; og þegar hann svo klikkir út með því, að hann heyri daglega fyrir utan gluggann hjá sér börnin vera að syngja kvæði úr „*Þyrnar*“, þá segi ég að nú fari sannleikurinn alveg út um þúfur, því ég er eins sannfærð um að ekki eitt einasta barn kann eitt orð úr þeirri bók, eins og ég hef himinninn yfir mér og - í öðru lagi syngja þau ekki oft út á götum og strætum, allra síst þó fyrir framan gluggana hans, því þar er garðhola, sem ekkert barn fer inní, og tilluktur alveg. Séra Björn hafði beðið hann að nefna sér börnin sem héldu þennan concert fyrir hann, en þá komst hann í bobba og sagði það hefði verið á Sauðárkróki, allt svo fyrir þrem árum, nefnilega ári áður en Þyrnar komu út!!! Kannskje hann hafi útvegað afskrift af ljóðasafninu til þess að geta fengið að heyra það við og við, en samt er greinin skrifuð á Akureyri í apríl 1898.

Hvað gefurðu fyrir svona sögur, Jón minn?

Mig langaði til að spyrja hann að hvort hann skildi sjálfur hvað hann væri að fara, en nennti ekki að hlusta á hans *„dumheder“*, en samkvæmnin er ekki mikil hjá honum þegar hann segir að smá bendingar í læknisfræði megi ekki prentast af því alþýða misskilji það og misbrúki, en þetta er fullgott fyrir alþýðu, honum hefur aldrei verið sárt um kristindóminn og verður það víst seint, svo sama er hvað borið er á borð fyrir hann af slíku og þvílíku, það fellur víst margt orðið í góðan farveg hjá Þingeyingunum þó ekki sé lengra farið. --

-- En ég get ekki neitað því að ég er gröm í hæsta máta yfir þessu þvaðri öllu og finnst G. Hannesson og svoleiðis peyjar ættu helst að halda sér á mottunni og þegja. Ja, hvað ég er orðin langorð, en svona gengur það, ég mátti til að útausa mér fyrst ég fór að segja nokkuð á annað borð. --

Fyrirgefðu rausið úr henni systur þinni, hún hefur lengi skrafhreyfin verið. Paulus minn sendir hjartans kveðjur -- Það verður hátíðleg stund þegar þú ríður í hlaðið, láttu það ekki bregðast -- þá langar mig til að leggja söðul á hest og ríða spotta á móti þér. -- Kysstu litla feita manna (Hálfdán) frá Hildu og þinni elskandi systur --

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 3.6.1898.

-- Þakka innilega tilskrifið frá 12. f.m. og óska þjer mjög vel til hamingju með prófessorsstöðuna og inngöngu í Vísindafjelagið. -- Þín vegna gleð jeg mig yfir því, eins og þú værir bróðir minn, en auk þess gleður það mig vegna landsins, að það skuli jafnan eiga menn sem geta staðið menntamönnum heimsins jafnfætis.

Jeg þakka þjer svo mjög vel fyrir alla fyrirhöfnina mín vegna. Jeg hef fengið nokkurn veginn upplýsingar frá Pálma Pálssyni í Reykjavík, svo að nú skalt þú ekki gera þjer meira ómak mín vegna að sinni, en feginn vil jeg eiga þig að og er þó skömm að því að vera að gera þjer svona mikið ómak. Ritgerðin um *dagsverkið* getur eigi komist að í Lögfræðingi fyrri en að ári, svo að fyrir mjer er allur dagur til stefnu.

Jeg er nokkurn veginn búinn með handritið í þennan árgang. Aðal ritgerðin er um sóttvarnir, sem er mikið mál og merkilegt hjer á landi.

Jeg held að Lögfræðingur hafi 500 kaupendur og þykir mjer það gott. Tidskrift for Retsvidenskab hefur aðeins

---

[1] *Þetta mun vera Hálfdán Helgason (1897-1954), prófastur á Mosfelli í Mosfellssveit.*

[2] *Þetta er skemmtilegt orðalag sem kallast á við háðsyrði Þórbergs Þórðarsonar síðar, þegar hann í andúð sinni hæddist að Jóni biskupi Helgasyni og spóaleggjum hans.*

[3] *Þetta er Opið bréf í 3. árg. 17. tbl. Bjarka, blaðs Þorsteins Erlingssonar, sem kom út á Seyðisfirði, sem Guðmundur Hanness. sendir guðfræðingunum, kunningjum sínum, Jóni Helgasyni og Haraldi Níelssyni, þar sem hann í stuttu máli spyr þá hvort þeir riti greinina, í febrúarblað Verði ljós, af fullri sannfæringu og alvöru. Ritað á Ak. 29.3.1898.*

170 kaupendur í Danmörku. Auðvitað má Lögfræðingur eigi vera með eins vísindalegu sniði.

Það er satt sem þú segir, að hópurinn frá 1878 hefur gert það vel. Jóhannes sál. Ólafsson[1] var einstaklega samviskusamur og árvakur embættismaður. Berklaveikin varð honum að bana. Þessi veiki er nú að ná fótfestu hjer á landi og er sumstaðar orðin verulega alvarleg.[2]

Þú minnist á það, hvenær jeg muni koma til útlanda. Jeg vildi helst koma sem fyrst. En nú stendur svo að Magnús Torfason sýslumaður svíkur mig um borgun fyrir húsin á Árbæ, svo að jeg þarf að fara í mál við hann. Það eru nær 2000 kr. sem hann á að borga og get jeg ekki farið fyrri en jeg fæ þetta. Jeg hef haft svo margt að hugsa um, að jeg hef eigi getað átt við mál gegn honum, en nú verð jeg að taka það fyrir í sumar, ef jeg get. Svona gengur þetta.

Af okkur er allt gott að frjetta. Jeg sendi Kristin litla með Vestu um daginn til afa síns og ömmu fyrir sunnan. Jeg vona að honum hafi gengið ferðin vel.

Hilda litla er farin að tala heilar setningar og þykir vera skýrt barn. Hún var að vakna í þessu, og var eitthvað ömurleg, svo að jeg kallaði á hana. Hún kom svo með tár á kinn og situr nú á hnje mínu og er að segja: "Gipið góla, Diddinn á gipinu" þ.e. "Skipið gólar. Kristinn á skipinu". --

9. júní. Hinn 6. júní eignuðumst við hjónin dreng,[3] vel af guði gerðan. Konu minni heilsast vel. Hún biður kærlega að heilsa. --

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 3.6.1898.

Ræðir tóvinnuvélar og vélstjóra Aðalstein Halldórsson,. Ísland sem iðnaðarland; einnig kláðamál og Sigurð Sigurðsson sem er að læra kláðalækningar í Noregi. Segir frá hvernig kláðalækningar skuli skipulagðar. norðanlands. Líkar illa framganga Halldórs Friðrikssonar í búnaðarfélagsmálinu. Gætu amtsráðin sjálf stofnað til búnaðarþings? Líst vel á að Torfi verði ***flakkari*** *í búnaðarmálum. Ræðir heyleysi og sníkjur heylausra; stefnu séra Sigurðar Stefánssonar alþm. sem sigraði, að ráða bót á málinu með sektum og yfirvaldsráðstöfunum.*

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 10.6.1898.

Sendir reikninga og spyr um ferðaáætlanir.

-- Veit ennþá ekki hvenær ég get farið héðan. Helgi snikkari er að hamast í breytingu á barnaskólahúsinu, en hvenær hægt er að flytja þangað veit ég ekki.

Loksins erum við póstmeistararnir búnir að gera upp á milli okkar og var sjóðþurrðin eins mikil og ég sagði landshöfðingja um páska. Hjá Finsen 38.000 og Hannesi 4.600. Ég brúka nú í skrifstofukostnað ca. 3.000 kr.; fái ég það eigi endurgoldið legg ég niður völdin. --

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. London. 26.6.1898.

Eftir mánuð í Babbacomb (í Torquay) fór hún til London og Brighton. Ingibjörg kom og fer hún með henni til Babbac. Lýst vel á borgina hér, fer síðan til að sjá Brighton. Ingibjörg er hress. Ræðir um Hólmfríði (skólastýru) o.fl. Er búin að vera 14 daga í London. Þórdís Stefánsdóttir verður fram á næsta ár og tekur að sér Iðnaðarmannahúsið en Hólmfríður nýja húsið.

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. St. í Reykjahlíð. 6.7.1898.

-- Mikið hugsa jeg heim til mín, hvernig þjer líður og litla drengnum. Þú ert nú líklega að skrifa með Thyru og að segja mjer frá og vildi jeg af öllu hjarta óska að þær frjettir væru góðar. Svo fæ jeg líklega ekki frjettir frá ykkur, fyrri en jeg kem heim.

Klukkan er orðin nærri 8 um kveld og hefur ferðin gengið vel hingað. Fyrst kom jeg að Hálsi. Þar leið öllum vel. Gunnlaugur[4] litli er að verða frískur af kýlunum og er feitur. Hin börnin eru braggleg, en það var dálítil ólund í Eggert[5] litla svo að hann stóð frammi í gangi, samt var hann orðinn góður þegar jeg fór. Jóhanna og sjera Einar eru nú farin að hugsa um að komast frá Hálsi, og finnst mjer á Jóhönnu, að hún hafi hug á að

---

[1] *Jóhannes Ólafsson (1855-1897) var sýslumaður í Skagafirði og bjó á Gili, þangað sem Espihólsstofan hafði verið flutt frá Reynistað. Þeir Páll voru bekkjarbræður. Þau k.h. Margrét Guðmundsdóttir frá Arnarbæli áttu mörg börn, m.a. Alexander Jóhannesson háskólarektor.*

[2] *Páll Briem sjálfur varð beklaveikinni að bráð. Ýmislegt bendir til að hún hafi búið lengi um sig í brjósti hans eða allt frá því er hann var við nám í Khöfn.*

[3] *Eggert. P. Briem (1898-1985), bóksali o.fl.*

[4] *Gunnlaugur Briem Einarsson (1897-1929) kand. theol.*

[5] *Eggert Briem Einarsson (1894-1974) héraðslæknir, lengst í Borgarnesi.*

komast í Bárðardalinn, því að nú er talið víst að sjera Jóhann Þorsteinsson á Halldórsstöðum sleppi brauðinu og verði aðstoðarprestur á Sauðanesi hjá séra Arnljóti.

Jóhanna lagði á borð fyrir okkur og borðuðum við þar brennheitan silung frá Ljósavatni. Fyrir neðan túngarðinn hitti jeg gamlan mann gráskeggjaðan, bróður Sigurjóns á Laxamýri, sem sagðist hafa brjef til mín og tók jeg við því og stakk hjá mjer; svo las jeg það í næsta stað, þar sem við fórum af baki. Brjefið var þá frá sjera Lúðvig og - gengst hann þar við barninu.[1] Þá er það altsvo fengið, og var það nær fyrir hann í vetur, heldur en að senda mjer hálfillt brjef, þar sem hann þverneitaði því, sem hann nú verður að játa.

Í nótt sem var gisti jeg á Ljósavatni og fjekk þar heitan silung í bæði mál og sama veit jeg að jeg fæ hjer í kveld og á morgun, svo að jeg fæ að smakka á silungnum.

Jeg kom til sjera Árna Jónssonar[2] í dag. Litla telpan þeirra er dálítið yngri en Hilda og þó held jeg að hún sje stærri. Hún talar líka mikið vel. Svo fylgdu hjónin mjer bæði með vatninu og sýndu mjer allt sem merkilegt var við það, og þó að jeg hafi sjeð það áður, þá var það samt eins og nýtt, því að tilbreytingin er svo mikil. Allstaðar eru hraundrangarnir og hraunstrýturnar, vogarnir og víkurnar, endur með unga. Nú er komið með hvítan dúk á borðið. Í fyrra var víst farið að baka með kaffinu og kom maturinn ærið seint, en nú afþakkaði jeg allt kaffi, svo að maturinn kemur bara fljótt. Jeg hætti nú að sinni, en ef jeg get bæti jeg einhverju við, þegar jeg hitti póstinn við Jökulsá á morgun. Jeg vildi óska að þessi miði hitti vel á, að þú værir glöð og frísk og litli drengurinn á besta batavegi. Kysstu hann frá mjer og Hildu litlu. Heilsaði stúlkunum. Jeg sendi þjer marga kossa elskan mín og óska að þjer líði vel. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Við Jökulsá 7. júlí 1898.

-- Ferðin hingað hefur gengið vel. Veðrið er hið inndælasta, en mikið ryk á vegunum. Klukkan er að ganga tvö. Pósturinn er hjer við Jökulsá og ferjar mig yfir. Jeg vildi óska að þjer og litla drengnum okkar líði vel og að hann væri orðinn svo frískur að hann gæti brosað til þín. Jeg fer vonandi í kveld í Möðrudal. Vertu sæl elskan mín og líði þjer sem best ásamt litlu börnunum okkar. Jeg kyssi þig í huga og kveð þig sem best. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 8.7.1898.

Segir frá ferðaáætlun sinn norður, einnig frá dreifingarkostnaði Lögfræðings og sölu. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Seyðisfirði 11.7.1898.

-- Jeg þakka þjer hjartanlega fyrir tilskrifið frá 7. þ.m. og getur þú eigi trúað því, hvað mig gladdi að heyra um litla drenginn, því að allt af var hugurinn hjá þjer og honum; þó að jeg væri fjarlægur var litla líðandi andlitið hans fyrir mjer. Jeg vona nú svo innilega að hann sje farinn að batna, og að hann verði farinn að geta brosað. En hvað þetta allt hefur tekið mikið á þig; jeg er nú dálítið smeykur um heilsu þína, en jeg vona þó hins besta. Eptir að jeg skrifaði þjer við Jökulsá fór jeg um kveldið að Möðrudal, næsta dag að Fossvöllum við Jökulsá á Brú og svo á laugardaginn hingað. Veðrið var svo gott, sem hægt var að óska. Aldrei regn og aldrei kalt, en stöku sinnum nokkuð heitt. Hestarnir eru góðar skepnur og aldrei hef jeg verið eina ögn þreyttur, hvorki eptir fyrsta daginn eða hinn síðasta. Þegar jeg kom hingað, kom sýslumannsfrúin á móti mjer og bauð mjer inn. Jeg fjekk að jeg held herbergi hjónanna, en þau fluttu inn í súðarherbergi; heldur er jeg nú hvumleiður. Meðan jeg er hjer - verður þeim allt lífið dýrmætara, það sje jeg á öllu - en það er ekki hægt neitt við því að gjöra.

O. Wathne var búinn að skrifa mjer og bjóða mjer að vera hjá sjer, en sýslumaður sagði honum, að hann hefði tekð mig. Annars er Wathne ekki heima núna, því að hann er farinn með Carl Wathne til Reykjavíkur og ætlar Carl að setjast þar að og sjá um síldveiðar fyrir bróður sinn. Jeg hitti Carfitzan (?) í kveld - og sagði hann mjer að Stefán kennari væri á besta batavegi. Meðan hann var á skipinu gróf út úr hálsinum á honum og þá ljetti honum mikið. Schmiezlow (?) var búinn að skera hann eitthvað og sagði, að St. hefði komið á heppilegum tíma. Jeg vona því að sjá Stefán aptur heilan heilsu í sumar og gleður það mig mjög mikið.

Ekki veit jeg enn neitt um, hvort Sigurður bróðir minn kemur hingað með „Hólar“, en hvernig sem fer vonast jeg til að fara hjeðan á föstudaginn 15. þ.m. og að koma ekki seinna en hinn 19. heim. Jóhannes sýslumaður og Axel sýslumaður verða mjer samferða upp yfir heiðina.

Jeg hef komið til læknisins og er mikið laglegt hjá þeim. Svo voru þau bæði Elín og Kristján boðin til sýslumanns á sunnudaginn var. Í dag fór læknirinn til sjúklings upp á Hjerað, en líklega kemur hann samt áður en jeg fer. Ef öðru vísi hefði staðið á, þá hefðum við átt að lána Elínu hest, þegar hún kom. Þau eiga hvorugt hest og kemur hún víst sjaldan á hestbak. - Mjer hefur líkað einstaklega vel við Júlíus; hann er mikið góður fylgdarmaður. - Ef þú og Jón viljið mæta mjer; þá held jeg sje eigi vert að fara af stað fyrri en kl. 6 þann 19.

[1] *Ludvig Knudsen (1867-1930) prestur þá á Þóroddsstað. Þetta mun verið hafa Guðný Lúðvíksdóttir (1896-1927) sem hann átti með Ingibjörgu Helgadóttur.*

[2] *Séra Árni Jónsson (1849-1916) á Skútustöðum, síðar á Hólmum í Reyðarf. Alþingismaður lengi.*

Jeg myndi reyna að láta ykkur ekki bíða mjög lengi á heiðinni. Ef jeg get, þá kem jeg um nóttina til þess, því heldur langar mig heim en ef jeg kem í Reykjahlíð að kveldi hins 18. þá ætti jeg að geta verið um kl. 8 um kveldið á Vaðlaheiði.

Jeg segi svo ekki meira um þetta, en bið þig fyrst að heilsa Jóni og kyssa bæði börnin frá mjer og svo óska jeg þjer og börnum okkar og Jóni alls hins besta. Vertu blessuð og sæl elskan mín. Líði þjer jafnan sem best og vertu svo margkysst af þínum elskandi manni --

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgadóttur Briem. Seyðisfirði 12.7.1898.

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir tilskrifið frá 6. þ.m. og myndina af Eggert litla. Hún er gróflega góð. Bæði Elín Kristjánsson og frú Jósefína[1] fóru strax að gjöra sjer tæpitungur við myndina. -- Elín spurði um mynd af Hildu. --. Kristján[2] læknir og Elín[3] búa í spítalanum sem stendur, en ætla að flytja ofan í Bjarka (það er hús Þorsteins Erlingssonar) í haust. Elín var sár við konu Þorsteins fyrir að þeim hrakning, svona hús úr húsi. Eptir að jeg skrifaði þjer seinast gekk mjer ferðin vel frá Arndísarstöðum, en við Mývatn var svo mikill mývargur að hestarnir ætluðu að verða óðir; vargurinn beit þá svo að þeir voru allir blóðrisa, svo að við hjeldum frá Reykjahlíð um kveldið og komum um nóttina, eða rjettara sagt morguninn, að Möðrudal. Jeg kom hingað á sunnudaginn um kl. 5 og þá var "*Elin*" farin til Eyjafjarðar fyrir liðugum 2 klukkutímum. Það þótti mjer illt að ná ekki í hana. -

Jeg fer hjeðan ef guð vill, á föstudaginn verð líklega um kyrrt á Hofi á sunnudaginn, fer svo á mánudaginn að Reykjahlíð, en hvort jeg get komið á þriðjudagskveldið seint, veit jeg ekki.

Einar Thorlacius sýslumaður er farinn alveg hjeðan suður á Djúpavog.[4] Sýslumaður er búinn að kaupa hús hans og hefur látið mála það og gjöra við það á alla kanta og prýða. Hann vildi fá mig af hótelinu, en það fannst mjer engin meining í.

Amtsráðsmennirnir eru hjer allt í kringum mig að skoða reikninga, spjalla um þá og smá rífast, svo að jeg held að mál sje að hætta. Ceres kom í dag. Jeg var alveg búinn að gleyma henni. Friðrik Wathne hefur boðið mjer í kveld kl. 6-7, svo að jeg hef lítinn tíma. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. St. á Seyðisfirði. 15. júlí 1898.

-- Kl. er nú 3 og jeg er rjett að fara. Jeg skrifa þjer þessar línur að eins til þess að láta þig vita, ef jeg kem á eptir Hólum, að mjer líður vel.

Amtsráðsfundur var búinn í gærkveldi og gekk þar allt að óskum. Það er smáregn með köflum, en upp á Hjeraði er víst besta verður. Jeg vildi óska að jeg sækti vel að heima, að þú og litli Eggert verðið frísk og glöð og litla Hilda líka. Jeg fer að Egilsstöðum í kveld, á morgun að Skjöldólfsstöðum, hinn daginn að Grímsstöðum og svo vildi jeg ná Ljósavatni og síðan heim. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 13.8.1898.

Þakkar móttökur. Segist hafa heimsótt Vilhjálm bróður þeirra.[5]

-- Vilhjálmur er mjög slæmur fyrir brjóstinu og er ég áhyggjufullur út af því. --[6]

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 19.8.1898.

-- Bestu þakkir fyrir þitt elskulega síðasta brjef. Jeg sendi þjer Lögfræðing um daginn, en hafði ekki tíma til að skrifa þjer. Jeg vonast til, að jeg hafi skrifað rjett utan á til þín. Þú og fleiri Íslendingar í Höfn hafið þann ljóta sið að skrifa eigi götunafn með tölu, svo að við erum í vandræðum með að muna utanáskriftina. --

Þakka þjer kærlega fyrir upplýsingarnar um dagsverkið. En gjörðu svo vel að skrifa mjer, hvar (talað er um)

---

[1] *Jósefína Lárusdóttir Blöndal (1878-1944) kona Jóhannesar Jóhannessonar (1866-1950) sýslumanns og síðast bæjarfógeta.*

[2] *Kristján Kristjánsson (1870-1927) héraðslæknir.*

[3] *Elín Tómasdóttir kennari og vinkona Álfheiðar. Einhvern veginn nátengd fjölsk. Jóhannesar og Jósefínu. Bjó síðast í Reykjavík, var kennari, og bjó hjá fjölskyldu Jóhannesar.*

[4] *Einar Thorlacius (1851-1916) var sýslum. í N-Múlas.; vikið frá, bjó á Djúpavogi uns hann fluttist til Khafnar, þar sem hann andaðist.*

[5] *Í Goðdölum í Skagafirði.*

[6] *Já, það höfðu fleiri. Vilhjálmur gaf upp prestskap eftir að hann hafði setið að Staðarstað, fór að vinna við bankastörf og stjórnaði Söfnunarsjóði Íslands. Hann varð níræður, og var merkilegt að hitta hann í Suðurgötunni, þar sem hann bjó, þar sem hann var á níræðisaldri að slá blettinn með orfi og ljá. Hann hafði fengið berkla og hann þoldi ekki ferðalög og vatnavolk, m.a. er hann var prestur á Staðarstað. Fór hann á Vífilsstaði. Eftir það varð hann starfsmaður Söfnunarsjóðsins/Landsbankans. Kona hans, Steinunn Pétursdóttir var dugnaðarforkur, bjargaði fjölskyldunni út úr erfiðleikum með handíðum sem hún hafði m.a. lært í Khöfn. Vilhjálmur hafði líka starf við Lærða skólann. Stærðfræðingur eins og ýmsir ættmenn hans.*

um það í *Hist. eccl. M.*, því að jeg finn það ekki, enda nenni jeg ekki að lesa þessa latínu, nema jeg nauðsynlega þurfi þess.

Mikið safnast í Reykjavík af misjöfnu fólki. Nú er Jón Þorkelsson kominn þangað og bætist ofan á það sem fyrir er.

Jeg man ekki, hvort jeg skrifaði þjer seinast, að við hjónin eignuðumst dreng 6. júní, sem heitir eftir föður mínum, Eggert Ólafur; síðan viku eftir að hann fæddist hefur hann stöðugt verið veikur af uppsölu og magaveiki og oft tvísýnt um það, hvort hann myndi lifa nóttina af. Kona mín hefur ekki vikið frá honum og haft það mjög erfitt. En að öðru leyti hefur okkur liðið vel. Jeg hef haft heimsóknir af frændum og vinum, Jóni mági mínum, sem jeg hafði mjög gaman af að þekkja; hann var hjer vikutíma og fjell okkur mjög vel saman, svo komu þeir bræður mínir Sigurður og Eggert, mágkona mín, ekkja Gunnlaugs bróður míns, og tvær systurdætur mínar sem eru orðnar fullorðnar stúlkur og nú síðast Sigríður systir mín og Helgi Jónsson verslunarstjóri í Borgarnesi. Þau fóru í gærkvöldi.

Nú býst jeg eigi við fleiru af frændfólkinu. Elín systir mín er í Englandi meðfram vegna tæringarsnerts. Vilhjálmur bróðir minn, sem er prestur í Goðdölum, er, eftir því sem systkini mín sögðu mjer, líklega orðinn tæringarveikur. Það er því ekki ofsögum sagt af tæringunni í Lögfræðingi.

Hjer inni í húsinu hefur ekkert breyst, en úti við hef jeg látið vinna 30 dagsverk að jarðabótum. Í hitteðfyrra fjekk jeg 4 hesta af túninu, í fyrra 11 hesta og nú í ár 20 hesta. Á sínum tíma vil jeg fá af túninu kringum húsið 40 hesta og þá er líka komið fóður fyrir kúna, sem er mesta gæðaskepna.

Svo er garðurinn orðinn svo, að við borðum úr honum á degi hverjum kartöflur, rófur og kálmeti. Þetta hefur þú ekki í Höfn, en samt vildi jeg eins vel vera þar eins og hjer.

Heyrðu mjer, segðu mjer eitthvað um ykkar vísindafjelag. Hefur þú nokkrar tekjur af því að vera í því eða verða menn þar að vinna mest honoris causa.

Þá er eitt sem mig langar til að biðja þig fyrir: Það er að útvega mjer upplýsing um "*gartnerslöngur*". Jeg þarf að vatna hjer 60 faðma frá vatninu sem er hátt uppi í brekku. Getur maður fengið slíkar slöngur og hvað kosta þær. Fyrirgefðu að jeg geri þjer þetta ómak, en jeg minntist á þetta við þig í fyrra.

Meðan jeg hef verið að skrifa þjer, hafa komið hingað margir menn, eins og vandi er til, þegar skipin eru hjer á ferðinni, að jeg er búinn að missa allan þráðinn og slæ því í botninn með kærum kveðjum frá mjer og konu minni til þín og konu þinnar og Jóns sonar þíns. --

Páll Briem skrifa Jóni Helgasyni. Akureyri. 20.8.1898.

-- Ég bý lengi að komu þinni hingað og þegar ég hugsa til þín, þá gefur það mér nóg á metaskálina, þar sem er hið góða og sanna, til þess að hún verði þyngri, þó að í hinni skálinni séu tugir af öðrum.

Það er stundum eins og manni liggi við að örvænta um sigur hins góða og sanna, og þegar svo er, þá er mikið varið í að sjá vaskan riddara reka mikinn her svartálfa á flótta. Ég vil ætíð óska þér góðs gengis í baráttu þinni. --

Ég frétti með Sigurði bróður mínum að þú hefðir náð háttum að Mælifelli og þótti það vel gert. -- Ég var (á Bægisá) að fylgja Sigurði og Eggert bræðrum mínu, en ekki skilaði hann bréfi þínu, eða bar mér kveðju þína. -- Tómas bróðir þinn er stöðugt veikur. Ég vildi nærri því óska honum að fá Skagafjörðinn, af því hvað það hérað er gott yfirferðar og reglumenn á Sauðárkróki, en nú er hann búinn að kaupa hús á Patreksfirði og orðinn svo heilsuveikur, að hann varla getur þjónað læknisembætti. --

Nú er Lögfræðingur útkominn allur og er ég feginn. -- *Vantar niðurlag.*

Álfheiður H. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri, 31.8.1898.

> *Þakkar honum fyrir komuna norður. Segir af heilsu barnanna. Eggert hefur lengi verið mjög veikur með uppköst.*

-- Hilda -- minnist oft á sinn ógleymanlega "*Anda Ón*" (Jón frænda) sem gaf henni sykurmola og var svo lukkulegur að eiga Hadda (Hálfdán Helgason), sá piltur gerði heldur *indtryk* á jómfrúna, hún kallar stólinn sem þú sast á við borðið: *fændastól*. --

Við höfum -- hrósað happi yfir góðu veðri þegar þú varst hér, -- Síðan hefur snjóað á heiðum hvað eftir annað og oft verið frost og oft svo mikið í Hörgárdal að þinn kæri vinur séra Davíð á enga ófrosna kartöflu í sínum garði --

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 6.9.1898.

Hefur sent eintök af Lögfræðingi til hans og tengdamóður sinnar.

-- Af því að þú minntist á Jónassen um daginn sendi ég þér bréf hans til mín og svar mitt til hans er ég bið þig að koma til hans. Ég hafði eigi getað ímyndað mér, að krítík hans væri svo, að það væri ekkert rétt í henni. Það er sorglegt t.a.m. að landlæknir skulu enn vera svo, að skipta sjúkdómum í útvortis og innvortis sjúkdóma og skuli ekki hafa veður af því að holdsveiki er heimfærð undir húðsjúkdóma, sem ég hef séð sjálfur í nýjum bókum hjá Guðmundi Hannessyni og að hann skuli vera svo, að leita að því að inflúensan sé annað en kvef. Þó getur þú getið nærri um lögfræðina. Mér þótti vænt um að Jónassen fór eigi með vitleysu sína í blöðin, því að þá hefði ég orðið hataður af honum fyrir svarið mitt. --

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Torquay, Englandi. 8.9.1898.

-- Mikið þótti okkur Ingibjörgu skrítið að vera skrifað það að heiman að jeg ætlaði til Ítalíu í vetur, jeg bókstaflega ætla ekkert, en við Ingibjörg skiljum ekki fyrst um sinn, en hvar við verðum er alveg óráðið, en auðvitað verðum við á einhverjum góðum stað. --

Það stafar af því að í London var hún á hóteli að ræða við einhverjar dömur sem höfðu víða farið m.a. til Ítalíu, tók ég vel undir og sagðist hafa áhuga á Íslandi. Þar var stödd íslensk stúlka sem hefur ályktað þetta og sagt frá. Segir frá góðu veðri einatt en einnig frá eldingum sem ollu tjóni í T. Þakkar aðstoð SB við útvegun fars. Virðist hafa komið einnig við í Danm. Biður um aðstoð SB við að gera snið og módel af barnafötum. Býður laun fyrir. Biður SB að halda þessari ósk leyndri.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 24.9.1898.

Ræðir um fjármál PEB.

-- Ég kann vel við mig í nýja pósthúsinu og hef mátulega mikið að gera með þessu mannahaldi sem ég hef. Sé aldrei út úr en verð aldrei *sub*. --

Ég þakka þér kærlega fyrir Lögfræðing. Þú gefur hann víst alltof mörgum af þeim sem mundu kaupa hann ella. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 24.9.1898.

Sendir pakka með Þórhildi tengdamóður Páls sem er á leið til Akureyrar. Elín Briem hafði skrifað þeim til að ráðgast við þau um hvort hún ætti að fara til Ítalíu eða S-Frakklands.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Akureyri. 29.9.1898.

Segir ferðasögu. Búist er við að Stefán verði ekki á Möðruvöllum í vetur.

Páll og Álfheiður hafa það gott að öðru leyti en því að sonur þeirra er veikur, furða að hann lifi. (Eggert f. 6.6.). Heldur engu niðri. Rætt um að fá brjóstagjafa.

Verið er að leggja veg að Eyralandi í brekkunni fyrir ofan Páls hús. Frú Hjaltalín leitast við að vingast við Steinunni. Verið er að vinna við stöplana á Hörgárbrú. --

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasynir. Akureyri. 8.10.1898.

-- Ég þakka þér mikið vel fyrir tilskrifið -- sem móðir þín færði mér. Hún kom heldur óvænt. Við vorum að ganga inn í bæ, ég og kona mín. Kl. var farin að ganga 10, þá heyrðum við gólið í Skálholti og minntumst þess að það væri ekki því að heilsa að hún væri með. Svo vorum við í þann veginn að fara að hátta, veðrið var einstaklega gott. Konu minni varð litið út um gluggann og heyrir þá málróm mömmu sinnar á tröppunum. Suðurtröppurnar höfði verið sementeraðar um daginn, svo dyrnar voru lokaða og lykillinn tekinn úr, en kona mín tók ekki eftir neinu, heldur hratt hurðinni upp lykilslaust. --

Þegar mamma þín kom datt mér strax í hug, að nú færi ég að hafa von um Eggert litla. Hann er nú með besta móti sem hann nokkru sinni hefur verið. Daginn áður en mamma þín kom vorum við búin að fá kvenmann með sjö vikna gamalt barn tl að láta hann fá nýja brjóstamjólk.

Kristinn litli hefur setið við að lesa biblíusögur þínar síðan í gær og er kominn langt út í þær. Ég hef lesið nokkuð í þeim. -- málið sums staðar þyngra en hjá þér annars staðar. -- Annars sé málið í heild sinni mikið létt. Það er ef til vill sérviska hjá mér. Mér er ákaflega illa við ákveðna greininn.

Segðu mér eitt. Finnst þér ég skrifa þungt?

Ég veit að kaflinn, sem var í fyrra um ágang búfjár, var nokkuð þungur, en hitt finnst mér hafa verið auðveldara. Kona mín segist hreint ekki skilja það, sem ég skrifa í Lögfræðing, og þykir mér mikið mein, ef ég skrifa þungt mál.

Mikið er hvað þú afkastar - þegar ég hugsa til þess, þá finnst mér stöðugt eins og heilsa þín sé í veði. --

Séra Matthías er nýkominn úr siglingunni með tóma pyngju. Að öðru leyti má segja að hún hafi verið það áður. Við erum báðir í skólanefnd og fann ég fljótt, að hann var sá gamli Matthías. Það hafa verið talsverð læti út á Oddeyri út af barnaskólastofu, sem ég og Klemens útveguðum þar. Fyrst var séra Matthías alveg með mér. Um miðjan dag var hann orðinn alveg móti. Um kvöldið var hann svo aftur orðinn alveg með, en hvar hann er nú, veit ég ekki. Ég skrifa í Stefni greinarkorn um þjóðhátíð og drykkjuskap og er þar dálítið angur yfir drykkjuskapnum hér, sem er í sannleika óþolandi.

Séra Árni á Skútustöðum er í stórum vandræðum með séra Ludvig[1] á Þóroddstað. Séra Árni ákvað úttekt á stað og kirkju 30. sept. en þá reið L. út á Húsavík, séra Árni á eftir og ákvað úttektina 3. okt., en séra L. kom ekki og þá hætti séra Á. við og skrifaði mér, hvað gera skyldi og bætti við að L. væri að láta Guðjohnsen á Húsavík fá eigur sínar. Ég skrifaði Á. að hann skyldi taka út, þó að L. væri fjarverandi, ef hann tilkynnti konunni áður úttektina --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 10.10.1898.

HB þjáist af gikt í baki. Býr í húsi Stefáns. Ætlar að fá mat þar. Nemendur 35. Hörgárbrú verður ekki lokið í haust.

Sigurþór Ólafsson[2] skrifar Páli E. Briem. Vetleifsholti, 12.10.1898.

Hávelborni herra! Eins og áður meðan þér voruð í Árbæ flý ég til yðar til að tjá yður vandræði mín ef ske kynni eins og þá þér gætuð ráðið bót á þeim þó nú sé lengra á milli okkar - já allt of langt að mér finnst. Svoleiðis er mál með vexti að ég byggði mér bæ í sumar og varð að taka til láns til að koma honum upp; nú er kallað eftir peningunum þó þeim væri lengur lofað og stend ég uppi í vandræðum því enginn getur lánað, allir kvarta um peningaleysi og lítur helst út, þó ljótt sé að maður geti sagt eins og Bólu-Hjálmar: *Eru því flestir aumingjar, en illgjarnir sem betur mega*. Ég veit samt ekki hvort það er rétt ályktað hjá mér.

Annars var nú bréfsefnið að vita hvort þér ekki gætuð eða vilduð gera það einstaka gustukaverk að sjá um, að ég yrði ekki eða þyrfti ekki að fara á sveitina, með því að gera svo vel og lána mér 40-50 kr. um eins árs tíma. Í pant hef ég ekkert að setja nema drengskap minn.

Það mætti nú virðast skrýtið að fara lengst norður í land til að biðja um peningalán, en hvað skal segja þegar enginn hér getur hjálpað. Ég vona þér fyrirgefið þessa dirfsku mína. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 14.10.1898.

-- Ég fékk bréf frá Elínu með Lauru og er hún kotroskin mjög og ætlar til Lundúna, Parísar, Mentone og búa þar á Villa Stella Bella, spila í Monte Carlo etc. --

Ertu búinn að taka upp blaðamennaréttritunina?

Hingað er komið til vetrarsetu norskt skáld, Tryggvi Andersen,[3] sem hefur verið tekinn í Reykjavíkurklúbbinn. Sumir eru farnir að vera nervösir fyrir að þeir eigi að figurera í nóvellu. Ég þekki manninn ekkert.

Ekki eru þeir farnir að standa sig betur í bankanum. Stóra byggingin gleypir alla peninga sem nú koma, en viðskiptamennirnir bölva í sand og ösku.

Ég hef ekki getað fengið boxið frá New York en býst við því með næstu ferð. Á ég að halda nafninu *box* eða kalla það *pósthólf*? Ég er heldur stemmdur fyrir boxi, enda er það tekið upp úr öðrum málum þar sem box eru notuð. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 15.10.1898.

Ræðir veikindi nýfædds sonar Páls (sem skírður var Eggert). Fréttir af Frederikke mágkonu, sem er hjá biskupnum, og starfar eitthvað hjá Hólmfríði í húsmæðarskólanum. Segir frá ferðalagi Elínar sem skrifaði frá Torquay. Ferðin kostar mikið enda bað hún um að fá senda innstæðu sína í bankanum. Vonar að skólinn takist henni, hún er glöð og áhyggjulaus.

Sigríður, frænka hans, frá Viðey (Stephensen sem giftist Jóni Þórarinssyni fræðslumálastjóra) er á leið til Ísafj. þar sem hún kennir börnum Hannesar Hafstein.

---

[1] *Séra Ludvig Knudsen (1867-1930) var leystur frá embætti í sama mánuði en varð 1904 aftur prestur á Bergstöðum og Breiðabólsstað í Vesturhópi.*

[2] *Sigurþór Ólafsson (1860-1944).* Var í Viðey. Leigjandi og smiður á Gaddstöðum, Oddasókn.

[3] *Tryggve Andersen (1866-1920). Norskur rithöfundur. Hafði gefið út vinsæla bók, sem seldist vel. Fór til Færeyja og Íslands fyrir ágóðann. Þekktur en átti við sjúkdóm á geði að stríða.*

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Akureyri 24.10.1898.

-- Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir þín elskulegu brjef frá 27. ág. og 15. sept., sem jeg undirskrifa að öllu leyti.

Fyrirfarandi hef jeg verið mjög leiður yfir landsmönnum og ástandinu hjer á landi. Jeg er nú aftur með ljettari hug yfir því, hugsandi að svona illt sje það alls staðar. Samt sem áður finnst mjer þó allt annað vera bæði í Danmörku og Norvegi. Menntunin er svo ópraktísk hjer á landi. Hugsaðu þjer t.a.m., að í allri Þingeyjarsýslu, þar sem menntun á að vera skást, þar er eigi til eitt einasta búnaðarblað. Enginn sjómaður eða þilskipseigandi kaupir ein einustu fiskitíðindi. Hjer á bókasafninu eru t.a.m. um 20 árgangar af fiskitíðindunum á dönsku, en allt er þetta í óuppskornum heftum, því að enginn hefur viljað einu sinni hnýsast í þetta.

Í tímar. Bókmenntafjel. predika Grímur Thomsen og Björn Ólsen enn gömlu málin, og er dálítið einkennilegt, að lesa slíkt í sambandi við orð gamla Madvigs. Jeg var einmitt að lesa í gær hans *Livserindringer*, þar sem hann talar um, hversu vöntun á þekkingu í nýju málunum hafi gert sjer skaða, sem honum þótti svo tilfinnanlegur, að hann var að kaupa sjer kennslu í frönsku, þegar hann var kominn undir sextugt.

Þú minnist á ritstjórana, en hvernig eru kennararnir við menntastofnanirnar. Jón mágur minn sagði mjer í sumar, að latínuskólinn væri alveg eins og hann hefði verið í sinni tíð og sjer fyndist kennsla standa langt að baki kennslunni í dönsku skólunum og forstöðumennirnir fyrir vísindastofnununum í Reykjavík þola engan samjöfnuð við neina vísindamenn í Danmörku. Þetta er sorglegt, en satt. Jónassen t.a.m. fór um daginn í löngu brjefi til mín að krítísera sóttvarnaritgjörð mína. Mjer þykir nú ekki tiltökumál, þótt þar væri fullt af lögfræðilegum vitleysum, en þar var heldur eigi annað en læknisfræðilegar vitleysur, sem sýndu að maðurinn fylgist ekki svo með í læknisfræðinni að hann lesi populerustu fræðibækur, eins og Dansk Sundhedstidende.

Ef þú sjerð Stefni þá hef jeg skrifað í hann stutta grein um drykkjuskap og þjóðhátíð. Jeg álít, að hjer á Íslandi sje ekki rjett að þegja við ýmsum ósannindum, og því svara jeg meira vegna málefnisins en sjálfs míns. Í sjálfu sjer er það alveg rjett að svara eigi, en jeg hef þó eigi haldið þeirri reglu með allt, en hvort jeg í því efni fer meðalhófið, er erfitt að sjá.

Þú minnist á trúna og eru orð þín eins og út úr mínu hjarta töluð.

Jeg var dálítið smeykur við Jón mág minn. Jeg hjelt að hann væri of strangur, en þegar hann kom í sumar, þá var hann eins og þú segir, "*incarnation af den glade Kristendom*".[1] Jeg vænti mjög mikils góðs af honum, enda held jeg, að hann sje sá maður í Rvík sem hefur mestar interesser. Harald Nielsson þekki jeg ekkert, en mjer finnst, að jeg felli mig eigi mjög vel við það, sem hann skrifar. Annars sagði Jón, að hann[2] væri sá eini, er skrifaði í "*Verði ljós*", sem hann eigi þyrfti neitt að lagfæra hjá. Þetta þótti mjer merkilegt.

Jeg fæ engan lögfræðing til að skrifa í Lögfræðing, nema Klemens bróður þinn, og þykir mjer mein að því. Jeg skil ekki, hvað menn, sem þó hafa orðið að skrifa examensritgerðir, geta verið linir, að geta eigi fengið sig til að skrifa svo sem 5-6 blaðsíður á tveimur árum.

Ekki eru læknarnir betri, held jeg. Jeg hef í gegnum Guðmund Hannesson verið að reyna að fá hina yngri lækna í Reykjavík til að gefa út heilbrigðistíðindi, en þeir hafa ekki fengist til þess, svo gat jeg fengið loforð hjá norðlensku og austfirsku læknunum, einkanlega Jóni Jónssyni frá Hjarðarholti,[3] sem nú er í Vopnafirði, um að gefa það út og fjekk hjá amtsráðunum 300 kr. styrk til þess. Jeg hef pantað pappír í tímaritið, en svo veit jeg eigi hvort nokkuð verður úr þessu. Af læknafundinum í sumar sje jeg, að læknarnir (Jónassen) vilja gefa út heilbrigðistíðindi, en jeg hef litla trú á því.

Þú ert ef til vill ekki eins interesseraður fyrir þessu og jeg, en þessi bannsettu veikindi eru hjer stöðugt á gangi og það þarf að gera eitthvað við þeim. Íslendingar vilja gjarnan vera civiliseraðir, en civilisationin eyðileggur allar þær þjóðir, sem ekki hafa vit eða menning til að sporna við vexti illgresisins, sem civilisationinni fylgir. Þegar hún kemur til villimannanna, þá deyja þeir út, og eins getur hún farið illa með Íslendinga, ef þeir eigi eru viðbúnir. Því miður virðist svo sem þjóð vor geti aðeins lært af skaðanum. Skynsamlegar fortölur megna lítið.

Jeg þakka þjer fyrir upplýsingarnar um *gartnersslönguna*.[4] Jeg skrifa þjer einhvern tíma og bið þig um að útvega mjer stúf dálítinn.

Mjer þótti mikið interessant að heyra um vísindafjelagið. Þökk fyrir cítatið um dagsverkin, en því miður er

---

[1] *Holdgerfingur glaðlegrar kristni.*

[2] *Líklega Haraldur Nielsson.*

[3] *Áður hefur verið getið um séra Jón Jónsson (1868-1942). Ég sé við athugun að hann hefur verið í forystu austfirskra lækna, og skipaður kláðalæknir í tvö ár, sem bendir til að samband hafi verið milli hans og Páls. En hann yfirgaf læknisfræðina og gerðist tannlæknir. Hann var tengdasonur séra Arnljóts Ólafssonar og Hómfríðar Þorsteinsdóttur.*

[4] *Garðslanga.*

ekkert að græða á Hist. eccl.[1]

Af okkur er það að segja, að Eggert litli er stöðugt veikur enn. Samt er hann talsvert betri til heilsu en í sumar, svo að jeg hef dálitla von um, að hann kunni að verða heilbrigður. Tengdamóðir mín verður hjer í vetur og er það mikil skemmtun fyrir okkur og ljettir fyrir konu mína.

Jeg hef ekki verið hraustur í maganum, síðan í sumar eða vor. Það er dálítið nervöst. Alls staðar er þetta ólukkans nervositet. --

P.S. Jeg hef ef til vill gert þjer ógreiða með því, að vísa Elínu systur minni til þín, ef hún vildi fá upplýsingar um það, hvar hún ætti helst að bera niður, til að sækja um styrk til að kynna sjer kvennaskóla og húsmæðrakennaraskóla í Norvegi og kennslu þar. Hún er nú í Englandi eða ef til vill Frakklandi en langar mjög til að fara til Norvegs í þessum erindum. Jeg leyfi mjer að gera þjer mikið ónæði með, að senda þjer 500 kr. í gulli og biðja þig að senda það, helst í bankaávísun til Elínar systur minnar að frádregnum kostnaði. Adressa hennar er: Mrs. E. Eyjólfsson, Villa Stella Bella, Mentone, France. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 31.10.1898.

Sonur Páls skárri. Tókst að fá handa honum brjóstagjafa, en svo fór allt á fyrri veg. Hann getur drukkið á daginn en kastar upp á næturnar. Björn Jónsson "Fróði"[2] biður HB að gera lesbók eða stafrófskver fyrir börn. Hugmyndin þykir honum góð.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 2.11.1898.

Ræðir stöðuna á Möðruv. Einnig veikindi sonar Páls, en hún hafði frétt að þau hefðu fengið brjóstagjafa og við það hefði honum skánað. Segir frá ýmsu sem fyrir bar í Thorv.fél. og spilaklúbbum.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 2.11.1898.

Ræðir hestahald sitt.

-- Nú er snjór yfir allt. Tjörnin dálítið frosin og ég er að hlakka til að komi skautasvell á hana til að reyna fyrirtaks skauta sem Sigurður Thoroddsen keypti fyrir mig --

Hvað kostaði húsið þitt. Sig. Thoroddsen vill fara að byggja íbúðarhús til þess að nota lóðina sem við höfum keypt af Eiríki.[3] Hann vill fá mig í félag með sér en ég er tregur. Hefur Snorri mikið að gera hjá ykkur næsta sumar? Hér eru ekki til nema fúskarar af smiðum. Jón Sveinsson er kannski bestur en hann kann ekki að stjórna fólki og halda því til vinnu. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 4.11.1898.

-- ég er trúlofaður Guðrúnu Ísleifsdóttur[4] frá Arnarbæli, mesta valkvendi, sem muntu komast að raun um síðar. Ég veit þú samgleðst mér yfir hamingju minni sem mér finns vera harla stór. --

Segir tillögur sínar um mannaráðningar og fjármál allar hafa verið samþykktar.

-- já ekki má gleyma að ég stakk upp á að laun mín væru hækkuð upp í 3 þús. kr., svo býst ég við að hafa frían bústað í pósthúsinu --

Ræðir og styrk Páls til Elínar.

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Mentone, Fraklandi. 14.11.1898.

Ritað á ensku. Vilhjálmur bróðir hennar hefur verið veikur, en er betri, svo vonandi getur hann haldið Goðdölum. Fegin andstöðu Íslands við Ísafold. Ræðir um Hólmfríði, sem á stuðning hennar. Ræðir verkaskiptinguna. Hrósar Susie fyrir ágæt ráð, m.a. vegna húsmæðrakennaraskólans. Ræðir um slíka skóla erl. og hve mikið sé í þeim og fyrir þá gert.

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 17.11.1898.

-- Litli Eggert er á besta batavegi og farinn að fitna, annars mun mamma þín skrifa þér -- um hann. Hún er eins og hún á sér, kát og fjörug og er það eigi lítið fyrir konu mína að hafa hana hjá sér. --

---

[1] *Historia ecclesiestica? Kirkjusaga.*

[2] *Björn Jónsson (1854-1920) (yngri) prentari á Akureyri rak "Fróðaprentsmiðjuna" og gaf Fróða út.*

[3] *Þetta er væntanl. lóðin v. Fríkirkjuveg 3 þar sem Sig. bjó alla tíð með fjölsk. Eiríkur Briem mun hafa átt allmikið land Stöðlakots (hann bjó á Bókhlöðustíg 2). Gengið hafði á land Stöðlakots en þessi lóð á Fríkirkjuveg verið eftir ásamt lóðinni í Lækjargötu þar sem Elín systir Eiríks fékk lóðina þar sem reis Búnaðarfélagshúsið og hús Iðnaðarmanna.*

[4] *Guðrún Ísleifsdóttir (1876-1951).*

Þú minnist á að biskup hafi gefið Jónasi *"næse"*. Ekki hef ég skrifað eitt orð í þá átt, en biskup gat fengið tilefni af barnsfaðernislýsingu móðurinnar, sem var alveg afdráttalaus og spurt séra Jónas, hví hann hefði eigi fengið hana. --[1]

Jóhannes L.L. Jóhannsson[2] skrifar Halldóri E. Briem. Kvennabrekku 1.12.1898.

Heiðraði kennari.

Ávarpar H.B. sem --

-- höfund hinnar langhandhægustu og bestu kennslubókar í íslensku fyrir alþýðu. --

Hefur notað hana í nokkur ár og líkar betur við hana eftir því sem lengra líður en kann miður við zetuleysið. Þar sem bókin er uppseld býst hann við að hún verði gefin út á ný. Því vill hann láta skoðun í ljós.

Ræðir ritreglur blaðamannafélagsins. Greinargóðar athugasemdir eru athyglisverðar.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 2.12.1898.

Frú Hjaltalín og Steinunn hafa vingast.

Sigurður E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík, 3.12.1898.

-- Mér líður ágætlega, sem ekki er að undra, því að ég er nýtrúlofaður elskulegustu stúlkunni í heiminum, Guðrúnu Ísleifsdóttur frá Arnarbæli; og skil ég ekkert í því að þú skyldir ekki nefna hana á Fossvöllum hérna um árið, þú nefndir Guðrúnu hina, sem Eggert tók samkvæmt þínum ráðum. Ást okkar er svo brennandi að það verður strax funheitt þar sem við komum og mér finnst vera óvanalega mikil hlýindi í loftinu. Þótt allir í kringum mig séu með hósta, hnerra og önnur kvefeinkenni, þá fer slíkt fyrir ofan garð og neðan hjá mér. Ég var ekki lengi að fara úr kosti í húsmæðraskólanum og til tengdamutter svo ég hitti kærustuna minnst þrisvar á dag. Ég veit þú samgleðst mér yfir hamingju minni og Eiríkur og Guðrún fullvissa mig um að Ingibjörg gerir það. --

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 4.12.1898.

-- Segir af trúlofun Sigurðar mágs síns og Guðrúnar Ísleifsdóttur. Eiríkur Briem, mágur hennar, Frederikke svilkona, Gunnlaugur Claessen og Susie voru boðin. Aðdáunarorð um parið. Hjálpar Guðrúnu við pantanir til búsins frá Þýskalandi.

Segir af ferðum Elínar sem var stödd í Mentone Frakkl. Er með efasemdir um ferðina.

Kristjana G. Havsteen skrifar Susie Briem. Stykkishólmi. 8.12.1898.

Þakkar góðsemi í sumar, ég skal muna það.

-- Halldór hefur mér lengi þótt vænt um, og minnkar ekki eptir því sem ég kynnist honum meir; þá er Siddi ykkar ekki heldur til að gleyma, hann er með skemmtilegustu börnum sem jeg hefi þekkt. --

Sótti ekki vel að Elínu og voru bæði börnin magaveik, hún líka, síðan fékk hún brjóshimnubólgu. Nú allir frískir.

Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda, 9.12.1898.

Rifjar upp norðurferð þeirra hjóna 1896[3]

-- en þá finnst mér heldur ekki fjarlægt að fara að tala um suðurferð ykkar hjónanna, sem ætti að verða á næsta sumri. Mér finnst þessi ferð með engu móti megi dragast að okkur öllum heilum og lifandi. --

Nú leggur hann fyrir P.E.B. nákvæma áætlun um ferð og hesta

-- Ég hef annars hálfpartinn spekúlerað í að Þórdís kynni að gifta sig í sumar og að það tækifæri mundi draga ykkur suður. --

11.12. -- fékk bréf frá Gísla[4] bróður mínum -- og lætur hann vel af sér. Af óviðkomandi mönnum hef ég heyrt

---

[1] *Hér mun rætt um barneign séra Jónasar á Hrafnagili utan hjónabands, sem hvorki er nefnd í Guðfræðingatali né Íslenskum æviskrám.*

[2] *Séra Jóhannes Lárus Lynge Jóhannesson (1859-1929) á Kvennabrekku. Skrifaði margt um bragfræði, málfræði o.fl.*

[3] *Sem leiðir í ljós að textinn með mynd úr ferðinni á bls. 114 er með röngum upplýsingum*

[4] *Gísli Skúlason (1877-1942), við guðfræðinám í Höfn. Tók1905 við prestsembættinu á Stokkseyri og málleysingjaskólanum eftir lát séra Ólafs Helgasonar mágs þeirra séra Skúla og P.E.B. Séra Gísli giftist ekkju séra Ólafs, Kristínu Ísleifsdóttur (1869-1975), gekk fimm börnum þeirra í föður stað. Kristín var systir Sigrúnar konu Sigurðar Briem póstmeistara.*

að hann sé reglusamur og iðjumaður, svo ég hef von um að hann komist eitthvað áfram. --

Fréttir af viðskiptum og horfum á Suðurlandi. Ræðir þingmennsku, verið spurður hvort hann gefi kost á sér. Því vill hann ekki svara ákveðið, er á móti að skussar séu sendir á þing! Kysi helst að Páll yrði kosinn. Segir frá málaferlum Halldórs á Presthólum[1] séra Bjarna Þórarinssonar[2] og séra Magnúsar[3] í Vallanesi.

Jóhanna E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Hálsi. 30.12.1898.

-- Við gistum á Akureyri á báðum leiðum og var Álfheiður okkur einstakt góð og þægileg og Páll eins og hann er vanur. -- Það var æði stríðsamt fyrir Álfheiði í sumar hvað Eggert litli var alltaf veikur og einlægt þessi gestagangur. --

Páll E. Briem til Jóns Jónssonar frá Múla. Akureyri. 31.12.1898.

Ræðir um styrk til Fjárræktarfélagsins sem Jón virðist í forystu fyrir. Einnig um stjórnmál, bréfskrift til prófessors H. Matzen og "nefnd með Dönum og Íslendingum" sem Páll telur varhugaverða meðan Íslendingar eru sundraðir í sjálfstæðismálinu. Nefnir hann sem dæmi greinar Jóns Ólafssonar í Politiken sem Einar Benediktsson mótmælti jafnharðan. Skýrir svo frá miðluninni að eftir síðasta þing og fund á Ljósavatni hefði mátt leggja hana fram en þar sem Ljósavatnsfundurinn "þorði ekki"að fylgja henni fram, og enginn annar gerði það, sem mark væri takandi á, þá var hún búið mál.

Segir hann Jón og Klemens Jónsson hafa gert samtök við Benedikt Sveinsson um Þingvallafund og þar með komið í veg fyrir miðlunina þegar þurft hefði að sparka Benediktsflokknum. Á næsta fundi verði fyrirsjáanlegt að flokkur Valtýs verði stærstur, svo miðlunarmenn og loks Benediktsmenn fæstir. Þar með geta miðlunarmenn ekki sigrða. "Að setja ríkisráðsfleyginn er nonsens". Hinsvegar væri mikilvægt að tryggja fjárveitingavald og útiloka bráðabirgðafjárlög.

-- Fjárveitingavaldið er hyrningarsteinn þjóðfrelsisins og ef það væri tryggt er mikið fengið, og ef það fengist, þá segi ég fyrir mig að ég gæfi Valtýsfrumvarpi hiklaust atkvæði mitt. Þú sérð af þessu mína skoðun. Fjárveitingavaldið er fyrir öllu. Miðlun, heimaráðgjafar með vantandi fjárveitingarrétti þjóðarinnar er þýðingarlaust hjá honum og skal ég tala meira um þetta þegar við hittumst og segja þér meðal annars hvernig stórþingið norska sigraði ekki með *suspensivu vetói* eða ríkisrétti heldur eingöngu með skynsamlega notuðum fjárveitingarétti. Jeg var í Kaupmannahöfn þau ár og hélt meðal annars Verdens Gang til að fylgjast með. Læt ég svo úttalað um þetta mál að sinni.

Þú minnist á þingsetu mína. Ég álít að jeg hafi sjaldan gert landi mínu meira gagn en með því að hætta þingsetu og jeg sé eigi að ég hafi ennþá neitt erindi á þing. Ef ég gæti sannfærst um að jeg gæti gert þar nokkuð verulegt gagn þá skyldi ég ekki sitja lengi á mér með að bjóða mig fram.

Mikið er um *diftheritisinn*.[4] Í fyrrahaust var hann hér á Akureyri, eitt barn dó og annað varð veikt, en svo hirðulausir voru menn að ég heyrði ekki um þetta eitt orð fyrr en löngu seinna, svo fer veikin héðan yfir í Kaupangssveit og í fyrravor fer hún að verða skæð, kemur svo hingað aftur og þá eru gerðar ráðstafanir dálitlar og jafnfram út í Svarfaðardal, síðan fer hún héðan inn í Eyjafjörð og einnig héðan að því er ætla má að Gautlöndum. En úr Svarfaðardalnum fer hún fyrst yfir í Laufássókn og er kæfð þar niður og út í Fljót þar sem hún er að drepa börnin. Og svo kemur veikin með Svarfdælingum núna rétt fyrir jólin til Snorra Jónssonar og er nú farin að leggjast jafnvel á fullorðna menn. --*Vantar niðulag.*

[1] *Séra Halldóri Bjarnarsyni (1855-1945) á Presthólum var vikið um stundarsakir frá prestsembætti 1897. Lét eftir það af prófastsstörfum.*

[2] *Séra Bjarna Þórarinssyni á Útskálum var vikið frá embætti um stundarsakir 1897 og kom í ljós að væri að ósekju.*

[3] *Magnúr Bl. Jónsson (1861-1956). Þau málaferli virðast ekki hafa dregið dilk á eftir sér. En þekktur var hann fyrir fjáraflabrögð.*

[4] *Barnaveiki.*

1899

Steinunn Pétursd. Briem[1] skrifar Elínu E. Briem. Goðdölum. 2.1.1899.

-- Bestu þakkir fyrir þitt góða bréf sem gladdi mig svo mikið, því bæði mátti margt af því læra og svo fann ég líka þær viðkvæmu og góðu tilfinningar þínar okkur til handa. Þær hef ég jafnan fundið, þó okkur hafi stundum borið á milli, sem nú er gleymt á mína hlið, og ég vildi óska að líka væri á þína. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Akureyri. 2.1.1899.

Hefur haft það ánægjulegt frá því fyrir jól. Predíkaði fyrir séra Matthías á gamlárskvöld. Held að fólkið hafi heyrt í mér; þá er ég ánægður. Álfheiður hafði jólatré og bauð börnum frá Barði og Eyrarlandi. Eggert litli hefur náð sér. Er lítill en hefur fitnað og vaxið eftir sjúkdóminn. Amma hans fann ráð að gefa honum lítið að drekka í senn. Smám saman lagaðist hann. Allir ánægðir með trúlofun Sigurðar bróður þeirra. Álfheiður segir Guðrúnu ágætisstúlku. Held það rétt, þrátt fyrir það sem þú sagðir.

Segir frá leikritum á Ak. og Möðruvöllum. H.E.B. hvetur S.B. til að sækja leikhús. Ræðir sjúkleika Elínar (systur sinnar), sem virðist tengt taugunum.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík . 3.1.1899.

Lýsir jólum og drengnum og leik þeirra Sigurðar bróður hans þegar hann kemur í heimsókn.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 3.1.1899.

Litlar fréttir af öðru en slæmri tíð og undirbúningi hjónabands. Það gerir það að verkum að nú þarf hann að fá greitt fé sem han hafði lánað P.E.B.

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 17.1.1899.

-- nú er ég kominn í Lögfræðing, með hug og sál og má ekki hugsa um neitt annað að sinni.

-- þakka fyrir bréf -- og *Verði ljós*. Svar þitt er ágætt og vona ég að með því sé stungið steini upp í *"fólkið"* í Þingeyjarsýslu. Jón í Múla[2] var hér, við erum fornkunningjar; eins og þú getur ímyndað þér er hann vantrúarmaður, en þó *religíös*. Eftir að við vorum búnir að spjalla um póltitík barst talið að trú, og meðal annars sagði hann að við þyrftum nýjan Messías. En ég sagði við hann, að á slíku hefðum við enga þörf. Sá Messías sem við hefðum fullnægði okkur að öllu leyti, en það væri annað sem við þyrftum að fá og það væru nýja drottins þjóna og nýjan anda. Vöntunin væri hjá engum nema sjálfum okkur og ég sagði að það væri svo langt frá því, að það væri þörf á nýjum trúarkenningum, að það mætti eigi breytast bókstafur í okkar trúarsetningu, og þrátt fyrir mína veiku trú, þá finn ég það, að það má ekki taka burt einn einasta stein, þá er okkar trú farin og þá er öll trú farin. Og það sem vantrúarmenn hneyksli, það er hnossið. --

Ég spurði Jón að því, hvort hann ímyndaði sér, að predíkanir Páls Sigurðssonar[3] gætu fullnægt nokkrum manni og það játaði hann fljótlega að ekki væri.

Einu sinni í fyrra var Guðmundur Hannesson að tala um að guð væri ekki góður, svo að ég bað hann um að nefna dæmi og segja mér hvernig guð ætti að vera. En sjaldan hef ég vitað mann komast í meiri bobba, og fannst mér Guðmundur ómögulega geta borið á móti því, hversu allt var vísdómslegra og gæskuríkara, eins og það er, heldur en hann hugsaði sér það.

Mér þótti mjög vænt um svar þitt um börnin sem deyja óskírð. -- En ég vil bæta því við, að við verðum að gera greinarmun á vantrúarmönnum eftir því þeir af guði eru hjartagóðir, gerðir og vandaðir menn eða þeir eru illir og vondi menn. --

Þá ræðir hann m.a. um velferðarmóral, efni eftir Chr. Bruun, sem var á móti pietistum, einnig um Sókrates. Einnig ræðir hann um heilsuleysi Vilhjálms Briem[4] bróður síns og Tómasar Helgasonar[5] mágs síns.

---

[1] *Steinunn Pétursdóttir (1870-1962) frá Valadal í Seyluhreppi í Þing. kona séra Vilhjálms Briem var dugnaðar og merkiskona sem studdi Vilhjálm Briem mann sinn í löngu heilsuleysi, sem þó rættist úr. Hann varð nærri nírœður.*

[2] *Jón Jónsson (1829-1921) í Múla. Bóndi og alþingismaður.*

[3] *Líklega Páll Sigurðsson (1830-1887) prestur í Gaulverjarbæ. Gaf m.a. út Helgidagspredikanir. Meðal barna hans var Árni Pálsson prófessor í norrænum fræðum.*

[4] *Séra Vilhjálmur Briem (1869-1959) sem síðast gegndi framkvæmdastjórastarfi Söfnunarsjóns Íslands til 86 ára aldurs.*

[5] *Tómas Helgason (1863-1904) síðast læknir í Mýrdalshéraði.*

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 25.1.1899.

Ekki var þörf fyrir þá endurgreiðslu sem hann óskaði eftir og fékk.

-- Hannes Thorsteinsson er að lesa skjöl Páls í Magnúsarmálinu[1] og ætlar að skrifa með næstu póstum þeim refjótta.

Annað kvöld ætlar Björn Olsen að halda fyrirlestur um hina nýju réttritun (blaðamannafélagsins) og var Halldór Friðriksson boðinn á fundinn. Þegar karl fékk boðið hugði hann víst að fundurinn ætti að ganga á móti sér því hann sagði: "Ég læt mig aldrei." En nú gengur hann með glímuskjálfta og hlakkar til að rota Jón Ólafsson og aðra blaðamenn. Þorsteinn Gíslason er hættur við blaðamannaréttritunina og rekinn úr blaðamannafélaginu. Annars held ég Ísland sé að deyja. Sigurður Júl. Jóhannesson hefur verið rekinn úr Goodtemplarafélaginu fyrir "anarchisme". --

Á stúdentafélagsfundinum var gerð resólution á móti blaðamannafélagsréttritunarreglunum sem ákaflega erfiðum að fylgja og að mörgu leyti stríðandi mót venju, uppruna og framburði. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 28.1.1899.

Ræðir barnauppeldi og skólann. Piltarnir kaupa lítið af bókum, enda fjárhagsástand slæmt v. hindrana á sauðasölu á Englandi. Búskaparmál á Möðruv. Ekkert talað um flutning skólans. Segir frá leikhúsi á Möðruv. sem skilaði tekjum í nemendasjóð. Leikrit eru undirbúin á Ak.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 29.1.1899.

Sonur Páls er við góða heilsu eftir veikindi. Húsnæðismál og fjármál eru umræðuefni sem oftar. Segir af leikhúsferðum sem hafa aukist eftir að Hólmfríður (í húsmæðrask. sem var til húsa í Iðnó, fékk boðsmiða). Segir frá samfundi við Ben. Gröndal sem hún hitti hjá Eiríki mági sínum. --

Séra Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda. 3.2.1899.

Ræðir þingmennsku, eins og í fyrra bréfi, og ýmis áhersluatriði, s.s. brú á Ytri-Rangá og sláturhús ásamt íshúsi og reykhúsi í Rvík svo kjöt verði góð verslunarvara, jafnvel einnig sútun en sú iðn var hið eina sem borgaði sig í Innréttingunum.

Séra Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda. 14.2.1899.

Ráðgast um Vetleifsholtspart, sem PEB virðist eiga og hvað gera megi við hann. Talar um heilbrigðismál sem þarf að koma í betra lag.

-- fékk ég heilbrigðisskýrsluformið frá þér og get ég ekki séð að hreppsnefndum sé ofvaxið að útfylla það, það eru vitanlega til undantekningar, en varla trúi ég að margar hreppsnefndir séu svo rælnar að þær gætu það ekki ef þær vildu. En svo ómissandi sem það er, að koma heilbrigðismálunum í betra horf, þá er ég hræddur um að þú standir þar einn uppi meðan það núverandi regiment stendur við stýrið. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 22.2.1899.

-- Ég talaði yfir hausamótunum á henni Susie og ætlar hún að senda Halldóri peninga og fara að verða sparsöm. Ég býst nú við að hún skrifi Halldóri um sína góðu fyrirætlun og sendi honum peninga; en hvað gerir Halldór. Hann er vís til að senda peningana til baka aftur. Susie hefur verið heilsugóð í vetur og hefði held ég vel getað verið á Möðruvöllum þess vegna. --

Ræðir um styrkgreiðslu til hússtjórnarskólans sem illa er staddur. Býður Páli að búa hjá sér ef hann komi suður um sumarið, en hann býr í pósthúsinu þar sem þarf að setja eldhúsdyr og skúr. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 22.2.1899.

Segir frá lífi sínu. Stefán skrifar mörg bréf til konu sinnar, virðist kominn yfir sjúkdóm sinn, - á eftir að styrkjast. Þreytist ef hann tekur sér eitthvað f. hendur. Vonar sannarlega að hann nái sér. Hefur byrjað á kennslubók í íslensku fyrir enskumælendur. Vinur hans Anderson hvatti hann til þess.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 22.2.1899.

Áhyggjufull yfir að eftir að HB hætti í fæði hjá Stefáni og Steinunni fái hann ekki næringarríka fæðu. Leggur honum lífsreglur í fæðuvali. Heyrt að hann klæði sig í léleg og slitin föt svo fólk geri athugasemdir þar um. Biður hann að ástunda snyrtimennsku og sé það í senn skylda við sjálfan hann og þá sem hann umgengst. Biður hann fá Margréti í Spónsgerði til að gera við föt sín. Afkoma þeirra sé undir heilsu þeirra komna. Segir af selskabslífi sínu, boðum og fundum í Thorvaldsensfélaginu. Varð hlé á en breyttist aftur er

[1] *Magnúsar Torfasonar sýslumanns í Rangárvallasýslu, eftirmann Páls. En þeir áttu í erjum, sennilega vegna kaupa á Árbæ. Þó það hafi ekki komið fram, svo ég hafi veitt því athygli.*

Hannes og Ragnheiður komu frá Ísafirði og l´homberspilamennska hófst bæði hjá þeim, landshöfðingja, Kristjönu Havsteen o.fl.

Síðast var hún á tónleikunum hjá baróninum þýska þar sem hann spilaði fallega á selló. Fréttir komið með saltskipi um dauða Thomsens kaupm.

Verið mikið á skautum, og hvatti Guðm. Björnss. læknir hana til þess.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 13.3.1899.

Biður hann snúa á ensku meðfylgjandi skjali. Ræðir einhverja beiðni um fyrirgeiðslu m. jarðnæði. Sagði að ekki væri hægt að taka tillit til slíkra óska nema formlegt erindi kæmi til rétts aðila. Vilhjálmur bróðir þeirra hættir prestsskap. Álfheiður kona hans er máttlaus í handlegg.

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri, 19. mars 1899.

Biður um þýðingu á skjali. Þórhildur Tómasdóttir, tengdamóðir hans er farin og er tómlegt hér. Vonar að hann komi fljótlega. Skúli Thoroddsen var með skipinu en kom hér hvergi við.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 20.3.1899.

Segir enn frá tónlist barónsins á Hvítárvöllum. Elín skrifar frá Mentone að hún sé að fara til Sviss.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 13.4.1899.

-- Jeg þakka þjer sem allra best fyrir þitt elskulega brjef frá 27. febrúar og svo allar ritgjörðir þínar og sendingar. Það er mikið, hvað þú getur afkastað og hvað vel það er gert. Mogk[1] stendur ekki vel eftir ritgjörð þína um Snorra-Eddu, því að þú hrekur hann ofan í jörðina. Er það ekki prentvilla í ritgjörð þinni um Ísland (bls. 620) að dativ af Hjörtur sje Hjört? Mikill er munurinn á greinum ykkar um Ísland eða grein Storms[2] um Ísland í Nord. Conversationslexikon, sem ekki er vel heppileg.

Jeg þakka þjer kærlega fyrir sendinguna á peningunum til Elínar systur minnar, sem hún er búin að fá fyrir löngu síðan.

En hvað mjer þykir hjartanlega vænt um að sjá hversu við erum sammála um menntamálin og svo að heyra um hvað það er að fá fylgi í Danmörku að breyta kennslunni í gömlu málunum. Jeg hugsaði til þess þegar Gertz talar um þýðingarnar á fornu rithöfundunum, að það sem jeg hef verulega haft gagn af og gleymi ekki í grísku bókmenntunum, það er Illíonskviða og Austurför Kýrosar, af því að jeg hef lesið þetta samhangandi í útleggingum. Jeg óska og vona að breytingin á skólanum verði komin á, áður en Kristinn litli fer í skólann, ef hann á þangað að fara. Það lítur ekki út fyrir að það sje heppilegt fyrir amtmannssyni. Jakob Havsteen sje jeg núna í blöðunum er annað árið neðstur í skóla.

Benedikt Sveinsson er hjer og Páll Torfason og eru með stórmikið projekt um banka o.s.frv. Páll fer frá landinu hlaðinn með undirskriftir þingmanna. Mjer dettur í hug það sem þú segir: "*ef einhver svindlari*".

Benedikt kom með skjal handa mjer til að undirskrifa en jeg bað hann vel að lifa.

Hjer er snjór yfir allt svo að hvergi sjest í dökkan díl. Ef ekki kemur bati eftir viku til hálfan mánuð, þá segja menn að sumir að minnsta kosti megi til að fara að skera skepnur sínar niður. Svona er ástandið í landinu og er það eigi fagurt.

Jeg er nú að byrja að láta prenta Lögfræðing. Hið helsta nýtt í honum er um leiguliða, og vona jeg að þar verði nokkrar bendingar til góðs. Ennfremur hef jeg skrifað um kosningarjett, og haldið um hann fyrirlestur, þar sem einnig er ýmislegt nýtt. Mig hálflangar til að skrifa um kosningar í einhvert danskt tímarit, því að jeg sje að menn eru að hugsa þar um breyting á kosningalögunum. Það sem jeg hef samið um kosningarnar hef jeg verið að hugsa um að setja í Eimreið Valtýs, ef Valtýr óskar. Jeg er að hugsa um að setja nú í Lögfræðing upplýsingarnar um dagsverkin sem þú gafst mjer.

Það er hjer leiðinlegast að bæði vantar mann bækur og menn til að tala við um málin. En þótt maður væri í Reykjavík, þá væri það litlu betra.

Að vísu segir faðir þinn að hjer sje andleg eyðimörk, en gott að vera í Rvík. Hann er stöðugt frískur og ern. Hann kemur hingað einstöku sinnum og oft hef jeg gagn af að leita til hans og fá hjá honum bækur. Seinast lánaði hann mjer *Horrebow Tilforladet Efterretn. om Island.* Horrebow segir að baðstofur hjer á landi sjeu um miðja 18. öld. 6-8 álna breiðar, en á 59 klausturjörðum og af því sumum góðum eru baðstofurnar 1824-1828;

[1] *Dr. Eugen Mogk var tveim árum yngri en þeir Páll og Finnur; prófessor í norrænum fræðum í Leipzig, talinn ágætur fræðimaður en átti í útistöðum við Finn o.fl. m.a. vegna mismunandi kenninga um Gylfaginningu.*

[2] *Gæti verið norski sagnfræðingurinn Gustav Storm (1845-1903) sem m.a. skrifaði um ísl. annála, víkingaferðir og fund Ameríku.*

1 tæpar 6 álnir á breidd; 5 5 til 5 1/2 al. á br.; 77 eru 4 1/2 al; 18 eru 4 ál.; 16 eru 3 1/2 al. og 12 eru 3 álnir á breidd.[1] Hugsaðu þjer baðstofu með tveimur rúmum sín hverju megin, 3 álnir á breidd. Aumingja Ísland. Ekki er nú von að ástandið sje gott ennþá.

Þú lest Þjóðólf. Viltu líta í hann á bls. 58 (tölubl. 1. apríl þ.á.) Þar segir, að "*sú stjórn, sem stjórnar mest, sje verst, en hin best, er stjórnar minnst* --." Þetta er ómótmælt borið fram í því blaði, sem þykist vera framfarablað, og sem vill vera að heimta innlenda stjórn hjer á landi. Ef þetta væri rjett þá væri best að stjórnin gerði ekki neitt, eins og jeg sagði við amtráðsmennina í fyrra. Ef þjer viljið segja nei við öllu, þá mætti í raun rjettri senda hingað hreppsómaga, ef þeim aðeins væri kennt að segja nei. *Manchestertheórían* var útdauð hjá vísindamönnum fyrir 30 árum, en hjer á landi klifa allir gasprarar á henni, eins og heilögum sannindum. Jeg er nú helst að hugsa um með tíð og tíma að reyna að taka hana fyrir. Á sínum tíma vildi jeg fá Sigurð bróður minn til þess, og hjelt hann einn góðan fyrirlestur um málið í Reykjavík, en svo nennti hann eða gat ekki átt við það. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 13.4.1899.

-- Ræðir einkum um skipun póstafgreiðslu á Akureyri og Stað í Hrútafirði. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 14.4.1899.

Var hjá Páli og Álfh. um páska. Slæmt að Álfheiður er veik í hægri handlegg og hann svo máttlítill að hún getur varla notað hann og fingurna, ekki spilað, skrifað eða prjónað. Guðmundur Hannesson hefur reynt ýmislegt en ekki tekist. Sjálfur er HB slæmur í augum.

H.E.B. hefur lokið við Ingólf, sem hann telur besta leikrit sitt.

Sagt í Ísafold að Hjaltalín og Lárus Sveinbjörnsson yrðu ekki skipaðir konungkjörnir. Frú Hjaltalín lítt glöð.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 16.4.1899.

Húsnæðismál. Ræðir ástandið á Möðruv. og í lærða sk; brottrekstur nemanda þaðan, jafnvel að ósekju.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 7.5.1899.

Hitti Pál sem var glaður eins og alltaf. Álfheiður þjáist vegna lömunar í handlegg.[2] *Frést hefur að Stefán Stefánsson sé betri. Væntanlegur þ. 10.*

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 9.6.1899.

-- Jeg þakka þjer sem best þitt elskulega brjef frá 13. f.m.

Jeg get ósköp vel skilið að Mogk *(sjá fyrr)* geti ekki skilið hvernig þú lítur á Handrit Snorra Eddu. Þeir geta ekki skilið, að Íslendingar hafi verið öðruvísi en annaðhvort vísindamenn eða rjettir og sljettir *copistar*. En flestir af þeim, er rituðu handritin af, gerðu það af interesse; þeir voru hálfgerðir *dilettantar*, svo að jeg noti dönskuslettur, og þess vegna er þessi orðamunur í handritunum.

Jeg veit ekki hvort nokkur hefur sjerstaklega rannsakað þetta; og þó væri það harla nauðsynlegt. Af því að þetta er eigi rannsakað koma deilur og misskilningur. Í áliti á Grágás er jeg í öllum aðalatriðum samdóma Vilhj. Finsen, en hinsvegar hefur hann lagt of mikla áherslu á Grágás, sem lög, að því leyti, að ætla textann eins og texta í lögum nú. Nei, bæði þeir sem geymdu lögin og þeir sem afrituðu handritin breyttu orðum, en auðvitað með þeirri hugmynd að það stæði alveg á sama. Vísindalegir lögfræðingar hafa ekki skapað Grágás heldur lögrjettan og þessir hálfgerðu *dilettantar*, sem geymdu lögin. Að deila um það hvort Grágás er lögbók eða rjettarbók, er því þýðingarlítið, en hitt skiptir miklu, hvernig menn skýra orðin. Jeg t.a.m. hallast heldur að því að kalla hana rjettarbók, og þó er jeg í öllum aðalatriðum á sama máli sem Finsen, en móti Maurer. Annars er jeg kominn nokkuð langt frá efninu.

En hvað á það að þýða hjá Ebbe Hertzberg, að vera með hálfgerðar slettur til þín í Tidskrift f. Retsvidenskab 1899 bls. 68? Og við hverja Ísl. á hann efst á sömu bls? Samanburður á norskum og ísl. lögum er auðveitað nauðsynlegur, en að sjá hvernig ísl. lögin hafa sprottið út af norskum lögum getur hvorki Ebbe Hertzberg eða annar, því að það er ómögulegt, og mjer finnst *Obligationenrecht II*. eftir Amira að ýmsu leyti hafa misheppnast, af því hversu Amira ruglar norskum og ísl. lögum saman í eina bendu. Jeg sendi þjer sjerprentun af lagasögu Maurers. Jeg hef skrifað þar um Kristinn rjett Árna biskups og geng þar móti skoðunum þeim,

[1] *Þessar tölur eru líkleg rangar af hálfu skrásetjara, E.Á.*

[2] *Kemur þetta annars staðar fram, eða á eftir að koma fram. Axlarveikindi Álfheiðar fylgdu henni all tíð. Eftir að hafa farið yfir fjölskyldubréfin þykir mér sennilegt að hún hafi þjáðst af klemmdri taug í öxl sem nú er þekktur sjúkdómur sem hægt er að lækna með skurðaðgerð. Fylgdi hann Álfheiði ævi henar á enda.*

sem hafa ráðið hingað til. Það er leiðinlegt að þurfa að skrifa svo stutt um mál, sem maður hefur rannsakað jafn mikið. Jeg sendi greinina engum öðrum sjerprentaða nema þjer og Ólafi Halldórssyni.

Dativus *Hjörti* skil jeg vel, en í sjerprentuninni, sem þú sendir mjer, stendur Dativ "Hjört", það er auðvitað prentvilla. Annars finnst mjer talmálið breytast nokkuð eftir lesmálinu og ýmislegt, sem var alvani, þegar jeg var að alast upp, finnst mjer miklu óvanalegra nú. En svo er breytingin *á k í g* og *t í d, e í i* og *i í e* o.sv. frv. samfara dálítið breyttri áherslu, sem enginn málfræðingur ætlar að rannsaka.

Ekki nenni jeg að fást við að skrifa um stöðu Ísl. í ríkinu. Jón Sigurðsson skrifaði um það frá Ísl. hálfu en Larsen frá Dana hálfu. (Útlendingar eru ef þeir minnast á málið, allir með Larsen, nema Maurer.) En allt sem síðar hefur verið skrifað um málið er eigi byggt á neinum rannsóknum, heldur tilfinning og hugarburði. Það situr við það sem Jón og Larsen sögðu og finn jeg enga ástæðu til þess að fara að jeta það upp sem lögfræðingur. Annað mál er það fyrir stjórnargarpana.

Ekki blæs byrlega í skólamálum hjer á landi. Alþýðan er líka svo nauða vitlítil, að hún getur eigi haft neitt að segja. Almenningsálit hjer á Íslandi er sama sem ekki neitt. En ef til vill á sjer hið sama stað í öðrum löndum.

Gróður hefur komið afar seint en í gær og í dag hefur verið óvanalegur hiti (í dag 23 1/2 stig á Celsíus), svo að tún eru fagurgræn orðin og hagar orðnir grænleitir.

Okkur líður hjer vel. Með bestu kveðjum frá okkur til þín og þinna er jeg þinn einl. vinur Páll Briem

P.S. Þökk fyrir allar bækurnar og sjerstaklega fyrir landafræði Grænlands sem mjer þótti sjerlega fróðleg og skýr. Það er mikið hvað þú getur afkastað miklu. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. St. á Arndísarstöðum í Bárðardal. 5.7.1899.

-- Hingað er jeg kominn eptir daginn. Ferðin hefur gengið ágætlega. Veðrið verið fagurt og talsverður hiti í eptirmiðdag. Konunni hjerna þykir jeg ekki góður gestur. Hún var áðan að tala við manninn sinn fyrir utan bæinn auðsjáanlega um það, hvernig hún ætti að taka á móti gestinum. Jeg vildi að tískan leyfði, að jeg mætti fara inn í búrið. Jeg skyldi þá ekki vera lengi að finna eitthvað handa okkur og koma konunni úr þessum vanda. -

Jeg kom að Hálsi og drakk þar kaffi og súkkulaði. Börnin voru frísk, en Gunnlaugur litli er miklu guggnari, fölari og magrari, en í vetur þegar jeg sá hann. Eggert var alltaf að hlaupa og hin börnin þá á eptir honum og voru stöðugt að detta, svo að móðir þeirra varð að skerast í leikinn. Jóhanna og sjera Einar báðu kærlega að heilsa. Þegar jeg kem aptur held jeg Jóhanna verði lögst.

Þegar jeg var á Hálsi; kom þangað kona Magnúsar á Halldórsstöðum og vinnukona með henni. Hestur vinnukonunnar hafði tapast á Veigastöðum. Þær voru einar síns liðs með lánsbykkju. Svo að jeg setti Sóta undir vinnukonuna. Vinnukonan varð himinlifandi og líkaði svo vel við Sóta, að hún sagði, að það væri sá besti hestur, sem hún hefði komið á bak. Það væri hreinasti gæðingur. En engin dýrð stendur lengi. Þegar við komum á næsta bæ, þá var hinn týndi hestur þar, og vinnukonan varð að setjast á sinn illgenga og hasta hest. Konunni á Halldórsstöðum þótti ógn vænt um hestlánið og bað mig, er jeg ætti ferð um Reykjadalinn, að drekka hjá sjer kaffi og held jeg að hún mundi gjarnan vilja hafa það gott kaffi. Hestarnir hafa allir verið eins og fiðrildi, nema Lofnir, minn gamli viljugi gráni, hann er eitthvað lakari í fæti en áður og ef það er eigi af járningu, þá verður hann aldrei jafngóður. Það þykir mjer ekki gott. Hjer niður frá bænum liggur túnið sljett ofan undir engjarnar, sem liggja ofan að Skjálfandafljóti. Túnið er allt glóandi í sóleyjum, svo að hjer er mikið fallegt í kringum bæinn. Hinumegin við Skjálfandafljót er lág grasi vaxin heiði, en mórauð gil og flög skemma hana svo að ekki getur hún heitið falleg.

Ef Kristinn Jónsson vegaverkstjóri eða umboðsmaður hans biður þig um fje til vega, þá langar mig til að biðja þig að láta þá fá eins og þeir vilja allt að 400 kr. og taka kvittun fyrir. Peningarnir eru í peningaskápnum í skúffunni efst í honum. Lykillinn að skápnum er með stóra lyklinum. Fyrst er sett í neðra skráargatið og snúið upp í efra skráargatið, svo er tekið í handfangið og snúið til hægri handar og þá er skápurinn opinn. Lykillinn að skúffunni er á hringnum með skrifpúltslyklunum mínum. Svo bið jeg þig að loka skápnum aptur með lyklunum.

Konunni hjerna sagði jeg að jeg vildi ekki kaffi en afleiðingin af því að hún fjekk að vita að jeg borðaði graut á morgnana var sú, að þegar jeg var að klæða mig um kl. hálf sjö í morgun, kom hún með sagóvatnsgraut með sykri og rjóma og ljet jeg mjer það vel smakkast. --

Álfheiður Briem skrifar Páli E. Briem. Akureyri. 6.7.1899.

-- Til þess að nota tímann á meðan Vesta lætur sig ekki sjá ætla jeg að hripa fáeinar línur, því hjeðan af verður

viðstaðan ekki löng; klukkan er farin að *ganga til* [1] 7 og klukkan 12 fer hún líklega ef hún verður komin, hún hve hafa átt að taka heilmarga hesta á Skagaströnd, og er það víst sem tefur hana. Heimdallur kom kl. 12 í morgun og Consul Havsten með, hafði fáeinar línur með frá Dísu, sem jeg því miður vissi hvorki hvar nje hvenær voru skrifaðar, þó jeg færi að frjetta um það, kæmi Vesta líklega ekki fyr fyrir það, svo jeg sleppi því.

Síðan þú fórst hefur okkur þremenningunum liðið vel, Hilda sagði í morgun þegar hún vaknaði að hún þyrfti að flýta sjer á fætur til að heilsa þjer, en Eggert er ekkert sjerstakt að hugsa um slíkt, en er líkur rellupoki og hann er vanur blessaður strákurinn. Þegar þú varst farinn fyrir ½ tíma, komu myndirnar frá Arnóri, og sýndist mjer þær heldur góðar, og Eggi einn nærri ágætur, jeg læt hana hjerna innaní rjett að gamni mínu svo þú ekki gleymir honum, elsku hjartað mitt, þó heldur sje myndin dauf svona ótilbúin.

Júlíus Havsten hafði komist með glans inní skólann, og sýndist mjer frú Havsten talsvert fattari en hún átti vanda til þegar hún fór framhjá áðan.

7. júlí.

Vesta kom kl. 10½ í gærkveldi, og jeg fór um borð, og fagnaði Dísu og Sigurði, svo sváfu þau kúrsinn af í nótt, og nú er komið að því að þau fari. Jeg er komin um borð og klára brjefið þar, Dísa segir þjer frjettirnar þegar þið hittist, þau eru mikið glöð og ánægð, en þessi skript, ...

Vertu blessaður ástin mín, forláttu hrafnasparkið. Hilda og Eggji senda pabba marga kossa. Guð veri með þjer, og flytji þig heilan heim til þinnar hettelsk. litlu Öllu. --

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 4.8.1899.

Ræðir tóvinnuvélar og frumvarp sitt um fjárkláðann er var léttvægt fundið hjá stjórninni. Ræðir gagnslausar ráðstafanir en vill fyrirgefa mönnum því þeir vita ekki hvað þeir gera. Búið er að stofna búnaðarfélagið. Segist hafa skrifað í Ísafold um horfellislögin. Aldrei hefur hurð skollið nær hælum en í vor. Ísl. læra ekkert fyrr en þeir missa mikið fé og fólk deyr úr hungri. Þá ræðir hann um starf Torfa og bág kjör hans. Nefndarálit um búnaðarskóla í Noregi. Vill gjarna hitta Torfa til að ræða þær kröggur sem hann er í. Hólaskóli orðinn amtsskóli. Kvíðir að Jósep dugi ekki til að stjórna, þótt góður kennari sé. Spyr Torfa hvort hann viti um skólastjóraefni. Ræðir grein EM (Eiríks Magnúss.?) í tímariti Bókm.fél. og hörmulega þekkingu latínumanns! Slæmt nefndarálit neðri deildar í alþýðumenntunarmálinu. Ræðir grein sína um leiguábúð og óskar skoðana Torfa.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 8.8.1899.

-- Jeg sje að þú hefur nóg að gera. Sturlunga er erfið viðfangs, en jeg er þjer samdóma um að ritgerð B.M.Ó. sje að mörgu góð. Aldamót halda móti henni og margan hef jeg heyrt, sem andar móti henni, og það gefur okkur tilefni til alvarlegrar umhugsunar um hvort rjett sje að skrifa vísindaleg rit á íslensku. Íslendingar vilja ekki hafa þau eða lesa þau; þeir meta þau einskir eða lítils. Á þá jafn fámenn þjóð, sem Íslendingar að hafa vísindaleg rit? Hugsaðu um þetta. Jeg veit vel, hver afleiðingin verður. Íslendingar eigi þá heldur ekki neinar bókmenntir að gagni. Þegar vísindamenn vilja ekki skrifa á þeirra máli, þá verður íslenskan almúgamál, eins og færeyska, plattþýska o.s.frv. Aðalmálið verður danska eða eitthvert annað mál.

Hugsaðu um þetta og segðu mjer þína skoðun. Ekki tek jeg Njálu til rannsóknar. Ef jeg vil rannsaka nokkuð nákvæmlega, þá verður það viðvíkjandi Kristinrjetti Árna biskups og síðari lögum. Njála er eins og harður melur. Það er erfitt að rækta mela og gera þá að góðu túni.

Það var að mínu áliti óheppilegt af Boga að taka fornsögurnar til rannsóknar. Hann gat fengið sjer yfirlit yfir þær, en aðallega hefði hann átt að taka seinni tímann fyrir. Þar var miklu meira "*udbytte*" [2] að hafa. Mjer þykir ekki mikið að græða á ritgerð hans um erindreka o.sv.frv. í tímariti Bmf. Sjerstaklega vantar hjá honum að skoða biskupana í sambandi við sinn tíma, og hann gefur þá gömlu hálfvitlausu mynd af Guðmundi góða, talar um þráa o.sv.frv., sem er alveg rangt orð, jeg held eigi af Guðmundi, en samt er hann mikilmenni síns tíma og samkvæmur sjálfum sjer.

Jeg hef heyrt að fjárlaganefndin hafi tekið af honum *(Boga?)* styrkinn. Jeg vona að það verði ekki. Bogi getur gert talsvert enn. En Íslendingar vilja helst sá, en nenna ekki að hlú að og skera svo upp á sínum tíma. Það, sem þú sagðir um bitlingana og þingið, var gott. En þegar fjárveitingarnar voru teknar af stjórninni, þá þótti þeim ekki vel varið. En þingið hefur heldur ekki reynst vel. --

Heilsaðu konu og syni kærlega frá okkur, svo og Guðrúnu systur þinni. Mágkona þín missti með henni þarfa hönd. --

[1] *Þetta er*

[2] *Afrakstur.*

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Akureyri. 4.9.1899.

Ferðasaga frá Sveinatungu þaðan sem hann hafði skrifað. Þau Elín fóru að Höskuldsstöðum eftir viðkomu á Blönduósi í frosti en rólegu veðri. Næsta dag fóru þau til Sauðárkróks og var vel tekið hjá Eggert bróður hans og Guðrúnu. Fór til Álfgeirsvalla. Voru Halldóra og Ólafur, bróðir þeirra og bóndi þar, komin. Fórum að Bægisá og komum til Akureyrar. Hélt áfram til Möðruvalla og aftur til Akureyrar, þar sem þau Elín heimsóttu vini. Fór aftur til Möðruv., því skóli er að byrja.

Ræðir um að hún flytjist norður til að spara heimilishald á tveim stöðum og losna úr fjárhagskröggum.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reykjavík. 25.9.1899.

Fréttir af syndugu lífi 12 ára dóttur Jespersens sem stungið var í tukthús.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 8.10.1899.

Ræðir fréttir sem hún hafði fengið af ferð hans norður og að Elín sýnist hafa verið með honum. Siddi farinn að sendast fyrir hana. Sigurður Briem og Guðrún voru í heimsókn. Klippti S.B. hann og virðist hafa gert reglulega vel.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Khöfn, 11.10.1899.

Ræðir tvö bréf Torfa og ástandið fyrir vestan hjá honum þar sem bæði amtsráð og alþingi sneru við honum baki þótt besti búnaðarskólinn falli þar með og menntun hraki. Amtsráðið yfirgefi Torfa í kröggum hans, þótt ábyrgðin sé ekki síður þess. Ræðir stöðu Hólaskóla.

Skýrir hvers vegna hann sé í Khöfn. Kona hans hafi þjáðst af máttleysi í handlegg, þurfti þess vegna, og tannanna, að fara til Hafnar. Segist verða þar tvo mán. Konan fari heim en hann til Englands og komi heim í jan. eða mars.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 13.10.1899.

Nemendur eru 42. Frú Hjaltalín er ekki í góðu skapi gagnvart Stefáni og Steinunni.

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Khöfn. 12.10.1899.

Segir frá tildrögum ferðar og dvalar þeirra hjóna í pensjónati í Helgolandsgade.

-- höfum það gott. Konan fékk tennurnar. Hún lét draga út 11 tennur á Akureyri áður en hún fór -- og Biering gefur henni von um góðan bata í handleggnum. Þetta var þýðingarmeira en allt annað, svo að þú mátt trúa því að ég er glaður yfir því.[1] --

Meðal annarra hitti ég hér Harald Nielsson á götu og gengum við saman og töluðum -- Mér líkaði illa við Harald út af greinunum sem hann skrifaði móti Guðmundi Hannessyni, þ.e. hvernig hann skrifaði, en þetta er allt horfið fyrir síðustu áhrifunum. Okkur féll mjög vel að tala saman og gleður það mig hjartanlega að fá þar enn einn sem ég *sympatisera*[2] með, góðan dreng sem hefur vilja og hjarta á réttum stað. En annar maður sem ég verð að minnast með innilegri gleði, er séra Friðrik Bergmann.[3] Mér fannst dæmalaust gott að tala við hann og ég skrifa undir hvert orð sem hann sagði í ræðu sinni á Akureyri en eftir að ég talaði við hann varð mér enn ljósara eitt atriði, sem nú er orðið aðaláhugamál mitt og það er menntamálið.

-- Ég játa það að trúin er hægri fóturinn, en vinstri fóturinn, það er menntunin og ef vinstri fótinn vantar kemst maður ekki langt. --

Vonar að Jóni takist ásamt öðrum að vekja Íslendinga í trúarefnum.

-- Það er nærri því sorglegt, að sjá einn dag líða á fætur öðrum án verulegra breytinga. Landsmenn vantar siðgæði og siðferðilegt þrek, því þeir eru trúlausir og menntunarlitlir. --

---

[1] *Ég var langt kominn á leið í skráningu þessara bréfa er ég nefndi það við tannlækninn minn Sigfús Þór Elíasson, prófessor, að tennur hefðu gjarnan komið við sögu í bréfasöfnum sem ég hefði skrán, reyndar almenn heilsa og veikindi líka. Hann bað mig að gæta þessa atriðis eða draga það fram. En ég var þá svo langt á veg kominn í verkinu að það var of seint. Síðan hef ég ekki rekist á marktæk atriði sem snerta tennur og tannsjúkdóma.*

[2] *Er á sama máli.*

[3] *Séra Friðrik Bergmann (1858-1918) einn áhrifamesti kirkjuleiðtogi Íslendinga í Ameríku. Fæddur í Garðsvík á Svalbarðsströnd. Miklar deilur voru milli íslenskra safnaða í Ameríku, eins og kemur fram í bréfum Halldórs Briem. Sagði F.B. sig úr Synódunni og stofnaði söfnuðinn Winnipeg Tabernacle. Rögnvaldur Péturssona var forystumaður Únitara. Komu sér saman um sameiningu safnaðana, sem gerðist þó ekki fyrr en eftir dauða séra Friðriks í bílslysi.*

Ég sé ekki betur en að það sé svo öldungis rétt aðferð, sem þú hefur, að segja mönnum sannleikann hispurslaust og fræða menn. Ég held að það sé óhætt að segja, að margur hefur misst trúna er hann hitti á eitthvað það í biblíunni, sem hann gat ekki trúað. Hann missti þar niður eina lykkju og svo var eins og allt raknaði upp.

Við þennan mann var og er ekki til neins að segja: *Þú skalt trúa,* því hann segir: *Ég get það ekki.* En þegar þú sýnir fram á að lykkjufallið stendur í engu sambandi við trúna *(á)* guðs son, þá getur hann komið, og ef prestarnir á Íslandi væru fullkomlega vaxnir stöðu sinni, þá er ég viss um að þeir á einu ári gætu snúið mönnum hundruðum og þúsundum saman í kirkjurnar af þakklátum og þakkandi kristnum mönnum. -- Ég vona alls hins besta af þínu starfi.

En hver hugsar um menntamálin? Eftir að séra Friðrik Bergmann var hjá mér hef ég farið að hugsa alvarlega um það mál, og ef ég get, þá ætla ég að skrifa næst í Lögfræðing um menntun alþýðu. Hún er á fjarskalega lágu stigi. Alþýðan var tiltölulega betur menntuð, en alþýða í mörgum öðrum löndum fyrir svo sem 50-60 árum; en nú erum við orðnir afar mikið á eftir.

Á Íslandi er varið 33 aurum á mann, en hér í Höfn er varið um 4-5 kr. á mann til barnamenntunar. --

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 27.10.1899.[1]

Ræðir erfiða ferð norður, þar sem hún var á ferð með H.E.B. og Ingibjörgu á meiddum hestum.

Ræðir um hús sitt, sem þær virðast ætla að deila ef E.E.B. verður syðra og skipting takist á húsinu þeirra milli.[2] *Ræðir um leigu S.B. og Mörthu.*

-- Það er sama með hana og þig, að hún væri illdæll leigjandi. --

Heimsótti Jóhönnu E. Briem, systur sína, á Hálsi. Segir engar áhyggjur þurfi að hafa af H.E.B., hann sé við góða heilsu og hafi málamat hjá Geir og Stefáni. Ræðir heimili Páls og um leigumál.

-- Mjer þykir rólegt og gott hjer að vera. Annars finnst mjer allir staðir jafn viðkunnanlegir, allstaðar er fólk svo alúðlegt og gott við mann. Annars er nú mest undir komið að maður hafi það gott heima fyrir og það hef jeg; fólkið er ekkert margt. Börnin eru frísk og skemmtileg og vinnukonan myndarleg svo er unglingsstúlka, sem er með Eggert, Stína frá Barði. --

Jeg veit ekki hvað á að gjöra með "lotteríið" jeg er bara hrædd um að Sigurður fáist aldrei til að halda það. Hann var auðvitað búinn að lofa því en honum líst ekki vel á það í þessu árferði og vill vera laus við það, jeg ætla samt að skrifa honum með póstinum. -- Ef ekkert verður af því, þá sel jeg Blesa. --

Biður hana ekki tala um þetta við aðra. Vonar að Susie taki húsið og Martha líka. Er ekki á því að norðurstofan sé köld.

-- Aldrei fann jeg til þess. --

Ræðir þetta mörgum orðum.

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 31.10.1899.

-- Þetta er síðasta bréfið til ykkar skyldfólksins í Vík og eru þau þó mörg í þetta sinn. --

Ræðir um Sigurð Kristjánsson og er sýnilega komin í útgefendastellingar.

Segir að endirinn muni vera sá að S.B. verði ánægð. Spyr hvort hún vilji húsið.

-- Hjer eru göturnar eða gatan hálf ill yfirferðar og finnst mjer það ekki neitt bjóðandi að fá sjer spássertúr, og þó tíðin sje ekki talin vond þá er veðrið alla jafnan fremur illt, hríðarstrengir eða logndrífa. Síðan veturinn kom hefur ekki sál sjest nema eitthvað nálægt klukkutíma í morgun og líkt þessu hefur það verið, síðan jeg kom hingað, en hvers annars er að vænta hjer norður við ísha? En ekki hafa verið hörkur miklar. --

Ræðir gamla hryssu sína sem reyndist svo vel norður að:

-- hafði ekki brjótst í mjer til að taka hana af lífi, heldur kom henni fyrir í góðan stað og ætla að gefa henni hálftunnu af korni í jólagjöf (segi engum frá því) svo ríð jeg henni suður í vor og læt hana hafa góða haga í vor og læt hana svo áreiðanlega fá hinstu hvíld næsta haust, blessaða skepnuna. --

Hlakkar til að hitta Halldór og ætlar að heimsækja hann um jólin. --

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri 31.10.1899.

Ræðir um útgáfumál og samskiptin við Sigurð Kristjánsson.

---

[1] *Hér er hún á Akureyri til að sjá um húshald Páls bróður síns meðan hann og Á. eru í utanferð.*

[2] *Sýnilega var Elín Briem skipulögð og hefur lagt sambýlið vel niður fyrir sér.*

-- Mjer líður vel og sit jeg hjer löngum inn á kontor Páls; er þá að lesa eða skrifa, sauma eða leika mjer við þau frændsystkini mín og stundum gjöri jeg mikið fyrir þau, gef þeim að borða o.s.frv. --

Göturnar eru slæmar og erfitt að fá sér spássertúr og varla sála á götum. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 2.12.1899.

Siddi hefur eignast leikfélaga. Sigurð (son Ásgeirs Sigurðssonar í Edinborgarverslun. Þá hafði hún fengið bréf frá Miss Crotty, sem er við háskólann í Chicago.

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Khöfn. 20.11.1899.

Þakkar hjartanlega fyrir bréfið frá mági sínum.

-- Það er sami áhuginn hjá þér og er ég oft að hugsa um hvort þú sért óbilandi. Ég hef líka nokkurn áhuga, en oft liggur mér við að hugfallast og segja við sjálfan mig: ”*Til hvers er þetta? Er það ekki alveg eins og laxinn sem er að stökkva upp í háfossinn, en kemst þó aldrei upp.*”

Ég var á stúdentafundi um daginn og hélt þar ræðu viðvíkjandi framtíð bænda - það var umræðuefnið - og ég fann það að stúdentar höfðu velvild eða sympati gagvart mér, en mikið skelfing var samt trist að vera á fundinum. Ég sagði meðal annars að Íslendingar væru aðeins hálfciviliseraðir[1] og stúdentar sögðu, *heyr*, en mikið voru þeir sjálfir langt frá því að vera civiliseraðir. Nautnafíknin var svo að hver einasti, að kalla mátti, varð að taka sér vindil og svæla og mátti því geta nærri um reykinn inni. Og svo þær ræður, herra minn trúr, álnarlangar vitleysur, innblandaðar með kjallaravittigheðum, bölvi og blótsyrðum, en þar í skaraði fram úr Helgi Jónsson frá Vogi,[2] sem ég sá þar í fyrsta sinn hálffullan. Þetta er nú stofninn í leiðandi menn þjóðarinnar: Hið unga Ísland. Sorglegt var að sjá það.

Ég vona að þetta sé aðeins ofaná, og að ég fái betra álit á stúdentunum eftir nýárið. Ég ætla að halda hjá þeim fyrirlestur um þjóðmenntunina á Íslandi. Ég hef verið að afla mér upplýsinga um þjóðmenntun annarra þjóða. Ég hef verið í sex daga á *Konungl. bókasafninu* og farið þaðan jafnnær, svo á *Háskólabókasafninu* og fengið lítið, svo á bókasafni tilheyrandi *Dansk Skolemuseum* og fengið lítið. Loks fékk ég góðar upplýsingar í *Kommunenes Bibliotek*. Svo hef ég lesið réttarsögu Finsens, sem því miður verður ekki prentuð.

Þetta er helsta gagnið. Svo hef ég haft mikið yndi af að finna mína gömlu og góðu vini, en að öðru leyti er þessi vera mín hér ekki óblönduð skemmtun vegna veikinda konu minnar. Hún hefur verið svo ógn veik. Fyrra sunnudag var hún nær dauða. Í gær fór hún fyrst á fætur og er líka á fótum í dag. En hún er ákaflega *nervös*, hrekkur við þegar hringt er, getur ekki sofið eða borðað. --

Er uggandi um að komast til Englands sem var aðalerindið að fara þangað, læra ensku og kynna mér enska málafærslu og réttarfar.

-- Ég ætla að vera einn mánuð á Englandi og vona ég að hafa gagn af því. Latínuskólinn gerir mann þannig úr garði að þótt maður eigi að læra sjö tungumál, þá kann maður ekki eitt einasta af þeim að gagni, og verður beint að skammast sín fyrir menntunarleysið. - Ég er að hugsa um menntunina, um kúltúr þjóðarinnar, en kúltúr sem ekki byggist á kristilegum grundvelli er einskis virði.

Ég skrifaði séra Valdimar (*Briem*) í haust og sagði að það sem okkur vantaði mest væri fyrst *trú*, í öðru lagi *siðgæði* og í þriðja lagi *menntun*. Þetta eru grundvallaratriðin. Þegar ég var stúdent, þá virtist mér kristindómurinn ekki viðurkenna gildi menntunarinnar. Það voru öllu fremur heiðingjarnir, sem héldu uppi merki hennar. Og hinn kaþólski kristindómur barðist jafnvel gegn menntuninni. Nú er þetta breytt, en samt á kristindómurinn, þ.e. sá kristni heimur, mjög mikið á samviskunni í því efni; hann hefur metið menntunina svo lítils, að hann hefur sleppt hendi sinni af skólunum og menntamönnunum; þeim, sem vaxa upp. --

En svo ég minnist á ungdóminn, þá erum við Íslendingar ekki vel settir. Við verðum að senda unga menn til Hafnar, án þess að geta einu sinni vitað neitt um þá. Og þegar aumingja foreldrarnir eru að reyna að fá sannar fregnir af börnunum sínum, hafa þau sjaldnast öðru að mæta en lygum og yfirhylmingum.

Eiríkur bróðir minn sendi sinn eina son sinn hingað, og þegar hann svo fer að spyrja Einar Helgason um hann, þá skrökvar Einar því, að Eggert[3] sé duglegur að lesa. Hvernig á að fara að þessu, að foreldrarnir geti jafnan átt einhvern að hér í Khöfn, sem hafi eftirlit með sonum þeirra og sem segi þeim rétt og satt frá framferði þeirra. --

[1] *Ekki á háu menningarstigi?*

[2] *Helgi Jónsson (1867-1925) bróðir Bjarna frá Vogi. Helgi varð menntaskólakennari.*

[3] *Eggert Briem (1879-1939) varð bóndi í Viðey. Ég skrifaði um hann í Briemsætt: Eggert Briem í Viðey var glæsilegur á velli, gestrisinn og skemmtilegur maður, hugmyndaríkur og geislandi. Eggert kom víða við og var mjög skemmtilegur, a.m.k. er hann kom á heimili mitt. Lengi var sagt að hann hefði fundið Lögberg, en mig grunar að það hafi týnst aftur!*

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Kolding. 21.12.1899.

Á leið til London.

-- Nú er klukkan orðin 6. Ferðin hefur gengið ágætlega hingað. Ferðafólkið, sem jeg var með, var eiginlega ekki skemmtilegt, því að það steinþagði mestalla leiðina, svo að jeg sofnaði á leiðinni frá Odense til Strib (?) og svaf vært, þótt jeg sæti á trjebekk og hefði trévegg undir höfðinu. Mjer leið annars ágætlega. Þegar jeg var í gufubátnum frá Korsör, þá fóru menn að taka upp nestið og jeg líka og þá fann jeg nokkrar perur, sem konan hafði látið í vasann, og smökkuðust þær vel sem *desert*. Hjer er jeg á hóteli og heyrist valla mannsins mál fyrir *ravjósku*.[1] Nú eru kallarnir farnir að berja í borðið. Jeg hef hitt Óla.[2] Hann er mikið almennilegur og dálítið kátur. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. St. í Esbjerg. 22.11.1899.

-- Góðan daginn. Þegar jeg var að hátta í gærkveldi koma ekki lyklarnir uppúr vasa mínum. Jeg bið þig að forláta og sendi jeg þjer þá hið hraðasta. Jeg hitti Óla í Kolding, en athugaði ekki hvenær járnbrautarvagninn átti að fara og var nærri búinn að missa af toginu, sem þá hefði ekki gert neitt til, því að vagnarnir fara svo oft. Jeg vaknaði kl. 5, fór að hugsa til þín og gat svo ekki sofnað aptur, kveikti ljós og fór að lesa "*London guide*" og hafði mikið gott af því. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. St. í Esbjergs höfn. 22.11.1899.

-- Nú er kl. 5½ e.m. Skipið fer eptir hálfan klukkutíma. Jeg hef verið í Vante. Emil Claessen[3] tók ákaflega vel á móti mjer. Hafði middag og boðsgesti þegar jeg kom, með súpu, tungu og blómkáli, hararsteik og ísbudding og svo keyrði hann í skóginn með mjer. Svo lagði jeg af stað til Esbjerg, en bæði Emil og kona hans báðu mig mikið um að koma aptur til þeirra í bakaleiðinni. En nú verð jeg að senda póstinn í land. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. London. 27.11.1899.

-- It is now 6 o'clock afternoon. I came the day before yesterday and has also been here two days. I am satisfied to be here, but yesterday I was not. I could not understand a single word, what my tablefellows said to each other, and on my one hand there was a gentleman from Spain and on the other a french lady, who not said anything. I was very sad and thought I should go from here very soon.

The night before Sunday I slept not well, I was dreaming of you as sick. I worte to Zöllner in Friday, but I also did not get a letter from. I was so sad. But at noon yesterday I went to St Pauls church, which is so beautiful and the music is so admirable. I whished so much, that you were with me. One can not form an idea on the church and the music. The ministers have so admirable voice, so when I came from the church I was again been glad. I talked to the Frenchwoman, and she was very kind to me, I also spoked to two other gentlemen and they also was very kind. I could not understand them very well, but to the other of them I told I had an icelandic friend here in London, who was in a liberal club (it is Jón Stefánsson from Grundarfjörður), which I did not know where was here in London; then he told me that one of the guests in this house perhaps would know it, and told it to them. I told the gentleman whom I wished to find and he said to me, that he would certainly tell me it, after few days. It was an american gentleman, who spoke to me so slowly and so distinctly, that I could understand every word. We talked together a long time after dinner and it was very interesting. He is a son of an american general Mr. Gamble who is now dedd. I showed him your photographie and also the of our children and he said that was interesting to see people so far from here. This day I have been in the zoological garden, who is so large and the animals are so fine looking. The zool. garden in Copenhagen is as a little baby to compare with. When I came home, there was a letter from Mr. Zöllner with a check to a banker in Lombard Street. I have been there and have got my money. Then I went home to write to Mr. Zöllner and to you, my dear little wife. I will stay at home this evening. I can understand a very little, what the people here speake to each other. I think it will go better, it is only bad that I can not see you and speak to you. Here is an excellent board but my chamber is not good; I shall get another this evening. Will you give my compliments to my friend and especially to my sister Elin. Will you also be so kind to put the letter to Julius in an envelope. Send my kiss to our children and I wish that you shall be healthy and so I kiss you many many times my dear wife. You may excuse my English. I must write with haste. Your loving husband --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. London. 29.11.1899.

Now it is a long time since I wrote you and I can tell you that it seems to me, that the time is much longer than it really is. I am here so alone, that I nearly wish that I had never gone from you. The people in this house

[1] *Hreina jótlensku.*

[2] *Ólaf Gunnlaugsson Briem, bróðurson sinn.*

[3] *Líklega skyldur Valgard Claessen mági Páls.*

speake so little together, that I is almost angry. I think I should go away, but you know me, I will not chance, if I think I perhaps would come in a worse place. I think also, that when I will be a little better acquainted with the people, it will go better. You see that I am now a little sorry. I will not prosecute, it is much better that I stop. Perhaps I will soon get a letter from you. - Now I have walked in the streets and spoke with a polish man and two booksellers. The one could very well understand, what I spoke to him, but the other could not understand me well. There was a book of an Englishman Henderson who travelled in Iceland in the beginning of the century. He came to my grandfather and my grandmother (Gunnl. and Valg.) and speaks very well of them. I think I will buy the book for the library in Akureyri. I have been in the British Museum this day and saw the old bust of the Roman emperors, the Greek gods, the Asyrian and Egypt sculpture and so on. It was very interesting, but I was so tired that I think I was so sad this day on account of fatigue.

30. nov.

I have received your letter and I thank you very much. You can´t imagine you how glad I was when I got it, though it is so sad to hear, how Msr. Nielsen is. It is so sad to think how people can be only on account of money, but I am glad that you are a little firm wife. But your sickness! I wish that the adversity will not affect you to much and not detain your cure to much. As you can read I was so sad yesterday, but after that I had ceased to write to you, I came to play whist with two ladies, who live here in the house. We was speaking together the whole evening, so when I went to bed I was not so dissatisfied as I was the other part of the day. When I avakened this morning, there was so thick fog that you can not imagine you how it was. I could not see six feet. It was impossible to see the houses in the other side of the street. I got your letter and read it, took my breakfast and begun to write to you, but the ladies, who was playing the whist with me yesterday begun to speak with me and advised me to got to a church in the neighbourhood. I went there and took a seat with a old lady, who was like as the old Kristín frá Esjubergi but better dressed. She find the psalms in the prayerbook and walked with me out of the church. There she took a talk with me. I could very well understand she, and she was so very pleased with me that she walked with me home, she said she in fourty years had never seen so thick fog as this, and thought I would lost the way, which only was as long as from ... (Niðurlag vantar.)

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. London. 2.12.1899

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir síðast. Jeg hef verið hjer í viku og er nú farinn að geta spjallað dálítið við Englendingana. Það var afarerfitt að skilja fólk hjer fyrst. Margt þykir mjer merkilegt hjer, eins og jeg síðar skal segja þjer, og þar á meðal þokan, sem er verri, margfalt myrkari en svartasta náttmyrkur, þótt sje um hádaginn. En annars ætla jeg ekki að skrifa þjer af neinu hjer, heldur kvabba á þjer og biðja þig að útvega mjer, ef þú getur adressu dr. Jóns Stefánssonar.[1] Ef þú þekkir bræður hans, þá hripaðu þeim línu og biddu annan hvorn þeirra að senda mjer hana í ófrankeruðu brjefi. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 2.12.1899.

Segir frá leikhúsi á Ak. Elín áformar að sigla til Noregs og stofna svo kvennaskóla. Hún fór að Hálsi. Var hrifin af myndarskapnum á heimilinu. Var það með öðru móti en hjá Sigríði systur þeirra í Borgarnesi. Matthías mun ætla að segja lausu embætti á Ak. Talið að Jónas á Hrafnagili taki við. Þó fellur ekki öllum það því hann tónar ekki. Einnig er rætt um séra Zóphanias[2] í Viðvík, séra Bjarna[3] á Hvanneyri og þann mikla söngmann séra Geir Sæmundsson.[4]

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. London. 3.12.1899.

-- This day is Sunday. The weather is very tedious; it is foggy and the gaslights have been burning the whole day. It is though not as dark as last Firday. One can see through the streets. I have been in St. Pauls church to day and sat close to the pulpit, so I could understand the sermon. The church and music is very admirable, so I think when I come back to Akureyri I will find the service there very good.

Klemens wrote to me that many priests had written to people in Akureyri for asking if it were possible, that they might be chosen there, and added that he thought Laxdal would probably have much to do before the election. Will you be so kind to send me 6 visiting cards in your next letter. - I shall now say you how I have spent the day. I awakened at six o'clock but did not get up but lay halfsleeping to ten minutes to eight, then I got up .. my linen was washed very well - but is was very dear - so I changed my undergarments and linen, washed me and so on. Then I ordered my letters and went to breakfast, which consisted in bacon and two poached eggs and plenty of whitebread, gingerbread and butter together with the excellent tea. So I went to

[1] *Dr. Jón Stefánsson (1862-1952) frá Grund í Grundarfirði. Starfaði lengst í British Museum. Víðförull fræðimaður. Flutti aldraður til Íslands.*

[2] *Séra Zóphónías Halldórsson (1845-1908) í Viðvík. Prófastur í Skagafjarðarprófastsdæmi.*

[3] *Séra Bjarni Þorsteinsson, tónskáld, á Siglufirði.*

[4] *Séra Geir Sæmundsson (1867-1927) fékk embættið og varð síðar vígslubiskup.*

church and when I walked back again I could help one, who asked me where a street was. I came home at one o´clock. I listened to the peoples speak till the bell at two o'clock called to dinner. At dinner we eat sup; roastbeef, cake of pudding, cheese, butter and white bread and at last excellent ananas. Then I read newspapers and so began to write to you.

5. When I last time ceased to write to you, one of my housefellows asked me to walk, and so I took afternoon tea with gingerbread, whitebread and cake. Then I went to a church which is called City Temple and heard a Dr. Parker, who is a very fashionable preacher. I could understand much of his sermon. It was very interseting and the music was so excellent. It was a little similar to go to a theatre. Yesterday I was going to the high Court Palace and heard a barrister speak but could not understand him, so I was a little sad. But it was very funny to see the court, as I will later tell you, so I went to British Museum and in the afternoon to my taylor, but he had my coat readdy. He was very kind and lent my a book about the London government, which I like very well. Now I will again go to the court and try if I not can understand a little better. --

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 3.12.1899.

Hefur áhggjur af heilsu Halldórs og mataræði og gefur ráð um betri fæðu. einnig lækningaráð. Ræðir um húsnæðið en leiga er óviss. Leiðir rök að því að þau búi saman hjónin S.B. og H.E.B.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 4.12.1899.

Segir frá Sidda, veikindum Ingibjargar.[1] *Segir einnig fréttir af Vilhjálmi bróður Halldórs og Steinunni, sem eru í Khöfn; Vilhjálmur bróðir þeirra til lækninga. Hún starfar við saumaskap og stundar nám. Margar fréttir úr fjölskyldunni. Einnig frá barónínum sem kenndur er við Hvítárvelli en hefur verið veikur fimm mán. en virðist á batavegi.*

Páll E. Briem skrifar til Álfheiði Briem. London. 6.12.1899

-- When I wrote to you in the beginning of this month I thought that I was understanding people's speaking, but I did'nt. I can only understand, when people is speaking distinctly. I have now been in the court of Justice but I can only understand a very little, but it is nevertheless very interesting, and it seems to me that the law is very good. But it is so funny, to see the judge and the lawyers with peruke and in mantle (með prestaspöðum). There was also 12 jurymen, witnesses and so on. I have been there twice and could understand a litter better at last. I will go there the next days. - Since I wrote to you, there has been very wet, so I have bought an umbrella for 10 sh 6 d. I was very glad for it, because it was a very good one but this day it came in a hollow and the silk was teared. When I come home I will beg you to sew it for me. I have been twice at my tailor and have tried on my suit, but he is a very strong socialist. He has made a very quear picture, which he gave me, which shall show, how the rich people subdue the poor man. He has been very kind to me, told me many things and offered to help me. - He and the old lady, whom I met in the church has been the kindest against me.

They who think of another things than themselves are best. The christian and socialist are the best I have met here, but the people here, in this house, pass by me, as I was a little dog. They know that I am a stranger, but they take not a very little notice to me, and offer not to help me; they are shopmen I think. - I will not more go with the family, who was kind to me, bacause the man is always drinking and that is so tedious. Now I will stop and go to bed and dream about you, my dear wife, good night sleep well.

7.12. 5 o'clock.

I have just now accepted your blessed letter from 4. of Dec. and I thank you so very much. I am very pleased, that you have got the money from Vídalin, and that you have sent our children christmas presents and that you do well, where you live. Can you remember how I disliked Msr. Nielsen. I have never had to do with such a one. It was very good that she did'nt trouble you, when you went from her house. O my dear wife. There is fallen a heavy stone from my heart now after I have received your letter. When you wrote your letter 27 Nov. you had not taken "Bestimmelse" about your lodging, so I might send the letter to your aunt. I was afraid, that Mrs. Nielsen perhaps would take the letter and not give it to you. I have been in the law court today and did'nt underestand unless a very little. I am very stupid. I have also been in the church and heard Dr. Parker, whom I could understand much better. He speaks very well, but he is playing in the pulpit and think: the people in the church clapped once. That I did'nt like. The worst for me is the understanding. If I only could understand then I could speak with the people. They have so different pronounciation. I was this day at a bookseller, who said: ná, wher we say: nó. - There has been rain this day also. I think it is more wholsome than the fog and smoke, but it is more tedious.

I am very glad that sjera Skúlí has sold my part in Árbæjarhjáleiga for 400 kr. I send him a letter and ask you

[1] *Ingibjörg Claessen, síðar Þorlaksson. Hafði verið með berkla.*

to put it in an envelop and send it to him.

I wish you were well and that you will be well, my dear wife. Give my compliments to Finnur, Gísli, Vilhjálmur, Steinunn (?) and other friends. God bles you. --

You should have read Skuli's letter. He send you many compliments.

Mjer þætti mikið vænt um, ef þú vildi reyna að fá upplýsingar hvort Egill fer í janúar eða við þurfum að flækjast til Noregs. Afgreiðslumaður er í Havnegade 29 eða 31 að mig minnir. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. London. 10.12.1899.

-- It is Sunday now (4 o'clock) and I will talk a little with you. I have been in the City Temple and heard Dr. Parker; his sermon was very good and I could understand the most of it, so I am very glad for it. But people speak so different. He said moððer, but in Palace of Justice the lawyer said möððer. The people here in London have so queer pronounciation, that I never will understand them. The principal street here is Holborn, that they call obörn. I was yesterday in the lawcourt and heard a hearing of witnesses about the marriage I have written to you about, but could not understand the whole, only the meaning. In the afternoon I went to the National Gallery in Trafalgar Square, which is very magnificen and interesting, thence I went to London Bridge, which is newly built. Thence I went to the Guildhall library to look in books respecting to the London schools, where are more than a half million children. In 1870 ther was no money given to the schools, but now 40-50 millj. krowns or 2-3 millj. pounds. But I think I have told it in the letter to my brother in law sjera Skúli. - When I came from the library it was nearly seven o'clock. I went to a shaver and so to dinner. In the evening I was in the drawing room. A lady, who is I think fifty years old, was so kind to play with me casin (kasínu) and after the people was gone to bed she told me, that an old man, who lives here in this boardinghouse, had for a long time played with her every evening, but the last week he had not spoken one word with her. She was not glad for it. I can see here some of unmarried ladies, but I have pity with them, they are so alone and it seems to me that all things tire them. In this street and many others all houses are boardinghouses and there lives young men and ladies, who I think only think about themselves, who never go to churches and have their little trifles and so on. Some of them are married. Here is a lady with her daughter. I like her very well and I think she is the best educated who lives in this house. She speaks a little to me and always ladylike. You see that I speak a little with the ladies but nothing to the gentlemen unless the baby's father, which was so often drinking. He was this day playing in a mandolin, which is a very good instrument. My bedroom is now a little cold so I have taken my overcoat and put it on my bed while sleeping like my brother Halldór.

After this sunday I have only to live here one sunday, which does me very glad. It is very interesting to be here, but I think it is more after I come home. I am a little homesick and think so very often about you and our children. God (be) by my dear wife, sleep well and be healthy very quickly. God bless you.-- Excuse me for the letter.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. London. 12.12.1899.

-- Allra bestu þakkir fyrir þitt elskulega brjef frá 9. þ.m. og svo blöðin af Stefni.

Mjer þætti auðvitað mjög gaman að sjá ritdóminn um Lögfræðing. En það er einkennilegt þolleysi manna. Fyrst þegar hann kom út, þá ginu menn við honum. Fyrsti árgangur nærri útseldur. Öðrum árgangi seldist miklu minna af og af þriðja árgangi langtum minna og þó finnst mjer að ritgjörðirnar þar snerti mjög daglega lífið á Íslandi: Hreppsnefndir, leiguliða, ágang o.sv.frv. þú minnist á að jeg skuli taka í taumana, en hvernig á að fara með fólkið. Það er heldur siðgæðislítið (sbr. þingið, svik í viðskiptum, vitnisburði, trúleysi o.sv.frv.), menntunarlítið, pólitískt og með mikið sjálfsálit, og þó að sjálfsálitið sje í rauninni gott, eða beri vott um nokkurn andlegan kraft, þá er samt illt að fást við það. Jeg segi þjer alveg satt, fólkið er eins og ótemja og ótemjur eru alltaf til staðar. Það vill ekki ganga þá leið, sem á að leiða það, og svo bætist við þetta að það vill ekki áfram. Það er í rauninni ákaflega konservatívt.

Þegar við undanskiljum stjórnarskrármálið, þá held jeg að þú getir eigi nefnt mjer eitt einasta mál, þar sem fólkið hefur viljað breyta neinu verulegu. Menn tala um slíkt og láta stundum mikið og það má narra fólkið til hins og þessa, sem það hefur ekkert vit á; þannig gat Eggert Gunnarsson haft mikið fje út úr fólkinu, en það hefur eigi tapast meðal fólkisins neinn ærlegur maður, sem hefur getað haft það með sjer, en nóg er til af fólki líku Eggerti, sem hefur fengið fólkið með sjer og það verri en Eggert að þetta fólk hefur ekki sjálft verið blindað. Það er þungt að þurfa að segja þetta, en jeg held að það sje samt alveg satt. En við skulum tala um þetta nánar áður en jeg fer heim og sjerstaklega, hvort það muni vera til nokkurs fyrir mig að blanda mjer í pólitíkina aftur, því að jeg vil ekki blanda mjer í hana nema því aðeins að jeg geti einhverju áorkað. Sjerstaklega þarf jeg að ræða við þig um stjórnarskrármálið og sleppi því.

Jeg þakka þjer hjartanlega fyrir boðið á jólakvöldið. Hvergi vil jeg fremur vera og hef jeg beðið konu mína að skrifa þjer línu um þetta. Jeg kem til Hafnar vonandi 23. þ.m. Brjefið frá Klemens fjekk jeg með skilum og

annað til.

Jeg hef lært hjer mikið síðan jeg kom, sjerstaklega viðvíkjandi kviðdómum og vitnaleiðslum, sem jeg felli mig mjög vel við. Ennfremur hef jeg aflað mjer upplýsinga um skólamál (barnaskóla), sem jeg hefði hvergi getað fengið annars staðar en hjer.

Í raun og veru hefur mjer vegna veikinda konu minnar þótt illt að þurfa að vera fjarverandi, en eftir á mun jeg búa að þessari veru minni hjer meðan jeg lifi. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. London. 13.12.1899.

-- The days pass and the time is being shorter and shorter til I shall go from here. I am glad for it, very glad to come back. I had a card from my friend Finnur, where he tells me that he can not get the adress to Jón Stefánsson. His brothers do not know where he is living. It was tedious as I intended to ask him to help me to come to the British Museum - Reading room. Give my compliments to Finnur and tell him I have got his postcard. - It is cold today. Just now there come a lady living here, shivering: "It is dreadful" she says. It is cold here in the drawing room, where I am writing to you. - I have got my clothes this day. I don't understand, if they are well made but I think so and the stuff is good. -

I have been this day in the lawcourt and heard hearing of witnesses. I could understand it but it is very difficult for me to understand, when people are speaking. I think I am very stupid. Just now came the well educated lady in the room and we spoke a little together. I can very well understand her, but the shivering lady I can' well understand. I will stop now. I am so very stupid now.

14. Dec. My dear wife! I thank you so very much for your letter from the 12.th. I was very glad when I got it. You must not believe that I am always sad here, but I am sometimes a little homesick. It is tedious, that I can't very well understand the people. It is the worst, if I only could understand, then I would always be speaking. I was also very often thinking about your sickness and trouble with Msr. Nielsen. Now it is only 8 days til I shall go hence. I was in the lawcourt this day (and) in the City Temple and heard Dr. Parker. The people laughed and clapped, what I could not like. I have been told, that the people don't do it in other churches, so it is an exception here in England. Thence I was in the School Board office, where are so many rooms that I almost could not find the way, and after that in the Educational Department. I got the code for the schools and reports about them, which I will study before I leave London. You shall have it as you will repecting to the visit in Ringsted. I think I will come to Copenhagen the 23d and so can we go to Ringsted the 24, but I must ask you to write to Finnur. We can also go from Copenhagen the 25 in the morning 2.40 o'clock. If we are in Ringsted christmas eve, I think Stahlfest Möller will give us presents which I don't like. But I am glad whatever you do. It is tedious to get up very early christmasday. The 24 we should go with the train 12 o'clock, then we come to Ringsted 1.10 o'clock, so the journey only takes an hour and 10 min.

I am very glad for you going to parties. I can't tell you how glad I am for it. It is very tedious I have no stamp and I can get none before tomorrow. It is very much frost now. In the newspapers they tell it is more than in the last three years. Here is come a lady, who has spoken much to me at dinner. I am glad for it. She speakst very distinctedly.

15. dec. Good morning! I hope you have slept well, my dear wife. I myself have slept very well. It is still frost, but the sky is not clear, since I left you and came here to London. I have never seen the sun as she is. When it is not fog, it is smoke in the air. Good by my dear! --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. London. 17.12.1899.

--It is sunday afternoon. I was in the church and after I came back, I have been reading, listening and talking. Since I write you last I have been in the lawcourt, both in the high court and the criminal court. There was a case aginst three thives, Two of them defended themselves and made a speech very fluently. It was a little funny to hear the beginning - one of the thieves was ragged and the other like Þorleifur Jóelsson, when he is dirty, - the byginning was: "Mylords and gentlemen! --" As the thieves said this words, they made a bow first to the justice and then to the jurymen. I have also been in the National Portrait Gallery, where I could see so many, many great men, and yesterday I was in Kensington Museum. It is very large; there was the first locomotive and many things. If I could remember it all I could be talking about it every day for a long time.

Since I wrote you last, there has come a family, who has travelled in Germany and France. I have talked with the mother, she is widow. I have talked a little more, since I wrote you than before. The landlady has been so kind to promise me to get a ticket to me for admission to the library in British Museum. I am very glad for it. I am now much more pleased with my stay here than in the beginning. I can not understand as well as I thought I would be able, but I can understand much better than before. If I only can remember the words, I can speak, and it is queer to say, that I think I would speak better, if I learn the pronounciation after the dictionary than with the hearing of people's speaking. The street where the criminal court is sitting is called Old Bailey. They,

who was talking about it to me, said Old Bæli, I said also so to the lady, who has travelled, but she said imediatly: Old Beili, which is the right pronounciation.

As you can think I have learned much, since I came here, so I am glad for my staying here, but you can scarcely imagine you, how glad I am to go hence. It is now only three days (M. T. W. day) until I shall start. I will start the next thursday and I think I will come to Copenhagen the 23. this month, 15 minutes to nine in the evening. I shall telegraph to you from Kolding. Will you be so kind to write to me few words the 21. to: Esbjerg, poste restante. Then I can get it when I come there. I shall, I think buy the cheap gown to you, but I am a little afraid that it will not fit you. Now I will stop and go to dinner and put this letter in the postbox. -- I wish you all pleasant things, health, welfare and prosperity. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. London. 18.12.1899.

-- I thank you very much for your lovely letter from the 16th, which I got this morning and also for the stamps. They was quite sufficient. I gave some of them to the well educated lady and some to an elderly spinster who is a little queer and a little weary of the life. - After dinner at 7 o'clock I have been in my bedroom. I wished to write to you, but Finnur sended my some newspapers Isafold and Fjallkonan, where are talked about Lögfræðingur. The newspapers tell that Lfr. is not popular written. This stupidity has disterbed me, so I have not could written the letter. I wish Finnur had not sended me the newspapers, but I think it is though best, I must write about this matter. The people does not understand what it is talking about. The people must learn, what is popular and what the meaning is. But wherefore am I thinking about this matter? Wherefor shall the talk in the newspapers disturb me? I wish it did not, but I cannot help it. The medicine is to write about, but now I have not opportunity to spend my time upon it. I know my disturbance comes of my duty to inform the people. I can do it and therefore I must do it. I wish I could know, what you will think about this, when you are reading my letter. Another would think, that I was being mad. - My dear wife I would wish you were here now or I was come to you.

I have bought a gown to you. I could not get any for 4 sh. The cheapest was 5½ shilling, an though the were much worse than Msr. Nordmanns. The gown is red and dark. The others was not nice as I shall tell you when I come to you. I was in three shops.

You tell me that you perhaps will go next Saturday to Ringsted. If you do so, then I will go from here to Ringsted also and come there Saturday evening. I hope you will write it to me before I go hence. But if you go the saturday, then you must take second class, the third is so overcrowded that you perhaps kan't com in the third. It was strange that Lili would ask you to dine with her, she perhaps does repent her conduct against you, but I think she is still extravagant.

I have been this afternoon in the British Museum and I am very satisfied with it. I think it is the largest library in the world; you can not imagine you how the readingrooms is magnificent. It is so large, that I think Jón Stefánsson perhaps has been there, but I could not find or see him. The readingroom is round and 140 feet in diameter, 16 feet high. The catalogue is constituting of more than two thousand volumes. It is not easy to find the right catalogue and the books one will have. It is now late. I wish you will sleep well my dear wife. I will go to bed, the clock is now twelve. I am sleepy and wish I could fall in sleep immediately. God by to you my darling.

19. Dec. Good morning. It is late. I fell late in sleep and awoke late. I have taken my breakfast. It is ten o'clock and I am going to British Museum. If you go Saturday then you must take my black clothes with you. God by my dear wife. My linen is sufficient. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. London. 20.12.1899.

- I thank you very much for your dear letter from 18. which I have received just now. It was very tedious that I wrote you not, when I would come, but before I started I was talking about that I would not buy the ticket in Copenhagen because I then could not be as long time in England. Therefore I bought the ticket on board. As you can see in Nationatidende the steamer goes only from England Monday Thursday and Saturday, so I had only to start hence yesterday and then I would have come to day to Copenhagen or to morrow. It was very tedious that I should not speak plainly about it. I have done you sad my dear wife. I think it is best that you go from Copenhagen to Ringsted on Saturday at 12 o'clock and I come there in the evening. My linen is very good and also my nærföt. You can fetch my on the station i Ringsted. I think it is only a little distance from the house to the station. But ask Gísli, to help you to start and come to the railwaystation in Copenhagen not to late. You telegraphe to Stahlfest-Möller before you go. I shall telegraph from Esbjerg to you I think Saturday morning. Will you be so kind to taka Lögfræðingur with you. I think it is in a printed paper and that there are I-III. I think it will interest St. M. to get it. He can read Icelandic a little.

I have now been two days in the British Museum, but I think Jón Stefánsson has not been there. - I think you have told Finnur we can not be with him christmas eve. The last days has been the best days here, because I

have been in the British Museum. -- The steamer will leave England at 10 o'clock and will come to Esbjerg after 25-29 hours, I think. --

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 22.12.1899.

Halldór er hjá henni glaður og hress. Virðist Susie ætla að flytja norður síðar, mega þau hafa húsnæðið þangað til og ráða því er þau vilja. Ræðir leigjendur. Segist fara til Noregs og koma aftur til Ak. --

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Seyðisfirði 26. des. 1899.

Er á leið til útlanda, hitti marga á Seyðisf. og bý hjá Wathne. Þykir gott að H.E.B. er hjá börnum Páls því henni þótti fyrir því að skilja við þau áður en móðir þeirra kom heim úr siglingunni, en gat ekki hætt við. Vonar að hún geti fengið gott starf þegar hún kemur aftur. Biður HB að fara vel með sig og byrja nýtt líf. Leggur áhreslu á mataræðið.

--Matur er mannsins megin. --

1900

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 1.1.1900.

Fjallar eins og í fyrra bréfi um kola og olíuskort sem sé ekki til vegsauka fyrir kaupmenn. Er H.E.B. kom til Ak. fyrir jól var Elín að undirbúa Noregsferð. Fóru þau saman um bæinn til að kveðja vini. Svo fór skipið eftir töf. --

Elín vill að þau taki hús hennar um ótiltekinn tíma. Þá geta þau flutt inn um miðjan maí. Húsið er reyndar nokkuð frá öðrum húsum. Elín virtist einmana. HB var hjá séra Matth. á aðfangadagskv.

Jóhanna sem sér um húsið vonar að Álfheiður komi aftur í þessum mánuði. Sér um hús og börn, ásamt telpu. Júlíus Sigurðsson er á skrifstofunnni.

Segir frá leiksýningum. Sjúkleiki Stefáns tók sig upp fyrir jól. Honum batnaði og gat komið til Ak. eftir jól. Matthías hefur sagt upp starfi, en býst við að verða settur til júní.

Segir frá eldi sem kviknaði í skólahúsinu en tókst að slökkva.

Þórhildur Tómasdóttir skrifar Elínu E. Briem.[1] Rvík. 3.1.1900.

-- fékk bréf frá Álfheiði skrifað 15.-16. des og lætur hún vel af heilsu sinni, handleggurinn í góðri framför, þó ekki þyldi hún að skrifa hvíldarlaust, meðfram líka til að hlýða lækninum. --

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Stavanger. 6.1.1900.

Hafði góða ferð. Er á leið til Kristianssand. Reiðir sig á SB v. umsýslu hússins. í Rvk. Býst við að verða í Noregi fram á sumar. Í Kristjaníu ætlar hún að taka tíma í næringar- og kennslufræði, sem er nauðsynlegt ef hún ætlar að vinna fyrir sér og framkvæmt það sem hún óskar, standa fyrir skóla og skrifa matreiðslubók. Býst við að verða hjá Páli á Ak. næsta vetur, eða í Rvík. Sækir um styrk til Claessenska Fideicommissionen.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 29.1.1900.

Ræðir jólahald fjölskyldunnar í Rvík og um hús Elínar og flutning. Misskilningur milli þeirra því S.B. virðist halda að hún flytji norður. Þetta þurfi þau að tala um er hann kemur suður. Ef flutt er inn til Elínar verður húsnæðið betra og meira. (3 herb.).

Ekki kom Álfh. (og Páll). Kannski er von á þeim í mars.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 29.1.1900.

Spyr um lifanaðarhætti hans og hvort einhver breyting sé á orðin. Elín farin aftur til útlanda. Segir frá erindi sem hún hafði við Þórhildi Tómasdóttur tengdamóður Páls. Hún var hissa á að Elín skyldi sigla áður en Páll og Álfheiður kæmu aftur, hvað þá heldur er heimkoma þeirra dregst fram í mars. Álfheiður er skárri til heilsu. Kristinn sonur Páls dvaldi hjá ömmu sinni og afa á Suðurnesjum.

Umræðuefnið um þessar mundir er hvort hún eigi að flytja sig norður.

Páll E. Briem skrifar Álfheiðar Briem. Berlín. 3.2. 1900.

-- Nú er kl. 7½ að morgni. Jeg skrifa þjer við *elsktríska* ljós. Herbergið er kalt, en jeg bað um eld í ofninn og nú þýtur ákaflega í honum. Þú sjerð því að jeg hef það bærilegt. Jeg kom hingað í gærkveldi og svo er maður orðinn leikinn í þessum ferðum að jeg fór strax í lögregluþjón og spurði hann um veginn hingað. Hann vísaði mjer á *omnibus*.[2] Ferðin kostaði 20 aura hingað og hjer fæ ég eitt herbergi með ágætu rúmi, sófa, stól, servanti, kommóðu með loftháum spegli, tveimur borðum og *elektrísku ljósi* fyrir 2 mörk (1,80) á dag. Jeg held að mjög góður morgunverður kosti 67½ eyri.

Eptir að jeg skildi við þig fór jeg suður allt Sjáland yfir (Gullborgar?)sund; í sama vagninum og suður Láland. Þar fór maður í skip; það var illt í sjóinn. Jeg var svo galinn að fá mjer kaffi og kastaði jeg því upp, svo fór jeg að sofa og svaf, þangað til við komum til Warnemünde á Þýskalandi, þá var kl. um 4. Svo fór jeg í vagn, sem fór á 4½ klukkutímum til Berlínar, og svo sótti jeg lögregluþjóninn eins og jeg hef áður nefnt.

Þegar jeg fór í vagninn í Warnemünde var þar fyrir skeggjaður maður og vorum við ekki lengi að kynnast; það

[1] *Elín hafði verið bústýra Páls og Álfheiðar á Ak. meðan þau voru erlendis.*

[2] *Strætisvagn.*

var allra besti samferðamaður. Hann er málari og hefur málað mikið á Friðriksborg Slot. Nú hefur hann fengið styrk af Larsens sjóði og og fer um Þýskaland og Ítalíu og Svissland til þess að skoða málverkasöfn. Jeg spurði hann um *Vilh. Hansen*, sem er giptur *Jóhönnu* frænku minni. Hann sagði að hann væri mjög kunnur maður, sem ætti hús í Amaliegade 3 og væri kallaður *Schröders Efterf*. Mjer þótti bara vænt um að heyra þetta og held jeg að jeg verði ekki lengi að finna þau, þegar jeg kem til baka.

Þegar jeg var í Rostock, sem er skammt frá Warnemünde kom upp í vagninn kaupmaður sem verslar með hesta og kýr, hann var allra besti kall og spjallaði heilmikið við okkur. Jeg er miklu betri í þýskunni heldur en samferðamaðurinn danski, svo að mjer finnst jeg komast vel áfram, en jeg blanda allt af ensku inn í, svo að þjónninn hjer fór að tala við mig ensku og þá var svo sem ekki komið að tómum kofanum.

Jeg gekk út í gærkveldi upp eptir Friedrichs Strasse og upp í Unter den Linden. Það eru fögur stræti og þar kom jeg auga á afarstórt hús kunningja okkar Mey & Edlich.

Heilsaðu Finni, ef þú sjerð hann og Gísla og fólkinu heima. Það er kalt hjer í Berlín og snjór yfir öllu eins og heima. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Berlín. 5.2. 1900.

-- Eptir að ég sendi brjefið til þín á laugardagsmorguninn, fór jeg með Petersen, málara frá Holbæk, að skoða bæinn. Við fórum upp í hina nafnfrægu götu"*Unter den Linden*" og skimuðum í allar áttir, kom þá til okkar vel búinn maður, sem fór að spjalla við okkur og sagðist sjá að við værum ókunnugir; hann fór svo að benda okkur á helstu byggingarnar í götunni og gekk með okkur. Við Petersen skildum lítið hvað piltur sagðist vera, en hann heilsaði upp á lögregluþjónana, sem heilsuðu aptur, svo að við vorum ánægðir yfir því að hafa þennan kurteysa mann með okkur. Við gengum svo tímakorn með honum og buðum honum bjór með, en svo sögðumst við ætla heim á hotellið, en þá sagði hann: "*Þá er best þið borgið mjer. Það er 1 Mark um klukkutímann*". Við vorum ekki alveg á því, en hann sagðist vera leiðsögumaður ókunnugra og hafa sagt okkur þetta, svo við slettum þessu í hann sem hann sagðist eiga að fá. En svona er hægt að fara með mann, þó að maður ætti að sjá við öllum brögðum. Petersen og jeg fórum svo í skemmtihús, þar sem voru "*klownar*" og línudansarar o.s.frv. Það þótti mér ekki mikið varið í.

Á sunnudagsmorguninn fór Petersen til Dresden, en jeg varð eptir. Jeg fór svo í gær í þrjár kirkjur og heyrði ræður, sem jeg skildi vel. Seinast var jeg í kirkju við Jerusalemshátíð, en þar var mest lofdýrð yfir Þjóðverjum og áskoranir um að gefa til kristniboðs í Gyðingaland. "*Vor evangeliska trú er nú*", sagði prestur "*frá hinu fjarlæga Íslandi allt til Gyðingalands*". Mest þótti mjer varið í að vera í kirkjum um miðjan daginn. Jeg kom þangað í von um að þar yrði messað, en jeg lenti þar fyrst í hjónavígslu og svo við barnsskírn. Presturinn talaði makalaust falleg orð yfir brúðhjónunum og við skírnina hjelt hann líka ræðu mjög fallega. Barnið horfði ýmist á prestinn eða á karlmann, sem hjelt því undir skírn, meðan prestur var að skíra það. --

Í dag hef jeg verið í bókasafninu, en enga fjekk jeg bókina og svo í tveimur dómhúsum. Jeg skildi næsta lítið af því sem þar fór fram.

Nú í kveld ætla jeg á pólitískan fund, sem byrjar kl. 8. Jeg býst við að jeg skilji þar harla lítið. Menn bera fram nokkuð öðru vísi, en jeg hef heyrt áður, sjerstaklega hafa menn mikið af blísturhljóðum og segja margir t.a.m. *Könitz* í staðinn fyrir *König*. Fólkið hjer er mjög líkt fólki á Íslandi. Mjer þykir það líkara, en danska bændafólkið er Íslendingum, og Kaupmannahafnarfólkið hefur líka annan blæ. Fólk hjer er nærri því eins ljóst og heima, nema hvað hjer vantar þetta alhvíta fólk, sem er sumstaðar heima. Annars er hjer dæmalaus keisaradýrkun. Alls staðar eru myndirnar af Vilhjálmi keisara á öllum veitingahúsum, í gluggum og hvar sem maður lítur. Til minningar um þessa keisaradýrkun keypti jeg í dag litmynd af Vilhj. keisara með konu og börnum fyrir 18 aura. --

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Berlín. 5.2.1900.

-- Jeg gat ekki kvatt þig um daginn. Það var sá ólukkans troðningur í Íslendingafjelagi, sem mjer sannast að segja þykir vera leiðinlegt og stíft. Hvaða meining er það, að bláfátækir stúdentar eru að sperrast við að vera í kjólum og dömur að koma í alhvítum *ditto*? Mont og hjegómaskapur ríður ekki við einteyming. Það er alveg eins og konurnar á Akureyri höfðu fjelagið og svo átti ein að gefa kaffi í hvert sinn, en þá var farið að sperrast með kökusortirnar, svo að það ætlaði allt að kafna í kökum. Svo gat sá fjelagsskapur eigi þrifist. En ekki ætlaði jeg að tala um þetta.

Jeg fór hingað á föstudaginn og gekk ferðin hið besta. Veðrið var kalt og um kvöldið var talsvert frost. Jeg fór hingað með sporvagni fyrir 25 aura. Jeg hef hjer mikið gott herbergi með sófa og öðrum þægindum fyrir 2 mörk á dag. Hita borga jeg sjerstaklega 50 pf.

Á laugardaginn var jeg í söfnum, á sunnudaginn (gær í kirkjum) og í dag í bókasöfnum og í dómhúsum. Best líkaði mjer að vera í kirkjunum, því að þar skildi jeg nærri allt. Sjerstaklega þótti mjer vænt um að vera við hjónavígslu og barnsskírn. Ræðurnar sem presturinn hjelt voru sjerlega góðar. Siðirnir eru nokkuð öðru vísi en

heima. Karlmaður hjelt barninu undir skírn og presturinn hjelt reglulega ræðu.

Verst þótti mjer að vera í bókasafninu, því að þar gat jeg ekki fengið neina bók. Veit jeg varla hvort það svarar kostnaði fyrir mig að reyna til þess að komast á bókasafnið.

Jeg ætla að fara á pólitískan fund í kvöld, þó að jeg búist við litlum skilningi. --

Vilhjálmur E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Khöfn. 6.2.1900.

-- Bræður mínir álíta það eitt vit fyrir mig að sækja um brauð með vorinu, en mér líst annað. Ég held þeir geri sér ekki góða grein fyrir þeim erfiðleikum sem það er bundið að reisa bú af skuldafé og þurfa að lifa af því að mestu leyti. -- Þessvegna ætla ég að vistast hjá Halldóri Þórðarsyni bókbindara til þess að reka fyrir hann bókaverslun sem hann ætlar að stofna. Til þess svo að geta haft viðskipti við einhverja bókaverslun í Englandi ætla ég að læra ensku og því fer ég bráðlega yfir á England. --

Steinunn -- hefur verið á saumaverkstæði og tekið inn peninga jafnframt því sem hún hefur lært kjólasaum. Þetta þykir ekki fínt, en maður lætur sér nægja ef það vekur ekki hneyksli.

Páll er núna suður í Þýskalandi og kemur um miðjan mánuðinn til baka. Álfheiði hitti ég í gær, hún var þá lasin í rúminu; hún er orðin ákaflega óþolinmóð yfir því að komast ekki heim til barnanna sinna og telur dagana þangað til 1. mars að hún fær skipsferð. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Berlín. 9.2.1900.

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir brjefið þitt, en mikið þótti mjer leiðinlegt, að heyra, hvað þú hefur verið veik. Jeg vona að þú sjert nú samt orðin frísk, fyrst þjer var farið að batna, þegar þú skrifaðir mjer. Jeg þakka þjer fyrir kveðjuna frá Vilhjálmi, það var leiðinlegt að hann skyldi ekki hitta mig, því að jeg hefði getað gefið honum ýms góð ráð, ef hann hefði vilja nota þau. Jeg hafði búist við mikilli ánægju af samveru við hann, en því miður hefur það verið lítið um ánægjuna. Það er undarlegt að hugsa sjer, hversu fjarlægðin milli systkina er mikil, en hvað Vilhjálm snertir, þá kenni jeg Steinunni um það ekki lítið. En sleppum þessu.

Síðan jeg skrifaði þjer, hefur margt á dagana drifið. Jeg hef haft nóg að gjöra. Á daginn hef jeg verið í söfnum í dómhúsi og á ríkisþingi Prússa og á kveldin á samkomum og í gærkveldi á konunglega leikhúsinu. Jeg vildi ekki fara svo úr Berlin að jeg væri ekki í leikhúsi og valdi þá til þess kgl. leikhúsið. En þar þótti mjer verst að vera. Leikendurnir töluðu berlínska- og bændamállýsku sem jeg skildi hjer um bil ekkert af. Jeg tók næst lakasta sæti í Gallerinu og þó kostaði það 2 mörk. En mjer líkaði þar eitt vel og það var að sjóurum er fyrirboðið að stíga sínum fæti inn í leikhúsið og eru settir tveir lögregluþjónar til að passa upp á það, meðan billettin eru seld. Jeg glæptist á að fara á þetta stykki, af því að það var eptir þýskt skáld, sem nú þykir vera eitthvert skáld, en þetta stykki var ekkert annað en smjaður, liggur mjer við að segja, fyrir keisaraforfeðrum.

Hin kveldin hef jeg verið á fundum frjálslynda flokksins, socialista, og var þar mikið rætt um pólitík. Jeg skildi þar hvert orð og þótti því mikið gaman að vera þar, svo var jeg á fundi kristilegra ungra manna. Jeg heyrði þar fróðlegan fyrirlestur, sem jeg líka skildi alveg. En mjög fátt var þar af karlmönnum. Mestur hlutinn var kvenfólk, fremur ófrítt, - Jeg hef verið í þrjá daga að ná í sæti í ríkisdeginum, en ekki tekist. Enda eru sætin færri en áheyrendasætin í Alþingissalnum og þó kostaði hún (þinghöllin) 22 milljónir króna og var fullgerð fyrir 6 árum. Mjer finnst þetta benda á hvað lítið er tekið til almennings. Jeg sá það líka á sósialistamótunum, þar voru lögregluþjónar á hverju strái, og svo eru verkamenn orðnir slípaðir, að þeir höguðu sjer miklu betur, en borgararnir á frjálslynda mótinu, því að þeir ætluðu alls ekki að lofa einum mótstöðumanni sínum að fá orðið.

Þjer leiðist nú að lesa þetta, en jeg sé sömu fyrirlitninguna fyrir allmenningi, þegar keisari, sem jeg hef sjeð tvisvar sinnum, var að koma heim af keyrslu. Lögregluþjónarnir voru alltaf að reka fólkið frá og ríða hestum sínum á það og þó var þetta að mjer virtist alveg ástæðulaust.

Mjer er óhætt að segja það, að þessir dagar hafa verið viðburðaríkir dagar fyrir mig, Jeg hef lært mikið, en sjerstaklega hef jeg í gær og í dag sjeð söfn, sem jeg sje fyrir mjer ljóslifandi, það sem jeg hef hugsað mjer við stóra skólann. Jeg hef í Kaupmannahöfn sjeð dýrasöfn o.sv.frv. En jeg sá í gær í Rutmeshalle eptirlíkingar af landhlutum, bæjum og vopnum, hestum og hermönnum, sem gagntók mig.

Í dag sá jeg eptirlíkingar af bændagörðum og dúkkur í allskonar þjóðbúningum, svo voru þar í fullu líki stofur með fólki (=vaxmyndir í þjóðbúningum) og öllu tilheyrandi frá Sviss, Hollandi, Ungverjalandi og víðsvegar frá Þýskalandi. Á *hygieníska*[1] safninu voru eptirlíkingar af verkamannahúsum, skólastofum, barnagörðum, baðhúsum, vatnsverkum o.s.frv. með tilheyrandi fólki. Það er valla hægt að gjöra sjer hugmynd um þetta nema maður sjái það. Á þjóðbúningasafninu hjer var eitt belti frá Íslandi, og það ekki fallegt. Ef við einhverntíma komumst svo langt, að vilja fá eitthvað ofurlítið líkt, þá væri auðgert að skipta við aðrar þjóðir

[1] *Heilbrigðisvísindasafn.*

með því að búa til íslenskar eptirlíkingar og fá annað í staðinn. Slíkt vildu allar þjóðir og þá væri þetta ekki svo dýrt.

Eins og þú veist, vil jeg láta lögleiða á Íslandi skólaskyldu í 8 mánuði. Nú í gær sá jeg að var verið að ræða um það að lengja skólaskylduna, sem er frá 6-15 ára um 3 ár, svo að unglingarnir sjeu skyldir að ganga í skóla til 18 ára aldurs. Hvað ætli menn myndu segja um slíkt á Íslandi?

Jeg ætla í kveld að fara á fyrirlestur, sem hirðprestur Stöcker ætlar að halda um siðferðið. Hann er alkunnur gyðingavinur og vona jeg að það verði mergjað sem hann segir, kallinn. Á morgun ætla jeg að skoða landafræðisafnið, á sunnudaginn ætla jeg að verða í kirkjum og á mánudaginn kl. að ganga 9 legg jeg af stað heimleiðis og verð vonandi í Kaupmannahöfn kl. 7. og þá verð jeg feginn. Jeg sleppi því að fara til Dresden; það er bæði dýrt og svo hef jeg nóg að sjá hjer. -- Jeg nenni ekki að fara til dr. Hensler. Það er svo leiðinlegt, þegar maður er jafn linur í málinu sem jeg er. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 22.2.1900.

Vandam. leyst, þau flytja til Elínar sem er ánægð i Stavanger og segist heimkomin ætla að setjast róleg að á Ísl. það sem eftir er.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.2.1900.

Lítið heyrst frá Elínu, nema skeyti frá Stavanger. Ræðir Búastríðið, hún sagðist styðja Breta en allir aðrir styðja Búa. --

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Kristjansand.28.2.1900.

Ræðir nám og snotran bæ. Biður HB fara vel með sig. Einnig um byggingu og flutning skólans.

-- jeg vildi að höfuðstaðurinn okkar væri eins myndarlegur, eins falleg hús og breiðar og góðar götur. --

Er búin að ákveða að kenna í haust við Kvennask. í Rvík. Þar á hún vísa kennslu hjá frú Melsted. Ætlar sér að stofna mánaðarblaðið Heimilisvininn. Hefur hugsað um það í fjögur ár. Ætlar að hætta ferðalagi. Þetta er trúnaðarmál sem hún hefur ekki sagt Páli, en til Ak. fer hún að lokinni dvölinni.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Stavanger. 4.31900.

-- Innilegar þakkir fyrir síðast. Hingað erum við komin. Veðrið er yndislega fallegt. Logn og sólskin og stafar í sjóinn. Stavanger er mikið fallegur bær að sjá frá höfninni. Daginn sem við fórum frá Höfn var stormur að norðan og lægði ekkert fyrr en við vorum komin norður undir Læsö. Fyrir storminum komst skipið ekki mikið áfram. Kona mín varð strax sjóveik og jeg hafði þessa leiðinlegu tilfinningu, að magann langaði til þess að koma upp um munninn og fara eitthvað burtu frá eigandanum. Næsta dag var konan sjóveik; veðrið var samt farið að batna talsvert, en aldan í sjónum var mikil. Jeg var ekki frír við sjóveiki.

Í gær var indælt veður og allir á fótum. Kona mín sat við borðið og borðaði með. Við komum hingað í nótt kl. 1 og svaf jeg sem selur en kona mín sagði mjer að mikið hefði gengið á; hróp og köll og högg og slög, en alltaf svaf jeg. Loks vaknaði jeg kl. 3. En það var líka von. Konan var risin upp, en í dyrunum var blóðrautt gráhært höfuð á hálffullum tollþjóni, sem kona mín var að skipa út. Höfuðið vildi auðsjáanlega helst fara inn, en varð nauðugt, viljugt að fara út, af því að það skildi, að annars myndi verr fara.

Hjer í Stafangri er einkar fagurt og brekkurnar niður að sjónum eru eigi ólíkar brekkunni á Akureyri.

Egill fer beint hjeðan til Bergen, Færeyja og svo til Seyðisfjarðar. Vonandi komum við á undan Vestu og förum svo með henni til Akureyrar.

Heilsaðu Gísla Skúlasyni, Ólafi Halldórssyni, konu þinni og syni frá okkur og öðrum kunningjum okkar sömuleiðis. --

Enn fer jeg að kvabba á þjer. Það er að fara út í Amalíugötu 40, að mig minnir 11-1, og spyrja þá í *Classenske fidei kommissionen* hvort Elín systir fái styrkinn og biðja þá að senda þjer svar, og skrifa það svo til hennar á sínum tíma. Hún býr á Östre Strandgade 59, Christiansand, og kallar sig E. Eyjólfsson. --

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. St. í Færeyjum. 9.3.1900.

-- ég fór til Gyldendal til þess að fá hann til þess að gefa út predikanir föður þíns, en Gyldendal (þ.e. Hegel) var ekki á því. Hann sagðist standa svo ákaflega illa að vígi með að senda út bækur á Íslandi; hann hefði ekkert selt af Sigurði Breiðfjörð eða Grími Thomsen svo að hann vildi ekkert eiga við útgáfu á íslenskum bókum -- Meira gat ég ekki átt við Hegel, heldur kvaddi hann, tók hatt minn og fór. --

Mig er nú farið harla mjög að langa að komast heim til þess að ég geti farið að starfa í ró og næði, eftir allar veislurnar í Khöfn, heimsóknir og heimboð. Tíma til slíks er harla illa varið, enda gengur tími mikill til

ferðanna til og frá í Höfn þegar sumir eru úti á Amager, eins og Valtýr, aðrir út á Friðriksbergi, svo sem Finnur og enn aðrir úti á Austurbrú.

Ég var 10 daga í Berlín og hafði mikið gaman af verunni þar, en mikill þótti mér ofmetnaður Þjóðverja, og fannst mér bera miklu meira á því en í Englandi. Kirkjurnar sem ég fór í voru nærri tómar og predikanirnar mjög lítið vekjandi, en aftur var ég á tveimur samkomum viðvíkjandi siðferðismálin, þar sem rætt var um málið frá kristilegu sjónarmiði, og var þar allveg fullt.

Mér þótti miklu léttara að skilja þýskuna heldur en enskuna, svo að ég gat alveg fylgst með. Ég get auðvitað ekkert dæmt um kristindóminn í Þýskalandi, en eftir því sem mér sýndist, þá lítur eigi út fyrir að prestarnir í Berlín séu andlegir leiðtogar þjóðarinnar. En eitt fannst mér þar vera mjög fagurt. Það var ungbarnaskírnin. Presturinn hélt ofurlitla ræðu og talaði hjartnæm orð til foreldranna og stakk mjög í stúf við barnsskírn í dómkirkjunni í Stavanger.--

Annars er það sem ég hef mest heim með mér. Það er óánægja. Óánægja yfir hvað vér Íslendingar stöndum á baki öðrum þjóðum í öllum greinum: Menningu, menntun, siðgæði og því sem veitir lífinu fegurð og unað.

Það er meira að segja svo hér í Færeyjum að þeir eru að fara langt fram úr okkur Íslendingum. Börnin ganga í skóla frá 7-14 ára og á sama tíma sem Íslendingar eru að reyna að afnema eftirlaun, setja Færeyingar barnaskólakennara á hærri eftirlaun en prestarnir hafa heima hjá okkur. Bændur eru að losa sig úr skuldum, kaupa jarðir, byggja hús sín og rækta landið. Þeir rannsaka berklaveiki í kúm, meðan Íslendingar eru í óða önn að útbreiða þann sjúkdóm hjá sér, bæði hjá mönnum og skepnum.[1] Ég bið um að fá þennan eina dýralækni til landsins norður- og austur, til þess að láta hann starfa, en það fæst ekki, því hann á umfram allt að slíta götustein Reykjavíkur og sökkva ofan í hina óskemmtileg *stagnation*, sem grúfir yfir flestu á okkar kæra föðurlandi. Manni verður ekki létt um hjartaræturnar af að hugsa til þessa.

Ég las grein þína um íslenska stúdenta. Hún var tekin upp að mestu leyti í *National tíðindi.* En þegar svo er, sem þú segir, hvernig geta menn þá heimtað að stúdentarnir, þegar þeir eru orðnir embættismenn, geti haft víðan andlegan sjóndeildarhring og þekkt andlega menningarstrauma annarra þjóða? Er þá furða, þótt alþingi okkar sé eins og samsafn af andlegum aumingjum. Þegar ég var á leiðinni til Berlín, þá var saman með mér í vagni danskur málari. Hann hafði fengið til þess fé að fara um Þýskaland, Ítalíu, Sviss og fleiri lönd til þess að fá nýjar hugmyndir og auðga anda sinn. Svona er þetta í öllum greinum.

Það er Damörk, ekki Ísland, sem veitir þér styrk til Þýskalandsferðar. Það er ekki svo efnilegur handiðnaðarmaður að hann fái eigi styrk til að mannast í Danmörku, og hið seinasta, sem ég sá var áskorun bóksala um að safna fé innbyrðis til þess að veita bóksalasveinum efnilegum, fé til þess að mannast erlendis. Mér finnst ég eigi geti annað en dást að þeim mannkærlega, föðurlandskærleik og óeigingirni, sem liggur á bak við þetta. --

Segir frá grein Martensen-Larsen á móti Vilh. Beck.

-- *Hann* -- hafði kallað M.L. og þá sem eru með biblíukrítík "*Satans Ingeniörer"*. Þú mundir auðvitað falla undir þetta, og þó eru Guðmundur Hannesson og stúdentar í Höfn svo vankunnandi, að þeir hafa verið að halda því fram að þú værir Vilhelms Becks maður. Annars þótti mér andlegt ástand ísl. stúdenta í Höfn ærið magurt. Þeir eru svo fáfróðir að þeir hafa ekki hugmynd um eiginlega neinar af hinum andlegu stefnum nútímans. Flestir þeirra lifa á hinum úreltu kenningum Georgar Brandesar um *fri kærlighed.* Það er hálf-bágborðið að eiga að mæta þessum *stæreotypu frösum*, sem fyrir tuttugu árum voru nýir, en nú eru eins og úldið vatn. En þegar þeir eru orðnir svo, þá eru þeir mátulega tilreiddir handa Íslendingum. Þessir menn lifa svo á þeirri til dauðadags, líkt og Arnljótur, Halldór Friðriksson, Benedikt Sveinsson o.fl. (er) hafa lifað á frelsiskenningum Manchestermanna sinna. Annars var það einkennilegt að Georg Brandes, sem stöðugt hefur hætt móralinn og sagt að hann ætti ekki heima í skáldskap eða listum, fór í vetur að hrópa á móralinn. En það var af því að honum þótti menn ekki hafa komið vel fram gegn kynbróður hans Dreyfus.[2] En ef skáldin eru hafin yfir móralinn, því þá ekki einnig hershöfðingar Frakklands?

Akureyri, 16. mars.

Heim er ég kominn og við hjónin harla fegin heimkomunni. -- Öllu leið, guði sé lof, vel heima. -- Séra Sigurður og *(?)* voru á Vopnafirði og var þar heldur fagnaðarfundur. Dísa er orðin talsvert feit og bæði sögðust þau kunna vel við sig, nema hvað ég heyrði á séra Sigurði að hann var ekki ánægður. En ef við förum að athuga

[1] *Merkilegur samanburður. Ekki veit ég hvernig Færeyingar útrýmdu berklaveiki í kúm (og þá um leið í mönnum, sem veldur bæklun). En deilur um gerilseneyðingu mjólkur stóð alveg fram á þriðja áratug 20 aldar. Og fáir virðast hefa gert sér grein fyrir áhrifum gerilsneyðingar, sem er að krypplingar eru mjög sjaldgæfir en voru mjög margir er ég man eftir mér á fjórða áratugi 20 aldar.*

[2] *Mál Alfred Dreyfus skók heiminn um þessar mundir uns hann fékk uppgjöf, upploginna saka 1906. Þá voru 10 ár liðin frá því að málaferlin hófust gegn honum.*

hvað verst er fyrir hann, þá er það samgönguleysið, og þess vegna finnst mér að það sé nauðsynlegt að bæta úr því. Ég réð séra Sigurði til þess að reyna að stofna kristilegt félag á Austurlandi og fá styrk til þess að útbreiða kristindóminn líkt og bindindimenn fá styrk til að útbreiða bindindi. Féð má nota til ferðastyrks á fundi, til að gefa út fundartíðindi með skýrslum um ástand manna í kristindómi og siðgæði og til þess að senda menn til þess að rannsaka misklíð milli safnaða og prests, sem biskup ekki getur sefað með bréfaskiptum og vísitasíum. Þetta síðasta verða menn að tala gætilega um. Íslenska þjóðin er skyldug til að komast á hærra stig og ég er viss um að ef fengjust 1000 kr. á hvern fjórðung til kristilegs félags, þá mundi fáum peningum vera betur varið; með þessu fé væri hægt að bæta úr hinum miklu fjarlægðartálmunum þessa lands.

Þetta sáu forfeður vorir og því var hinn fyrsti skattur á þessu landi, þingfararkaupið, sem varð til þess að landsmenn komu saman á alþingi. En alþingi varð sterkasta aflið til þess að koma Íslendingum að fornu á hærra stig en öðrum þjóðum samtímis. -- Hugsaðu þetta , kæri mágur --

P.s. Ég var að lesa Verði ljós (mars) þar sem þú talar um helgi eiðsins. Eftir því sem þú talar um, þá virðist sem að þú álítir að yfirvöldin misbrúki eiðinn og að þeim sé það í sjálfsvald sett, hvort þau hafi eið eða eið ekki. Mér þætti gaman að vita hvort þú hefur þetta frá sjálfum þér eða einhver lögfræðingur í R.vík hefur sagt þetta. --

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 16.3.1900.

-- Vertu blessuð fyrir brjefið, sem jeg fjekk með Vestu í gær, það var sent yfir England eptir að Laura loksins kom til Hafnar daginn eftir að við fórum á stað þaðan. Til allrar óhamingju gat það ekki náð mjer, svo jeg gæti gjört þjer svo mikinn greiða sem kaupa fyrir þig þennan fryndsustúf, það er allt svo myndarlegt þegar jeg á að vera til gagns með eitthvað lítilræði.

Loksins erum við þá heimkomin eptir þessa löngu, og stundum ströngu útivist, góður guð veri lofaður fyrir hvað vel við sóttum að blessuðum börnununum. Hilda kom hlaupandi á móti okkur, en Eddi minn svaf miðdegisdúr sællegur og feitur, og jeg hef síðan í gær alltaf verið að hugsa um hvort þetta virkilega væri hann, svo stór og breyttur er hann. Í dag hefur nú verið kátína á ferðum, Hilda hefur sagt eitthvað, og Eggert strax reynt að herma það eptir, og svo hafa bæði hlegið og skríkt og Eddi hrópað pabbi og mamma við öll möguleg tækifæri, ó, það er inndælt að koma heim aptur, og inndælast þó að sækja vel að, og blessuð Jóhanna mín hefur verið hreint makalaus með allt. Hún setti nú heldur upp sólskinsandlit, því við ljetum börnin gefa henni silfurúr og keðju, fyrir alla trúfestina við þau, það hefur nú verið það eina sem jeg hef heyrt í henni að hana langaði til að eiga, og á hún sannarlega allt gott af okkur skilið sú manneskja.

Jeg ætlaði að skrifa rækilega í dag, en gestir hafa komið og ýmislegt, sem hamlað hefur því, og svo finnst mjer jeg þurfi að hafa svo ósköp mikið við börnin, horfa á þau og strjúka þau öll, blessuð litlu ljósin mín. Hilda finnur sig illa í, jeg skuli vera húfulaus, og sagði í morgun að mamma væri með "snúið hár og nýja sparitreyju, allt öðru vísi en hennar Jonnu".

Jeg fann Dísu og Sigurð 3 tíma á Vopnafirði, og voru þar fagnaðarfundir. Þau voru kát og heldur sælleg, Dísa feit fyrir okkur báðar, og gaf mjer 10 rjúpur með mjer heim, það þótti mjer nú vel af sjer vikið; hjer er ekkert til nema dragúldið saltkjöt, það var það eina sem mágkonan rjeði yfir og mátti heita það tækist undur vel. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Akureyri. 19.3.1900.

Vesta kom 15.3., voru þau Páll og Álfh. með. Glaður að fá þau. Álfheiði líður mun betur. Er slæmur í augunum. Hefur verið að skrifa um sögu Íslands á ensku. En augun gáfu sig er hann var kominn á 19. öld. Ræðir prestkosningu. Telur séra Geir líklegan. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 21.3.1900.

Fjölskyldufréttir, fótbrot Eiríks Briem, sem lætur nemendur sína koma heim til sín. Er að æfa sig að tala dönsku þegar hún er innan um Dani, þótt sumir þeirra tali ensku.

Páll E. Briem skrifar Jóni Jónssyni frá Múla. Akureyri. 3.2.1900?

Í bréfinu þakkar Páll Jóni gott bréf með Agli þar sem hann veitir stuðning samkomulagsviðleitni Páls og annarra Akureyringa. Segist hafa verið orðinn svartsýnn með sjálfstjórn.

-- En það hefur glaðnað til og viðleitni vor hefur sýnt að þjóðin á menn sem geta tekið í strenginn þegar velferð landsins er í hættu og orðið samtaka, og segi ég þetta eigi til okkar sem eigum uppástunguna – það verða jafnan nógir til þess að koma með uppástungur – heldur til þeirra sem hafa viljað veita okkur fylgi. – Það var mikið slys að þingmenn gátu eigi tekið upp miðlunina í sumar ’89 (*ef dags. bréfsins er rétt mun þetta eiga að vera ’99*). Ef það hefði verið, mér liggur við að segja einn nógu einbeittur þingmaður á þingi til að halda henni fram strax sem fréttist um stjórnarskiptin eða öllu heldur fyrr, þá hefði miðlunin gengið fram.

Vér í samkomulagsnefndinni vorum á fundi í gær strax sem Egill *(skipið)* kom og ræddum málið. Okkur þótti mikilsvert um greinarnar í Politiken og Dannebrog: Ráðuneyti hér með fullu jafnrétti við danska ráðgjafa,

þjóðræði og sjálfstjórn. Okkur blandaðist eigi hugur um að fyrirkomulag það sem við höfum haldið fram er betra og þess vegna væri gott að menn sameinuðu sig um að biðja eða heimta það, en vér höfum eigi vogað að hefja baráttu um þetta atriði. Það sem var eitt af hinum miklu yfirburðum miðlunarinnar, það var að ráðgjafar gátu orðið af öllum stéttum, þar sem nú verður mjög erfitt fyrir aðra en háskólamenntaða menn að komast í ráðgjafasess, en það verður að róa að því öllum árum að gera eigi öll embætti undir ráðgjöfunum bundin við embættispróf, því að interesser, áhugi o.sfrv. er meira verður en mörg próf.

Í annan stað er það hugboð mitt að einn ráðgjafi fái eigi annað öllum þeim störfum sem á hann leggjast og þá þurfum vér að fá einn ráðgjafa í viðbót, að minnsta kosti. Hvernig væru Bandaríkin ef þau hefðu eigi haft menn eins og Lincoln, Grant, Garfield o.s.frv. Þetta eru bollaleggingar! Fyrst vér gátum losast við bölvaðan undirtylluráðgjafann sem Alberti ætlaði okkur framan af vetrinum, er ég í raun og veru heldur feginn. En nú sér maður hvað setur.

Ég ætla að biðja Laxdal að afhenda þér bréf okkar í samkomulagsnefndinni með beiðni um að þú komir því í bæði blöðin. Ég má eigi vera að skrifa meira. Heilsaðu sýslumanni kærlega. Ég hef engan tíma til að skrifa honum. --

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 22.3.1900.

-- Jeg skrifa þjer aðeins fáar línur til þess að láta þig vita um heimkomuna. Frá Norvegi fór jeg til Færeyja á góðu veðri. Þar vorum við 1 1/2 dag og fengum síðan storm til Seyðisfjarðar og talsverðan sjógang, svo að kona mín var mikið sjóveik og jeg lá eigi heill í rúminu. Þegar við komum til Seyðifjarðar, var Vesta komin þar fyrir 1 1/2 klukkutíma. En vetrarlegt var þar. Fannir og snjór frá fjallabrúnum niður að sjó, svo að hvergi sá á dökkan díl, nema þverhnípta hamra og berg, en ískaldur nístings-næðingur fór með flughraða um fannirnar og æpti, hvar sem honum var gerð mótstaða. Síðan hjeldum við með Vestu frá Seyðisfirði, en þegar við áttum eftir 1-2 mílur að mynni Eyjafjarðar þá skall á okkur blindbylur á norðan, svo að við urðum að láta þar fyrirberast þann dag og næstu nótt í ofsa veðri og komumst svo hingað inn á höfn 10. þ.m. daginn eftir í norðan hríð og 10 stiga frosti.

Börnunum leið vel og allt í góðu lagi heima fyrir. Jeg er búinn að fá allt mitt dót, nema silkihattinn, sem var allur brotinn af fólki sem fór með hann í land.

Frú Þorbjörg hefur verið mikið veik, en bróðir þinn skrifar þjer víst um það. Jeg hef haft mikið að gera, síðan jeg kom heim og gestagang í dag. Egill kom í dag og fer í nótt. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.4.1900.

-- *Segir frá Eiríki bróður hans og slæmri heilsu Ingibjargar dóttur hans. Einnig frá komu Sigurðar Christopherson, mágs hennar og sonar hans Halldórs*[1] *til landsins. S.C. er innflytjendafulltrúi, býr á hóteli en Halldór hjá Susie. Gleðst yfir fréttum heimanað. Lýsir ferðum sínum, Halldórs og Sidda út í Effersey.* --

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 14.4.1900.

-- Þakka þjer undur vel fyrir blessuð brjefin þín bæði, það eru þeir beztu dagar þegar póstur kemur með frjettir frá ættingjunum langt í burtu. Guði sje lof fyrir það eins og svo ótal margt sem hann hefur auðsýnt mjer á æfinnni.

Af okkur er nú heldur lítið að segja, heila húsið, nema <u>jeg</u> hefur legið í influenzu, og hefur það verið leiði tíminn. Páll er búinn að liggja í viku, fór svolitla stund á fætur í dag til þess að reyna að skrifa, en háttaði strax aptur, hann er svo slæmur af hósta og blóðnösum og svo skelfing máttlaus. Börnin eru nú orðin nokkuð frísk. Eggert fjekk svo slæmt krampakast í fyrradag að mjer varð heldur hverft við. Jeg vona nú með Guðs hjálp þetta fari að smáskána.

Við vorum boðin í hvert norðurljósagildið á fætur öðru, miðdag á þriðjudaginn og frokost á miðvikudaginn en jeg gjörði ekki annað en skrifa afboð, því Páll lá þá svo fárveikur, og svo fór á endanum að <u>allir</u> gestirnir sendu afboð, svo ekkert varð úr, og nú fóru allir norðurljósahöfðingjarnir í gær með Vestu. Mjer þótti nú leitt að ekkert varð af messunni. Því jeg ætlaði í græna sparikjólinn daginn þann en aldrei hefur maður tækifæri til að fara í betri flíkurnar hjer svo það er ekkert gaman að eiga laglegar sjaldhafnar flíkur. Við hjeldum þeim allra besta kvöldboð í hinni vikunni ásamt fleiru góðu fólki, þá var engin fyrirstaða hjá neinum gestanna, það er líka hálf tómlegt þegar maður ætlar að halda "Gild" að allir gestirnir afsaka sig. Jeg gaf þeim rjúpur frá Dísu, og svo fyrirtaks kaldan mat og seinast Vanille-Ís sem var svo vellukkaður að jeg gat ekki annað en verið dálítið stolt af, þú manst kanskje mamma mín eptir öllum erilnum sem við höfðum í kjallaranum í fyrra vetur, og jeg var nú hálf smeik þegar jeg hafði hreint engan að hlaupa í kringum það með mjer en það gekk furðanlega alltsaman og bæði gamli Adam og frú Stephensen voru ánægð með viðurgjörðirnar. Annars er bærinn ósköp daufur og drungalegur, manni bregður nú líka við eptir allt dálætið í Höfn, og jeg hef heldur

[1] *Hann var skírður í höfuðið á Halldóri E. Briem.*

ekki gjört annað þessa síðustu tíð, en senda þakkarávörp í allar áttir, það tekur uppá frímerkin manns einsog margt fleira, þessar siglingar, bótin er maður fer þetta ekki á hverju ári.

Nú erum við búin að kjósa okkur prest hjerna, sjera Geir varð sá lukkulegi, ekki get jeg sagt jeg eiginlega hlakki til að fá hann fyrir prest, hann hefur aldrei verið á mínum smekk, en bótin var jeg mátti þar ekki orð til hneygja. Sjera Matthías hefur aldrei messað síðan við komum heim, við erum búin að göra 3 tilraunir með að fara í kirkju af því hvergi var auglýst messuföll, seinast á sunnudaginn var í besta og blíðasta veðri gat prestur verið í heimboði á laugardagskvöldið en ómögulega messað á sunnudag, og þótti mörgum það einkenni *(vantar í).*

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 14.4.1900.

-- Sigurður Christopherson lagður af stað kringum landið og Halldór sonur hans er hjá S.B. á meðan, 17. ára, góður drengur. Segir af fæðingu dóttur Sigurðar bróður H.B. (það var Kara); einnig frá saumakennslu sinni, sennilega í Thorvaldsensfélaginu. --

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 17.4.1900.

-- Ræðir ástand bænda. Einnig framfaratrú, m.a. hafi hann tekið brýnur við Valtý vegna þess. Hyggur að það standi gegn umbótum hvað fólk er hugfangið af framförum, - því til hvers er að bæta úr ef ástandið er glæsilegt. Menntun verri en í öðrum löndum Evrópu, nema Rússlandi. Þekkingarskortur algjör, iðnaður enginn. Verslun slæm. Segir af síldveiði sem hann sá í Haugasundi. Heim komnir sitja allir með hendur í skauti sér þótt aflabrögð séu góð annars staðar. Fer mörgum orðum um ástandið, menntunarstigið. Ræðir mikið um búnaðarskólana og Lögfræðing; að menn hefðu takmarkaðan áhuga á honum. --

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 26.4.1900.

--Jeg þakka þjer innilega fyrir tilskrifið frá 31. f.m. sem jeg fjekk fyrir 3 dögum og svo hinar ágætu bækur, sem jeg hef aðeins blaðað í. Loks þakka jeg þjer fyrir brjefin og allar útrjettingarnar.

Það væri sannarlega gaman að fá þig heim hingað í sumar. Jeg vildi aðeins óska að það rækist eigi á ferð mína til Austurlands sem hefst 11. júlí. Jeg ljet skrifa þig í *Sparekassen*, sem heimildarmann til að taka út peningana og því held jeg að ekki verði þar neitt til fyrirstöðu. Jeg vona að þú hafir sagt upp fjenu í 7. Afdeling (hærri renta) til 11. júní, ef Sigurður bróðir hefur ekki látið taka peningana þá, þá vil jeg biðja þig að leggja peningana inn í 6. Afdel. (lægri renta). - Læt jeg svo úttalað um þetta mál.

Elín systir mín kom nú upp með Egli mjer mjög óvænt. Ef hún ekki fær styrkinn þá er *den Pot ude*, en ef hún fær styrkinn, get jeg ekki sagt þjer neitt hvernig hún muni hafa það.

Hjer hafa verið prestkosningar og sjera Geir var kosinn eptir talsverðar agitationir eins og gengur. Jeg var í kjörstjórn og hafði því besta tækifæri til þess að athuga fólkið og satt að segja var jeg alveg hissa hversu það var ósnyrtilegt. Fjölda margir voru óhreinir og ógreiddir, gengu fyrir okkur með hendur í vösum og margir ljetu sjer ekki verða að vegi að taka ofan. Mjer brá mikið við að sjá þetta í samanburði við það hversu verkmenn í Berlin komu snyrtilega.

Hjer hefur verið influensa og hef jeg legið 8 daga og verið mjög slappur 10 daga. Kona mín slapp alveg og börnin sluppu nærri því. Pólitískir fundir hafa farið illa vegna inflúensu. Fundur á Grund eyðilagðist alveg og á Hjalteyri voru að eins 10 áheyrendur, en 5 framboðar og hjelt einn ræðu fyrir fólkinu í 1½ klukkutíma. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Akureyri. 29.4.1900.

Hitti Sigurð Christopherson eftir 18 ára aðskilnað. Hefur hann lítt breyst, nema gránað. Elín komin frá Kristiansand og býr hjá Páli um tíma, síðan á Hálsi; fer til Skagafjarðar og Húnavatnssýslu á leið til Rvíkur. Ætlar að búa í húsinu sínu og borða í Hússtjórnarskólanum.

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 30.4.1900.

Býður hana velkomna í húsið sitt. Ræðir um fyrirkomulag í húsinu, m.a. vegna húsgagna sinna og sambýlið. Halldór Christophersson var hér þegar hún kom. Páll mjög upptekinn.

Ræðir (breytta) hagi Vilhjálms bróður þeirra og óskar þeim hjónum góðs, konan hans

-- býr sig undir lífið, þau eru viss að hafa sig áfram, ef þau hafa heilsu. --

Ætlar sér að verða dugleg við kennsluna og vinna fyrir sér.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 7.5.1900.

Undirbýr suðurferð, hlakkar til að hitta nafna sinn Halldór Christopherson frá Ameríku.

Valgerður og Jóhanna komu til að heimsækja frú Hjaltalín; kvörtuðu um kulda í húsinu á Bægisá. Séra

Theodór tilfinningalaus gagnvart óskum og þörfum. Þær báðu H.E.B. um að tala um fyrir séra Theodóri frænda sínum (þeir systrasynir).

Lítið fiskirí og vandræði við sjávarsíðuna. Bændur hafa það gott.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 27.5.1900.

Segir frá fylliríi fyrirmanna ofl. Á Möðruvallahátíð var skólastóri. viti sínu fjær; Ólafur Davíðsson krossbölvandi fullur; ríkisbóndi, einn heiðursgestanna, staulaðist á bak; tveir hreppstjórar rövlandi fullir, tilv. tengdasonur séra Matthíasar stóð ekki. Þá var ekki byrjað að drekka; bara búið að borða.

Skorar á Torfa að halda út til næsta hausts. Vinnur að því að fá búnaðarfélagið til að athuga búnaðarskóla í Noregi til að sjá hvernig slíkir skuli vera. Lýsir aumum Hólaskóla. Gæti Búnaðarfél. tekið skólana að sér. Ræðir málið rækilega og stjórnarskrármálið.

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Staddur í Sandfellshaga. 12.7.1900.

-- Klukkan er nú 6. Jeg ætlaði að skrifa þjer í gærkveldi, en jeg fjekk engan tíma til þess og nú þarf jeg að fara hjeðan eptir 1-2 klukkutíma, því að jeg ætla að ná Sauðanesi í kveld, og þá er ekki seinna vænna. Jeg vona að þú sofir nú væran blund, og að þú sjert frísk ásamt börnunum, sem bæði sjeu í fasta svefni. En jeg þykist líka sjá í huga mjer, að þegar jeg sje að fara af stað, þá sjeuð þið öll vöknuð og að þú sjert að baða Eggert litla í baðkerinu. --

Daginn, sem jeg fór af stað, fór jeg að Ljósavatni og stóð við á Hálsi. Þá var höfuðverkurinn hjerumbil alveg farinn og alveg um kveldið. Jeg stóð við á Hálsi liðugan klukkutíma, systur mínar fylgdu mjer og sjera Einar. Börnin komu út. Gunnlaugur litli vildi ekki taka í hendina á mjer, en hann tók píkinn minn og fór að reka með honum kindur, sem komu í túnið. Litla Svana er mikið skýrlegt barn og lagleg og líkist í móðurættina talsvert.

Daginn eptir fór jeg á Húsavík og kom við á Helgastöðum. Jeg drakk kaffi hjá sjera Helga og frú Elísabetu,[1] þau biðu að heilsa; jeg stóð lengi við hjá Sigurjóni (Jóhannessonar) á Laxamýri og fór þar ofan í varpið. Það er hið fallegasta varp sem jeg hef sjeð. Sigurjón hefur grætt þar upp runna, sem æðarfuglinn kann svo vel við sig í, að dúnninn er kominn uppundir 300 (?). á ári. Sigurjón fylgdi mjer svo niður í Húsavík, en jeg var nóttina hjá sýslumanni. Þar sat jeg svo í góðu yfirlæti og skoðaði skjöl og bækur. Hjónin báðu að heilsa þjer.

Jeg kom til Guðjohnsens og skoðaði garðinn þar og rósina, sem er mjög stór og fögur. Konan minntist á, að hún hefði verið þjer samferða í fyrra og að þú hefðir sungið. Hún sagði að þú hefðir verið "*forfærdelig söd*" og bað að heilsa þjer. Jeg fór svo til amtráðsmanns Árna í Lóni um kveldið. Þar var jeg um nóttina. Jeg borðaði og sat í lítilli stofu, og þar gekk lagleg stúlka, bróðurdóttir Árna, um beina, en auðsjeð var, að hún hafði ekki gengið á kvennaskóla. Stofan var með veggjapappír og gylltum listum, en tvennir gluggar voru svo, að ómögulegt var að opna þá og enginn var ventill á gluggapóstum og hvergi hægt að koma lopti út eða inn nema í gegnum dimman og krókóttan gang, sem lá út í bæjardyrnar. Á svefnherberginu var heldur ekki hægt að opna glugga, en þar voru tvö ventilgöt á póstinum, ofurlítil.

Jeg kom svo að Skinnastað í gær og fjekk þar súkkulaði og kaffi. Sjera Þórleifur[2] var ekki heima; hann var að gipta í Kelduhverfi, en þegar jeg var hingað kominn fyrir nokkru, þá kemur sjera Þórleifur og var (það sem húsbóndinn hjer sagði:) sjóðandi fullur. Svo kom hingað maður, sem jeg sendi eptir, og svo gekk allt kveldið fram á nótt í það, að leita ráða um fjárkláðann. Jeg hef nú verið nætursakir á þremur bestu bæjum og á öllum hefur rúgbrauðið mátt heita óætt: svart, sætt og klesst, en svo hefur verið á borðinu hálfgjört fransbrauð og á einum flatbrauð, sem hefur verið heldur gott. Harðsoðin egg á tveimur, en í gærkveldi og í fyrrakveld mikið á borði af súru slátri, sviðum, blómur og lifrarpylsu. Það þarf mikið sterkan maga til þess að melta matinn hjer á Íslandi, og þó máttu trúa að jeg fæ það sem fólkið telur vera sælgæti.

Júlíus Sigurðsson var með mjer, þangað til í Skinnastað. Hann kemur hjer svo í dag og tekur þetta brjef. Jeg ætla að vita til, hvort jeg get ekki skrifað þjer í kveld frá Þórshöfn. Klukkan er nú langt gengin 7 og jeg fer nú að kvaka svo að jeg fái vatn til að þvo mjer úr og til þess að farið verði að sækja hestana, leggja á borð. Jeg fæ líklega heitt hangikjöt að borða, því að hjer er mesta myndarheimili og bóndinn einhver mesti dugnaðarmaður á norður og austurlandi. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. 16.7. St. á Sauðanesi 1900.

--Jeg sit hjer í besta yfirlæti og ætla nú að fara af stað því að klukkan er orðin 2½.

---

[1] *Séra Helgi Hjálmarsson (1867-1941) og Elísabet Jónsdóttir (1869-1945).*

[2] *Séra Þórleifur Jónsson (1845-1911) g. Sesselju Þórðardótur frá Mosfelli í Mosfellssvit. Þau áttu m.a. Svövu Þórleifsdóttur, skólastjóra á Akransi, mikil kvenréttindakona, sem ég þekkti sem viðskiptavin móður minnar, Friede P. Briem. Séra Þórleifur skrifaði mikið og gaf út fornrit o.fl.*

Mjer gekk vel yfir Axarfjarðarheiði og Þistilfjörðinn. Hjer er ljómandi fallegt veður og fagurt yfir að líta. Jeg vona að jeg komist í kveld að Skeggjastöðum og annað kveld að Hofi.

Nú er tíminn búinn, enda sitja menn hjer í kringum mig og fer jeg því að hætta. Kysstu börnin og heilsaðu fólkinu. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. St. á Seyðisfirði. 21.7.1900

-- Jeg kom hingað í gærkveldi í inndælu veðri. Jeg fór beina leið til sýslumannsins og hef það hjer eins og blóm í eggi. En svo jeg segi þjer ferðasöguna, síðan jeg fór frá Sauðanesi, þá fór jeg þaðan eins og til stóð að Skeggjastöðum í Bakkafirði. Þar komu Hólar um nóttina, en jeg gat eigi komið brjefi í þá til þín og þótti illt. Daginn eptir (17. þ.m.) fór jeg að Hofi og var tekið heldur vel. En jeg stóð lengi við á Vopnafirði og komst svo seint af stað að systir þín og þau hjónin voru háttuð og að jeg held sofnuð. Það er langt síðan, að jeg hef þurft að vekja upp. Svo var jeg um kyrrt á Hofi daginn eptir. Þá var stormur og það hríðaði á fjöllum og systir þín lagði í ofninn, svo að jeg og maður hennar höfðum það heldur notalegt hjá henni. Frú Steinunn kunni auðsjáanlega vel við sig.

Dísa var hin hraustasta og fór snemma á fætur eins og í fyrra. Daginn eptir fór sjera Sigurður með mjer upp á Smjörvatnsheiði og skildumst við með kærleikum og skömmu eptir að við kvöddumst vorum við Daníel komnir upp í gamlan og nýjan snjó. Það voru vegagjörðarmenn að gjöra við veginn. Þeir voru í tjöldum og hefur þeim víst ekki verið of heitt á næturnar. Jeg fór svo um kveldið að Kirkjubæ til sjera Einars Jónssonar[1] prófasts, sem er eins og þú veist alþingismaður, deildarstjóri o.sv.frv. Mjer þótti vænt um að sjá þar tímaritið "*For Kirke og Kultur*", en því miður var það óuppskorið. En það verður samt vafalaust skorið upp þegar vor-, sumar-, og haustannir eru frá og þá víst lesið ofan í kjölinn.

Daginn eptir fór jeg að Eiðum og hingað (þ.e. í gær) um kveldið. Jeg fjekk brjef frá Eskifirði rjett áðan. Dóttir Axels sýslumanns Agla liggur fyrir dauðanum og telur læknirinn henni ekki líf auðið. Biskupsfrúin er komin þar og Frederikke mágkona mín. Jeg fjekk brjef frá henni og biður hún kærlega að heilsa þjer.

Jeg hef verið að hugsa um, hvort jeg ætti að fara suður á Eskifjörð, þegar svona stendur á, en jeg hef það þó á tilfinningunni, að jeg auki sorgina ekki. Jeg held þvert á móti að Axel langi til að sjá mig og ræð því af að fara. Við megum þakka guði fyrir, hvað börnin okkar eru frísk. Kysstu þau frá mjer --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. St. á Seyðisfirði 25. júlí 1900

-- Jeg skrifa þjer að eins fáein orð með Egli til þess að láta þig vita að mjer líður vel. Amtráðsfundurinn er nú hálfnaður og jeg held að svo fari jeg upp á hjerað og síðan niður á Eskifjörð á sunnudaginn. Jeg vona að geta komist að Hofteigi 31. þ.m. svo að Nýjabæ á Fjöllum 1. ág., að Gautlöndum 2. og hinn 3. heim um kveldið.

Axel Tulinius og kona hans urðu fyrir þeirri sorg að missa dóttur sína; Agla. Henni var batnaður bronchitis, sem hún hafði í vor, en svo fjekk hún heilabólgu. Axel Tulinius kom auðvitað ekki á fundinn. Jeg man ekki, hvort jeg sagði þjer um daginn að Frederikke mágkona mín, var með biskupsfrúnni[2] á Eskifirði, hún skrifaði mjer mikið alúðlegt brjef þaðan. Jeg hef það ágætt hjá Jóhannesi sýslumanni, nema hvað jeg sef heldur lítið en ligg þess meir í rúminu á morgnana. Þó fór jeg á fætur í morgun um kl. 6 og varð stúlkan nærri steinhissa á þessari fótaferð.

Jeg var í fyrrakveld hjá Elínu Tómasdóttur og lækninum og af því að jeg vildi ekki toddy færði Elín mjer kaffi, eins og stúlkurnar fengu. Þau systkinin spiluðu fjórhent.

Litli Lárus[3] sonur sýslumannsins er með feber, sem hann er ekki laus við, enda hefur verið kalt í veðri hjer og sjaldan sólskin hjer í vor. Ekki er veðrið hjer eins gott og í Eyjafirði. --

Álfheiður Briem skrifar Páli E. Briem. Akureyri 25 Júlí 1900

-- Vertu margblessaður fyrir þín þrjú brjef, hvert öðru inndælla og kærkomnari. Rjett til reynslu ætla jeg að senda þjer línu með Mjölni sem á að fara í kvöld, en er reyndar ókominn frá Suðárkrók enn, svo líklega verður þú kominn á bak og burt þegar hann kemur til Seyðifjarðar.

Síðan þú fórst hefur okkur liðið vel hjer heima, en jeg hef opt saknað þín ástin mín, og fundist húsið autt og tómt, þjer til gleði ætla jeg strax að geta þess, að jeg hef gengið út á hverju kvöldi þegar veður hefur leyft. og hefur mjer þótt það hvað óskemmtilegast að labba svona einsömul, en "*Pligten frem for alt*" hef jeg hugsað, og svo á stað hvað sem tautaði.

---

[1] *Einar Jónsson (1853-1931) sem síðar var lengi prófastur á Hofi í Vopnafirði og alþingismaður. Hann átti Kristínu Jakobsdóttur frá Hallfreðarstöðum.*

[2] *Elina Marie, dönsk kona Hallgríms Sveinssonar biskups.*

[3] *Lárus Jóhannesson (1898-1977) síðast hæstaréttardómari.*

Biskupinn[1] blessaður kom aptur eins og til stóð sunnudaginn eptir að þú fórst, og var þá svo lasinn af sterka kaffinu og matarleysinu á Kaupangi, að hann háttaði kl. 6 um kveldið, og neytti einskis nema hænueggs og eins thebolla, og tók svo *opium*. Daginn eptir var visitasian og svo fór hann þriðjudag kl. 11 og ætlaði að Bægisá og þá bið jeg fyrir veika maganum á honum!

Mánudag kom Elín systir þín og sjera Einar, og Jón[2] svo um miðjan dag á þriðjudag út að Hofi, og svo Elín áleiðis með pósti daginn eptir, en slagveður hefur hún fengið, því hjer var versta veður allan daginn, annars hefur tíðin verið mikið óhagstæð fyrir okkur búandi fólkið. Á laugardaginn var hirtum við fyrst það sem úti var, og held jeg það hefði verið eptir af einhverjum að þurka um það leyti, en þegar dugnaður og framsýni fylgist að (hm, hm!) þá þarf jeg ekki að segja meira, og aldrei rigndi neitt flatt hjá okkur eins og öðru fólki hjer, en hálfgert vinnuleysi var það að dreyfa og taka saman dag eptir dag, það verða allt að 19 hestar góðir og gildir, og nú þýtur grasið upp aptur, svo jeg held það verði ekki neitt sjerlegt sleifarlag á búskapnum heldur en vant er!!

Annars er ekkert að frjetta úr borginni; litli Agnar[3] var jarðaður á föstudaginn var, og sjera Matthías fenginn til að segja yfir honum það sem sagt var og var það kynlegt, jeg hugsaði satt að segja að allir hefðu verið orðnir saddir af honum, en jeg sje að það hefur ekki verið, aumingja frúin bar sig mjög illa sem von var, þegar veikindi eru fyrir er mótstöðukrapturinn ekki mikill og aumingja Göja[4] mín, skyldi hún vera búin að missa litlu stúlkuna sína; það er sannarlega satt sem þú segir, elskan mín, við höfum guði mikið að þakka, bæði heilsu barnanna okkar, og svo ótal margt annað.

Það kom brjef frá litla Kristni með skipinu og leið honum nokkurnveginn vel eptir að hann hafði verið veikur hafði hann dottið ofaní einhverja for, og þá orðið að liggja eptir það, og sagðist finna til fyrir brjóstinu enn; guð gæfi hann yrði jafngóður af því sem fyrst, jeg er svo hrædd við svoleiðis byltur.

Í fyrrakvöld var jeg í miklu kveldboði hjá Norðmann, Sörensen, Havsten, Þorgrími Johnsen og ótal fleirum, ósköp er Soffí afundin og þversum, jeg hef sjaldan komið nálægt jafn óskemmtilegri konu og er það mikið sagt, mjer finnst hún líka hálfu verri en þegar hún fór. Nú hætti jeg, Mjölnir á að fara eptir dálítinn tíma -- og litla konan þín nýkomin á fætur. Þú ættir að vita hvað illa jeg sef síðan þú fórst, jeg er að vakna alla ... *Niðurlag vantar.*

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 14.8.1900.

-- Ég þakka þér sem best -ágæt bréf- Mátti stilla mig um að svara ekki, en ég sá að annars hefðu amtráðsmálin og Lögfræðingur haft verra af því. Ég þakka þér og hjartanlega fyrir Móse-bækurnar. Þeir máttu sannarlega þakka fyrir þá ritgerð í Tímaritið. Þegar ég kom að austan lá ritgerðin fyrir mér. Ég sleppti öllum amtráðsmálum og las hana út í einu. Skömmu síðar kom hér inn séra Geir (Sæmundsson) og lánaði ég honum ritgerðina.

Það hefur nú margt á dagana drifið síðan ég skrifaði þér síðast. Ég hef lokið við ritgerðina um menntun barna og unglinga almennt, þ.e. innganginn. Ég kem þar víða við og segi mína skoðun um hitt og þetta, trú, vísindi, blaðaskammir o.s.frv. sem enginn mun hafa búist við að finna í Lögfræðingi.

Landið er of strangt til þess að við getum verið trúlausir og siðlausir. Það er mín von að landið geri Íslendinga að betri og meiri mönnum, en önnur lönd gera sín börn, en mikið ákaflega erum við langt frá því, og aumast þó til þess að vita, hversu Íslendingar eru blindaðir af sjálfsáliti. Kemur dramb, kemur forsmán, segir máltækið.

Biskupinn (Hallgrímur Sveinsson) var hér hjá okkur um daginn og talaði ég um ýmsa hluti við hann, en merkilegt má það þykja að, þar sem hann er æðstur maður yfir menntamálum barna hér á landi, skyldi ég aldrei fá tækifæri til að tala við hann um menntun þeirra, og þó var ég þá að enda við ritgerðina um það efni. Biskupinn er besti maður, það skal ég sannarlega játa. En það er einhvern veginn svo *„pinligt“*, þegar maður er nýkominn frá útlöndum og hefur þar fyrir fáum vikum talað við gamla og gráhærða menn ens og prófessor Krabbe og Feilberg um alla heima og geima og rætt við þá um önnur eins *„projekt“* og stóra unglingaskólann, sem ég ætla að ræða um í næsta árgangi Lögfræðings, að geta ekki talað við neina hér heima um annað en veðrið og líkt.

Þegar hann vísiteraði hér þá komu, segi og skrifa sex börn til spurninga, en á Hofi komu 62 (?) börn hjá gamla séra Davíð. Það verður víst seinasta kirkjulega verkið hjá séra Matthíasi okkar að leiða þennan hóp fyrir biskupinn. En vonandi kemur einhver breyting við fráför hans, að minnsta kosti hefur kirkjan aldrei verið sótt eins vel og nú í sumar og er þó ekki vel. Því miður hefur séra Geir ekki *personlighed* eins og t.a.m. Sigurður

[1] *Hallgrímur Sveinsson biskup.*

[2] *Væntanlega Jón Helgason bróðir hennar.*

[3] *Agnar Stefán Klemensson (1896-1900) sonur Þorbjargar og Klemens Jónssonar sýslumanns.*

[4] *Göja vinkona Álfheiðar: Guðrún Hallgrímsdóttir (1875-1954) biskups Sveinssonar, kona Axels Tulinius, sýslumanns á Eskifirði.*

Sívertsen. Ég vona þó að honum geti áunnist eitthvað. Hann vill *(það gott)* fá nýtt orgel og á að afgera það í bæjarstjórn í dag. Ég vona það gangi. -- Ég hef heyrt til séra Geirs og líkar það miður vel, en hann talar svo um sem enginn vilji eða muni vilja sinna því sem hann segir. Ég vona að það hverfi þegar tímar líða fram.

Þú minnist á prestkosningalögin. Það væri auðgefið að fá þau afnumin, ef menn ímynduðu sér að kirkjustjórn væri betri. -- hefði kirkjustjórnin getað notað prestkosningalögin betur. --

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 4.9.1900

--Það er langt síðan jeg skrifaði þjer, en jeg hef líka verið í mesta máta upptekinn síðan jeg skrifaði þjer seinast. Jeg frjetti af þjer öðru hverju að sunnan og gleð mig yfir því að ferðin til Suðurlandsins veitti þjer mikla ánægju. En heldurðu samt að Ísland sje túristaland. Jeg efa það mikið og jeg efast um að það sje rjett að efla turistaferðirnar hjer á landi *kunstigt* nema á milli Reykjavíkur og Geysis. Þar ætti að geta orðið svo mikill straumur að menn hefðu gagn af því. Þú minntist á að það muni vera veðramót í ísl. pólitík og ísl. sögu. En ekki finnst mjer vera mikið veðramót í fólkinu. Með bróður þínum verður líklega kosinn Hjaltalín; maður sem segja má að hafi í raun rjettri eyðilagt Möðruvallaskólann svo að þangað fara betri menn ekki að senda syni sína og sem t.a.m. fór á svo sem túr í tvo daga er Ceres var kominn, og maðurinn, sem gjörir hjer húsverkin, fór suður á götuna til að ráðstafa Hj., því að þá vissi hann ekki sitt rjúkandi ráð. Enginn bóndi hefur hjer svo mikla menntun að hann sje sendandi á þing og sama er að segja um Skagafjörðinn.

Landið er erfitt, en landið er gott og líkt má segja um fólkið. - það kom hjer inn áðan maður sem hafði haft 4 Færeyinga út í Hrísey nú um sláttinn og grætt á að halda mennina um 1000 kr. alls yfir, og þó er þetta ekki talið neitt gott aflaár.

Okkur hjónum líður mikið vel. Kona mín er orðin mikið góð í handleggnum og þó ekki albata. Jeg vaknaði í morgun við það að Eggert litli - hann er liðlega 2 ára var að ganga í rúminu. "Þú mátt ekki vekja hann pabba þinn", sagði kona mín, en drengur svaraði: "Koma til pabba" og þegar hann sá að jeg var vaknaður sagði hann ekki góðan daginn eða neitt þess háttar heldur að eins: “Segja sögu, pabbi". Svo mátti jeg til að fara að segja söguna um lambið og úlfinn og svo dæmdi hann á eptir að úlfurinn væri vondur og lambið gott. Meðan við vorum að ræða um þetta fór kona mín að klæða sig. Þá vaknaði Hilda litla og vildi endilega koma í mömmu rúm, en þá fór jeg nú að klæða mig, en í því rekur Kristinn litli inn höfuðið og hann er nú svo siðlegur að segja góðan daginn: "Mamma", segir hann, "í hverjum jakkanum á jeg að vera". Hann ætlar sem sje á silungsveiðar með Manga litla, syni sjera Matthíasar og er heldur umhugað um að verða ekki of seinn. Jeg fer svo niður, en eptir litla stund eru börnin klædd og Eggert á undan og kallar nú svo sem hann getur: "Pabbi, gef mjer graut". Hann er mesti ribbaldi og matmaður og hefur komist á það að borða með mjer hafragraut á morgnana. Veðrið er inndælt og blæjalogn svo að jeg fór með krökkunum upp í lautina. En eptir litla stund settist jeg við skrifborðið og fór að skrifa um fjárkláðann embættisbrjef.

Laura var að koma áðan og sagði þær frjettir að Sigurður Stefánsson væri fallinn og Hannes Hafstein kosinn með Skúla. Stefán kennari er kosinn í Skagafirðinum. Hjer verður kosið á laugardaginn. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Klömbrum. 12.9.1900.

Segir ferðasögu og að hann hafi frétt af kosningu Ólafs bróður hans Skagafirði; Hannesar og Skúla í Ísafjarðarsýslu, Klemensar og Stefáns í Fagrask. í Eyjafirði. Þá féll Hjaltalín. Fleiri kostningafréttir. Lýst eigi vel á sigur Valtýinga.

Páll E. Briem skrifar Jóni Jónssyni frá Múla. Akureyri. 13.9.1900.

-- Besta þökk fyrir hjálpina með baðlyfin og bréfið frá 9. þ.m. Það er ergilegt að vita ekki um kosningarnar hjá ykkur. Jeg heyri sagt að Jóhannes sýslumaður hafi farið með 80 atkvæði úr Seyðisfirði en Ólafur Davíðsson með 70 atkvæði úr Vopnafirði. En hvort nokkuð er hæft í þessu veit ég ekki.

Jeg segi sama sem þú um séra Sigurð Stefánsson. Hann á upptökin að því hvernig menn litu á miðlunina eftir 1889, landinu til mikils tjóns og þetta gerði hann eingöngu af öfund gegn mér. Ég fann hvers ég mátti vænta 1887 og skrifaði Torfa það að Sigurður myndi snúast á móti á næsta þingi.

Ég hef nú tekið mér hvíld um tíma og skemmt mér við stjórnmálasögu Kanada sem ég þarf að skrifa einhverntíma og sé ég af henni betur og betur að miðlunin er hið eina rétta og að hún ryður sér til rúms hér á landi þegar landið hefur, eða réttara sagt finnur til þess, að það hefur þörf á öflugri stjórn. Valtýskur ráðgjafi er aðeins millibilsástand hvort sem það verður lengra eða skemmra. Ef sá valtýski ráðgjafi fellur, þá er annað fyrir hendi og það er stjórn í gegnum félög, búnaðarfélag, menntamálafélag o.s.frv. *Forelöbig* höfum við fjárráðin og það er ekkert sem vantar annað en vitið til að nota þau.

Þú minnist á að ég bjóði mig fram til þings við næstu kosningar, en satt að segja er mér ekki um það. Ég á margt ógert sem ég þarf rækilega að hugsa um: menntamálið 1901, sjálfsábúð 1902, verslunina (iðnað, samgöngur, skattamál o.s.frv. sem standa í sambandi við landsverslun) 1903-4. Svo þarf ég að rannsaka

stjórnmálasögu Kanada, goðavald í fornöld og ýms mál snertandi réttarheimspeki, sérstaklega spurninguna um það: hversvegna og hvernig á að hegna mönnum, hvernig á þjóðveldið (Demokratíið) að forðast afvegaleiðslur o.fl. Þú sér því að ég hef ekki svo lítið á minni könnu og ég er að ýmsu leyti vel settur til þess að geta rannsakað þetta. Jeg kann vel við mig og þó að mér byðist önnur staða þá veit ég hverju ég sleppi, en ekki hvað ég hreppi. Mér finnast þessi málefni, sem ég þarf að rannsaka svo mikilsverð að ég eigi þeirra vegna ekki að bjóða mig til þings og það er nú svo komið að þingið fer vonum bráðar að hugsa um mín áhugamál. Á kosningafundinum hér töluðu þingmannaefnin um sóttvarnir, ábúðarlögin, menntamálið og fjárkláðann í líkum, eða sama anda, sem ég hef talað, meira að segja Hjaltalín, og þá skal nokkuð til.

Ég hef nú talað nokkuð mikið um sjálfan mig en það er samt eitt mál sem ég vildi minnast á við þig og það er sjávarútvegurinn. Ég ætlaði að segja þér í fáum orðum frá hugmyndum mínum um hann: Það sem mjög þjakar menn er beituleysið. Fyrir því þarf að mynda kerfi af íshúsum kringum allt land og hafa svo gufubát með ísgeymslurými; og hvar sem veiðist beitusíld, þá á báturinn að sjá um að flytja hana til íshúsa sem vatnar beitu. Á þann hátt á að sjá um að það sé ekkert það fiskiver til á landina þar sem menn fari á mis við afla vegna beituleysis. Þetta skiptir landið tugum og ég vil segja hundruðum þúsunda. Í annan stað þarf að hafa gufuskip til þess að flytja sjómenn úr einni verstöð í aðra. Það hefur ekki þótt mikið fyrir Eyfirðinga að senda menn til Hríseyjar, en ef gufuskip tekur sjómennina á sína arma, þá á ekki að vera erfiðara fyrir Austfirðinga að fara á vetrarvertíðinni vestur í Bolungarvík o.s.frv. Ég get nú ekki skrifað um þetta, en ég hef beðið Ísak Jónsson að skrifa um íshúsin og vona ég að mér líki það. Ef þetta kemst á og við útrýmum fjárkláðanum, höldum markaði á Englandi, förum að starfa að velferðarmálum þjóðarinnar af kappi og einingu, þá kemur aftur trúin á landið, þá þarf ekki að bera kvíðboga fyrir óeðilegum útflutningi.

Ekki get ég séð neitt á móti að þú sækir aftur um umboðið en vonandi verður staða þín eystra þolandi. Þú minnist á umboðið í framtíðinni. Þorbergur var hér í dag og ætlar að sækja og satt að segja finnst mér hann hafa mikla kosti. Hann skrifar ágæta hönd, vanur skrifstörfum, hefur verið settur sýslumaður og duglegur í málaflutningi, efnaður, reglusamur og duglegur. Mér finnst Þorbergur vera mjög hættulegur fyrir Sigurð á Ystafelli og mér finnst að Jón Ólafsson eigi mjög erfitt með að fara í mál. Annars er nógur tími til að tala um þetta því að umsóknarfrestur er til 1. apr. að ég vona. Heilsaðu Jóh.[1] sýslum. kærlega og vertu sjálfur sem best kvaddur í bráð og lengd af þínum einl. vini. Heilsaðu konu þinni frá mér. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 17.9.1900.

Fegin að HB dró til baka framboð sitt í Hún.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Sauðárkrók 18.9.1900.

Í Húnavatnssýslu. sigruðu Hermann á Þingeyrum og Jósafat á Holtastöðum, báðir andstæðingar Valtýs. Kom á Sauðárkrók, heimsótti Eggert bróður sinn. Var Elín hjá þeim hjónum.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Álfgeirsvöllum. 25.9.1900.

Ræðir stjórnmál og kosningar. Segir frá Elínu og að hún ætli að kenna teikningu í Kvennaskólanum.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Rvík. 25.9.1900.

Segir af endurbótum á húsnæði, hreinsun og að sjálf hafi hún veggfóðrað (sýnil. flutt í hús Elínar v. Bókhlöðust. og geti leigt út frá sér). Vilhj. bróðir H.E.B. er kominn frá Höfn en Steinunn varð eftir til að ljúka tónlistarnámsk. er hún sótti. Hann býr í húsinu hjá Susie í herbergi Elínar, virðist við góða heilsu (hefur ekki heyrt hann hósta). Hannes og Ragnh. Hafstein eru komin til að vera viðst. jarðarf. Elínar systur Hannesar. Jarðarförinni frestað þar sem Lárus sýslum., maður hennar, komst ekki suður vegna kosninga. Haldin veisla þeim til heiðurs, Susie boðin. Eggert Eiríksson Briem fer á Bíldudal til kennslu, en reiknað er með að þegar hann komi aftur fari hann í Viðey. Óskar Halldóri til hamingju með að hans flokkur hafi sigrað í Húnavatnssýslu.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 1.10.1900

-- Bestu þakkir fyrir tilskrifið og Snorra Eddu. Mikið ritar þú og starfar. Mjer þykir nærri ótrúlegt hvað þú afkastar miklu. En farðu gætilega með heilsuna. Í dag er stórhríð á norðan og mikil hætta á að fje fenni, en líklega kemur nóg um það í blöðunum.

Mjer þykir gaman að því sem þú skrifar mjer um Grágás. En nú skal jeg í stuttu máli segja þjer mína skoðun, sem jeg reyndar hef aldrei haft tíma til að rökstyrðja eða rannsaka nákvæmlega.

Veturinn 1117-18 var Hafliðaskrá rituð. En eins og að líkindum ræður var hún ekki mjög löng eða vel nákvæm og þurfti því að breyta ýmsu og svo voru ýmsir lögmenn (lagamenn) sem gátu sagt nánar og ljósar.

[1] *Mun vera Jóhannes Jóhannesson sýslumaður á Seyðisfirði.*

Ritöldin var ekki byrjuð að neinu ráði, en Hafliðaskrá var geymd vel og vandlega. Þá (1130-40) voru sett lögin: "Þat skal alt hafa er firz a skö þeirre er haflide let gera nema þocar se siþan, en þat eitt af anara lög manna fyrir sögn er eigi mæli því igegn. ac hafa þat alt er hitzu leifir eða glögra er". Nú leið og beið. Menn fóru að skrifa upp Hafliðaskrá en feldu fyrst og fremst allt burt sem fellt var úr gildi?, tóku upp það sem breytt var og öll nýmæli og svo af fyrirmælum (sögu sögnum) ýmsra lagamanna sem var glöggara en Hafliðaskrá hafði eða hún leifði þ.e. talaði eigi um. Sjerstaklega fannst biskupum nauðsynlegt að fá sem allra bestar lögbækur og fengu þær þá brátt mikið álit á sig - einkanlega skráin í Skálh. Lagahandritin voru rituð eptir Hafliðaskrá og handritum af viðaukagreinum og viðaukagreinarnar skeyttar inn í Hafliðaskrá og úr henni fellt eptir því sem ritara þótti best. Auk þess sem ritarinn ef til vill breytti orðum, eins og venjulegt var í öðrum handritum. Handritin urðu nokkuð mismunandi en þó í heild sinni mjög lík þar sem þau jusu af sama brunni o: Hafliðaskrá, nýmælum og fyrirsögnum lagamanna. Þegar svo var komið þurfti að fá skýlaus lög um lagagildi handritanna og þá voru sett lögin: "Þat er oc at þat skolo lög vera alane her sem á scröm standa. En ef scrár skilr á, oc scal þat hafa er stendr a skröm þeim er byscopar eigu. Nu skilr en þeirra scrár á, þá skal sv hafa sitt mal er lengra segir þeir orðum er male scipta iafn langt oc þo sitt hvar. Þa scul su hafa sit mal er iscalhollti er". Jeg held að þessi lög sjeu sett seint. Jeg hygg að það hafi helst ekki verið gjört fyrri en á dögum Páls Jónssonar eða Magnúsar Gissurarsonar biskupa, en það er alls ekki seinna en 1236. Eins og jeg tók fram áðan þá hef jeg ekki haft tíma til að rannsaka þetta nákvæmlega, en það er ekkert sem jeg hef fundið gagnstætt þessu.

Það er sjerstaklega mjög nauðsynlegt að ákveða aldur skinnblaðanna AM 315 fol D., því að þegar þau eru rituð þá eru auðsjáanlega komnar á ýmsar skrár. Ef þetta handrit er t.a.m. c 1170-1180 þá er auðsjeð að hver skrá er búin að fá sinn sjerstaka blæ. Þetta handrit hefur bæði orð sem eru einkennileg fyrir konungsbók og Staðarhólsbók og svo hvert fyrir sig og þau bæði sameiginlega. Til þess nú að gjöra hugmynd mína ljósari þá verð jeg að setja í ættartöluform. --

> *Hér hefur hann teiknað töflur o.fl. til að skýra sitt mál. Þessu er sleppt enda torskilið þeim sem afritar.*

-- Jeg vil nú ekki segja að þetta sje alveg rjett, en jeg held þó að þetta sje nærri lagi. Mig langaði sjerstaklega til þess að prófa skyldleikann á Kristinn rjettunum því að handritin eru þar svo mörg, en því miður hef jeg ekki haft kringumstæður til þess að rannsaka þau nákvæmlega. Jeg læt svo úttalað um þetta og set þetta að eins þjer til velvildarfullrar athugunar.

Jeg hef ekki sjeð kristnitökur Ólsens, en af ritdómi Eiríks Magnússonar í Verði ljós þykist jeg sjá að það sje hroðalegt bull. Það má til að skrifa á móti því um goðana. Þekkir þú nokkurn ytra sem getur það. Mjer leiðist að fara ef til vill í ritdeilu við Ólsen. Fornaldarsögu Hallgríms hef jeg lesið nokkuð í og þykir mjer hún raunalegt rit; bæði framsetning, tilfinning og skynsemi er mjög bágborin. Mjer svíður það þegar farið er svona með söguna. Annað rit sendir Þvf. frá sjer lítið betra, einnig sögu. Þessir menn gætu ef til vill útlagt gott rit, en í þess stað fara þeir að endursegja og eyðileggja þá allt veslingar.

Nú lítur út fyrir að Valtýskan sje fallin við kosningarnar. Arnljótur er kosinn í hinu gamla kjördæmi Sveinssonar, Norður-Þingeyjarsýslu. Það lítur helst út fyrir að menn vilji fyrst um sinn una við stjórnarskrána okkar. Það er árangurinn af þessari nær 20 ára stjórnarskrárbaráttu, og má ef til vill segja um þetta að það sje ver farið en heima setið.

19. okt. Jeg ætlaði að skrifa þjer nákvæmnar um Grágás, en hef aldrei haft tíma til þess og læt því þetta flakka. Athugaðu Kristinrjettinn. Jeg er sannfærður um að þú hefur þar mynd af Grágásarhandritum, eins og þau voru um 1260. Handritin sem St. og K. eru rituð eptir hafa beinlínis verið lögleidd sem lög og þess vegna er það í raunrjettri alveg villandi, þegar Maurer og aðrir kalla þær Retsböger, enda segir Hertzberg að hin fornu lög liggi mjög nærri því að vera lögbækur.

Jeg hef nú sjeð bók Ólsens og er hún að ýmsu leyti vel skrifuð, og allt öðru vísi en ritdómur Eiríks Magnússonar bendir til. Það er samt að mínu áliti alveg rangt, það sem hann segir um goðana, og furða jeg mig á því að Ólsen skuli, mjer liggur við að segja, dirfast að bera sumt fram gagnstætt skoðunum Finsens, eins og F. hefði ekki skrifað neitt.

Tíðin hefur verið mjög leið í haust, en nú er þó komin góð hláka. Svo er að segja frá heimilinu og er þar geymdur besti bitinn.

Við hjónin eignuðumst dóttur 7. þ.m. mikið efnilega að sjá, jarphærða með blá augu og var nýfædd 19 merkur.[1] Hún sefur liðlega 20 kl.tíma í sólarhring og vaknar rjett til að drekka brjóstamjólkina hjá móður sinni. Konu minni hefur heilsast vel og fór hún dálítið á fætur í gær og varð ekkert meint við. Hún biður hjartanlega að heilsa ykkur og svo kveð jeg þig með kærum kveðjum til þín og konu þinnar. --

[1] *Friede Ingibjörg Briem (1900-1997).*

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 4.10.1900.

Heldur áfram vinnu við sögu Íslands. Segist hafa fengið hrós fyrir að hafa dregið sig í hlé í Húnavatnssýslu og stutt "flokkinn". (?)

Hjaltalín var óánægður með að falla í kosningunum. Séra Arnljótur var kosinn í N-Þing. 77 ára. Ánægður með kosningu Tryggva í Rvík.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 8.10.1900.

Ræðir húshald, gæslu húss Elínar, hvað hún fái fyrir það. Sjálf er hún komin með sjálfstætt húshald og er með tvær stúlkur í kosti.

Segir frá útreiðartúr til Hafn.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 11.10.1900.

Vilhjálmur bróðir hans hefur endurheimt heilsuna, Steinunn kona hans kennir tónlist.

40 nemendur í skólanum.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 12.10.1900.

-- Ræðir kröggur Torfa og gefur honum ráð. Einnig Lögfræðing og grein sína um menntun barna og unglinga; fjárhagslegan samanburð sem þörf sé á að gera um búnaðarskólana. Segir Björn sýslumann (Bjarnarson) fara á þing. Ég hélt ekki upp á loftkastala séra Jens, en þó eru loftkastalar Björns miklu undarlegri. Illa við að margir sýslumenn séu á þingi og rökstyður það. Segir Valtýskuna fallna en margir mótsöðumenn hennar vilja engar breytingar.--

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 21.10.1900.

-- Ég þakka þér mjög vel fyrir tilskrifið frá 9. þ.m. og fyrir greinina í *Ljósinu* um menntagreinina.[1] Fyrst og fremst er það hressandi að fá slíkar greinar. Það er einhvern veginn svo tómlegt að skrifa um áhugamál og fá svo fólkið ekki til að lesa eða tala um málið. Heilsaðu Haraldi Nielssyni[2] kærlega með þakklæti. Ég er viss um að það er gott verk að tala um menntunina hér á landi.

Það er einkennilegt, að mér finnst það sem ég segi um trúna hafi haft áhrif hér í bænum. Klemens Jónsson kemur hér um bil aldrei í kirkju, og ég hef aldrei heyrt hann minnast á trú eða kristindóm og sama er að segja um Pál Jónsson barnakennara. Þegar ég heyrði hið aumlega leikrit hans: *„Skjaldvör“* fannst mér hann beinlínis gera skop að bæninni. En nú þegar barnaskólinn var opnaður og vígður, þá fóru báðir þessir menn að óska yfir henni blessun guðs, ekki beinlínis með hjartnæmum orðum, en þó svo að það átti vel við. Séra Matthías og séra Björn í Laufási töluðu mikið um efnið, hvað guðsóttinn og trúin væru nauðsynleg, og er mér nær að halda að þeir, sérstaklega Matthías, hefðu eigi verið eins margorðir um það, ef þeim hefð eigi fundist þeir hafa stuðning, því að satt að segja er fólk hér mjög *„irreligiöst.* Það sækir mikið betur krirkju hjá séra Geir en hjá séra M., en þó vantar mikið á að vel sé.

Þú minnist á að langt muni eiga í land að menntunarhagir okkar verði „*reformeraðir*“ og er það alllíklegt. En samt finnst mér nú vera talsvert meira andlegt líf hjá þjóðinni, en nokkru sinni áður og að það sé um að gera að smíða meðan járnið er heitt. Sérstaklega er að byrja andleg hreyfing hjá prestunum, sem ekki má hverfa í sandinn. Og það er gróflega hætt við að svo fari, ef prestarnir geta ekki komð saman. Ég er alveg samdóma því, sem séra Sigurður mágur okkar, segir í Ljósinu, en ég finn samt á honum, að það varir ekki lengi þangað til hann þreytist. Mér finnst það vera lífsnauðsyn að prestarnir geti komið saman. En hvernig á að fara að því? Samskot? Landsfé? --

Það eru prestarnir sem eiga að bera uppi hið andlega líf hér á landi. Sérstaklega ber ég ekkert traust í því efni til lögfræðinganna. Það er rétt sem þú segir um sýslumennina, að þeir vilji „*gefa greifann*.“ Laun þeirra eru viðunandi, en samt verður að fara mikið sparlega með þau. En flestir eru þeir á kúpunni. --

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Ódagsettur bréfhluti. Nóv. 1900?

-- vil ég láta setja upp lýðháskóla í Reykjavík og skylda alla að ganga í hann, jafnt karla sem konur. Ég er í mestum vafa með kennnslu

Mér þykir vænt um það, sem þú segir um kjör prestanna. Ég hafði alveg hinar sömu skoðanir sem þú, að það væri engin þörf á að hugsa um tekjurnar. Prestarnir gætu komist af, og þá væri nóg. En eins og þær eru, það eru þær blátt áfram skömm fyrir þjóðina, og hafa hin kristindómsins. Einu sinni var ég að hugsa um að til þess

[1] *Páll Briem: Um menntun barna og unglinga í Lögfræðingi, 5. árg. 1901.*

[2] *Haraldur Nielsson (1868-1928) síðar guðfræðiprófessor,*

væri fenginn besti prestur landsins á víxl, en ég held að ég hallist þó heldur að því, að til þess séu teknir ungir kandídatar, því að þeir verða líklega fullt eins lifandi. Ég þykist vita, að þú skiljir ekki nokkra agnar ögn í þessu, en sem sagt. Ég er í mestum vandræðum með að sjá kristindóminum borgið í þessum skóla, sem ég hef á prjónunum, og hef haft í huga, nú í 11 ár.sorglegustu áhrif fyrir þjóðina. Prestar geta ekki keypt bækur, og þó þeir hefðu bækur, þá verða þeir að vinna og strita, og svo bætast við hreppsnefndarstörfin, sem þeir, eins og aðrir, eru kúgaðir til að vinna fyrir ekki neitt. Prestarnir verða því menntunarlausir hugsjónaleysingjar og er þó af guði og náttúrunni kallaðir tl að vera leiðtogar þjóarðinnar.

Prestarnir eru svo andlega kúgaðir og andlega volaðir, að þeir geta ekki einu sinni fundið til þess, hversu ástand þeirra og hugur er langt frá því að vera eins og það á að vera. Það eru samkomurnar, sem eiga að vekja þá, og ég held að engum peningum væri betur varið, en til þess að styðja samkomur þeirra og guðhræddra leikmanna.

Ef ég gæti nokkru ráðið á þessu landi, þá væri það eitt af mínum fyrstu verkum að fá 4-10 þús. krónur til slíkra funda, ekki aðeins til þess að prestarnir sjálfir komi saman, heldur og til þess að ungir kandídatar og helstu menn kirkjunnar gætu flutt fyrirlestra og unnið að, mér liggur við að segja, kristniboði og kristilegri vakningu meðal prestastéttarinnar.

Ef ekki er hægt að styrkja prestana til að koma saman og prenta prestatíðindi, þá er þessi hreyfing hér norðanlands því nær dauð. Þó að biskupinn hefði komið á síðasta fundinn, þá hefði hann að ég ímynda mér orðið ennþá daufari í dálkinn.

Ég held ofurlítið áfram að minnast á hina fjárhagslegu byrðar Íslendinga, Ég talaði nokkur orð um eftirlaun í Stefni, sem sýna að eftirlaun og styrktarfé eru í Danmörku þrefalt til fimmfalt hærri í Danmörku en hér á landi. --

Aumingja séra Pétur frá Grímsey hefur það verra en aumustu tómthúsmenn hér. Ég skrifaði fyrir hann bænaskrá, sem á að ganga til biskups og landshöfðingja. Hann biður um 600 kr. á ári. Ég skil ekkert i hvernig menn geta ímyndað sér að prestar geti lifað nema eins og þurfamenn af eftirlaunum, eins og þau eru útilátin. En sá almenni hugsunarháttur!

Ég skýrði frá því í ræðu um barnaskólann að í Lundúnum væru lagðar á sem bæjargjöld 54 kr. á menn og af því fengi skólinn mikið; alls fengi hann með tillagi úr ríkissjóði 12-13 kr. á mann. En þegar ég hafði lokið minni ræður, þá hélt Matthías ræðu um að 1 kr. hér á mann væri alveg eins mikið fyrir okkur eins og 54 kr. á mann í Lundúnum; aðvitað tek ég ekki tillit til slíkrar fjarstæðu frá séra M. En hitt var meira að áheyrendurnir hafa vafalaust trúað séra Matthíasi algjörlega.

Yfirlýsingarnar eru óhæfilega frá B.M.O. og þeim G.Z.,[1] en fátt er svo illt að ekki fylgi nokkuð gott. Þær eru talandi vottur um ástandið eins og það er við skólann.

Líklega sleppi ég að dæma um Kristnitökurit B.M.Ó., sem er að mörgu leyti gott rit.. Finnur (Jónsson) sendi mér um daginn ritgerð um fornlögin til yfirlits. Ritgerðin á að koma í bókmenntasöguna. Ég skrifaði Finni athugasemdir, 64 bls. í kvart, og þar talaði ég um goðavaldið og kristnitökuna m.m. Ég vona að Finnur minnist á þetta og sleppi því mínu. En ef Finnur nefnir ekkert í sínu riti, þá líklega segi ég eitthvað, t.a.m. að ári, án þess að *anmelda*[2] rit B.M.O. - en ég segi þér alveg satt að B.M.O. verður mjög gramur, ef skoðanir hans eru hraktar, þó að honum, að öðru leyt væri hælt, eins og líka má.

Þegar Torfi í Ólafsdal hrakti alveg *saglig* ritgjörð Árna Thorsteinsson[3] um súrhey, gat Á.Th. engu svarað. En hann hefur reynt að hefna sín á Torfa á alþingi. Nei - Íslendingar geta ekki þolað neina krítik, sérstaklega ekki á vitleysum sínum, og er það þó hart, að geta ekki skrifað um vísindaleg málefni, án þess að vera svarnir óvinir og hatursmenn hvers annars. -- Nei. Ég vona að ég þurfi ekki að tala um kristnitökuritið að sinni. --

Annars hef ég mætt allt öðru hjá Guðmundi Björnssyni.[4] Ég skrifaði einu sinni mjög hart um hann út af ætluðum mótmælum gegn mér. En það hefur leitt til vináttu milli okkar. Ég fékk nú með pósti bréf frá honum upp á 7 síður. Ég hafði sent honum upplýsingar um heilbrigðimál, sem honum kom vel að fá.

30.11. -- Rétt áðan var að skrifa séra Þórhalli,, en þar var nú allt um landbúnað og þess háttar. Mér finnst ég ekki geti verið að minnast í bréfum til hans á mikið annað. Ég er nærri hissa á, að hann skuli skrifa jafn veraldlega ferðasögu í *Verði ljós*, því að ég held jafnvel að ég gæti minnst á margt úr minni ferð í vetur, sem mundi betir eiga við í *Verði ljós* --

Ef ég hefði tíma, þá þætti mér gaman að minnast á sumt af því sem ég sá og heyrði í Berlín. -- Ég var þar ekki nema liðuga viku, en ég sá svo margt og lærði að þekkja svo margt, sem ég ekki gleymi meðan ég lifi. --

---

[1] *Sennilega Björn M. Olsen, rektor og Geir Zoëga yfirkennari og síðar rektor Latínuskólans.*

[2] *Skrifa dóm um.*

[3] *Árni Thorsteinsson (1828-1907), landfógeti og settur yfirdómari. Um súrhey, Rvík. 1887.*

[4] *Guðmundur Björnsson héraðslæknir í Reykjavík, kennari við læknaskólann og síðar landlæknir.*

Segir frá heimilinu aðallega frá tveggja mán. gamalli dótturinni, Friede Ingibjörgu og heilsu Álfheiðar og líðan hennar í handlegg.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 28.10.1900.

Bréfið er 66 handskrifaðar blaðsíður.

--Ég fékk í gærkveldi bréf þitt frá 12. þ.m. og ritgerð þína um ísl. lögin og þakka ég þér hvort tveggja kærlega. Jeg hef nú lesið ritgjörð þína í dag og sest þegar niður til þess að skrifa athugasemdir við hana í tómstundum mínum, en þú verður að virða á hægri veg þó að ég, ef til vill rökstyðji illa og setji skoðun mína fram með nokkuð mikilli, ef svo má segja, fullvissu og harðneskju því að jeg veit að þú tekur það fremur sem vott um sannfæringu mína heldur en óvirðingu fyrir skoðunum þínum.

Jeg verð þá fyrst og fremst að segja að mér þykir þér hafa tekist mjög vel á mörgum stöðum. Það er nærri skáldlegur blær og því næst fagur á ýmsu er þú segir um lögin --

2. nóv. Ég hef nú lesið yfir þetta langa bréf og finn að sérstaklega síðari hlutinn er nokkuð þreytu- og flýtislegur; jeg hefði þurft að umrita hann í hægðum mínum til þess að gera hann ljósari, en jeg hef ekki tíma til þess. Jeg vona að þú skiljir hann og lesir í málið. --

6. nóv. 1900. Nú er Mjölnir loksins kominn. Hann á að fara til Sauðárkróks og þaðan beint til útlanda. Jeg get aðeins sent þetta sem ábyrgðarbréf en ræð þó af að senda það með Mjölni fyrst ferðin verður svona fljót. Handrit þitt er í öðru ábyrgðarbréfi. --

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 31.10.1900

--Innilegar þakkir fyrir tilskrifið frá 12. þ.m. og ritgjörðina um lögin og þetta traust, sem þú sýnir mjer. Jeg fjekk þetta eptir að Vesta var farin og gat því ekki skrifað þjer þá, en síðan hef jeg getað haft einn dag og skrifaði þá athugasemdir við §1, en svo hef jeg engan tíma haft. Jeg vona fastlega að geta fengið einn dag bráðlega til þess að athuga §2 og svo sendi jeg allt með pósti hjeðan að viku liðinni. Það er besta ferðin, því að jeg set ábyrgð á ritgjörðina, en það getur maður ekki með Egli. Brjefið verður svo 6 vikur á leiðinni og það er auma tímalengdin. En hvað skal segja. 7. þ.m. eignuðumst við hjónin dóttur. Kona mín er orðin vel frísk og dóttirin dafnar vel. Þetta er mikið gleðilegt og ánægjulegt. Veðrið hefur verið gott nú síðustu daga. Um pólitík er ekkert að skrifa. --

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum, 6.11.1900

Spyr hvernig hann eigi að blanda sauðfjárbaðmeðal.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 7.11.1900.

Er í vandræðum með reykjandi ofn í herberginu. Segir frá leikriti eftir sig sem sett verði upp á Ak. næstu daga. Spyr um gengi húsmæðraskólans (í Rvík) þótt Elín sé ekki viðriðin hann, þar sem hún sé hjá Eiríki bróður sínum.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 9.11.1900.

Segir frá lífinu í húsinu. Sjálf er hún með þrjár stúlkur í kosti.

Vilhjálmur Briem hafi lítið fengið að gera. Steinunn kona hans hefur ekki mikið að gera við saumakennslu.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 9.11.1900.

Ýmsar útréttingar ásamt heillaóskum v. fæðingar Friede Ingibjargar. Kara, dóttir þeirra Sigurðar og Guðrúnar fæddist 1. apríl og er hin frískasta.

Segir frá frumvarpi sínu til póstlaga og fyrirkomulagi burðargjalda ásamt hugmynd að póstávísanakerfi og breyttum burðargjöldum.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 12.11.1900.

--Til allrar ólukku sendi jeg ritgjörð þína og brjef mitt viðvíkjandi fornlögum vorum með "Mjölni", sem mjer var sagt að mundi hafa svo mjög fljóta ferð, en sem jeg heyri nú að muni hafa flækst til Vesturlandsins og ef til vill ekki koma til Hafnar fyrri en eptir mánuð. Brjefin voru bæði "*anbefölud*" svo að jeg er viss um að þau koma á sínum tíma til skila nema ef skipið ferst. Ef hægt væri að assúrera brjefin, þá væri það gott. Þau voru sett á pósthúsið á Akureyri sem *NB brjef* með fullri utanáskript til þín og ritað á þau: *Manuskrift*, daginn 6. þ.m. og kvittað fyrir af *Postespedient* H Schiöth á Akureyri.

Jeg skrifaði þjer ekki um ritgjörð, sem víst er nauðsynlegt að sjá, jeg hef ekki getað fengið hana; hún heitir "*Dauteronomium und Grágás*" eptir Dr. Klostermann, prófessor í Kiel. Getur þú gefið mjer upplýsingar um, hvernig ætti að fá hana. Hún er líkega prentuð í einhverju tímariti. --

Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda, 15.11.1900.

Ræðir um heilsufar konu sinnar og yfirhöfuð í sýslunni. Óskar Páli og Álfheiði til hamingju með dótturinnar.[1] Þakkar skrif P.E.B. um landbúnaðinn og vill fremur leggja eitthvað til hans en símans. Vill fækka búnaðarskólum í einn og gera betur í þeim eina. Ræðir jarðabætur í Safamýri[2] sem P.E.B virðist eiga hlutdeild í.

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 25.11.1900.

Svar til Jóns sem sýnist hafa beðið Pál um að greiða fyrir Stefáni Kristinssyni (1870-1951) guðfræðingi, þá heimiliskennara á Akureyri, sem virðist hafa verið að undirbúa framhaldsnám í Danmörku og Þýskalandi. Það mun ekki hafa orðið af, því honum voru veittir Vellir í Svarfaðardal þar sem hann sat síðan og varð fljótlega prófastur í Eyjafjarðarprófastsdæmi. Hafi honum staðið til boða styrkur úr sjóði Hannesar Árnasonar til Danmerkur- og Þýskalandsferðar.

-- Ef mér hefði boðist slíkt á mínum kandídatsárum hefði ég ekki verið lengi að hugsa mig um. Stefán er víst ákaflega feiminn -- hef ég ekkert fengið út úr honum. -- þykir daufur kennari og gefur sér ekki tíma til að lesa eina einustu bók. --

Séra Geir hefur ekki nokkrar andlegar *interessur* og þó eru ræður hans góðar. Hann er í andlegum flokki með biskupi, svo þú skalt ekki ímynda þér, að hann lífgi upp prestafundina hér nyrðra. --

Ég tala við fáa og fæsta af þeim hef ég gaman af að tala við. En ég hef mínar bækur og mitt skrifborð og svo heimilið náttúrlega. Það er mér nóg og ég uni vel hag mínum. Og þó undarlegt sé -- þá verð ég að segja það að ég fylgist miklu betur með, heldur en mínir góðu vinir í Höfn. Ég þekki betur hinar andlegu hreyfingar heldur en þeir. En ég held að það sé réttast að sleppa þessu. Ég var á tveimur stúdentafundum í Khöfn, en ef satt skal segja fannst mér mest bera á "*sofandi hugsjónaleysingjum".* Þeir höfðu ekki minnstu hugmynd um hvað gerðist í kringum þá.

Svo hélt ég seinna fyrirlestur um menntamálið. Enginn af stúdentunum lauk upp sínum munni nema Guðmundur Finnbogason, sem sagði að það væri hreint engin þörf á skólum. Það sem væri eitt og allt, væri "*að blása lifandi anda í nasir þjóðarinnar*". Heyrðist mér helst á honum að sveitakennararnir ættu að framkvæma þetta verk. Guðmundur boðaði mér svo seinna, að hann ætlaði að tala við mig, en þegar hann kom var ég ekki heima, svo að kona mín fékk ekki að verða aðnjótandi þess, er hann hafði innanbrjósts. -- Að því er mér virtist, þá lifa stúdentar mest á aflóga úreltu orðaglamri Georgs Brandesar frá 1880 og frelsiskreddum, sem eru orðnar ærið gamaldags.

En satt að segja er þetta þó ofur eðlilegt, því að Íslendingar hnappa sig alveg saman og mynda utan um sig eins konar skeljahúð, sem engin siðmenningaráhrif fá að komast í gegn um. Sérstaklega fannst mér það bera vott um andlegt sjónleysi, er þeir eru enn að koma með þessi gamaldags fyrirlitningarorð um Dani.

Ég skrifa um búnað hér á landi og í Danmörku grein sem á að koma í Ísafold, og það var meðfram þess vegna að ég tók aftur, enn einu sinni, fram, hversu vér stæðum langt að baki Dönum. Ég vona að það fari smám saman að verða svo, að Minervusynir okkar lands geti ekki haft gamla frasa um Dani, nema svo að þeir um leið skammist sín fyrir orðið. Þetta gerir okkur enn meira andlega afskekkta í okkar kínverska sjálfsbyrgingsskap, er vér ekki reynum að læra svo mikið, sem verður í Danmörku og af Dönum.

En þetta andlega hugsjónaleysi er auðvitað að kenna latínuskólanum. Þú vilt ekki láta fara eftir *ancienniteti*[3] við veitingu skólakennaraembættanna. En anciennitetsreglan er fundin upp gegn gjörræði og nepotisma stjórnendanna og sannast að segja hefur reynst betur, að hafa hana, heldur en ekki. Ísafold talar um lýðháskóla, en fyrst og fremt vantar hið kristilega *"fundament"*[4] hér á landi, svo er ekki einu sinni nægileg menntun hjá almenningi.

Ég þarf endilega að tala um það mál í "*Lögfræðingi"* í vetur, því að barnaskólarnir, út af fyrir sig, eru ekki einhlítir. Börnunum er sleppt, þegar í raun réttri liggur mest á, og þess vegna hafa lýðháskólarnir haft svo óendanlega mikið að þýða. Danir voru með þá á undan sínum tíma, en Þjóðverjar. Svisslendingar, eru búnir að

[1] *Friede Ingibjörg Pálsdóttir Briem (7.10.1900-12.9.1998).*

[2] *Safamýri, orðlagt verndarsvæði í Ásahreppi í Rangárvallasýslu.*

[3] *Aldursröð.*

[4] *Undirstaða.*

lögbjóða framhaldsskóla. Ef þeim er réttilega fyrirkomið, þá eru þeir eitt af mestu málum heimsins. Danir hafa með lýðháskólunum sýnt, að það er einmitt hinn kristilegi grundvöllur, sem þarf að byggja á.[1]

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum. 30.11.1900.

-- *Þakkar ritgerð um kláða sem sannfærir hann* --

-- um að takast megi í þeirri nánustu framtíð að létta þessari plágu af veslings landinu okkar, ef menn bara vilja, en því miður verður maður, þó það sé hart að hafa þetta *ef-orð* við. Ég hafði ekki gert mér hugmynd um að útrýmingin hefði gengið eins auðveldlega eins og ritgerðin ber með sér. Ætli Myklestad-karl[2] sé svo farlama að hann treystist ekki til að koma hingað upp, þó ekki væri nema til þess að standa fyrir tilraunum og kenna. Ég hef svo mikla trú á því að láta þann mann sjálfan fást við þetta, sem mesta hefur reynsluna og þekkinguna. --

Ég gleymdi -- að minnast á við þig hvenær þú hefðir hugsað þér að hafa amtráðsfund í vor. Ef ég yrði kosinn aftur, sem er mjög óvíst, því þeir segja að ég sé svo ör á fé og sé þér samtaka í að íþyngja bændum með öllu móti! Þá þyrfti ég að hafa nægan tíma fyrir vestan áður, fyrst á Hólum. Svo datt mér í hug að hafa þingmálafundi þá um leið. --

Þó að ég ekki yrði kosinn hér í sýslunni, þá er samt nærri nauðsynl. að ég mæti í Hólaskólamálinu sem revisor á amtráðsfundinum. Magnús á Grund er víst alltaf gramur yfir því að hann féll fyrir mér, ég get að minnsta kosti ekki með öðru móti útskýrt fyrir mér ímigust þann sem mér finnst hann hafa á mér jafnan síðan. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. 2.12.1900.

Ræðir kvef sem S.B. fékk, spyr hvort hún noti kamfórupoka! Slæmt ef drengurinn þeirra fengi skarlatssótt. Gladdist yfir að hann hefði eignast vin, son Vilhjálms bróður síns, Eggert.[3] Býst ekki við að hann verði bráður til lærdóms, en vonar að hann verði traustur. Hlakkar til að vita hvað Stefán ætli með skólann. Tengist það búskaparhugmyndum hans á Möðruvöllum. Hrói höttur selst lítillega og segir Guðmundur bóksali á Oddeyri að það sé eina bókin sem hreyfist. Segir af leikritum á Ak.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 3.12.1900.

-- Fyrra sunnudag safnaði Elín systir 14 manns af familíunni saman í te hjá Eiríki. Sigríður systir var þar ekki, sem betur fer, því hún átti dóttur um nóttina. Annars hefði hún ætlað sér að fara, en Elín sendi hana aftur. Nú er Sigríður komin á fætur aftur. Fáir eru jafn heilsugóðir og hún. Á sunndaginn verður hér hjá okkur líklega framhald á Briemska teinu.

Eiríkur er búinn að selja Þorleifi[4] húsið sitt á 7 þús. kr. Hann býst við að geta leigt út af því nokkuð, því með 4.500 kr. launum getur hann varla borgað svo mikið í húsaleigu.

Landshöfðinginn sendi póstlagafrumvarpið óbreytt til ráðgjafans. Ég skal leggja fyrir póstafgreiðslumenn alla að senda til þín óseldan Lögfræðing með fyrstu skipum í vor.

Elín systir hefur gefið kost á sér til Ytri-Eyjarskólans og er það hygg ég gott að hún hætti þessu eilífa ferðaslangri.

Steinunn og Vilhjálmur búa ásamt Susie í húsi Elínar og finnst Vilhjálmi[5] hún halda óspart á. Halldór eyðir nú víst ekki ¼ af launum. -- Eiríkur bróðir er að tala um að vera í kosti hjá okkur. --

Helgi mágur hefur keypt Straumfjörð með húsum. Íbúðarhúsið ætlar hann að flytja hingað og setja niður fyrir ofan Eirík og Skálholtskot. --

Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda. 22.12.1900.

Ræðir málaferli Páls og Magnúsar Torfasonar sýslum., eftirmanns Páls, vegna Árbæjar og boð Magnúsar um gerðardóm í málinu, sem Páll hefur ekki þegið.

---

[1] *Sýnist koma fram að Páll hefur haft aðra skoðun á kristindómnum heldur en almennt er, að kristnimenntun geti eða eigi að vera undirstaða menntunarinnar og jafnvel menningar þess tíma sem hann lifði á.*

[2] *Myklestad, norskur fjárkláðalæknir, líka nefndur norskur bóndi sem barðist fyrir að tekin var upp fjárböðun. Starfaði hann hér á árunum 1902-1905.*

[3] *Eggert Vilhjálmur Briem (1895-1996) tæknifræðingur, flugmaður og fleira. Bjó í U.S.A. en fluttist ekkill til Íslands. Varð sérfræðingur hjá Háskóla Íslands í ýmsum greinum er snertu jöklafræði og lét eigur sínar renna til Háskóla Ísl..*

[4] *Eiríkur E. Briem byggði húsið nr. 2 (nú) við Bókhlöðustíg, og bjó þar lengi. Ef rétt er munað bjó hann um skeið í Viðey, sem hann átti, en flutti í viðbyggingu Sigurðar bróður síns í Tjarnargötu 20, sem reist var til að skjóta skjólshúsi yfir hann og Friðrikku ekkju Gunnlaugs E. Briem. Þorleifur Jónsson, baráttufélagi Páls E. Briem keypti húsið af honum og hafa afkomendur hans búið þar til skamms tíma. Verið er að breyta því í gistiheimili (2016).*

[5] *Bókhlöðustígur 7, hús sem gekk til erfingja hennar, Nú eign Menntaskólans í Reykjavík.*

1901

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Akureyri. 2.1.1901.

Ræðir aldamótaskilin og segir miklar og dásamlegar breytingar munu eiga sér stað fyrir árið 2000. Segir ánægjulegt að hafa verið hjá Páli og Álfheiði. Dóttir þeirra, Friede Ingibjörg, var skírð á þriðja í jólum. Mikill fagnaður með 15 gestum.

Segir frá leikriti séra Matthísar: Aldamót.

Mjög góður leikari í Pétri makalausa drekkti sér. Ástæða að hann hafði greinst með holdsveiki.

Allt gott af Páli og fjölskyldu að frétta. Börnin efnileg og skemmtileg.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 2.1.1901.

Ræðir ástandið í Ólafsdal. Jósep skólastj. á Hólum sé ómögulegur og verði sagt upp. Fjallar um möguleika í rekstri skólans. Gallin sé að forstöðumann vanti. Spyr Torfa hvort hann gefi kost á sér. Útlistar hvaða möguleika Torfi hafi í vandræðastöðu skólans.

Ræðir kláðamálin, ritgerð Myklestad í búnaðarriti.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 3.1.1901.

Gleðilegt nýár og gleðilega nýöld -- Hér var mikið um dýrðir um aldamótin -- Ég hafði 150 ljós á framhlið pósthússins, svo það var ekki skuggsýnt hér í götunni milli pósthússins og bankans. --

Tryggvi hafði varið allmiklu til teikninga og útskurðar á gluggum bankans, en það tók sig ekki út við ljósin, en miklu betur við dagsbirtu.

-- Séra Eiríkur Gíslason[1] er með tvo báta, en ekki kveðst hann hafa fengið Staðarsveitarmenn til að róa með sér einn einasta róður þótt nógur fiskur hafi verið -- heldur vildu þeir svelta. --

Garð kvaðst hann hafa gert og spretti ágætlega í honum, einstaka maður hefur tekið það eftir honum. Fólkið er afleitt, en sveitin góð og brauðið hægt. --

Hvað Vilhjálmi verður af veit ég ekki. Hann varð lasinn í gær og liggur í dag; Eggert sonur hans líka, en það er víst ekki annað en umgangsveiki -- Fimmtán manns var hjá okkur á annan í jólum, allt frændfólk --

Smiðir hér eru búnir að gera samning um að selja allt 30% dýrara en að undanförnu. --

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 24.1.1901.

Ræðir um grein séra Valdimars Briem á Stóra-Núpi um bágborin kjör presta. Ræðir um fleiri þætti í því sambandi og hver viðbröðgð fólks muni verða.

-- Þegar ég var á þingi, þá voru prestar þeir allra leiðinlegustu menn og framkoma þeirra og beiðni var þannig, að maður hálfskammaðist sín fyrir að gefa atkvæði með þeim. Ég segi ekki að prestar á þingi væru svo slæmir, heldur bænaskrármennirnir. Ég vildi gjarnan leggja prestum liðsyrði, en þeir eru eins og húsmennirnir. Þeim er ekki viðhjálpandi. Og það mun sýna sig, eins og þú skrifaðir mér nýlega, að þessir fundir prestanna falla niður og hníga, af því að þeir hafa ekki næga menntun til þess að ræða um kirkjunnar málefni. Ég held t.a.m. að enginn prestur nema séra Jónas lesi*"For kirke og kultur"*. Enginn biður um að fá eina einustu bók til safnsins, nema hvað séra Davíð bað mig fyrir 3-4 árum að fá 3 rómana til þess.

Okkur líkar mikið vel við séra Geir. Hann býr til sérlega góðar ræður.

Við erum nú mörg að stúdera ensku á þann hátt, að enskur trúboði, mr. Jones, les ensku hátt fyrir okkur. Við hjónin erum þar, sýslumannshjónin og fjöldi af fremstu mönnum bæjarins. --

Guðmundur Björnsson skrifar mér að *Eir*[2] deyi nú um nýárið. Sveitalæknar, sem sjá ástandið eins og það er, láta hann lifa og deyja svo, að þeir leggja ekki eitt einasta orð í belg. Mér er alveg óskiljanlegt hvernig mönnunum er varið. En ég sé reyndar að það sama gildir um *Verði ljós*. --

[1] *Þá á Staðarstað.*

[2] *Eir, ársfjórðungsrit handa alþýðu um heilbrigðismál. 1899-1900. Ritsjórar: J. Jónassen. Guðmundur Magnússon og Guðmundur Björnsson.*

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 24.1.1901.

Ræðir rækilega atvinnumál þjóðarinnar út frá hugmyndum sem hann hefur sett fram og Torfi spurði um. Ræðir Hólaskóla, Jósep hafði fengið uppsögn. Möguleikana í stöðunni.

Ræðir enn um ráðningu Torfa til skólans.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 25.1.1901.

-- Nú er þorratetur að ganga í garð og er ekki ófrýnn. Morgunroði um allan himin og sólskin í dag. Síðan fyrir jól hefur mátt heita einlæg blíða. Nú í dag er samt 6 stiga frost.

Jeg þakka þjer kærlega fyrir tilskrifið með *Risö*, sem er nýkomin eptir langa ferð. - Það var undarlegt af Valtý að vilja ekki koma á fyrirlestur þinn. Jeg vildi að jeg hefði verið þar, og jeg vildi að fleiri hefðu verið þar, því að satt að segja veit fólk ekki vitund um okkar stjórnmálasögu. Það er meir að segja svo, að sumir af alþingismönnunum vita ekkert um söguleg tildrög stöðulaganna.

Nú langar mig til að biðja þig að gjöra stóra bón fyrir mig, og hún er sú, að fara til antiqvara og kaupa enska rómana sem sjeu 15-1800 bls. og svo sem 10 eintök af hverjum. Við hlýðum á enskan upplestur og þurfum að hafa þessar bækur fyrir hvern. Best er auðvitað að rómanarnir sjeu interessant eins og "*Night and morning*" eftir Bulwer, en auðvitað er illt að fá einmitt þann róman. Rómanarnir voru billegastir hjá Poulsen í Aabenraa og hjá Johansen í kjallara á Violstræde. Mjer þætti mjög vænt um, ef þú vildir gjöra mjer þennan greiða. Svo mætti senda rómanana til A. Andersen, Höjbroplads 5, því að hann sendir mjer bækur heim, en svo bið jeg þig að borga honum það, sem eptir er af því sem jeg á hjá þjer geymt í sparisjóðsbók, þó ekki yfir 200 kr. Jeg vona að rómanarnir geti komið með skipinu 1. mars frá Höfn.

Okkur líður hið besta. Dóttirin var skírð "Friede Ingibjörg" eptir prestkonu í Danmörku, sem kona mín heldur mikið af, og svo móður minni. --

Kristín Jónsdóttir[1] skrifar Susie Briem. Ytri-Ey, 28.1.1901.

Segir af skólanum og virðist vera forstöðukona. Fréttst hafi að Elín Briem hafi sóst eftir að verða aftur forstöðukona. Þykir Kristínu það ósvífið, segir það ekki ólíkt framkomu hennar fyrr.

Eigi hún stuðning Gísla sýslumanns Ísleifssonar. Telur að tengdir ráði afstöðu sýslumanns.[2]

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 29.1.1901.

Elín að fara til og stjórna Ytri-Ey aftur. Mun skólinn blómgast á ný. Eiríkur flyst inn í hús hennar, en óvíst hvar hann verði í fæði. Hvað gera þau Vilhj. og Steinunn? Gott ef Vilhálmur fengi Staðarstað, ef heilsan leyfir. Betra ef hann fengi starf í Rvík. Páll lánaði H.E.B. hest en hann datt á frosna jörðina er hann fór á bak, og meiddi sig, tókst samt að komast til Möðruv. Guðmundur taldi ástæðulaust að fá frí frá kennslu.

Einar Ben. getur verið stoltur yfir aldamótakvæði sínu, þótt ekki kallist það meistaraverk.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 29.1.1901.

Segir flókna, nákvæma sögu um peningasendingu frá P.E.B. til Magnúsar Torfasonar sýslum. í Árbæ, Rang. og sem 100 kr. vantaði í þótt þrítalið hefði verið á leið fjárins. Virðist féð hafa horfið á leiðinni.

-- Elín (systir þeirra) gengst fyrir því að 50 ára afmælis Ólafs bróður sé minnst af okkur systkinum hans og hver gefi 5-10 kr. til að kaupa handa honum úrfesti úr gulli. Viltu fá að vera með? --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvellir 22.2.1901.

Enn þjáður af byltunni. Ætlar með gufuskipi suður. Ráðgerir að fá Ólaf Davíðsson til að kenna fyrir sig. S.B. hefur mikið að gera með kostgangara. Fellst á að Ólafi bróður hans verði gefin úrkeðja úr gulli.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 23.2.1901.

Ræðir byggingarmál; kvennask. á Blönduósi; samtök trésmiða um þriðjungshækkun verðs og samtök um að banna innflutning smíðaðra hluta.

---

[1] *Kristín Jónsdóttir (1874-1945) kennari og forstöðukona skólans á Ytri-Ey 1898-1901. Hún var systir Guðrúnar konu Eggerts Ó. Briem, sýslumanns og síðar hæstaréttardómara, bróður Elínar, sem hafði verið forstöðukona skólans 1895-98. Þessi tengsl skýra nokkur illskeytt bréf, út af þessu máli, í garð Elínar Briem. Kristín var dóttir séra Jóns Þórðarsonar á Auðkúlu og Sigríðar Eiríksdóttur, systur séra Theódórs Jónssonar á Bægisá og Guðrúnar konu Eggerts E. Briem. Þær Elín Briem og Kristín Jónsdóttir (ásamt Theodóri og Halldóri Briem) voru því öll systrabörn.*

[2] *Nefndar tengdir voru m.a. þær að Gísli Ísleifsson sýslum. var bróðir Guðrúnar, konu Sigurðar E. Briem og Kristínar konu Ólafs Helgasonar, bróður Álfheiðar Briem.*

-- Vilhjálmur held ég ætli að sækja um Staðarstað, en Elín ætlar að fá hann og Steinunni til að vera kennara á Blönduósi. Vilhjálmur er hinn frískasti og mikið til hættur að hósta. Hann hefur stórmikið náð sér hér í vetur. Það lítur út fyrir að sunnlenska loftið eigi betur við hann en hið norðlenska. --

-- Ég verð að fara upp á loft að drekka súkkulaði með einhverjum dömum --

Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda, 2.3.1901.

Segir ýmsar fréttir af skepnuhöldum, ferðalögum og heimsóknum.

Nú er Ingimundur Benediktsson loksins trúlofaður; stúlkan er dóttir Einars bónda á Hæli í Eystri-hrepp. Bensi gamli *(faðir hans)* er kátur yfir þessu, annars er hann orðinn hálfgert skar karlinni.[1] --

Þá ræðir hann suðurferð PEB og Álfheiðar næsta sumar. Einnig bréf Páls til landshöðfðingja um kláðann, sem Júlíus amtmaður sendi honum.

-- Þú starfar mikið, gættu að, að þú leggir ekki of mikið að þér heilsunnar vegna. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvöllum March 15. 1901.

-- Hikar af efnaástæðum við að fara suður eins og hann ætlaði.--

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Akureyri 19. mars 1901

-- Jeg hef fengið enskar skáldsögur 4 tegundir mikið vel valdar og tilkynningu frá Andersen um 200 kr. frá þjer. Jeg þakka þjer kærlega og -- mikið vel fyrir greinina til Björns M. Ólsens. Jeg vonast til að fá línu frá þjer seinna. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Möðruvellir March 19. 1901.

Fær Ólaf Dav. til kennslu. Sýslunefndarfundur ræddi flutning skólans. Var fylgjandi, en það væri á valdi alþingis. Ekki hefur gengið neitt með Íslandssöguna.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 21.3.1901.

Ræðir prestskap Vilhjálms bróður þeirra; hugsanleg kaup Vilhjálms Ingvarssonar á Bæ í Strandasýslu og hvernig Sigurður sál. Sverrison sýslumaður hefur skilið við -- [2]

-- og svo er um flesta sýslumenn sem falla frá í seinni tíð að ef peningasakir þeirra vitnuðust í lifanda lífi þá lægi fangelsi við. Þetta finnst mér hörmulegt ástand og siðspilland fyrir sveitirnar. --

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 26.3.1901.

Segir Jósep hafa sagt upp á Hólum. Ræðir enn um ráðningu Torfa, fjárhags- og verkefnaáætlun skólans. Annars segir hann Hólaskóla afleitlega í sveit settan og þangað leggi enginn leið sína og mætti leggja niður. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 2.4.1901.

Fæðing sonar.[3] *Elín systir þeirra er á leið norður til að vera í ráðum með bygging kvennaskólans á Blönduósi.*

-- Það er mikið sagt af gremju kennara Ytri-Eyjarskólans út af uppsögn sem skólanefndin hefði sent þeim. --[4]

Vilhjálmur bróðir þeirra sækir um Staðarstað, sem er stór jörð og slæmt að setja upp bú félaus. Stingur upp á að þeir tveir ábyrgist bankalán fyrir hann. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.4.1901.

Segir af slæmu veðri og heimsóknum. Eggert Eiríksson Briem (frá Viðey) og heitkona hans Katrín (Pétursdóttir) Thorsteinsson voru í húsi (Elínar) hjá henni, höfðu komið með Vestu. Fleiri eru í húsinu,

---

[1] *Ingimundur Benediktsson (1871-1949) hefur komið nokkrum sinnum við sögu. Var alinn upp hjá séra Skúla Gíslas. á Breiðabólsstað, þar sem faðir hans var ráðsmaður og því uppeldisbróðir séra Skúla Skúlas. í Odda. Hann var hjálparhella Páls E. Briem á ýmsan hátt, ekki síst þegar hann var að hefja búskap í Árbæ. Séra Skúli á Breiðabólsstað og Helgi Hálfdánars., faðir Álfheiðar Briem, voru nánir vinir. Er Ingimundur lærði vefnað og á orgel í Rvík bjó hann hjá séra Helga. Gekk 1902 að eiga Ingveldi Einarsdóttur (1874-1953) frá Hæli í Gnúpverjahr. Þau bjuggu fyrst í Vestri-Garðsauka í Hvolhr., síðar að Kaldárholti í Rangárv.sýslu, bóndi og organisti.; síðast trésmiður í Rvík. Þau hjón voru afi og amma Sigríðar Dagbjartsd., konu minnar og meðútgefanda þessa bréfasafns. Ingimundur ólst upp á Breiðabólsstað og voru þeir séra Skúli því fósturbræður.*

[2] *Vilhjálmur var tengdasonur hans, giftur Oddnýju og voru Briemssystkin og hún systkinabörn.*

[3] *Gunnlaugur verkfræðingur, síðar Póst- og símamálastjóri.*

[4] *Sjá og bréf 28.1.1901.*

enda virðist Elín gestrisin. Kennir sjálf eitthvað í skóla Thorvaldsenfél.

Vesen eða óánægja er á Ytri-ey vegna uppsagnar Kristínar. Kenna sumir Elínu um, en S.B. gerir það ekki. Meðal annars halda Kristín og Guðrún því fram, þótt sjálf segist Elín hafa alla Húnvetninga á sínu bandi. Bræðurnir virðast ekkert geta gert vegna skyldleika. Skrýtið segir S.B. ef þeir myndu með því koma í veg fyrir að hún fengi stöðuna. Einhverjir "þeir" hafi viljað gera breytingu. Ræðir rækilega skrýtna stöðu sem virðist í tengslum við að Kristín var ekki ráðin. Bræður Elínar, Eggert og Ólafur, hafa dregist inn í málið sem stjórnarmenn skólans. Kristín heldur að Elín hafi amast við sér. S.B. hyggst skrifa Kristínu.

Kristín Jónsd., sjá m.a. bréf 28.1.1901. Kristín var skólastj. á Ytri-Ey, en ekki ráðin að kvennaskólanum á Blönduósi er Elín tók við um haustið. Kristín var systir Guðrúnar konu Eggerts bróður H.E.B. Var hún næsta ár heimiliskennari hjá Pétri Thorsteinsson á Bíldudal.

Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda, 10.4.1901.

-- Erfið tíð og fénaðarhöld; moldryk og tjón á landi. Stefnir ásamt Þorsteini á Móeiðarhvoli að stofna 100 kúa rjómabú, en það strandar á að forstöðukona fæst ekki. Fyrirhuguð virðist bót á innsiglingu á Stokkseyri. Er hann að fara á sýslufund Árn. til að semja um málið. Þá er í ráði að hlaða fyrir Markarfljót v. Seljalandsmúla og reynt að fá Eyfellinga með.

Ræðir komu PEB og Álfheiðar. --

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 13.4.1901.

-- Bestu þakkir fyrir brjefið frá 28. febr. og allar sendingarnar. Jeg bið þig að borga til Sigurðar Sigurðssonar[1] frá Draflastöðum af inneign minni það sem hann biður um. Hann studerar við landbúnaðaráskólann og er allra besti piltur.

Jeg hafði um daginn ofurlítinn snert af blóðugum hráka[2] og verð að fara gætilega. Annars allt vel. Bestu kveðjur frá okkur. --

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 14.4.1901.

-- Það vill ekki sem best til með ferð þína. Ég er búinn að ákveða amtsráðsfund eystra 15. júlí og fer því víst héðan þ. 19. svo að við verðum því miður ekki lengi saman hér.

Þú minnist á ummæli prestanna í Ameríku um innblásturskenninguna.[3] Mikið þykir mér þeir taka ísl. prestunum fram. Þrír þeirra láta þegar skoðun sína í ljósi - . Ég hef ekki orðið var við að neinn þeirra hafi ekki haft neitt að segja. Ég sé ekkert ráð annað en að það verði að veita fé til þess að prestarnir geti komið á fund og að þangað verði sendir áhugamiklir menn til að predika fyrir þeim hér, því að hér er ríkiskirkja, þá er ríkið skyldugt að sjá um að halda kirkjunnar mönnum vakandi.

Ekki hefur Valtýr boðið mér *departementschefs*-embættið hjá sér, en hitt mun víst rétt að hann vilji verða ráðgjafi. Ég held að ýmsu leyti upp á Valtý og finnst mér stöðugt að hann vilji vel, þó að honum takist misjafnlega. En sleppum þessu.

-- Ég hlakka til að fá predikanir tengdaföður míns heitins. --

Ég á ekki að reyna á mig nema hið minnsta. Ég hef haft um tíma stöku sinni blóðugan hráka frá brjósti og nætursvita, en svo hef ég stritast við að eta og njóta lífsins hægðar, enda hef ég þyngst um 10 pd. á 9 dögum og er að verða gróflega feitur og sællegur.[4] --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 14.4.1901.

Á Akureyri um páskana. Hátíð undirbúin á 1. sumardag. -- Auk messu mun Hjaltalín ræða liðna öld og Stefán nýju öldina. -- Allt mun væntanl. að venju enda í drykkju. Með þessum orðum er ég ekki með illspá.

Álfheiður fer suður með Þórhildi dóttur sína á Vestu og við verðum því samferða.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 16.4.1901.

Vilhjálmur Briem hefur verið settur prestur á Staðarstað og á Sigurður von á að hann verði kosinn.

-- Þó er ómögulegt um það að segja þar sem aðrir eins ræflar eru kjósendur. --

---

[1] *Sigurður Sigurðsson, síðar búnaðarmálastjóri.*

[2] *Hér koma í ljós þau ískyggilegu einkenni berklaveiki, sem átti eftir að draga Pál til dauða og búin að gera boð á undan sér löngu fyrr. Þetta eru fyrstu skjalfestu merkin um sjúkdóminn. Það kemur enn ljósar fram á myndum af honum á þessum tíma.*

[3] *Incarnation?*

[4] *Á þessum tíma var mikið lagt upp úr líkamsþyngd sem einkenni góðrar heilsu.*

Segir af málaferlum Samsonar Egilssonar við Hannes Hafstein og máli Einars Hjörleifssonar og Lárusar Bjarnasonar og er málfærslan eigi geðsleg.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 15.5.1901.

Fjármál, afborganir og önnur fjármálaumsýsla Sigurðar fyrir Pál. Segir og af giftingu Eggerts Eiríkssonar Briem í Viðey og peningabréfaþjófnaði.

Eiríkur er fluttur úr húsi sínu. Kjósa á um Staðarstað þennan dag en Vilhjálmur sótti of seint um því séra Arnór[1] *hafi fylgi og áróðursmenn. Hinsvegar hafi einhverjir skipt um skoðun þegar þeir heyrðu hann predika.*

Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda. 15.5.1901.

Kemur fram að Páll ætlaði að koma suður Kjöl. Langar S.S. til að koma til móts við þau á Stóra-Núpi, þótt erfitt sé að gera slíkar áætlanir. Fóru hjónin austur í Mýrdal til að heimsækja Tómas Helgason bróður Sigríðar. Líður fjölskyldunni þar fremur vel.

-- Stokkseyrarfélagið er nú skilið við Zöllner, hann sagði því upp út af óánægju yfir ráðstöfun *(Jóns)* Vídalíns með sauðina í fyrra. --

Þurfti félagið að taka lán til vörukaupa fyrir upphæðina og á krít.

-- En heldur hræddur er ég um að menn verði peningalitlir í sumar þegar kemur til þess að borga, því líklega verður hrossaverslun minni en að undanförnu. -- en fátæklingarnir mega ekki missa félagið því þeir fá ekkert hjá kaupmönnum á vorin. Ég vildi helst geta verslað við einn kaupmann, en austanfjall er enginn slíkur og að sunnan er langt að sækja. Ekkert verður í ár úr rjómabúinu --

Illa lýst mér á kláðabréf Júlíusar amtmanns og er hann auðsjáanlega gramur yfir að saga fjárkláðans nyrðra var sögð eins rækilega og gert var í þínu bréfi. --[2]

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Akureyri. 30.5.1901.

-- Hólar fóru í gær en nú er sunnanpósturinn að fara. Jeg mundi ekkert eptir honum enda er ekkert að frjetta nema góða líðan okkar allra. Hóstinn hjá Fríðu litlu er nærri alveg horfinn. Við höfðum þoku og hálfkalt í gær, en nú er þokunni að ljetta og sólin að sýna sig. Frá Þórdísi systur þinni höfum við fengið 5 pd.? af smjöri og 30 eggjum. Nógur fiskur í morgun hjer rjett fyrir framan. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 1.6.1901.

Þakkar bréf sem Álfheiður kom með til hans. Þykir ekki gott að heyra af heilsu hans og segir hann hefði átt að taka sér frí og koma með henni suður.

Vilhjálmur bróðir þeirra var kosinnn prestur og er að fara vestur að Staðarstað á Ölduhrygg.

Álfheiður Briem skrifar Páli E. Briem. Reykjavík. 3.6. 1901

-- Steinunni mágkonu hef jeg ekki hitt, hún hefur verið viku á Hvanneyri að læra smjörmeðferð og kemur með Skálholti. Vilhjálm hitti jeg hjá Sigurði, hann var frísklegur að sjá, en var ofboð ókunnuglegur við mig, hann er víst ekki ennþá búinn að gleyma mjer umtalið um myndina.--

Á morgun er litli Eggert okkar 3ja ára, jeg ætla að gefa heimilisfólkinu *súkkulade* til þess að heiðra hann og hef svo boðið frú *(Sigríði)* Jensson með krakkana sína með, assesorinn[3] liggur í rúminu núna, en er samt að batna, hann vildi endilega jeg kæmi að rúmstokknum sínum til að tala við sig, og gjörði jeg það, hann bað kærlega að heilsa þjer.

Júlíus á Munkaþverá bauð mjer að taka af mjer blikkkassa með dálitlu af kexi í, osti og spegipylsu, og á það að vera (þ.e.kexið) með *cakaoinu* þínu, svo þú getir orðið 140-160 pd. á þyngd, þar eru líka stangir sem elsku Diddi minn á og gráfíkjur. Kysstu hann frá mjer blessaðan drenginn okkar. Ekki veit Jón bróðir hvernig gengur með ferðalagið, það bíður allt eptir erfingjanum, sem mjer virðist það hafa búist við nokkuð lengi.

Mamma verður mjer samferða austur til Dísu, ef guð lofar, 3 júlí. -- Jeg sje ekki lengur nema stóru stafina og segi því góða nótt í kvöld hjartað mitt, sofðu vel og blítt, og líði þjer æfinlega sem best.

6 júní. Skelfing þótti mjer vænt um þegar Hólar komu með blessað inndæla brjefið þitt, vertu blessaður fyrir það elskan mín, guði sje lof að allt gengur nokkurn vegin vel, og að heilsan þín er bærileg.

---

[1] *Mun hann vera Arnór Þorláksson á Hesti í Borgarfirði.*

[2] *Ekki fann ég þetta bréf, þótt ég leitaði, en man eftir að hafa rekist á það á handitad. LBS.*

[3] *Jón Jensson (1855-1915), þá annar yfirdómari. Sigríður Hjaltadóttir Jensson, kona hans, og Álfheiður voru æfivinkonur.*

Eggi á afmælisdag einsog þú manst, og hef jeg boðið Jóni og Mariu með sínum rollingum uppá *súkkulade*. Hann er ógn glaður og góður í dag, og Hilda mín líka. Sigga systir ætlaði á stað í dag en það er ófært veður svo hún bíður til morguns. Það er aumt að elsku Diddi[1] minn skuli kveljast af ólukku tannpínu, jeg vildi honum batnaði hún fljótt og vel. Fríða á ullarskyrtur ofaná í kassanum. Kysstu hana frá mjer, jeg hugsa til ykkar allra í fjarlægðinni, klæðið skal jeg velja eptir bestu vitund handa þjer.

Svo hætti jeg öllu masinu, bið þig fyrirgefi þessa sundurlausu þanka, það er svo mikið arg í kringum mig. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 6.6.1901.

Segir frá komu Álfheiðar með Eggert son þeirra.

-- Eggert (bróðursonur þeirra) drífur búskapinn í Viðey og er Eiríkur ánægður með hann það sem af er. Ég held hann hafi hug á að drífa sig í búskapnum, enda er það nauðsynlegt --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Heima á Akureyri. 19.6.1901.

-- Jeg þakka þjer hjartanlega fyrir elskulega brjefið þitt. Jeg varð feginn þegar jeg heyrði að þjer hefði gengið vel og að Eggert litli hefði verið viðráðanlegur. Okkur hjer líður vel.

Fríða litla hafði hóstann, fyrst vægan eða nær engan, svo versnaði henni aptur um þann 9. júní, en batnaði brátt aptur og er nú hjerumbil alveg laus við hann. Hún er búin að fá tvær tennur í efri góminn og er önnur, sem fyrr kom, orðin nokkuð stór. Hún bítur því miskunnarlaust í túttuna sína, svo að stúlkurnar eru að reyna að venja hana á að drekka af barmi, en það gengur misjafnlega, því að hún vill tyggja mjólkina eins og annan mat. Hún sækir mikið til mín litla ögnin. Hún er góð við allar stúlkurnar, en best við Helgu.

-- Þá er nú að segja af mjer. Eptir að þú fórst, bar ekkert á blóði fyrri en sama daginn sem amtsráðsfundurinn byrjaði 5 júní og varð mjer ekki um sel. Það var svo í tvo daga, en þó að jeg mætti til að tala mikið á fundunum, þá hvarf það eptir tvo daga og þótti mjer víst vænt um. Jeg sef nú stöðugt fyrir opnum glugga, en svitna samt á hverri nóttu. Jeg fór út að ríða á sunnudaginn.

Jeg fylgdi Valtýr (*Guðmundssyni*) áleiðis út að Möðruvöllum. Mjer varð ekkert meint við það. Amtráðsmennirnir höfðu ekki hugmynd um að mjer væri nokkurs meint. Amtráðsfundurinn stóð yfir í 7 daga og var alltaf verið að ræða um Hólaskóla annað veifið.

Síðan þú fórst hef jeg þyngst um 6 pund og er nú orðinn 142 pd. Þú sjerð af því að jeg hef nóg að borða. Stúlkurnar vilja gjöra allt sitt besta. -- Það er nú svona, þegar húsmóðirin er ekki heima, þá verður allt meira um hönd. --

Dr. Valtýr kom á sunnudag-- og fór um kveldið út að Möðruvöllum. Hann er hjer ekki, heldur á hótelinu. Hann borðaði hjer miðdegisverð meðal annars silung, sem honum fjell vel. Amtráðsmennirnir borðuðu hjer til kvelds, buff og kaldan mat og rommbúðing. --

Það er allt af verið að draga fyrir hjer fyrir framan húsið og fara þeir á kveldin burt með fulla bátana. Það er ekki dýrt að fá hjá þeim í soðið. --

Hjer er kominn lítill drengur í bæinn, sem heitir Eggert Laxdal.[2] Hann er á 3. ári sonur Bernhards og Agnesar Friðriksen.[3] Drengurinn er laglegur. Hann var niðri í fjöru með Huldu (*Laxdal*) í dag og sá jeg hann úr glugganum. Þú mátt geta nærri, hvort þau Laxdalshjón eru ekki góð við hann. Laxdal gamli var forseti á pólitíska fundinum hjer um daginn og leiðtogi manna í stjórnarskrármálinu og skalf þá nokkuð mikið, eins og eðlilegt var. --

20. júní. Morgunninn er kominn og veðrið svo inndælt sem það getur verið. Blíðalogn og sólskin og stafar í sjóinn. Hólar voru að hafna sig rjett áðan. Júlíus fór inn á pósthús til að vitja um brjef og hlakka jeg til. Jeg heyri til Fríðu litlu; hún er að hjala og slá með einhverju í gólfið. Nú er Júlíus að koma með brjefið og þakka jeg þjer hjartanlega, en nokkuð hefur þú átt andstætt og aumingja Hilda litla að vera alltaf veik. Jeg held að það hafi í þetta skipti verið rjett að segja mjer ekki um Hildu, en jeg fullvissi þig um að hjer hefur ekkert slys viljað til eða neitt slíkt.

-- Vonandi kemur Jón bróðir þinn með þjer 3. júlí! - Jeg get ekki fellt mig við að hafa húsið okkar hvítt. Mig langar því til að biðja þig að kaupa *olivengrænan* lit í mál á húsið, því að jeg held að sá litur sje bara fallegur.

Jeg á að senda þjer koss frá Fríðu litlu. Hún vildi ekki sleppa mjer, en huggaðist við að fá að fara út. Kristjana og stúlkurnar biðja hjartanlega að heilsa þjer og börnunum. --

[1] *Það mun var Kristinn sonur Páls.*

[2] *Eggert Morten Laxdal (1897-1951).*

[3] *Bernhard Eggertss. Laxdal (1876-1905) verslunarm. á Akureyri. Agnes Frederiksen f.1877 er í Íslendingbók án dánardags.*

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 21.6.1901.

-- Segir frá ferðum Álfheiðar; að Eggert E. Briem eigi 25 kýr. Ein þeirra var með berkla og var slátrað. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Akureyri 24. júní 1901

-- Allt af smástyttist þangað til þú kemur. Nú fer Ceres í dag að sækja þig og börnin litlu. Jeg vona að Jón komi með þjer. - Jeg er að hugsa um að fara með Ceres til Vopnafjarðar og svo ríður Jón mínum hestum til Hofs og þar mætumst við. Hann getur svo fundið prestana í Þingeyjarsýslu og verið þeim samferða austur á bóginn.

Lengra komst jeg ekki í morgun. Síðan jeg skrifaði þjer seinast hef jeg ekki haft neina aðkenningu af blóðhráka, en jeg hef stöðugt þann frámunalega nætursvita og ef jeg ekki skipti um skyrtu, þá vill heldur setja að mjer hósta. Þetta er svo óþægilegt á ferðum og því er jeg að hugsa um að fara austur á Vopnafjörð með Ceres.

Jeg fór í fyrradag út að Hörgárbrú. Hún var vígð þá. 5-600 manns við. Klemens hjelt ræðu, Stefán á Möðruvöllum og Guðmundur á Þúfnavöllum. Svo fórum við heim að Möðruvöllum og sátum þar við vín, kaffi og mat. Jeg kom heim kl. 9 um kveldið og varð mjer ekkert meint við. Veðrið var þoka, smárigning við og við og talsverð rigning alla heimleiðina. Sýslumannsfrúin gat ekki riðið Blesa sínum nema mjög hægt, svo að jeg lánaði henni Ljettfeta og þótti henni hann betri.

Lengra kemst jeg ekki í dag og nú er kl. orðin 6. Jeg þori valla að halda áfram. Hjer er Zöllner en er veikur í fæti og má ekki fara í land. Hann sendi mjer, eða rjettara sagt þjer, körfu með appelsínum, bananas, blómkáli, kartöplum o.s.frv. svo þunga að tveir menn verða að bera hana. Jeg verð að reyna að geyma hana eða eitthvað af þessu. Jeg hef engan tíma haft og get ekkert skrifað. Alltaf gestir. Ceres er búin að pípa og Flensborg fór nú í þessu. - Jeg gleymdi að þakka þjer um daginn fyrir kexið og ostinn, sem sannarlega hefur komið sjer í góðar þarfir.

Fríðu litlu líður vel og hóstinn búinn. Hún er farin ofurlítið að skríða og er skrýtið að sjá litlu ögnina. Kristinn er að lesa kverið því að prófastur ætlar að spyrja 1. júlí. Stúlkurnar biðja að heilsa.

Mjer er ómögulegt að fá tíma til að skrifa Sigurði bróður eða neinum. Berðu honum kveðju. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Akureyri. 30.6.1901.

-- Nú fer að smástyttast, þangað til þú kemur með börnin. Hjer líður öllu vel. Fríða er hin frískasta og Kristinn. En barnaveikin er á gangi bæði utan og sunnan og Guðmundur læknir hefur látið flytja tvö barnaveik börn hjer inn, sem liggja á bæjarþingsstofunni. Mjer líður heldur vel en hef talsverðan nætursvita að vanda.

Það á að fara að slá á morgun túnið hjerna. Kýrin hefur grætt sig svo að hún er í 7-8 mörkum. Hitinn er 25½ stig á Celc. í skugga. -- Jeg bið Eggert bróður minn fyrir þessar línur. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 3.7.1901.

Rætt m.a. um málaferli Páls við Magnús Torfason og hvort eigi að áfrýja. Álfheiður segir honum að Páll ætli ekki suður. Sigurður biður hann um það svo hann geti leitað til læknis þar.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 4.7.1901.

-- Bestu þakkir fyrir tilskrifið og heftið af bókm.sögunni. Fæ jeg þjer aldrei launað hversu þú minnist mín. Jeg ætlaði að fara með Ceres í ágúst til Reykjavíkur, en er þó ekki viss um, hvort heilsan leyfir það, því að jeg vil ekki losna við þessa skömm fyrir brjóstinu. --

-- Heilsaðu Ólafi Halldórssyni kærlega. --

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 4.7.1901.

Ræðir bréf Torfa um að Ólafsdalsskóli hafi verið lagður niður. Skall hurð nærri hælum að Hólaskóli væri einnig lagður niður. Hefur augastað á Sigurði Sigurðssyni fyrir skólastjóra. Segist hafa fengið snert af blóðspýtingi og gæti ekki farið suður.

Álfheiður Briem skrifar Páli E. Briem. Akureyri. 10.7.1901.

Hjartkæri Paulus minn! Rjett til málamynda ætla jeg að hripa þjer fáeinar línur með Kristni litla áður en jeg fer að sofa.

Okkur líður öllum vel, en hálf tómlegt er í kringum okkur síðan þið fóruð í fyrradag. Í gærkveldi kom sjera Einar mágur til að vera á prestafundinum, og stendur hann yfir á morgun líka, þeir eru 16 alls; ekki virðist

Stefán Kristinsson[1] mjög interesseraður að hann skuli ekki vera með, þó hann væri á ferðinni í gær, hann er vafalaust að hugsa um útveginn sinn! Þegar þið voru öll nýfarin fjekk jeg sendingu frá gamla Hansen -- 4 inndælis lúður, og þótti mjer lakast að þið skylduð ekki geta notið þeirra, jeg sendi Soffíu prestkonu tvær til þess að stinga uppí sjera Soffa,[2] og þótti henni betra en hreint ekkert. Segðu mömmu að jeg hafi verið með ólund í allt gærkvöld af því að geta ekki gefið þeim af þessu eða bita með sjer til Dísu, ekki er víst að mikið aflist þar í sveit.

Jeg rölti búð úr búð í dag að reyna að fá hatt handa þjer, og veit jeg þú verður bæði hryggur og reiður þegar þú sjerð þennan sem jeg sendi en þess vil jeg geta strax, að Friðrik Kristjánsson narraði mig til að taka hann, og lofaði uppá æru og trú að taka við honum aptur ef þjer líkaði hann ekki betur en mjer, allir aðrir hattar voru of litlir, kannski þú getir fengið annan betri á Vopnafirðinum. Sportkragann saumaði jeg handa þjer, og vissi jeg ekki glöggt víddina, en Dísa setur lykkju í hann fyrir þig, ef hann er of þröngur.

Ósköp hlakka jeg nú til þegar þú kemur heim aptur, elskan mín. Þetta er þreytandi aðskilnaður þetta sumar. Jeg vildi óska að þú mættir vera frískur á ferðinni hjartað mitt, jeg horfði á eptir Ceres þangað til hún hvarf með ykkur fyrir tangann.

Við fengum allt heyið inn í dag og þótti mjer vænt, það voru 21 hestar, og mátti það heita farsælt til að byrja með.

Nú fer jeg að hætta og hátta. Jeg sofnaði svo seint í gærkvöld við vorum að keppast við að búa Kristin út, og svo varð jeg svo andvaka.

Sjera Einar (*Pálsson á Hálsi)* og litlu krakkarnir biðja hjartanlega að heilsa þjer. Heilsaðu mömmu -- innilega frá okkur öllum. Vertu blessaður elsku hjartað mitt, guð veri hjá þjer nótt og dag, og annist þig og varðveiti frá öllum háska; það er einlægasta kvöldbænin þinnar heittelskandi litlu konu Öllu Briem. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. St. á Hofi. 12.7.1901.

-- Mjer hefur liðið ágætlega. Ferðin gekk mjög vel með skipinu. Við vorum komin á Vopnafjörð kl. 1 daginn eptir og að vörmu spori kom Þórdís systir þín og sjera Sigurður út á skip, fluttu okkur svo í land og fóru með okkur til Þuríðar og þar sátum við öll við kaffi og súkkulaði langa hríð og fórum svo af stað inn kl. 5-6. Sigga litla vildi ekki láta fara hart, svo við mamma þín, systir þín og jeg riðum á undan, og þegar svo hitt kom, þá stóð matur á borðum. Mjer hefur liðið mikið vel og ekki haft neinn svita og þykir mjer heldur vænt um það. Hjer líður öllu mikið vel. Með Siggu eru 7 börn á bænum og er Steinunn yngst, hún er talsvert lík Fríðu okkar á hnakkann og yfir enni, en svo finnst mjer að hún líkjast Sigríði *(?)*, eins og hún var ung, nema hvað hún er laglegri og nettari. Litla Steinunn er mikið laglegt barn. Systir þín er eins og vant er fjörug og kát og jeg hef mikið gaman af að tala við sjera Sigurð, hann hefur margar interesser og vill gjöra ýmislegt til umbóta. Frú Guðrún vildi endilega fara aptur með Vestu og svo suður með Hólum, en svo strönduðu þeir á Breiðdalsvík. Var hún þá að hugsa um að fara suður með Vestu, en nú er hún hætt við þetta og verður væntanlega hjá okkur þangað til við förum suður með Ceres í ágúst. --

Mamma þín er hin kátasta. Hjer gengur búskapurinn í besta lagi. Yfir 100 ær í kvíum, 4 kýr og 5. kýrin snemmbær. Túnið er ekki vel sprottið vegna frámunalegra þurrka hjer eystra. Í dag er rigning og verður Kristinn litli (sonur Páls?) líklega blautur á Dimmafjallgarði. --

Hjer er verið að smíða kirkju og 5 smiðir og margt fólk í heimili. --

Kl. 9. Þegar jeg kom út áðan, þá var Kristinn og Júlíus að koma ofan hálsinn. Þeir hafa fengið mikla rigningu í gær og í dag. Kristinn var lasinn í gær og í morgun, en var betri í kveld. Hann er kominn í rúmið. Jeg þakka þjer ástúðlega fyrir tilskrifið og mikil þótti mjer taðan. Hjer er ekki farið að slá túnið. Jeg ætla að fara hjeðan að Bót á morgun og á sunnudaginn að Eiðum. - Fyrst jeg er svona frískur, vonast jeg til að koma heim annan mánudag um kveld. --

Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda. 7.7.1901.

Segir þeim hafa þótt gaman af að fá Álfheiði -- og Eggert son þeirra (líkist í föðurættina) og Þórhildi (smáútgáfa mömmu sinnar) í heimsókn. Þótti leitt að Páll komst ekki.

Segir frá amtsfundi.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 19.7.1901.

-- Á morgun kemur stjórnarskrármálið frá nefndinni og er þá búist við sennum miklum, því að mikill hiti er í

[1] *Séra Stefán Kristinsson á Völlum og Stærri-Árskógi. í Svarfaðarda.*

[2] *Séra Zóphónías Halldórsson (1845-1908) prófastur í Viðvík í Skagafirði og Jóhanna Soffía Jónsdóttir (1855-1931) háyfirdómara Péturssonar.*

nefndinni. Meirihlutinn, Valtýingar, er vildu ekki láta minni hlutann sjá nefndarálit sitt, en minnihlutinn heimtaði að fá að sjá það til þess að geta vitað um ágreiningsatriðin. Valtýsmenn urðu þá að láta undan, því sumir af þeim hótuðu að ganga úr Valtýsflokki ef þeim ójöfnuði yrði beitt.

-- Hlakkar til að sjá Pál í ágúst með von um lækningu.--

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 22.7.1901.

Gleðst yfir góðum heilsufréttum P.E.B.

Ræðir fjárveitingar þings til póstsins.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 31.7.1901.

Ræðir þing og fjárlög, ferðir sínar og PEB.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 8.8.1901.

-- Það gladdi mig að heyra að þú hefðir staðið þig vel í ferðinni austur. Ég óska og vona að þú hafir gott af Reykjavíkurferð þinni. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Um borð í Ceres 16.8.1901.

-- Kl. er 9 og þoka yfir allt. Skipið hefur verið að grenja síðan kl. 4½ í nótt, á hverjum 5 mínútum. Hefur þetta haldið vöku fyrir mjer og vel flestum öðrum, að jeg held, og má búast við að sjá rauðeygðan einhvern í dag. Við höfðum líka þoku á Skagafirði og hefur þessi leiðinda þoka tafið talsvert.

Annars hefur ferðin gengið mikið vel. Logn og nærri sljettur sjór og enginn sjóveikur. Ceres fór frá Akureyri kl. 1½ um nóttina til Hofsós, en þangað kom hún vegna þokunnar ekki fyrri en kl. 11. Þar var hún í 3 tíma. Jeg fór í land með Norðmannshjónunum og drakk vín og kaffi hjá Guðm. Einarssyni. Carl Holm kom um borð og sagði hann að kona sín væri mjög lasin. Hallgrímur Tómasson var með honum og er orðinn stærðar maður. Magnús Jóhannsson kom einnig um borð og er útlit hans orðið drykkjumannslegt, enda segja menn að hann sje opt kenndur.

Við komum kl. 2½ á Sauðárkrók og kom Eggert[1] um borð og sótti mig. -- Guðrún mágkona okkar var komin niður stigann fyrir þrem dögum. En hún er mikið máttlaus ennþá. Litla stúlkan[2] er með gráblá augu og líkist móður sinni mikið. Friðrikke mágkona mín er með Ceres, en Claessen ætlar af stað suður í dag með Maríu landveg; hún verður hjá Sigurði bróður mínum í vetur, en Ingibjörg[3] hjá Jónassen. Eggert[4] ætlaði að lesa í allt sumar, en varð að hætta vegna hitanna. Hann ætlar að taka próf að vori.

Nú er blekið búið úr pennanum. Frú Guðrún er að prjóna neðan við skyrtu mína og gengur vel. Hún er í koju með Engel og þykir það ekki meira en svo og svo; er Friðrikke með þeim líka og það þykir henni mun betra. Annars er mikið um borð af Englendingum, sem eru mjög músikalskir. Kona ein og karlmaður syngja mjög vel, svo það er mikið gaman á kveldin.

Mjer líður mikið vel, jeg svitnaði lítið í fyrri nótt en ekkert í nótt. Frú Guðrún og Norðmannshjónin biðja kærlega að heilsa. Við sitjum saman við borðið og er það mikið skemmtilegt. Kl. er núna 11½ f.m. og erum við komin inn á Skagaströnd þrátt fyrir þokuna. Það er óvíst hvort við förum inn á Blönduós. --

Halldór E. Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 21.8.1901.

-- Allt það sem þú skrifar mér um húsmæðraskólann féll niður því Búnaðarfélagið tók hann að sér. Auðvitað var það Páli bróður okkar að þakka. Það var eins og ég sagði þér að kæmi hann, þá gengi það. Annars hefði líka ekkert orðið af því, því ekki voru fleiri með en sex atkvæði af ellefu, og mátti þá ekki tæpar standa; en enginn greiddi atkvæði á móti. Séra Þórhallur (Bjarnarson biskup) andmælti, vildi reyna að eyðileggja málið, en það féll allt dautt og kraftlaust *(til)* jarðar. Nú tekur félagið hann að sér með eignum og skuldum, svo nú er honum borgið.

Mikið hefur gengið á í þessu góða þingi sem nú er afstaðið. Valtýskan bar hærra hlut, en aðgætandi er að valtýskan er öll önnur nú en verið hefur. --

---

[1] *Eggert E. Briem, bróðir hans.*

[2] *Sigríður Briem g. Thorsteinsson (1901-1998), handavinnukennari í Rvík*

[3] *María Claessen gift Thoroddsen og Ingibjörg Claessen gift Þorláksson.*

[4] *Eggert Claessen, bróðir þeirra, síðar hæstaréttarlögmaður.*

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Rvík. 28.8.1901.

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir tilskrifið. Þorgr. Guðmundsen[1] fór af baki hjer við húsið til þess að skila því. Síðan jeg skrifaði þjer síðast hefur mjer liðið mikið vel. Jeg hef verið hjá Guðmundi Björnssyni og lætur hann vel yfir heilsufari mínu. Jeg hef haft nóg að gjöra hjer á Búnaðarþinginu og þegar jeg starfa mikið, þá sef jeg ekki vel. Jeg fór á fætur í morgun kl. 5 og nú er að ganga 6.

Frú Guðrún var hin hraustasta á sjónum og kunni bara vel við sig. Jeg sat við borðið hjá henni, en hinu megin sat Stóri Gráni (o: Englendingur harla spaugilegur), sem sagði ekki eitt orð en ljet í ljósi meiningu sína með höndunum. Frú Guðrún kepptist við að prjóna neðan við skyrturnar mínar og svo gaf hún mjer ullarskyrtu, sem hún keypti á basarnum hjer. Rjett eptir að jeg kom hingað kom sjera Skúli að finna mig og fjekk eitthvert hið vesta hrakveður á leiðinni heimanað. Hann fór svo heim á laugardaginn og móðir hans með honum, en á sunnudaginn var komin þurrkur og stóð hann svo mánudag og þriðjudag, en nú er aptur kominn óþurrkur. Gísli Skúlason kom á laugardaginn með Lauru, en Laura fer á morgun kl. 6.

Hjer hafa verið veislur allmiklar. Jeg var í *galla* í alþingisveislunni. Svo var jeg í morgunverði sem heiðursgestur hjá *valtýingum* og var jeg "*feteraður*"[2] þar allmikið.

Búnaðarfjelagið tók að sjer hússtjórnarskólann. Var sjera Þórhallur mest á móti, og var þó upphaflega mjög með skólanum. Jeg er alveg hissa hvernig menn tala um Þórhall.

Jeg held að það sje rjett að jeg slái í botninn. Það varar ekki lengið, þangað til jeg get sagt þjer allar frjettirnar. --

Susie Briem skrifar Elínu E. Briem. Rvík. 29.8.1901.

-- Páll is looking very well, I don´t remember ever having seen him look so fat, so I hope he will get over this disease. --

Halldór E. Briem skrifar Elínu Briem. Rvík. 30.8.1901.

-- Nú er Lára farin og með henni bræður okkar Ólafur og Páll. -- Ég gat þess að valtýskan hefði tekið talsverðum breytingum til bóta, en mikið vantar nú samt á að ég geti gengið inn í hana. --

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum. 7.9.1901.

-- "*Norðurlandið*" byrjar 1. október. Ég vona þú takir eina. 4500 kr. er komið og von á miklu meiru. -- Ég hef sagt Klemens frá þessu sem leyndarmáli og datt alveg yfir hann. --

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 7.9.1901.

-- Miði þessi á að færa þér og þinni elskulegu konu, mínar bestu og innilegustu kveðjur og þakkir fyrir veruna hjá ykkur í Reykjavík. Ferðin þangað verður einn af merkisviðburðunum í lífi mínu. Hún var í alla stað hin skemmtilegasta, en sérstakleg verður mér veran hjá ykkur hjónum eftirminnileg.

Ferðin hingað gekk ágætlega. Ég var hinn hraustasti alla leið og reyndi til þess eftir mætti að láta brytann ekki græða á mér. Hingað kom ég hinn 4. kl. sjö um kvöldið. Kona mín kom um borð og leið öllu heima mikið vel. Meðan ég var fyrir sunnan kom tengdamóðir mín og Þórdís systir þín hingað og voru þær hér í 5 daga.

Þegar þurrkurinn var í Reykjavík í ágústlok, kom hér tveggja stiga frost og gjerði það alla kartöflugarða mjög svarta.

Heimdal[3] var að koma-- Við höfum boðið fimm þaðan til miðdags á mánudaginn kl. 6. Kona mín er farin að útvega *kyllinga* og máttu trúa því að henni þykir gaman að svona boðum. --

Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda, 11.9.1901.

> *Þakkar fyrir samveru. Heyskapur gekk vel. Segist hafa heyrt að Zöllner hafi spillt fyrir hrossasölu Jóns Þórðarsonar og vafi hvort hann kaupir oftar. Spyr hvernig koma eigi á jafnvægi milli útvegs og landbún. Útvegur er orðinn sterkari síðan skútur komu og dregur til sín vinnuafl. Ræðir möguleika á að fá Færeyinga til starfa og gerir sér von um að það dragi úr of háu kaupgjaldi.*

-- Bjarni í Moldartungu, sýsluvegaverkstjórinn okkar hafði í sumar 12 tíma vinnu (þar af tvo tíma til máltíða); þetta hef ég athugað þegar ég tók út veginn og lagt til að hann borgi 70 kr. í ofanálag, sem reyndar er helst til lítið, sérstakl. er þetta ófært eftirdæmisins vegna, því ég álít enga meiningu að vera iðjulaus 14 tíma á sólarhring. Eftirlitið með landsjóðsvegavinnunni er ekki gott; fjöldi manna hefur verið að bera ofaní

[1] *Þorgrímur Guðmundsen (1850-1925) tungumálakennari í Reykjavík og túlkur.*

[2] *Gert mikið með.*

[3] *Heimdal var konunglegt eftirlitsskip.*

Holtaveginn í sumar, gjörsamlega eftirlitslaust, enda farið mjög aulalega að og gengið illa, en svona gengur það. Ég minntist á þetta við Jón landritara[1] í sumar en ekkert var aðgert. En nú hefur víst þingið tekið þessa umsjón af landshöfðingja hvort sem þá fer betur. Það er ergilegt að það skuli ekki geta komist ínn í meðvitund manna að það sé rangt að hafa (fé) af því opinbera.[2] --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 18.9.1901.

-- Kæra þökk fyrir hérkomuna og óska ég að ég hefði haft meira af þér að segja, er ei gat látið sig gera. --

Segir frá ferð sinni austur, m.a. til séra Valdimars Briem á Stóra-Núpi.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 26.9.1901.

-- Eggert í Viðey hefur heyjað 900 hesta alls og er það lítið eftir sextán manns. Það er ekki gott að spá neinu um hvernig sá búskapur gengur því fyrir utan búið hefur Eggert orðið að sjá um byggínguna, eða viðgerð, á húsinu, sem er mikil. --

Halldór E. Briem til Susie Briem. P.t. Ísafirði. 1.10.1901.

Segir að Ragnheiður (Hafstein) hafi tekið vel á móti sér. Mikið fjör. Sit og skrifa þessi orð í setustofu hennar. Er mikið talað. Hitti Kristínu Jónsdóttur frænku sína og fórum við saman til Bíldudals, þar sem hún ætlar að dvelja. Thorsteinsonarnir tóku vel á móti okkur. Sendir Ásthildur góðar kveðjur. Hefur farið um bœinn og hitt vini. Fyrir kemur að stjórnmál beri á góma. Skúli vinnur að kosningum ásamt Sigurði (í Vigur?). Það væru fréttir ef þeir ynnu sigur á Hannesi.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 2.10.1901.

Segir frá veikindum barna sinna.

-- en yngsta barn Sigríðar *(E. Briem, systur hans)* og Helga liggur mjög þungt haldið, svo að þau hafa ekki getað flutt það með sér í nýja húsið. -- Eiríkur bróðir er í dag að flytja hingað í götuna í gömlu Alexöndru til að hafa skemmra í matinn hjá okkur. --

Landssjóður, bankinn og pósthúsið er alveg seðlalaust, svo að það verður að nota enskt gull sem verðmiðil manna á milli. --

Kjöt verður afar dýrt hér í haust, 23-25 aura pundið og fæst líklega ekki (þrátt) fyrir það, nema skornum skammti. Reykjavík þarf mikils með, en Sunnlendingar eru að fækka fénu og trúa nú betur á kúabú, ef þeir trúa á nokkuð. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Borðeyri. 4.10.1901.

-- Var að koma frá Norðurfirði og Steingrímsfirði. Reikna með að komast til Blönduóss á morgun. Fór til bóndabæjarins Borðeyrar, hitti Kristján frænda, bróður Fríðu. --

Segir frá mörgum viðkomustöðum og tafsömum.

-- Farþegar eru þægilegir að undanskildum sr. Magnúsi Jónssyni[3] franska. Hann er mest fullur; þetta völdu menn! --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 6.10.1901.

Ræðir einhverjar fréttir sem reyndust ekki réttar. Var fegin því, það hefði ekki glatt hana ef Valtýr hefði orðið ráðherra.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 7.10.1901.

-- Ég hef ekki minnst á pólitíkina við Eirík, en mér þótti hann vondaufur um að hægt sé að komast að nokkrum samningum við þá valtýinga.Honum hefur virst þeir vera svo þrælbundnir að það sé líklega eigi um annað að gera en að fella þá við næstu kosningar. Hann er þér samdóma um að sómi landsins og heill þjóðarinnar liggi við og býst ég við að hann muni reyna að tala við þá Björn og Kristján. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Borðeyri. 12.10.1901.

-- Eftir Borðeyri fengum við slíkt veður að við urðum að hörfa til Steingrímsfj. Komumst til Blönduóss þ. 8. Hitti ekki Elínu, lagði ekki í að fara í land. Tókst ekki heldur að komast í land á Suðárkróki og kom loks til Akureyrar þann 10. og var tekið fagnandi af Páli og Álfheiði.--

---

[1] *Jón Magnússson, ritari landshöfðingja og síðar forsætisráðherra.*

[2] *Meðfylgjandi innleggsnóta fyrir 30 pund af söltuðu smjöri á 60 aura pd., í nafni PEB Hjá H.Th.A. Thomsen*

[3] *Væntalega nývígður til Hofs á Skagaströnd. Stundaði einnig ritstörf og þýðingar.*

Stefán hefur verið settur skólastj. sem vænta mátti. Hann vill vera laus við morgunbænir. Ól. Davíðsson býr í skólahúsinu. Nemendur aðeins 30. Búið að stofna blaðið Norðurland á Ak. með Einari Hjörleifssyni sem ritstjóra. Mikil síld í firðinum.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 17.10.1901.

Með 23 kennslutíma í viku. Hilda litla er orðin góð eftir byltu í vor. Sjálfur með sársauka í mjöðm eftir byltu sína. Fólk sem hefur lesið leikritið Ingimund fellur það vel í geð.

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 29.10.1901.

-- þótti mér mjög interesant að fá frá þér bréf um pólitík og því meira sem það kemur mjög heim við skoðanir mínar, sem eru að birtast í Norðurlandi.

Annars er það merkilegt hvað Ísafold tekst lítið að slá á þá réttu strengi. Þegar umfram allt er nauðsynlegt að spekja menn, heldur hún áfram sínu skammaglamri og getur ekki gefið nema kommentar til greinarinnar í Politiken.

Það er alveg rétt sem stendur í Norðurlandi, að stjórnin er enn ekki búin að átta sig. Hörup og jafnvel Deuritzer sympatisera með ráðgjafabúsetunni hér, en Alberti er óráðinn og tel ég líklegt að stjórnin falli frá því, þegar hún fer að athuga þetta.

Ég get ekki fellt mig við ráðgjafa búsettan hér, af því að ég get helst búist við að hann verði undirtylluráðgjafi.

Ég held mest upp á miðlunina ´89, en hún er nokkuð dýr og við erum tæplega nógu þroskaðir til þess að taka við henni. Sem stendur sympatisera ég mest með frv. frá í sumar.

Ég get fullvissað þig um að Valtýr er ekki í neinni ónáð hjá vinsti mönnunum og eftir minni þekkingu álít ég Valtý að mörgu leyti vel fallinn til að vera ráðgjafi og ólíkt heldur vil ég hafa hann heldur en Hannes Hafstein, Klemens Jónsson, Þórhall o.fl. en*"smag og behag er forskjellig!*

En þó að ég hafi þessa skoðanir þá gengur öll mín viðleitni út á að spekja menn og er Einar Hjörleifsson mér alveg samdóma um það, eins og raun gefur vitni.

Ég hef ekki enn fengið ritgjörð mína frá H. Krist. – Seinast var ég að skrifa gegn N.N. (alias Benedikt á Auðnum) og á það að koma í Stefni. Þú sérð að ég á við báða flokka viðskipti. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 29.10.1901.

-- Eiríkur er ekki farinn að gera neitt enn og vill held ég bíða eftir auglýsingu stjórnarinnar út af stjórnarskrármálinu því Björn hefur tekið þá stefnu að lýsa allt lygi sem þeir Hannes og Tryggvi hafa að segja af viðtali sínu við stjórnina eins og allt annað sem skrifað er frá Höfn um það. Hann lýsir það lygi að bankanum hafi borist lán o.s.frv. Ég átti tal við Sigurð Thoroddsen og hann taldi sjálfsagt að Skúli bróðir sinn mundi fremur kjósa miðlun en valtýsku ef hún fengist, svo eitthvað lát mun vera á sumum í flokknum þótt Eiríkur haldi að böndin séu sterk.

Alberti hafði annars ekki viljað láta neitt uppi fyrr en í seinasta skipti sem Tryggvi talaði við hann. Þá líkaði Tryggva vel við hann. --

Ingibjörg Claessen hefur fengið kennslupláss í Árhus, 50 fyrst og svo 60 kr. á mánuði. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 7.11.1901.

Segir að rit hans Ingimundur fái góða dóma lesenda en hvort það seljist sé annað mál. Sigurður Kristjánss. bóksali segi umfjöllun um bækur í blöðum eyðileggi söluna.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 9.11.1901.

Fjármál.

-- Hér var orusta mikil í bæjarstjórninni út af veganefndinni. Af því að Sig. Thoroddsen og Tryggva kom svo illa saman var þeim ráðlagt af bæjarstjórninni að segja af sér og gerðu þeir það, en Sigurður var endurkjörinn en Tryggvi fékk ekkert atkvæði. Varð hann þá svo reiður að hann sagði sig úr bæjarstjórn.

Ofsóknir Tryggva út af störfum hans *(Sig. Thoroddsen)* í veganefnd hafa mér jafnan virst sprottnar af fjandskap og það hefur meiri hluta bæjarstjórnarinnar þótt líka. --

Segir fréttir af stjórnmálum og afstöðu til valtýsku. Vegna þess að P.E.B. leggur:

-- antivaltýingum til lasts að þeir hafi ekki viljað ganga að miðluninni 1889. Eftir því sem mér telst til munu vera allt eins margir af miðlunarmönnum í antivaltýska flokknum eins og hinum og þeir svæsnustu mótstöðumenn miðlunarinnar eru í valtýska flokknum. --

Ræðir einnig um ráðgjafann og kostnaðargreiðslur.

-- en mér finnst mörgum framfaramönnunum líkt farið og Ólafi í Lindarbæ[1] með vagnana, þegar hann vildi fá menn þar eystra til að taka þá upp, þótt sá flutningur yrði mikið dýrari af því að það væri svo mikil framför. --

Ræðir blöðin.

-- Norðurland verður sjálfsagt mikið betra blað en Ísafold, sem eins og Þjóðviljinn, er bæði lygin, *perfid*,[2] og skömmótt, en miklu leiðinlegri. --

Ræðir slæma heilsu Jóhönnu systur þeirra á Hálsi.[3]

-- Hún er búin að hampa krökkum síðan hún var á tíunda ári --

Halldór Briem til Susie Briem. Möðruvöllum. Des. 1901.

Spyr hvort S.B. hafi séð leikrit hans Ingimund. Skv. því hefur það verið sett á svið í Rvík.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 2.12.1901.

-- Ekki get ég dáðst sérlega mikið að leiðslunni í Norðurlandi. Fyrir utan fyrsta blaðið, sem er ekki ósvipað --

-- því sem fyrstu blöð eru vön að vera, hef ég ekki séð nema eina leiðandi grein frá ritstjóranum um bankamálið -- og þykir hún ekki vel leiðandi jafnvel asnaleg.

-- Greinar þínar í stjórnarskrámálinu eru náttúrlega ágætar og það besta í blaðinu þó ég geti ómögulega verið þér samdóma um ágæti frumvarps þess sem samþykkt var í sumar. -- Nú er ég spenntur fyrir að sjá framhaldið af grein þinni. --

Ræðir hugmyndir sem P.E.B. hafði sett fram í bréfi. Segist sjálfum miðlunin ávallt þykja best. Hugmynd Páls um ráðgjafa í Rvík geti líka verið góð.

Susie Briem skrifar Halldóri Briem. Rvík. 3.12.1901.

Ræðir aðskilnað og líðan HB, segir Hjaltalín hafi það svo sem ekkert skár þar eð hann er aðskilinn konu sinni. Segir frá því að Elín hafi falið henni að afhenda skólann forml. Búnaðarfél. Ísl. Hafi sér ekki litist á þá ábyrgð og sagt það karlmannsverk, en hafi samt gert það. Komið fjármálum skólans í lag þannig að það sé hægt að vinna verkið. Að ljúka við viðskiptabréf til Elínar, fegin málalokum.

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Blönduósi. 11.12.1901.

Elskulegi bróðir minn!

Ræðir um systurson sinn og fósturson Sæmund Helgason sem dafnar (orðinn 5 ára). Skólinn gengur vel.

-- 10 stúlkur fóru heim um jólin og svo 3 kennslukonurnar, fyrir nýárið fóru að tínast heim aftur. Í kveld eru jólalok hjá okkur dansað, drukkið kaffi og kökur, borðað hangikjöt og kveikt á jólatré. Jeg er að skjótast fram í stofu að skrifa, en þær eru alltaf að sækja mig inn til sín; með þeim dansa jeg; á morgun erum við kennslukonurnar og nokkrar stúlkur boðnar til Möllers til kvelds og til að dansa á eptir, þar ætla jeg að gjöra mig svo kostbæra að stíga ekki dans, af því jeg veit að blessaðir herrarnir gjöri það af kurteisi að bjóða eldri dömum upp.[4] --

Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda. 11.12.1901.

Ræðir aðspurður fjárkláðann sem amtmaður syðra[5] *virðist taka nokkuð létt og þykir honum Páll gera sér óþarflega mikið ómak hans vegna.*

Þakkar grein P.E.B. um landbún. í Ísafold og þótti stórpositiv. *og gerir sér von um að búnaðarþingið vinni gott starf. Vildi fá séra Magnús Andrésson þangað en ekki meira en einn búfræðing.*

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 17.12.1901.

-- Jeg þakka þjer sem best tilskrifið og þína einlægu vinsemd til mín nú og fyrri. Þú segir að jeg hafi horfið í flokk Valtýs, en jeg hef ekki breytt skoðun minni í neinu, heldur Valtýr. Hann hefur gengið í fylgi mitt. Þess vegna eiga bölbænir í stúdentapjesunum við mig fremur öllum öðrum. Í raun rjettri ætti eigi að hefnast á mjer

[1] *Ólafur Ólafsson (1857-1943) hreppstjóri í Lindarbæ í Ásahreppi, Rang.*
[2] *Perfid: spilltur.*
[3] *Jóhanna Eggertsdóttir Briem (1872-1962).*
[4] *Hún var þá 45 ára.*
[5] *Júlíus Havsteen (1839-1915).*

og fylgismönnum mínum fyrir skammir Ísafoldar, því að líklega fellur mjer ekki betur við þær en þjer. Þær æsa allt illt, sem til er hjá mönnum.

En sleppum þessu. Nú er um að gjöra að reyna að vinna saman í bróðerni. Jeg hef sent Klemens tillögu, sem jeg vil óska og vona að þú getir samþykkt, og þó að þjer sje eigi ljúft að rjetta dr. Valtý hendina, þá máttu til að gjöra það vegna fósturjarðarinnar, sem hefur alið þig og mig og hann líka. Það er um að gjöra að standa einugis gagnvart Alberti ekki að gleyma Dybdal og því segi jeg: Nú eða aldrei. Blessaður reyndu líka að fá Boga með, því að nú eruð þið álitnir bestu föðurlandsvinirnir, en jeg, Klemens, að jeg ekki tali um Valtýr eru álitnir drottinssvikarar, föðurlandssvikarar, óþokkar og allt illt. Jeg býst helst við, að sýslubúar Klemensar gjöri aðför að honum, þegar hann kemur heim og ráði okkur báða af dögum. Almenningurinn vill láta bölbænirnar verða að áhrínsorðum.

En svo jeg sleppi öllu spaugi, þá er allt hjer heima á Íslandi í hatri og úlfúð. Ef vjer bestu mennirnir getum eigi komið okkur saman, hvers er þá af öðrum að vænta. En reyndu að fá Boga með.

Jeg óska þjer til hamingju með fermingu Jóns litla. Jeg hef góða heilsu, en get ekki sinnt ritstörfum vegna pólitíkurinnar. --

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum. 17.12.1901.

Þakka kærlega bréf þitt. Ljótar fréttir. --

En ekki var við öðru að búast. Þetta búsetuóp er búið að gera stjórnina vitlausa, að minnsta kosti þykir henni gott ef hún getur haft dekur af sér með einhverju búsetuhrófatildri. -- Um margt er að tala og ráðgast því mér þykja nú ískyggilegar tíðir.--

1902

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 2.1.1902.

Segir frá eldsvoðanum á Akureyri fyrir jólin. Séra Geir þurfti að flytja til Páls. með fjölskylduna. Þess vegna kaus H.E.B. að fara ekki til Ak. um jólin. Páll sagðist hafa átt von á honum og hefði verið nóg rými fyrir hann. Hafði ákveðið sig. Það sem er leitt, er að Páli fellur þetta þungt. Hann vill ávallt vera mér góður en ég kýs ávallt að forðast átroðning.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 3.1.1902.

Segir frá starfi sín, póstlögum, reglugerðum og starfsmannaldi. Valtýsku blöðin gagnrýna ýmislegt.

-- Þegar ég lét fara að bera bæjarbréf út um bæinn var Ísafold armædd yfir því. -- Á liðnu ári voru 8 þús. bréf borin út með innanbæjarburðargjaldi. Þegar ég lét festa bréfakassa á hús út í bæ var Ísafold óánægð. --

Hefur bréfberinn sótt marga tugi þúsunda bréfa í kassana. Reikningar póstsins voru ræddir á þingi.

--Valtýska meirihlutanum þóknaðist þó að borga mér helminginn. En framsögumaður, Valtýr, var þó að láta þessum helmingi fylgja skæting, alveg ástæðulausan, sem fjárlaganefndin frá 1899 og hann sjálfur gat borið um. Það er ekki svo að ég sé að telja raunir mínar; ég er mjög ánægður með þetta allt saman. Ég fór aðeins að minnast á það af því að þú sagðir að þér fyndist ýmislegt nýtt og gott í póstlögunum --

Þú segist skoða þig fyrir utan flokkana og þykir mér það ánægjulegt að heyra. Ég skoða mig líka fyrir utan flokkana, en í stórmálunum hef ég verið á móti valtýska flokknum. Ég hef verið á móti honum í stjórnarskrármálinu, í telegrafmálinu, *nota bene,* yfir land, í stóra bankamálinu og í járnbrautarmálinu og í amerísku spillingunni, sem ég svo kalla, t.d. að kasta Jóni Jacobsyni sem endurskoðanda af því að hann væri antivaltýskur og aðra ástæðu heyrði ég ekki tilnefnda.

Gísli mágur[1] nefndi við mig framboð þitt í Húnavatnssýslu og hélt að þú ætlaðir að stilla þig upp á hreina valtýsku. Þótti það mjög leiðinleg af því að hann hefur fjarska mikið álit á þér eins og allir. --

Fjallar um skoðanir sínar og Gísla um hvernig samningar mega takast við dani.

-- Ég vildi óska að ég sæi þig á þingi hér í sumar, en ég held að landið mætti vel missa Valtý þaðan.

Sigurður Thoroddsen er trúlofaður Maríu frænku Claessen og ég hef ekki orðið annars var en að þau séu bæði mjög lukkuleg. Ég hafði heyrt að hún hefði neitað honum og vildi ekkert með hann hafa, svo ég þorði aldrei að bjóða honum inn í haust. --

Segir frá niðurstöðum í máli þeirra P.E.B. og Magnúsar Torfasonar.

Guðrún Jónsdóttir Briem skrifar Susie Briem. Sauðárkróki. 3.1.1902.

Segir frá fæðingu dóttur. María Claessen giftist Sigurði Thoroddsen. Talar um leiðindi Sæmundar læknis í Laugarnesi og spyr hvort eitthvað sé hæft í því með Elínu[2] í Viðey og hann.

-- Hvernig getur þú, Elín og fleiri sagt það að jeg hafi ásakað Elínu mikið í þessu skólamáli, það eina sem jeg sagði við Elínu var það að jeg vildi óska að Kristín *(systir bréfritara)* færi ekki með þeim hætti burtu frá Ey (að hún yrði rekin burtu) án þess jeg áfelldi Elínu með einu orði, fyrst jeg annars nefndi það á nafn við hana þá varð jeg að segja eins og jeg meinti, en Elín hefur fundið sjer skyldast að taka burtrekstur Stínu að sér og henni var það velkomið að gjöra það mín vegna, en hún þurfti ekki að gjöra mig upphafsmann að þeirri sögu -- Sýslumaðurinn *(Gísli Skúlason)* á Blönduósi á mikinn þátt í samsuðunni, hann er þjer að segja mesti froðudallur, vís til margs --.

Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda. 13.1.1902.

Erindi fyrir Einar í Rifshalakoti sem vill þurrka upp tjörn, treystir sér ekki til þess nema meðeigendur afsali sér sínum hluta tjarnarstæðisins og þar er P.E.B. meðal.

Segir fréttir, einkum af stjórnmálum og kosningum, segir vanta fátækralöggjöf og vonar að PEB komist á þing.

[1] *Gísli Ísleifsson, þá sýslumaður á Blönduósi, síðar skrifstofustjóri í stjórnarráðinu.*

[2] *Gæti verið Elín Stephensen (1871-1961), náfrænka Halldórs E. Briem frá Viðey.*

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum. 15.1.1902.

-- Það er ekki í fyrsta sinn að ég dáist að dugnaði þínum. Þegar ég sá Laxdal næstan þér í sættanefnd, eftir leiðarþingsræður hans og Saurbæjarsamblásturs-flanið, þá varð ég forviða. En Björn og Júlíus hafa þó ekki viljað bergja strax á sættabikarnum.

Þú segir í bréfi þínu, sem ég þakka innilega, að mér verði send áskorun til undirskrifta, en hana þyrfti ég að fá sem fyrst, því tíminn er dýrmætur. Verst er hvað tíðin er vond og þá vandræði að fá menn saman. Ég hef hugsað mér að reyna að ná sem flestum hér í sókninni, en ég er svo bundinn, að ég get ekki komist lengra yfir. Auðvitað læt ég aðra garfa í því. Væri gott að skrifa Guðm. Magnússyni í Ytra-koti líka. Hann yrði þá viljugri í snúninga og svo er eiginlega rangt að ganga framhjá séra Davíð; auðvitað fær hann sér það ekkert til og þið hafið þetta eins og ykkur sýnist. En þá er Skagafjörðurinn. --

Ræðir hvernig koma megi boðum um Skagafj., Fljót o.s.frv. í því skyni að safna undirskriftum.

-- Þú segir að ég verði að "*stilla mig með áskoruninni, svo að þeir sem skrifa undir séu ekki á móti mér*". En hvernig á ég að gefa það til kynna fyrir öllum þeim sem undirskrifa? Ég get ekki skrifað nema einstöku mönnum. Og þó að allir sem undirskrifa vissu að ég væri með, þá er ekkert víst að þeir yrðu með mér eða kysu mig fyrir það fremur en einhvern annan sem líka væri með.

Ef ég hefði verið í samkomulagsnefndinni eða þó ég hefði ekki nema fengið að skrifa undir bréf þau sem send verða til Skagafjarðar, þá hefði það verið langeinföldust yfirlýsing um afstöðu mína til málsins. En ég býst ekki við að sumir nefndarmenn kæri sig um það. Bróðurandinn er ekki orðinn svo sterkur. Annars tel ég það galla að nefndin er svo einhliða skipuð. Það hlýtur að líta út fyrir mönnum út í frá að hér sé bara "*nýtt prógram*" eða breytt frá "*anti-Valt*." og það segði ég að ef ég ekki vissi hvernig í málinu lægi mundi ég sem *loyal partimaður*[1] hugsa mig um áður en ég skrifaði undir. Einar hefði átt að vera með í nefndinni. En ekki er til neins um það að fást.

Ef þú skrifar bréf með nefndarbréfinu til þeirra manna sem það verður sent, gætir þú látið þess getið og beðið þá að skýra frá því, að ég væri eindregið með þessu og að og ég hefði heitið að vinna í þessa stefnu. Það væri betra að yfirlýsingin kæmi þannig frá þér en beint frá mér.

Ég hef fyrir skömmu skrifað allmörgum og ætla að skrifa fleirum og hef sagt þeim öllum að ég væri eindregið á móti "undirtyllum" og sæi ekki aðra vegi en þessa tvo. --

Páll E. Briem skrifar Jóni Jónssyni frá Múla. Akureyri. 18.1.1902.

-- Ég vona að þú sért heima og skrifa þér því fáein orð um hina nýju samkomulagstilraun. Eins og þú veist eða munt hafa heyrt vill danska stjórnin samþykkja frumvarpið frá síðasta alþingi, en þar er eigi leyst búsetuspurningin og því eru full líkindi til þess að þetta frv. falli. Svo hefur Alberti annað frv. á prjónunum um ráðgjafa búsettan hér á landi sem á að vera undir stöðugri umsjón danska forsætisráðgjafans. Stjórnin tekur að nokkru leyti upp hugmynd Scaveníusar[2] en bætir við að það sé eigi nóg að hafa umsjón með lögunum, það þarf líka að hafa kontrol með stjórninni að því er snertir framkvæmdavaldið. Ég álít að þetta sé ekkert betra en landshöfðingjastjórnin sem er og að því leyti verra, þar sem ráðgjafinn danski á ekki að vera háður okkur eða alþingi, þar sem ráðgjafinn fyrir Ísland þó formelt sé háður alþingi og á að hafa ábyrgð fyrir því. Það er með öðrum orðum settur á okkur nýlendusvipurinn og undirtyllugerfið.

Finnur skrifar mér í sinni fávisku að þetta sé ekkert hættulegt, segist vinna að því af alefli að ég verði ráðgjafi og biður mig að hafa mig eigi frammi. Finnur skrifar mér að hann hafi mjög mikil áhrif á Dentzer o.s.frv. Eins og þú getur skilið þá læt ég þetta eigi hafa áhrif á mig. Því að þetta væri hið versta sem fyrir gæti komið, ef þetta yrði endirinn á stjórnarbaráttunni. Þetta er bruggað af Dybdal og er auðvitað mjög mikilsvert fyrir Dani að hafa okkur í tjóðri og losast við ráðgjafakostnaðinni. Alberti snakkar því við menn um búsetuna og flaggar með henni, en geymir umsjónina í lestinni. Bogi og Klemens eru með, en ég sé eigi að þeim hafi verið ljóst hvað undir bjó. Frumvarpið frá síðasta alþingi verður fellt, en ég vona að við getum líka fellt hinn fjandann. En þá er enginn annar árangur af okkar 50 ára stjórnarbaráttu en skömmin og sundurlyndið. Mér finnst því að það vera siðferðisskylda mín gagnvart þjóðinni að reyna til að forða þessu og reyna að efla samkomulag. Ég er alveg sannfærður um að við getum fengið tvo ráðgjafana eða landstjórafyrirkomulagið, ef vér verðum á eitt mál sáttir. Ég skrifaði Skafta um þetta mál með síðasta pósti, en var þá eigi farinn að hugsa mér neina sérstaka aðferð til samkomulagsins, svo að það getur verið að hann hafi eitthvað minnst á þetta í Austra og ef til vill snúist á móti og því fremur þarf ég að leita til þín.

---

[1] *Trúr flokksmaður.*

[2] *Scavenius var valdamikil fjölsk. í Danmörku um langan aldur. Hér mun átt við Erik, sem um aldamótin hafði byrjað störf í utanríkisráðuneyti Dana og varð 1909 utanríkisráðherra og seinna forsætisráðherra.*

Nú er ég farinn að blanda mér í pólitíkina, en getum við, sem fyrrum héldum saman, eigi tekið höndum saman enn og reynt að hrinda stjórnarmálinu áfram og reynt að stuðla að velfarnan ættjarðarinnar? Ég hef talsverða von um að verða kosinn í Húnavatnssýslu og mér finnst Norður-Þingeyjarsýsla liggi opin fyrir þér. Þú stendur fyrir utan flokkana á Seyðisfirði og því treysti ég þér manna best til þess að gangast fyrir fundarhaldi og fyrir því að áskorunin fái fylgi. Ég hef skrifað Jóhannesi um málið og Skapta Jósepssyni verður líka skrifað. Ég veit að ég þarf eigi að skrifa þér frekar. Ég hef fullkomið traust á þér í þessu efni og get ég fullvissað þig um að mér myndi þykja fátt gleðilegra heldur en að geta tekið höndum saman við þig og hugsað til þess að vinna saman með þér á næsta þingi. --

Álfheiður H. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 28.1.1902.

-- Eins og þú getur nærri er húsplássið í minna lagi, þegar sjö manns eru viðbætt í húsið, og svo er um okkur, en þröngt mega sáttir sitja, og svo er um okkur. Við lifum í eindrægni eins og góðu fólki sæmir. Þau presthjónin kunna bara vel við sig hér, og finnst plássið ekki eins þröngt og eins og það hlýtur að vera. Þau hafa það sem þau ekki höfðu í gamla kofanum, það er blessað sólskinið inn til sín alla miðjuna úr deginum og það þykir þeim ekki fárra peninga virði.[1] --

Eru þau að undirbúa nýbyggingu eins og fleiri.

-- Það verður gangandi um bæinn þegar öll nýju húsin eru komin upp. Svo ætlar gamli Laxdal að byggja handa sér hús, því í haust sagði Sörensen honum upp þjenustunni, og fannst mörgum það napurt eftir að hafa verið 40 ár við verslunina, en svona eru þessir grósserar, taka ekki tillit til nokkurs skapaðs hlutar nema peninganna.

Ragna[2] frænka biður mig - að skila forláta kveðju til þín og Maríu; hún elskar ykkur út af lífinu. Annars gerir hún sínar sakir brilljant hér, og læknirinn ber ekki við að skamma hana fyrir eitt, nema svolítið fyrir að hún les húslestur á hverjum degi fyrir sjúklingana, en hún kærir sig ekkert um hans glósur, og heldur sínu áfram hvað sem öðru líður, og það *respectera* ég hana fyrir. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 28.1.1902.

Ræðir lífsábyrgð Páls og dóm yfir Magnúsi.

-- Nú er boðskapur konungs kominn og get ég eigi séð að hann, að því er væntanlegan ráðgjafa í Reykjavík snertir, sem stjórnin ætlar að bjóða, sé að neinu leyti öðru vísi en Politiken og Hannes Hafstein töluðu um í haust og þú skrifaðir mér um. Ísafoldarbjörn ætlar nú að vera með þessu og hætta við valtýskuna þótt hann brjótist mjög um í flaginu, í Ísafold, í dag. Eiríkur vildi heldur miðlun, en er samt mikið ánægður með Reykjavíkurráðgjafann.

Kristján Jónsson er líka sagður mjög ánægður með þetta fyrirheitna reykjavíkurráðgjafafrumvarp, svo það verður allhörð kosningabarátta í vor, þótt allir verði á einu máli eða flestir. Marconi er farinn að telegrafera yfir Atlantshaf þráðlaust, svo það er vonandi að ekki verði langt þangað til við fáum telegraf. Gæti hann sjálfsagt sparað væntanlegum ráðgjafa hér siglingar en annars held ég hann hefði gott af að sigla endrum og sinnum.

Þú verður vonandi fremur með Reykjavíkurráðgjafanum, svo þá ætti stjórnarskrármálið ekki að vera því til fyrirstöðu að Húnvetningar kysu þig --

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri, 29.1.1902.

Ræðir Ólafsdalsskóla. Segist vera í pólitík; fátækranefndinni; varla geta sinnt Lögfræðingi. Lögfræðingar hafa engan tíma eða fróðleik til að skrifa fyrir fólkið. Ræðir stjórnarmálið. Sendir Torfa undirskiftalista um samkomulagsstefnuna í stjórnmálum og vonar eftir að hann leggi undirskriptasöfnuninni lið.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 29.1.1902.

Segir frá minnkandi leikhússókn eftir hækkun miða í 75 og 90 aura, úr 50 og 60 aurum. S.B. hefur verið upptekin við að flytja kvennaskólann fyrir Elínu í hendur Búnaðarfélagsins. Lítt hrifinn af að Thoroddsenar tengist fjölskyldu sinni.[3]

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 3.2.1902

-- þakka þjer hjartanl. tilskrifið frá 8. f.m. og svo þakka jeg þjer hjartanlega förina til Alberti. Tillaga mín var

---

[1] *Bæjarbruninn mikli var á Akureyri 19.12.1901 og meðal annars brann **séra Geirshús**, sem stóð þar sem er Aðalstræti 8. Páll og Álfheiður hýstu fjölskyldu séra Geirs Sæmundssonar, síðar vígslubiskups og k.h. Sigríðar Jónsdóttur (háyfirdómara Péturssonar) og fjölskyldu þeirra og sennil. eitthvert vinnufólk.*

[2] *Ragnheiður Guðjónsdóttir (1874-1941), hjúkrunarkona og málleysingjakennari. Þær Álfheiður voru bræðradætur.*

[3] *Á við hjónaband Sigurðar Thoroddsen og Maríu Claessen.*

komin fram til að sætta flokkana og hún hefur þegar talsverð áhrif. Hún hefur sýnt fram á að þeir, sem vildu heldur hafa Valtýsfumvarp heldur en ekki neitt og heldur en undirtyllu ráðgjafa, eru ekki allir "*Banditter*".

Jeg áleit að það væri mikil hætta á ferðum með, að þið mynduð ganga inn á það (o: undirtylluráðgjafa) með því að mjer virtist það liggja í orðum ykkar í heimastjórnarpjesanum. Nr. 1 í orðum þínum í fyrirlestri þínun, 2. í brjefi þínu seinasta til mín og svo 3. í skýlausum orðum Albertis við Valtý, sem jeg er alveg sannfærður um að hafa verið rjett tilfærð. Það var Dybdal, sem lengi hafði áhrif á Alberti, en Ólafur Halldórsson hafði svo meiri áhrif og svo ýmsir, þar á meðal þú o.s.frv.

Þetta er ef til vill hugmyndaflug og ímyndanir, - en til hvers er að tala um þetta þegar málið hefur fengið ákjósanleg málalok. Vjer höfum alveg sama rjett sem Danir, og þó að eitthvað kunni að þykja að í framkvæmdinni, þá má vel laga það á þeim grundvelli sem lagður er. Það verða allir Íslendingar með þessu sem ráðuneytið býður, þ.e. búsettum ráðgjafa í Reykjavík.

Hjer hefur myndast samkomulagsnefnd á Akureyri. Hún hefur haft þá þýðingu, að efla samkomulag og álít jeg að hún hafi að því leyti unnið þarft verk. Það er auðvitað ennþá sumt ekki vel ljóst. Ef þú getur fært mjer fullar sannanir fyrir því, að ráðgjafi hjer á landi hafi eigi átt að standa undir umsjón forsætisráðgjafans danska, (er skyldi hafa kontor fyrir sig) og vera háður þeirri umsjón í beint sjermálum landsins, ja, þá játa jeg auðvitað, að jeg hef farið villt og að Valtýr hafi mest valdið þeirri villu og haga jeg afstöðu minni eptir því.

Jæja jeg má eigi vera að skrifa meira. --

Fyrirgefðu hvernig þetta er afleitlega orðað. Jeg var að hugsa um að skrifa sáttagrein í "Norðurland". Er ófært að þakka báðum flokkum resultatið. Jeg held annars að jeg hætti við þetta því að það getur haft þau áhrif að æsa menn. Ef jeg t.a.m. ranglega þakka Valtýingum eitthvað, þá er það ekki gott. --

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum, 3.2.1902.

Segist ekki komast til Ak. vegna lasleika.

-- Hef skrifað Valtý og Klemens fáar línur með *forelöbig krítik*[1] á konungsboðskap og Valtý vörn fyrir okkar ráðlagi hér. Annars vísaði Valtýr mér á þitt bréf. Skrifaði mér fátt. Ég vona að þið hafið fengið konungsboðskapinn, en sendi þó blöðin til vonar og vara. --

Hvernig líst þér svo á. Allt eins og fréttst hafði, aðeins skrifstof. í Höfn sleppt. Kostina fram yfir frumvarp okkar sé ég ekki. Áhrif á stjórnina erlendis eyðilögð með þessu, alltsvo, vald rýrt en útgjöld aukin. En seinna meira um það. Kem svo fljótt sem ég get. --

Séra Sigurður P. Sívertsen[2] skrifar Páli E. Briem. Hofi. 11.2.1902.

-- Það gleður mig að þú ert aftur farinn að láta til þín taka í pólitíkinni og fús er ég að styðja þig í því að efla samkomulag í því máli. Hvergi hefur sundrungin íslenska og sérgæðingshátturinn komið fram í verri mynd en í stjórnarskrármálinu á síðustu árum. En slíkt þarf að hverfa og aldrei er fremur ástæða til að sameina sig en nú. Ég er því þakklátur samkomulagsnefndinni á Akureyri fyrir forgöngu þessa máls og vildi feginn gangaast fyrir að safna undirskriftum hér í sókninni, en því miður hefur það ekki gengið sem skyldi.[3] --

Séra Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda. 12.2.1902.

Segir af veikindum Sigríðar konu sinnar.

-- Tómas mágur okkar hefur verið mikið veikur í vetur en er nú eitthvað lítið skárri, það er brjóstveiki sem að honum gengur og er hann sjálfur hræddur um berkla í lungununum. Hann leit mjög veiklega út í haust þegar ég sá hann og hafði slæman hósta.

Nú er farið að tala ofurlítið um pólitík síðan konungsboðskapurinn kom þó fáir risti djúpt í stjórnmálum hér. Mér fyrir mitt leyti líst nú allvel á boðskapinn úr því bætt var við frumvarp síðasta þings búsetuatriðinu -- báðir flokkar ættu að geta sameinað sig um að þiggja það sem stjórnin býður nú --

Er hræddur við viðbrögð Valtýinga.

-- Gott þótti mér að frétta að þú komst í fátækranefndina; ég treysti þér til að lina ekki á fátækralöggjöfinni gagnvart þurfamönnum. Sveitarfestistíminn þarf að styttast svo sem unnt er -- Mætti ekki koma inn í fátækralöggjöfina ákvæði um að stofna letigarð? --

Tekur undir með Páli postula að sá sem ekki vilji vinna eigi ekki mat að fá?

---

[1] *Gagnrýni, að sinni.*

[2] *Sigurður Sívertsen (1868-1938). Síðast prófessor. Hann átt Þórdísi Helgadóttur (1874-1903) mágkonu Páls.*

[3] *Lítið varð úr samkomunni sem hann ætlaði að bera málið fram því frost varð og ófært. Segir frá athöfnum sínum í málinu.*

-- Það er annars undarlegt að vilja heldur láta einstaklinginn *kujonera*[1] mannfélagið en mannfélagið einstaklinginn. -- Farðu varlega með þig í öllum þeim ókjörum sem þú hefur að gera. --

Baldvin Sigurðsson skrifar Páli E. Briem. Garði, 15.2.1902.

Hávelborinn herra amtmaður Páll Briem.

Fyrir nokkrum dögum var tekin gröf í Neskirkjugarði, handa gamalli konu sem hér átti heima, er hafði ákveðið, að láta jarða sig hjá syni sínum í sama garði, en þegar grafarmenn tóku gröfina þá fannst gamall tinskjöldur í moldinni, mjög rústaður, að lit sem blaut aska, en sem þó er hægt að lesa á að hefur verið látinn á líkkistu Þórðar sáluga sýslumanns, er hér bjó í Garði.[2]

Sumir menn vildu láta skjöldinn aftur ofan í moldina og aðrir senda hann á forngripasafnið, og þar á meðal sóknarpresturinn, en ég vildi hvorugt, því mér finnst best að láta fægja hann og pólera af gullsmið, sem best hægt er, láta hann svo í fallega umgjörð og setja upp í nýju kirkjuna er við höfum í hyggju að panta viðina til á næsta sumri.

En vegna þess að frú yðar er talinn beinn afkomandi Þórðar þessa *cancelíráðs* þá vildi ég leyfa mér að óska eftir og fá að vita velvilja ykkar í þessu efni. Skjöldinn geymi ég í *Secritera* Þórðar gamla sýslumanns, sem ég var svo heppinn að eignast, það er stór skjala hirsla. Með undirgefni og virðingu

Baldvin Sigurðsson.

Þetta stendur á skildinum.

Hér er leiddur
Høfdingja Prídi
Þórur Bjørnsson
Cancellirad og Konungs Valdsmadur
Fæddur 1766. deidi 1834.
Þingeyar stírdi þingi árvakur
þrjátíu fimm og þríu ár betur
giftist 1804
Bóthildi Guðbrandsdóttr
eignudust þrjú börn enn tvø lifa
ad Stillingu. Vitsku. Stjórnsemi, Hreinskilni,
Røggsemi, Trúrækni, Rjettlæti, Trygd
Frægur. Saknadur. Falinn.
Minnum

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 20.2.1902.

-- Þú sérð mínar póltiísku hugleiðingar í Norðurlandi, svo ég tala ekki um það. Vinur minn Finnur hefði ekki átt að blanda sér í stjórnarmálið. Ef Valtýr og flokkstjórn hans hefði eigi tekið jafn duglega í strenginn, þá hefði hann með öðrum sérlíkum ef til vill getað eyðilagt stjórnarmálið. –

Þó að mér væri það eigi ljuft, fór ég að blanda mér í pólitíkina til að forða því að Valtýsfrumvarpið væri drepið, okkur boðin undirtylluráðgjafi, það svo drepið og við stæðum svo með skömmina og skaðann. Finnur og Valtýr töluðu við Alberti um tveggja ráðgjafa tillögu mína, en hann vill út af lífinu komast hjá að borga ráðgjafa í Höfn, og var því á móti en um *röffel*[3] gat eigi verið að tala, enda held ég að ég tæki eigi á móti slíku þegjandi.

Það væri spaugileg stjórn, sem vildi hindra að menn töluðu við hana og þá held ég Hannes Hafstein og Valtýr ættu að fá *röffel*.

Tryggvi skrifar mér og er eins og aðrir himinglaður, en þetta sama fyrirkomulega, sem nú er boðið, var til umræðu á alþingi 1881, og þá þurfti Tryggvi sérstaklega að segja að honum líkaði það eigi. -- Stjórnartilboðið hefur í för með sér stórkostlega breytingu á stjórnarfarinu. Ef Valtýr hefði barist fyrir því, þá er ég hræddur um að hljóð úr horni hefði heyrst. Sagan verður að dæma um þetta.

[1] *Gera sér undirgefinn eða lítillækka.*

[2] *Baldvin Sigurðsson (1837-1915) smáskammatalæknir, bóndi í Garði í Aðaldal (1877-1914). Bréfið hefur verið ritað Páli, sem var tengdasonur Þórhildar Tómasdóttur. Þórður sýslumaður Björnsson (1766-1834) í Garði var afi hennar; faðir Sigríðar Þórðardóttur er átti séra Tómasar Sæmundsson.*

[3] *Ávítur / skammir.*

Séra Þórhallur *(Bjarnarson)* skrifar mér og telur mig kominn til Rvíkur 1904. Landshöfðingjann að "*fyrsta*" ráðgjafa og mig "*statssekretera*". Hver á að vera annar ráðgjafi segir hann ekki og ekki heldur fyrir hvern "*stat*" ég eigi að vera sekreteri. Nú byrjar deilan um það, hver á að verða ráðgjafi. Og blanda ég mér ekki í það.

Ég ætlaði að bjóða mig fram í Húnavatnssýslu vegna stjórnarmálsins, nú er það á enda kljáð.

Ég hefði því helst viljað draga mig til baka, en get það líklega ekki vel. Erindið sem ég hefði á þing verður að reyna að styðja þjóðræðið og skýra eðli þess fyrir mönnum og svo að reyna að fá þingmenn til þess að reyna að hafa hemil á blöðunum og sporna við því að þá á víxl svívirða menn úr mótstöðuflokknum fyrir litlar eða engar sakir. Og svo að reyna að fá blöðin til að halda sínu striki, án þess að vera að skammast. Ef mönnum auðnaðist að fá þessu framgegnt, þá væri það mikilsvert. Ég hef stutt að því að Norðurland væri ekki að skammast. Ég held að það hafi eigi skaðað blaðið eina ögn. En sleppum nú pólitíkinni. --

Einar Hjörleifss. (Kvaran) og börn hans hafa verið veik. Hér hefur gengið blóðkreppusótt ofan á skarlatsótt í sumar.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 22.2.1902.

Ræðir vinnu S.B. við húsmæðraskólann. Nú getur Elín greitt skuldir sínar m.a. við Pál. Spyr hvort S.B. ætli að taka að sér reikningshald skólans framvegis. Vonar að starf Elínar á Blönduósi takist vel. Ræðir basar SB sem gengur vel. Segir frá hafís f. norðan sem hindri siglingar.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 24.2.1902.

-- Pólitíkin virðist nú vera komin inn á nýja leið þar sem foringjar Valtýinga eru búnir að taka upp á sitt prógram Reykjavíkurráðgjafann eins og Hannes kom með hann frá Höfn í haust.

Ég heyri úr Ísafjarðarsýslu að miklar líkur séu til að Hannes falli þar við kosningar og þó muni meiri hlutinn vera hans megin í stórpólitíkinni. Sumir segja að það sé af landshöfðingjahatri og þeir álíti hann vin landshöfðingja og sumir af því að hann sé illa liðinn.

Ekki veit ég hvað Einar Hjörleifsson *(Kvaran)* hefur út á mig að setja viðvíkjandi afgreiðslu á Norðurlandi. Ég hefði fremur búist við að heyra hið gagnstæða, því ég hef látið búa um það hér á ný þegar umbúðirnar voru orðnar ónýtar og leyst það út eða borgað fyrir það óborgað burðargjald og komið innihaldinu til skila. Ég kalla þetta greiða. Svona geta skoðanir verið mismunandi. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 19.3.1902.

Ræðir hvatningu hennar um að halda áfram Íslandssögunni. Einnig um þroska Sidda og dauða Steindórs frá Þarstarhóli af botnlangabólgu.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 20.3.1902.

-- Gísli *(Skúlason)* skrifar mér að þeir ætli að fara að senda þér áskorun. Annars ætlaði ég að fara að skrifa þér að mér sýndist þú ættir ekki að vera að ganga eftir þeim með kosningu heldur láta kjósendur ganga eftir þér --

Þú skrifar mér um að þig furði að þeir konservativu séu með ráðgjafabúsetu hér og þeim miklu breytingum sem því verði samfara og tel ég víst að sumir séu með því af því þeir hafi komist í opposition við Valtýskuna og þannig ósjálfrátt orðnir því fylgjandi. Fyrir mitt leyti held ég að ég verði að telja mig konservativan, en þó get ég eigi öðru vísi á þetta stjórnarskrármál litið en að frumvarp það sem Alberti ætlar að leggja fyrir þingið -- sé oss hollara en *(K)*hafnarráðgjafinn. Ég ímynda mér að samvinna milli þings og stjórnar yrði mun verri væri hann *þ.e. rágjafi* lamaður af danafé. Það kostaði Ísland ekkert að velta honum og alltaf er hægt að finna ráðgjafa eitthvað til foráttu.

Ef þú hefðir orðið ráðgjafi þættist ég vita að þú mundir strax fara og þú hefðir meirihluta á móti. Annars hugði ég aðrir, t.d. Valtýr, myndi sitja sem fastast fyrir það.

En þú ert nú búinn að færa rök að því að það hefði ekki verið hægt, eftir frumvarpinu frá í sumar, en hægri menn hefðu nú heldur ekki samþykkt það. Annars er margt fleira sem vakti fyrir mér, sem ekki þýðir að fara út í og yfir höfuð hef ég lítið um þetta að segja þar sem ég gef mig ekkert út í pólitík.

Teoretískt fylgi ég heimastjórnarmönnum í þessu máli, en engan foringja þeirra vildi ég fá fyrir ráðgjafa, svo það er rangt að væna heimastjórnarmenn um að þeir séu að spekúlera í að fá ráðgjafa úr sínum flokki.

Ég er viss um að margir antivaltýingar styðja þig til kosninga einmitt í því skyni að fá þig fyrir ráðgjafa. Þeir kjósa þig af því að þeir hafa gott álit á þér yfirhöfuð þótt þú löðrungir þá í stjórnarskrármálinu í Norðurlandi.

Gísli skrifaði mér -- og sagði Skagfirðinga vildu fara að leita samkomulags í kvennaskólamálinu og þykir mér það vel farið. --

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum. 22.3.1902.

-- Skólinn brunninn. Kviknaði í honum kl. 1½ á hanabjálkalofti, líklega bilað rör frá kvistinum. Enginn þar uppi. Þegar ég kom var eldurinn búinn að læsa sig svo út að ekki var tiltök að slökkva. Ég fór því strax niður í safnherbergið og bjargaði þar svo miklu sem unnt var. En þegar það var búið féllu eldibrandar niður tröppurnar svo ég sá ekki fært að dvelja lengur. Kl. 4½ húsið fallið að heita má. Gjörir svo vel að segja Norðurlandi það.

Þætti mjög gott að sjá þig. Hálfvesall, svo ég þori ekki að fara neitt. Og þetta bætir ekki heilsuna. Þarf að ráðgast við þig um hvað gera skal. --

Stefán Stefánsson skrifar amtmanninum yfir Norður- og Austurlandi. Möðruvöllum. 24.3.1902.

Í formlegu embættisbréfi skrifar St.St. að skólapiltar hafi sofið s.l. nótt á kirkjuloftinu.[1] Var þá mikill kuldi og tók hann þá nokkra inn í hús sitt en sumir þeirra vildu heldur vera á loftinu. Galli er að sóknarprestur hafi ekki veitt leyfi til að kirkjuloftið yrði notað til langframa. Leyfið er ekki komið og því tilkynnir Stefán Stefánsson, amtmanni Páli Briem og landshöfðingja ráðstöfunina.

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum, 24.3.1902.

-- Þakka kærlega fyrir heimsóknina í gær. Ég hef skrifað þér bréf um hvernig líður. Mér þótti réttara að hafa það officielt; það sem gerst hefur í dag var nokkur breyting frá því sem um var talað í gær. Síðar skal ég skýra frá hvernig ég hef hugsað mér að koma því fyrir ef piltar flytja allir inn í húsið.

Það er auðvitað okkur til stóróþæginda og varla að ég geti liðið það bótalaust. En um það tölum við seinna. Ég kem inneftir svo fljótt sem ég get komið því við. Í dag voru engin tiltök að senda inneftir, en nú vona ég að allt sé til þar innra svo smiðirnir geti komið úteftir annað kvöld. En það tek ég fram að ekki er til neins að þeir komi nema þeir vinni bænadagana enda finnst mér að nauðsyn brjóti lög; og grip má maður draga upp á hvíldardegi. 3-4 smiði væri gott að fá og þar sem þeir vita hvað gera skal, þilja og smíða tvær hurðir, þá vita þeir hvaða verkfæri þarf að brúka og þau tekur maðurinn með á sleða sem hann hefur með sér. --

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum. 26.3.1902.

-- Gramur var ég þegar maðurinn kom svo búinn. Maður gerir ekki að gamni sínu að brjótast með hesta í slíku færi. Hér ytra get ég enga fengið fyrr en eftir hátíð. Enginn vill vinna helgidagana. Þetta dregst því viku lengur en það hefði þurft. Við erum í stökustu vandræðum með piltana.

Ég sendi ekkert inneftir aftur. Þeir verða að koma gangandi. En fáist ekki Davíð til þess að fara úteftir á annan, þá verður að reyna að fá einhvern annan. Á Oddeyri eru víst einhverjir. Þó ekki komi nema tveir þá hef ég einhver ráð. Hef augastað á manni hér úti á bæjum, sem ég mundi ekki eftir um daginn.

Í dag hef ég verið að rýma kirkjuna af öllu dóti nema bókunum og koma því fyrir úti í leikhúsi. Er húsnæðið illt þar, því bæði lekur þakið og fennir inn um veggi. Er ekki best að virða leikhúsið um leið, ef það er með í assuranceupphæðinni. Mjög mikið hefur skemmst og við björgunina farið að forgörðum, af safni skólans, og nokkuð orðið eftir í skúffum og skápum, en fátt túkalls virði. --

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Akureyri. 4.4.1902.

-- Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir tilskrifið frá 28. febr., sem kom með bróður þínum í gær. Alltaf er vinátta þín söm og jöfn, þrátt fyrir okkar pólitíska sundurlyndi, sem ef til vill er allt byggt á misskilningi. Jeg fer nú ekkert út í það, en jeg harma að þú skulir fyrst segja mjer það nú, að þú hafir eigi verið með tveggja ráðgjafafr.varpinu frá í sumar. Og svo eitt: Hannes Hafstein minntist á orð Hörups sem jeg leiddi út af að möguleiki væri á að fá ráðgjafa í Rvík, eins og nú stendur til boða. Þá sagði jeg, að jeg gengi að þessu og skyldi reyna að fá hinn flokkinn til að ganga að því og það tókst.

Björn Jónsson skrifaði grein í Ísafold og kvaðst ganga að því, en fjekk aðeins rokna skammir í Þjóðólfi fyrir að snúast og ekkert af flokksblöðunum tók í þennan streng, heldur var farið að bera á borð Scaveníusar-tillöguna og tveggja ráðgjafa frv. frá í sumar, sem hvort tveggja er eitur í mínum beinum. Jeg taldi mig seinast þann einasta sanna heimastjórnarmann.

Hannes Hafstein sagði ekki eitt orð um að jeg gæti snúið mjer til þín, heldur fjekk jeg seint og síðar meir tilkynningu frá Hannesi, að jeg gæti snúið mjer til einhverrar dularklæddrar flokkstjórnar í Rvík. Jeg hef það því á tilfinningunni að flokksmenn þínir hafi beinlínis viljað halda mjer fyrir utan málið, enda hefði jeg ekki gengið að neinni heimastjórn, sem hefði verið undirtylla. -- Þú veist nú ef til vill ekki hvað flokksmenn þínir hafa viljað, en jeg gæti sýnt þjer brjef, þar sem menn voru alveg búnir að bíta sig fasta í Scaveníusartillöguna.

Við erum báðir á þeirri skoðun að þetta sjeu þýðingarmeiri tímamót en nokkru sinni hafa verið á þessu landi

[1] *Brann skólahúsið 22.3.1902.*

síðan 1262 og þess vegna ætlaði jeg að offra öllu og leggja allt í sölurnar til þess að Scaveníusartillagan fengi ekki fram, því að tveggja ráðgjafafrv. var þó óendanlega miklu betra "*retlig*" skoðað. --

Jeg er þjer alveg samdóma um að við eigum að eins að hafa einn ráðgjafa fyrst og svo því að eins að það sje óumflýjanlegt, en þá vildi jeg helst að gjört væri ráð fyrir þessu í frv. stj. annað hvort svo að stjórnin hefði það, eða gæti um það í athugasemd, að hún mundi ganga inn á þá breytingu, því að mér finnst ófært að þurfa að hafa stjórnarskrárbreytingu til þessa, enda væri það fyllilega í samræmi við grundvallarlög Dana að hafa þetta svo.

Þú talar um kjör ráðgjafa og minnist á mig. En vill nokkur annar en þú, minn kæri vinur, að jeg verði ráðgjafi. Hannes Þorsteinsson segir auðvitað að Valtýingar hafi boðið eða lofað mjer að verða það, en það er þvert á móti, þeir hafa ekki ymprað á því með einu orði. Hefur Ólafur Halldórsson ekki hug á því. Að honum frágengnum kæmi jeg til skoðunar, en jeg set upp, að engar flokkshefndir eigi sjer stað og rjettlæti gildi við embættaveitingar og að þar komi pólitík alls ekki til greina. Jeg heimta að t.a.m. Bogi fái styrk o.s.frv. Þetta verður að vera alveg á því hreina, en getur þú ímyndað þjer að nokkur flokkur eða flokkar vilji hafa mig fyrir ráðgjafa? Jeg efast um það. En svo vil jeg leggja gott orð inn fyrir Valtý. Jeg held af honum að ýmsu leyti, en samt þykist jeg vita að það muni verða "*Krig paa* ?", ef flokkur hans vill hafa hann einan sem ráðgjafa, en jeg er hræddur um, að ekki gengi minna á, ef Hannes Hafstein eða M. St. yrðu kandidatar hinu megin. Að öðru leyti læt jeg þetta hlutlaust.

Jeg hef mikið að hugsa og skrifa annað og læt því staðar numið.

-- Jeg er nú alveg hættur að hugsa um politík í bráð og skrifa ekkert meira, mundu það, ef það er eitthvað sem þjer mislíkar frá mjer, og svo vil jeg biðja þig að láta ekki aðra spilla á milli okkar, því að ef þeir vita að þú færir að halda mjer fram sem ráðgjafa, þá er rógburðurinn vís. Jeg trúi engu sem aðrir segja, en ef það skyldi verða eitthvað, sem jeg væri í vafa um, þó jeg ekki tryði því, þá skyldi jeg óðrar skrifa þjer það. Við getum orðið ósamþykkir, - þó að við höfum aldrei orðið það, því að við höfum viljað alveg hið sama í stjórnmálum, - en um drengskap og einlæga ættjarðarást munum við aldrei efast hvor hjá öðrum. --

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 13.4.1902.

-- Finnur, vinur minn, tryggi trúfasti ágæti vinur, skrifar mér hið sama eins og þér, og þó að hann hafi skrifað mér áður alveg hið gagnstæða. Hann skrifaði mér bréf sem ég varð beinlínis hræddur við. Samkomulagstilraun mín var beinlínis stíluð á móti pólitík Finns. Ég áleit hættuna svo mikla, að ég áleit það helga skyldu mína að fara að gefa mig að pólitíkinni, hvað ógeðfellt sem mér annars væri það.

En Finnur starfaði í þeirri helgustu einfeldni og skýri ég það þannig, að hann hafi einblínt á búsetu ráðgjafans hér á landi. Allt hitt skoðar hann allsendis þýðingarlaust. Hann skrifaði mér fyrir jólin, að við ættum að taka "*búsetu í hvaða formi sem væri*". Hugsjón dönsku ráðgjafanna væri þýðingarlaus, því að Danir vildu okkur ekkert illt gera.

Nú skrifar Einar Hjörleifsson enn um málið og get ég ekki annað en sympatiserað með svo ljósum og skýrum rökum.

Bogi skrifar mér, að sér sé allt að þakka. Hann hafi átt frumvarp sem Finnur kom með til Rvíkur í sumar, nema hvað því hafi verið dálítið breytt til hins lakara. Hann hafi átt allt það ágæta, en hinir það illa. --

Hér hafa verið haldnir pólitískir fundir á Akureyri, eindregið með Klemens, en Stefán í Fagraskógi varð illa úti, en sleppum þessu.

Ég er allur kominn í *fátækramálið*. Jón Magnússon[1] og Guðjón á Ljúfustöðum[2] skrifa mér báðir um að fresta málinu, en mér er mjög illa við það. Ég vil ef unnt er reyna að ljúka við nefndarálitið í því máli. Ég verð í Reykjavík eftir þingið, líklega til októberbyrjunar. Hvar á ég að fá mér herbergi. Ég vil helst hafa tvö herberg, annað bærilega stórt og góðan kost í húsinu.

Fyrir nokkru var grafinn og jarðsunginn maður hér á Akureyri og orti séra Matthías eftir hann og setti í kvæðið að allt væri "*lygaspil*" eða eilíf náð væri til.

Séra Geir vildi ekki láta syngja versið, og út úr því varð *fornermelsi;*[3] dætur séra Matthíasar hættu að heilsa frú Sigríði Sæmundson o.s.frv. Þjóðólfur ámælir biskupi[4] fyrir að vilja eigi láta syngja kvæði um Vilhj. Jónsson.

---

[1] *Jón Magnússon (1859-1926) bæjarfógeti og forsætisráðherra og frá 1902 í milliþinganefndinni í fátækramálum með Páli Briem og Guðjóni á Ljúfustöðum.*

[2] *Guðjón Guðlaugss. (1857-1939) bóndi á Ljúfustöðum í Strandasýslu, framkvstjóri verslunarfél. Steingrímsfjarðar. Bjó frá 1919 á Hlíðarenda í Rvík, þar sem Valsheimilið er nú. Lengi alþingism. Starfaði frá 1901 í milliþinganefndinni í fátækramálum.*

[3] *Móðgun.*

[4] *Geir Sæmundson varð vígslubiskup fyrst 1909. Sennilega hefur biskuð Íslands komið að málinu.*

Væri ekki ástæða til að taka þetta til íhugunar. Ætli þetta eigi sér nokkurs staðar stað í öðrum löndum? Mér finnst það vera mjög óþægilegt fyrir presta að þurfa að dæma um þetta, því að menn munu gera sig merkilega með því, og fara svo nærri takmörkunum sem verður. Ef prestur bannar sönginn, þá er kvæðið búið að fá alveg ómaklega athygli. Þess vegna finnst mér réttast að aftaka alveg söng þessara kvæða, enda eru þau ekkert betri en sálmarnir í sálmabókinni og venjulega miklu verri. Fólkið getur sjálft lesið þessi kvæði og sungið þau í heimahúsum.[1] -- Ísinn liggur fyrir landi og snjórinn eins og hvít ábreiða yfir jörðinni. Skortur er fyrir dyrum ef ísinn fer eigi bráðlega. --

15.4. Ég legg kvæði séra M. hérmeð.[2] --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Möðruvöllum. 14.4.1902.

Segir fréttir að Möðruvallaskóli hafi brunnið 22.3. Kviknaði í út frá ofnröri á 3. hæð. Tapaði öllu sínu nema rúmfötunum og nokkrum fötum sem hann fleygði út um glugga. Tókst að grípa nokkrar bækur og handrit með sér. Öllu öðru tapaði ég, bókum, húsmunum, gólfteppi, þvottaborði og ferðakistli. Var ekkert tryggt. Svona fer í fjárhagskröggum að reynt er að spara tryggingar. Páll kom daginn eftir með hest til að sækja Halldór. Síðan hefur hann verið hjá honum og mágkonu sinni. Hafís hindrar siglingar þannig að ómögulegt er að komast sjóleið suður. Þrátt fyrir sársauka í mjöðm veltir hann fyrir sér að ríða suður því landpósturinn fer hægt. Piltar búa uppi á lofti kirkjunnar og í herbergjum hjá Stefáni meðan þeir ganga undir próf. Fólk farið að óttast skort á lífsnauðsynjum ef ís helst. Engan fisk að fá í frosnum firðinum.

-- Síðan ég kom hef ég verið að kenna Hildu lestur. Hún er greind og áhugasöm. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 5.4.1902.

Ræðir veturinn, sér hafi fundist H.E.B. vera í þungu skapi er hann skrifaði síðasta bréf sitt. Líka slæmt fyrir sunnan og óveður. Segist hafa farið í leikhús, séð „Heimilið“ *og hafi Stefanía[3] leikið allvel.*

Frederikke kom og sýndi bréf frá Ólafi Briem syni sínum (við nám í Danmörku, 18 ára). Gengur námið vel. Segir frá skírn Ingibjargar dóttur Eggerts Briem og Katrínar (Thorsteinsson). Mikið varp hænsnanna. Annast bókhald kvennaskólans og fær greitt.

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Blönduósi. Ódags.

Mikil, en ekki ill tíðindi, að Möðruvalaskóli brann. Nú verður skólinn byggður á Akureyri og H.E.B. fær mannsæmandi verustað. Leitt að hann missti bækur sínar og skattholið. Fyrirgreiðsla við Ziemsen um smjörsölu og ost frá Jóhönnu. Gefur ráð um hvernig fara ber með ef osturinn hefur myglað.

-- vil jeg biðja þig elsku Susie, okkar Jóhönnu beggja vegna að taka þá heim til þín og sjóða þá upp, og geta þeir þá orðið eins og nýir. Ögn af vatni látið í pottinn og þeir svo brotnir ofan í hann og bræddur upp, en á ríður að hræra þá ákaft, svo ekki komi sandur í þá (sykurefnið harðni). Sumir bæta mysuosta með því að láta púðursykur í þá. Annars fel jeg þetta ostamál til allrar umsjónar, þá er því óhætt. --

Ræðir ísinn og eldsneytiskostnað af hans völdum. Ræðir Sigríði vefnaðarkennara sem er á leið til útl. og kemur við hjá SB.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 15.4.1902.

-- Jeg skrifaði þjer um daginn með austanpósti og skrifa þjer nú aðeins til þess að láta þig vita það og þakka þjer fyrir tilskrifið. Jeg er nú hættur að skrifa um stjórnarmálið og kominn í fátækramálið - alveg. Mjer þótti mjög vænt um að Alberti setur sig ekki á móti að vjer höfum tvo ráðgjafa, ef þörf er á. Að vísu þarf þess ekki í bráð, en stjórnarfrumvarpið ætti að vera svo að þetta væri heimilt. --

Heilsaðu Ólafi Halldórssyni og segðu að jeg hafi skrifað honum og sent brjef hans. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 16.4.1902.

-- Ég hefði haft gaman af að geta átt tal við þig um ýmislegt í pólitíkinni. Þetta sem andvaltýingum er borið á brýn með undirtylluráðgjafann hef ég aldrei getað skilið. Ég hef aldrei getað skilið að Reykjavíkuráðgjafinn, eftir tíumannafrumvarpinu væri undirtylluráðgjafi, og ég man ekki til að ég hafi séð andvaltísku blöðin óska eftir neinum undirtylluráðgjafa. Víst er um það að þau voru strax mjög ánægð með tilboð Albertis sem valtísku blöðin hér voru ekki fyrst, þótt þau segi það nú.

Við lestur greinarinnar í Politiken sem útkom meðan Hannes var í Höfn í haust, fékk ég inn í mig að þar kæmi til orða hérumbil alveg sama fyrirkomulagið og Alberti býður; ég játa að Hannes Þorsteinsson er skömmóttur

[1] *Fróðlegt væri að sjá svip á áhugamönnum um trúmál og sálmasöng við messur og útfarir nú (2016).*

[2] *Kvæðið er ekki að finna í bréfasfni mínu.*

[3] *Stefanía Guðmundsdóttir (1876-1926) leikkona.*

nagli, sem hefur hrundið frá flokknum mörgum góðum manni með skömmum, en Ísafold er ekki hótinu betri. Hún er enn ranglátari, þó hún sé máske klókari. Þegar Hannes var að ónotast við þig um daginn spurði Halldór Jónsson hann um hvern hann vildi fá fyrir ráðgjafa. Hannesi var ógreitt um svör svo Halldór fór að stinga upp á H.H., L.B. og fleiri antivaltýingum, og eigi vildi Hannes neinn af þeim. Svo stakk Halldór upp á þér og var Hannes helst á því að þú værir bestur, en er þá ekki naglaskapurinn sá að vera að ónotast við þig í blaðinu og leggja á móti þér við kosningar. --

Skúli fór með Skálholti og hafði með sér prentvél til að skrifa á móti Vestra, að sögn. Mér er skrifað að Hannes sé mjög óviss með kosningu og sé það af privat, en ekki póltitískum ástæðum. --

Fréttir af fæðingu Ingibjargar Eggertsd. Briem í Viðey og að Helgi mágur þeirra hafi fengið launaviðbót í bankanum og hafi 1800 kr. í árslaun. Segist hafa boðið upp allar póstferðir næsta árs.

Séra Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda. 22.4.1902.

Segir fréttir af veikindum á heimilinu, stjórnmálum á Suðurlandi, sýslunefndarfundi þar og harðindum á Norðurlandi.

Frá Vík í Mýrdal sást ekki út yfir hafísinn í fyrradag.--

Stefán Stefánsson skrifar Páli E. Briem. Möðruvöllum. 27.4. 1902.

-- Þökk fyrir bréfið en ekki fyrir bréfin. Ég sé að lítið verður úr póltitíkinni þar vestra, ef ég á að gera allt vel og vandlega fyrir mitt leyti.

En hvað um það. Við þig verð ég að tala áður en ég fer. Inneftir get ég varla komið því allt kallar að þessa viku. Enda væri mjög heppilegt ef þú vildir koma úteftir meðan Flóvent[1] er hér, og við svo talað saman í næði um hlutina.

Á miðvikudaginn vona ég að verða búinn með Hólareikningana og þá verður gott að þú veittir mér þá ánægju að lofa mér að sjá þig. -- Ég hef aldrei haft óþægilegra með að fara að heiman en nú. Engin vorverk verða byrjuð þegar ég fer og allt í óstandi. Sérstaklega kemur mér illa að fara frá fjósbyggingunni, sem mig langar til að drífa í gegn, þó vitlaus sé. Þarf um það að ráðgast við þig líka, eins og margt annað. Ráð mitt allmjög á reyki eftir "*katastrófuna*"[2] hér. Veit ekki hvað til bragðs skal taka. Það eitt sé ég að tvískipting og margskiptin dugar mér ekki, ef vel á að fara. --

Séra Sigurður Sívertsen skrifar Páli E. Briem. Hofi. 28.4.1902.

Mikill hafís á firðinum og harðindi.

-- Mikið gleður það mig að eiga í vændum í sumar að fá enda á stjórnarþrasið. Hér sem annars staðar er mesta gleði yfir konungboðskapnum. En þrátt fyrir það vilja menn skiptast í flokka sem áður og ekki vantar illgirni og getsakir í garð andstæðinga. Enda blása blöðin að þeim kolum. Það er ekki furða þótt þér finnist þau undir allri krítík Ég álít ristjóra sumra blaðanna vera hina verðugustu menn til tugthúsvistar af öllum íslendingum. En svona er það öfugt farið í heiminum; ef einhver ræfill stelur sauðarverði er hann settur í tugthúsið og ber blettað mannorð alla æfi; en þótt þessir háu ritstjórar ljúgi og rægi og skrifi níð um guð og góða menn er þeim ekkert gert fyrir það. Og verst er hvað þau eru samtaka í þessu flest þeirra. Norðurland er lang best að mínum dómi; það les ég enn með mestu ánægju og vona að Einar[3] haldi því framvegis upp úr blaðasaurnum.. En það vill enginn hér kaupa því faktorarnir gera þeim ekki greiðan aðgang að borga það. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 10.5.1902.

Þakkar bróður sínum fyrir hjálp við húsvillta fólkið á Akureyri, á þá líklega við Halldór og Susie sem nú er hin ánægðasta því nú geta þau Halldór farið að búa saman framvegis. Segir brunabótafélögin hafa myndað hring og hækkað gjöldin í 7% sem illt sé að komast ekki út fyrir. --

Ég furða mig á hvað þú getur afkastað. Ætlar þú að koma með líftryggingarfumvörp þín fyrir þing í sumar. Ég spurði Hannes Þorsteinsson að því hvers vegna hann væri að spilla fyrir kosningu þinni í Húnavatnssýslu fyrst hann vildi fá þig fyrir ráðgjafa. Hann svaraði því að nógur tím væri fyrir þig til þess að komast á næsta þing, en að hann teldi að þú yrðir svo æstur á þingi í sumar að þú myndir hrinda mönnum frá þér, sem annars, að valtýsku slepptri, gjarna vildi vera með þér. --

[1] *Flóvent Jóhannsson (1871-1951, kennari á Hólum, síðast verkstj. á Siglufirði.*

[2] *Áfall.*

[3] *Einar Hjörleifsson Kvaran (1859-1938), rithöfundur, skáld o.fl.*

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Akureyri. 17.5.1902

-- Jeg þakka þjer ástsamlega fyrir tilskrifið frá 6. f.m. Jeg missti af Mjölni um daginn og þótti leitt. Þær eru þó ekki miklar ferðirnar í vetur. Aldrei hef jeg fundið til þess meira en í vetur, hversu samgönguleysið er eyðileggjandi og drepandi bæði andlega og efnalega. Jeg ímynda mjer t.d. að Akureyrarbúar hafi tapað vegna telegrafleysis nær 100.000 kr. í vetur, aðeins á síldinni, og hver veit hvað við höfum tapað andlega í samgönguleysinu. -- En gaman hef jeg af að geta talað við þig í sumar um umliðna tímann viðvíkjandi sumum atriðum í stjórnarmálinu. Jeg má til að fá upplýsingar um þau einhvern tíma. Nú sleppi jeg öllu þessu. En vil aðeinst taka það fram, að jeg er þjer að öllu leyti samdóma, að það þarf að mynda nýjan flokk á þingi í sumar, en hvar er efnið?

Það eru nær allir dugandi menn, sem hafa að einhverju leyti tekið þátt í ófriðinum og allir hafa þeir að einhverju fengið slettur, sem þjóð festir augun á. Þú hefur víst lesið grein Valdemars Nedels í Tilskueren í haust um stjórnarskiptin. Hann talar um það, hversu "*autoritetstroen*"[1] hafi fengið stór áföll í baráttunni þar. En ef þetta er illt í Danmörku, hversu miklu verra er það hjer á landi. "*Autoritetstroen*" hefur ekki verið hjer mikil, því að þeir sem ráðin hafa haft, hafa ekki verið mikil "*autoritet*" hvorki í einu né neinu. En síðustu árin hefur þessi trú farið alveg. Já meira að segja. Það er komin í staðinn: tortryggni og fyrirlitning á helstu menn þjóðarinnar. Jeg segi þjer alveg satt. Meiri hluti þjóðarinnar er kominn að þeirri niðurstöðu, að það sem menn hafa sagt, hver um annan, það sje allt saman satt. Þetta gildir um meira hluta þjóðarinnar og jafnvel um flokksmennina sjálfa. Jeg hef þannig talað við Valtýinga ýmsa, sem trúa því um sína eigin menn að þeim hafi verið mútað, að Valtýr hafi eingöngu haft fyrir augum að verða ráðgjafi. Þeir segjast fylgja málefninu, þó að mennirnir sjeu breyskir, en hversu miklu framar trúa þeir eigi öllu illu um menn í mótflokknum! Það gildir hið sama um hina. Þjóðin trúir því yfirleitt að það sje í raun rjettri ódrengir, sem hugsi mest um eigin hag og ef þeir eigi gjöri það, þá sjeu þó einhverjar óhreinar hvatir á bak við. Þjóðin er full af tortryggni og flokkarnir fullir af hefndarhug og hatri. Hvar er þá efnið í nýja flokkinn?

Jeg ætla að vísu að reyna að fá einhverja í fylgi með mjer. Jeg veit að vísu að það mun verða sagt að jeg gjöri allt til þess að verða ráðgjafi, en jeg gjöri og starfa eigi með það fyrir augum. Jeg get vel unað því að aðrir verði ráðgjafar úr hvorum flokki sem er. En það verður nú að fara um þessa sem auðna ræður. -

Þú skrifar mjer að þú sjert rólegur fyrir framtíð Íslands. En jeg er því miður ekki rólegur. Jeg er búinn að lifa saman með alþýðunni og þekki hana nokkuð vel. Hún er harla ómenntuð, full af sjálfsþótta og af smjaðri, botnar ekkert í neinu en hleypur eptir tilfinningum sínum. Hún hleypur af vanþekkingu og tortryggni eptir öllum æsingum og ef það er nokkur sem vill hafa sig til þess að æsa hana, þá hefur hann alþýðuna á valdi sínu. Meiri hluti skólagenginna manna eru andlegir aumingjar, sem hafa litla þekkingu og kunna ekki að hugsa. Eins og jeg er mikill optímisti að því er snertir fjarlæga framtíð, eins er jeg kvíðboginn fyrir hinni nánustu framtíð. Það sem ríður um fram allt á, er að bæta menntunina bæði í æðri og lægri skólum og ekki nóg með það, þarf á einhvern hátt að hvetja menn til þess að halda áfram að fræða sjálfa sig og aðra eptir að þeir eru komnir út úr skólunum.

Þegar Geir Zoëga sótti um styrk til að fullkomna sig í frakknesku og vildi fara til Frakklands, þá sagði Lárus Blöndal[2] á alþingi: "*Hvað er þetta! Hefur hann ekki tekið sitt embættispróf við háskólann? Hann er búinn að læra og þarf sannarlega ekki meira*". En nýi tíminn lítur öðru vísi á þetta. Og þess vegna segi jeg: En hvað sem öllu líður, það þarf að mennta þjóðina og því fyr því betur. Ekki með nauðung heldur með röksemdum þarf að fá fólkið til að skilja þetta mál. - Jeg legg hjer innan í brjef mitt til Húnvetninga. Jeg held að jeg nái kosningu í Húnavatnssýslu og held jeg einnig að Klemens sje alveg viss hjer. Jeg vonast til að við fylgjumst að málum í sumum greinum. Svo læt jeg úttalað um pólitíkina.

Jeg man ekki hvort jeg óskaði þjer til hamingju með fermingu Jóns litla, en gjöri það þá nú. Mjer finnst drengir fara að komast í fullorðinna manna tölu, þegar þeir eru fermdir. Kristinn litli var fermdur fyrra sunnudag, en systkini hans voru alveg hissa að hann skyldi eigi vera orðinn miklu stærri við þetta.

Jeg hef fengið brjef þitt frá 13. apríl, sem jeg þakka þjer kærlega, sjerstaklega um afstöðu þína í stjórnarmálinu. En það er ómögulegt að koma neinu tauti við menn nú. Allt þetta mál verður að geymast í sögunni, en hún verður líka vonandi rjettlát. Ef við skyldum hittast, þá skal jeg segja þjer hvað nauðsynlegast er í þessu efni til þess að sannleikurinn komi í ljós, því að hreinan vilja og föðurlandsást og ósjerplægni hefur enginn nema þú.

Mjer er líka ómögulegt að halda ekki af Einari Hjörleifssyni[3] og að jeg hefi ekki haft mikil mök við Andvaltýinga stafar af því að þeir hafa viljað halda mjer fyrir utan allt og enga einlægni viljað hafa við mig

[1] *Traust á myndugleika/völd.*

[2] *Lárus Blöndal (1836-1894) sýslumaður á Kornsá, lengst í Húnavatnssýslu.*

[3] *Einar H. Kvaran rithöfundur.*

nema Klemens bróðir þinn, en afleiðingin var sú, að þá átti að tortryggja hann og eyðileggja hann.

Hannes og Tryggvi[1] og Lárus[2] vildu ekkert við mig eiga. Um þetta gæti jeg sagt margt við þig, þegar tíminn leyfir. En hvernig svo sem fer, þá vona jeg að þú eptir kosninguna reynir að styðja að sáttum og samkomulagi, hefndarlaust.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 17.5.1902.

-- Halldór bróðir komi í gær -- Mikið segir hann af *agitationum*[3] í Húnavatnssýslu þrátt fyrir ís og skipaleysi. Nú er reglugerðin um notkun pósta -- komin aftur frá Höfn óbreytt og landshöfðingja falið að gefa hana út. --

Við hjónin erum að hugsa um að flytja um tíma í sumar suður í Skildinganes. Við Björn Ólafsson keyptum í fyrra, eins og ég mun hafa sagt þér, 1/8 part úr jörðinni og steinhús sem fylgdi. Við gerðum það til þess að ná í hestablett, en hitt ætlum við að selja aftur þegar við getum, en áður ætla ég samt að nota það til að lofa krökkunum að komast í heyvinnu. Ég er 20 mínútur að ganga suðureftir, en sjálfur fæ ég ekki tíma til að borða þar nema stundum. Það er nú samt óvíst að nokkuð verði úr þessu. Ég hefði getað farið þangað á *cykli*[4] á 10 mínútum, en ég býst ekki við að ég þoli að *cyckla* vegna hnésins –

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 21.5.1902.

-- ég hef verið að lesa Aldamót og líkar mér ágætlega það sem séra Friðrik Bergmann segir, en séra Jón Bjarnason finnst mér fara öfugt nokkuð í sakirnar. Hann skrifar um Þránd í Götu og gerir það fallega. Hann lýsir Þjóðólfi skarplega, en svo þegar hann fera að rita á móti þér, þá er það einmitt hann sjálfur sem er Þrándur í Götu móti alveg nauðsynlegri umbót. Afstaða hans gæti verið skiljanleg, ef hann af hjarta áliti skoðun þína ranga, en það er svo langt frá því að hann geri það, að hann þvert á móti játar að hún kunni að vera rétt. Hann er hálfvolgur í þessu máli og vill að aðrir séu hálfvolgir. Það sem er sannfæring þín kallar hann þess vegna ákafa. Ég hef auðvitað mikið meira við orð hans að athuga, en sleppi því þar sem ég er ekki maður "*af faginu*". --

Séra Geir þótti vænt um kveðju þína, því bæði hjónin hafa haft ýmis óþægileghet af því að hann bannaði að syngja kvæði séra M(atthíasar).J. Þeir fóru að kalla hann „*nagla*“ fyrir þetta og ég hef það á tilfinningunni að hann vilji ekki komast í annað eins aftur, heldur „*láta fem være lige*“.[5] --

Ég tek mér mjög til þakka herbergi móður þinnar, en man hún ætlaði að verða hjá ykkur -- Ég skrifa Sigurði um kost, en svo langar mig til að biðja þig um nokkuð og það er glas af mjólk og tebolla á morgnana og bolla af tei með smurðu brauði á kvöldin, ef mér skyldi þykja þetta þægilegra. Ef ég er að vinna, þá þykir mér talsvert leitt að þurfa að fara niður í bæ. Þetta gerir aftur á móti ekkert til með morgunverð og miðdegisverð. Það er best að láta kvöldverðinn upp til mín, en binda kvöldverðinn hjá ykkur ekkert við þetta, því að þingmenn eru ekki við eina fjöl felldir. Þeir koma á mjög mismundandi tímum og illt að hafa saman við þá að sælda.

Ég fer vestur í Húnavatnssýslu þann 4. júní. Kjörfundur á að verða 7. júní. Ég vonast til að ná kosningu. Annars kvað Hermann Jónasson[6] og ýmsir fleiri vera mjög æstir gegn mér. Þar á meðal séra Þorvaldur á Mel sem enga skóla vill hafa nema latínuskólann. –

Í seinni tíð hafa fleiri og fleiri verið að orða það við mig að ég ætti að verða rágjafi. Hannes Þorsteinsson er meira að segja farinn að tala um þetta við menn.

Auðvitað hugsa ég ekki meira um þetta (frekar) en svo margt sem nú er skrafað í pólitíkinni.

Ég hef verið við góða heilsu í vor, en þó er ég óánægður yfir því, hversu litlu ég fæ afkastað. Þessi pólitík og kosningar gera svo mikið ónæði að mér verður lítið úr verki. Ég er samt búinn að semja þrjú frumvörp til laga snertandi fátækramálið; ég hefði endilega þurft að vera búinn að semja nokkuð af ástæðunum áður en ég fer á þing, en líklega fæ ég aldrei ró til þess og þykir mér það mjög illt. Ég verð að verja átta dögum til ferðarinnar vestur í Húnavatnssýslu, og er ekki vel varið, þó að bóndanum í Húnavatnssýslu sem ritar um mig í Þjóðólfi þyki ég ekki ofgóður til þess að verja tíma mínum þannig.

Mikið hlakka ég til þess þegar mótorvagnarnir fara að ganga og hægt er að fara vestur í Húnavatnssýslu á 10 kl.tímum og suður í Rvík á 24 kl.tímum og sofa mikið af leiðinni. --

---

[1] *Tryggvi Gunnarsson.*

[2] *Lárus H. Bjarnason.*

[3] *Áróðri.*

[4] *Reiðhjóli.*

[5] *Danska máltækið er: Lade fem og syv være lige. Mætti þýða þetta: Láta svo vera.*

[6] *Hermann Jónasson (1858-1936) á Þingeyrum, áður skólastjóri á Hólum.*

Páll Briem til Álfheiðar Helgadóttur Briem. Akureyri 28.5.1902

-- Það eru nú liðnar tvær nætur síðan þú fórst með börnin og hefur því verið nokkuð eyðilegt og einmanalegt síðan þú fórst. Við Kristinn horfðum á eptir Vestu þangað til hún fór fyrir Oddeyrartangann, svo sá jeg hana aptur þegar siglutrjen voru að hverfa fyrir brekkurnar.

Hilda hefur verið einstaklega góð, sofið mjög vel á næturnar og líka á daginn. Hóstinn er að batna. -- Jeg hef verið frískur, ekkert blóð í hráka, en nokkuð mikill nætursviti, jeg borða sem jeg get. Í gær var jeg þyngri en áður. Mig vantaði að eins 1½ pd. til þess að vera 140 pd.

Andersen skraddari var hjer og sagði jeg honum mína meiningu; svo kom Friðrik Eggertsson fyrir Thomsen og tók mál af mjer. Nú vil jeg biðja þig að velja klæðið í fötin, svo gjöri jeg ráð fyrir að buxurnar og vestið verði fullsaumuð, en hvernig á jeg að fara með frakkann? Friðrik segist þurfa einn dag til að klára hann, ef jeg ætti að máta hann. Mjer finnst jeg geti notað svarta frakkann minn þennan eina dag í Rvík. Annars skaltu alveg láta fullsauma hann, ef þú álítur að þeir geti saumað frakkann skammlaust án þess að jeg máti hann.

Opt hef jeg verið hindraður meðan jeg hef verið að skrifa þetta og nú á jeg að fara að borða og svo í skírnarveislu til prestsins kl. 4.

Nú er kl. 8. Jeg er nýkominn frá skírninni. Barnið heitir Heba[1] og held jeg, að jeg hafi verið skírnarvottur, en sjera Geir talaði ekki beint um það, víst af einurðarleysi. Þar var Norðmann, Eggerz og Stefán Kristinsson og jeg. Prestfrúin hjelt sjálf undir skírn. Hún bað að heilsa. Barnið heitir í höfuðið á Elinborgu en hún var heima kölluð Heba.

Fríða er best við Helgu -- góð hjá Kristjönu, en heimtar þó frá henni til Kristins og er hann stoltur yfir því. --

Guðrún var að vinna hjá mjer í dag og verður tvo þrjá daga við hreinsun og held jeg að henni þyki vænt um. Nú á að setja kartöplurnar niður í kveld og ef til vill sá. Plönturnar í mistbekknum (?) þrifast mikið vel að því er sjeð verður. Kýrin mjólkar betur og hestarnir struku fram að Munkaþverá --

Meðan jeg var við skírnina, hafa þær Helga og Guðrún sett niður kartöplurnar og nú fara þær að sá fræinu. Jeg sje ekki til neins að sá blómkáli og hvítkáli.

Jeg held að jeg hafi nú sagt hið helsta. Jeg get svo ekki látið vera að hugsa um, hvað þú munir hafa haft það erfitt með börnin á skipinu, en eina bótin er að veðrið hefur vonandi verið gott. Jeg ímynda mjer að þú munir nú vera að fara frá Ísafirði kl. 9½ á þriðjudagskveld, Jeg vildi óska að jeg væri horfinn dálitla stund til þín og blessaðra barnanna. Það er söknuður að þeim úr húsinu, þó að ærslin væru stundum nokkuð mikil.

29. maí 1901. Nú er þoka. Ekkert blóð í hráka í morgun. Hilda *(á að vera Fríða)* er að smágráta af því að Kristjana er víst að þvo henni. Hóstinn var með allra minnsta móti í nótt. Kristinn hafði slæma tannpínu í gærkveldi en er nú laus við hana. Hann biður kærlega að heilsa, og sama gjöra stúlkurnar. --

Jeg er dálitið áhyggjufullur um það, hvernig þjer hefur gengið með börnin.--

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 4.6.1902.

-- Tryggvi Gunnarsson var kosinn í dag með miklum meirihluta, en Sighvatur[2] gamli og Eggert Pálsson[3] í Rangárvallasýslu. Í Árnessýslu var kosinn Hannes Þorsteinsson[4] og Eggert Benediktsson.[5]

Mér væri sönn ánægja ef þú borðaðir hjá okkur í sumar, því líkl. verður ekkert úr Skildinganesverunni. --

Álfheiður Briem skrifar Páli E. Briem. Akureyri. 8.6.1902.

Hjartkæri Paulus minn! Vesta kom í gærkveldi, og fer nú vestur á Skagafjörð eptir stundarkorn svo mig langar að pára þjer fáeinar línur, ef þær skyldu hitta þig á Sauðárkrók. Annars lítið að frjetta, jeg skrölti á flakki enn þá --

Jeg fjekk ekkert brjef frá mömmu, svo jeg er ofboð lítið ergileg, frú Breiðfjörð kom með skipinu, hafði tveggja daga ferð frá Reykjavík og má það kallast bærilegt. Hún sagði mikið af þingkosningalátum. Tryggvi Gunnarsson kosinn í Reykjavík, Hannes Þorst. og Eggert í Laugardælum í Arnessýslu, Jón Magnússon í Vestmannaeyjum, en Valtýr fær hvergi að komast að, og held jeg Þjóðólfur sje hróðugur yfir því. Sjera Eggert

---

[1] *Heba Geirsdóttir (1901-1984) giftist dr. Alexander Jóhannessyni (1889-1965) prófessor. Sonur Jóhannesar Ólafssonar sýslumanns á Gili í Skagaf.*

[2] *Sighvatur Árnason (1823-1911) bóndi á Eyvindarhólum. Lengi þingmaður Rangæinga.*

[3] *Séra Eggert Pálsson (1864-1926) þá fyrst kosinn þingmaður Rangæinga. Prestur á Breiðabólsstað og síðar prófastur.*

[4] *Hannes Þorsteinsson (1860-1935) þingmaður Árnesinga. Síðar þjóðskjalavörður.*

[5] *Eggert Benediktsson (1861-1936) bóndi á Laugardælum í Flóa.*

á Breiðabólsstað í Rangárvallasýslu, en Magnús *peysan*[1] á Árbæ fær ekki að vera með, og er bættur sá skaðinn, þó ekki sje nú mikið um að vera með hin ósköpin, Sighvatur gamli er hinn. Þykir þjer jeg nú ekki vera vel inni í pólitíkinni Paulus minn að muna þetta allt, sem jeg heyrði fljótlega sagt frá í gærkveldi um harða háttatíma?

Bara þú gætir nú komið með Vestu heim, það væri inndælt, jeg vona hún verði nú ekki lengi fyrst veðrið er svona inndælt. Eggert hjelt afmælið sitt á föstudaginn, og var talsverður völlur á honum og gestunum, í dag eru þau boðin til læknisins, og stendur nokkuð til. Þau báðu mig að geta þess við þig, svo þú vissir það áður en þú yrðir kominn heim!? Jeg ætla að láta Gvend Hávarðsson keyra mig út til frú *(Jórunn)* Norðmann, hún er alltaf ósköp lasin, og litli Óskar líka, hún verður víst opereruð í vikunni.

Heilsaðu nú öllum vinum og ættingjum, og ef þú getur, minntu systurnar á Sjávarborg á gjörðina frúarinnar. Krakkarnir senda elsku pabba skelfing góðar kveðjur, Fríða leit á rúmið þitt morguninn eptir að þú fórst, og setti upp raunasvip og sagði "*pabbi týndur á ho, ho*." en svo brosti hún fljótt aptur og sagði "*pabbi koma til Íu*". --

Vertu blesaður hjartað mitt, í gær hafa þeir verið að rífa þig í sig Húnvetningarnir, hvernig skyldi svo það hafa farið. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 15.6.1902.

Þau hjón eignuðust dóttur um nóttina og gekk allt vel. Þetta var Ása.[2] *-- Segir einnig þær fréttir að Hannes Hafstein hafi fallið fyrir Sigurði Stefánssyni í Ísafjarðarsýslu. Þá fór María Claessen norður með kærastanum sínum, Sigurði Thoroddsen.*

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 22.6.1902.

-- ég hef þá gleðifregn að segja að við hjónin eignuðumst son 18. þ.m. kl. 12 á hádegi.[3] – Sigríður Sæmundsson -- hefur verið konu minni eins og besta systir. –

Ég er þér mjög þakklátur fyrir viðurgerning, kvölds og morguns, en nú hef ég ekki eins sterka og fljóta þörf og ég hafði hálft í hvoru ímyndað mér, þar sem ég féll við kosningarnar í Húnavatnssýslu. Ég kem samt í öllu falli suður í ágústlok og verð þangað til í október að sinna mínum fátækranefndarstörfum.

En svo ég minnist á þingkosningu mína núna, þá gerði ég næsta lítið fyrir hana, enda er og var mér það í raun réttri að ýmsu leyti þægilegra að vera laus við þingsetu þetta sumar, en aftur á móti gæti það verið mér kappsmál að vera kosinn á þing að ári, og myndi ég þá hugsa til þingkosningar enn að nýju í Húnavatnssýslu. En þetta er mest komið undir séra Hálfdáni[4] frænda þínum. Ég fékk ekkert atkvæði úr prestakalli hans og sjálfur greiddi hann ekki atkvæði. Hann sagði mér að hann vildi ekki skipta sér neitt af þingkosningunum í þetta sinn vegna æsinganna sem hefðu átt sér stað. Að vísu sýnist það vera undarlegt að vilja þá ekki styðja þann mann, sem ekkert var við æsingar riðinn og vildi reyna til að vinna bug á þeim, en séra Hálfdán tók nú þetta í sig, og ég segi svo ekkert frekar um það. Ég ætla nú að biðja þig að ámæla ekki séra Hálfdáni, en ef þú vildir leggja gott orð inn fyrir mig hjá honum, þá þætti mér vænt um það, því hann hefur ásamt Hirti nokkrum Líndal,[5] mest að segja í vesturhluta Húnavatnssýslu. --

Ég fer á morgun með Hólum á amtsráðsfund á Vopnafirði. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 1.7.1902.

Segir frá því að hann fari norður til að koma póstafgreiðslumönnum inn í reglugerðir og lög. Óskar P.E.B. og Álfheiði til hamingju með sonarfæðingu. -- Segir að Helgi mágur hans og Sigríður systir þeirra hafi misst dóttur.

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Akureyri. 7.7.1902.

-- þakka þjer hjartanlega fyrir tilskrifið síðast og sögu þína, sem jeg skal senda þjer með fyrstu ferð. Jeg er nýkominn af amtsráðsfundi, mikið embættisannríki, fullt af gestum meðal annars landshöfðingja, sjera Jóni Helgasyni mági mínum, enska *chefinum* osfrv. Jeg get því ekkert interessant skrifað. Viltu gjöra mjer þann greiða að hefja meðfylgjandi ávísun og geyma þær 650 kr. sem hún hljóðar upp á, þangað til Sigurður

[1] *Rola, durgur. Sennilega úr frönsku: paysan = sveitó!*

[2] *Ása (1902-1947) dóttir Guðrúnar og Sigurðar Briem. Átti Jón Kjartansson ritstjóra og sýslumann.*

[3] *Helgi Pálsson Briem (1902-1981). Hagfræðingur.*

[4] *Séra Hálfdán Guðjónsson (1863-1937) þá á Breiðabólsstað í Vesturhópi. Síðar vígslubiskup og sat á Sauðárkróki.*

[5] *Hjörtur Líndal (1854-1940) hreppsstjóri og smáskammtalæknir á Efra Núpi í Miðfirði.*

Sigurðsson frá Draflastöðum[1] vitjar þeirra. --

Við hjónin eignuðumst son 18. f.m. Konan er komin á fætur og allt vel. --

Páll Briem til Finns Jónssonar. Akureyri. 18.7.1902

-- Jeg hef margt og mikið að skrifa þjer, en allt verður það að bíða seinni tíma, nema hvað jeg ætla að segja þjer um flokkana. - Eins og þú veist eru í heimastjórnarflokknum bæði konservativir menn og framfaramenn og leifar af hinum liberalkonservativu mönnum sem fylgdu Benedikt Sveinssyni. Klemens er foringi framfaramannanna. Hannes Þorsteinsson er foringi leifanna en Tryggvi hinna konservativu. Hann (Tr.) er liðflestur og hefur Vestra og Austra með sjer. Hannes Þorsteinsson hefur Þjóðólf og Stefni. Báðir þessir halda stíft saman og það eru þeir, sem hafa aðallega sigrað við kosningarnar, enda hafa þeir ekki legið á liði sínu og lagt fram stórfje. Þeim konservativu er illa við mig og vörðu mörg hundruð krónum til agitióna gegn mjer í Húnavatnssýslu. Það voru margir kjósendur, sem snerust alveg eins og þeytispjald t.a.m. fyrst með mjer, svo móti, svo með, svo móti. Það hafa ýmsir verið launaðir til þess að agítera móti mjer, og þessir sömu menn höfðu launaða menn hjer til þess að reyna að steypa Klemens. Pjetur á Gautlöndum var of fastur í söðli, en var annars illa sjeður. Þetta er nú sá ráðandi flokkur. Þú sjerð því að útlitið er ekki gott fyrir því, sem þú heldur fram sem sje, mjer sem ráðgjafa, enda er jeg nú farinn að hugsa um, hvað jeg gjöri, ef jeg missi embættið og fæ ekkert annað í staðinn, sem jeg sætti mig við. Mig langar við tækifæri að leita hófanna með það, hvort menn enn þá myndu vilja hafa docent í ísl. lögum við háskólann í Kaupmannahöfn, því að þá væri mjer það kært starf. Þú þarft auðvitað ekki að leggja mikla áherslu á þetta, en það væri þó gaman að hafa vaðið fyrir neðan sig.

Þekkir þú Hannes Hafstein persónulega eða rjettara sagt *intimt*?[2]

Því miður hef jeg ekki tíma til að skrifa þjer meira að sinni, en jeg fæ vonandi tíma til að skrifa meira með Vestu. Má jeg biðja þig fyrir innlagt brjef til Andersens bóksala. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 20.7.1902.

-- Sigurður Thoroddsen hefur fengið mestu ónot hjá stjórninni og einkum V. Hansen *belysningsdirektör*[3] fyrir að láta hætta við Lagarfljótsbrúna. --

Heyrt að honum muni verða sent þetta til umsagnar. Biður PEB að láta athuga frágang póstsendinga embættisins og notkun þjónustumerkja.

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 23.7.1902.

-- Svo fór það, að ekki gast þú komið hingað aftur til þess að hressa okkur með þinni vanalegu glaðværð, komast í fyrri töðugjöldin o.s.frv. -- Ég var um daginn að lesa *Evig frelse og evig fortab* eftir Skat Rördam.[4] -- það er eitt sem ég vil biðja þig að segja mér álit þitt um. R. segir á bls. 70 að því upplýstari, sem menn verði, þess verri verði menn og heimurinn fari því versnandi. Er þetta virkilega álit hinna helstu guðfræðinga? --

Páll E. Briem skrifar Álfheiðar Briem. Blönduósi kl. 8 f.h. 15.8.1902.

-- Mjer líður vel. Jeg hafði dálítinn *feber* (hita) í gærdag, en samt bestu matarlyst. Í gærkveldi var jeg nærri feberfrí og nú er jeg alveg feberfrí. Jeg ætla samt að liggja í dag. Hóstinn er horfinn og hrákinn því góður.

Viltu gá á borðið hjá mjer. Ef þar skyldi vera samningur milli sjera Einars á Hálsi og Ryders, þríritaður. Viltu þá gjöra svo vel að senda mjer hann með fyrstu ferð. Viltu segja Júlíusi að afgreiða leyfisbrjef til giptinga þannig að hann skrifi undir fyrir mína hönd. --

Álfheiður Briem skrifar Páli E. Briem. Akureyri. 17.8.1902.

-- Þetta sunnudagskvöld langar mig að brúka til að pára þjer fáeina línur, og vildi jeg óska að jeg vissi nú hvernig þjer liði, og hvar þú værir, jeg er svo áhyggjufull og hrædd um heilsuna þína, því einsog hún var þegar þú lagðir á stað var það ekki skemmtilegt að leggja út á sjóinn, en allt stendur það í drottins hendi, bæði heilsan og lífið, og engu að treysta nema honum einum.

Af okkur er allt svona bærilegt að segja. Eggert er með slæman hósta, og ljet jeg hann vera í rúminu í gær, en hef klætt hann í dag. Gunna litla *(sennilega húshjálp)* liggur líka og ljet jeg læknirinn koma í morgun að líta á hana, því jeg var hrædd við hvað lengi hún er með þessa lympu, hann sagðist álíta það vera garnakvef, og

---

[1] *Sigurður Sigurðsson síðar búnaðarmálastjóri.*

[2] *Náið.*

[3] *Rafmagnsstjóri.*

[4] *Gæti verið Thomas Skat Rördam (1832-1909) síðast biskup.*

þótti mjer næstum vænt um að heyra það, því jeg var svo hrædd um lungnabólgu, af því hún hefur kvartað yfir sting þessa tvo seinustu daga, en hann segir stingurinn sje of neðarlega til að vera tak. Jeg vona nú að þetta batni bráðlega aptur. Hin börnin eru frísk og fjörug, stríða hvert öðru allan daginn og skæla alltaf á víxl.

Hjer er í dag það óttalega norðanbál og 5 gr. hiti, svo jeg hef lagt í ofninn. Annars er svo sem ekkert að frjetta, jeg veit reyndar ekkert hvað líður, því jeg sje enga mannskju og kem ekkert út, gestakoman hætti með þjer, og sakna jeg þess ekkert. Commander Dalton kom hingað í fyrradag, bað mig vel að heilsa þjer, og þótti leitt að geta ekki borðað hjá okkur um daginn, hefði jeg getað sagt "*það gjörði hreint ekkert til, góði minn*" hefði jeg gjört það, en jeg var ekki nógu dugleg í enskunni til þess, þó okkur gengi samtalið prýðisvel.

Jeg fjekk brjef frá Kristni litla um daginn með Hólum, hann ljet vel yfir sjer og sagðist alltaf vera í heyskapnum daginn út, og væri nokkuð svona duglegur segði fólkið. --

19 ágúst. Síðan jeg skrifaði þessar línur hefur ekkert markvert drifið á mína daga, það er alltaf sami kuldinn og svo er mikið frost á nóttunni að allt kartöflugrasið er fallið í garðinum, og í nótt hefur snjóað ofan í mið fjöll. Það vildi jeg óska að veðrið væri betra fyrir sunnan því þessi vonda tíð er ekki holl fyrir þig. Gunna litla liggur alltaf og í morgun var Steingrímur *(Matthíasson læknir)* ekki óhræddur um taugaveiki, og bið jeg og vona að forsjónin leggi það ekki á mig, að hafa fengið hana í húsið, hún er samt ósköp væg, en það er Gunnu, sem jeg sakna svo kringum börnin; gæfi guð það batnaði bráðlega skyldi jeg vera glöð, þrátt fyrir allt. Jeg sendi 3 pör af sokkum með Bjering, líklega verða 2 þeirra oflitlir, og voru þeir þó sannarlega ekki of mikið þæfðir, en ef þú ekki getur brúkað þá, þá blessaður reyndu að láta kaupa handa þjer sokka á Thorvaldsensbasarnum, vonandi verða þeir endingarbetri en skyrtan í fyrra.

Svo er best að hætta þessu, og tefja ekki þinn tíma við að lesa meir af svo góðu, jeg er óviðjafnanlega andlaus, upplifi ekkert merkilegt og hef enga upplífgun heima, nema aumingja litlu krakkana. Þau biðja mig öll að heilsa elsku pabba hjartanlega, og Fríða er alltaf að smákoma í dyrnar og ámálga við mig að "*heilda pabba Íu*" og "*Gunna ladin*" bætir hún alltaf við. --

Viltu heilsa Jóni og Maríu hjartanlega frá mjer, með þakklæti til M. fyrir brjefið, sem jeg ætla að borga í sömu mynt þegar jeg er betur fyrirkölluð.

Vertu svo blessaður hjartkæri maðurinn minn, guð minn góður gefi mjer að frjetta allt bærilegt af þjer næst, það verður löng bið, jeg vona það besta, en er viðbúin öllu jafnt því góða og gleðilega sem hinu. -- Júlíus biður að heilsa, og segir að í bókapakkanum sem komið hafi með Mjölni sje engin af þeim bókum sem þú hafir viljað fá suður. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Rvík. 25.8.1902

-- Jeg frjetti í gær að Sigurjón Sumarliðason[1] hefði verið hjer og farið í gærmorgun, og þótti mjer afarillt, að ná ekki í hann. Enginn af mínum kunningjum gat sagt mjer frá þessu, en auðvitað var þeim vorkunn, af því að jeg hef ekkert komið út í 2-3 daga.

Jeg ætla að byrja á heilsufarinu. Það er gott. Jeg skrifaði þjer frá Blönduósi 16. þ.m. og lá þá í rúminu. Jeg var þá hjerumbil *feberlaus*[2] allan daginn og fór ofurlítið á fætur, þegar við fórum framhjá Horni. Daginn eptir vorum við á Ísafirði í besta veðri. Þar fóru allir farþegar í land nema jeg. Svo gekk fjarska seint þaðan. Við fórum á Bíldudal og Ólafsvík sem aukahafnir, er tafði okkur mikið. Jeg hafði engan *feber* síðustu dagana á skipinu og síðan jeg kom hingað hef jeg ekki haft blóðugan hráka og því hefði jeg verið með bestu heilsu, ef jeg hefði ekki fengið magaveiki 22. þ.m. sem margir aðkomumenn fá hjer af vatninu.[3] Guðmundur Björnsson sagði mjer að liggja og halda mjer alveg inni í tvo daga. Í gær var jeg slappur og sama er að segja um mig í dag og kemur mjer það illa, því að jeg hef ýmsilegt að starfa í dag og skrifa.

Landshöfðingi hefur boðið mjer í alþingisveisluna í dag og ætla jeg að fara, þó að jeg verði að fara gætilega.

Mjer fellur hjer mjög vel og miklu meira en það. Marie og Jón *(Helgason)* vilja gjöra allt fyrir mig og láta mig hafa það svo gott sem hugsast getur, og sama er að segja um Sigurð *(E. Briem)* og Guðrúnu. Jeg hef þetta ágætt hjerna, enda veitir ekki af því, því að jeg er kominn niður í 135 pd. ? Jeg ætla nú að vigta mig á hverjum degi, því að þetta dugar ekki.

Það er ekki gott að frjetta af Tómasi bróður þínum. Hann fjekk blóspýting fyrir skömmu og fór mamma þín þá austur til hans frá Odda með Siggu litlu *(Tómasdóttur)* með sjer. Sigríður systir mín er lasin en annars líður öllu mínu fólki vel.

---

[1] *Sigurjón Sumarliðason var landpóstur milli Rvíkur og Akureyrar um áratugi*

[2] *Hitalaus.*

[3] *Brunnvatn var sjúkdómsvaldandi v. taugaveiki, þar til vatnsveitugerð lauk 1906.*

Jeg er hálfslappur og skrifa því ekki meira með Skálholti, en skrifa svo meira með Lauru.

Kysstu börnin frá mjer og heilsaðu fólkinu, og svo sendi jeg þjer marga kossa. Jeg kem með Skálholti næst. Það er fyrsta skipsferðin. Leggðu ekki mikið á þig. Vertu blessuð og sæl elskan mín. --

Í nótt hafði jeg engan svita. Má jeg biðja þig að senda stúlkuna beint og strax með brjefið til E.H.[1] --

Álfheiður Briem skrifar Páli E. Briem. Akureyri. 26.8.1902.

-- Áður en jeg fer að sofa ætla jeg að hripa þjer fáeinar línur, þó ekki sje efnið merkilegt eða mikið. Okkur líður nú öllum vel, litlu börnin okkar sofa hjer í kringum mig, öll fjögur, og báðu þau mig öll að skila kveðju til þín, þegar jeg sagði þeim jeg ætlaði að skrifa þjer dálítið.

-- En hvernig skyldi svo þjer líða, elskan mín. Það hugsa jeg opt um, og finnst sem jeg sjái þig fyrir mjer, ýmist lasinn og máttvana einsog þegar jeg kvaddi þig, eða þá frísklegan að sjá og hýrleitan í framan eins og þú ert þegar þjer líður vel, jeg reyni opt að halda þeirri hugsun fastri að þú sjert orðinn frískur, en er viðbúin að frjetta það gagnstæða, vitandi það að allt stendur í drottins hendi. Jeg get ekki skilið að það skuli ekki vera nema 12 dagar síðan þú fórst. Mjer finnst það svo óendanlega langt orðið síðan húsið okkar varð svo tómlegt, jeg flýti mjer alltaf á hverjum morgni þegar jeg kem ofan, að ríf af mánaðardaginn, sem liðinn er, svo jeg sjái að einn af þessum sjötíu dögum sem þú verður í burtu sje liðinn.

Á mánudaginn (í gær) var byrjað að slá aptur túnið hjerna, síðara, og tvo daga þar áður, hefur rignt þau ókjör að það er alveg óvanalegt hjer og blæs ekki byrlega með heyið, það var ekki orðið svo illa sprottið, en vantaði nú bara þurkinn á það, kannskje hann komi með höfuðdeginum á föstudaginn kemur. Kuldinn er alltaf samur og jafn 5-8 gr. R. og er það ekki skemmtileg veðrátta; þrátt fyrir þetta allt, hef jeg 22 rósir, rauðar og gular útsprungnar og um það leyti að opnast í glugganum hjá mjer, og angar af þeim lyktin um allar stofur, jeg vildi þú gætir notið þess með mjer að sjá þær, þær eru eitthvað svo yndislegar.

Í dag er Vigfús gamli rétt að byrja að flytja inní nýja kastalann sinn. Þar eru 12 herbergi búin til að geta notað, hitt allt hálfgjört, Laxdal er líka að flytja úr sínu gamla húsi, en ekki geta þau farið í sitt nýja, þar er allt hálfkarað. Nú er Tryggvi byrjaður á sýslumannshúsinu, hann hleypur þetta úr einu í annað, og er í rauninni á eptir tímanum með þau öll, mjer sýnist prestshúsið ekki byggilegt að sjá ennþá, hvað sem verður næsta þriðjudag, svo þornar nú ekkert *mál* í þessum kulda; Stephensen er að láta mála sitt hús utan þessa daga (grænt einsog amtmannsins!) og rennur það í lækjum af, í þessari ofboðs rigningu.

Það er nýfætt barn á Möðruvöllum hjá Kristínu nokkurri (ráðskonu) og er Steindór sál. Jónasson[2] sagður faðirinn, ekki er nú að furða þó lofræðan um hann væri löng í vor, en þó gleymdist að geta þessa, afreksverks dauðvona manns, ósköp getur líka kvenfólkið verið blindað stundum.

Jeg er nú búin að fá stýrur í augun, því ekkert hef jeg getað sofnað síðan kl. 5½ í morgun, en nú er hún 10¼. Helgi er uppi á morgnana og vill þá hafa mig til að "*krafa*" við, sem Fríða kallar.

Guð gefi þjer góða nótt ástin mín

28 ág. Hjartað mitt; þarna hætti jeg um kvöldið og sofnaði svo frá öllu saman. Síðan hefur lítið gjörst merkilegt. Í gærkveldi kom Eggert bróðir þinn og Arent Claessen,[3] og varð jeg alveg forviða á því, því þú hafðir ekki nefnt það neitt að hann kæmi. Hann hefur svo verið við kontórstörf í dag og verður um kyrt á morgun og fer svo heim aptur á laugardag, og verður hann og þeir báðir þá líklega búnir að fá nóg af mjer. Það er ekki skemmtilegt að vera gestur í húsbóndalausu húsi. Í dag hefur verið þurkur svo stúlkurnar hafi snúið "*villt*"! síðan í morgun, og ef að verður sama veður á morgun aptur þá vona jeg að það komist langt að þurka annað kvöld, það er gróflega mikið hey af sumum blettunum sjerílagi sljettunum, svo jeg er nærri viss um að það verður álíka mikið og í fyrra þrátt fyrir allan kuldann.

Til þess að reyna að gjöra Arent eitthvað til skemtunar, fór jeg með hann inn í bæinn, og fjekk að sjá nýja hótellið, það er sú stásslegasta bygging á Íslandi það er jeg viss um, manni finnst þegar maður hefur sjeð það allt annað vera svo skelfing eitthvað kauðalegt, en hrædd er jeg um að það þurfi nokkuð fallegt innbú í þessar inndælu stofur, til þess það fari vel, jeg vildi ekki með vinnukonum eins og þær gjörast upp og niður, eiga að halda því öllu hreinu, það er handarvik, og leitt að sjá það mjög illa viðhaldið; svo kom jeg um leið í prestshúsið, og fannst mjer allt þar hálfbúið og óbúið, og mega þeir vera að ef það á að vera til um miðjan næsta mánuð hvað þá fyr.

Jeg held það sje rjettast fyrir mig að hætta þessu. Jeg sit við litla borðið við rúmið mitt, og hef kertisstúf til að sjá til af, svo það er ekki við að búast að skriptin sje öðruvísi en hún er skökk og vitlaus. Börnin okkar litlu

[1] *Líklega Einars Hjörleifsson (Kvaran).*

[2] *Steindór Jónasson (1872-1902) verslunarmaður á Akureyri.*

[3] *Arent Valgardsson Claessen (1887-1968), stórkaupm. í Rvík. Hann var sonur Valgards af síðara hjónabandi, sonur Önnu Möller.*

sofa öll í kringum mig, þau báðu skelfing vel að heilsa pabba, og Fríða litla sem alltaf man eptir þjer í rúminu daginn áður en þú fórst segir ævinlega þegar hún minnist þess "*Pabba illt, bágt*". Blessuð litla telpan okkar, það verður gleðidagur fyrir okkur öllum ef guð gefur að þú kemur frískur heim 20. oct. Það er nú síðasta ósk og bæn til hans hvert kvöld þegar jeg er lögst út af, mjer finnst jeg ekki mega til þess hugsa, ef þú liggur kannskje veikur, og jeg ekki get svo mikið fyrir þig gjört sem að rjetta þjer vatnsglas, auk annars meir. Vertu svo blessaður hjartkæri maðurinn minn, líði þjer betur en vit hefur á að biðja þín heittelskandi litla kona --

Viltu heilsa Jóni og Maríu frá mjer, jeg skrifa ekki mömmu neitt af því jeg býst við hún sje enn í Odda. --

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgadóttur Briem. Rvík. 29.8.1902.

-- Jeg sit hjer uppi í stóru stofunni hennar móður þinnar. Jeg er nýbúinn að borða morgunverð, vigtaði mig og var 140 pd.? Guðm. Björnsson sagði mjer, að hann hefði ekki fundið neitt grunsamlegt í hráka mínum, svo að jeg þyrfti aðeins að sjá um að fitna og hafa opinn glugga, svo sem verða mætti bæði dag og nótt, sumar og vetur. - Jeg er nú alveg búinn að ná mjer eptir magaveikina og má heita að mjer líði bara vel. Hér er fullt af þingmönnum og prestum enn þá. Á morgun er þetta á bak og burt, hafandi farið með Lauru í kveld.

Nei, en eitt þótti mjer gaman, það var að sjá litla Skúla[1] í Odda. Jeg segi litla, en hann er ekki lítill, stór og sterkbyggður og svo stiltur og alvarlegur, án þess þó að vera feiminn. Hann kom með flutningsvagni og Benedikt[2] gamli með, sem mjer þótti mikið gaman að sjá, þeir höfðu tjald með og höfðu sofið í því tvær nætur og ætluðu að sofa í því aðrar tvær nætur á heimleiðinni. Þú getur ekki trúað, hvað það gladdi mig að sjá þá, og það sem var það besta. Það var að Skúli litli lagði hendur um háls mjer, þegar hann fór, rjett eins og jeg væri aldavinur hans.

Hjer er sólskin og inndælasta veður, aðeins nokkuð svalt á nóttunni. Jeg svitna hjerumbil ekkert. Kæra kona mín. Nú ættir þú að nota tímann, meðan jeg er í burtu, til þess að hafa meiri hvíld og ró. Jeg kem með Skálholti, vonandi 7. okt.

Það er best að Kristinn fari að læra eitthvað í latínu hjá Halldóri með októberbyrjun. Halldór ætlar að fara landveg norður eptir miðjan september. Jeg vonast til að það dragist fyrir (Mörtu Maríu) mágkonu þinni, þangað til í október. Mjer fellur mjög vel við hana, að jeg ekki tali um bróður þinn því að þegar við förum að tala saman, þá ætlum við aldrei að þagna.

Jeg var boðinn hjá Tryggva (Gunnarssyni) í fyrra kveld, og þú getur ímyndað þjer, hversu mjer leið vel. Þar var Hannes Hafstein og kona hans, Lárus Bjarnason og Þorleifur Bjarnason. Hann ætlaði með Ceres til Schweiz, hann var búinn að útvega mann fyrir sig og fá leyfi til að fara utan og vera hjá konu sinni í vetur en svo skrifaði konan og bannaði honum að koma, svo að Þorleifur má sitja heima.[3]

Börnin hjer eru einstaklega skemmtileg. Anní[4] er reyndar nokkuð feimin ennþá, en Hálfdán[5] er eins og gamall kunningi við mig. Hildur[6] litla er samt blómið. Hún er einstaklega efnileg og síbrosandi. Hún er ekki farin að ganga enn þá. Hún getur aðeins staðið upp við, en hún er á besta batavegi. Bakið var máttlítið í fyrra, en er albata og fæturnir hjerumbil albata. Hildur litla er einstaklega laglegt barn og sýnist augasteinn foreldra sinna.

Jeg stóð upp og gekk að glugganum. Þá aka þau þar framhjá Sæmundur Bjarnhjeðinsson og kærastan.[7] Mjer hefur alltaf þótt Sæmundur nokkuð karlmannlegur, en fröken Jörgensen er langtum karlmannlegri. Annað sem bar fyrir augun. Það er Jón Þórðarson okkar. Hann var að gá að kaupendum sínum væntanlegum og leit með föðurlegum svip á fólkið á götunni, en renndi svo ástaraugun að gráum steinveggi, sem er að rísa upp við

[1] *Skúli Skúlason (1890-1982) ritstjóri í Rvík og Noregi.*

[2] *Benedikt "gamli" Diðriksson (1831-1910) hafði verið ráðsmaður séra Skúla Gíslasonar á Breiðabóstað. Benedikt var langafi Sigríðar Dagbjartsdóttur, konu minnar, sem hafði átt Ingimund afa hennar með húskonunni, Kristínu Þórðardóttur (1833-1894) frá Sumarliðabæ í Holtum. Þannig vildi til að Ingimundur ólst upp á Breiðabólsstað, sem eitt af systkinunum, börnum séra Skúla. Þeir voru nánastir vinir og skólabræður, séra Skúli Gíslason og Helgi lektor Hálfdánarson. Þar með urðu þeir uppeldisbræður Ingimundur Benediktsson og séra Skúli Skúlason í Odda og eins og af einni fjölskyldu. Þetta er langsótt skýring á því hvers vegna þeir voru á ferð saman í Reykjavík, Skúli Skúlason, littli frændi minn frá Odda og Benedikt Diðriksson.*
Gengið hefur manna milla vísa sem sagt er sé eftir Benedikt: Nú er orðið næsta bjart / nú sést til að srengja lýs. / Frostið þykir heldur hart / hlandið þegar á koppnum frýs.

[3] *Þetta er "toppur á ísjaka". Þorleifur var í tygjum við konu í Sviss og átti eða átti eftir, að eignast dóttur, sem allt í einu bankaði upp á hér í Reykjavík. Fer ekki nánar út í flókna og fróðlegu sögu.*

[4] *Anni Helgason (1895-1984) dómsritari.*

[5] *Hálfdan (Jónsson) Helgason síðar prófastur á Mosfelli í Mosfellssveit.*

[6] *Þórhildur (Jónsdóttir) Helgason varð leikskólakennari og hjúkrunarkona í Rvík.*

[7] *Sæmundur Bjarnhéðinsson (1863-1936) holdsveikralæknir. Kona hans, samstarfskona, hjúrkunarkona á Laugarnesspítala var Christophine (1868-1943) yfirhjúkrunakona á spítalanum.*

endann á húsi hans,[1] þar á að verða hans eigin pylsufabrikka, svo að það er engin furða, þó að Jóni þyki vænt um gráu veggina.

Jeg gekk í gær inn Laugaveg. Þar er byggt hvert stórhýsið við annað, liggur mjer við að segja, en stæst af þeim öllum er fjósið barónsins heitins á Hvítárvöllum, fullt af saltfiski Ásgeirs Sigurðssonar.[2]

Jeg hef ekki frjett neitt frekar að austan um Tómas bróður þinn. Jeg ætla með þetta brjef upp til sjera Geirs og að kveðja börnin um leið og foreldrana. -

Jeg vil biðja þig að kyssa börnin frá mjer og að heilsa fólkinu. Jeg óska og vona að ykkur öllum líði vel og að guð gæti ykkar í vöku og svefni. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Helgadóttur Briem. Reykjavík 3.9.1902.

--Elskulegt brjef frá 17.-20. ágúst þakka jeg þjer innilega. Jeg var að vona að þú myndir hafa það eitthvað rólegra, eptir að jeg væri farinn, en veikindin hafa því miður ekki gjört endasleppt við þig. Jeg hugsa opt til þín og þrái að heyra frá þjer með póstinum á sunnudaginn. Jeg vil óska og vona að börnin verði öll frísk -- Jeg þakka þjer nú ógn vel fyrir þvottapokann og sokkana, 3 pör, sem eru svo víðir um kálfann að jeg kann mjer ekki læti fyrir því, hvað þeir eru þægilegir. Leisturinn á gráu sokkunum er að vísu allt hið minnsta, en þó ekkert óþægilegir. -- Heilsan er góð. Rétt eins og snemma í vor og svo þyngist jeg heldur. Það eina sem amar að mjer, er að jeg sef of lítið; vakna of snemma, eptir 6 tíma svefn. Jeg er þess vegna ekki eins "*aandsfrisk*"[3] á daginn, eins og jeg annars myndi óska. Jeg álít jeg fari nú að sofa 7-8 tíma, því að jeg er búinn að ljúka við heimsóknirnar að miklu leyti. -

Af Tómasi bróður þinum er nú aptur gott að frjetta. Þegar póstur kom að austan, þá var hann kominn á fætur og talinn frískur. Mamma þín var hjá honum.

Sjera Ólafur bróðir þinn kom á sunnudaginn - en kona hans kom með póstvagninum rjett áður. Hann var hinn fjörugasti og mjög feitur er hann, en Kristín er miklu holdgrennri. Ólafur er mesti búsýslumaður og fær 150 kr. verðlaun af ræktunarsjóði Íslands fyrir jarðabætur. Hann var búinn að heyja með allra besta móti.

Jeg fjekk brjef frá Odda rjett fyrir skömmu. Þar var heyskapur með minna móti en sjera Skúli vonaðist til að fá meðalheyskap, ef tíðin yrði góð, og það er hún sannarlega. Sólskin og hiti allan daginn, svo að um miðjan daginn er full heitt hjer uppi á kvistinum, og þó er glugginn opinn dag og nótt. Sólin er nú að ganga undir og er sólarlagið óviðjafnanlega fagurt bæði í kveld og svo hefur það verið þessi kveld.

Jón bróðir þinn hefur setið í garðinum og verið að mála innri hlutann af Esjunni, Viðey o.s.frv. alveg ljómandi fallega mynd. Hann var orðinn krókloppinn, því að þegar sólin sest, verður strax andkalt.

Sigurður bróðir minn og frú Karítas fóru austur með sjera Ólafi bróður þínum í morgun, og ætla að koma aptur á mánudaginn. Jeg er því kominn að öll leyti í kost hjá sjera Jóni bróður þínum á meðan, og verða þau að breyta öllum sínum matmálstímum mín vegna.

Það getur ekki farið betur um mig heldur en hjer. Börnin eru nú alveg hætt að vera feimin við mig. -- Thomsen er að færa svo út kvíarnar með sitt magasín, að sumum óar við.

Jeg var niðri hjá Páli gamla Melsted, hann er nú á 90. árinu, en heldur sjer ákaflega vel, eins skemmtilegur og fjörugur eins og í gamla daga. Hann er sjóndapur eins og þú veist, en ekkert bitur, eins og sumum gömlum mönnum hættir við.

Jeg var hjá Jóni Vídalín með Sigurði bróður mínum til miðdags í gær: lax, *Crustader* með tungubitum og grænum ertum, *karbonade* og búðingur, og nóg vín og meðal annars *Champagne*. Hjer er af og til töluvert vagnaskrölt á götunum, einkum af ílandi hjólatíkum eða hjólasleðum. Ein þeirra fældi hestana fyrir smjörvagninum frá Rauðalæk, svo að vagninn laskaðist töluvert. Með Ceres fóru til Englands 6000 pd. af smjöri. Jeg mætti Dykkerchef Olsen frá Bergen hjer á götunni í dag og bað hann að heilsa þjer. Ertu ekki upplypt yfir því! Karlinn var magrari, svo að leðrið, sem er í andliti hans, var talsvert hrukkóttara, en um veturinn.

Þegar hjer var komið, þá kom Hálfdán að segja mjer að borða. Þegar máltíð var lokið, stundi Annie því upp, hvort hún gæti fengið að heyra sögu, sem henni var lofuð af mjer, og þótti mjer daman nokkuð niðurlút, meðan hún var að stynja þessu upp. Svo fengu þau sæti sitt á hverju hnje Hálfdán og Annie og var enginn skortur á eptirtekt, meðan jeg var að segja frá hrafni og tóu, hundinum með kjötstykkið og manninum með öxina. Nú eiga þau á morgun að fá söguna um storkinn og tóuna og er mikil eptirvænting hjá unga fólkinu

[1] *Bankastræti10, hús sem enn stendur. Sláturfélag Suðurlands keypti pylsugerðina.*

[2] *Þar starfaði ég um tíma hjá Rafveitunni. Nú er þar nýlenduverslun, opin allan sólarhringinn.*

[3] *"Velvakandi"!?*

eptir því.

Jeg starfa nú á hverjum degi í fátækranefndinni með Jóni Magnússyni og Guðjóni á Ljúfustöðum og fellur mjer mikið vel að vinna með þeim.

Jeg þakka þjer, kærlega fyrir skjölin og brjefin. Viltu heilsa Júlíusi og segja honum að jeg hafi fengið bækur frá Andersen með Lauru, sem mjer hafi komið vel að fá hingað svo að það var ekki von, að þeir væru í bókapakkanum sem kom heim. Hjónin hjer biðja kærlega að heilsa þjer. Kysstu börnin frá mjer og heilsaðu fólkinu. Vertu blessuð og sæl elsku kona mín. Jeg bið guð að vernda þig og börnin litlu. --

Álfheiður Helgadóttir Briem skrifar Páli E. Briem. Akureyri 6.9.1902.

-- Innilegt hjartans þakklæti fyrir tvö elskuleg og inndæl brjef, annað með Lauru og hitt með Skálholti. Það var mjer sannur gleðidagur þegar Pjetur Jónsson kom með kveðju frá þjer, og þá frjett að þú værir orðinn nokkuð frískur og jeg hef sjaldan síðan þú fórst lagst jafn ánægð út af, og aldrei verið drottni þakklátari en þá, jeg var svo hrædd við fyrstu frjettirnar, fannst þessar 3 vikur aldrei ætla að fá enda; elskan mín, leggðu nú ekki of mikið á þig, mjer finnst brjefin þín bera vott um það, að þú hafir óendanlega margt í huganum, en kannskje er það ímyndun.

Af okkur hjerna heima er nú allt bærilegt að segja, börnin eru guði sje lof öll frísk, og sjálf er jeg líka frísk en ekkert hef jeg, held jeg, fitnað síðan þú fórst, en nú ætla jeg til þess, þegar jeg kem því við, fyrst jeg frjetti svo gott af fjarlægu elskunni minni.

Hjónin eru nú sest hjer aptur að, því allt var hálfkarað í húsinu þeirra, og sumt er þar svoleiðis að jeg skil ekki það hljótist ekki slys af t.d. kjallarastiganum, hann er verri en nokkur hænsnatrappa, brattur og andstyggilegur. Frúin er samt heldur vel ánægð, og þá er nóg, og hornskekkjan finnst henni ekki eins óþægileg fyrir augað eins og mjer, en það er líka sem betur fer hægara að gjöra henni til hæfis en mjer. Jeg hef haft Claessen á Sauðárkróki hjer í 3 daga, hann kom með "Lauru" og fór svo í dag út á Hjalteyri, og verður þar ásamt konu sinni þangað til Skálholt fer. Hann náttúrlega hafði það ósköp leiðinlegt meðan hann stóð við, en það er nú alltaf svo, þar sem húsbóndalaust er, og skil jeg síst í að nokkur skuli leggja það á sig, að heimsækja mig, þegar þú ert hvergi nærri. Hann var eins og vant er ósköp elskuverður og sagði mjer þær frjettir að Ingibjörg dóttir hans væri nýtrúlofuð (en ekki opinberlega ennþá) Jóni Þorlákssyni frá Vesturhópshólum hann tekur próf eptir jólin, og svo koma þau heim í vor, það er mikið ánægjulegt fyrir foreldrana, og jeg get svo innilega samglaðst þeim, jeg get ekki að því gjört, að jeg hef sárustu meðaumkvun með öllum ógiptum stúlkum, þær fara á mis við mestu sæluna sem lífið hefur til, að eiga trúfastan vin gegnum allt lífið, sem aldrei bregst, það er að segja ef allt er eins og vera ber.

Við gátum nú loksins hirt túnið í gærdag, og fengum af því 18½ hest, og mátti það gott heita eptir því sem við var að búast, það var alveg óhrakkið, og mátulega þurt, sagði Guðmundur. Í garðinum mínum er nú líka farið að koma til, jeg tók upp kartöflur í dag, bara vel vænar, en rófurnar eru allt vesaldarlegri, jeg hef látið reita garðinn tvisvar, og voru ósköp öll af arfa. Kýrin okkar er í 3 mörkum ennþá og þykir mjer það furðu gott, en hjer er ómögulegt að fá mjólk þó gull sje í boði, mjer þykir verst með litla Helga, hann fær ekki nóg hjá mjer, og þolir ekki þessa mjólk, svo jeg hef verið að hugsa um að fá ofan úr sveit mjólk handa honum, ef mögulegt væri. Svo held jeg meira sje ekki að segja af búskapnum. Og nú er líka birtan alveg á förum. --

Álfheiður Helgad. Briem skrifar Páli E. Briem. Akureyri. 16.9.1902.

-- Í þeirri von að pósturinn nái í þig í Reykjavík langar mig að hripa þjer fáeinar línur til þess að þakka þjer hjartanlega inndælt brjef með "Hólum" sem komu í versta veðri á sunnudagsmorguninn, og höfður litla Kristinn okkar með, hann hafði verið sjóveikur af því veður var hið versta, húðarrigning og rok eptir því. Í nótt hefur snjóað niður í miðja Vaðlaheiði, og þegar jeg er að skrifa þetta er kl. 5½ e.m. og þá hangir í 2 gr. hita. Það er leiða tíðin alltaf.

Okkur líður, guði sje lof, vel núna, börnin eru ekki laus við hósta en eru samt öll á fótum, fá ekki að fara neitt út, og þykir þeim það hart lögmál, en börnin eru alltaf að smádeyja hjer í kring, svo jeg er svo hrædd við að hafa þau úti. Annars er ekkert að frjetta frá okkur, allt gengur sinn vanagang ofur rólega, jeg hef setið við að spinna gólfteppaþráð í tvo daga, það vantaði 4 hespur, en mig langaði að koma því frá fyrir sláturstíð.

Sigurður (Sigurðsson) frá Draflastöðum kom með Agli, hann kom hingað, og bað kærlega að heilsa þjer, honum leist prýðisvel á trjen okkar, og sagði það ekki vera mjög mörg af þeim sem þyrfti að skera, þau væru svo prúðmannleg á velli! Svo fór hann með prestshjónunum inneptir til þeirra til að skoða garðstæðið þar, og sagði hann ekkert yrði hægt að gjöra við það undir veturinn, nema bara að plægja. Ekki miðar húsinu þeirra mikið enn. Þeir eru tveir að gaufa þar núna daglega, og eru krókloppnir, því enginn ofn nje eldavjel er sett niður, og allt er svona heldur í daufgerðara lagi, þau eru nú orðin hálfleið á Tryggva og öllum hans loforðum, en sjálf eru þau líka svo meinlaus og dauf, að þau reka ekkert eptir sem dugar. Jeg skil ekki hvenær þau geta flutt þar inn, með þessu áframhaldi.

Ef þetta brjef skyldi ná í þig, langar mig ógn til að biðja þig að koma með á blikkbrúsa eða flöskum 2 potta af lampaspritti, hjer fæst það hvergi, nema það sem Árni Pjetursson gjörir fyrir einhverja náð, að selja mjer á 3ja pela flösku fyrir 1,80 aura, en hjá Brynjólfi Bjarnasyni kostar potturinn 85 aura. Teppiskúst sveik Bjering mig líka alveg um, svo mjer þætti ógn gott ef jeg gæti fengið hann líka, þeir hafa fengist hjá Chr. Ziemsen (gulir?).

Svo hætti jeg þessu masi, jeg hef svo lítið að segja, og þú hefur ekki mikla gleði af tómu kvabbi. Börnin eru að leika sjer hjer á gólfinu og biðja mig að skila kærri kveðju til hjartans góða pabba, og biðja hann að koma með brjóstsykurstangir og myndablöð úr Reykjavík. --

Páll E. Briem til Álfheiðar Helgad. Briem. Rvík.17.9.1902.

-- Ef jeg hefði ímyndað mjer, að jeg myndi verða eins heilsugóður, þá hefði jeg pantað hesta mína suður, en það er nú eigi því að heilsa. Jeg verð að hringla með Skálholti, en jeg er þó að hugsa um að stytta mjer leið, með því að fara frá Stykkishólmi eða Flatey, norður á Borðeyri eða Prestsbakka, þar gæti jeg verið um kyrrt eina 4 daga og er það miklu náðugra. Mjer er nú farið að leiðast að komast eigi af stað og þó má heita að veðrið sje allt af gott. Að vísu var mikið frost í nótt, en það er sólskin og logn flesta daga.

Jeg var í vígsluveislu hjá biskupinum á sunnudaginn og sagði Jón bróðir þinn að það hefði verið með skemtilegasta móti. Svo var jeg í fyrrakveld boðinn til Jóns Magnússonar landritara með mörgum herrum, Jóni Vídalín og hinum Jónunum í Jónakvarterinu *(?)* o.s.frv. Jeg var í dag hjá Sigurði Thoroddsen og Maríu systurdóttur minni. Þau búa í nýju húsi rjett nálægt Jóni Jenssyni og hafa fengið *meublur* frá Bruun í Hamborg - afar fínar. Okkar mættu skammast sín við hliðina á þeim. María hafði grátið nokkuð mikið daginn, sem hún giptist, en það lítur út fyrir, að hún sje mikið lukkuleg. Ía[1] ætlar að hætta við vefnaðarkennsluna um nýjár og fara og vera annaðhvort í Höfn eða í Varde hjá föðurbróður sínum, jeg ætla ekki að spá neinu um að hún sje trúlofuð. Eggert bróðir þeirra býr hjá Jónassen og er nú farinn að lesa með krapti held jeg.

Frederikke mágkona mín hefur verið hjá Thomsen, en er nýlega flutt til biskupsins aptur. Hún fær stöðugt góðar frjettir frá Óla syni sínum. Hann verður búinn hjá Schmidt í vor, en svo er helst í ráði að hann fari til Englands og fullkomni sig þar.

Sigríður systir mín hefur verið lasin síðan jeg kom, en er nú farin að fara á fætur. Halldór bróðir minn ætlar að fara með pósti á morgun. Jeg hef talað við hann um að hann fái suðurherbergið. Það væri best að hann færi að kenna Kristni, þegar 1. október kemur.

Jeg hef það framúrskarandi ágætt hjer hjá sjera Jóni bróður þínum og svo Sigurði bróður mínum og þeim konum þeirra. --

Jeg hef eigi frjett annað en gott að austan frá Odda og Stóra Hrauni. Jeg hef ekkert frjett að austan nýlega frá Tómasi bróður þínum. Störfin í milliþinganefndinni ganga hægt og bítandi. Jeg hef ánægju af að starfa með meðnefndarmönnum mínum.

Páll Einarsson[2] sýslumaður var hjá Jóni landritara um kveldið. Mjer fannst hann miklu minna hneigður fyrir að stæla heldur en áður. Kona hans kvað alltaf brúka morfín og fari eigi á fætur fyrri en kl. 12-1 á daginn.

Jeg hef víst minnst á pylsufabrikku Jóns Þórðarsonar. Hún er í smíðum hjer rjett á móti afar há með karnapgluggum í stofunni og tveimur altönum hverjum upp af öðrum. Þú mátt trúa því að það verður fögur sjón hjer úr gluggunum að sjá pylsurnar á fögrum sumarkvöldum í öðrum karnapglugganum, en herra Jónsson í hinum, Jón Þórðarson sjálfan upp á altaninum og svo Þorbjörgu efst upp á efra altaninum alpakkaða í blómum, purpura og hermelíni. Jón sagði sjera Jóni bróður þínum, að það væri þó allt af betra að geta haft myndarlegt hús að styðja sig við, ef það kynni að ganga galt með verslunina.

Það er allt gott af mjer að segja. Jeg hef fitnað dálítið síðan jeg kom hingað, seinast þegar jeg vigtaði mig var jeg 144 pd. --

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 20.9.1902.

-- Jeg hef verið önnum kafinn í fátækranefndinni og hef ekki getað sinnt pólitíkinni að neinu leyti, enda hefur hún verið á hverfanda hveli. Jeg hnýti nú þar við, sem þú slepptir, þar sem þú sagðir, að það þyrfti að myndast nýtt pólitískt parti. Jeg kom nú hjer suður síðasta þingtímann og þá sannfærðist jeg um þetta enn betur.

Þessir flokkar, sem nú eru, geta alls eigi staðist. Í Heimastjórnarflokknum eru þeir Júlíus Hafstein, Jónassen og ýmsir fleiri mjög konservativ, en þetta gildir eins um hinn flokkinn. Kristján Jónsson o.fl. eru þar mjög konservativir. Flokkarnir gátu að eins hangið saman af gömlu flokkshatri til "*hinna*". En þá munt þú spyrja okkur, hvers vegna við Klemens höfum þá ekki tekið okkur til og myndað nýjan flokk. En til þess eru skjót

[1] *Ingibjörg, Claessen, síðar Þorláksson.*

[2] *Síðar borgarstjóri og hæstaréttardómari.*

svör: "*Það var ekki eðlilegt eða mögulegt, af því að það komu hvergi fram nein mál, þar sem flokkssannfæringin gat sýnt sig*".

Þetta hefði getað sýnt sig í embættamálinu. Þegar á að ræða um afnám amtmannaembættanna, þá hefði skoðanamismunurinn komið fram, en Klemens var í forsetastólnum og jeg fyrir norðan. Flokksmennirnir tóku það tillit til hinna konservativu í hverjum flokki, að þeir slógu öllu á frest. Að mínu áliti á að taka af amtmannsembættin. Það þarf að efla stjórnina og höfum við því ekki fje til þess að vera að halda í embætti sem eru að ýmsu óþörf. En þeir konservativu mega ekki heyra þetta nefnt, sjerstaklega eru embættismenn hjer í Reykjavík mjög á móti þessu. Norðlingar voru áður með afnámi amtmannsembættanna, en af því að þeir finna stað hjá mjer, þá eru þeir miklu linari. Þeir vilja ekki missa mig.

Þú sjerð að gamlir flokksmenn geta ekki skilið, fyrri en það kemur eitthvað "*sagligt*", sem skilur þá. Það var ekki hægt að mynda neinn flokk á síðasta þingi, en flokkarnir hljóta að myndast á næsta þingi.

En hvernig verða svo þessir flokkar. Mjer segir ekki vel hugur um þetta. Valtýingar ætluðu að steypa Jóni Jakobsyni eins og þú manst. Þeir vildu láta pólitíkina ráða. Heimastjórnarmenn voru mjög gramir yfir þessu. En hvað gjöra þeir svo í ár, þegar þeir eiga að velja menn í bankann. Þá fara þeir og taka menn eins og Sigfús og svo sýslumann langt burtu, af engu öðru heldur en flokksfylgi. Ef þeir hefðu endilega viljað hafa lögfræðing og sýslumann, þá var Páll Einarsson ekki að eins miklu betur settur, heldur öllum vitanlega, miklu betri maður. Ef þetta sama á að gilda með embættaveitingar, þá erum við komnir úr öskunni í eldinn, og þó er sannarlega ekki merkilegt að vera í öskunni. Til hvers hef jeg alla æfi verið í opposition við embættismannaklíkuna hjer í Reykjavík, ef þetta á svo að verða ofan á, eptir allt saman? Ef við getum eigi fengið neina breytingu á þessu þá óska jeg þess, að jeg þyrfti eigi að ala aldur minn hjer á landi.

Það er þetta sem hefur ollið því, að jeg hef sympathiserað með Valtýska flokknum, þegar hann gekk inn á að tryggja þjóðræðið. Valtýr en nú líklega úr sögunni. En hvað tekur þá við?

Jeg hef nú verið að ganga hjer um bæinn og ekki hvað síst sannfærir það mig um að það þarf að koma einhver systembreyting. Reykjavík er fögur og framfarirnar eru sýnilegar, en embættismannaklíkan liggur eins og þungt farg á bænum, og gjörir honum óumræðilegan skaða. En það er ekki til neins að tala um þetta. Það sem jeg segi og mun segja, það er, að það þarf að koma einhver breyting á alla þessa stagnation, sem ræður hjer.

Jeg hef nú eptir mikla umhugsun ráðið það af að bjóða mig fram í Húnavatnssýslu, en mjer er nú skrifað, að það sjeu þegar byrjaðar agítationir móti mjer og þær að mun.

Viltu gjöra svo vel að skrifa mjer, hvern huga stúdentar hafa. Vilja þeir að allt haldist í sama horfi eða eigi? Vilja þeir eigi að landið komist upp og verði ríkt og blómlegt? Sjá þeir nokkurn annan veg til þess, en þann sama veg, sem t.a.m. Danir hafa farið. --

23. sept. Jeg hef verið að starfa í milliþinganefndinni og hef kunnað þar vel við mig.

Er nokkuð hæft í því sem Austri segir um Ólaf Halldórsson: Menn segja mjer að frjettin sje frá þjer. Mjer þætti vænt um, því að jeg held mikið upp á Ólaf Halldórsson, en Valtýr er mikið móti honum. Jeg held að flokkarnir myndu báðir verða með Ólafi; þegar hann væri orðinn ráðgjafi. Að minnsta kosti fengi hann enga stífa opposition. Ólafur er alveg laus við klíkur og rjettlátur er hann. Mjer finns þú ættir að hugsa um hann sem ráðgjafaefni. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Sauðárkrók 26.9.1902.

> *Heldur áfram ferðasögu. Hitti Elínu á Blönduósi. Þau fóru saman að Höskuldsstöðum. Hún lítur betur út en í vor. 40 stúlkur verða í skólanum á Blönduósi, svo með sanni má segja að hann blómgist og mestallt henni að þakka. Síðar fór H.E.B. til Sauðárkróks og var fagnað af Eggert bróður sínum. Eggert og Guðrún ætla að fylgja honum áleiðis.*

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 3.10.1902.

-- Séra Ólafur á Stóra-Hrauni kom hingað á mánudag og ætlar austur aftur í dag. Hann hefur verið í bindindi á annað en rauðvín, svo ég kalla að séra Skúla hafi tekist vel og við erum öll glöð yfir resúltatinu.[1] --

Í fyrradag var Nauthóll brenndur og var töluvert bál; ekki fór Eyjólfur út með familíu sína fyrr en fór að hitna, en þá sótthreinsaði Guðmundur Björnsson hann. Runólfur hefur lánað Eyjólfi þessum Skildinganeshúsin til vors.

Eggert í Viðey ætlar að slátra sex kúm af því að þær mjólka svo lítið -- Ætli við ættum ekki að kaupa fimm kýr í vor á Skildinganes? Ég fer ekki að semja við Erlend[2] um kaup fyrr en kortið af Skerjafirði er komið. --

[1] *Árangrinum.*

[2] *Erlendur Guðmundsson (1842-1918). Sjómaður og bóndi í Skildinganesi á Seltjarnarnesi, nú Rvík.*

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri 4.10.1902.

Hætti við að fara Hjaltadalsheiði og valdi Heljardalsheiði og gisti á Stærra-Árskógi í Svarfaðard. Svo var honum fagnað í Fagraskógi og á Hofi. Gera menn sér vonir um að Susie flytjir norður. Synir Þórdísar á Þrastarhóli, Þorsteini Davíðssyni gengur verslun vel á Oddeyri. 12 hús í byggingu á Akureyri, Oddeyri og þar á milli, þannig er bærinn að gróa saman.

Býr hjá bróður sínum og hefur skemmtilegt herbergi, í suðurenda uppi. Farinn að kenna Kristni og Hildu.

Skólinn settur 1. okt. Hafa piltarnir verið að koma sér fyrir á ýmsum stöðum. Er það erfitt því Hjaltalín setti öll rúmföt, sem skólinn átti á uppboð áður en skólinn byrjaði. Búist við 40 nemendum.

Vonar að Páll fari að koma, húsið virðist tómt þegar hann er ekki hér.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 6.10.1902.

-- Hammer hefur gert okkur ljótan grikk. Í Ísafold á laugardag hefur hann skrifað langa grein af ágæti Skerjafjarðar sem hafnar fyrir Reykjavík og vill láta byrja strax að nota hann sem höfn. Ég er viss um að Erlendar partur stígur stórum við greinina.

Það nægir ekki fyrir okkur að leigja Nauthól, því höfnin nær vestur undir Skildinganes og gufuskipsbryggjan sem Hammer vill láta byggja strax er víst töluvert fyrir vestan höfðann.

Ég er búinn að gera kaupsamning við Runólf með vottum og borgaði honum 1.000 kr. þegar samningurinn var gerður.

Heldur þú að þú getir útvegað lán eða á ég að fara að reyna við söfnunarsjóð. Það ætti að vera meir en óhætt að lána 6.000-7.000 út á helminginn.

Ég hef heyrt að Björn Kristjánsson sé að bjóða Erlendi of fjár fyrir partinn. Ég læt þetta móka fyrst um sinn meðan er að dafna yfir þessum fyrstu áhrifum sem Erlendur fékk af grein Hammers og boðum Björns. Erlendur hrapar ekki að því að selja. Ég veit ekki hvað við getum keypt af honum, eða hvað vildir þú bjóða? --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 7.10.1902.

Kennir Kristni Pálssyni Briem latínu og Hildu að lesa. Herbergið skemmtilegt en lítið af húsgögnum. Allt á kafi í snjó. Rætt um skipabryggju en mótmæli hafa heyrst frá Oddeyri og vilja menn byggja hana við Torfunef, en tilgangur kannski að engin bryggja verði smíðuð.

Hreyfing um að stofna til fyrirlestra og önnur um leiksýningar.

Torfi Bjarnason til Páls Briem. Ólafsdal, 7.10.1902.

-- Mér var „sýnd veiðin en ekki gefin“ þegar þú fórst hér norður um. Guðjón alþ.m.[1] sagði mér að þú mundir máske fara frá Stykkishólmi til Borðeyrar, um Staðarfell og Ólafsdal, og það hoppaði upp á mér rófan. Ef þú hefðir komið hér hefði ég fengið tækifæri til að -- spjalla um ýmislegt, sem ekki tjáir að skrifa um.

Fáeinir menn hér í sýslunni hafa minnst á það við mig að fyrra bragði hvort þú mundir fáanlegur til að bjóða þig fram hér í vor ef þú fengir almennar áskoranir. Hvað segir þú um það? En máske þú bjóðir þig aftur fram hjá Húnvetningum, eða hafir eitthvert annað kjördæmi í huganum. -- Mér er ekki grátgjarnt, en ég hryggðist af kosningaúrslitunum í Húnaþingi í vor, ekki svo mjög af því að þú komst ekki að, heldur af þeirri spillingu, sem er orsök slíkra glappaskota. Mér finnst annars að pólitíkin sé að gjörspilla þjóðinni um þessar mundir. Ég vil að sú spilling haldi ekki áfram. --

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavík Okt. 9. 1902.

Hér ræðir hún um handrit og styrk (til Íslandssögunnar). Havsteen (Júlíus amtmaður) kom til hennar með fréttina, vildi fá nýja umsókn. (Halldór fékk ekki styrk). Segir frá fjáröflun Thorvaldsensfél.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 10.10.1902.

-- Segir frá nýjum frímerkjum og önnum við sölu þeirra. Gefur bróður sínum ráð um hvernig hann geti hagnast á frímerkjakaupum. --

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Blönduósi, 14.10.1902

Ræðir góðviðri, kennslu, búskap v. skólann, nýtt orgel. Stúlkur úr 12 sýslum. Segist aldrei hafa haft það svo gott, en mikið að gera í umsýslu.

-- Ýmislegt er fullkomnara en í fyrra. Einni kennslukonu bætt við í handavinnu, svo þær eru 2 eingöngu við

[1] *Guðjón Guðmundsson (1857-1939) bóndi á Ljúfustöðum, alþingismaður, lengst Standamanna. Var með Páli í milliþinganefndinni.*

það, báðar vel að sjer, handlægnar og vandvirkar, í fyrra var sú, sem sagði til með kjóla slæm, en í vetur hefur hún enga handavinnu, hún kennir söng og orgelspil, reikning, sögu og íslenzku.

(Hún hefur það pláss, sem Kristín hafnaði þrátt fyrir það að skólanefndin byði henni 350 kr. í kaup; jeg held að henni hefði verið betra að láta skynsemina ráða fyrir sjer en ekki æði Guðrúnar systur sinnar[1], en þetta er Kristínu sjálfri verst).

Meira vildi jeg segja þjer frá skólanum, svo sem að við höfum 2 kýr, líka er nýtt orgel komið til skólans. Námsstúlkur eru eitthvað úr 12 sýslum mjög námfúsar og góðar stúlkur, 2 kennslukonur hef jeg eingöngu við bóklega kennslu, svo jeg hef aldrei síðan jeg fór fyrst að kenna haft eins gott eins og í vetur, eigi að síður er jeg mikið upptekin af skólanum, umsjón og finningar utan húss og innan, sem líka tekur tíma. Stemmninguna hef jeg með mjer nær og fjær og allir eru mjer mjög kurteisir og góðir. Þú getur nærri að þetta á við mig, enda líður mjer fjarska vel og er vel frísk.--

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 18.10.1902.

-- Jeg þakka þjer innilega tvö tilskrif frá 29. ág. og 13. f.m. Klemens bróðir þinn skrifar þjer líklega um pólitíkina; því miður man jeg eigi fullkomlega hvað jeg skrifaði þjer seinast, en jeg ætla að skrifa þjer þá, hvernig jeg lít á pólitíkina.

Eins og þú manst hafa báðir flokkar skrifað undir ávörp, sem eru samhljóða að efni. Þessi ávörp sýna það að allir þingmenn, sem þingmenn (hvað svo sem prívatskoðunum þeirra líður) eru framfaramenn. Með þessu hefur þingið kveðið upp dóminn yfir stjórn M.St. og lagt þá skyldu á herðar stjórninni að skipa í ráðgjafarsessinn mann sem vill hafa framfarir.

Jeg álít því framtíð vorri vel borgið að þessu leyti, en þó að ráðgjafi sje framfaramaður af einlægum hug, þá kemur annað til skoðunar og það er flokkshatrið. Ef flokkshatrið ræður, þá eru allar illar vættir lausar. Þá heimtar hinn sigrandi flokkur að fá laun eptir því, hvað hann hefur lagt í sölurnar af fje, tíma o.s.frv. Það er með öðrum orðum, embættaveitingar, starfsveitingar, styrkveitingar o.s.frv. fara eigi eptir hæfileikum, heldur pólitískum skoðunum, pólitískum ákafa, mægðum og vináttu við áköfustu menn flokkanna og þá flokksmenn, sem hafa opnað pyngjuna mest.

Þessu megum við ekki við. Við þurfum að halda á öllum okkar bestu kröptum og nota þá alveg án tillits til pólitískra skoðana. Það ríður lífið á að við förum eptir hæfileikunum og metum þá rjettlátlega, en þá ríður á að bæla flokkshatrið niður við næstu kosningar. En þeir, sem vilja fiska á gruggugu vatni, eins og Lárus H. Bjarnason, setja sig á móti þessu, en jeg fyrir mitt leyti hef gjört allt, sem jeg hef getað til þess að spekja menn. Ef þú lest blöðin, grandgæfilega, þá sjerðu að Ísafold fer mjög að spekjast meðan jeg er í Rvík og seinasta blaðið, sem kom út af Þjóðólfi, áður en jeg fór úr Reykjavík, var alveg skammalaust.

Auðvitað gat jeg ekkert átt við Þjóðviljann, enda var Skúli vestur á Ísafirði. Jeg áleit því eptir umtali við Björn Ísafoldar, að allt væri í besta gengi, en næsta blað, sem jeg fæ af Ísaf. eptir að jeg kem heim, var með hroðaskömmum og svæsnum getsökum og álygum til þín o.fl. Jeg fjekk blaðið um háttatíma í fyrrakveld og svaf ekki vel, en morguninn eptir fór jeg af stað, og í gærkveldi var haldinn mjög fjölmennur fundur, þar sem samþykkt var í einu hljóði áskorun til blaðanna að hætta deilunum.

Áskorunin kemur út í Norðurl. í dag og vísa jeg þjer til þess. Við ætlum nú að halda fund um þetta efni inni á Grund og reyna að fá fleiri til þess að taka í sama streng, en eins og þú getur skilið stöndum við nokkuð isóleraðir því að þótt margir og allir bestu menn þjóðarinnar sjeu með okkur, þá segja þeir hver fyrir sig: *Hvad kan det nytte*, og segja því ekkert. Það sem því er áríðandi fyrir okkur, fyrst við höfum kastað hanskanum til skammablaðanna að fá upp stemningu móti þeim. Mjer hefur því dottið í hug að stinga upp á því við þig, hvort þú sæir engan veg til þess, að fá diskussion um málið milli stúdenta og ályktun um málið. Jeg lít svo á, sem það sje allt öðru vísi ástatt nú, heldur en áður. Meðan spurningin var um helgustu rjettindi þjóðarinnar, þá verða menn að berjast og hlífast eigi við, en þegar það mál er á enda kljáð og eingöngu verið að ræða um innanlandsmál, þá er allt öðru máli að gegna. Þetta er álíkt eins og að berjast gegn útlendum yfirgangsmönnum, er ætla að hneppa landið í þrældóm, og barátta innanlands, þar sem föðurlandinu má á sama standa, hver flokkurinn í augnablikinu sigrar. Jeg vona að þjer takist þetta, en ef við höfum stúdenta með okkur, þá höfum við fengið ákaflega mikið, og það er um að gjöra að fá þetta svo fljótt sem verða má.

Þú varst fyrstur manna til þess, að tala um nýjan flokk, en hann verður eigi af sjálfu sjer og það verður að smíða, meðan járnið er heitt. Jeg treysti þjer til að fá einhverja ályktun um þetta frá stúdentum, en það væri að öðru jöfnu best að fá hana, eptir að Laura fer heim í nóvember, en áður en Egill fer 22. nóv. svo að við getum fengið fregninga fyrri.

[1] *Þær voru dætur séra Jóns á Auðkúlu. Kristín varð síðar kennari. Guðrún var mágkona Elínar, gift Eggert Briem, hafði verið skólastj. á Ytri-Ey.*

Ef þú skrifar Skapta, þá ættir þú að fá hann til að vera með þessu, þó að hann sje annar Hannesar og Lárusar maður gegnum Tryggva. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 19.10.1902.

Páll kom 9. okt. Nú eru 44 nemendur í skólanum, þar af 5 stúlkur. Þar af eru dætur séra Matthíasar, Ingveldur og Herdís í efri bekk. Synjað um styrk til Íslandssögunnar. Eigi að síður held ég áfram. Þreytandi að hafa skólann síðdegis og erfitt að kenna stærðfræði við lampaljós og lampar lélegir.

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 28.10.1902.

-- Heilsa mín er mikið góð. Þessi hálsveiki sem ég hef er samt nokkuð lík. -- Ég hef farið að skrifa um *friðinn í landinu*, en nokkuð á hann langt í land. --

-- Skafti[1] skrifaði mér að Finnur hefði sent sér skömmótta grein mjög, sem ætti að koma í Austra. Finnur segir að hann sé nú laus frá Þjóðólfi, Lárusi o.sv.frv. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 28.10.1902.

Kennir Kristni Briem og Þórhalli Gunnlaugssyni[2] latínu og Hildu að lesa. Virðist ljóst að skólahúsið verði ekki reist næsta sumar og ekki verður skólinn fluttur til Rvíkur.

Jóhanna og séra Einar á Hálsi komu hingað og dvöldu tvær nætur. Séra Einar vill sækja frá Hálsi og er að hugsa um Stað á Reykjanesi eða Arnarbæli.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 29.10.1902.

Þau hjón virðast ekki ánægð með Búnaðarfélagið[3] og kennir hann Pétri á Gautlöndum um. Býr H.E.B. í húsi Ólafs Eyjólfssonar á Torfunefi og kennir í efri bekk: Dönsku og reikning og sögu Íslands. Séra Jónas á Hrafagili hefur tekið við almennri sögu og stærðfræði í lægri bekk. Kennir líka íslensku í neðri bekk.

--Fólk ætlar að efna til skemmtunar fyrir séra Matthías á 70 ára afmælinu. Gefin verður út bók um hann með kvæði eftir Pál Jónsson. Gleður það gamla manninn. Verð viðstaddur þótt ég sé ekki sammálum að halda slíka skemmtun. Veit að fallegur bókaskápur hefði glatt hann. Hinir vildu þetta. Tryggvi frændi var líka sjötugur og verður glaður yfir skemmtun fyrir hann. --

Biður S.B. borga skuld vegna hests. Óskilgreint ósamlyndi innan fjölskyldunnar. Nefnir torskilið mál varðandi hús Elínar og þar með tengt Susie.

Páll Briem til Finns Jónssonar. Akureyri. 3.11.1902.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir ódagsett brjef, sem jeg fjekk frá þjer fyrir 3 dögum. Skrifari minn hafði gengið með það í vasanum.

Það sem mjer þykir nú mest um vert í pólitíkinni. Það er þrennt:

Sæmileg flokksbarátta.

Óhlutdrægar embætta veitingar og

Hóflegar framfarir.

Þetta er allt í voða, ef Magnús Stephensen verður ráðgjafi; hann hefur alltaf barist á móti framförunum. Það eru vegirnir á landi, sem hann hefur heldur verið með, en á móti öllu öðru, bæði leynt og ljóst, móti umbótum í menntamálinu, móti framförum í landbúnaði og hvar sem maður stingur fingri niður, hefur hann verið á móti, og þó hefur hann stöku sinnum verið með, en það hefur æfinlega verið þá annað, sem er enn ríkara hjá honum, sem hefur ráðið: *nepotisme*.[4] Hann greiðir atkvæði með Möðruvallaskólanum, þegar hann fær vissu um að Hjaltalín verði skólastjóri, en frú Hjaltalín er föðursystir konu hans. Þú trúir mjer ef til vill ekki, en Hjaltalín hefur sagt mjer sjálfur, hvernig hann vann M.St. til fylgis.

En með þessu er bending fengin um hans embættaveitingar. Ef ráðuneytið hefði ekki tekið fram fyrir hendur hans, þá hefði best sjest, hvernig farið hefði. Í prestakosningunum ræður fólkið miklu, en þar sem Magnús hefur getað komið því við, hefur hann gert allt sitt til að hafa embættaveitingar hlutdrægar. Þegar þetta tvennt er svo, þá getur þú búist við, hvernig flokksbaráttan verður.

Mjer þykir því hreint og beint hrolllegt, ef M.St. verður ráðgjafi. Þórhallur Bjarnarson hefur haft það í huga,

[1] *Skafti Jósepsson (1839-1905) ritstjóri Austra á Seyðisfirði.*

[2] *Þórhallur Gunnlaugsson (1888-1970). Varð bóndi og útgerðarmaður á Finnastöðum í Grýtubakkahreppi*

[3] *Kannski er það vegna starfs S.B. fyrir Elínu E. Briem*

[4] *Frændhygli.*

að M.St. yrði ráðgjafi, en jeg yrði svo landritari. En hann sagði við mig, þegar við kvöddumst í haust, að landshöfðingi gerði það eigi. Hann tæki Hannes Hafstein, sem er giptur frænku hans og maður eptir höfði landsh., en svo gjörir Lárus Bjarnarson sjer von um Ísafjarðarsýslu - og svo er spilið gangandi. - Enginn framfaravon, svínari og demoralisation í embættisstjettinni og svívirðileg flokksbarátta.

Þetta er það, sem er í vændum og það er hrolllegt. Ef þetta verður, þá hefði jeg mesta löngun til þess að draga mig algjörlega út úr íslenskri póltitík og fá embætti í Danmörku.

En jeg vona að þú og aðrir góðir geti stuðlað að því að þetta verði eigi. En menn eru í Heimastjórnarflokknum komnir í svo fast bandalag, að þeim veitist erfitt að losast úr járngreipum afturhaldsmannanna. Jeg sje nú að þú hefur sagt skilið við Hannes og Lárus og gleður mig það mjög mikið, en hvernig fer nú um hina, sem eru einlægir framfaramenn. Halda þeir fast við bandalagið við Lárus og Hannes með landshöfðingja, sem aðalmann sinn, eða slíta þeir sig úr Heimastjórnarflokknum?

Jeg vona -- að landið hafi gæfu til þess, að framfaramennirnir, hvar sem þeir eru, taki höndum saman og leiði landið inn á braut framfara og hagsældar.

Það er svo óendanlega margt sem þarf að gjöra, en við skulum að eins taka endurbæturnar á latínuskólanum. Jeg get mjög vel skilið það, að það sje lífsspursmál fyrir Björn Ólsen, að M.St. eða einhver íhaldsmaður standi við stjórnarstýrið, en það er ekki rjett af neinum framfaramanni að styðja að því að allt haldi í gamla horfinu. Við þurfum að fá endurbætur á latínuskólanum sem allra fyrst. Mjer finnst að við höfum beðið nógu lengi. En það sem gildir í þessu máli gildir einnig í öðrum framfaramálum. En hver ráð eru nú til að sameina framfaramennina? Jeg sje engin önnur ráð til þess, en að flokkarnir hætti að skammast. Menn verða að snúa hugum sínum frá umliðna tímanum, sem hefur sundrað, að framtíðinni, sem sameinar. Það væri ákaflega mikill styrkur í þessu efni, ef þíð í Höfn gætuð rjett okkur hjer heima hjálparhönd. Getur þú eigi reynt til þess að hreinsa loptið og fengið framfarahug inn í stúdenta? Það er þó valla hugsanlegt að þeir hafi engan áhuga fyrir framtíðinni. -- Jeg segi þetta af því að bændur hjer standa svo lágt. Þeir vilja að vísu framfarir, en þær mega ekki kosta neitt, og þess vegna eru þeir hálfvolgir. Undir niðri eru þeir smeikir um að jeg muni verða styðjandi að því, að gjöldin aukist, og þetta var sú sanna ástæða til þess að jeg fjell við síðustu kosningar. Jeg mundi feginn vilja vera laus við að fara á þing, en mjer finnst það vera svo mikið í húfi, að jeg get ekki dregið mig til baka. Sæmileg flokksbarátta, óhlutdrægnar embættaveitingar og höglegar framfarir eru komnar undir því að framfaramennirnir sameini sig.

Jeg veit það, að þið Valtýr getið eigi sætzt, að svo stöddu, en getur þú ekki t.a.m. tekið höndum saman við Guðmund Finnbogason. Jeg hef heyrt að hann hafi verið fylgismaður Valtýs í Höfn, en mjer finnst að það eigi ekki að hafa nein áhrif nú. Hann skrifaði Klemens og talar um framboð hjer í Eyjafirði og þá kemur nú fyrsta eldraunin. Getið þið verið með því eða viljið þið styðja núll eins og Stefán í Fagraskógi. Þú manst, hvernig hann reyndist Klemens, meðan hann var í Höfn í fyrra. En ef þið eruð á móti Guðm. Finnbogasyni, hvern viljið þið þá styðja hjer í kjördæminu annan en Stefán. Þú segist, ef til vill, ekki vilja blanda þjer í þetta, en þar getur nú ef til vill einmitt riðið á þessari kosningu, því að Guðmundur hlýtur að vera framfaramaður fremur öllu öðru í menntamálinu. Það liggur ekkert á að styðja Guðm. að svo stöddu. Hann býður sig ef til vill ekki fram, en það er rjett að skrifast á um þetta atriðið og yfirleitt um allt, sem miðar til að sameina.

Hjer hefur verið gott haust, en nú upp á síðkastið umhleypingasamt. Í dag norðan hríðarjel. Síld engin sem stendur.

Bróðir þinn flytur inn í hús sitt líklega í dag. Faðir þinn fær 2 herbergi vænt. móti suðri. Allir frískir, nema læknarnir, sem eru við líka heilsu. --

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 7.11.1902.

Segir frá jarðabótum í Skildinganesi á parti þeirra Björns Ólafssonar[1]*. Erlendur vill hvorki selja né leigja sinn part. Ræðir mannahald og framkvæmdir.*

-- Hér í Reykjavík verður megn mótspyrna á móti höfn í Skerjafirði. Kaupmennirnir sem eiga hér hús við ströndina mega ekki heyra það nefnt. Vinnufólkið heldur ekki af því að það heldur að það missi vinnu við uppskipun o.s.frv. Á næsta þingi þyrfti maður að fá þar löggilta höfn og helst fé til bryggju. Hér eru nú liggjandi skip sem eru að eða eiga að taka fisk, en þótt veðrátta sé góð þá hefur það orðið að liggja hér vikum saman af því að ýmist er væta eða ókyrrð í sjónum svo að það getur ekki fermt. Kostar níu pund sterling á dag og þetta gengur á hverju ári með mörg skip. -- Hólar komu í fyrrakvöld en gátu ekki komið með póst í land af því að bærinn hefur enga lukt við bryggjuna sem hægt er að kveikja á.

Ræðir búskap á Melnum og ýmislegt í því sambandi. Segir frá mikilli frímerkjasölu. --

Eftir því sem ég hef heyrt að austan þá getur séra Ólafur *(Helgason)* orðið kenndur í rauðvíni og ég sá þess

[1] *Augnlæknis, svila Sigurðar.*

mót hér í haust, en annars var hann allur annar maður en hann hefur verið að undanförnu og tengdamóðir vor hin lukkulegasta yfir því. Síðan hann kom austur hef ég sannfrétt að hann er að gera undantekningu frá rauðvíninu og á uppboði á Eyrarbakka var hann að kalla út úr drukkinn, svo að mér líst ekki á svona lagað bindindi. --

Sigurður Sívertsen skrifar Páli E. Briem. Hofi. 7.11.1902.

Lýsir stuðningi sínum við viðleitni Páls.

-- Ég er þér hjartanlega sammála um það sem þú skrifaðir mér að nauðsyn bæri til að bestu menn tækju sig saman um að reyna að afstýra því að blöðin á ný settu allt í bál og brand. Og þótt ég lítið taki þátt í hinni pólitísku baráttu vil ég þó fúslega vera liðsmaður þegar um þetta er að ræða. Til þess að verða við beiðni þinni þurfti ég ekki til neins fundar að boða því þingmenn kjördæmisins höfðu boðað til leiðarþinga þegar ég fékk bréf þitt. Það var haldið á Vopnafirði -- 1. nóv. Eftir að þingmennirnir höfðu skýrt frá þeim málum sem ráðið var til lykta á síðasta þingi bar ég upp erindi mitt. Bjóst ég við að engin myndi mótmæla en allir samþykkja áskorun mína. En svo varð nú ekki. Ólafur Davíðsson[1] stóð upp eftir að ég hafði talað og sagðist ekki geta greitt atkvæði með mér. Kvaðst sammála mér í *realiteten*, en álíta að blöðin mundu ekkert breytast þótt gerðar væru fundarályktanir; þess vegna réði hann mönnum frá því að samþykkja áskorun mína. Blaðamennirnir sæju hag sinn í því að skrifa þannig og myndu ekki hætta því!

Út úr þessu urðu allmiklar orðahnippingar og umræða milli Ólafs, Gríms Laxdals[2] og mín. Grímur tók í sama streng og Ólafur, en greiddi þó að lokum með áskoruninni. En auðheyrt var á Ól. að honum var illa við þessa *öldu*, vegna þess meðfram að blaðið Norðurland berst fyrir henni; mun honum ekki vera neitt hlýtt til þess blaðs. En svo fóru leikar að þrátt fyrir mótmæli Ólafs var áskorunin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn þrem. Þótti mér það allgóður endir. --

Ályktunina skrifar hann upp, sagir hana mildilegar orðaða en tillögu Páls sem honum þótti óþarflega svæsin og þótti viðkunnanlegar að hafa ekki alveg sama orðalag og Páll og hans menn viðhöfðu. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 9.11.1902.

H.E.B. hvattur til að halda áfram umsóknum um styrk til bókaútgáfu.

Skúli Skúlason skrifar Páli E. Briem. Odda, 15.11.1902.

Ræðir hörkulega stjórnmálabaráttu þar sem margir eru kallaðir til. Þá eru erfiðleikar, og hafa verið um skeið, vegna breytts rennslis Markarfljóts og aukinna sveitarþyngsla sem leitt getur til brottflutnings.

Sigurður E. Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík, 17.11.1902.

-- Það hefur rekið upp afar mikið af þara í Skildinganesi og ætla ég á morgun að fá tíu manns í að bera hann upp í hauga. Ég hef gert góðan samning um túnasléttun en maðurinn hefur svikið og ekkert af honum að hafa. Þari er sagður slæmur sem áburður af því að í honum er sandur og skeljar og því illt að slá.

Ég hef fengið tilboð frá manni um að hirða kýrnar og heyja handa þeim fyrir 430 kr. Eiríkur segir að það sé ágætt. Hann hefur kvenmann með sér og er sagður mjög ráðvandur. --

Segir frá mannahaldi í pósthúsinu og frímerkjabreytingu - yfirprentun sem sé mikið starf fyrir hann.

-- Flestir sem ég tala við álíta góða höfn hér í Rvík og landinu til uppreisnar og þrifa en að slíkt geti átt sér stað í þeirra manna tíð sem nú lifa, það hafa þeir eigi nokkra von um. --

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akueyri. 8.11.1902.

Ræðir framboð sitt í Húnavatnssýslu; spyr hvað Torfi segi um friðarpólitíkina. Ræðir um auglýsingu Torfa í blaði. Vonar hið besta í búnaðarskólamálinu á næsta þingi. Vesturamtið er Torfa örðugt.

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 2.12.1902.

-- Þegar ég fékk bréf þitt var ég mjög veikur af heimakomu, sem stafaði af ígerð í eyranu, sem stafaði af ígerð inni í eyranu, fyrir innan *trumbuhimnuna*. Ég varð veikur 9. nóv., hef verið nokkra daga á fótum, en er mjög máttlaus. Heimakoman er farin en ígerð í eyranu heldur áfram. – Ég verð nokkuð lengi að ná mér en vona að allt gangi smámsaman áfram. Mér hefur komið illa að vera frá verkum, mest vegna fátækranefndarinnar. –

Ég treysti því fastlega að Ísafold og Þjóðólfur geti haldið sér frá stórskömmum. En ef það er eigi, væri þá ómögulegt að fá einhverja í höfuðstaðnum, t.d. séra Ólaf ritstjóra til að taka í sama streng og menn hér. Séra Sigurður (Sívertsen) fékk friðarsamþykkt á Vopnafirði. Hann skrifar nú í Norðurland góðar greinar.

---

[1] *Ólafur Davíðsson (1858-1933). Verslunarstjóri á Vopnafirði. Síðast í Vetmannaeyjum. Um skeið þingm. Norðmýlinga.*

[2] *Verslunarstjóri.*

Ræðir um heimatrúboðið, Sigurbjörn Á. Gíslason, heimatrúboð og mismun Ísl., Jóta og Norðmanna. -- Annars vantar Sigurbjörn personlighed[1] til að vera missjonær.[2] --

Halldór E. Briem til Susie Briem. Akureyri Des. 2nd 1902.

*Segir frá leikritum, verslun og starfi sínu að sögu Íslan*ds.

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Akureyri 8. des 1902

-- Maður sá, sem færir þjer þennan miða, heitir Egill Benediktsson[3] frá Marbæli í Skagafirði. Hann er búfræðingur frá Ólafsdal 1899 og fjekk þar góðan vitnisburð. Síðan hefur hann mest fengist við plægingar í Skagafirði, en langar nú til að verða vinnumaður hjá einhverjum bónda í Danmörku, þar sem hann gæti fengið að læra sem fjölbreyttasta vinnu. Maður þessi hefur beðið mig, að gefa sjer einhver meðmæli og var jeg að hugsa um að skrifa inspektör Fejlberg í Söborg, en álít þó óheppilegt að senda manninn beint þangað og þess vegna hefur mjer dottið í hug að leita til þín og biðja þig að skrifa P. Fejlberg, ellegar hjálpa manninum til að setja auglýsing í blöðin eða á einhvern hátt að vera honum hjálplegur með að fá vist hjá einhverjum heiðarlegum bónda. Maðurinn er heilsugóður, duglegur og vandaður.

Jeg bið þig að fyrirgefa þetta og þakka þjer fyrirfram liðsinni þitt. Vonandi skrifa jeg þjer annað brjef með Egli, sem enn er ókominn.

Jeg á nokkuð eptir að ná mjer fullkomlega eptir veikindin. --

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Akureyri þ. 13. des. 1902.

-- Bestu þakkir fyrir þitt elskul. brjef frá 23. f.m. og allt það, sem þú hefur gert viðvíkjandi yfirlýsingunni um blaðaskammirnar. Það sem jeg vil fá er drengilega bardagaaðferð og verða laus við getsakir og lygi, svo sem unnt er, en auðvitað getur mjer ekki dottið í hug að menn hætti að berjast fyrir sínum málefnum. En segðu mjeg annars hvað er það sem stúdentar vilja. Vilja þeir að allt haldi í sama horfinu eins og áður og því voru þeir þá að óska eptir stjórnarbreytingu. Vilja þeir hafa duglegasta apturhaldsmann landsins M.St. við völdin. Eða vilja þeir að við fáum framfarastjórn, eins og Danir hafa fengið!

Geturðu ímyndað þjer að þjóðin vilji apturhaldið. Nei, það vill hún ekki og ef við eigum enn að burðast með apturhaldið í skólamálum, menntamálum og atvinnumálum, þá er það eingöngu af því að framfaramennirnir eru sundraðir.

Nú eru menn Hannesar Hafsteins farnir að agítera uppá krapt gegn Klemens bróður þínum til þess að reyna að koma Hannesi að og svo þykir þeim líklega nóg um framfarahug Klemensar. Hann sagði mjer þetta í dag og skrifar þjer það líklega. Jeg hef verið veikur af bólgu í eyranu og er enn ekki orðinn alveg frískur. Jeg skrifa því sem minnst. --

[1] *Persónuleika.*

[2] *Trúboði.*

[3] *Egill Benediktsson (1877-1960) síðar bóndi á Sveinsstöðum i Tungusveit, Skagaf.*

1903

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 2.1.1903.

Segir frá gangi mála á Hólum og verklegt nám nemenda í Fagraskógi, Sandfellshaga, Ærlækjarseli o.fl. Spyr hvaða verk piltar skuli þar læra og hve langan tíma þeir þurfi í hvert verk og hvort Torfi vilji taka við einhverjum. Segist verða laus næsta haust og fari ef til vill til Danmerkur. Ræðir ástæður þess að hann fari, einnig að hann veri.

Matthías Jochumsson skrifar Elínu E. Briem. Akureyri. 2.1.1903.

Amtmaður er nú dável að koma til, en um hann voru menn hræddir um tíma.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 2.1.1903.

Segir frá leikritum, verslun og vinnu sinni að sögu Íslands.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.1.1903

Ræðir veikindi Páls bróður H.E.B. Fór á leiksýningu skólapilta og á barnaball með Ragnh. Hafstein. Eiríkur Briem var í Viðey um jólin.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 10.1.1903.

-- Jeg get ekki sjeð betur en að við sjeum nú alveg samdóma í pólitíkinnni og þetta hjá Valtý um lærða skólann og læknaskólann er (?) *nonsens* en það á sínar rætur í nakkmaterialistiskum *(?)* anda hjá N.*(?)* Það, sem dregur mig ávallt að N (?)., er að hann er framfaramaður og talar skynsamlega fyrir sínum málstað, þó að jeg hafi allt aðrar skoðanir. --

Jeg er nú allt af að verða vonbetri og vonbetri um að þjóðin muni verða framfaranna megin og að flokkarnir muni leysast sundur og myndist öflugur framfaraflokkur á næsta þingi.

Þú segist ekki vinna á móti Heimastjórnarflokknum, en hvern telurðu í þeim flokki, ef Klemens bróðir þinn verður fyrir mörgum þingmönnum úr flokknum en Lárus B. fyrir hinum með Tryggva.

Það sem jeg held fram er friður út af stjórnarskrármálinu og slíkum málum, sem menn hafa orðið sammála um, flokkaskipting sje um framfaramálin og svo að baráttan milli flokkanna verði drengileg.

Meira ekki tími til að gjöra eða rita. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 27.1.1903.

*Handritið af sögu Íslands fannst. Segir frá leiksýning*um.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavík. 27.1.1903

Séð í blöðunum að hann messaði um jólin en ekki nefnt það. Spyr hvort H.E.B. telji að hún hafi ekki áhuga.

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Akureyri. 8.2.1903.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjef þitt frá 16. f.m. - Jeg er uppi á spítala hjá konu minni. Hún var opereruð fyrir botlangabólgu 5. þ.m. Hún hefur þjáðst mjög mikið, en er *feberfrí*[1] og því bestu horfur með bata. Læknirinn[2] álítur að hún megi fara heim á morgun, en svo verður hún að liggja í mánuð. --

Mjer þykir mikið mein, að þú skulir alltaf þurfa að vera að skrifa og láta prenta mál þitt snertandi stjórnarskrármálið. Jeg er að reyna til þess að fá hina til þess að snara ekki, af því að mjer finnst það mál vera útkljáð sem pólitískt mál, sögunnar dómur kemur á eptir, en það er nægur tími til þess, að leggja það mál í dóm. Jeg þarf líka að leggja fram mitt videtur[3] sjerstaklega viðvíkjandi Hannesi Hafstein því að jeg álít að hann hafi hvorki fyr nje síðar verið fylgjandi fram neinni stjórnarskrárbreytingu. Hann hefur verið og er blaseraður fyrir öllu nema sínu kæra: Jeg.

Nei, þeir í Reykjavík eru alls ekki afhuga að fá apturhaldsstjórn. Það eru meira að segja hin mestu umbrot hjá þeim þar syðra, sem von er, því að nú er grundvöllurinn lagður að framtíðarpólitíkinni. Ef helstu

[1] *Hitalaus.*

[2] *Ég heyrði í æsku að þetta hafi verið fyrsti botnlangaskurður Guðmundar Hannessonar og þar með hér á landi. En ekki hef ég neitt fyrir mér nema æskuminni.*

[3] *Skoðun/álit.*

apturhaldsmönnunum er skipt í æðstu embættin og sömuleiðis konungkjörnir þingmenn kosnir með hliðsjón af apturhaldinu, þá sje jeg sæng landsins uppreidda. Jeg hef sjeð ritgjörð Valtýs í Eimreiðinni og þykir hún raunaleg.

Þú ert að tala um hvað við höldum fast í Valtý. En hvenær hef jeg haldið fast í hann; en hann er góður kunningi minn, og jeg álít að hann hafi ýmsa kosti sem maður. Jeg er meira að segja viss um, að hann stendur eigi í vegi fyrir samkomulagi, ef í það fer, og jeg held að fáir í hans flokki geri það.

Kæri vinur! Jeg vonast til þess að þú reynir að stuðla til þess af fremsta megni að framfaramennirnir hópi sig saman. Jeg get ekki til þess hugsað að apturhaldið og *stagnationin*[1] eigi enn að ráða lögum og lofum. --

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 22.2.1903.

Ræðir enn Hólaskóla og viðbót í námi þar, plægingar, smíðar, skurðagerð, garðyrkju o.fl. Þá ræðir hann Eiðaskóla og skýrir hann fjárhagsmál þessara skóla. Hólaskóli hefur fengið minnst tillag en lagt mest fram. Lýsir eftir sláttuvél fyrir einn hest.

Myklstad telur hann geti fljótt útrýmt fjárkláðanum. Framboð Hannesar fyrir norðan.

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Blönduósi. 1.3.1903.

Segir í trúnaði frá því sem skilja má að hún ætli að gifta sig . Mjög er farið dult með það allt, og vel lýst. Enda virðist hún, ef hún giftist, þurfa að segja sig frá skólanum. Hinn (Stephán Jónsson) væntanl. er í vandræðum þar sem hann missti konu sína fyrir stuttu. Hún ætlar að gera það í lok mánaðarins. Ætlar hún að skrifa Páli og biður H.E.B. færa honum það, því Álfheiður má alls ekki af þessu leyndarmáli vita aðeins vegna Stepháns. Segir frá skólanum og góðu gengi hans.

-- Mér er það sannarleg ánægja hvílíkum feikna framförum skólinn hefur tekið frá því fyrir tveimur árum, að vera næstum liðinn undir lok. Nú á hann stórt og gott hús, fullt af nemendum. --

Segir frá fóstursyni sínum Sæmundi Helgasyni sem hún er að senda suður. Svo fara þau saman að Staðarstað til Vilhjálms bróður hennar um sumarið.

Páll E. Briem skrifar Jóni Jónssyni frá Múla. Akureyri. 7.3.1903.

-- Ég þakka þér mjög vel fyrir þitt góða bréf frá 9. f.m. Ég vil óska og vona að þú verðir kosinn í Suður-Múlasýslu,[2] en því miður get ég haft þar lítil áhrif og verst að ég þekki ekki kringumstæðurnar. Annars gæti ég skrifað mönnum þar, sem ég þekki, og fengið aðra til að skrifa. Ég er þó að hugsa um að skrifa Axel sýslumanni.

Það er nú alltaf verið að herða að með landshöfðingja. Séra Skúli í Odda skrifar mér að það gangi hin ákafasta kosningasmölun og Stephensen segir hér að það sé enginn vafi á því að bróðir hans bjóði sig fram í Rangárvallasýslu. Hinsvegar eru Reykvíkingar farnir að verða efablandnir í fylgi sínu. Menn sem voru ákafir heimastjórnarmenn í fyrra segja nú að þeir styðji að því að fá einlæga framfarastjórn og benda bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík á þetta. En það sem mestu skiptir, það er hvernig Norðlendingar og Austfirðingar snúa sér. Ég er eins og þú veist utan við báða flokka, en ég vil styðja framfarirnar frá hverjum sem þær koma. Klemens Jónsson vill styðja að því að vér fáum einlæga framfarastjórn og sama segir hann um Pétur á Gautlöndum og Guttorm, en hann og þeir setji það upp að hvorki M.St. eða Valtýr verði ráðgjafar; að öðru leyi er ekki ástæða, að mér virðist, til þess að gera ákveðnar kröfur. En mér finnst þá að þetta verði að koma fram af okkar hendi sem sérstaks flokks. En hvað segir þú um þetta? Ég geng inn í hvorugan flokkinn og Klemens er í hvorugum flokknum nú sem stendur enda agítera menn Hannesar Hafsteins á móti Klemens þar sem þeir þora. Ég vil helst að Norðlendingar og Austfirðingar taki höndum saman og myndi sértakan flokk, en það er eingöngu komið undir þér hvort við getum gert þetta. Ég veit af ýmsum í Valtýsflokknum sem vildu taka höndum saman við okkur og þá get ég ekki séð betur en framförunum sé borgið. Ég tel með þér Jón frá Sleðbrjót og Guttorm; svo okkur Klemens, Pétur og séra Árna. Ef Framsóknarflokkurinn gengur að okkar kostum þá skoða ég allt ganga bærilega – og um það hef ég fyllstu von, en ef það er ekki þá veit ég að margir úr þeim flokki eru með okkur. Ég skal nefna þar til: Þorgrím lækni,[3] Ólaf bróður minn, séra Magnús Andrésson *(á Gilsbakka)*, séra Ólaf í Arnarbæli, ef hann verður kosinn, Jón Magnússon, Stefán á Möðruvöllum o.fl.

Ég orðlengi þetta ekki svo eigi meira, en ég fel þér að hugsa um þetta. Hvar sem þú verður, þá verður þú atkvæðamaður, og vona ég að það fari svo að við getum unnið saman og orðið ættjörðinni að einhverju gagni

[1] *Stöðnun.*

[2] *Jón Jónsson, sem hafði verið bóndi í Múla í Aðaldal, var þá kaupstjór Zöllners á Seyðisfirði. Hafði verið þingmaður Eyfirðinga og var 1904 kosinn þingmaður Seyðfirðinga og síðar fyrir S-Múlasýslu.*

[3] *Þorgrímur Þórðarson (1859-1933) þá læknir í Hornafjarðarhéraði. Alþingismaður A-Skaftafellinga 1902-1907.*

á þingi, þó að farin séu að koma grá hár á stöku staði í kollinn.

Ég hef haft mjög góða heilsu síðan ég lá í vetur og ég hef aldrei haft eins ákveðna von um landið og trú á framförum þess og nú. En það er mér ljóst að vér þurfum að fara sömu götu sem aðrar þjóðir og nú ber svo vel í veiðar að Norðmenn eru að hefja norðlægustu héruð sín og Svíar sín. Í Norrbottensléni í Svíaríki, sem að sumu leyti liggur norðar en Ísland hafa verið hinar mestu framfarir á síðari árum. Vinnumenn fengu þar í kaup að meðaltali 1898 275 kr. Og mig minni að Sigurður frá Draflastöðum segði mér að það væri komið upp í 300 kr. En vinnukonur fengu þar 1898 120 kr. í kaup. Daglaun eru þar að tiltölu enn hærri. Ég held því að Finnar myndu fremur vista sig í Norrbotten en hér heima. Íslendinga í Ameríku væri mjög gott að fá sérstaklega til þess að kenna okkur ýms vinnubrögð og notkun verkfæra. Ég hef ekki tíma til að skrifa lengra og bið þig að lesa í málið. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 16.3.1903.

Gengur illa fyrir Álfheiði að batna. Frambjóðendur í kosningunum eru hér: Guðm. Finnbogason, Stefán í Fagraskógi og Hannes Hafstein. Páli virðist aukast fylgi í Húnavs.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 17.31903.

-- Bestu þökk fyrir tilskrif frá 27. f.m. -- Kona mín er stöðugt veik. Síðan skurðurinn greri hefur hún fengið bólgu innvortis, sem læknirinn víst þekkir ekki, með hita, sem hefur farið lækkandi --. Þetta er mjög þungbært fyrir okkur. Læknirinn hefur ráðlagt opíumskúr.

Jeg hef aldrei heyrt Kristján Jónsson nefndan sem ráðgjafaefni, nema í Reykjavík í sumar. Jeg leitaði einnig fyrir mjer um fylgi með Valtý og fann að hann hafði marga á móti sjer í Framsóknarflokkinum og hann hefur ekki fengið meira fylgi síðan í sumar. Jeg held því, að hræðsla þín viðvíkjandi honum sje ekki á rökum byggð. Hins vegar hefur framsóknarflokkurinn engan ákveðinn í huga, en vill aðeins að ráðgjafinn verði einlægur framfaramaður.

En hins vegar vilja margir í Heimastjórnarflokknum ekki hafa Magnús St. sem ráðgjafa og heldur eigi Lárus eða Hannes Hafstein. Þeir vilja líka hafa framfaramann. Og þá get jeg ómögulega sjeð, hversvegna þessir Heimastjórnarmenn og Framsóknarflokksmenn geta eigi tekið höndum saman og rætt málið í "*makindum*".

Það er leiðinlegt að stúdentar í Höfn skuli eigi sjá það, hversu nú er öldungis nauðsynlegt fyrir landið að fá framfarir. --

Páll E. Briem skrifar Jóni Jónssyni frá Múla. Akureyri 17.3.1903.

-- Ég ætla aðeins að skrifa þér fáar línur í trúnaði viðvíkjandi pólitíkinni hér. Eins og þú veist er ég utanflokks, ég get ekki fellt mig við flokkana. Ég get að vísu skrifað undir stefnuskrá þeirra beggja, en ég vil hafa tryggingu fyrir framförum og ég er því nær Framsóknaflokknum, sem flokki, en í hinum flokknum eru ýmsir menn sem ég hef allt af sympati mest með. --

Ræðir Klemens Jónsson.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 19.3.1903.

Virðist hafa sent bréf varðandi skólann til landshöfðingja og sendi það Páli til umsagnar. Hann svaraði hörðum orðum um að skólastjóri hefði ekki átt að láta málið þróast á þennan veg. (Virðist snúast um subbulega ritgerð skólapilts.)

Segir frá leiksýningum og að hann sé læknaður af þeim asnaskap að skrifa leikrit. Álfheiður sé enn veik.--

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 21.3.1903.

Ræðir erindi sem H.E.B. sendi Magnúsi St. landshöðfingja með þeirri ósk að hann sendi það áfram til Khafnar. M.St. þvertók fyrir það. Bætir hún við að ekkert land í veröldinni nema Ísl. myndi láta slíkt hneyksli óátalið. Spyr hvernig Páll bróðir hans taki þessu.

Ljósmóðir hafi verið kvödd til Katrínar í Viðey.[1]

Elín E. Briem til Halldórs E. Briem. Blönduósi. 7.4.1903.

Búin að skrifa Páli um leyndarmálið svo nú geta bræðurnir talað saman tveir. Fólk furðar sig á uppsögninni og skólanefndarmaður vildi fá hana til að halda áfram og heldur að hún sé trúlofuð í útlöndum eða amk. að hún ætli að sigla.--

[1] *Þá fæddist önnur dóttir Eggerts og Katrínar Pétursdóttur Thorsteinsson: Ingibjörg E. Briem (1902-1967).*

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 13.4.1903.

-- Mikið var ég glaður þegar ég sá *(Þórhildi Tómasdóttur)* móður þína og systur, því að það verður konu minni til bata. Hún er stöðugt veik. Hún fær *feber* um miðjan daginn, en sjaldan meiri en 37,7 – heldur á batavegi –

Hannes Hafstein kom hingað með Vestu. Han ætlar að halda fundi slag í slag, það sem eftir er af mánuðinum, svo að (við) höfum væntanlega næga hlýju af þeim pólitíska eldi, sem hann kveikir hér.

Sannast að segja er þessi pólitík orðin nokkuð ónæðissöm. Ég gæti helst trúað að landshöfðingi setjist í rágjafasætið með Lárus og Hannes sinn til hvorrar handar og Hannes Þorsteinsson sem merkisbera og þá verður gaman að lifa. --Mínar annir eru miklar og ég má til með að hætta.--

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 13.4.1903.

Ræðir Hólaskóla, Eiðaskóla og Hvanneyri og hvetur Torfa í Ólafsdalsmálinu. Ræðir túnasléttur og segir að verið sé að stofna jarðræktarfélag nyrðra. Hannes Hafstein sækir fast fram í Eyjafirði.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 3.4.1903.

Þórhildur Tómasdóttir komin að sunnan til aðstoðar Álfheiði dóttur sinni sem er bundin við rúmið og verður fram á sumar. Með henni kom dóttir hennar Sigríður Helgadóttir frá Odda sem stendur stutt við, heldur áfram austur að Hofi (í Vopnaf. til Þórdísar systur sinnar).

-- Spurning er hvað gert verður með skólann í vetur. Stefán Stefánsson segist ekki kenna áfram --

*H.E.B. segist gera það ef góðir lampar fáist. Af seðli sem fylgir má ráða að H.E.B. hafi fengið kaupau*ka.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavík April 14th 1903

Segir Þórhildi Tómasdóttur og Sigríði sonardóttur hennar hafa farið norður til Álfheiðar.

Segir af slagsmálafundi sem haldinn var í sambandi við kosningar.

Þórdís H. Sívertsen skrifar Þórhildi Tómasdóttur og Sigríði Helgadóttur. Hofi. 15.4.1903.

Hjartkæra mamma og Sigga!

Bestu þakkir fyrir bréf ykkar -- Það var tvöfaldur gleðidagur hér á Hofi, fyrst að fá svona góðar fréttir af aumingja Álfheiði, sem ég alls ekki þorði að gera mér von um, eftir þeim fréttum, sem ég fékk daginn sem litla telpan mín fæddist; því mitt síðasta verk, áður en hún skaust í heiminn,[1] var að lesa póstbréfin mín, og svo í öðru lagi að frétta að þið voruð komnar norður til hennar, henni bæði til gagns og gleði.

Ég varð ekki mikið hissa þegar ég frétti af því ferðlagi því ég bjóst alltaf við því að þú, elsku mamma mín, mundir leggja á stað, ef þú væri frísk þegar þú fréttir af veikindunum, því þú hefur fyrr lagt annað eins á þig fyrir okkur börnin þín, og svo var það heppilegt að Sigga[2] gat farið líka, og vona ég að guð gefi okkur öllum að ferðin verði til sannrar gleði og elsku Álfheiður friskist og styrkist með degi hverjum.

Skelfing er ég farin að hlakka til að fá þig, elsku Sigga mín, hingað til mín; ég er hrædd um (að) maður leggi á Skjóna sinn, daginn þann, og bregði sér í kaupstaðinn. Bara blessuð tíðin vildi nú vera góð svo Vopnafjarðartetrið sýndi svona góðum gesti skárri hliðina á sér. Og svo að eiga von á mömmu seinna í sumar, það er ekki amalegt; ég get ekki annað sagt en að jólin beri upp á páskana!

Ég er, guði sé lof, orðin ósköp vel frísk aftur og fyrir löngu tekin við hús- og bústjórninni. Ég var leidd í kirkju á skírdag, var þá organisti sjálf, og varð mér ekkert um það. Það var ekki messað hér á páskadaginn, þá var veðrið svo slæmt. Það á að vígja kirkjuna í kaupstaðnum 3. maí; ég býst við að þá megi sjá mann á ferð, ef veður verður gott. Prófasturinn ætlar sjálfur að koma og gera það og um leið halda pólitískan fund, því ekki er hann af baki dottinn enn, að langa á þing.

Nú er von á Guðrúnu Guðjohnsen aftur frá Höfn með Agli; hún verður líklega fyrsta manneskjan sem giftir sig í nýju kirkjunni, því það stendur til í næsta mánuði. Það er líka von á Jóhannessens familíunni með Agli. Hann fór sjálfur austur að sækja allt dótið, konuna og sjö börn með Vestu. Ef frúin er eins elskuverð og hann, þá verður ekki afleitt að fá hana í náblýlið, því mér leist bara prýðilega á manninn þegar hann kom á dögunum og að *forlibelsið*[3] hafi verið *gensidigt*[4] marka ég á því að hann beiddi okkur bæði að selja sér smjör og taka elstu dótturina til kennslu næsta vetur svo Sigurður gæti um leið búið hana undir fermingu.

---

[1] *Þetta var yngsta barnið: Þórhildur Sigurðardóttir Sívertsen sem dó 26.6.1914.*

[2] *Sigríður Helgadóttir í Odda.*

[3] *Ástin*

[4] *Gagnkvæmt.*

Ein stúlkan mín er búin að liggja í einhverri veiki í kringum mánuð. Sem stendur er hún hjá lækninum, því hann ætlaði að reyna að nudda hana, hvort sem það hefur nokkuð upp á sig. Ef henni ekki batnar verðum við að senda hana norður til Guðmundar.[1] --

Við ætluðum einu sinni að skíra litlu elskuna okkar í kyrrþey á sunnudaginn, en nú held ég við drögum það þangað til Sigga kemur, svo henni verði þá haldið almennilega undir skírn! Blaðið er búið, enda líka nóg komið; forlátið þið megurðina. --

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Akureyri 20 apríl 1903.

-- Bestu þakkir fyrir tilskrifið. Kona mín fór á fætur í gær og í dag og vona jeg að henni verði ekki meint við það. Hún á samt langt í land með bata.

Hannes Hafstein er hjer og agíterar vilt. Jeg tel líklegt að hann verði kosinn vegna gloríunnar frá í fyrra og ekki ósennilegt að hann og hans menn verði í meiri hluta. Jeg ætla þá að ganga í bindindi með stjórnmál og býst við að það bindindi verði langt. Jeg sje þá að þjóðin vill aðra krapta en mína og skal jeg taka því eins og öðru mótlæti, þó að mjer auðnist eigi að sjá þjóðina ganga inn á framfarabraut heldur braut þar sem embættisandinn í Rvík vísar brautina. --

Jón Helgason skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 26.4.1903.

Góð líðan. Það sama ekki fyrir norðar þar sem Álfheiður hefur legið í 14 vikur og opereruð af Guðm. Hannessyni í febr. og hann hefur ekki trú á. Mamma þeirra fór norður og frekar von á bata vegna þess en hins.

"Landvarnauppkastið". Hvaða álit hefur þú á því. Sjálfum líst Jóni ekki á "Þorskólfsliðið". Ræðir framboð Páls í Húnavatnssýslu.

Margrét Sigurðardóttir[2] skrifar Elínu E. Briem. Höskulsdsstöðum. 1.5.1903.

-- Svo kom Páll bóðir þinn hingað af Skagastrandarfundinum og var hér um nóttina og sagði mér frá öllu saman og eins hvað gætilega hann hefði farið með leyfisbréfið, sem ekki hefði þó þurft til, þar sem þetta hefði verið í hvers manns munni. Ég dáðist að því hvað hann var þér trúr, að hann skyldi ekki láta konuna sína vita um neitt, en hún svo verða fyrri til sjálf að segja honum tíðindin. --

Hann var ósköp indæll, góður og lítillátur eins og hann á vanda til; ég þarf ekki að lýsa því fyrir þér. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 7.5.1903.

Sendir áskrift að Norðurlandi sem Einar Hjörleifsson ritstýrir. Segir H.E.B. það ótvírætt besta blað á landinu. Stefnir er hinsvegar einskis nýtt blað.

Hannes Hafstein farinn vestur, fékk hvalbát til að flytja sig. Áður en hann fór skrifaði hann grein í Gjallarhorn, blað sem stofnað var vegna framboðs hans. Ekki bætir greinin stöðu hans.

Álfheiður H. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 21.5.1903.

-- Það sem okkur varðar mest er að heilsa mín er nú loksins orðin svo að ég get gengið um húsið nokkurnvegin eins og ég gat áður, og hef ég drottni mikið að þakka, um tíma var ekki útlit fyrir að það mundi nokkurn tíma verða, að heilsan kæmi aftur, og fannst mér þá stundum daprir dagar, ekki svo mikið þótt ég ætti að líða þetta allt, og svo að öllum líkindum deyja, heldur hitt að maðurinn minn yrði að líða líka, þó ekki væru það líkamlegar þjáningar og einna óbærilegast fannst mér það, ef ég ætti að yfirgefa öll litlu börnin okkar og hafa engan sem gæti sinnt þeim eins og þau þyrftu. En góður guð hlífði mér við þessu.

Ég er líka sannfærð um það að mamma okkar blessuð og Sigríður systir hafa með komu sinni til mín, flýtt fyrir batanum, og er ég þér og Maríu sífeldlega þakklát fyrir að þið hvöttuð mömmu heldur en hitt, til þess að fara, því vel get ég skilið að það er ekki lystilegt að leggja á stað á vetrardag út í svo langa sjóferð, og það þó yngri sé en mamma.

Annars er allt fréttalaust héðan -- Krakkarnir litlu hafa haft slæman hósta -- Páll fer vestur 28. maí, það er svo heppilegt að hafa hvítasunnuna til að láta þá dónana þar vestra skamma hann, það er mikið minna vinnutap en ella. Skyldi það vera syndsamlegt af mér að óska þess að hann komi heim ókosinn eins og í fyrra, mér liggur við að óska þess, og aldrei megum við á Húnvetninga minnast nema að vera ósátt, mér finnst sá partur mannfélagsins svo óendanlega fyrirlitlegur, og ekki þess verður að neinn almennilegur maður bindi trúss við þá, en Páli finnst annað. --

[1] *Guðmundar Hannessonar læknis.*

[2] *Margrét Sigurðardóttir (1867-1947) kona séra Jón Pálssonar 1864-1931) á Höskuldsstöðum á Skagaströnd.*

Páll segist hafi skrifað með Hólum og biður því að heilsa innilega. Hann fékk svo hjartfólgið bréf frá lektor Þórhalli[1] að hann hefur þurft mestanpartinn af formiðdeginum til að útmála sínar innilegustu þakkir fyrir það. Þvílíkur hræsnari Þórhallstetur er. --

Elín E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Sauðárkróki. 30.5.1903.[2]

Sendir drasl, bækur og blöð, biður H.E.B. að sortera og brenna það sem ónýtt er, en láta bækur til Sigurðar Kristjánss. bóksala. Setja annað á axjon.

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 19.6.1903.

-- sá er færir þér þetta bréf er Kristinn litli og langar mig til að biðja þig um að skjóta skjólshúsi yfir hann, en ég hef hugsað mér að hann borðaði hjá Sigurði -- Hann á að ganga inn í skólann - þarf að fá skírnarvottorð - þætti vænt um ef þú gætir stutt hann í þeim útvegunum og koma honum á framfæri til inntökuprófs --

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 22.6.1903.

-- Mikið hlakka jeg til að sjá þig í sumar, elsku vinur; því miður þarf jeg ekki að fara suður á þingið og þó er þetta ef til vill merkasta þingið, síðan landið gekk undir konung. Jeg hef viljað vinna að þeirri stefnu sem þú nefnir í síðasta blaði Heimastjórnar, að láta menn úr báðum flokkum taka höndum saman, en hamingjan má vita hvernig það gengur. Jeg held að mjer sje þó óhætt að segja, að þetta muni eigi stranda á mönnum úr Framsóknarflokkinum, að minnsta kosti eigi á þingmönnum austnorðan. En jeg hef engan tíma. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Seyðisfirði 9.7.1903

-- En hvað mjer þótti gaman að sjá þig. Jeg vona að þú hafir sofið vel í nótt og ferðin hafi gengið eða gangi vel heim að Hofi í dag. Hjer er inndælt veður og skipið liggur við bryggju, svo að ekkert er nema að ganga í land. Hjer hefur Skapti verið mjög kátur, en bæjarbúar eru allir meira og minna uppteknir af framburði Oddrúnar nokkurrar um að Árni skrifari Jóhannesar sýslumanns hafi stolið peningakassanum góða, en framburðurinn er svo vitlaus að jeg veit eigi hvað gjöra skal. Jeg fer hjeðan í kveld og skrifa þessar línur til þess að þær geti farið með Vestu, sem getur komið hingað í nótt. Jeg óska þjer góðrar ferðar heim og bið þig að kyssa börnin og heilsa móður þinni og öðrum heima. Biddu Hallgrím að muna eptir brjefinu til landshöfðingjans. Það ætti að sendast í ábyrgðarbrjefi. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Seyðisfirði. 12.7.1903.

-- Hólar eru ekki komnir enn. Jeg þori samt eigi annað en að skrifa þjer í kveld, ef þeir koma í nótt og fara með það sama. -- Ferðin frá Seyðisfirði gekk mikið vel. Jeg kom hingað á föstudagsmorgun og hafði ekkert þann dag að gjöra nema að heilsa góðu fólki. Í gær byrjaði amtsráðið. Jeg vonast til að það verði búið annað kveld. Jeg fer því einum degi fyr á stað hjeðan, en jeg bjóst við. Fyrsta daginn fer jeg að Bót í Hróarstungu, annan daginn (15. þ.m.) að Hofi, þriðja daginn verð jeg víst um kyrt þar (16.), fjórða daginn að Grímsstöðum (17.), fimmta daginn að Einarsstöðum í Reykjadal (18.), væntanlega sjötta daginn (19. þ.m.) heim.

Jeg skrifa þetta með pennanum þínum góða. Jeg er farinn að hafa ágætt lag á honum. --

Daníel kom í gær. Hestarnir litu vel út eptir ferðina. Carl[3] litli sonur hjónanna hjer verður 1 árs á morgun. Hann er efnilegur lítill drengur. Hann hefur haft kíghósta í 3 mánuði, en er nú batnað. Jeg var í kirkju hjá prófasti Jóhanni Lúter.[4] Kirkjan hjer er lagleg og ræða prófastsins líka. Hann var hjer með konu sína.[5] Hún er töluvert talandi. Jeg kom til Friðjóns læknis og Olgu.[6] Hún hefur enn höfuðverkinn, engu betri en áður, því að hún liggur vegna hans af og til.

Hjer er svo kalt að það er lagt í á hverjum degi.

Hjer fer ágætlega um mig. Hjónin biðja ógn vel að heilsa þjer og sömuleiðis Olga. Jeg kom til Kristjáns læknis.[7] Ella bað mjög vel að heilsa þjer, en bætti við að hún ætlaði að fara að skrifa þjer. Annars gat jeg ekki talað neitt við þau vegna mannfjölda hjá þeim. Jeg kom líka til frú Jósefínu. Hún bað kærlega að heilsa þjer. Hennar börn voru með kíghósta. Þegar jeg var hjer á föstudaginn, kom hingað Guðný frænka mín dóttir

---

[1] *Þórhallur Bjarnarson, síðar biskup og ávallt stjórnmálamaður.*

[2] *Elín Briem gifti sig 25. maí. Hún segir ekki frá giftingunni. Hafði áður beðið H.E.B. um að vera svaramann; sennilega hefur hann verið viðstaddur.*

[3] *Carl Tulinius (1902-1945) líftryggingaforstjóri í Rvík.*

[4] *Jóhann L. Sveinbjarnarson (1854-1912) prófastur á Hólmum.*

[5] *Þetta var síðari kona prestsins og þau nýgift: Guðrún Torfadóttir, kaupmannsdóttir frá Flateyri.*

[6] *Friðjón Jensson (1868-1956) læknir á Eskifirði, seinna á Akureyri. K.h. Olga Schiöth ((1868-1931).*

[7] *Kristján Kristjánsson (1870-1927) læknir á Seyðisfirði, sveitarstjórnamaður o.fl.*

Haraldar Briem.[1] Jeg þekkti hana ekki. Hún var orðin svo mögur og breytt. Hún var með dreng á 2. ári, sem heitir Haraldur Briem. Hún er eins og þú líklega manst kona þessa Björns Stefánssonar, sem var að skamma mig í Austra einu sinni. --

Skúli Skúlason skrifa Páli E. Briem. Odda. 14.7.1903.

Þakkar móttöku Sigríðar konu hans f. norðan í vor. Ræðir stjórnmál. Þakkar grein P.E.B. í Norðurlandi um

-- samheldni og fjárframlög afturhaldsmanna get ég fyllilega skrifað undir og hygg að það eigi allt saman mjög vel heima að því er þetta kjördæmi snertir. --

Ræðir inntökupr. Kristins sonar Páls í Lærða skólann og áætlanir um skólagöngu Páls og Skúla[2] *sona sinna*

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. 25.7.1903.

-- Móðir þín fór í gær --Það hefur fátt komið mér betur í lífinu en koma hennar hingað og veran, því að næst guði þakka ég henni heilsu konu minnar. -- Heilsan er ekki góð ennþá, en þó viðunandi. --

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 29.7.1903.

Þakkar henni fyrir veruna hjá þeim f. norðan með Sigríði (Tómasdóttur) dótturdótturinni. Þær héldu til Þórdísar dóttur hennar að Hofi í Vopn. Eftir að hún fór hirtu þau túnið og fengu 30 hesta af því.

Segir fréttir af Helga, yngri syninum og gestakomum.

-- Annars er ég nú, eins og vant er, lin til stórvirkjanna, svo að anstaltirnar gátu ekki verið að því skapi sem mér hefði þótt við eiga.

Prófessor Finnur kom með pósti og kemur hann einu sinni á dag, sjaldan oftar!! --

Á sunnudag á að vera ógnar reiðtúr í verslunarmannafélaginu og hefur Páll verið beðinn að minnast kóngsins, en sannast að segja finnst mér (en hvað er að marka það) að það sé dæmalaus óþarfi að vera nokkuð að róta við honum, blssuðu gamalmenninu, því ég er viss um að kónginum er alveg sama hvort nokkuð er til á Akureyri sem heitir verslunarfélag eða ekki -- Það á að lána prófessornum hestinn minn --

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 8.8.1903.

-- Ó, hvað þær voru þungbærar fréttirnar[3] að austan og komu svo óvænt; mér fannst sem ég gæti búist við öllu öðru en þessu, og allt vera léttbærara, fyrir utan að missa þig, elskaða mamma mín. Ég gat ekki lesið nema fyrstu línurnar, í þeim var líka allt innihaldið, guð minn góður, hvað þú mátt reyna nýkomin, flestir hefðu hugsað að það yrði ég, sem þú mundir horfa á deyja, en ekki hún, sem sýndist svo sterk og hraustleg; en drottins vegir eru órannsakanlegir og hann styrki aumingja Sigurð og okkur öll, sem nú syrgjum hana látna, ef við biðjum hann þess, það veit ég ekkert okkar efast um; og mikið megum við þakka guði, að þú varst nálægt honum og blessuðum litlu börnunum ungu og móðurlausu í þessari sorgartíð; en það er alltaf svona, mamma mín, það er eins og guð sendi börnunum okkar þig þegar okkur liggur mest á og við þurfum helst þinnar hjálpar og óbilandi kjarks við. --

Heldurðu að Sigurður tryði okkur ekki betur fyrir blessaðri litlu Þórhildi[4] sinni í vetur, heldur en stúlkunum heima. Ég veit hann gerði það ef þú værir með henni; og þú veist, ástkæra mamma mín, hvað mikið þú hefur verið fyrir okkur síðan í apríl, og pláss væri fyrir þig með báðar litlu telpurnar í vetur og þægðin náttúrlega okkar. Mér finnst bara alltaf ég megi ekki biðja þig að vera hjá okkur af því að þér fellur ekki á Akureyri eins vel og í Reykjavík, og svo er okkar hús órólegra vegna barnanna. Maðurinn minn óskar þér hvergi fremur; hann sér vel hvað þú ert fyrir mig, með allan minn sífellda lasleika --

Leggur áherslu á að hún vilji létta séra Sigurði byrðarnar.

Álfheiður Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri. 20.8.1903.

Þakkar bréf og prísar að allir séu frískir.

-- ég opna hvert bréf með skjálfandi hendi því mér finns að ég geti nú búist við öllu. --

Ræðir ferðaáætlanir ÞH. Segir Sigríði systur sína í Odda hafa komið. Átti Á.B. von á frænku sinni og vinkonu, Elínu Tómasdóttur kennara á Seyðifirði. Hún kom ekki en Sigríður E. Briem mágkona hennar kom

---

[1] *Haraldur Ólafsson Briem (1841-1919) frá Grund, bóndi og hreppstjóri á Rannveigarstöðum og Búlandsnesi. Hann átti fjölda barna og var Guðný (1874-1943) ein þeirra Hún átti Björn Stefánsson kaupfélagsstjóra síðar skrifstofu- og alþingismann í Rvík.*

[2] *Páll Skúlason varð síðar ritstjóri Spegilsins og Helgi augnlæknir á Akureyri.*

[3] *Þ.H. stödd að Hofi í Vopnafirði. Þórdís Helgadóttir (1874-1903) dó 28. júlí.*

[4] *Þórhildur var þá tæpra fimm mánaða gömul. Hún lifði til ellefu ára aldurs.*

óvænt og kvaðst ætla að vera hjá þeim veturinn. Var hún ekki beint hrifin af, sérstaklega þar sem hún hafði líka Halldór bróður hennar, sennilega í kosti.[1]

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 21.8.1903.

-- Kona mín tók sér fjarskalega nærri sorgarfréttirnar frá Hofi, en sorg henar er nú að mildast. Þegar börnin eru að kalla, þá dreifir það huganum og guð lætur tímann milda alla sorg, ef menn taka hana á réttan hátt. --

Ég er nú farinn að bjóða hús mitt til sölu, því að nú er orðið víst að embættið verðurlagt niður að ári. Havsteen kvað vera mikið leiður út af að fara frá, en það er þó einmitt það sem hann vildi: Heimastjórnarmaðurinn --

Páll E. Briem til Finns Jónssonar. Akureyri 29.8.1903.

-- Jeg þakka þjer sem best fyrir samveruna í sumar. Jeg gleymi alveg að minnast á böðunartækin og vil því biðja þig að útvega búnaðarskólanum þau.

Kringumstæðurnar eru þessar: Undirlopt er 3½ alin. Rennandi vatn er hægt að fá. Frárennsli má fá, ef til vill. Það sem þarf er 2 steypibaðsinnrjettingar (steypibaðsáhöld) helst heldur ódýr.

Það ætti að senda þau með Ceres með adressu: *Landbrugskolen Hólar i Hjaltadal, pr. Saudarkrog*.

Ef þú hefur eigi sent peningana, þá vil jeg biðja þig að borga baðáhöldin, en ef þú hefur sent þá, væri best að senda reikning til mín.

Ekki hefur tíðin batnað síðan þú fórst. Stormar, kuldar og regn er okkar hlutskipti þetta sumar. Fyrir sumar hefur verið besta tíð.

Okkur líður bærilega. Kona mín er ekki lakari til heilsu og börnin eru frísk. --

Álfheiður Helgadóttir Briem skrifar Þórhildi Tómasdóttur. Akureyri, 29.8.1903.

Þórhildur kemur til Akureyrar með eitt barn Þórdísar sálugu. og séra Sigurðar frá Hofi. Er það sennilega Þórhildur (f. 1903). Þau séu vön börnum á þeim aldri og auk þess létti Þórhildur undir með þeim. Ræðir hvar hún og barnið geti verið og hvar Halldóri Briem og Sigríði verði komið fyrir. Páll vill allt fyrir Sigríði gera og segist ÁHB ekki láta á óáanægju sinni bera. –

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 8.9.1903.

-- Móðir þín kom að austan – og báðar litlu stúlkurnar með sér, Siggu[2] og Þórhildi litlu, sem er ósköp elskulegt barn og mjög brosleit. Þær voru allar sjóveikar fyrir illviðrið, en eru nú samt hressar, sérstaklega litlu frænkurnar.

Sigríður systir mín er lögst hér í *hysteri.* Ef hún ekki fæst á fætur í dag, þá álítur læknirinn best að flytja hana á spítalann.[3] --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Reykjavík. 25.9.1903.

Ásgeir Sigurðsson hélt veislu til heiðurs Hall Caine,[4] *S.B. var boðin. S.B. og H.E.B. höfðu áður haldið honum veislu.*

Mikil veisla haldin er þau giftu sig Eggert Claessen og Guðrún Soffía Jónasdóttir landlæknis Jónassen. Eiríkur Briem var svaramaður og hélt ræðu til heiðurs brúðhjónunum - því miður, segir SB, slíkt er ekki hans sterka hlið.

Segir frá klæðnaði sínum, ísl. búningi sem fór henni vel og vakti aðdáun. Segir frá heimsókn Hall Caine --

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavík Okt. 3. 1903

-- Segir frá uppistandi í sambandi við Hólmfríði í Húsmæðraskólanum. Ræðir um dauða Ólafs Davíðssonar og sorg fjölskyldunnar.--

Sigurður P. Sívertsen skrifar Álfheiði Helgadóttur Briem. Hofi, 9.10.1903.

-- Hjartans þakklæti fyrir hið ástúðlega bréf þitt frá 17. f.m. sem gladdi mig mikið, að ógleymdri allri umhyggjunni fyrir litlu elskunni minni, sem ég er svo innilega þakklátur fyrir. Ég er svo feginn að vita hana í

[1] Ekki kemur fram hvernig fór nema hvað hún var þar um hríð, en um haustið var Sigríður komin í heimsókn til Susie í Rvík. Hún var gift kona, átti börn, eignaðist sitt yngsta barn næsta ár.

[2] *Hún hét reyndar Steinunn (1900-1977). Hin dóttirin hét Þórhildur (1903-1914). Þriðja barnið var Helgi (1901-1969) sem var hjá pabba sínum.*

[3] *Sigríður E. Briem (1862-1913) kennari.*

[4] *Hall Caine (1853-1931) enskur rithöfundur.*

höndum ykkar, þín og móður þinnar, því ég veit með vissu að barninu gæti hvergi liðið eins vel, og svo hitt annað, að ég veit að þið elskið hana vegna móðurinnar.

Ég er einnig glaður yfir því að móðir þín skuli vera hjá þér í vetur, því ég er sannfærður um að sérstaklega undir þessum kringumstæðum getur henni hvergi liðið betur. Mér var satt að segja mjög kært að hún færi sem fyrst frá mér, - ég vona að þú misskiljir mig ekki þótt ég segi það. Það var sannarlega ekki af því að ég finndi ekki til þess hve miklu góðu hún kom til leiðar á heimili mínu og hve mikla ánægju ég hafði af veru hennar, heldur eingöngu af hinu, að það kvaldi mig að vita hve illa henni leið hjá mér. Það hlaut að vera svo, þótt hún aldrei léti á því bera. Og ég fann svo sárt til þess að hún skyldi þurfa að leggja slíkt á sig fyrir mig, sem aðeins hafði hryggt hana, en aldrei glatt, hryggt hana meir en mér nokkurntíma hafði dottið í til hugar með því að taka frá henni yngstu dótturina og fara með hana langt burtu í fjarlægt hérað, í annan landsfjórðung. Guð fyrirgefi mér þá ónærgætni og blessi hana alla þá daga, sem hún á eftir ólifaða.

Þú óskar að þú værir nær mér og börnunum. Já, guð gæfi að svo væri. Þá gætum við talað saman um hana, sem mér er sífellt í huga, um hana sem ég elskaði svo heitt og elska ekki minna síðan hún hvarf mér sjónum. Hún var allt yndið mitt, við hana var öll gleði mín tengd. Þess vegna er ég nú oft sem einsetumaður, sem sit og hugsa um horfna gleði og óska þess stundum mest af öllu að ég fengi að fara héðan. Því dauðann hef ég lengi ekki hræðst, en aldrei síður en nú. Því ég er sannfærður um að hann yrði fyrir mig eins og hana leið til lífsins. En ég veit, eða réttara, þykist vita, að ég muni eiga enn æðilangt líf fyrir hendi. Þess vegna var það mín innilegasta bæn þegar ég sat hjá líki Þórdísar minnar, að þessi sorg mín mætti gera mig að betri manni og kærleiksríkari og dugmeiri embættismanni, sem mætti læra að lifa meira fyrir aðra en verið hefur. En drottni hefur ekki enn þóknast að heyra þessa bæn mína. Ég vona að hann geri það síðar. Um hans kærleika efast ég ekki. Hann agar mig af því að hann vill mér vel.

Æ, fyrirgefðu mér, elskulega mágkona, að ég skuli vera að skrifa þér þetta. En ég veit að ég má tala við þig um þetta eins og mér býr í brjósti, því þú harmar með mér. Ég er sannfærður um að þú hefur grátið með mér yfir burtför systur þinnar, eins og hún grét við brjóstið mitt þegar hún hélt að þú mundir deyja. Þá báðum við í sameiningu fyrir þér, eins og við svo oft gerðum fyrir ástvinum okkar beggja. Guði sé lof fyrir að þú færð að gleðja ástvinina með nærveru þinni.

Mér er mjög kært að fá bréf frá ykkur, því aldrei finnst mér að þið ættingjar Þórdísar minnar hafi verið mér nátengdari en nú. Og kært væri mér að þú alltaf skrifaðir mér eitthvað um hana, því allar slíkar endurminningar eru mér svo kærar.

Nú slæ ég botninn, með innilegri kveðju til ykkar hjóna og barnanna allra, Guð verndi ykkur og blessi og launi ykkuar allan kærleik mér sýndan. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 10.10.1903

Segir Elínu hafa tekið ísl. bún. upp til að þóknast manni sínum. Segir Sigríði systur H.E.B. hafa heimsótt sig. Hún talaði mikið.[1]

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 20.10.1903

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir tilskrifið. Jeg legg hjer innan í blað þitt. Jeg skrifaði þjer um böðunaráhöld til Hólaskóla. Jeg vonast til að það hafi verið hægt að senda þau með Vestu, sem ef til vill færir okkur einhverjar frjettir um væntanlegan ráðgjafa. Það er ekki beint forvitni, en landshöfðingi nýr allt framan af sjer, af því að hann vill ekki taka fram fyrir höndurnar á hinum væntanlega en ef til vill get jeg nú þegar óskað þjer til hamingju með hann.

Jeg þakka þjer kærlega sögu Gísla Súrssonar m.fl. Jeg hafði nautn af því að sjá mannlegar ástríður í sínum frumlegu myndum og athuga, hvernig skaplyndi móðurbræðranna kemur fram í Snorra goða, þegar vit föðurættarinnar bætist við.

Jeg hef nóg að gjöra eins og vant er og er að fara á bæjarstjórnarfund. Við vorum að skrifa undir adressu *(ávarp)* til konungs í dag en Ceres er ókominn og sama er að segja um Hóla, sem fóru vestur á Blönduós. Þar hefur verið illt í sjóinn, enda er enn stöðugt norðanáttar veður. Haustið hefur verið illt og leiðinlegt eins og sumarið. Nú er hvítt ofan að sjó, rigning aðra stundina og bleytuhríð hina stundina.

Kristinn litli er lasinn en öðru leyti líður okkur vel. Kona mín biður hjartanlega að heilsa. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri . 20.10.1903.

Segir hvar hann búi og sé í fæði. Saga Ísl. gengur vel. Nota á bókina í skólunum á Ak. og á Sauðárkr. Séra Matthías skrifar um hana og heldur sig þurfa að finna galla; það gerir hann og sýnir vanþekkingu. Óvíst hvort Brynjólfur Sveinsson dó 1674 eða 1675. Að hann hafi dáið 1678 er ekki rétt. Rætt um húsmæðrask.

[1] *Hún er þá komin suður. Sjá bréf frá 8.9.1903.*

og afstöðu Búnaðarfél. og hvort þeir missi Hólmfríði. Vonandi að menn sættist. Nemendurnir verða 50, þar af sjö stúlkur. Fleiri sóttu um skólavist. Búið er að sjá út lóð fyrir skólann á Barðstúni. Landshöfðingi ætlar að láta málið eftir nýjum ráðherra. Þannig tefst byggingin. Ræðir mögul. á flutningi þeirra en telur að hún þoli hann ekki heilsunnar vegna.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 26.10.1903.

Býr á sama stað hjá mr. Jones. Matthías kom og var niðurbrotinn vegna leiðréttingarinnar um Brynjólf Sveinss. og vildi að ég leiðrétti hann frekar en að hann gerði það sjálfur

Ræðir tvo húsbruna.

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 7.11.1903.

Kaup Ræktunarfélagsins á plógi. Ræðir mun á teoretískri og verklegri kennslu. Auðveldar var að fá menn í fyrra. Erfitt að sannfæra æðri (t.d. Magnús Steph.,) og lægri, um að lærisveinar séu ekki ómagar. Segir fréttir af heilsu Ingibjargar dóttur Torfa en hún var skólastj. Húsmæðrask. Á Akureyri.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 7.11.1903.

Sér Pál bróður sinn af og til. Býst við að hann og fjölsk. flytji suður næsta ár. Hvað verður um húsið? Erfitt með kaupanda. Hannes Hafstein frændi HB er líklegri en áður til að verða ráðh. Ekki verður hann vinnusamur og duglegur ráðherra- eða athafnasamur „hardworking or energetic“.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 9.11.1903.

Byrjuð í leikfimi hjá Ingibjörgu Brands, telur upp þáttt. Ánægð með nýjan kennara Sidda, Laufeyju Vilhjálmsdóttur[1] frá Rauðará. Vegna ágreinings við Hólmfríði hefur Búnaðarfélagið boðið henni að sigla og kynna sér húsmæðrafræðikennslu. Ef verður efnt segist S.B. telja að Hólmfr. vilji halda áfram með skólann. Býst við að félagið byggi fyrir báða skólana á lóð sinni.

Þykir H.E.B. hafa verið linur í samskiptum við séra Matthías. En erfitt að vera harður við óþekktaranga sem vælir og biður fyrirgefningar.

Jón Helgason skrifar Finni Jónssyni. Reykjavík. 15.11.1903.

Finnur hafði verið á Íslandi. Jón í Skaftafellssýslu. Systir hans Þórdís dó og hann saknar þeirrar uppáhaldssystur sinnar mikið. Þótti gott að vera fyrir austan. Væru þar engin vatnsföll og enginn Guðlaugur[2] væri þar gott.

Bærinn með ráðherrafeber. Getur sætt sig við Hannes en hefði heldur beðið um Klemens. Hvað Páll hyggst fyrir veit Jón ekki, fær ekki lengur línur frá honum.

Vonar að hann flytji ekki til Khafnar.--

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 25.11.1903

Segir frá heimkomu Hannesar Hafsteins sem ráðhera. Hún hafi þekkt leyndarmálið. Landið hefði getað hlotið verri mann. Bæði líta hjónin vel út, eins og dæturnar, sem koma betur fram en dætur núv. fulltrúa landsins. Leiðinlegt Páls vegna.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 1.12.1903.

Hefur fengið kauphækkun og eru þau SB ánægð, eiga inni 500 kr. Álfheiður er oft lasin, oftast þó á fótum. Páll hefur ekki selt húsið. Sagði í gríni að hann myndi þurfa að rífa það því kjör í Eyjafirði séu slæm.

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Sauðárkróki. 3.12..1903.

Hamingjusöm í hjónabandinu.

-- Unaður að mega vera hjá mínum hjartkæra Stepháni sem þú manst, að ég særði einu sinni svo mjög, slíka tryggð og göfugmennsku, sem hann hefur sýnt held jeg sjeu fá dæmi. Nú fæ jeg að reyna hann og þekkja og hefur það orðið mjer með hverjum deginum hugþekkara og ánægjulegra.--

Börnin hans sýna henni hlýju. Lóa[3] er á húsmæðraskóla, Jón[4] keppist við á listaskólanum og fær hrós

---

[1] *Laufey Vilhjálmsdóttir (1879-1960). Hún kom víða við, mikil athafnakona, kvenréttindakona og kennari. Hún átti síðar Guðmund Finnbogason landsbókavörð.*

[2] *Gæti átt við Guðlaug Guðmundsson (1856-1913) sýslumaður í Skaftafellssýslu og síðar sýslumaður og bæjarfógeti á Akureyri.*

[3] *Óvíst hver Lóa er. Jón varð listmálari.*

[4] *Jón Stefánson (1881-1962) listmálari. Stjúpsonur Elínar Briem.*

kennaranna. Þá er þar Valgard Claessen og Ingibjörg (dóttir hans) líka.

Nú á að prenta Kvennafræðarann í þriðja sinn. Þarf að lesa hann og bæta við. Sigurður Kristjánsson gefur út. Segir af ferðum Vilhjálms bróður síns um Skagafjörð og heimsókn hans til fyrrum sóknarbarna.

Elín E. Briem til Susie Briem. Sauðárkróki. 3.12.1903.

Skrifar á ensku eins og stundum, og þakkar fyrir bréf.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 4.12.1903.

Segir frá óróleika í Latínuskólanum og að Sigurður bróðir hans muni verða einn af bankastjórum.[1] *Lýsir ánægjul. leikfimistímum 2x í viku.--*

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 10.12.1903.

Nú hefur Lárus H. Bjarnason fengið Ísafjarðarsýslu. Hver fær Eyjafjörð; vonar ekki Gísli Ísleifsson. Klemens glaður yfir landritaraembættinu. Það er öruggara og rólegra en að vera ráðherra, þótt völd, heiður og laun séu minni. Hannes og Klemens hafa um annað að hugsa en skólabyggingu.

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Winnipeg. 28.12.1903.

Þakkar Íslandssöguna. Sendir reikningsbók sem HB geti hugsanl. notað. Ræðir ágreining út af biblíukrítikinni milli þeirra vestra og Jóns Helgasonar. Líkar ekki stóryrði og hroki hans.

-- En aðalatriðið er, að með þessum svokölluðu "vísindum" er verið að grafa undirstöðuna undan kristinni trú hjá íslenskri alþýðu o.s.frv.--

[1] *Sem ekki varð.*

1904

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 2.1.1904.

Mest hjá Páli um jólin. Ekki víst að hann flytji suður fyrr en í haust. Hannes verður ráðherra, ekki verri en margir aðrir, enda ekki úr miklu að velja. Hræddur um að hann verði ekki lengi í embætti. Rætt um hver verði þingmaður Akureyrar. Hreyfing til stuðnings Páli en Jakob Havsteen[1] og hans flokkur eru andstæðir. Eftir er að kjósa mann fyrir Klemens á þing. Kjör eru slæm ef ekki rætist úr eru líkur á Ameríkuferðum. Ræðir fram og aftur um skólann.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.1.1904.

Segir séra Ólaf (Stephensen) á Mosfelli ætla að segja af sér og byrja búskap í Skildinganesi.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 26.1.1904.

Segir frá því að hann féll í skurð og slasaðist í myrkri. En er að ná sér.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 26.1.1904.

Frétti að H.E.B. líti betur út en áður. Álfheiður mágkona hans á von á barni; sem geti verið hættulegt eftir uppskurðinn.[2] Hitti Eirík sem var að fara með Halldóri Daníelssyni og Tryggva Gunn. til að bjóða Magnúsi Stephensen í kvöldverð 1.2.

-- It is using the setting sun. -- Then king is dead. Long live the king! --

Kannski getur Hannes bjargað Ólsen (í Latínuskólanum). Ekki gerði Magnús það.

Þykir Fjallkonan hið versta blað.

Lýsir stofnun kvenfélagsins Hringsins sem hún er með í ásamt 30 konum.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 12.2.1904.

Margar samkomur haldnar til að kveðja Klemens og margar ræður fluttar. H.E.B. hélt tvær um Eyjafjörð og um nauðsyn góðrar blaðaútg.

Páll og hann voru á hátíðinni til kl. eitt en margir til morguns.

Talað er um að hafa hátíð 1.2. til að halda upp á nýju stjórnarskrána. Gerir ekki ráð fyrir að verða þar þar sem honum fellur hún ekki.

Íslandssagan selst allvel. Sendi suður með Klemens beiðni um styrk til útg. nýrrar kennslubókar. Spennandi hvort minn gamli nemandi og frændi veiti hann. Lélegt fiskirí og efnahagur.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 22.1.1904.

Ræðir um Sidda, son þeirra, þroska. Einnig sölu bókanna. Hefur náð sér eftir slys.

Ræðir um boð til Eggerts bróður síns um starf í stjórnarráðinu og umsókn Gísla Ísleifssonar um Eyjafjarðarsýslu. Segir hann fá hana sem laun fyrir að þjóna stjórnmálum ásamt bræðralagi við Hjaltalín.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 23.2.1904.

Svo virðist sem allir Briemar séu að setjast að í Rvík, vonar að hann geri það líka.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 7.3.1904.

Segir fréttir um að Páli hafi verið boðið aukabankastjórastarf nýja bankans. Ætlar hann að taka því. Launin eru 2000 kr. Þarf að vinna um eina stund á dag.

Var ætlun Arntzen og Worburg að hann yrði íslenskur stjóri bankans. Þá komst Hannes í málið og sagði þeim þá að lagaskóli yrði stofnaður og Páll eini hæfi maðurinn að stjórna honum. Ákváðu þeir að skipta starfi milli Sighvatar og Páls og gæti hann þá sinnt báðum störfunum. Hvort þetta hefur verið einlæg ætlun Hannesar er ekki vitað, maður skyldi vona það.

Ljóst að skólinn verður ekki reistur hér á Ak. í ár. Álfheiður er ekki eins veikburða og áður. Stefnt að því

[1] *Mun vera Jakob Havsteen (1844-1920) kaupmaður og etasráð á Akureyri.*

[2] *Guðm. Hannesson tók úr henni botnlangann sem var einstætt, ef ekki í fyrsta sinn sem það var gert á landinu.*

að hún fari suður á ágúst og sé þá fæðingin afstaðin. Páll ætlar suður seinni hluta. sept.

Séra Einar Pálsson og Jóhanna systir hans flytja í Gaulverjabæ í vor. Jóhanna og börnin fara í maí og séra Einar hefur beðið HB um að taka hesta þeirra suður og Eggert (son þeirra) 10 ára.

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 7.31904.

-- Jeg þakka þjer sem best tilskrifið frá 20. f.m. Eins og þú munt sjá af blöðunum, hef jeg alveg nýlega látið í ljós, að jeg myndi bjóða mig hjer fram.

Guðmundur læknir og nokkrir aðrir tóku sig til að útvega nægan fjölda til að skora á mig og lofa mjer atkvæði sínu, án þess að jeg vissi um. Þeir fengu yfirgnæfandi atkvæðafjölda, en þeir höfðu tekið ársgamla kjörskrá og þegar nýja skráin var samin sýndi það sig að kjósendur voru um 80 fleiri en þeir bjuggust við. En þá voru hinir farnir að agítera. Júlíus er útibússtjóri og notar lánin óspart með hótunum, svo að hann hefur getað kúgað fáeina til þess að gefa sjer vilyrði, en jafnframt hafa þeir skýrt frá því og beðið að taka eigi til þess. Þetta eru ekki efnamenn, sem mega til að fá lán vegna atvinnu sinnar. Sumum hef jeg hjálpað, sem hann hefur neitað, en menn fyrirverða sig að biðja um hjálp í svona tilfellum. Í annan stað er verslun Havsteens. Jeg hef staðið á móti klækjum þaðan bæði í bæjarmálum og við einstaka menn og þess vegna eru þar einnig notuð öll meðul, lán og lögsóknir o.fl. Svo eru ýmsir sem segjast vera svo miklir Heimastjórnarmenn, að þeir vilja ekki hafa mig. Samt sem áður álít jeg, að jeg hafi vissa 160-170 kjósendur af 280, og því finnst mjer að það sje engin ástæða til þess að vera smeykur um úrslitin. Þú segir að jeg megi ekki gefa kost á mjer, nema jeg sje öldungis viss. En jeg tel mjer enga vansæmd af því að falla, og ef framboð mín og föll gætu opnað augu þjóðarinnar fyrir því að barátta í pólitík á að vera drengileg, þá álít jeg að jeg vinni þjóðinni meira gagn en nokkur annar. Það getur auðvitað verið að hún standi á lágu stigi, og það sje ekki hægt, en jeg get þá haft góða samvisku fyrir því, að jeg hafi eigi gert mig sekan í vanrækslusynd. Þú veist *Tammanyhringurinn*[1] í New York hefur sigrað og það getur vel verið að samskonar menn muni bera hjer sigurinn úr býtum, en þetta er óvíst enn þá. Jeg set nú sem svo, að þessir menn sigri nú og í næstu framtíð, en þá er að kippa fótunum undan þeim með því að auka og efla menntun fólksins. Ef jeg er kosinn á þing, stend jeg dálítið betur að vígi til að vinna fyrir þessu, en að öðru leyti er það hvorki heiður nje vanheiður fyrir mig og gjörir mjer persónulega ekkert til.

En nú er annað sæti autt sem sje sæti bróður þíns. Það er enn ekki farið að agítera þar, en þó er farið að nefna ýmsa. Júlíus Sigurðsson[2] vildi óvægur hafa Guðmund á Þúfnavöllum,[3] af því að hann er íhaldsmaður og óþokkamenni, en jeg hef heyrt ávæning af, að hann muni sjá að hann getur eigi komist að. Jón hef jeg heyrt að hafi haldið þjer fram, og ef Guðm. dregur sig tilbaka, þá verður Júlíus líklega með því.

Svo hef jeg heyrt Guðmund Finnbogason tilnefndan. Hann kvað hafa skrifað einhverjum bændum, en jeg veit eigi, hvort hann býður sig fram, en ef hann gerir það, þá tel jeg miklar líkur til þess, að þeir sem kusu hann síðast muni kjósa hann. En að öllum líkindum er ómögulegt fyrir þig að komast hjer að nema með svæsnum agítatiónum, en þar sem t.a.m. Júlíus og Jón Stefánsson nota aðallega það, að jeg sje embættismaður, þá verður valla kraptur í agítatíon fyrir þjer, nema þú getir látið þá fá mikið af peningum.

Hin pólitísku forhold eru mjög ruglingsleg, eins og þú veist. Jeg stend enn þá fyrir utan flokkana. Meðfram vegna þess hef jeg enga hugmynd um, hvernig kosningar myndu fara. Ef Stefán í Fagraskógi drægi sig tilbaka og þú værir með myndun nýs flokks, og Júlíus og Jón Stefánsson vildu þá styðja þig, þá álít jeg að þú *(sért?)* viss, en að öðrum kosti tel jeg kosninguna ákaflega hæpna. Ef það er eitthvað í þessu brjefi, sem þjer þykir vera athugavert, þá þætti mjer mjög vænt um að þú skrifaðir mjer það. Jeg er svo eigi að skrifa þjer frekar um þessa pólitík.

Jeg þakka þjer hjartanlega heillaóskirnar um bankastjórastöðuna.

Þú minntist á í brjefi þínu í vetur, að Framfaramenn vildu styðja Hannes. Það er nú komin greinileg yfirlýsing frá Einari Hjörleifssyni í þessu efni, en enginn úr hinum flokknum hefur tekið undir nema Klemens. --

Páll E. Briem skrifar Finni Jónssyni. Akureyri. 10.3.1904.

-- Jeg hef skrifað þjer með Vestu en vil að eins bæta við, að jeg hef síðan grennslast eptir, hvernig sakir standa með kosningahorfur. Guðm. Finnbogason hefur ekki fylgi. Stefán í Fagraskógi mun víst bjóða sig, eptir því sem hann sagði mjer í fyrra dag, en horfur fyrir honum eru eigi sem bestar. Aptur á móti er farið að tala um þig og taka bændur vel undir að kjósa þig. Mjer virðist þú standa best að vígi. Jeg talaði í gær við Magnús á Grund og virtist mjer hann ekki vera mikið á móti þjer og að minnsta kosti held jeg fráleitt að hann agíteri

---

[1] *Tammany Hall, stjórnmálaklíka, sem var meira og minna við völd í New York, nærri tvær aldir. Sögu hennar lauk þegar Fiorello La Guardia var borgarstjóri 1934-1945. Það var hann sem tók á móti Sveinu Björnssyni forseta þegar hann heimsótti Bandaríkin eftir stofnun lýðveldis 1944.*

[2] *Júlíus Sigurðsson (1859-1936). Útibússtjóri Landsbankans á Akureyri.*

[3] *Líkl.: Guðmundur Guðmundss. (1855-1947) á Þúfnavöllum í Hörgárdal, faðir Barða Guðmundss. þingmanns og þjóðskjalavarðar.*

gegn þjer. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 18.3.1904.

Ræðir breytingu á skólum, hvort hann fái starf við nýjan skóla. Skortur á háskólagráðu getur riðið baggamun. Hannes þekkir mig. Ef einhver hefur fengið góða undirbúningsmenntun er það hann. Spyr hvort þær SB og kona Hannesar séu enn nánar, ef svo er gæti hún athugað stöðuna við hana.

Susie Briem til Halldórs E. Briem. Reykjavík March 21st 1904

Vonar að hann fái stöðu, kannski við Lærða sk. en þar er breyting á kennaraliði.

Ragnh. Hafstein spurði Hannes. Hann sagði honum að sækja, hann myndi gera það hann gæti.

Segir lagaskóla verða stofnaðan og þar væri tækifæri fyrir Páll bróður H.E.B. Segðist hann ánægður með það ásamt starfinu v. bankann.

Séra Valdimar Briem skrifar séra Davíð Guðmundssyni. Stóra-Núpi. 23.3.1904.

-- Enn er nýdáinn 36 ára, séra Ólafur Helgason. Hann var besti maður en orðinn bilaður maður. --

-- En hvað á að gera við Pál? Er það ekki ergilegt að kannski mesti maðurinn á landinu skuli ekki vera brúkaður til neins. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 11.4.1904.

Vinnur að nýrri og breyttri útg. á flatarmálsfræðinni. Fjalla þau um mögul. á að hann flytjist suður og fái starf við Lærða skólann.

-- Álfheiður fæddi dóttur 1. apríl.[1] Ég var hjá þeim til kl. 2 og var þá Álfh. á ferli en kl. 3 var dóttir fædd. Hún er í rúminu en líður mjög vel.--

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Akureyri. 12.4.1904.

Ræðir Ingibjörgu[2] (dóttur Torfa), lát hennar og missi Norðlendinga þess vegna. Enginn getur tekið við af henni.

Þakkar bréf um verklega fræðslu og kveður sig langa til að birta kafla um hana á prenti. Gerir athugas. við grein Torfa í Ísafold, segir að verkleg kennsla sé bág nema hjá honum, en þó sagðist hann ekki treysta lærisveinum Torfa alveg. Ræðir menn sem tilraunastjóra (?). Hefur fengið (eða sækist eftir) Stefán Marsson frá Ameríku, Magnús á Sveinsstöðum og Magnús frá Vesturhópshólum sem verið hafa í Noregi, Jón Jónatansson og danskan mann í Rvík.

Þá ræðir hann orð Torfa um pólitík. Segir slæmskuna stafa af menntunar og þroskaleysi almenning en búskaparvandræðin vegna þess að ísl. hafa dregist aftur úr. Mjólkurbúin fyrir sunnan hafi jafnvel rétt búnaðinn við. Í fjársveitum gæti betri verkun kjöts rétt búnaðinn við. Bætir við að sér þyki aumt að fleygja peningum í sjóinn með Hermanni (á þar væntanlega við Hermann Jónasson á Hólum).

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 12.4.1904.

Segir af veikindum sínum. Þau hafa ekki megrað hana, heldur þvert á móti. Lét taka mynd af sér og Sidda.

Sigurður og Eggert, mágar hennar, komu, hvöttu hana til að taka að sér skráningu vörumerkja skv. lögum frá síðasta ári. Hún fengi meðmæli Búnaðarfél., fór hún til séra Þórhallar (form. fél.) og lofaði hann þeim á morgun. Ég ætla að reyna. Svarið verður ekki verra en nei. Sendir H.E.B. samþ. bæjarins um lóðir bæjarins. Það kemur ekki vel út fyrir þau, ef þau geta ekki selt tapa þau. Heyrir að Elín ætli að selja hús sitt, hafi boðið Eggert bróður sínum það, og þá verið búin að gleyma að hún hefði lofað þeim H.E.B. og S.B. að ganga fyrir. Biður hann ræða þetta við Elínu á suðurleið, telur Eggert ekki vilji gefa mikið fyrir húsið. S.B. er spennt og ákveðin í að ná í húsnæði. Biður hann ekki nefna þetta við Pál bróður sinn.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 27.4.1904.

Þau hj. velta fyrir sér að kaupa af Elínu. Ræður frá að þau flytjist norður, því Akureyri sé þreytandi bær, ósætti og flokkadrættir, ásamt bakmælgi og falsi þótt ekkert sé lengur um að deila. Þetta kemur ekki við mig einan hér. Stefnt að því að skólahúsið rísi fyrir 1. okt.

---

[1] *Það var Kristín Þórdís Briem (1904-1998), síðast bókavörður.*

[2] *Ingibjörg Torfadóttir (1865-1904), kennari við kvennaskólann á Laugalandsi og skólastjóri Kvennaskólans á Akureyri er hann var fluttur þangað. Dóttir Guðlaugar Zakariasdóttur og Torfa Bjarnasonar, vinar Páls.*

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 5.5.1904.

Útlit fyrir fólkið er ekki gott og heyskortur ef veðrið batnar ekki fljótt. Ekki gott með síld og þorsk meðan sjávarhiti er rúm ein gráða.

Páll Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 29.5.1904.

-- Tengdamóðir mín segir þér allar heimilisfréttirnar.

-- Stefán kennari kom hér í gær og var hann farinn að gera sér einhverjar vonir, af því að Klemens hafði beinlínis talað um það við hann hvort hann vildi ekki verða rektor. Hann sagði mér að sér væri skrifað, að þú, og hann, væru helst tilnefndir. Stefán hefur ýmsa góða kosti, en það sem mælir eindregið á móti honum er vöntun á trúarskoðun og lífsskoðun, sem stendur í sambandi við það. Auðvitað ætti þetta að mæla með honum í augum Hannesar, Klemensar og Finns, o.s.frv., en *„mærkelig nok“* virðist það ekki vera svo. Það sýnir, þegar öllu er á botninn hvolft, að þeim virðist vantrúarlífsskoðun eigi vera einhlít.

Annars virðist það vera nauðsynlegt að afgera það sem fyrst, hver á að vera rektor, til þess að hann geti undirbúið sig.

Ég fékk verstu veður á leiðinni norður og kom hingað þrem dögum seinna en ég bjóst við og hef haft afarmikið að gera síðan ég kom og sé ekki út úr því enn. Amtsráðið byrjar 3. júní og hefur margt og mikið fyrir stafni.

Yngsta dóttirin, Kristín Þórdís dafnar vel.

Nú er móðir þín að fara og söknum við hennar mjög mikið. Ég á henni, næst guði, mest að þakka hvernig heilsa konu minnar er orðin síðan hún kom. --

Páll E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Akureyri. 19.6.1904.

-- Hjer hefur verið einhver sú besta tíð sem menn muna, þangað til fyrir 3 dögum að hitinn fór niður í 3-5 stig með norðanveðri. Nú er aptur komið logn eða rjettar sagt andvari á sunnan. Hjer hefur verið vesta kvef. Konan mín varð talsvert veik og börnin lagst hvert af öðru. Nú liggur Kristinn og Eggert er við rúmið.

Annars er hjer allt með spekt. Möðruvallaskólinn er að fá undirstöðuna. Kjallaraveggirnir eru orðnr c 1-1½ á hæð og kemur nú grjótið, sem flutt var í vetur, okkur í góðar þarfir.

Amtráðsfundur er afstaðinn og hef jeg haft mjög mikið að gjöra síðan jeg kom að sunnan. Tilraunastöðin er nálega öll komin í rækt og hefur tekið stórbreytingum. Brekkugata er búin og Oddeyrargata er komin upp á Brekkurnar. En allt af vantar fiskinn. Nú heyrist þó að farið sje *(að)* aflast utarlega í firðinum. --

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 25.6.1904.

-- ekkert heyri ég um rektoratið og bíð ég þó með óþreyju að fá að heyra eitthvað um það. Vinir (Björns M.) Olsens eru mjög reiðir yfir fráför hans, en vita eigi hverjum þeir eigi að kenna um hana.

Ég get annars, svo að kalla, eigi hugsað um neitt. Ég er búinn að hlaða á mig svo afar mörgum stöfum, að ég ætla að ærast af mönnum, sem eru að finna mig allan liðlangan daginn. Ég hugsa til þess með kvíða, hvað verða muni í Reykjavík. Auðvitað fer þetta smám saman að flysjast utan af mér. Ég er að komast úr bókasafnsnefnd. Í gær fór ég úr stjórn Jarðræktarfélags Akureyrarkaupstaðar, í næstu viku fer ég úr stjórn Ræktunarfélags Norðurlands, en bankinn vegur meira en upp á móti þessu öllu saman: Menn eru einlægt að finna mig til að tala um lán, enda er ég formaður Sparisjóðs Norðuramtsins. --

Segir frá veikindum barnanna og byrjun túnasláttar hjá sér.

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Sauðárkróki. 2.7.1904.

-- mikið sorglegt að heyra lát Tómasar bróður þíns. Kona mín tók sér það mjög nærri. --

--Stefán kennari sækir nú með Skálholti um rektorsembættið.--

-- Ég er hér á Ræktunarfélagsfundi. Hingað er kominn séra Þórhallur *(biskup)* með tvo ráðunauta. Hér á líka að vera prestafundur, sýning o.fl. og er því nóg að gera. Ég hef engan tíma. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. St. á Sauðárkróki. 5.7.1904.

--Jeg hef hugað opt til þín þessa daga. Jeg óska og vona að þjer og börnunum líði vel.

Því miður get jeg eigi farið aptur með Vestu, heldur þarf jeg að fara með sjera Þórhalli og fer jeg líklega með honum inn í Skagafjörðinn á fundi, sem búið er að boða til þar og svo norður Öxnadalsheiði, en sjera Þórhallur fer út að Hólum og um Svarfaðardalinn.

Jeg hef haft ákaflega mikið að gjöra en nú er fundur Ræktunarfjelagsins búinn og gekk heldur vel.

Það var í gærkveldi (klukkan er nú að ganga 8 að morgni) haldin skilnaðarsamkoma kl. 9¼ til kl. 12 og var þar haldið mikið af ræðum og minntust margir mín með mikilli velvild, en sjera Þórhallur[1] var fornermaður sögðu sumir, sem má auðvitað ekki segjast að minnsta kosti vildi hann ekki bíða eptir ræðu sem sjera Hálfdán *(Guðjónsson)* frændi þinn hjelt fyrir honum. Hálfdán er hjer á prestafundinum, en jeg skoða hann sem ókunnugan mjer og hann auðvitað er þá alveg eins. Það er ekki svo að skilja að við eigi heilsumst o.s.frv. en jeg kæri mig eigi um að vera neitt intim við hann. Sjera Þorvaldur[2] á Melstað, sem er mjög á móti mjer annars, hefur hvað eptir annað verið að slá mjer gullhamra!

Aðalsteinn Halldórsson[3] var kosinn í minn stað í stjórn Ræktunarfjelagsins.

Í gær var haldinn hjer samsöngur fyrir sjera Emil.[4] Frú Sigríður og sjera Geir sungu. Jeg held að inn hafi komið á 2. hundrað krónur. Þetta var fallega gjört við aumingja sjera Emil.

Hjer var líka haldin sýning á kúm og hestum, sem mjer þótti ekki mikið varið í. Þar var mikill fjöldi manns og þar heilsuðu mjer ýmsir menn, sem jeg þekkti ekki, en töluðu við mig eins og gamlan kunningja. Það er einhvern veginn svo sneypulegt að fara að spyrja þá að heiti, og af því að þeir voru svo margir, þá sleppti jeg því.

Viðtökurnar hjá Stefáni mági mínum og *(Elínu)* systur minni eru framúrskarandi elskulegar og góðar. Jeg hef haft morgunverð hjá Claessen. Jeg er hjer einn af 8 næturgestum hjá systur minni. Jeg bæti kveðjum við áður en jeg fer af stað.

Kl. er orðin 2½. Eptir hálfan klukkutíma förum við Ólafur bróðir minn af stað. -- Viltu gjöra svo vel að biðja Hallgrím, sem jeg bið kærlega að heilsa, að panta pláss fyrir þig og börnin og Gunnu með næstu ferð. --

Páll E. Briem skrifar Jóni Helgasyni. Akureyri. 24.7.1904.

-- Hér hefur Finnur Jónsson verið að ríða um, að halda fundi. Hann er í dag að halda fund í Saurbæ og á morgun heldur hann fund í Svarfaðardalnum. Mikið finnst mér Finnur vera breyttur. Nú er allt gott sem Hannes Hafstein vill, enda er hann víst trúnaðarmaður hans að einhverju leyti.

Finnur sagði mér að þú hefðir skrifað sér, að Geir hefði rægt sig við Hannes Hafstein og að það mundi vera satt. Þá sagði ég, að menn gætu eigi tekið tillit til slíks rígs, en honum þótti hitt eðlilegt, altsvo Hannes því eftir, þér fráhverfur.

Svo fór Finnur að tala um að það kynni líklegast að vera rétt, að Steingrímur Thorsteinsson yrði rektor. Kennararnir yrðu illir, ef maður yrði tekinn annars staðar frá, því að þá væri útilokað *advancement*.[5] Þetta mundi friða landvarnarmenn, sem væru óttalega stækir. Steingrímur yrði ekki lengi við og við það fengist tími til að athuga skólamálin rækilega.[6]

Ég áleit að Finnur væri þar að túlka mér ástæður Hannesar Hafsteins og það þykir mér hann vera nokkuð fljótur að láta H.H. sannfæra sig. Það er einkennilegt að hugsa sér, hvernig Steingrímur, að honum ólöstuðum, á að geta komið hinni nýju skólareglugerð í framkvæmd. --

Séra Þórhallur sagði mér, að hann vissi að Klemens væri með Stefáni, en hvort það er að marka, það veit ég eigi.

Ég tel ykkur heppna að hafa losast við KFUM lóðina og óska þér til lukku með að hafa lokið við bók þína.

Vænt þótti mér um að ég var eigi í kjöri sem Bókmenntafélagsforseti, því að þá stöðu hefði ég eigi viljað nema til þess að *reformera* félagið, en slíkt verk hefði verið illt, óþakklátt og ofvaxið mér. Annars finnst mér hæpið að menn geti haldið sér í sessi ef félagið eigi færist neitt verulegt í fang sem getur laðað menn að félaginu.

Ég er svo kvefaður og andasljór að það er meira en að mæla. Nú á ég að fara út í Heklu eftir einn klukkutíma til þess að hlusta á hljóðfæraslátt, sem ég hlakka ekkert til, auðvitað vegna kvefsins.

Hannes Hafstein hefur komið tvisvar til mín, en hitti mig í hvorugt skipti heima, samt hitti ég hann á leiðinni héðan og kvaddi hann. Hann óskaði mér góðrar líðanar o.s.frv. Kona mín tók ekki undir við ráðherann, en þetta bið ég þig fyrir. --

---

[1] *Þórhallur Bjarnarson forstöðumaður Prestaskólans, síðar biskup. Hann var líka alþingismaður o.m.fl.*

[2] *Þorvaldur Bjarnarson (1840-1906) prestur á Melstað í Miðfirði.*

[3] *Aðalsteinn Halldórsson (1869-1941) trésmiður, síðar bóndi í Reykhúsum í Hrafnagilshreppi.*

[4] *Séra Emil Guðmundsson (1865-1907) á Kvíabekk í Ólafsfirði. Hann fékk lausn frá embætti vegna vanheilsu*

[5] *Stöðuhækkun.*

[6] *Steingrímur Thorsteinsson fékk rektorsembættið og gegndi því í níu ár.*

Við erum farin að pakka niður, Á laugardaginn á að verða uppboð hjá okkur. Ég kvíði afar mikið fyrir flutningnum og allri þessari breytingu meðan á henni stendur. Ég fer sama daginn og kona mín fer héðan á amtsráðsfund eystra landveg, en kem aftur með Ceres frá Seyðisfirði hingað. --

Biður hann um aðstoð við að flytja búslóðina í land.

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Akureyri 5.8.1904

-- Kl. er orðin 3 og jeg er að leggja af stað. Stefanía keypti kjöt og eldaði góða kjötsúpu. Hallgrímur flytur hingað í dag. Jeg hef beðið hann að láta reyta arfann úr garðinum. Viltu muna eptir að assúrera meublurnar[1] og bækur m.m. hjá Helga mági mínum fyrir 4000 kr. Jeg hugsa mikið um þig og börnin og lofa guð fyrir veðrið, sem er inndælt. --

Álfheiður Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík .11.8.1904.

-- Þá er jeg, guði sje lof, hingað komin með allan dýrmæta hópinn okkar, og má jeg sannarlega vera guði og góðum mönnum þakklát fyrir hvað það gekk þolanlega þó líðanin á sjónum væri ekki sem best, og hjálpin hjá Kristni og Gunnu ekki sem kröptugust. Börnin voru slæm fyrstu tvo dagana og Helgi hálfslæmur alla leiðina, en litla Kristín Þórdís var ekki mikið lasin nema eina dagstund.

Elín systir þín kom um borð um morguninn á Sauðárkrók, og þótti mjer vænt um að sjá hvað glöð og frískleg hún var, líka kom Alla frænka mín og Claessen snöggvast.

Þegar hingað kom í gærmorgun kl. 11 var Jón með fjóra menn á bát út við Vestu áður en hún lagðist, og blessuð mamma mín og Guðrúnar tvær, mágkonur mínar voru á bryggjunni að fagna okkur. Börnin eru heldur kát að vera hjer og Eggert bað mig að segja þjer, að hann vildi helst fara í stýrimannaskóla, fyrst hann væri hjer í bænum! Blessað fólkið sem með mjer var á skipinu vildi allt fyrir mig gjöra og allir kepptust við að vera góðir við börnin, og það er nú einsog þú getur skilið, elskan mín, það sem móðurinni kemur. Fargjald fyrir okkur öll var 104,50 aur. Helgi fór frítt og Gunna sem hún væri á öðru plássi, og veit jeg að þú hugsar strax að jeg hafi staðið þar uppá gátt, og talað fyrir því, en það var nú ekki, stýrimaðurinn sagði strax: *Pigen sætter vi paa 2den Kahyt.* Svo borgaði jeg fyrir kostinn kr. 91,75 aura, og þótti mjer það líka meiri ívilnun en mjer kom til hugar, 4 kr. fyrir okkur 3 en 1 kr. á dag fyrir hvert barn, og þótti mjer það framúrskarandi sanngjarnt, á þeirri tilslökun tæptaði jeg heldur ekki, svo mjer finnst við hafa sloppið furðu vel. Jeg er búin að koma öllu mínu dóti sem hingað átti að koma heim, en Sigurður bróðir þinn ætlar að geyma fyrir mig, það sem jeg ekki þarf.

Jeg er búin að skoða *meublur* hjer á 3 stöðum, og er það allt eikartré og voðalega dýrt svo mig langar ógn til þú vildir biðja Valtýr að velja okkur í borðstofu. Hjer er hjá Thomsen kynstur af meublum. Buffet á 1,50 kr. og allt eptir því, Jón var að tala um að biðja hann panta fyrir okkur en jeg er hrædd um að það sje skynsamlegra að panta það sjálfur. Hjer er líka nóg af "*divan*" borðum að fá, en ekki hef jeg sjeð neitt með laginu sem jeg er að óska eptir, en samt skalt þú alveg ráða hvort þú lætur kaupa það ytra eða jeg kaupi það hjer, leður sæti á borðstofustólum er náttúrlega inndælt, og líklega heldur praktískt, en sjálfsagt er það dýrt, og þú skalt ekkert halda því fram. Buffet með spegli er úr móð; en í staðinn er skápur yfir miðju, og er það þægilegt, hjer fást inndælir eikarskápar í borðstofur, bæði innlendir fyrir 75 kr. og sænskir 90 kr. en engir fást rauðir, og hef jeg nú heldur ekki spekulerað í svoleiðis íláti, þó þeir sjeu metfje hið mesta. (Þú stingur hjá þjer!)

Jón er svo gott sem búinn að festa hús til leigu handa okkur, jeg fór og skoðaði það allt í dag, það er að mínu áliti ágætis húsnæði 4 herbergi öll samliggjandi á sólsíðu, 1 herbergi niðri og 2 upp á efra (eða rjettara efsta) lopti, leigan 600 kr. Thomsen á húsið, Einar Benediktsson býr þar, en er borinn út eða svo gott 1 oct. og þá fáum við það, jeg hef hugsað mjer að þú gætir haft kontór niðri, svo uppi daglega stofu, borðstofu, svefnherbergi og barnastofu, á efsta lopti stúlkuherbergi og fyrir Kristin ef viðunandi væri, jeg sá ekki þau herbergi, þetta er líka þægilegt að því leyti, að það er rjett við bankann þinn. Gamla hús Jóns kaupmanns, hve vera hálf kalt, en ef nóg eru kol, þá finnst mjer það ekki svo hræðilegt, og yfirhöfuð víst ekki kostur á betra. -- -- Jón biður kærlega að heilsa þjer, og segist vera búinn að grafa allar rektorsvonir, og gjörir það með rólegu geði, því sjálfsagt sje það ekki fyrir sig, þó búið sje að reka Bjarna Jónsson alveg frá, en Finnur lætur svo við Jón, sem ekkert sje afgjört og markar Jón það harla lítið.

Þau prófessorinn og hans fólk kom allt í Stykkishólmi um borð, og urðu samferða til Rvíkur. Kristinn hefur fengið draghaltan hest til að ríða suðreptir á, en af því dýralæknirinn segir, að það sje bara af slæmri járningu, finnst mjer Kristinn ættti að hinkra við nokkra daga hjer, úr því hann á að vera svo lengi suðurfrá, heldur en að fara að leigja hest fyir 2 kr. á dag, og geta svo ekki komið honum inneptir aptur fyr en eptir langa mæðu. Mamma telur ekki eptir honum matinn og Sigurður lofaði honum að sofa í nótt, af því að jeg fjekk ekkert upp

[1] *Tryggja húsgögnin.*

úr skipinu í gær og vantaði mömmu því rúmföt, nú er jeg búin að fá allt og fer svo að halda hús sjálf úr þessu. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Akureyri. 16.8.1904.

-- Mikið þótti mjer vænt um brjefið frá þjer og þakka jeg þjer innilega fyrir það. Jeg var dálítð áhyggjufullur um, hvernig þjer myndi ganga, en nú er jeg svona nokkurn veginn rólegur um framtíðina. Mjer þykir vænt um að þú ert búin að fá húsnæði á mjög góðum stað með vænum stofum o.s.frv. en gott væri að láta þvo það sem best, áður en þú flytur inn, fyrst Einar Benediktsson hefur búið þar. Jeg skil ekki, hvernig stendur á því að á að bera hann út 1. okt. eða svo gott. Er hann alveg á hausnum eða er þetta af missætti?

Mjer finnst við hafa komist furðanlega af með ferðakostnaðinn.

fragt	kr. 30.00
fargjald 104.50 + 91.75 kostur	- 192.25
fyrir mig 104.50 + 91.75 kostur	- 56.00
fragt ca 30.00	- 30.00
Drykkjupeningar flutningur í land o.fl.	- 21.75
ca..	- 330.00

Jeg hafði gert ráð fyrir 500 kr., svo verða auðvitað nokkur útgjöld við að panta meublurnar í borðstofuna. Jeg legg hjer innan í launakvittun fyrir ágúst, sem þú getur fengið borgaða út hjá landfógeta. Síðan getur þú sent af því það sem þjer sýnist til Valtýs samkvæmt innlögðu brjefi; og svo verður þú að segja honum sem nákvæmast hvernig meublurnar eiga að vera.

Jeg er búinn að slá því föstu að leigja Guðlaugi um 1 ár hús með lóð fyrir 670 kr., en vil síður að það berist út. Konan ætlaði um daginn að fara eigi, en eptir síðasta brjefi lítur út fyrir að hún ætli að koma.

Mikið þótti mjer eyðilegt að koma heim í gær. Það er eina bótin að jeg hef svo mikið að gjöra að jeg hef eigi tíma til að láta mjer leiðast. - Hallgrímur sefur í horninu. Jeg svaf illa, því að mjer fannst jeg eiga ekki heima, brjefið verður því líklega mjög bágborið bæði vegna svefnþreytu og stöðugs gestagangs.

Jeg fór kl. 4 sama daginn, sem þú fórst, en varð svo að bíða 1½ klukkutíma hinu megin við fjörðinn eptir fylgdarmanninum. Hann tafðist við ána með hestana. Á þriðja degi kom jeg að Hofi. Denna litla var ógn góð við mig. Helgi bærilegur, en vildi þó ekki láta mig vera nærgöngulan. Þórhildur litla vildi ekkert með mig hafa enda hafði jeg ekkert að gefa henni. Jeg kom 9. á Seyðisfjörð og var hjá sýslumanni og konu hans. Amtsráðið var búið 12. ágúst og endaði á þakklætisyfirlýsingu til mín.

Í Gjallarhorni kvað vera mestu skammir um mig, sem jeg held jeg nenni eigi að lesa.

Stefanía bað kærlega að heilsa. Jeg sje að hjer eru 4 hænur eptir og nú er verið að slá túnið í síðara sinn. Það er heldur vel sprottið. Schiöths hjónin hafa mig í kosti og eru mjög alúðleg. Jeg þori eigi að halda lengur áfram, svo að jeg brenni ekki inni með það, sem jeg þarf nauðsynlega að afgreiða.

Allir sem jeg heyri minnast á rektorsembættið, stórfurða sig á ráðherra, Heilsaðu Jóni og hans fólki kærlega, sömuleiðis móður þinni og Siggu litlu og kysstu börnin. Þakkaðu Hildu fyrir brjefið. Jeg ætla að skrifa henni með Hólum, af því að jeg hef engan tíma nú. Vertu blessuð og sæl elskan mín. Guð blessi þig og börnin og gefi þjer góða heilsu.

Þakkaðu Jóni hjálpina við þig - frá mjer. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Akureyri. 21.8.1904.

--Jeg þakka þjer innilega fyrir brjefið frá 13. ágúst. Það er mikið sorglegt að þú skulir vera svona slæm af hjartslættinum. Mjer finnst að við ættum alvarlega að hugsa um að ljetta af þjer börnunum á nóttunni og fá okkur stúlku til að gæta barnanna. Talaðu um þetta við móður þína. Jeg er viss um að þetta gengur bærilega hvað börnin snertir og hvað þig snertir er það öldungis nauðsynlegt. Mikið þykir mjer vænt að heyra um húsnæðið og þó að það kunni að vera kalt, þá er ekki víst að við getum eigi bætt úr því með að dytta að því.

Þegar pósturinn kom í gær, var engin lína frá þjer, og svo leið 1-2 klukkutímar þangað til brjefið kom frá sjera Geir. Jeg er eigi enn búinn að fá teppið og melónurnar, en fæ þetta vonandi í dag eða á morgun.

Mikið þykir mjer leiðinlegt um Finn minn, hvað hann límir sig fast við Hannes. Jeg hef sannar sögur af því að Hannes stendur á bak við Árna á Höfðahólum og að skammargreinar hans um mig o.fl. í Gjallarhorni í sumar, voru að eins skrifaðar til að fá meiri peninga hjá Hannesi og Tryggva o.fl. - Eptir að Hannes fór, hefur Gjallarhorn rutt sig verulega með löngum skammargreinum eingöngu um mig, svo að það má segja að Hannes búi í smjaðurkoti í landinu "*undirferli*"? Jeg heyri sagt að stjórnin ætli eigi að hafa nenningu í sjer til að koma á reglugjörðinni fyrir lærðaskólann í haust og er það ljóti grikkurinn að því er snertir Kristinn. Manni dettur ósjálfrátt í hug að spyrja um hvert erindi Hannes eigi upp í ráðherrasætið. -

Um mig er hreint ekkert að segja. Jeg kann hálfilla við mig og sef miður vel á næturnar, en þó að jeg sje einn er nóg af gestagangi. Jóhannes (Jóhannesson) sýslumaður hefur verið hjer sem Gránufélagsfulltrúi. Jeg gaf honum að borða á hótellinu og nokkrum öðrum í fyrrakveld, en við vorum þar að eins frá 7-10. Þar var ekki "*hyggeligt*". Engin þægindi, svo að jeg reyni slíkt víst eigi aptur.

Hjer er nýlega afstaðinn Gránufélagsfundur og má Júlíusi Sigurðssyni og sjera Geir bregða í brún, því að þeim var báðum steypt úr endurskoðun. Júlíus ætlaði að koma Friðbirni frá og var víst mikið farinn að hugsa um að setjast í sæti Kristins Havsteens. Í vor ljet hann velja sjera Geir og Bjarna smið sem fulltrúa og mikið stóð til, en svo fór þetta svona herfilega. Sjera Geir hefur auðvitað álitið Júlíus þá styrku stoð, en reynir nú að hjáguðirnir eru eigi traustir. --

Það er búið að slá túnið og verða líklega af því 24 hestar, en þurkurinn er enginn, stöðug norðanátt logn og þokur og 5-7 stig úti, en 10 stig inni. Vesta laskaðist eitthvað á Steingrímsfirði. Eptir sjókortinu átti að vera 30 faðma dýpi á firðinum, en þar tók hún niðri á skeri 3var sinnum. Það verður eigi hægt að rannsaka hana fyrri en á Fáskrúðsfirði. Þar er kafari.

Jeg er nú að lesa bók Jóns bróður þíns og þykir mjer hún næsta fróðleg.[1] Heilsaðu honum og hans fólki innilega frá mjer og svo móður þinni. Kysstu börnin frá mjer. Jeg óska af hjarta að þú farir að friskast og guð gæti þín og ykkar allra. Jeg vef þig að mjer í huganum og sendi þjer marga kossa. Vertu sæl --

Heilsaðu Sigurði bróður mínum ef þú sjerð hann; jeg fæ eigi tíma til að skrifa honum.--

Álfheiður Briem skrifar Páli E. Briem. Rvík. 27.8.1904.

-- Fyrst af öllu, hjartans þakkir fyrir inndæla brjefið þitt með Ceres og annað með Skálholti, guði sje lof, að þú varst heim kominn heill og hress. Jeg er nú búin að afgreiða Ceres og skrifa dr. Valtý um *meublurnar*, svo jeg vona það geti ekki orðið úr því neinn misskilningur. Thomsen vildi nú gjarnan fá að panta þær og sendi þjer katalog og allt eptir þessu, en bæði hugsaði jeg það yrði of dýrt, það sem hann keypti, og svo varst þú búinn að skrifa um þetta, svo jeg hjelt áfram --. Jeg bað um "*rödpolert Bögetræ*" úr því eru Thomsensmeublurnar en ekki heilu mahogni.

Jeg áleit ekki til neins að nefna minna verð en:

Buffet	100 kr.
Borð	50-60 kr.
Stóla	stk. 8 kr.
Divanborð	40 kr.

Það segja mjer allir að solidar[2] meublur fáist ekki billegri. Maður sjer nú til hvað honumt tekst að kaupa. Jeg sendi honum 300 kr. og bað hann svo að leggja út fyrir fragt, því jeg gat ekki gjört mjer neina hugmynd um hvað hún yrði mikil. Einnig bað jeg hann að senda þetta við fyrsta tækifæri.

Börnin okkar eru, guði sje lof, vel frísk, jeg sjálf líkt og vant er, tek alltaf meðal inn á hverjum degi og finnst heldur það bæti hjartsláttinn, en það er nú ekki að marka enn, þó jeg sje lin, því jeg hef talsvert marga snúninga í kringum börnin. Gunna litla hefur verið hálf lasin, og lá í gær svo jeg var þá ein með allt dótið og Mrs. Leith kom í miðjum klíðum til að heilsa uppá mig og fá að sjá krakkana.

Annars veit jeg engar frjettir. Hannes er búinn að ganga frá Latínuskólanum eins og þú munt sjá í blöðunum, flestir eru rasandi, en fáir ánægðir. Jón veit ekkert hvort hann á að sækja um skólann fyrir Kristinn okkar, jeg hjelt þú hefðir talað við Kristinn hvað gjöra skyldi, en hann fór svo suður að hann minntist ekkert á það, og jeg sannast að segja hef ekkert vit á úr að ráða. Ætli það dugi ekki að bíða eptir því hvað þú segir næst þegar þú skrifar. Kristinn hefur ekki skrifað eitt orð síðan hann fór, svo jeg veit ekkert hvernig honum líður. Jeg bað hann þó um það en hann hefur sjálfsagt gleymt því.

Veslings Sigríður mágkona mín[3] hefur verið með litla Tómas[4] veikan margar vikur, svo kemur Reykjavíkin við í Vík, og hún drífur sig á stað með hann til að sýna hann læknum hjer, því enginn er læknir þar nálægt, en þessa daga sem hún var á skipinu var hún svo sjóveik að hún treysti sjer ekki lengra en á Stokkseyri, kemst þar í land með blessaðan litla drenginn, og þegar hún er búin að vera þar 2 tíma, deyr hann í höndunum á henni og Rögnu frænku. Uppá vissan máta má maður lofa guð fyrir hans lausn, en fátæka umkomulausa móðirin finnur eins til þess að missa börnin sín, einsog hin sem allsnægtir hefur. Jón (Helgason) hefur verið að garfa í að hún fengi eptirlaun, því Eggert bróðir þinn áleit að þann rjett sem hún í fyrstu hefði fengið gæti hún ekki misst, en jeg held það væri rjett eptir Hannesi að leggja á móti því. Hann siglir nú með Ceres í kvöld, og

[1] *Þetta ár kom út bók Jóns Helgasonar: Uppruni nýja testamentisins.*

[2] *Traustar.*

[3] *Sigríður Thejl, kona Tómasar Helgasonar.*

[4] *Tómas Ólafur Tómasson (1904-1904).*

segir Hannes Þjóðólfs að hann skreppi út til að sækja okkur *telegrap* og eptir þessu sje öll hans umhyggja fyrir okkur.

Þú segir í brjefinu þínu að það sjeu eptir 4 hænur, það eru víst þær sem frú Sólveig bað mig um, en þær áttu ekki að vera nema þrjár og lofaði jeg þeim á 1,50 stk. Jóhanna Jónsdóttir á sjálfsagt eina þeirra, hún sótti alltaf svo í okkar hóp, ef þessi hænsni ekki verða sótt, held jeg næstum þú ættir að taka þau með þjer, hjer eru egg seld á 6-8 kr. stk., jeg vildi að mín, sem jeg fór með hefðu verið helmingi fleiri.

Frú Camilla frá Árbæ, er að fara snögga ferð vestur með Lauru, Magnús (maður hennar Torfason, sýslum.) ætlar að fara að byggja handa þeim, og vill hafa hana til skrafs og ráðagjörða, hún ætlar svo annaðhvort að sigla í haust, eða búa í Árbæ.

Einar Benediktsson sækir um Rangárvallasýslu, hann segist sjálfur hafa sagt upp húsnæðinu, en talar þó um það sje einasta brúklega húsnæðið í bænum og á sjer ekkert víst, svo ekki er gott að vita hvað satt er í því öllu. Marinó Havstein kom líka suður um daginn, að hann sjálfur sagði, til að sækja um Rangárvallasýslu, en Hannes hve hafa sagt honum að hann þori ekki að veita honum hana; hann hefur látið Manga dyravörð sinn og þjenara passa uppá M. í þessari ferð, en sumir segja að báðir hafi þeir Marinó og Mangi fengið sjer glas á kvöldin.

Sigurður bróðir þinn hefur verið lasinn í hálsinum en er nú betri hann sagði mjer að Guðlaugur *(sýslumaður?)* væri ennþá ekki farinn að borga Sigurði í Kaldaðarnesi fyrir það sem hann hefði fengið fyrir austan og mundi vera varlegra að fara ekki að eptirláta honum mikið af húsgögnum. Mig gilti einu þó jeg færi ekki að skilja gardínurnar eptir handa honum. Jeg vissi ekki hvort jeg ætti að fara að panta frá Leipzig ýmislegt sem okkur vantaði fyr en þú kæmir og sleppti því þessvegna.

Hjer hefur verið dynjandi rigning öðruhvoru í gær og dag, frú Guðrún[1] frá Odda kom í gær með Anní og Hadda,[2] og vildi Sigga systir fá Hildu og Eggert með henni aptur en mjer þykir það orðið nokkuð seint á hausti, þegar veður fer að versna og myrkrið að koma.

Ó, hvað jeg hlakka til þegar þú kemur, ástin mín, það verður inndællt ef guð gefur mjer líf og heilsu, það er nú ekki fullur mánuður þangað til þú ferð á stað, jeg má ekki hugsa um það, því einnig við það versnar hjartslátturinn. Nú er orðið framorðið, öll börnin sofnuð og jeg sjálf syfjuð, því er ráðlegast að hætta og biðja drottinn að vernda okkur öll og varðveita í nótt og æfinlega. Farðu varlega með þig ástin mín, og ofþreyttu þig ekki, því þá getur þú síður sofið. --

Börnin öll biðja að heilsa elsku pabba. Hilda hlakkar ósköp til að fá brjefið með Hólum, og sagði mjer í morgun að hún væri viss um að það yrði gott brjef. Þau eru 10 börnin í húsinu og má því opt rata á stafgólfið þar sem þau eru öll saman. --

Ef þú átt eina uniformsmynd viltu þá gefa Jóni hana. Hann á enga góða mynd en þykir þessi allrar best. --

Álfheiður Briem skrifar Páli E. Briem. Ágúst? 1904.

-- Gleymdu ekki þegar þú kemur elskan mín, að taka stóru garðkönnuna okkar með, jeg hef ekkert til að sprauta yfir með blómin mín, nema gamlan ketil. Hann Guðlaugur líklega metur það ekki mikils, þó sje verið að skilja eptir búshlutina, hjer fær maður ekkert nema fyrir talsvert verð. Jeg keypti mjer regnkápu, því jeg komst ekki af án hennar, hún kostaði 14 kr. og var sú ljótasta sem jeg sá, næst hennar María mágkonu.

Jeg hef ekki beðið Sigurð um neina peninga, því jeg tók til mín, það sem eptir var af laununum þínum (200 kr.) svo borgaði jeg Helga mági 28 kr. í assurancen, og sjálfsagt verð jeg langt komin með það sem jeg hef, þegar þú kemur. Nú er bara einn mánuður þangað til, elskan mín, og jeg tel dagana sem eptir eru, það verður inndælt að vera saman eptir aðskilnaðinn langa. Börnin öll biðja mig senda hjartans pabba ástarkveðjur, líka mamma og hjónin niðri biðja ósköp vel að heilsa þjer.

Bræður þína Sigurð og Eggert hef jeg hitt í svip, en sjera Eiríkur er alveg hættur að þekkja mig, þó hann mæti mjer, þá lítur hann ofar. Það gjörir nú ekkert til heldur. -- Guð varðveiti þig og blessi, hjartað mitt elskað, svo fjarlæga, og gefi okkur að hittast heilum og hraustum 3. oct. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Akureyri. 28.8.1904

Elskulega hjartkæra kona mín! Jeg vona að þú hafir þolanlega heilsu og óska þess svo innilega. Lífið verður eins og þungbært fyrir þá sem allt af þjást. Jeg vona að þú farir dálítið vel með þig.

Mjer líður alveg eins og síðast. Jeg borða hjá Schiöth -- Þau eru ógn góð við mig bæði hjónin og maturinn er góður. Jeg hef haft mjög mikið að gjöra, síðan jeg kom að austan, en nú er jeg að sjá út úr því. Það sem er

[1] *Guðrún Þorsteinsdóttir ekkja séra Skúla Gíslasonar á Breiðabólstað. Móðir séra Skúla í Odda.*

[2] *Anní og Hálfdán, börn Jóns bróður hennar Helgasonar.*

lakast, er að jeg sef lítið, vakna kl. 4-5 og get eigi sofnað aptur. Þetta kemur af umhugsuninni um að fara hjeðan, skila öllu af mjer, taka að mjer nýtt starf og svo kosningahugsunum.

Júlíus, Stephensen, Oddur apótekerari, Sigtr. Jónsson, Magnús Blöndal o.fl. eru einlægt á þönum, sjerstaklega eru þeir hræddir við bankann og ljúga mestu kynstrum um hann, og svo eru þeir farnir að elta fólk á götunni til þess að fá það til að taka lán hjá sjer, þeir Stephensen og Júlíus.

Í gær hitti mig skómakari út á Torfunefsbót og spurði mig að því hvort það væri búið að breyta lánskjörunum við Landsbankann. Nei, sagði jeg. "*Jeg hjelt það" sagði maðurinn.* "*Jeg spyr um þetta af því að Stephensen elti mig út á götu til að segja:*"*Þjer takið lán hjá okkur, við höfum miklu betri kjör en áður að bjóða. Júlíus fór suður og getur nú gefið miklu betri kjör*". Svona gengur þetta með gamla laginu hjer.

Það var verið að hirða túnið í fyrradag og fjekk jeg nú af því eins mikið og áður. Taðan er alls 58 hestar liðugir, 200 pd.? hver. Hún hefur aldrei verið svona góð lautin. Heyið var með ágætisverkun. Það voru 3 karlmenn við hirðinguna, því að engin fjekkst stúlkan. Þær eru nótt og dag í síldarsöltun. Skipin koma daglega inn með mörg hundruð tunnur. Tulinius hefur verið mjög heppinn. Ef hann getur selt afla sinn bærilega, þá græðir hann 10-20 þús. kr., og svo halda menn að síldin sje að koma hingað inn. Sumir eru farnir að tala um að kaupa gufuskip og er nú að koma töluverður hugur í menn að græða.

Jeg hafði dálítil töðugjöld. Hallgrímur keypti vínarbrauð í bakaríinu og svo fengu hirðingarmennirnir glas af víni. Það var gaman að sjá, hvað þeir voru fljótir sumir að renna þeim niður.

Það er búið að klæða gagnfræðaskólann að mestu leyti á hliðunum. --

Ekki lítur sjera Geir hingað inn, og hef jeg ekki talað neitt við hann síðan hann kom að sunnan. Jeg er boðinn í kveld til Christensens og þar verður hann vafalaust með. Hann var ergilegur mikið yfir því að missa endurskoðun reikninganna með Júlíusi, og sagði við mann, að það skyldi eitt yfir þá báða ganga. Júlíus vill víst hafa kirkjuna undanskilda.

Hjer voru að koma ýmsir til að spyrja um, hvernig við ætluðum að lána í bankanum, af því að Júlíus og Stephensen segðu að kjörin í Íslandsbanka væru svo ill. Jeg svaraði þeim og fóru þeir glaðari í burtu en þeir komu. Einn þeirra afhenti mjer brjef frá Good-templurum um það, hvað jeg vildi styðja þá, ef jeg kæmist á þing. Þú sjerð af þessu að menn eru á hreyfingu, en auðvitað hefur þú lítið gaman af þessu.

Þú manst eptir stráknum sem var hjá Hjaltalín í fyrra sem eldabuska. Hann hefur verið hjer um tíma í kvennmannsfötum með einhverri konu úr Reykjavík, sem hefur hlaupið frá manni sínum. Valdimar þessi kallaði sig Aldísi og hin hjet Elín og þóttist vera systir hinnar. Þetta var svo alla daga úti hjá Guðríði hómopata, sem selur kaffi og þangað söfnuðust svo norskir sjómenn, þangað til dótinu var hótað með fangelsi, þá flýðu þessar þokka"*systur*" og fara líklega út á Siglufjörð; þar er nóg af sjómannaskríl.

Fyrirfarandi hefur verið þoka og hálfgerður kuldi, en nú eru komin hlýindi og sunnangola. Þú skalt ekki trúa, hversu trjen halda áfram að vaxa. Jeg fór áðan út og borðaði þó nokkur sólber. Ribsinn breiðir sig út um allt og ætlar hreint að kæfa hinar plönturnar. Nú eru farin að springa út blómin á geitblaðarunnanum. Jeg hef eigi sjeð þau útsprungin fyrri. - Arfinn í garðinum hefur verið gróflega mikill, svo að líklega verður garðurinn eigi góður í ár.

29. ág. Jeg var hjá Christensen í gærkveldi með Christen Havsteen, Schiöths hjónunum og sjera Geir. Við fórum heim kl. 11. Mikill er nú munurinn hjá því sem áður var, þegar við komum. Frú Norðmann átti dóttur á föstudagskveldið. Það gekk mikið vel og vel heilsast henni sagði frú Christensen. --

Jeg er í rúmi mínu að lesa hina nýju bók Jóns bróður þíns, sem mjer þykir mjög varið í. Heilsaðu honum innilega. Heilsaðu líka móður þinni og kysstu börnin frá mjer. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Akureyri. 4.9.1904.

-- Það hefur fátt á dagana drifið, síðan jeg skrifaði þjer síðast. Jeg hef verið frískur, en haft mjög mikið að gjöra. Síðustu 3 daga hef jeg verið í hinu nýstofnaða útibúi. Þar hefur verið ös, svo að Þorvaldur og Schiöth hafa haft nóg að gjöra allan daginn. Jeg hef verið meðal annars að ganga gegnum reikninga sparisjóðsins --

Hjer hefur verið mikið um agítatíonir. -- Gjallarhorn hefur verið með mestu skammir. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Akureyri. 8.9.1904.

-- Þjer hefur víst þótt hálfskrítið brjefið sem jeg skrifaði með Heklu. Jeg var að skrifa þjer þegar Grove kom. Hann sagðist eigi taka neinn póst, svo að jeg setti brjefið upp á hann. Jeg hálf-iðraðist eptir að skrifa eigi lengra og senda það svo út til hans.

Jeg þakka þjer hjartanlega fyrir elskulegt brjef frá 27. ágúst. Jeg vona að Valtý takist vel með meublukaupin. Hann var heldur sniðugur í kaupum og var ekkert einurðarlaus að prútta.

Það var ógn sorglegt með ferð Sigríðar mágkonu okkar að missa Tómas litla og tek jeg hjartanlega þátt í sorg hennar. Jeg vona að hún hafi eptirlaunin, þó að Hannes líklega láti hana ekki mikið njóta mín. Hann fjekk ávítur hjá Jóni Stefánssyni o.fl. hjer fyrir að veita mönnum úr mótflokkum embætti og þess vegna segja menn að hann hafi sótt í sig veðrið að láta ekki neinn úr mótflokkunum komast að skólanum, og sett Jóhannes Sigfússon[1] yfirkennara.

Það er allt af að færast nær kosningunum. Guðmundur Hannesson skrifaði í Norðurland síðast það sem hefur sett mesta ólgu í Júlíus og Magnús Blöndal. Þeir eru að skrifa eitthvað flugrit, sem á að vera mergjað. Jeg held að jeg sje búinn að skrifa nóg um pólitík.

En þó ætla jeg að bæta einu við. Eins og þú veist, hefur Oddur Thorarensen verið mesti agítator á móti mjer. Nú með Lauru frjetti hann að *tanta*[2] sín í Höfn væri látin og gæti verið töluverð spurning um arf eptir hana. Hann fór nú með Lauru til Hafnar, en áður en hann fór, kemur hann til mín til að leita ráða. Þá dugðu hvorki Júlíus eða Magnús Blöndal. -

Frú Sólveg kom í gærkveldi og hefur keypt hænurnar. Meðan jeg var í burtu, hefur einhver hirt eggin, en síðan jeg kom hafa þær verpt vel. Jeg drakk úr einu eggi á hverjum morgni, þangað til jeg las í brjefi þínu, hversu eggin væru dýr í Reykjavík, þá hætti jeg þessu og vonast til að geta komið með svo sem 40 egg í tösku minni suður.

Það er verið í dag að búa um *fortepianóið* í mjög góðum kassa, sem Jóhann Vigfússon lánar mjer og myndirnar eru flestar komnar ofan í mjög stóran og sterkan kassa. --

Jeg var í gærmorgun í morgunverði hjá Endresen. Hann var að kveðja mig og bað kærlega að heilsa þjer. Ef hann kemur einhvern tíma til Reykjavíkur langar mig til að geta gefið honum að borða einu sinni. Jeg er hjá Schiöth og kann þar makalaust vel við mig. Þau eru svo góð við mig hjónin, eins og þau ættu í mjer hvert bein. Þau biðja að heilsa þjer.

Kristinn skrifaði mjer að ef hann gengi upp í 2. bekk, þá yrði hann að læra gömlu málin eins og áður (grísku o.s.frv.), svo að jeg hugsa eigi til að láta hann ganga í 2. bekk; í 1. bekk hefur hann ekkert að gjöra svo að jeg er að hugsa um að kaupa handa honum kennslu utanskóla.

Mjer þótti vænt um að þú sendir eigi börnin austur svona seint. Mjer var ómögulegt að skrifa Hildu litlu með Hólum, en nú skrifa jeg þeim öllum á myndir af Akureyri, Reykjavík, Seyðisfirði og Ísafirði, nema elskunni litlu minnstu, sem jeg bið þig að kyssa fyrir mig alveg sjerstaklega fyrst hún fær ekkert brjefið. --

Einar Hjörleifsson *(Kvaran)* ætlar á stað á sunnudaginn kemur með konuna og öll börnin, landveg. Jeg læt hann fara með Hjeðinn og Ljettfeta, því að jeg trúi eigi ókunnugum fyrir þeim. --

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Akureyri 9.9.1904.

-- Veðrið er yndislega fagurt. Það stafar á sjóinn. Skýin eru að greiðast og sólin er að koma fram. Suðurloptið er að hreinsast, svo að það verður víst þurrkur, sem margan langar í. Jóhanna tók hænu sína í gærkveldi ásamt hinum 3 sem frú Solveg hefur með sjer.

Jeg heyri sagt að Magnús Kristjánsson ætli að halda þingmálafund í kveld og á morgun verður kosið. --

Páll Briem til Álfheiðar Helgadóttur Briem. Akureyri 10 sept. kl. 8 1904

-- Nú er kosningin búin. Jeg kosinn með 135 atkvæðum. Magnús fjekk 82. Þeir hinu megin agíteruðu afarmikið. Í gærkveldi kom níðgrein um mig í Gjallarhorni og í morgun kom níðrit um Guðmund lækni, sem var borið um bæinn, nafnlaust. Þetta hafa verið spennandi dagar, en nú er þetta um garð gengið.

Júlíus drakk sig blindfullan í dag og Magnús Blöndal var orðinn svínfullur í kvöld.

Einar Hjörleifsson (*Kvaran*) fer af stað í nótt. Í kveld á að vera gildi fyrir hann, en vonandi verður það eigi mjög lengi. -- Mjer líður vel.

Fortepíanóið er orðið vel umbúið í kassa, myndirnar sömuleiðis, hænurnar farnar og úr þessu fer jeg að sofa betur á næturnar. Jeg tel dagana, þangað til jeg fer af stað. Þú trúir eigi hvað mig er farið að langa til þín og barnanna. Heilsaðu öllum okkar og kysstu börnin. Og vertu svo blessuð og sæl. --

---

[1] *Jóhannes Sigfússon (1853-1930) var ráðinn yfirkennari við Lærða skólann og sogaðist inn í deilur þar. Hann hafði verið kennari í Flensborg í Hafnarfirði og giftist Cathinku Zimsen (1872-1948). Samdi margar kennslubækur í reikningi og tungumálum. Lenti ég m.a. í því að lesa kennslubók hans í dönsku árið 1943, sem hann gaf út, sennilega fyrst,1922. Svo mekilega vill til að ég hitti hans gömlu konu á Bjarkargötu 6, hjá Önnu frænku minni og Knud Zimsen fv. borgarstjóra. Þau Jóhannes og Cathinka ætleiddu Rósu Sigfússon (1900-1987), merka hjúkrunarkonu, samstarfskonu mína í Heilsuverndarstöð Rvíkur. Mekilegt er að rifja upp, enn eitt dæmið um fólk sem ég þekkti, og átti rætur „langt aftan úr öldum“.*

[2] *Frænka.*

J.G. Kuhland til Susie Briem. Fordel, Glenfarg, 16 Sept. 1904.

Dear Mrs. Briem.

Þakkar ull sem hún fékk senda, einnig f. sjal sem SB hafði prjónað. Sendir peninga, óskar eftir vettlingum. Hluti greiðslu er framlag fyrir fátækt gamalt fólk í Rvík.[1]

Páll E. Briem skrifar Álfheiði Briem. Akureyri. 18.9.1904.

-- Jeg þakka þjer innilega fyrir elskulega brjefið með Hólum. Jeg athugaði ekkert, að pósturinn myndi koma á undan Hólum, fyrr en jeg var kominn á hestbak og bað Hallgrím þá að senda þjer eina línu. Jeg kom heim í gær um kl. 3 og ætlaði nú heldur en ekki að bæta úr skák, en þá byrjaði straumurinn alveg látlaust til kl. 9½ og þá var jeg svo þreyttur, að jeg þóttist gjöra nóg með að taka saman bækurnar og skjölin, sem jeg varð að taka fram, og fór svo að sofa. Svo svaf jeg til kl. 4½, fór á fætur kl. 5½, lagði í ofninn og settist svo við skrifborðið og fór að hripa þjer þessar línur.

Sjera Davíð kom í gær og borgaði mjer fyrir borðið 6 kr. 50 aur. Ef jeg mögulega get, ætla jeg í dag út að Möðruvöllum og Hofi til að kveðja. Annars hef jeg afarmikið að gjöra þangað til jeg fer með Ceres og bætir eigi úr skák, að stjórnarráðið hefur eigi haft tíma til að skýra mjer frá, hvernig jeg eigi að afhenda skjöl embættisins eða hverjum eigi að afhenda þau, svo að jeg verð að skilja sum skjölin eptir hjer í húsinu, en mest allt hugsa jeg til að senda stjórnarráðinu. --

Þú getur eigi trúað, hver gleði var hjá fjölda fólks yfir kosningu minni. Þetta fólk þekkti jeg auðvitað fæst, en því fannst að fyrst jeg var kosinn þrátt fyrir níðið í Gjallarhorni, að þá hefði hið góða sigrað.

Þegar Anna Erlendsdóttir heyrði að jeg væri kosinn sagði hún: "*Guði almáttugum sje lof*". Sumstaðar rjeð kvennfólkið sjer ekki fyrir gleði og fór að dansa svo að gömlu karlarnir báðu það um að ærast ekki og þótti þó sjálfum eins vænt um kosninguna.

Konsúlsfrúin hrópaði aptur á móti til guðs í örvæntingu; Júlíus Sigurðsson og Magnús Blöndal drukku sig (aptur á móti) blindfulla kosningadaginn og er liðið allt mjög niðurlútt nema konsi, hann segir hverjum sem er, að hann hafi í raun og veru ekki verið neitt á móti því að jeg yrði kosinn.

-- Jeg er nú búinn að koma fyrir fortepíanóinu og stólunum og nálega öllum bókunum, svo er jeg búinn að koma fyrir mestöllu skjalasafninu. Á morgun reyni jeg að koma sem mestu áfram sem jeg get. Á þriðjudaginn gjöri jeg upp reikninga mína, á miðvikudaginn á jeg að halda fund með kjósendum, á fimmtudaginn og föstudaginn pakka jeg niður, kveð á laugardaginn og fer, ef guð lofar, á sunnudagsnóttina og þá skal jeg reyna að nota tímann til að sofa. Það er nú hver síðastur þangað til jeg fer og verð jeg feginn þegar allt þetta er frá.

-- Jeg kvaddi á Munkaþverá, Hrafnagili og Grund. Kirkjan á Grund er mjög falleg og turninn fallegri en allir aðrir turnar á landinu. Bara að Magnús *(á Grund)* láti eigi bera svo mikið í að kirkjan verði eins og leikhús. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 25.9.1904

Segir frá tombólu Thorv.fél. Segir Eggert bróður HB og Guðrúnu hafa komið í heimsókn ásamt Álfheiði konu Páls. Álfheiður hæddist að leikfimiiðkun hennar.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. P.t. Sauðárkróki. 26.9.1904.

Segir ferðasöguna. Er hjá Elínu systur sinni og Stefáni. Vonaði að Ceres kæmi hér og þá hefði verið hægt að hitta Pál. Akureyringar söfnuðu fyrir skilnaðargjöf, gullúri og keðju sem kostaði 600 kr. Var haldið skilnaðarhóf. Gaman að Páll fái viðurkenningu frá hinu besta fólki.

Hvað heldurðu að þeir hugsi, Hjaltalín og Havsteen konsúll?

Elín hafði ekkert að segja um húsið annað en að hún myndi væntanl. auglýsa eftir tilboðum og gætum við keypt það aðeins ódýrara.

Susie Briem skifar Halldóri E. Briem. Rvík. 9.10.1904.

Segir frá boði til Páls bróður H.E.B. Voru 17 börn undir 10 ára aldri til að halda upp á afmæli Fríðu dóttur hans og fæðingu Kristínar (Dídí).

Ragnheiður Hafstein kom og bauð í spil.

Halldór E. Briem skifar Susie Briem. Akureyri. 15.10.1904.

Er hann fór frá Sauðárkróki og út í Viðvík sá hann Ceres sigla inn Skagafjörð, þannig að þeir Páll hittust

[1] *Þessi kona frá Skotlandi er greinilega víðförul mjög, virðist hafa komið til Íslands og kynnst SB og fjölskyldu og hafi þær skiptst á allmörgum bréfum. SB virðist hafa annast fyrirgreiðslu og innkaup fyrir hana á ullarvörum og bandi.*

ekki. Býr hjá mr. Jones þar til flytur inn til Ólafs Eyjólfssonar á Torfunefi, hann er tengdasonur Magnúsar á Grund.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Akureyri 19 Oct. 1904

Mikið að gera, 30 st. á viku eða 35 st. með tónlistarkennslu, er hann fær annan til að annast. Sækir um styrk til að greiða hana. Vegna anna ætlar hann ekki að skrifa, en leggja stund á þýsku. Kanski bætir það stöðuna gagnvart máttarvöldum.

-- It is so ... with me, I am no favorite of fortune. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 29.10.1904

Erfitt að ganga upp brekkuna í skólann. Gerir sér von um að fá inni í skólahúsinu næsta vetur.

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Sauðárkróki. 30.10.1904.

Sendir gjöf, silkiblússu sem hún saumaði.. Halldór kom. Fækkar heimsóknum skyldfólks vegna fjarlægðar. Saknar Guðrúnar mágkonu (konu Eggerts) sem sé skemmtileg.-

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 7.11.1904

Norðurland er annað og lakara þegar Sigurður Hjörleifsson hefur tekið við ritsjórn af Einari bróður sínum.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 9.11.1904.

Ræðir starf hans og fatnað. Hafði sent föt er hann taldi óþarft. Sagði að hún vildi að hann hefði það gott og bætti við:

-- Clothes do not improve with age like wine**.** --

Segir fréttir af fjölskyldunni. Kristjönu Havsteen sem kom frá útl. og fór í Stykkish. til að hitta barnabörnin. Hún ætlar að sjá um húshald Tryggva framvegis.

Hætti ráðskona hans við að gifta sig og verður áfram hjá honum svo hann hefur nóg af ráðskonum! Ragnheiður Hafstein býður henni í kvöld.--

Halldór E. Briem skirfar Susie Briem. Akureyri. 2.12.1904.

Fyrsta bekk skólans hefur verið skipt. Sigurgeir frá Þingeyjarsýslu kennir tónlist fyrir mig. Hefur sótt um styrk til tónlistarkennslu. Hugsar að sækja um styrk vegna íslenskrar lestrarbókar. En þar sem þessu máli verður vísað til Björns M. Olsen ætla ég að fresta því þar til málfræði hans verður uppseld.

Susie Briem skirfar Halldóri E. Briem. Rvík. 4.12.1904.

-Var i klúbbnum, boðin af Eggert mági sínum, kom heim kl. 4 í morgun. Fór svo á skauta.

Segir Sigríði mágkonu sína hafa eignast dreng. Dóttir Páls er veik, er hrædd um að það taki langan tíma að batna þar sem það sé í mænunni.[1]

Segir af leikriti Ibsens: Afturgöngum sem hún sá með Eggert (Eiríkssyni Briem) frá Viðey.--

Halldór E. Briem til Susie Briem. Akureyri. 4.121904.

Fór á lokaæfingu á Heimkomunni. Tókst vel, þó ekki eins og í Rvík, enda er Kristján Þorgrímsson ekki hér. Ræðir leikritaverðlaun bókmenntafélagsins.

Páll Briem til Finns Jónssonar. Reykjavík. ? des. 1904.

-- Jeg þakka þjer kærlega fyrir tilskrifið. Jeg óráðinn í því, hvort jeg get anmelt "*Jónsbók*". Mig langar mjög til þess og ætla að skrifa Axel Kock með Vestu.

Jeg skrifa þjer ekkert um pólitíkina. Við erum þar eigi á sama máli og held jeg því, að það sje eigi til neins að diskútera þau pólitísku mál, nema til að auka okkur ergelsi.

Jeg býst nú á hverri stundu við Guðjóni Guðmundssyni og þá eigum við að setjast við fátækramálið, sveitarstjóramálið og eptirlaunamálið. Líklega hættum við eigi fyrri en því máli er lokið.

Mjer hefur brugðið ákaflega við húsið. Jeg hef fengið mjög bágborið húsnæði. Eitt af því versta hefur verið reykurinn. Nú er verið að leggja nýjan skorstein eða rjettara sagt reykháf. Jeg hef ekki nægilegt rúm á kontornum, svo að mér finnst afarillt að geta ekki komist til að vinna.

[1] *Þórdís Briem var talin hafa fengið mænuveiki. Hún náði sér að mestu.*

Börnin hafa verið af og til lasin og sömuleiðis kona mín, en þetta fer vonandi allt batnandi. Jeg bý í Kolasundi 1 og hef nóg af kolaryki og skarni kringum mig, og við húsdyrnar er bryggja, sem er lífshætta fyrir börnin. --

Páll E. Briem skrifar Torfa Bjarnasyni. Reykjavík, 2.12.1904.

Svo virðist sem stjórnarráðið hafi skipað sakamálshöfðun á hendur Torfa. Ræður Torfa að ráða Pál Vídalín sem málfærslumann. Sagðist þá mundu ræða við Pál um málið. Spyr um fyrirætlanir Torfa í skólamálinu.

--Mér og mínum líður vel, en margs hef ég samt að sakna að norðan. --

Séra Valdimar Briem:

Páll Briem amtmaður. 17.12.1904

Það er ei nýtt að „sillfukerin sökkva“,
en sjávarslýið flýtur ofan á.
Úr stáli brandar stæltir sundur hrökkva,
en stráin veiku sveigjast til og frá.
Um hitadaga dregur oft upp mökkva,
svo dagsins auga lokar sinni brá.
Og það er eins um holdið og um heyið:
Hið hæsta‘ og þroskamesta‘ er snemma slegið.

Allt sýnist þetta lögmál lífsins vera,
og landið vort má kenna‘ á þessu enn.
Hér er svo margt og mikið upp að skera,
en margoft fátt um röskva verkamenn.
Ef einhver maður merkið hátt vill bera,
er mótbyr vís, - og þruman ríður senn.
Oss líst sem nornin burt þeim besta svifti,
svo ber við oft, og nú í þetta skipti.

Svo fór með Pál, einn Íslands óskasona,
þess eldheitasta vin og besta mann.
Af honum enn menn voru margt að vona,
menn vissu´ að hann af ást til landsins brann.
En þetta brást, og það er komið svona,
um þessa von, er úti, burt er hann.
Hér meira fór en silfuker í sæinn,
hér seig og margra vonarstjana´ í æginn.

Í skýli veiku hér bjó hraustur andi,
í hýsi smáu stór og göfug sál.
Hann víða fór í vísindanna landi,
en vel þó geymdi´ hins helga arins bál.
Hans skyn var hvasst og iðnin óþreytandi
og áhuginn um þjóðarinnar mál.
Og aldrei var svo fullt af köldum fræðum,
að fjörið ekki brynni´ í heitum æðum.

Hér er svo margt, svo margt, sem þarf að gæta,
svo mörg og stór vors þjóðlífs viðurstyggð.
Það illgresi þarf upp sem best að ræta.
ef á að geta þróast farsæl byggð.
Allt vildi´ hið góða göfumenni bæta,
og gróðursetja frið og trú og dyggð.
Hver verður til að taka við af honum?
hver treystir sér af landsins vösku sonum?

Hér er svo margt, svo margt sem þarf að græða,
Hér er svo marg, svo margt sem þarf að greiða,
og menning vor er ennþá stirð í taum.
Ei stoðar lengur allri tíð að eyða
við óljósan og gamlan frægðardraum.
Hann vildi reyna´ á landið um að leiða
frá ljóssins brunnum sannan menntastraum.
Hver verður til að taka við af honum?
hver treystir sér af landsins vösku sonum?

Á þing nú bráðum safnast landsins synir,
þess sæmd og hag að leggja´ á metaskál.
Þá reynast mun að vinar sakna vinir,
er vandasöm að höndum koma mál.
Þá jafnvel eigi síður vakna hinir,
því sannast er, að allir virtu Pál.
Og fósturlands vors folknárungar snjallir
þá finna best hvað misst vér höfum allir.

Í austurheimi voða-vopnin gjalla,
og víga dunur þaðan heyra má.
Þar hrönnum saman hraustir drengir falla,
en heitum þeirra greinir enginn frá.
En aftur berst það hratt um heimsbyggð alla,
er höfuðkappar liðsins bana fá.
Og ef til vill á einum stendur meira
en ótal liðs, þótt sé það talsins fleira.

Á voru eigin ættarlandi kalda
svo ógnar líka stríð á margan hátt.
Í gegn oss herja sóttir, ís og alda,
og enginn getur staðist heljar mátt.
Þótt vaskir drengir velli reyni´ að halda
þeir verða þó á grund að hníga lágt.
Hve stór er skaði‘ í hóp af hraustum sveinum,
en hér er jafnvel margfalt tjón að einum.

Þó skal ei æðrast. Forða má ei feigum.
Hann féll með sæmd og dýran sigur vann.
Vér röskva drengi eftir líka eigum,
þótt erfitt sé að ná til jafns við hann.
Um framtíð landsins ei vér efast megum,
það eignast síðar margan góðan kann
með hjarta´ úr gulli, hjör úr björtu stáli,
sem hefur sína fyrirmynd í Páli.

Hið þyngsta jörðin örast að sér dregur,

en mörgum verður einatt ráðafátt.
Menn hafa‘ ei trú né traust til landsins gæða,
en taka´ að flýja hver í sín átt.
Hann vildi skógi holt og hlíðar klæða,
og hafði sýnt að til þess brast ei mátt.
Hver verður til að taka við af honum?
hver treystir sér af landsins vösku sonum?

og allt er settum þyngdarlögum háð.
En hvað er þyngst? Það veit sé einn, er vegur
á vogarskálar himins; rétt og náð.
Oss þykir drottins dómur undarlegur,
en dirfumst ei að kenna honum ráð.
Hann lætur bæði´ hið létta´ og þunga falla,
hann lífs er þungamiðjan fyrir alla.

Emil Schow og Sighvatur Bjarnason skrifa Álfheiði Briem. Íslandsbanki. Rvík. 17.12.1904.

Sorgarfregnin er barst oss í dag um lát mannsins yðar sál., amtmanns Páls Briem, bankastjóra við banka vorn, hefur vakið hjá oss innilega og djúpa hryggð.

Á tímabili því, er því miður varð svo skammt, er oss hafði auðnazt að njóta samvinnu hans hjer við bankann, höfðum vjer fengið svo órækan vott um hina ágætu hæfileika hans, umönnun hans fyrir starfi sínu og umhyggju fyrir stofnun vorri.

Vjer munum ætíð geyma minningu hins framliðna ástvinar yðar með innilegum velvildarhug og virðingu. Vjer vottum yður hjartanlega samhryggð vora og biðjum guð að varðveita yður og börnin yðar. --

Sigurður E. Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 24.12.1904

--Við hjónin höfum eignast tvo syni kl. 10 ½ í dag.[1] --

Finnur Jónsson skrifar Álfheiði Briem. Khöfn. 29.12.1904.

-- Aldrei - nema einu sinni - hef jeg fengið jafn sorglega frjett frá Íslandi sem nú. Jeg ímynda mjer að þjer farið nærri um tilfinníngar mínar. Mjer er óhætt að segja, að enginn hefur þekkt Pál betur en jeg vandalausra manna, og fyrir engum hef jeg borið meiri virðingu auk þess vináttuþels, sem milli okkar var, og enginn kuldi lífsins hefði nokkuru sinni getað kælt.

En hve miklu meiri sorgarsárleik hljótið þjer ekki að hafa og blessuð börnin ykkar, jeg veit að þjer skiljið, að mín hluttaka í sorg yðar er hjartanleg og drjúp. Sá guð, sem þjer trúið á, styrki yður og styðji til að bera hana. --

[1] *Annar tvíburanna, Páll, dó rúmlega árs gamall. Hinn var Ísleifur (1904-1955).verslunarmaður.*

1905

Halldór E. Briem til Susie Briem. Akureyri. 2.1.1905.

Var um jólin hjá fjölsk. Ólafs Eyjólfssonar. Einnig boðið til Hjaltalíns og séra Matthíasar, þar var tónlist og spilað á spil. Hjá Hjaltalín var stíft. Hann kvartar út af álagningu fátækraskatts.

Leiksýningar féllu niður vegna veikinda leikarans Vilhelm Knudsen. Stingur upp á að Siddi fái skauta.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 3.1.1905.

Segir sorgarfréttir, dauða Páls bróður HB.

-- Dó rétt eftir kl. tólf, 17. des., úr lungnabólgu eftir fjóra daga. Frá byrjun hræddumst við hvernig fara myndi en gerðum okkur vonir.

Sjálfur var hann búinn undir endalokin.

Ég kom í heimsókn á hverjum degi meðan hann var veikur, en sá hann ekki fyrr en fáum mínútum áður en hann dó. Hann var meðvitundarlaus og hafði verið frá því síðla nætur. Eiríkur, Sigurður, Eggert, Frederikke og Jón Helgason voru þar þegar hann dó.

Jarðarförin var (þann) 30. Séra Ólafur Ólafsson flutti húskveðju sem var góð og sönn, eftir því sem ég gat séð, og séra Jóhann í kirkjunni. Kristinn var ekki sérstakl. nefndur af hvorugum prestanna og það þótti mér slæm gleymska, því nú er hann munaðarlaus.

Páll var ekki grafinn hjá fólkinu sínu eða hjá fyrri konu sinni heldur hjá grafreit Helgafólksins. Ég segi ekkert um það, en þú veist hvað ég hugsa.[1] --

Páll hafði beðið Eggert bróður sinn um að líta til með Kristni. Afi hans, Guðmundur á Auðnum og kona hans vildu hafa hann og sendu eftir honum. Eggert hefur beðið Guðmund um að koma til Rvíkur svo þeir getir rætt málið.

Guðrún kona Sigurðar Briem eignaðist tvíbura á aðfangadag. Annar andaðist skömmu síðar.

Kistín Jónsdóttir Krabbe[2] skrifar Álfheiði Briem. Khöfn. 11.1.1905.

Ástkæra frú Briem! Það er langt síðan mjer hefur tekið sárara en þegar jeg sá í Ísafold standa með stórum stöfum að amtmaður Páll Briem væri dáinn og fyrsta hugsunin var, þar hefur Ísland mist einn af sínum - ekki ofmörgu - ágætu sonum. Já, það er skömm að játa það, en landið var það fyrsta, þó bara augnablik, svo komuð þjer, elskaða,unga, margreinda vinkona, og tárin runnu og vildu ekki stansa.

Svo tók jeg brjef yðar af 26. ágúst, þetta indæla brjef, sem jeg, ef jeg vildi missa það, eiginlega ætti að senda yður það aptur, til að sýna yður hvernig þjer talið um þann ástvin sem þjer nú eruð búnar að missa fyrir alla æfi. Guð miskunni mjer! Já við skiljum ekki.

En stundum efast jeg um að öll þessi reynsla og allar þessar sorgir gjöri okkur manneskjur betri. Mjer finst það varla mögulegt. Jeg er nú líka svo fjarska ófullkomin og á svo gott í öllu - það finst mjer einmitt göra mig þakkláta og vekja hjá mjer laungun til að vera öðrum góð, -- ætti jeg að sjá á baki öllum þeim sem jeg elska, berjast við veikindi og sorgir, þá yrði víst lítið úr minni dygð.

Hann var ekki lángur þessi tími sem þjer voruð að lifa með yðar elskaða manni þarna á æskuslóðunum; en nú vaxa kröfurnar þegar þjer verðið að vera blessuðum börnum yðar bæði móðir og faðir. Guð styrki yður til þess og ef þjer bara megið halda heilsu þá kvíði jeg engu; hjer er sagt að þau börn sem okkur uppali, það er að segja gáfaðar og góðar ekkjur, sjeu altaf bestu og duglegusti menn.

Mjer finnst jeg eiga svo bágt með að skrifa, mjer finnst mig bara langa til að læðast inn til yðar, vefja yður að

[1] *Hér ræðir hún um stóran grafreit: Briemsreitinn þar sem margir Briemararar eru jarðaðir, m.a. fyrri kona Páls. Grafreitur Páls er skammt frá, með stórum minnisvarða hans. Þar liggur Álfheiður og nokkrir afkomendur þeirra, milli grafreits séra Helga Hálfdánarsonar og Þórhildar Tómasdóttur og grafreits séra Skúla Skúlasonar og Sigríðar Helgadóttur frá Odda. Fleiri frændur liggja í reitum skammt frá enda virðist stóri reiturinn hafa fyllst af börnum Eggerts og Ingibjargar og vina sem virðast haf fengið legstað í þessum stóra, merkilega og vel haldna grafreit. Síðar þegar hæfilegur tími var liðinn voru fleiri jarðaðir þar. Þetta var að sjálfsögðu ákvörðun Álfheiðar Briem sem aldrei tengdist tengdafólki sínu náið. Ég hef haldið því fram, sem þekkti hana vel, að hún hefði ekki viljað að hann lægi við hlið fyrri konu sinnar! Skýri það ekki út.*

[2] *Kristín Jónsdóttir Krabbe (1841-1910) var dóttir Jóns Guðmundssonar (1807-1875) ritstjóra alþingismanns og konu hans Hólmfríðar Þorvaldsdóttur. Kristín átti Harald Krabbe (1831-1917) læknaprófessor í Khöfn sem m.a. rannsakaði sullaveikina á Íslandi. Meðal barna þeirra var Jón Krabbe (1874-1964) lögfræðingur m.a. í sendiráði Ísl. í Khöfn.*

mjer þegjandi og hverfa svo aptur. Jeg hef einga trú á þessum þráðlausa telegraf, en jeg hef trú á að hugurinn sem er hraðari enn sjálft ljósið og ekki stansar við neina mótspyrnu, hann geti þreingt sjer inní sálu þess manns sem maður hugsar mikið um.

Enn tilhvers er það? Hvað huggar það yður að gömul fánýt kona situr hjer í Höfn og tekur svo innilega þátt í sorg yðar.

Elskaða frú Briem, jeg hætti þessu. Viljið þjer bera móður yðar ástarkveðjur mínar, mjer finnst hún eiga svo ósegjanlega bágt. En fyrir þá sem hafa örugga og óbifanlega trú er reynslan minni. Það eru nú undir 50 ár síðan jeg sá hana í fyrsta sinn og var svo hrifin yfir hvað vel hún spilaði, og hvað gáfuð og indæl hún var.

Þegar Ólafur sonur okkar kom, kom hún og heimsókti okkur á Akureyri, þá var hann líka svo hrifinn yfir ykkur mæðgum - jeg skildi það vel.

Frú Torberg[1] kom í dag og beiddi mig að bera ykkur innilega kveðju sína og segja að hún tæki svo hjartanlega þátt í sorg yðar. - Þjer hafið án efa frjett andlát frú Goos, hún hjelt mikið uppá ykkur hjón.

Frá manninum mínum á jeg að bera yður og móður yðar kæra kveðju. Verið þjer svo marg blessaðar og sælar!

Guð almáttugur blessi og varðveiti yður og þá ástvini sem þjer eigið eptir. Fyrirgefið þetta óttalega brjef.

Yðar einlæg elskandi vinkona Kristín Krabbe.

Úr bréfi Jóns Helgasonar til Finns Jónssonar. Reykjavík 25. jan. 1905.

-- Ég ætlaði að skrifa þér með Vestu en þegar sá dagur rann upp var mér harmur í hjarta svo að ég treysti mér ekki því daginn áður hafði ég horft á augnaljós vinar okkar Páls slokkna í dauðanum. Ég held að ég aldrei gleymi því alvarlega augnabliki, enda hefi ég aðeins einu sinni á æfi minn áður séð mann deyja. Sem geta má nærri voru jólin okkur harla alvarleg eins og á stóð. --

Halldór E. Briem skirfar Susie Briem. Akureyri. 26.1.1905.

-- Hræðilegar fréttir um að Páll sé dáinn. Lífið og heimurinn er svo tómur. Ég hef sömu tilfinningu eins og þegar sonur okkar dó. En þetta snertir ekki bara okkur og fólkið hans heldur líka landið. Hver á nú að halda áfram starfi hans við að þoka landinu á leið eins og hann ætlaði sér og hefði tekist. Mér þótti vænst um hann af bræðrum mínum. Það er honum að þakka að við búum á Íslandi og að ég hef mitt starf. Annars hefði ég sennil. ekki snúið aftur og áreiðanl. ekki á lífi.

Páll óskaði oft að ég hugsaði betur um sjálfan mig. Það sama hugsaði ég, að hann hefði þurft að hlífa sér betur, gæta að sinni slöku heilsu, erfiða starfi. -- and not too pleasant fare and homelife.--

Rannveig Laxdal skrifar Álfheiði Briem. Akureyri. 26.1.1905.

Elsku hjartans frændkona mín!

Það er með þungu hjarta að jeg tek pennann til að skrifa þjer fáar línur, sem jeg gjöri í því skyni að votta þjer mína innilegu hluttekningu í þeirri þungu og stóru sorg sem þjer hefur borið að höndum, já elsku vina mín! það veit Guð að jeg samhryggist þjer af hjarta og bið algóðan Guð að styrkja þig og gefa þjer þrek og heilsu til að bera þessa nýju og stæðstu sorg, líka til að geta annast blessuð börnin þín sem hafa mist sinn umhyggjusama föður. Jeg vildi svo gjarnan geta sagt þjer eittvert huggunar orð en jeg finn ekki annað en það sem svo opt hefur verið sagt, að þetta sje alt eptir Guðs vísdómsfulla vilja og allt er gott sem gjörir hann. Það er auðvitað að manni gengur stundum ekki vel að skilja guðs ráðstöfun því hans vegir eru órannsakanlegir, en maður vonast eptir að fá að skilja það allt á endanum. Jeg hefi nú líka að undanförnu haft mína þungu daga því þ. 2 þ.m. þóknaðist guði að burtkalla elsku soninn minn sem mjer var svo kær, hans þjáningar voru nú ornar svo langvinnar (fult hálftannað ár) að við verðum að gleðjast hans vegna og vona að tíminn græði okkar sár að nokkru leiti, sjálfur gekk hann líka glaður og rólegur móti dauðanum og kvartaði aldrey í allri sinni legu, en reindi þar á móti að hugga okkur, og það á sinni seinustu stundu. Jeg ætla nú ekki að vera að neinum harma tölum við þig, jeg veit þú skylur mína sorg einsog mjer finst líka jeg geti svo vel skylið þína, og veit líka að það er ekki hægt að jafna því saman, en elskan mín allir hafa samt sínar tilfinningar.

Mamma mín og Hulda lágu báðar í taugaveiki snemma í vetur en guð gaf að þær fengu báðar heilsuna aptur og fl. veiktust ekki! --

Stefnir,

XII. Árgangur. Akureyri, 28.1.1905. Útgefandi: Björn Jónsson[2]

Páll Briem fyrrverandi amtmaður andaðist í Reykjavík 17. f.m.

[1] *Sennilega Elínborg Thorberg (1842-1925) dóttir Péturs Péturssonar biskups og Sigríðar Bogadóttur. Hún var síðari kona Bergs Thorberg (1829-1886) landshöfðingja.*

[2] *Björn Jónsson (1854-1920). Ritstjóri margra blaða á Akureyri, prentari og gegndi fleiri trúnaðarstörfum.*

Hann var fæddur á Espihóli í Eyjafirði 19.10. 1859. Lögfræðingapróf tók hann við háskólann 1884, fékk síðan styrk til að stunda forn íslensk lög, og hafði nær fullsamið ritgjörð fyrir doktorsnafnbót í þeim fræðum, en áður en af því yrði var honum veitt Dalasýsla og þjónaði henni eitt ár. Þá varð hann málafærslumaður við landsyfirréttinn í 3 ár. Því næst sýslumaður í Rangárvallasýslu í 4 ár. Amtmaður í Norður- og Austuramtinun varð hann 1894 og þjónaði því embætti þar til það var lagt niður síðastliðið haust.

Páll Briem var góðum gáfum gæddur, víðlesinn og fróðleiksgjarn, hafði mikinn áhuga á ýmsum almennum málum, var framgjarn og treysti sjálfum sér vel. Hann sat á þremur þingum, 1887 og 1891 (svo), lét hann þar mikið til sín taka, og náði þá áliti og trausti margra samþingsmanna sinna. Helsti foringi miðlunarstefnunnar var hann 1889 og sótti það mál þau árin með allmiklu kappi en varð að beygja sig fyrir meirihluta þingsins 1891. Þau árin sem hann var þingmaður mun hann hafa ritað mikið í Þjóðólf og varð þá í ráði að hann tæki að sér útgáfu þess blaðs, þó varð eigi af því, heldur beygði hann inn á embættisveginn. Í Rangárvallasýslu beitti hann sér fyrir framförum í búnaðarmálefnum og stofnaði þar myndarlegt kaupfélag, sem hann var sjálfur formaður fyrir. Eftir að hann kom til Akureyrar fékkst hann við margt, auk embættisins. Gaf t.d. út rúmar 50 arkir af "Lögfræðingi" í 5 árgöngum og ritaði meiri hlutann í hann sjálfur, þar á meðal langar ritgjörðir um heilbrigðismál landsins og alþýðumennta-málið. Eftir að blaðið Norðurland var stofnað ritaði hann mikið í það og var talinn leiðandi ráðunautur þess, en hætti þá við Lögfræðing. Fannst mörgum hér nyrðra að hann hefði heldur átt að halda honum áfram, en hafa minni afskipti af Nl. sem álitið hefur verið "agitations"blað fyrir ákveðinn flokk. P.B. var fimm ár í bæjarstjórn Akureyrar og vann af elju að ýmsum framfaramálum bæjarins.

P.B. lagði mjög mikið kapp á að kynna sér út í æsar þau mál sem hann fékkst við og las allt er hægt var að ná í og að málinu laut, talaði við þá menn er hann hitti og sem hann hélt að einhverjar upplýsingar gætu gefið, og hann hafði oftast eitthvert áhugamál á prjónunum, sem í hvert skipti lágu honum ríkt í huga. Hann var ötull framkvæmdamaður og oft nokkuð stórhuga, en þó varfærinn annað slagið, einkum í framkvæmd mála sem aðrir en hann voru forgöngumenn að. Þættist hann vera búinn að átta sig til fulls á einhverju máli, sem til framkvæmda þurfti að komast, leiddist honum stundum að þurfa að bíða eftir að aðrir áttuðu sig á málinu til að geta fylgt því af sannfæringu, og yrðu áhugamál hans fyrir mótstöðu og vantrausti, kom fyrir að hann virtist vanstilltur og gat þá orðið talsvert beiskur í ræðu eða riti. Þegar aðrir leituðu liðsinnis hans í framkvæmd mála, sem hann hafði eigi kynnt sér, var hann oft þungur fyrir, og síður en svo auðtrúa á gyllingar og meðmæli, en þegar hann sjálfur hafði rannsakað allt, og þætti honum þá málefnið fylgisvert, stóð eigi á honum, og steig hann þá stundum skref fram fyrir fyrstu forgöngumennina.

P.B. var mjög mannblendinn við alþýðu, og laus við allan embættismannareiging (þótt hann væri stoltur og geðmikill) og jók það honum vinsældir, hann var svo gagnkunnugur störfum og kjörum alþýðunnar, að hann gat alltaf rætt við hana um þau mál, sem henni lágu næst og hún hafði mesta þekkingu á.

Í stjórnarskrármálinu taldi hann sig utan flokka, eftir að vonlaust var að miðlunarstefnan fengi uppreisn og næði þjóðhylli, en við þá stefnu hafði hann tekið ástfóstri. Á síðari árum hallaðist hann þó fremur að Valtýingum en heimastjórnarmönnum og var hann því miklu oftar talinn þeirra megin. Í síðustu stjórnarskrárdeilunni hafði hann litla eða enga trúa á því að heimastjórnarflokkurinn mundi sigra og ná völdum, og urðu honum það eflaust vonbrigði að svo varð.

P.B. mun hafa haft nokkuð takmarkað álit á Akureyrarbúum almennt fyrstu árin sem hann dvaldi hér, en álit hans á bæjarbúum mun hafa verið miklu meira síðustu árin. Vinsældir hans í bænum fóru og vaxandi þau ár sem hann dvaldi hér. Að stór flokkur varð á móti honum við þingkosningarnar í haust, kom af því, að sá flokkur vildi eigi kjósa annan en þann, sem einsætt var að samþýðast mundi við stjórnarflokkinn á þingi, en engu að síður höfðu margir í þeim hóp velvildarhug til P.B., þótt þeir í þetta sinn, eins og stundum áður, hefðu aðra skoðun en hann á ýmsum atriðum í hinni hærri pólitík. P.B. unni kristindómi og kirkjurækni meir en almennt gjörist meðal yngri menntamanna landsins.

Elín E. Briem skrifar Halldóri Briem. Sauðárkróki. 3.2.1905.

-- Innilega þakka jeg þjer fyrir tilskrifið með pósti síðast. Það var eins og hvert orð í því væri bergmál af tilfinningum mínum. Ó hvílíkur harmur til þess að hugsa að okkar hjartkæri bróðir Páll er nú ekki lengur á meðal okkar. Það sár svíður lengi. Guði sje þakkir að hann gaf okkur slíkan bróðir og okkar kæra föðurlandi slíkan son. Mikið hefur hann unnið til heilla og áhrif af störfum hans munu halda áfram að bera blessunarríka ávexti um ókominn tíma. Jeg segi það sama og þú, að hefðum við getað hittst hefði okkur verið hugarhægð í að tala margt um líf og störf okkar elskaða bróður.--

Biður H.E.B. um að koma við og dveljast um stund. Stephán þarf að sigla í innkaupaerindum f. Lovísu sem ætlar að gifta sig. Vildi hann gjarna fá einhvern góðan ferðafélaga. Guðm. Hannesson hefur heyrst að ætli að sigla í vor, með hvaða skipi? Hrósar Stepháni enn.

-- Þú skrifar mjer að Páll hafi verið þjer kærastur allra þinna bræðra og þú getur ímyndað þjer, hve kær hann hefur mjer verið, eins og hann hefur verið mjer umhyggjusamur, frá því jeg fyrst man til. Það er margs að minnast og margt að þakka. Blessuð börnin hans að vera búin að missa sinn góða og ástríka föður. Aumingja Álfheiður, þá er hún brjóstumkennanleg, hvernig hún heilsulítil er nú svift slíkum manni sem hann var henni. Guð styðji hana aumingjann. --

Séra Sigurður P. Sívertsen skrifar Álfheiði Briem. Hofi. 8.2.1905.

Elskulega mágkona! Algóður guð sé þér náðugur og styrki þig í sorginni. Það voru þungbær tíðindi, að frjetta lát þíns elskaða eiginmanns, ég get fullvissað þig um að hingað gat naumast meiri harmafregn borist. Að vita hann frá oss farinn, sem var oss svo kær og vita þig svifta svo ástríkum maka. Og fyrir mig var þetta í sannleika óvænt fregn. Að frétta lát ýmsra ættingja minna og vina býst ég sífelt við, en að fá þessa fregn, um lát hans, bjóst ég sízt við. Þegar jeg hugsaði um framtíð lands míns, hvíldu svo margar vonir á honum. Og ég hlakkaði til að fylgjast með í störfum hans og framkvæmdum og fá ef til vill að kynnast honum enn betur síðar. Einnig gladdist ég svo innilega yfir, að þið voruð komin í nánd við ættingja og vini og gátuð notið samvista þeirra. En þá kom skilnaðarstundin svona brátt.

Elsku mágkona, hvað ég finn til með þér. Ég veit bara hve aðskilnaðurinn er sár, þótt margt sé til að draga úr sviðanum. Því guði sé lof fyrir, að hér var eigi aðeins um mikinn mann að ræða, heldur einnig einlæglega trúaðan mann. Þó þú þekkir þetta auðvitað bezt, þá þekkti ég það líka vel. Ég gleymi seint þeim dögum, sem maðurinn þinn dvaldi hér, og þá var ekki sízt minnst á kirkjuleg og kristileg málefni. Ég get með sanni sagt, að mér var miklu meiri unun að tala við hann um þau efni, en við nokkurn af collegum mínum hér í landi og þótt víðar væri leitað. Áhugi hans var svo mikill einnig í þeim efnum, og ég held að ég hafi naumast talað við hann um þau mál, án þess að læra eitthvað af honum. Ekkert getur betur tekið burtu beiskju dauðans en tilhugsunin um þetta, þótt sárt sé til þess að hugsa að þeim manni veraldlegrar stéttar, sem mest bar fyrir brjósti hag kirkju vorrar allra þeirra, er ég hefi kynst, skuli nú vera burtu svift.

Guði sé einnig lof fyrir, að þú nú hefur móður þína elskulega hjá þér, sem svo marga hafur stutt á sorgarstundunum, og guð hefur gefið svo mikið þrek, og systkinin þín og aðrir ástvinir gátu verið þér nálægir og stutt þig og hughreyst. -- (niðurlag vantar).

Axel V. Tulinius skrifar Álfheiði Briem. Eskifirði 9.2.1905.

-- Þessar línur eiga að votta yður mína innilegustu hluttekningu í yðar óumræðilega miklu sorg. Jeg votta yður það mjög hryggur í huga, því Páll sál. var minn kærasti vinur, sem jeg elskaði og virti mest af öllum vandalausum og sem jeg hafði svo margt og mikið að þakka. Engan hef jeg þekkt betri mann en hann, auk þess sem hann var mín og margra annarra einasta von fyrir farsæla framtíð þessa lands. Blessuð sje minning hans. --

Séra Skúli Skúlason skirfar Álfheiði Briem. Odda. 16.2.1905.

-- Mjer hefur opt komið til hugar - síðan við sáumst síðast - að skrifa þjer nokkrar línur, þó ekki hafi orðið framkvæmd úr því fyr en nú.

Þegar jeg minnist síðustu samfunda finn jeg, að jeg hef svo margt að þakka þjer og þá allra helzt það, að þú talaðir við mig eins og vin og bróður um þína miklu sorg og alla þína hagi. Það ætti líka vissulega að hafa verið fáum betur skiljanlegt en mjer, hvað mikið þú hafðir misst, því jeg þekkti svo vel ástvininn þinn og vona að jeg búi að þeirri þekkingu svo lengi sem jeg lifi. Allt sem þú sagðir mjer af sambúðinni við hann, kannaðist jeg svo vel við, af því jeg hafði líka reynt svo marg gott af honum, já aldrei annað en gott.

Jeg hafði hlakkað svo mikið til að þið flyttust nær, en það hefur máske verið af eigingirni fyrir mjer, því mjer var svo gleðileg sú tilhugsun, að geta náð til hans og ráðfært mig við hann um margt og margt; því þennan stutta tíma sem við vorum saman hafði jeg aldrei leitað hans ráða til ónýtis. En nú þegar hann er horfinn hef jeg engan sem jeg gæti flúið til í líkingu við hann.

En hvað mátt þú segja, og hvað er jeg að telja harmatölur við þig sem hefur svo margfalt þyngri harm að bera, og ekki vildi jeg að það væri til þess að þyngja þinn eigin harm. Nei, þjer getur aldrei verið raun í því, að jeg segi þjer, hvað mikið hann var einnig fyrir mig, hversu sárt jeg sakna hans og í hversu mikilli þakkarskuld jeg er við hann. Mjer mundi þykja innilega vænt um, ef jeg gæti einhverntíma sýnt þjer og börnunum hans vott þeirrar þakklátsemi, ef jeg lifi.

Jeg skil það svo vel, að þú hefðir mest þráð, að fylgja honum í dauðanum eins og í lífinu, en hins vegar mættir bæði þú og við öll óska, að þú fengir að dvelja lengur vegna barnanna þinna, sem ekki mega án þinnar hjálpar vera og sem hann trúði þjer svo vel fyrir, og jeg vona að guð gefi þjer styrk í veikleikanum til að leysa þetta vandasama verk af hendi, eins vel og þú óskar. Þjer finnst nú líklega að þú sjert ónóg til þessa verks með þinni veiku heilsu, en hversu veik sem heilsan er, getur þú ekki annað en verið börnunum þínum til mikillar uppbyggingar meðan þú lifir með þeim. Og mjer sýnist að blessuð börnin hafi öll svo mikið frá föður sínum, að þau hljóti að verða þjer til gleði og uppbyggingar í framtíðinni, ef guð lofar þeim að lifa. --

Halldór E. Briem skirfar Susie Briem. Akureyri. 22.2.1905

Starfar alla daga frá 9-2. Þá þarf að leiðrétta danska stíla. Ekki tími til annars en að lesa þýsku. Ræðir menn, störf og möguleika á að flytja suður. Hvað um Sigurð Thoroddsen ef óánægjan með hann heldur áfram? Einkennilegt hvað hann er óvinsæll alls staðar. Hvernig líður veslings Maríu?

Ræðir missi Páls og allt sem hann átti eftir fyrir velferð og framfarir landsins. Nú verður það ekki gert eða gert rangt, blandað asnaskap og sérhyggju. Rætt um hver verði kjörinn í staðinn, Magnús Kristjánsson, sem féll f. honum eða Guðm. Hannesson læknir.

Elín Tómasdóttir skrifar Álfheiði Briem. Seyðisfirði. 8.3.1905.

-- Ó sú harmafregn, elskan mín jeg varð eins og þrumu lostin, jeg samhryggist þjer hjartanlega, jeg á engin orð - mjer er næstum ómögulegt að trúa því að maðurinn þinn sje látinn - sá besti eiginmaður, sem jeg hefi þekkt og þó ekki mikið, vegir guðs eru oft órannsakanlegir. Það sýndist, sem hann hefði átt svo mikið ógjört í heiminum, þetta er allt svo óskiljanlegt, guð huggi þig og styrki í þinni stóru sorg elskan mín, blessuð börnin litlu, sum þeirra eru svo ung að þau skilja þetta ekki til fulls.

Mamma þín blessuð hún er þín huggun, guði sje lof að þú ert komin svo nálægt henni. --

Halldór E. Briem skirfar Susie Briem. Akureyri. 8.3.1905.

Spyr um Hringinn. Er þetta félag eins og Thorvaldsensfél eða Fjölnir?[1] *Segir af leikhúsmálum. Mikið að gera. Stefán Stefánss. kemur best út, kennir 24 tíma og engar leiðréttingar.*

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 21.3.1905.

Segir Sigurðsson (í Edinborg) hjónin og Magnús frá Cambridge hafa verið í heimsókn, verið skemmtilegt að eiga enska kvöldstund. Sigurður er að byggja verslunarhús[2] *sem er hitað með heitavatnspípum, fékk hann pípulagningarmenn frá Engl. til verks sem gekk fljótt og vel. Fengu þau líka mann til að stilla út í búðarglugga ásamt því að fá skoska stúlku til vinnu.*

Hitti Eggert litla Pálsson og fór með hann heim og gaf honum bolta sem hann gladdist yfir því hann átti engan. Álfheiður er sama Á. og áður og ég held að hún batni ekki við mæðu.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 11.4.1905.

Virðist sem þú og Álfheiður hafi ekki mikið saman að sælda. Það er það eina sem hægt er að gera þegar fólki líkar ekki hvoru við annað.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 27.4.1905.

Vantar flatarmálsfræðina, sem ekki kom úr bókbandi. Hún er nauðsynleg vegna Hólaskóla. Piltar þaðan koma til Ak. til að læra grasafræði í Gróðrarstöðinni. Hér hafa engar gullnámur fundist eins og fyrir sunnan. Fer suður senn og kem við hjá Elínu á Sauðárkróki.

[1] *Susie hafði sagt honum nokkru fyrr að hún hefði gerst stofnandi kvenfélagsins Hringsins.*

[2] *Edinborg, væntanlega í Hafnarstræti og sem mun enn standa.*

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 30.9.1905.

Í dag er silfurbrúðkaupsdagur þeirra. Þakkar HB innilega fyrir all gott sem hann hefur auðsýnt henni. Segir af heims. og heillaóskum: Eggert og Katrín í Viðey, Frederikke Briem, Ragnheiður Hafstein, Soffía Claessen, frú Zimsen, Eiríkur Briem og Guðrún dóttir hans. Hann hélt ræðu fyrir henni og þakkaði fyrir það sem hún hefði gert fyrir fjölskylduna og landið, sagði þau (ekki að sjá hver) hefðu pantað skrifborð handa henni er kæmi með næsta skipi. Siddi gaf henni fingurbjörg. Kristjana Havsteen sendi silfurrjómaskeið. Eggert og Katrín gáfu lampa. Þá komu Sigurður og María Thoroddsen.

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Um borð í Ceres. 30.9.1905.

Kom við á Ak. og var með H.E.B. allan daginn. Verð fegin að koma heim eftir langa burtveru. Hafði gott af ferðinni og er albata eftir 5 mán. meðf. hjá nuddkonunni Lorentzen en dóttir hennar hefur hug á að koma til Íslands til starfa.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 9.10.1905.

Fékk bréf frá Búnaðarfél. vegna reikninga Húsgtjórnarsk. sem samþykktir voru en með athugasemd sem hún svarar með aðstoð Eggerts Eiríkssonar í Viðey og Eggerts mágs síns. Birtir bæði athugasemdir og svar sem hún telur óljóst og í engu samræmi við samþ. stjórnar. Ef hún eigi að fullnægja öllum óskum stjórnar þurfi hún hærri greiðslu f. reikningshald, þurfi reyndar að fá ákveðin fyrirmæli.

Skólinn byrjaðan, séra Bjarni Hjaltested lét börnin fara með Faðirvorið. Tveir nemendur, Ásgeir Sigurðss. og Siddi, sagði hann, að kynnu það ekki. Þeir svöruðu að þeir kynnu það á ensku. Þá spurði hann þá hvort þeir héldu að guð skildi betur ensku? Hló bekkurinn. Kvartaði v. skólastj. sem tók undir m. henni.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 18.10.1905.

Ræðir um fatnað og húsið sem þau búa í. Elín virðist hafa selt húsið en þau búa þar áfram.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 7.11.1905.

Jón Stefánss. ritstj. Gjallarhorns keypti hús Klemensar. Stofna á útibú Gutenberg og hugsanl. að þar verði ritstjórn Gjallarh. Spurning hvort prentsm. Björns Jónssonar verði sameinuð þessari; er ekki að vita. Ekki hefur reglugerð um skólann borist. Skólinn mun eiga að verða þriggja ára skóli og nemendur ganga upp í 4. bekk lærða skólans. Ræðir skólagöngu Sidda og vandræði með Guðlaugu Arason. Hann virðist dálítið sérstakur og vegna þess er H.E.B. áhyggjufullur. Leggur til að gefa honum skauta og hvetja til skautaferða, kannski með syni Þorsteins Ólafs.

J.G. Kuhland skrifar Susie Briem. Glenfarg, Skotlandi. 1.12.1905.

Biður um heimaspunna gæðaull til að nota í sjöl og sokka. Féll ekki í geð brúna ullin, tókst ekki að lita. Féll henni lambskinn sem sonur SB hafði sent. Segist ekki hafa fallið bók Hall Caine um Ísl., ekki góðgjörn, lýsti ekki landi eða fólki vel. Getur þurft á sjölum og vettlingum að halda.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 2.12.1905.

Bræður HB gáfu honum skrifborð, til viðb. því er þeir höfðu áður gefið. Sýnist af bréfi að þau Susie hafi keypt hús við Laufásveg.

Nefnir bækur er hann vilji fá úr búi Páls. 1. Árbækur Espólíns. 2. Lögfræðing, tímarit Páls. 3. Íslendingasögur á dönsku. 4. Prentsaga Íslands eftir Jón Borgfjörð. Allar þessar bækur, utan Lögfræðings, eru í bókasafni Jóns Þorkelssonar sem verður selt. í næsta mán. Fékk Fritzners orðabók frá Álfheiði. Hefði viljað vera svo ríkur að geta keypt allar bækur Páls til að halda þeim saman.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 2.12.1905.

Um jólin boðinn til Hjaltalíns, séra Matth. og Guðmundar Hanness., en þangað gat ég ekki farið v. lasleika. Ekki gengur Sidda að skrifa og efast HB um kennarahæfil. Guðlaugar Arason. Bætir við að hann vildi eignast úr búi Páls: 1. Ný félagsrit. 2. Tímarit bókmenntafél. 3. Ferðabók Eggerts Ól.

1906

Susie Briem skrifar Halldóri E.Briem. Rvík. 23.1.1906.

Segir að er H.E.B. hafi rætt um áhuga á bókum sem Páll átti hafi verið búið að selja þær. Slæmt að hann skyldi ekki nefna þetta fyrr. Segir Álfheiði ekkju Páls lasna og megi sannarlega vorkenna henni með slæma heilsu, fullt hús af börnum. Sagðist hafa greitt skuld HB til hennar. Páll, annar tvíbura Sigurðar, dáinn. Fréttir af fjölsk. vestra. Carrie og Sig. Christopherson flutt v. heilsu hans til Br. Cólumbíu. Einnig rætt um skiptingu á arfi föður SB. Eggert bróðir HB ræddi við séra Lárus Halld. um kaup á hans hluta hússins f. 4.500 kr. Ræðir það í samb. við skiptin vestra en segir að lítið komi út úr þeim.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 26.1.1906.

Neikvæður yfir að SB hefur tekið þátt í tableau (látbragðsleiksýningu), hefur um það mörg orð, en ánægður með að heyra að hún telur sig hafa gengið of langt heilsunnar vegna (?). Óánægður með skrift Sidda og telur Guðlaugu Arason[1] kennara hafa spillt henni.

Engar leiksýningar í ár en kórinn Hekla er að undirbúa eitthvað.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 22.2.1906.

Af bréfi SB kemur fram að hann hafi ekki fengið neina bók Páls keypta. Ræðir sjúkleika SB, tengir það leiksýn. tablau. Segir að rétt verði að selja jörð pabba hennar í Manitoba. Hvað fékkst þú í þinn hlut? Reglugerð segir að skólaár lengist til maíloka. Kemst ekki suður fyrr en 12.6. Læt þetta mig ekki varða ef laun hækka. Þá á að hafa þrjá bekki. Hannes (Hafst.) hefur ekki tekið tillit til athugas. minna um hvernig breyta megi stærðfræðikennslu til bóta frá dönskum skólum og Lærða sk. Verð að segja að ég vildi hætta kennslu í stærðfr. úr því að ekki er tekið tillit til sannfæringar minnar. Nemendur andvígir fæði skólans. 30 þeirra gerðu samning við konu á Oddeyri um matargerð og þvotta. Nú segja dætur hennar matarþurrð þrem mánuðum fyrir lokin. Piltarnir höfðu borgað konunni fyrirfram samkv. kröfu hennar. Einkennilegt að Hjaltalín virðist gleðjast yfir þessu, eins og hann var á móti að piltar fengju að búa í skólanum og vera í matarfélagi.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 23.2.1906.

Skólaganga Sidda. Sé sagður "prúðmenni". Honum fellur séra Lárus vel en síður við séra Bjarna Hjaltested. Sigríður systir HB var í heimsókn, talaði ágætlega lítið. Segir Álfheiði mágkonu sína hafa verið í heimsókn, hlédrægari en áður. Samkomul. er um að kaupa húshluta séra Lárusar þ. 15. maí.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 17.3.1906.

Segir frá óróa í skólanum og viðbrögð Hjaltalíns. Í tímana mætir helmingur nemendanna, ekkert fleiri hjá honum en okkur hinum. Segir frá leiksýningu.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 21.3.1906.

Hvetur hann til umsóknar um stöðu syðra. Siddi lítið fyrir að vera úti þar sem honum virðist strítt. Segir Sigurð (bróðir HB) ætla að fara að byggja við Tjörnina, Klemens líka (Tjarnarg. 22), jafnvel Hannes, milli kirkjugarðs og Tjarnar (Tjarnarg. 32). Segir þetta skýrt í blöðum sem annars séu full níða og andatrúar. Viti ekki hvort sé verra.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 10.4.1906.

Fór með trésmiði að skoða "húsið okkar" til að ath. hvað þyrfti að gera við. Húsið losnar 1. maí svo hægt sé að koma því í lag áður en þau flytja. Magnús Einarss. dýral. leigir neðri hæðina fram á haust fyrir 35 kr. á mán. Innréttar þvottahús í kjallara og losnar við Þvottalaugarnar. Það gerir húsið betra til útleigu.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 11.4.1906.

-Ræðir heilsu hennar og starf fyrir Thorvaldsensfélagið. Virðist sem fjöldi Þjóðverja komi til landsins í sumar (væntanl. munu þeir heimsækja basar Thorv.fél.). Thomsen ætlar að hefja verslun á Torfunefi. Segir af stofnun Ungmennafél. á Ak. sem á að efla menntun ungs fólks. Fluttir hafa verið fyrirlestrar í því og hefur HB flutt einn um trú fornmanna.

[1] *Guðlaug Arason (1855-1936). Fyrr sveitungi hans frá Flugumýri, kennari í Rvík en flutti svo til Khafnar. Ekki þarf dómur hans að vera réttur, en fleiri voru neikvæðrar skoðunar, m.a. móðir mín sem var nemandi hennar í Barnaskólanum í Rvík.*

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 18.4.1906.

Ræðir um sjóslysin þetta mikla slysavor. Fjallar líka um búskipti föður síns, um byggingar í Tjarnargötu og bætir frá fyrri lýsingu við húsi Björns Ólafss. (augnl., nr. 18).

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 29.4.1906.

Talar um græna húsið.[1] *Erum við þá eigendur þess alls? Þú hefur ekki sagt mér frá því, aðeins að þú ætlaðir að biðja Eggert bróður minn um að tala við séra Lárus um það. Erum við þá búin að kaupa efri hæðina fyrir 4.500 kr.? Og Magnús járnsmiður ætlar að leigja? Ef stigagangi væri bætt við og þvottahúsi í kjallara yrði húsið gott.--*

Halldór E. Briem til Susie Briem. Akureyri. May 5th 1906.

Gleðst yfir að þau eigi eigið hús. Elín systir þorir ekki að ræða málið við okkur.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 6.5.1906.

Slæm tíð og fólk um það bil að skera niður fé. Aumingja Ísland. Þó er þetta fólkinu sjálfu að kenna og hefði átt að fara að ráðum Páls bróður hans en Benedikt Sveinsson og stuðningsmenn felldu þá tillögu. Og fólkið er að flytja á mölina.

Jafnvel Sigurður (Sigurðsson) skólastj. á Hólum hefur sagt upp og flytur suður. Hann vildi endurbætur á skólahúsinu en fékk ekki í gegn.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 6.5.1906.

Byrjuð á að setja þvottahús í kjallara og dælu í eldhúsið til að ná vatni upp, erfitt með fólk til að bera vatn. Fyrirl. Einars Hjörleifss. (Kvaran) um sálarrannsóknarreynslu hans. Fyrirl. skemmtilegur án þess að þurfi að vera sammála niðurstöðum. Vonar að HB ferðist suður í fylgd landpósts, minnist slysa á árinu.

Susie Briem skrifari Halldóri E. Briem. Rvík. 31.3.1906.

Bræður hans Eggert og Eirík farnir að læra á reiðhjól. Buðu þeir Susie suður í Mýri til að sjá þá.

Er flutt inn í húsið þeirra við Laufásveg.

Séra Jón Bjarnason skrifar Halldóri E. Briem. Winnipeg. 28.6.1906.

Þakkar Íslandssöguna. Sendir reikningsbók sem HB geti hugsanl. notað. Ræðir ágreining út af biblíukrítikinni milli þeirra vestra og Jóns Helgasonar. Líkar ekki stóryrði og hroki hans.

-- En aðalatriðið er, að með þessum svokölluðu "vísindum" er verið að grafa undirstöðuna undan kristinni trú hjá íslenskri alþýðu --

Elín E. Briem skrifar Susie Briem. Sauðárkróki. 17.9.1906.

Fyrirgreiðslumál. Segist hafa talað við Eggert og Guðrúnu í málþráðinn.

Jón Stefánsson stjúpsonur var í heimsókn með konu sína, sem hann giftist í vor. Hún er frá París, talar dönsku en lítið hefur orðið úr íslenskunámi, en er viðkynnileg og góð kona.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 14.10.1906.

Ræðir heimkomu hans og símtal er þau áttu, finnur að því að hann nýtti sér ekki þrjár mín. sem hann hafði. Tók ekki þátt í tombólu Thorv.fél., vill ekki að Siddi sæki slíkt. Verið er að leggja frárennsli í götuna. Hún er að setja upp vask í eldhúsið. Virðist vera gengið frá stétt framan við húsið.

Segir frá Ingibjörgu Claessen (sem gifst hafði Jóni Þorlákssyni tveim árum fyrr og hafði sýkst af berklum, ásamt lífsreglum sem henni höfðu verið settar vegna veikinnar.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 19.10.1906.

Nú getum við talað saman. Kann þó ekki vel við að tala í síma. Einnig er það dýrt. Tókst loks að fá herbergi í skólahúsinu. Herbergið er til bráðab. í vetur.

-- Fæði hef ég ekki fengið í húsinu og fer því til séra Matth. og fæ hádegisv. Kristjana frænka mín[2] sjötug. --

Hún hefur komist yfir erfiðleika. Vonar að hún fái betri tengdason en fyrir er.

---

[1] *Þetta mun vera húsið við Laufásveg 6, sem þau bjuggu í uppfrá því og áttu ein.*

[2] *Kristjana Gunnarsdóttir Havstein.*

-- It is not pleasant to stand powerless to the sayings of my brother Vilhjálm. --

60 piltar í skólanum. Segir frá bruna á Oddeyri, sem hún hafi frétt áður en hún fær bréfið. Áætlað tjón 200 þús. kr. Um 100 manns bjuggu í húsunum þrem. Jón Norðmann tapaði öllu sínu en saknaði mest gamalla handrita og ritverka föður síns.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 30.10.1906.

Herb. H.E.B. og aðrar stofur í skólanum eru kaldar, þarf að gera við því klæðning hefur gisnað. Hátt til lofts og lengi að hitna. Auk hádegisv. hjá Matthási borðar hann brauð, fær mjólk frá Eyrarlandi og kaupir niðursoðið kjöt. Kennir 16 st. á viku, Hjaltalín og Stefán enn færri. Breytist næsta ár er einn bekkur bætist við. Þá verða kennslustundir 24. Málfræði hans verið tekin upp við skólann en hún er nú uppseld, 15 ár síðan hún var gefin út.

Ræðir endurbætur á húsi þeirra og segir bæjarstj. hreyfa sig hægt með endurbæturnar á gangstéttinni.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 1.11.1906.

Lýsir erfiðleikum sínum við að ná símasambandi við HB og árangurslausri bið.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 5.11.1906.

Býr á sama stað í skólahúsinu. Vonar að fá að skipta á stóra herberginu og tveim litlum, samliggjandi á þriðju hæð þar sem er næði. Næsta vetur segist hann munu leigja í húsi sem verið er að reisa ekki langt frá. Tókst að fá 10 eintök af málfræðinni til kennslu. Hikar við að gefa bókina aftur út. Gerir sér engar vonir um styrk frá frænda þar sem Björn Ólsen getur komið í veg fyrir hann eins og allt sem er ekki í samræmi við Wimmer.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 1.12.1906.

Taugaveikifaraldur í bænum; segir frá skólagöngu Sidda, sem er kominn í Landakotsskóla sem er betri en Miðbæjarsk.

Segir Katrínu í Viðey hafa verið að koma en Eggert komi síðar.

Var að fá sér gerfitennur. Segir frá samskiptum sínum við Bernhöft tannlækni.

1907

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 1.1.1907.

Var á aðfangadags- og gamlárskvöld hjá séra Matth. og á 2. í jólum hjá Hjaltalín. Skólinn fer að byrja eftir langt hlé vegna skarlatssóttar.

Gott að SB skuli hafa látið draga úr sér tennurnar, - nú sé hún frjáls. Vonar að nýjar tennur verði góðar.

Fundur var um fánamálið. Hélt Stefán ræður því til stuðnings, en tapaði. Gallinn er að fáni sem stúdentafélagið berst fyrir er allt of líkur sænska fánanum. Menn eru hugmyndasnauðir í fánamálinu.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 2.1.1907.

Viðburðir jólanna, heimsóknir o.fl. Eggert bróðir HB er að byrja byggingu í Tjarnarg. (nr. 28) og á að ljúka henni 14.5. og Vilhjálmur Ingvarsson ráðinn til þess. Þá er Álfheiður ekkja Páls að ráðgera byggingu (nr. 24).

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 25.1.1907.

Skarlatssóttin að mestu afstaðin. Stefán St. var með þeim síðustu til að fá hana. En þá fengu kona hans og sonur taugaveiki og liggja á spítalanum. Segir frá leikhúsinu.

Ræðir leigu neðri hæðar húss þeirra v. Laufásveg Magnúsi Einarssyni. Þurfum að fá lóðina stækkaða til þess þó að geta sett upp þvottasnúrur.

Fór í leikhús og sá Ævintýri á gönguför. Páll Jónsson lék Kranz og Vilhelm Knudsen Skrifta-Hans og voru bestir. Ræðir leigu herbergis, vill að því verði haldið lausu fyrir Ólaf bróður hans um þingtímann.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 21.2.1907.

Sjúkdómsfréttir. Ingibjörg Claessen betri. Elínu systur HB líður vel. Biður H.E.B. um skrifa henni því ekki megi neitt illt vera milli þeirra systkina.

Halldór E. Briem til Susie Briem. Akureyri. 22.1.1907.

Ræðir útgáfu Fjallkonunnar og þykir gott að SB hafi sagt henni upp. Nýr eigandi og hefur tekið upp "landvörn" sem honum mislíkar. Ræðir Skjaldborgarfélag, þjóðræðisfélag á Ak. sem ætlar að kveðja þorrann með hátíð. Ætlar að fara þangað þótt honum falli ekki stefnan.

Biður S.B. útvega sér heimilisfang ekkju Þórðar Tómassonar læknis (var prestur) í Danm. Schöth bakara langar til að heimsækja hana.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 10.3.1907.

Hefur verið slæmur af tannverk. Guðmundur Hannesson dró eina tönn, fyllti aðra. Áfram með tannverk. Ræðir veikindi Elínar og biður Susie að skrifa henni; segist hafa skrifað en ekki fengið svar.

Kvenfélagið er að setja á svið tvö leikrit.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 19.3.1907.

Er HB kemur suður ætlar hann að tala við Hannes og Klemens. Þykir skrýtið ef þeir sýna honum andúð. Oddur Björnsson vill þýðingu Halldórs á Hróa hetti til útgáfu með myndum.

Hitti Elínu systur sína og Stefán mann hennar, en þau voru á leið til útlanda henni til lækninga. Ef ís hindrar ekki ætlar hún að snúa við og leggjast á spítalann og njóta meðferðar Guðm. Hanness. Ef henni batnar ætlar hún að koma til Rvíkur og hitta vini og kunningja. Þau hjón voru vinsaml. Lét eins og ekkert hefði gerst.

Var á fyrirlestri Guðmundar Friðjónssonar um Stephan G. Stephansson sem hann hrósaði mjög. Ég tel Stephan vera --

-- þunglamalegan og kaldranalegan. --

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 20.3.1907.

Enn ánægð með húsið sem er ekki kalt eins og Ólafur Daníelss. hafði haldið fram. Segir af leigjendum og húsbyggingu Eggerts bróður Halldórs. Húsið verður ekki til á settum tíma, ef þau komast ekki inn 1. júní ætlar S.B. að reyna að taka þau inn til sín. Segir Elínu systur HB vera veika á Akureyri, á leið til Khafnar.

Aumingja Álfheiður siglir líka í von um að fá lækningu vegna fyrri veikinda. Sigríður Helgadóttir,systir hennar, fer með henni.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 10.4.1907.

Alm. fréttir um búsetu og leigjendur. Eiríkur bróðir hans lét draga úr sér tennurnar. Bernhöft búinn að fá eitthvað efni/tæki sem gerir tanndrátt sársaukalausan.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 11.4.1907.

Hafði áður rætt um heimsókn Elínar þegar hún kom við á Ak. á „Kong Tryggvi". Fáum dögum síðar barst frétt um að skipið hefði sokkið í ísnum. Svo bárust þær fréttir að hún og Stefán maður hennar hefðu bjargast. Hlýtur að hafa verið hræðilegt að berast um á hafinu og ekki vita nema endalokin séu komin. Elín mun hafa staðið sig hetjulega.

Aumingja Álfheiður, stöðugt veik og eina ráðið að hún fari utan og verði ár í læknishöndum. En aðstæður leyfa það varla.--

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 5.5.1907.

Hús Eggerts gengur vel, flytja væntanl. inn 1. júní. Þægilegt hús þótt minna sé en hin húsin við götuna.

Frétti af Álfheiði. Hún verið rannsökuð af próf. Rovsing. Komið hefði í ljós að eitthvað var að meltingarfærum auk nýrna. Segir frá sýningu á lifandi myndum.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 5.5.1907.

Björn Bjarnason mun leigja neðri hæðina og Magnús Einarsson dýral. flytja út þótt hús hans sé enn ófullgert. Oddur Thorarensen lyfsali hefur boðið H.E.B. til veislu í tilefni fermingar sonar hans.

Næsta dag. Skemmtunin var í gær og margt manna hjá Oddi, margir réttir og víntegundir. Skemmtilegt - miðað við aðrar slíkar veislur. Halldór hefur endurskrifað leikritið Ingólf Arnarson og ætlar að senda Ingólfsnefnd í Reykjavík sem gjöf til styrktar söfnun v. Ingólfsstyttunnar. Endurbætir málfræðibók sína. Veltir fyrir sér að gefa hana út aftur.

Susie Briem skrifar Halldóri E. Briem. Rvík. 25.5.1907.

Talar um leikrit H.E.B.: Ingólf, sem er til skoðunar v. hugsanl. uppsetningar.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 29.9.1907.

Segir af ferð sinni og komu til Ak. Komst ekki inn í herbergi sitt þar sem Hjaltalín var með lykilinn og farinn að sofa. Var á hóteli þótt ekki væri það auðvelt þar sem allt var fullt. Fékk að liggja á chaiselongue, *en gat hvílst með því að bæta við stól. Elín er komin og búin að ná sér af veikindunum sínum, glöð og hamingjusöm.*

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 19.10.1907.

Hafði, eftir skólasetningu 1. okt., flutt ræðu í nemendahópi eldri nemenda um óreiðu í skólanum og að hann væri ekki viss um hve lengi hann vildi vera við skólann; væri að hugsa um að hætta á næsta ári. Einn stóð upp og sagði að þeir vildu halda áfram ef HB skuldbindi sig til að fara næsta ár. Ég sagðist ekki skuldbinda mig til neins.

Næsta dag kom talsmaður uppreisnarmanna til mín, spurði hvort ég vildi segja þetta á fundi þar sem hinir kennararnir, Stefán og séra Jónas væru, að ég væri að hugsa um að hætta á næsta ári. Ég sagði það mætti en ekki væru nein loforð eða skuldbinding. --

-- Ég sagði að ég lýsti því yfir að ég ætla að segja mig frá þessu embætti sem ég hef hér næsta ár. --That of course I do if I apply for the principal's office, for I did not say at all, did not mention that even, that I was going to leave the school. Besides I declared that I did not promise anything, so that my hands are free.

Næsta dag lýsti Hjaltalín yfir við skólasetningu að hann myndi ekki verða lengur í embætti en þennan vetur. Þá er ósvarað hvernig fer um skólastjórastarfið. Ég segi að ég get ekki heiðurs míns vegna verið hér áfram ef einhver, t.d. Stefán hlýtur skólastj.embættið. Nem. eru svo hreinskiptnir að eftir allt þetta sjá þeir eftir gerðum sínum. Hér eiga þrír í hlut og einn kom ekki aftur í skólann. Spurning hvað Hannes ætlar sér. 40 fyrri nem. sendu mér, eftir að hafa heyrt þetta bestu skrifleg meðmæli.--

Hjaltalín er veikur og við rúmið og óvíst hvort hann getur kennt í vetur.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 20.10.1907.

-- Er ég kom í skrifst. Hjaltalín eftir fyrri fundinn reis Stefán upp með rosta og sagði að ég hefði mælt honum

á bak í Rvík um að hann hefði staðið að baki öllu. Ég sagði mér þætti skrýtið að sonur hans hefði tekið þátt í þessu og samt hefði hann (Stefán?) aldrei nefnt þetta við mig fyrr en eftirá. --

Sagan segir að ég hafi skuldbundið mig sem er órétt. Mér sýnist allt munu detta dautt niður. Nemendur hér verða 47 eða 49.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 6.11.1907.

--Ekki er furða þótt þú sért óróleg vegna framtíðarinnar. Ef ég hætti fer enskudeildin með mér. Öryggi að hafa eftirlaunarétt eftir 10 ár. *--(HB 55 ára).*

Gerir sér von um að geta orðið góður skólastjóri, betri en vinur hans og frændi Hjaltalín. Ekki gerir hann sér von um að fá bókavarðarstöðu v. Landsbókas., því tregur að sækja. Ef hann fái ekki skólastjórast. sé erfitt að vera hér áfram. Ánægður með skólalífið eins og er og þakkar sér, svo stórt lít ég á mig! Nemendurnir hafa lært að aðgerðir þeirra eru ekki grín þótt sá hafi etv. verið tilgangurinn. SB mun ætla að tala við Hannes um málið. Tæpast segir hann neitt ákveðið.

Þakkar SB fyrir að hafa unnið í málinu og talað við Hannes frænda. Ég hef aldrei ætlað að segja upp en ætlaði að sækja um skólastjórastöðuna. Ég held að nemendur vilji ekki að ég fari frá skólanum. Þú segir að Stefán sé öruggur um stöðuna. Því er ástæðulaust fyrir mig að sækja.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 13.12.1907.

Skólapiltar setja á svið tvö leikrit eftir HB, Villan og hrekkirnir - og Tengdamóðirin. Ætla að afla fjár fyrir Nemendasjóð. Sonur Stefáns meðal leikara. Sýnir þetta afstöðu piltanna til HB. Þykir Hjaltalín hér of langt gengið. Hann vill að gott sé milli HB og pilta, en ekki of gott. Leikið verður í fimleikasalnum. Þá verður tónlist. Hér eru tveir flokkar, Heimastjórnarfélag og Skjaldborg. Gekk í H.

1908

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 2.1.1908.

Með þessu bréfi sendir HB bréf til Hannesar Hafstein. Biður hana geyma það, skoða eða eyða. Það sem ég segi um Stefán get ég ekki sannað.

-- Held ég skrifi annað bréf með næsta pósti því ég er ekki búinn að gefa upp von um skólastjórastarfið.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 2.1.1908.

Jólin ánægjuleg. Á aðfangadagskvöld boðinn til Steingr. Matthíass. og tvö kvöld til séra Matth. Steingrímur hafði sett upp jólatré fyrir börnin. Fullorðna fólkið skemmti sér við spil. Heimastjórnarfél. hélt skemmtifund með ræðu og dansi.

-- Ég flutti fyrirl. um Ingólf og Þorstein son hans, stofnanda alþingis. Fólk virtist hafa ánægju af þessu. Það skrýtna var að strax eftir auglýsingu fundarins ákváðu Stefán og Sigurður Hjörleifss. að auglýsa leikrit sama dag. En þar sem fáir miðar seldust var það afboðað. Greinilega var ætlað að spilla okkar fundi. Piltarnir hættu við leiksýninguna, a.m.k. um stundarsakir er þeir sáu hvað uppsetning kostar. --

Sendir nýtt bréf sem hann biður SB koma til Hannesar. Vil að hann sjái mínar skýringar því ég veit að Klemens kemur sjónarmiðum Stefáns á framfæri. Vonar eins og Kristjana (móðir HH) að vinátta okkar spillist ekki.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 27.1.1908.

*Þakkar peningasendingu en þarf ekki meira þar sem hann hefur fengið svo mikið fyrir sölu á kennslubókum. Heyrði mjög greinilega í henni í símanum. Heldur að sér höndum með bréf þar til Stefán fer til Khafnar. Er ekki á því að taka hljóðalaust á sig þá hneysu að fá ekki skólastj.stöðuna í hendur manns sem Hannes veit jafn vel og ég að er sótraftur „*rascal“.

Enn er árekstur milli pólitísku félaganna v. heimastjórnarhátíðar. Ingólfur verður ekki sviðsettur, en forspjallið kemur í Norðra, 1. tbl. ársins.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 21.2.1908.

Ræðir bréf v. skólastjórastöðunnar. S.B. virðist hafa hikað við að senda bréfin.

Óskar henni og konum í Rvík til hamingju fyrir að hafa staðið sig í kosningunum.[1] Er viss um að frú Jónasson og frú Katrín (Magnúss.) munu vinna vel í bæjastjórn. Um Guðrúnu (Björnsd.) og Bríeti segir hann ekkert.--

Halldór E. Briem til Susie Briem. Akureyri. March 16th 1908.

Bréfið farið og Hjaltalín sendir uppsögn með þessum pósti. Vegna sambandslaganefndarinnar kemur Hannes ekki aftur til Rvíkur fyrr en 10.-12. júlí. Illa gengur Ingólfi mínum (leikrit). Auk forspjallsins var fyrsti þáttur,- en hann var rangt prentaður.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 10.4.1908.

Ræðir sambandssáttmálann nýja. Sendir arf sem SB hafði tæmst í Ameríku, kr. 150.-. Lítið sem ekkert fiskirí hér en rauðmagi berst úr Svarfaðardal.

Sigríður Ólafsdóttir Briem[2] skrifar Susie Briem. Hofi. Annan í hvítasunnu (1908)

Kæra frændkona!

Aðrir gleyma að hún sé til. Ræðir búhokur. Vill ekki fara, enda nálægt Möðruvallakirkjugarðinum. Rifjar upp samfundi þeirra. Segist ekki eins gömul að innan og utan. Segist nota brauðger eins og SB kenndi henni forðum, þakkar það og bendingar. Segir frá Hannesi syni sínum, afbragðs maður, noti hvorki tóbak né vín, ekki mikið gefinn enn fyrir stúlkur. Einnig frá Ragnheiði í Fagrask. sem eigi í

[1] *Konur fengu kosningarétt til bæjarstjórnar í Reykjavík og kjörgengi 1907. Fjórar konur voru svo kosnar af sérstökum kvennalista árið 1908.*

[2] *Sigríður Ólafsdóttir Briem (1839-1920) ekkja séra Davíðs Guðmundssonar (1834-1905) Hún var móðir Ólafs Davíðssonar, þjóðsagnasafnara, svo einhver sé nefndur. Guðmundur Davíðsson, sonur hennar var bóndi og hreppstjóri á Hraunum í Fljótum. Ragnheiður í Fagraskógi átti Stefán sem var alþingismaður Eyfirðinga í 25 ár.*

búskaparstríði og erfiði því Stefán sé mikið að heiman. Þóra, sú elsta er eins stór og S.B. og --

-- er þá mikið sagt. --efandi

Guðmundur sonur hennar á Hraunum í Fljótum

hefur mikið undir höndum, stórbú en er skuldugur eins og flestir nú á dögum. Mér þykir þið konurnar þarna í höfuðstaðnum vera farnar að pota ykkur upp á við og hvað annað. Kvenfólkið hérna norðurfrá er nú líka að vakna til að vita hvað það er. --

Segir 3ja ára sögu af Sigurði syni SB og hefur eftir stúlkum sem voru fyrir sunnan:

-- Hann kom frá húsi þínu með körfu eða fötu í hendinni og gekk nú pent og prúðmannlega. En þegar hann var kominn úr augsýn frá húsinu fór að lifna yfir pilti. Hann fór að hringsnúa fötunni, eða hvað það nú var, fyrir ofan höfuðið á sér og jafnframt að syngja. Þetta fannst mér svo barnalegt og lífs- og fjörmerki að ég varð hrifin af (svona er ég nú inn við beinið). Það er alltaf eitthvert efni í fjörugum börnum. --

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 6.5.1908.

Segir rétt sem hún segir að skólastj.staðan lendi í höndum Stefáns og þá munu fjármunir ætlaðir skólanum límast við hendur hans. Skilur allt sitt eftir fyrir norðan. Verður samferða Elínu systur sinni suður.

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 16.5.1908.

Ræðir sambandssáttmálann nýja. Sendir arf sem S.B. hafði tæmst í Ameríku, kr. 150.-.

Lítið sem ekkert fiskirí hér en rauðmagi berst úr Svarfaðardal.--

Halldór E. Briem skrifar Susie Briem. Akureyri. 20.5.1908.

-- Er í prófum. Vonar að hún hafi ekki áhyggjur. Jón Þorláksson verkfræðingur flytur fyrirlestur um sambandssamninginn í Heimastjórnarfélaginu.--

1911

Jón Helgason skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 13.9.1911.

Þakkar heillaóskir með nafnbreytingu þ.e. að vera orðinn prófessor. Var ánægður með lektors nafnið. Hefur ímugust á íslensku hégómatildri og mannalátum sem demoralisera[1] *og setja á höfuðið. Hræddur um andlega isolasjón*[2] *háskólans. Ræðir um samskiptin við Dani og danskan naglaskap þegar ekki kom kveðja við stofnun háskólans. Æsir þetta o.fl. upp gegn Dönum, en það skilja þeir ekki.*

Happ að skólinn var stofnaður meðan þessi stjórn[3] *var við. Hugsa sér ef Skúli hefði verið við völd. Ræðir um andúð Erslevs*[4] *gegn Íslandi. Segist innst inni vera hlýtt til Hafnarhásk.*

Sumarið fór í prófarkalestur. -- Ræðir Rúðuhneykslið? Allt til að hlaða undir Skúla![5] *--*

[1] *Draga úr siðgæðisvitund.*

[2] *Einangrun.*

[3] *Kristján Jónsson (1852-1926) ráðherra Íslands.*

[4] *Gæti átt við Kristian Erslev (1852-1930), danska áhrifamikla sagnfræðinginn.*

[5] *Þetta er lítil vísbending um pólitíska afstöðu Jóns Helgasonar árið 1911. En hann segir í Árbókum Rvíkur (2. útg. 1942): Í Rúðuborg skyldi haldin 1000 ára hátíð Normandís og hafði alþingi verið boðið að senda til hátíðarinnar fulltrúa sem þar kæmi fram fyrir Íslands hönd. Var kjörinn til þeirrr farar Skúli Thoroddsen -- Eftir heimkomuna vildu pólitískir andstæðingar hans bera brigður á að hann hefði nokkurn tíma til Rúðuborgar komið og var mikið skrafað og skrifað um þessa Rúðuför í pólitísku ertnisskyni, aðallega af andstæðingum Skúla. Guðmundur Finnbogas. kom fram á hátíðinni sem fulltrúi Bókmenntafélagsins og hélt þar ræðu.*
Er þetta mál fróðlegt um pólitíska stigamennsku þessa tíma. Voru sendir út fregnmiðar til sóknar og varnar. Vísað er til síðar bindis ævisögu Jóns Guðnasonar: Skúli Thoroddsen (Rvík, 1974) bls. 472-474.
Skrásetjari bætir við til skýringar að á slíkum fundum er nauðsynlegt að skrá sig formlega inn. Skúli hefur sennilega ekki kunnað á kerfið og því lent á aftasta bekk.

1912

Jón Helgason skrifar Finni Jónssyni. Rvík. 9.12.1912.

Jón Borgfirðingur kvaddi þennan heim kyrrlátlega eins og líf hans hafði verið. Sendir Kristnisöguna, fyrsta bindi. Finnur til vanmáttar í þekkingu á almennri sögu. Ræðir póltitík og ferð Hannesar sem LHB og Einar Arn. telja ónýtisför.

1913

Elín Briem skrifar Susie Briem. Blönduósi. 1.5.1913.

Ræðir um Ingu (Ingibjörgu) Einarsdóttur Eyfells, systurdóttur sína sem var á heimili Susie. Dásamar hennar menntaheimili. Jóhanna móðir hennar dásamaði, með tárin í augunum, hve vel þið gerðuð við Ingu. Vildi hún gjarna fá I. til kennslu í laust pláss v. skólann. Ræðir rækilega í trúnaði um starfsfólk skólans og sýnilega mjög umhugað um gott mannval í skólanum. Ánægð með að Sigurði syni SB gengur vel í píanóleik og bókbandi.

J. C. Poestion skrifar Halldóri E. Briem. Wien. 5.-3.10.1913.

Sehr Geertes Herr Kollega!

Ræðir íslenska tungu og þakkar mállýsinguna sem HB sendi honum.[1]

J. C. Poestion skrifar Halldóri E. Briem. Wien. 8.10.1913.

Geerter Herr Kollega!

Sendir blað með tilvitnun á ísl. um Jóhönnu Kristjönu Briem og ferðal. hennar til Rómar. Í bréfinu vitnar hann í endurminningabók Benedicte Arnesen-Kall. Spyr hvort Jóhanna hafi verið vorið 1826 í Vínarborg og kynnst skáldinu Grillparzer.--

(Fylgja punktar um Jóhönnu - væntanl. efni svarbréfs HB).

J. C. Poestion skrifar Halldóri E. Briem. Wien. 14.11.1913.

Sehr Geerter Herr Kollega!

Þakkar upplýsingar og segist geta staðfest að próf. Thorlacius var í Vínarborg frá 19. júlí til 13. ágúst. 1826.

Þakkar fyrir: Ingimund gamla og Yfirlit yfir goðafræði Norðurlanda. Spyr um þýðingu orða í kvæði Gríms Thomsen: Gunnarsrímu.--

(Þessu fylgja:Tvö blöð JCP með nokkrum tilvitnunum, tilgátur/spurningar um þýðingu þeirra. Minnispunktar HB á lausum blöðum m.a. listi yfir útgefin rit hans,og sennilega drög að svörum við spurningum sem JCP lagði fyrir hann.)--

[1] *Þeir Josef Poestion (1853-1922, þekktur austurískur fræðimaður, með mikinn áhuga í Íslandi og ævintýrum á Norðurlöndum, og Halldór skrifuðust á um skeið.*